Alþingi 1928.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1928, fimtudaginn 19. janúar, var fertugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en fimtugasta og fimta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Sjera Friðrik Hallgrímsson steig í stólinn og lagði út af Matt. 6,33.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þingmenn voru allir til þings komnir, sem sje:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Magnús Kristjánsson, 4. landsk. þm.
5. Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm.
6. Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
8. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
9. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
10. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
11. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.

14. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
15. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
16. Hjeðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
17. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
18. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
19. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
20. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
21. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
22. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
23. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
24. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
25. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
26. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
27. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
28. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
29. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
30. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
31. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
32. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
33. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
34. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
35. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
36. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallsson, og las upp opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar fimtudaginn 19. janúar 1928, dags. 14. nóv. 1927. (Sjá Stjtíð. 1927, A. bls. 197).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, dags. sama dag. (Sjá Stjtíð. 1927. A. bls. 198).

Síðan lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að Alþingi væri sett.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson,** þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til þess að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefa.

Skiftust nú þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

EF, HJ, HG, IHB, JJós, JóhJóh, J-AJ, JJ, JKr, JörB, MG, MK, PH, SÁÓ.

2. kjördeild:

ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, GÓ, HSteins, IngB, JÞ, LH, MT, ÓTh, SE, TrÞ, ÞorlJ.

3. kjördeild:

BK, EÁ, EJ, GunnS, HStef, HK, HjV, IP, JBald, JÓl, JS, MJ, PO, SvÓ.

Rannsaka skyldi kjörbrjef allra kjördæmakosinna þingmanna, og skiftu kjördeildir með sjer kjörbrjefum svo sem lög mæla fyrir. Hlaut 1. kjördeild því til rannsóknar kjörbrjef þeirra þingmanna, sem í 3. deild voru, 2. deild kjörbrjef þingmanna í 1. deild, og 3. deild kjörbrjef þingmanna í 2. deild.

Aldursforseti ákvað fundarhlje í hálfa klukkustund, meðan kjördeildir

lykju störfum sínum. Að lokinni rannsókn var fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (Jón Auðunn Jónsson): 1. kjördeild hefir fengið til athugunar kjörbrjef eftirtaldra þingmanna:

Björns Kristjánssonar, 1. þm. G.-K.,
Einars Árnasonar, 1. þm. Eyf.,
Einars Jónssonar, 1. þm. Rang.,
Gunnars Sigurðssonar, 2. þm. Rang.,
Halldórs Stefánssonar, 1. þm. N.-M.,
Hákonar Kristóferssonar, þm. Barð.,
Hjeðins Valdimarssonar, 2. þm. Reykv.,
Ingvars Pálmasonar, 2. þm. S.-M.,
Jóns Ólafssonar, 3. þm. Reykv.,
Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf.,
Magnúsar Jónssonar, 1. þm. Reykv.,
Pjeturs Ottesens, þm. Borgf.,
Sveins Ólafssonar, 1. þm. S.-M.

Kjördeildin hefir ekki fundið neitt athugavert við kjörbrjef þessara þingmanna og leggur til í einu hljóði, að kosning þeirra verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. 1. kjördeildar samþ. í e. hlj.

Frsm. 3. kjördeildar (Sveinn Ólafsson): 3. kjördeild hefir haft til rannsóknar kjörbrjef þessara þingmanna:

Ásgeirs Ásgeirssonar, þm. V.-Ísf.,
Benedikts Sveinssonar, þm. N.-Þ.,
Bjarna Ásgeirssonar, þm. Mýr.,
Bernharðs Stefánssonar, 2. þm. Eyf.,
Guðmundar Ólafssonar, þm. A.-Húnv.,
Halldórs Steinssonar, þm. Snæf.,
Ingólfs Bjarnarsonar, þm. S.-Þ.,
Lárusar Helgasonar, þm. V.-Sk.,
Magnúsar Torfasonar, 2. þm. Árn.,
Ólafs Thors, 2. þm. G.-K.,
Sigurðar Eggerz, þm. Dal.,
Tryggva Þórhallssonar, þm. Str.,
Þorleifs Jónssonar, þm. A.-Sk.

Deildin er sammála um, að öll þessi kjörbrjef sjeu ógölluð og kosning þessara manna vafalaus. Engar kærur fylgja nefndum kjörbrjefum. 3. kjördeild leggur því til, að brjefin verði öll samþykt og kosning fyrtaldra þingmanna tekin gild.

ATKVGR.
Till. 3. kjördeildar samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. 2. kjördeildar (Magnús Torfason): 2. kjördeild hefir athugað kjörbrjef þau, er henni voru fengin til meðferðar, og leggur til, að athugasemdalaust verði teknar gildar kosningar þessara hv. þm.:

Haralds Guðmundssonar, þm. Ísaf.,
Hannesar Jónssonar, þm. V.-Húnv.,
Jörundar Brynjólfssonar, 1. þm. Árn.,
Jóhannesar Jóhannessonar, þm. Seyðf.,
Erlings Friðjónssonar, þm. Ak.,
Sigurjóns Á. Ólafssonar, 4. þm. Reykv.,
Magnúsar Guðmundssonar, 1. þm. Skagf., og
Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm.

Um kosningu Páls Hermannssonar, 2. þm. N.-M., er þess að geta, að kjörbrjef hans lá ekki fyrir kjördeildinni, en afrit af því í símskeyti, staðfest af stöðvarstjóra. Voru allir á eitt sáttir um að taka það gilt.

Þá er aðeins eftir kjörbrjef Jóns Auðuns Jónssonar, sem fengið hefir yfirgnæfandi atkvæðafjölda í Norður-Ísafjarðarsýslu. Eins og öllum er kunnugt, hafa staðið yfir miklar rannsókn-

ir út af þeirri kosningu. Verður því ekki neitað, að í rannsókninni hefir orðið vart við margar og miklar misfellur á kosningunni, svo miklar, að slíks munu engin dæmi áður á landi hjer. Hjer er um mikið alvörumál að ræða, og því þótti meiri hluta 2. kjördeildar rjett, að Alþingi tæki sjer frest til að athuga þessa kosningu nánar og komast að niðurstöðu um, hvað gera skuli, er svo óvenjulega stendur á, sem jeg hefi nú frá skýrt.

Það er því tillaga meiri hl. kjördeildarinnar, að frestað sje fyrst um sinn samþykt á kosningu Jóns Auðuns Jónssonar.

Frsm. minni hl. 2. kjördeildar (Jón Þorláksson): Minni hl. kjördeildarinnar gat ekki orðið meiri hlutanum samferða um að leggja til, að frestað verði að taka gilda kosningu þm. N.-Ísf., Jóns A. Jónssonar. Fyrir kjördeildinni lá ekkert um þá kosningu annað en kjörbrjefið, og er að öllu leyti löglega frá því gengið, eins og kjörbrjefum annara hv. þm.

Hv. frsm. meiri hl. (MT) bar það fyrir, að hafin hafi verið rannsókn út af grun um misfellur eða jafnvel glæpi einstakra manna í sambandi við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Út af því vill minni hlutinn taka tvent fram:

Í fyrsta lagi, að öll rannsókn út af þessum grun er nú í rjettum höndum, því að landsstjórnin hefir fyrirskipað sakamálsrannsókn út af því. Mun það síðan fara til dómstólanna og þeir, sem sekir verða fundnir, fá dóm og taka út sína refsingu, svo sem lög standa til.

Í öðru lagi fjekk Jón A. Jónsson svo ótvíræðan meiri hluta við kosningarnar, að ekki verður komist hjá að taka kosningu hans gilda samkv. venjum Alþingis og lögum þeim, er um þetta gilda. Við kosninguna fjekk Jón A. Jónsson 641 atkv., en Finnur Jónsson 392. Sjerstaklega var athugað, hve mörg hvor um sig fjekk af heimagreiddum atkv. Var það sem hjer segir: Jón A. Jónsson 57 og Finnur Jónsson 42 atkv., og er hlutfallstala Finns því hærri í hinum heimagreiddu atkvæðum en í kosningunni í heild. — Þessi grunur, sem er um misfellur á kosningunni, beinist nú einungis að nokkrum hinna heimagreiddu atkvæða. Mætti ef til vill líta svo á, sem sannað væri, að ekki væru öll hin heimagreiddu atkvæði löglega greidd. En það hefir oft komið fyrir áður, að Alþingi hefir verið í vafa um, hvort öll atkvæði, sem í kössunum hafa verið, hafi verið löglega greidd, og jafnvel hefir það komið fyrir, að vissa hefir fengist um, að þar voru atkvæði, sem þar áttu ekki að vera.

En Alþingi hefir ávalt litið á það, hvort misfellur þær, sem um gat verið að ræða, snertu svo mörg atkvæði, að það hefði getað breytt úrslitum kosninganna, ef þau væru öll dregin frá þingmanni þeim, sem um var að ræða, og bætt við atkvæði hins frambjóðandans, ef málavextir voru svo, að þau gætu verið frá honum tekin. — Þegar atkvæðin eru svo fá, að ekki getur orkað tvímælis, hvor hefir meiri hluta löglega greiddra atkvæða, þá á vitanlega að taka kosninguna gilda. Enda ber Alþingi framar öðru að sjá fyrir því, að rjettur kjósendanna sje ekki fyrir borð borinn, og að sá sje lýstur rjett kjörinn þingmaður, sem

meiri hluti þeirra hefir kosið á lögmætan hátt.

Nú er það svo, að ef öll heimagreiddu atkvæðin eru tekin frá Jóni A. Jónssyni, þá hefir hann 584 atkv., og ef þessum 57 heima-atkvæðum hans er bætt við atkvæðatölu Finns Jónssonar, þá hefir hann samt sem áður ekki nema 449 atkv. Atkvæðamunurinn yrði þá 135 atkv., sem Jón A. Jónsson hefði fram yfir.

Fyrir því sjer minni hl. 2. kjördeildar ekki annað en að Alþingi hljóti að taka gilda kosningu Jóns A. Jónssonar, og finnur ekki ástæðu til að fresta úrskurði um jafnótvírætt mál.

Minni hlutinn leggur því til, að kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu sje tekin gild.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil eindregið mælast til þess, að þeir hv. þm., sem ógilda vilja kosningu mína, sýni hreinlyndi í því máli, en sjeu ekki með neinn yfirdrepskap um að fresta málinu, til að varna mjer að komast í nefndir á þessu þingi. Jeg tel það vera hefndarverk gegn kjósendum mínum, ef svo er að farið, en þeir eru saklausir í þessu máli, þótt einhverjir sjeu, sem nú vilja ýta við mjer. Jeg tek þetta fram sakir þess, að jeg veit, að kjósendum mínum þykir það miður, ef mjer verður gert erfitt fyrir um þingstörf. En mjer dettur ekki í hug, að meiri hluti þings neiti að samþykkja kosningu mína, þegar á herðir. Til þess eru of margir rjettlátir meðal stjórnarliða.

ATKVGR.

Kosningar þær, er 2. kjördeild hafði til meðferðar, aðrar en kosning þm. N.-Ísf., samþ. í e. hlj.

Till. meiri hl. 2. kjördeildar um að fresta að taka ákvörðun um kosningu Jóns A. Jónssonar samþykt með 25: 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JJ, JörB, LH, MK, MT, PH, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, EÁ, EF, GÓ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, IP.

nei: JAJ, JÓl, JS, JÞ, JKr, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, BK.

[Sjá ennfremur framhaldsumræður um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu (kjörbrjef Jóns A. Jónssonar), sem hefjast á 35. dálki hjer á eftir].

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst skyldu þeir þingmenn, sem ekki höfðu áður á þingi setið, þeir

Bjarni Ásgeirsson,
Erlingur Friðjónsson,
Hannes Jónsson,
Haraldur Guðmundsson,
Páll Hermannsson og
Sigurjón Á. Ólafsson,

undirskrifa eiðstaf eða drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Kusu þeir allir hið síðara og unnu síðan heitið.

Kosning forseta.

Loks ljet aldursforseti ganga til kosningar á forseta sameinaðs þings. Kosninguna varð að tvítaka, og fór svo hið fyrra sinn, að Magnús Torfason, 2. þm. Árn., fjekk 19 atkv., Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., 15 atkv., Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm., 5 atkvæði,

en 2 seðlar voru auðir. Í síðara skiftið hlaut Magnús Torfason 20 atkv., Jóhannes Jóhannesson 15, en 6 seðlar voru auðir. Lýsti aldursforseti þá yfir því, að kosinn væri forseti sameinaðs þings:

Magnús Torfason, 2. þm. Árn.

Gekk svo hinn nýkjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórninni. Ljet hann fyrst fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., með 20 atkv. — Jóhann Jósefsson fjekk 15 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, A og B. Á A-lista var Ingólfur Bjarnarson, en á B-lista Jón Ólafsson. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og
Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.

Kjörbrjefanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbrjefanefndar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B. — Á A-lista voru GunnS, SvÓ og HjV, en á B-lista MG og SE. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbrjefanefnd án atkvgr.:

Gunnar Sigurðsson,
Magnús Guðmundsson,
Sveinn Ólafsson,
Hjeðinn Valdimarsson,
Sigurður Eggerz.

Kosning til efri deildar.

Loks voru kosnir átta þingmenn kjördæmakjörnir til þess að skipa efri deild ásamt landskjörnum þingmönnum. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, A, B og C. — Á A-lista var EF, á B-lista BK, JóhJóh og HSteins, á C-lista EÁ, GÓ, IP og PH. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Einar Árnason,
Björn Kristjánsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Ingvar Pálmason,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson,
Páll Hermannsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.,
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Magnús Kristjánsson, 4. landsk. þm.
5. Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm.
6. Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
3. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Elsti þm. deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Árnason, 1. þm. Eyf., og Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., með 8 atkv. — Halldór Steinsson fjekk 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og ljet fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jón Baldvinsson, 5. landsk. þm., með 8 atkv. — Ingibjörg H. Bjarnason fjekk 4 atkv., Halldór Steinsson 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JKr, en á B-lista EÁ. Lýsti forseti rjett kjörna án atkvgr.:

Jónas Kristjánsson, 6. landsk. þm., og *Einar Árnason,* 1. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hluta um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara. Þm. Seyðf. (JóhJóh) lagði til, að deildarmenn fengju að koma sjer saman um sætaskipunina og halda sætum þeim, er þeir hefðu þegar tekið sjer. Afbrigði um þá till.

leyfð og samþ. og till. sjálf samþ. með 10 shlj. atkv. En deildarmenn höfðu tekið sjer sæti í fundarbyrjun eins og hjer segir:

4. sæti Jóhannes Jóhannesson,
5. — Jón Baldvinsson,
6. — Páll Hermannsson,
7. — Erlingur Friðjónsson,
8. — Ingvar Pálmason,
10. — Björn Kristjánsson,
11. — Halldór Steinsson,
12. — Jón Þorláksson,
14. — Ingibjörg H. Bjarnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. jan., voru kosnar fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B. Fóru kosningar á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Á A-lista voru IP, JBald, en á B-lista BK. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Björn Kristjánsson,
Jón Baldvinsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista voru EÁ, PH, EF, en á B-lista JóhJóh, IHB. — Forseti lýsti yfir, að kosin væru án atkvgr.:

Einar Árnason,
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Erlingur Friðjónsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Á A-lista voru PH, EÁ, en á B-lista HSteins. Kosnir voru því án atkvgr.:

Páll Hermannsson,
Halldór Steinsson,
Einar Árnason.

4. Landbúnaðarnefnd.

Á A-lista voru EÁ, JBald, en á B-lista JKr. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Einar Árnason,
Jónas Kristjánsson,
Jón Baldvinsson.

Halldór Steinsson: Aðeins örfá orð um þingsköp. Jeg vil leyfa mjer að benda hæstv. forseta á, að hjer er að gerast nákvæmlega hið sama, sem jeg var víttur fyrir sem forseti í fyrra af nokkrum deildarmönnum, nefnilega að leyfa að kjósa einn þm. í fleiri en tvær fastanefndir. Jeg þóttist þá færa að því full rök, að ekki yrði hjá því komist eins og á stóð. Er mjer gleðiefni, að hæstv. forseti (GÓ) og allur hans flokkur fellur nú frá villu síns vegar og tekur upp þá hárrjettu stefnu, sem jeg hjelt fram í fyrra.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins skjóta því til hv. þm. Snæf. (HSteins), að ef hann þykist hafa gert rjett í fyrra, á hann ekki að vera að víta það, þótt sömu stefnu sje haldið áfram. **(HSteins:** Jeg var alls ekki að víta þetta, heldur aðeins að beina athygli manna að því, að nú hefir verið sama aðferð upptekin sem í fyrra). Sá virtist mjer þó tónninn í ræðu háttv. þm. Snæf.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að jeg var einn þeirra, sem fundu að aðferð hv. þm. Snæf. (HSteins), þáv. forseta, í fyrra, þá vil jeg benda honum á, að með úrskurði sínum um málið lagði hann grundvöll, sem er bindandi fyrir hans flokk og andstæðingana, ef þeir óska að fylgja fordæmi hans. Bókstafur laganna hefir ekki breyst síðan, en það er viðurkent af hv. þm., að nauðsyn brjóti lög um þetta efni. Og það sýnist ekki fjarri sanni að sýna Íhaldinu, að þegar það brýtur lög á öðrum, þá getur fordæmið síðar bitnað á því sjálfu. En jeg held annars, að það væri sönnu næst að breyta lögunum um þetta efni, svo að eigi þurfi oftar að brjóta þingsköpin af svo kallaði brýnni nauðsyn. Og mjer hefði fundist mjög vel við eigandi, ef háttv. þm. Snæf. hefði undirbúið slíka lagabreytingu eftir það, sem fyrir kom í fyrra.

Halldór Steinsson: Mjer virðist gæta nokkurs misskilnings á þessu máli hjá hæstv. ráðh. og hv. 5. landsk. (JBald). Mjer kemur ekki til hugar að víta aðferð forsetans í þessu efni, því að það er bókstaflega ómögulegt að halda þetta ákvæði þingskapanna, þegar 1 eða 2 ráðherrar eru úr hópi deildarmanna, og auk þess má forseti ekki eiga sæti í nefndum.

Forseti (Guðmundur Ólafsson): Um þetta efni fjell úrskurður í hv. deild í fyrra, og hlýt jeg að halda mjer við hann. Jeg hefi nú lengi átt sæti á þingi, og hefi því ekki komist hjá að sjá, að ekki er altaf hægt í þessari háttv. deild að fara bókstaflega eftir því ákvæði þingskapanna, sem hjer um ræðir. — Þá halda kosningar áfram.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Á A-lista voru EF, IP, en á B-lista HSteins. Kosnir voru án atkvgr.:

Erlingur Friðjónsson,
Halldór Steinsson,
Ingvar Pálmason.

6. Mentamálanefnd:

Á A-lista voru PH, EF, en á B-lista JÞ. Kosnir voru án atkvgr.:

Páll Hermannsson,
Jón Þorláksson,
Erlingur Friðjónsson.

7. Allsherjarnefnd.

Á A-lista voru JBald, IP, en á B-lista JÞ. Kosnir voru án atkvgr.:

Jón Baldvinsson,
Jón Þorláksson,
Ingvar Pálmason.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað þing hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, 1. þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
6. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
11. Hjeðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
15. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
16. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
17. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
18. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
19. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
20. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
24. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Óskipað var sæti þm. N.-Ísf., með því að frestað hafði verið að úrskurða um kosningu Jóns Auðuns Jónssonar, sem kjörbrjef hafði fyrir það kjördæmi.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara þá Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., og Pjetur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., með 14 atkv. — Magnús Guðmundsson fjekk 9 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Aldursforseti vjek nú úr forsetasæti, en hinn nýkjörni forseti tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., með 14 atkv. — Pjetur Ottesen fjekk 8 atkv., Jón Sigurðsson 1 atkv., en auðir voru 4 seðlar.

Annar varaforseti var kosinn

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 13 atkv. — Jón Sigurðsson fjekk 8 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosningar á skrif-

urum deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A-listi með nafni Halldórs Stefánssonar og B-listi með nafni Magnúsar Jónssonar.

Forseti lýsti því rjett kjörna án atkvgr.:

Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og *Magnús Jónsson*, 1. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara. Fjell hlutur á þann veg, að

5. sæti hlaut Ásgeir Ásgeirsson,
6. — — Ólafur Thors,
7. — — Sigurður Eggerz,
8. — — Hannes Jónsson,
9. — — Sigurjón Á. Ólafsson,
10. — — Einar Jónsson,
11. — — Jón Sigurðsson,
12. — — Sveinn Ólafsson,
13. — — Hjeðinn Valdimarsson,
15. — — Magnús Guðmundsson,
16. — — Pjetur Ottesen,
17. — — Hákon Kristófersson,
18. — — Magnús Torfason,
19. — — Jóhann Jósefsson,
20. — — Haraldur Guðmundsson,
21. — — Gunnar Sigurðsson,
22. — — Bjarni Ásgeirsson,
23. — — Jörundur Brynjólfsson,
24. — — Þorleifur Jónsson,
25. — — Ingólfur Bjarnarson,
26. — — Lárus Helgason,
27. — — Bernharð Stefánsson,
28. — — Jón Ólafsson.

14. sæti varð eftir óskipað sakir frestunar á samþykt þingsetu Jóns A. Jónssonar.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. janúar, fór fram kosning fastanefnda samkvæmt 16. grein þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fóru kosningar á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu 2 listar, A og B. Á A-lista voru HStef, HJ, HjV, en á B-lista ÓTh, SE.

Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Hannes Jónsson,
Ólafur Thors,
Halldór Stefánsson,
Hjeðinn Valdimarsson,
Sigurður Eggerz.

2. Fjárveitinganefnd.

Ólafur Thors: Jeg vil leyfa mjer að bera fram þá ósk til hæstv. forseta, að hann fresti kosningu í fjvn. þar til tekin hefir verið ákvörðun um, hvort kosning Jóns Auðuns Jónssonar verður tekin gild eða ekki.

Jeg ber fram þessa ósk vegna þess, að það munar íhaldsflokkinn einu sæti í fjvn., hvort Jón Auðunn getur tekið þátt í kosningu nefndarinnar eða ekki. Mjer finst öll sanngirni mæla með því, að þessi frestur verði veittur. Og það er víst óhætt að ganga út frá, að nefndin, sem um málið fjallar, muni ljúka störfum sínum það fljótt, að ekki þurfi að hljótast af þessu nein töf í störfum þingsins.

Ásgeir Ásgeirsson: Ef til atkvæðagreiðslu kemur um þessa ósk eða tillögu, vil jeg leyfa mjer að óska eftir fundarhljei svo sem 5—10 mínútur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins benda á, að eftir því sem reynslan hefir orðið undanfarið, þá mundi afleiðingin af frestun kosningar í fjvn. verða sú, að þingið yrði lengt um jafnmarga daga og fresturinn yrði.

Hingað til hefir þingtíminn aðallega miðast við störf fjvn.; og hvað störf kjörbrjefanefndar taka langan tíma, en ómögulegt að segja ennþá. En það er þessi töf, sem liggur við, ef slíkt ráð verður tekið, að leita afbrigða frá þingsköpum um þetta.

Ólafur Thors: Jeg tel, að ekki sje til of mikils mælst, þó að þessi ósk um frest, sem jeg ber fram, yrði uppfylt að svo miklu leyti, að kosning fari ekki fram fyr en næstkomandi mánudag. Jeg geri ráð fyrir, að þótt nefndin yrði kosin í dag, mundi hún ekki starfa neitt sem næmi til þess tíma.

Og verði ekki Framsóknarflokkurinn við svo sanngjarnri tillögu sem þessari, þá sýnist það bert, að það, sem fram fór hjer í salnum í gær, er gert til þess að bægja Íhaldsflokknum frá rjettmætri þátttöku í nefndarskipun.

Forseti (BSv): Jeg vil benda á, að 16. gr. þingskapa kveður skýrt á, að kosning í fastanefndir skuli fram fara á 2. fundi deildarinnar. En ef þess er óskað, get jeg borið upp þá till. um afbrigði frá þingsköpum að fresta kosningu fjvn. til mánudags.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins gera þá athugasemd, að það er af ókunnugleika mælt hjá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), er hann segir, að þetta muni ekki tefja störf fjárveitinganefndarinnar. Undanfarandi þing að minsta kosti hefir það verið regla þeirrar nefndar að hefja störf þegar eftir kosningu.

Jeg vildi spyrja hv. formann kjörbrjefanefndarinnar, hvort nokkur líkindi sjeu til, að hún muni hafa lokið störfum sínum á mánudag. **(SvÓ:** Það eru litlar líkur til þess).

Ólafur Thors: Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til formanns hlutaðeigandi nefndar, hvort hún hafi þegar hafið sín störf; því að þótt mönnum þyki nauðsyn á, að fjvn. láti ekki á sjer standa um störf sín, þá er hitt ekki síður nauðsynlegt, að sú nefnd, sem fjallar um kosningu þingmanns, taki þegar til starfa og starfi látlaust þangað til hún kemst að einhverri niðurstöðu. Og jeg geri mjer von um, að þeir menn sjeu í þessari nefnd, að þeir geti afkastað því á þessum tíma að ákveða, hvort kosningin sje lögmæt eða ekki.

Sveinn Ólafsson: Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir mælst til þess, að jeg fyrir hönd kjörbrjefanefndarinnar láti í ljós líkur fyrir því, að hún verði búin að ljúka starfi sínu á mánudag.

Um það er ómögulegt að segja að svo komnu; það er komið undir atvikum, sem ekki eru þekt ennþá, meðal annars því, hvenær hingað berast skjöl, sem snerta þetta mál og væntanlega geta komið á morgun eða sunnudaginn. Í eyðurnar ætla jeg engu frekar að spá um það, hvenær skjölin berast hingað.

Magnús Guðmundsson: Jeg spurði um það á nefndarfundi í morgun, hvaða skjöl þetta væru og hvaðan þau ættu að koma. Og mjer var sagt, að einhver skjöl kæmu með „Goðafossi". En jeg fjekk ekkert að vita, hvaða skjöl þetta væru. Leyfi jeg mjer því að gera þá fyrirspurn, hvaða skjöl það eru, sem von er á, og hvenær þau muni koma. Því að það er auðsætt, að það er ekki forsvaranlegt að bægja mönnum frá því að taka þátt í þingstörfum, sem löglega eru kosnir.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins láta þá skoðun mína í ljós, að mjer finst það ekki nema fullkomin sanngirni, að beðið sje að minsta kosti til mánudags með þetta mál. Hafi nefndin ekki lokið störfum sínum þá, nær það ekki lengra. Hjer getur ekki verið að ræða um töf, sem nokkru skifti.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) tók fram, að vegna þess að Íhaldsflokkurinn kæmi ekki að þrem mönnum í sjö manna nefnd, nema beðið verði eftir úrskurði á kosningu þm. N.-Ísf., þá sje rjett að bíða þangað til. Jeg vil aðeins benda hv. 2. þm. G.-K. á það, að Íhaldsflokkurinn kæmi — jafnvel þótt kosningin yrði samþ. — ekki nema tveimur mönnum í nefndina, nema því aðeins, að telja megi hv. þm. Dal. (SE) í Íhaldsflokknum.

Ólafur Thors: Aðalrökin í málinu eru þau, að það er rjettlátt að fresta þessari kosningu; og í rjettlætisins nafni ber jeg fram þessa ósk.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Reykv. (HjV) sagði um það, hvaða áhrif á úrslit kosningar það mundi hafa, hvort búið væri að taka gilda kosningu þingmanns Norður-Ísfirðinga, þá er það nú svo, og þarf ekki að fara neitt leynt, að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. Dal. (SE) kjósi með okkur í nefndir. En af því leiðir að sjálfsögðu ekki það, að hann sje í Íhaldsflokknum, — frekar en að kosningasamband Jafnaðarmanna og Framsóknarmanna getur talist sönnun fyrir því, að þeir sjeu eitt. Hitt er annað mál, að þeir kunna að vera það, — og þeir eru líklega einn flokkur að meira eða minna leyti, — en sönnunin liggur ekki í því, að þeir gangi þannig til kosninga.

Sigurður Eggerz: Eftir þessa síðustu ræðu þurfti jeg reyndar ekki að standa upp. Jeg ætlaði að benda á þetta sama, að þrátt fyrir það nána samband milli stjórnarflokksins og Alþýðuflokksins, þá veit jeg ekki, hvort Framsóknarflokkurinn eða mikill þorri hans gæti fallist á, að hann væri innlimaður í Alþýðuflokkinn. Jeg er hræddur um, að það færi hrollur um bændurna úti um land, ef sú fregn bærist til þeirra.

Jeg þarf vart að undirstrika, að jeg er sjerstakur flokkur í þinginu. Hefi aðeins verið í kosningasambandi við Íhaldsflokkinn um nefndir, en var ekki í kosningasambandi um forseta.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að taka þátt í þessum deilum um flokkana, heldur aðeins gera grein fyrir mínu atkvæði um þessi afbrigði. Jeg greiði atkvæði móti þeim. Jeg er svo sannfærður um, að þessi aðferð stjórnarflokksins í þinginu í gær var einungis til þess að koma sínum vilja fram, að svifta Íhaldsflokkinn einu

sæti í fjárveitinganefnd, að fresturinn mundi verða til þess eins, að nefndin skilar ekki málinu af sjer fyrir mánudag, þó að hún annars gæti það fyrir þann tíma. Það má svo sem nærri geta, að þar sem samtök voru um að bola þingmanninum burt frá þessum fundi, þá verði gerð samtök um að láta hann ekki komast á fund á mánudaginn, ef þá fyrst á að kjósa í nefndina.

Jeg vil því ekki tefja störf kjörbrjefanefndarinnar með því að verða með afbrigðunum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mótmæli mjög eindregið þeirri aðdróttun, sem lá í orðum hv. 1. þm. Reykv. (MJ) í garð Framsóknarflokksins. Mjer þykir mjög undarlegt, að slík aðdróttun skuli koma fram. Hjer er föst regla í þinginu, að hvert smámál sje athugað í nefnd, — ekki einni, heldur tveimur. Þegar nú svo alvarlegt mál kemur fram í fyrsta sinni, að atriði í kosningu liggur undir sakamálsákæru, þá er það heill stjórnmálaflokkur, sem vill gefa frest og láta þingið ákveða, hvernig það eigi að snúa sjer í þessu máli og hvaða fordæmi það eigi að gefa. Og að bregða honum þá um misbeitingu á sínu valdi álít jeg alveg ósæmilega aðdróttun hjá hv. 1. þm. Reykv.

Nú vil jeg benda á, að það, sem við eigum að gera út um, er þetta tvent, hvort það er þýðingarmeira, að Íhaldsflokkurinn ásamt hv. þm. Dal. (SE) fái þrjú sæti í nefndinni, eða að þingið dragist um jafnmarga daga eins og drættinum munar að skipa í nefndina. Jeg álít, að Íhaldsflokkurinn hafi hingað til haft svo röskum mönnum á að skipa í fjvn., að þótt þeir væru ekki nema tveir, hafi þeir verið fullkomlega færir um að halda á sínum málstað. Undir engum kringumstæðum geta þeir náð meiri hluta í nefndinni. Þess vegna skiftir það mjög litlu, hvort þeir eru tveir eða þrír. Hitt skiftir miklu, að byrja ekki á því að gera sjer leik að því að lengja þingið.

Magnús Jónsson: Ef hjer hefði verið um að ræða einhverja misfellu á kosningunni fyrir vestan, sem komið hefði upp alt í einu, hefði jeg getað skilið, að stjórnarflokkurinn vildi fá frest til ákvörðunar. En trúi því hver sem vill, að flokkurinn muni skifta nokkuð um skoðun eða að nokkurt nýtt ljós muni renna upp í þessu máli á þessum tveimur eða þremur dögum! Stjórnarblaðið er líka búið að fella dóm í málinu, hvað þá heldur að mynda sjer skoðun.

En viðvíkjandi því, hvort hæstv. forsrh. (TrÞ) finst þetta ósæmileg aðdróttun, þá er það, sem aðdróttunin felur í sjer, á allra vitorði. En jeg get samt ekki verið að taka það illa upp fyrir honum, þótt hann taki tækifærið til þess að mótmæla þessu úr forsætisráðherrastóli. Það er laglegra áferðar, þó að allir viti hið sanna.

ATKVGR.

Afbrigði um till. 2. þm. G.-K. (ÓTh) um að fresta kosningunni til mánudags, leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 7:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JÓl, J-S, JörB, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, BSv.

nei: HG, HjV, MJ, MT, SÁÓ, TrÞ, BÁ.

Við nefndarkosninguna komu fram tveir listar, A og B. — Á A-lista voru IngB, ÞorlJ, MT, HG, BÁ, en á B-lista PO, JS, JÓl. A-listi hlaut 17 atkv., en B-listi 10 atkv. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru:

Ingólfur Bjarnarson,
Pjetur Ottesen,
Þorleifur Jónsson,
Magnús Torfason,
Jón Sigurðsson,
Haraldur Guðmundsson,
Bjarni Ásgeirsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Tveir listar komu fram, A og B. Á A-lista voru HJ, GunnS, SÁÓ, en á B-lista HK, MG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir án atkvgr.:

Hannes Jónsson,
Hákon Kristófersson,
Gunnar Sigurðsson,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Magnús Guðmundsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Tveir listar komu fram. Voru á A-lista JörB, BSt, LH, en á B-lista JÓl, EJ. Kosnir voru því án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Ólafsson,
Bernharð Stefánsson,
Lárus Helgason,
Einar Jónsson.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Tveir listar komu fram. Á A-lista voru SvÓ, SÁÓ, JörB, en á B-lista J-Jós, ÓTh. Kosnir voru án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Ólafur Thors.

6. Mentamálanefnd.

Tveir listar komu fram. Á A-lista voru ÁÁ, BSt, LH, en á B-lista MJ, J-Jós. Kosningu hlutu án atkvgr.:

Ásgeir Ásgeirsson,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Lárus Helgason,
Jóhann Jósefsson.

7. Allsherjarnefnd.

Tveir listar komu fram. Á A-lista voru SvÓ, GunnS, HjV, en á B-lista MG, HK. Kosnir voru án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson,
Hjeðinn Valdimarsson,
Hákon Kristófersson.

Kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Kjörbrjef Jóns Auðuns Jónssonar).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Magnús Guðmundsson: Má jeg aðeins — úr því að hæstv. fjmrh. (MK) er ekki kominn inn í deildina — leyfa mjer að gera örstutta athugasemd um þingsköp. Það er viðvíkjandi nefndinni, sem kosin var til þess að athuga kosningu Jóns Auðuns Jónssonar, að hún er ekki farin að vinna neitt enn, þótt liðnir sjeu nú fimm dagar frá því að þing var sett.

Það var sagt í nefndinni, að það þyrfti að bíða eftir skjölum, sem kæmu norðan af Ströndum. Þau komu í gær, og sje jeg ekki betur en alhægt hefði verið að kalla saman fund í gærkvöldi eða í morgun. En þetta var ekki gert, og sem sagt, nefndin hefir ekki gert neitt ennþá.

Nú vildi jeg beina þeirri ósk til hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki reynt að beita sjer fyrir því, að nefndin færi að starfa. Mjer virðist það í meira lagi óviðkunnanlegt, að ekki sje reynt að flýta máli eins og því, hvort þingmenn, sem kjörnir eru og kjörbrjef hafa, eigi að fá að sitja hjer á þingi eða ekki. Því að ef svo er, að ónýta eigi kosninguna, þá má ekki minna vera en að ný kosning geti farið fram sem fyrst, svo að kjördæmið sje ekki svift sínum rjetti óþarflega lengi.

Forseti (BSv): Það geta að sjálfsögðu engar umræður orðið um þetta mál nú, þar sem það er ekki á dagskrá. En viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. (MG) skal jeg taka fram, að jeg skal koma að máli við formann nefndarinnar eftir þennan fund og bera honum orð hv. þm.

Á 2. fundi í Sþ., 27. jan., var tekin til meðferðar

kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu (kjörbrjef Jóns Auðuns Jónssonar). (A. n. 48 og 50).

Sveinn Ólafsson: Það hefir fallið í minn hlut, jeg vil segja illu heilli, að vera formaður kjörbrjefanefndar að þessu sinni, en hjá henni hlaut að lenda mesta hitamálið, sem enn hefir verið fyrir þessu þingi. Á jeg þar við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem sameinað Alþingi frestaði á fyrsta fundi sínum að taka gilda.

Jeg ætla ekki, án þess að sjerstakt tilefni gefist, að rifja upp þær aðfinslur og átölur, er fram hafa komið frá einstökum hv. þingmönnum um óþarfan drátt á þessu máli eða tómlæti hjá kjörbrjefanefnd. Jeg vil aðeins geta þess, að meiri hluti nefndarinnar, hv. 2. þm. Rang. (GunnS), háttv. 2. þm. Reykv. (HjV) og jeg, leit svo á og lítur svo á, að þegar frestað var af sameinuðu Alþingi að taka kosninguna gilda, þá hafi þar með verið ætlast til þess, að frekari gagna væri aflað um lögmæti hennar heldur en fyrir lágu við þingsetningu. Samkv. þessu var því tillaga vor þriggja þá þegar, að bíða þess, að rannsóknar- og setudómarinn í hinu svo nefnda Hnífsdalsmáli kæmi til bæjarins, svo hægt væri að kynnast málsskjölunum; en hans var þá von til bæjarins á næstu dögum. Eins áleit meiri hluti nefndarinnar rjett að afla þeirra gagna annara, sem unt væri að fá, m. a. um það, hvernig farið mundi með lík mál í nágrannalöndum vorum. Kom þegar í upphafi fram sá stefnumunur hjá nefndarmönnum, að tveir þeirra, hv. þm. Dal. (SE) og hv. 1. þm. Skagf. (MG), vildu samþykkja kosninguna án frekari rannsóknar eða eftirgrenslanar. Hinsvegar vildum við tveir, hv. 2. þm. Rang. (GunnS) og jeg, binda samþykki kosningarinnar við frekari gögn en þá lágu fyrir. En fimti nefndarmaðurinn, hv. 2. þm. Reykv. (HjV), vildi þá þegar ógilda kosninguna, eftir þeim gögnum, sem fram væru komin.

Fyrir okkur, sem binda vildum samþykki kosningarinnar við frekari rannsókn og gögn, hefir það fyrst og fremst vakað, að leitast við að komast eftir því, ef unt væri, hvort Jón A. Jónsson hefði átt eða getað átt nokkurn þátt í atkvæðafölsun þeirri, er þarna átti sjer stað, eða hvort hún hefði getað verið á hans vitorði. Eftir skoðun okkar og þeirri þingvenju, sem hjer hefir tíðkast, virtist okkur, að þar sem Jón A. Jónsson hefir hlotið svo mikinn meiri hluta atkvæða, að hin grunsömu atkvæði geta ekki hafa breytt úrslitum kosninganna, þá ætti að taka kosningu hans gilda, svo framarlega sem ekki beindust böndin að þingmannsefninu um að hafa átt þátt í atkvæðafölsuninni eða um að hafa vitað um hana. Til stuðnings þessu áliti okkar tveggja höfum við fundið það og athugað um þingvenju nágrannalandanna, að líkt er þar á litið og með farið. Til að benda enn frekar á þessa þingvenju nágrannalandanna vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp tvö símskeyti frá Sveini Björnssyni sendiherra í Kaupmannahöfn, sem eftir fyrirspurn meiri hl. kjörbrjefanefndar hefir gefið upplýsingar.

Fyrra skeytið, sem dagsett er 24. þ. m., hljóðar svo:

„Þriðji kafli norskum kosningalögum 17. desember 1920 inniheldur nánari ákvæði um ógilding. Aðalreglur kosning ógild vegna galla því aðeins „Stortinget finder det antagelig, fejlen har hatt innflytelse paa utfallet." Þegar umræðir alvarlega ágalla, en þar til telst vafalaust fölsun atkvæðaseðla, verður reglan strangari, þannig kosning ógild „selvom det bare skjönnes at fejlene kan ha hatt innflytelse paa utfallet." Danmörku engin sjerákvæði, en praxis líkur nefndum norskum fyrirmælum. Að minsta kosti

ónýtist kosning ekki, þegar gallinn hefir engin áhrif. Þó skal tekið fram, ef kjörstjórn hefir átt þátt í fölsuninni, mundi ef til vill kosningargrundvöllur álitinn svo skeikull, að áhrif árangurinn yrði álítast vafalaus (? mun eiga að vera vafa*samur)*. Svar öðrum löndum ókomin.

Islandsgesandt."

Þá er skeytið 25. þ. m.:

„Sendiráðið Stokkhólmi gefur eftirfarandi upplýsingar: „Forsaavidt Forfalskning Stemmesedler skulde forekomme Sverige, forebringes Sagen for Regeringsretten, der paadömmer samme. Efter tidlige trufne Afgörelser kasseres paagældende valg ikke, forsaavidt skete Misligheder efter Rettens Formening ikke kan skönnes have haft Indflydelse paa Valgresultatet.

Islandsgesandt."

Bæði þessi skeyti benda til líkrar meðferðar á svona málum og fyrir okkur, hv. 2. þm. Rang. (GunnS) og mjer, vakir. Aðferðin í nágrannalöndunum virðist því vera algerlega hliðstæð þeirri þingvenju, sem hjer hefir myndast. Mjer er kunnugt, að sunnar í álfunni gilda nokkru strangari reglur um meðferð þessara mála. En þær koma tæplega til greina hjer á landi, þar sem löggjöf vor er í flestum efnum bygð á öðrum grundvelli og sniðin eftir norrænum fyrirmyndum.

Nú hefir um 2—3 daga skeið verið tækifæri fyrir nefndarmenn alla til að útvega sjer frjettir um málið hjá rannsóknar- og setudómaranum í málinu, sem dvalið hefir í bænum. Einnig hefir nefndin átt kost á að kynna sjer að nokkru leyti lögreglurjettarbók hans. Við tveir, sem undirritað höfum sjerálitið á þskj. 50, höfum ekki getað fundið neitt í skjölum málsins nje frjett hjá rannsóknardómaranum, sem bendi í þá átt, að Jón A. Jónsson hafi átt nokkurn þátt í atkvæðafölsuninni, eða haft vitneskju um hana. Má raunar segja, að það, sem fram er komið, afsanni eigi heldur gruninn um það, en þess gat eigi verið að vænta eftir eðli málsins og rannsókn þess.

Við háttv. 2. þm. Rang. höfum bent á það í sjeráliti okkar, að alvarlegar misfellur hafi orðið á kosningu þessa sama þingmanns árið 1919 og sömuleiðis eitthvað athugavert við kosningarnar í Ísafjarðarkaupstað árið 1923. En hvorugt liggur fyrir að þessu sinni, og þótt það kunni að gefa tilefni til rannsóknar síðar, þá er ekki okkar verk að dæma um þær kosningar að þessu sinni.

Annað, sem bent er á í sjeráliti okkar og vakið gæti grunsemdir, eru hin ótilhlýðilegu svigurmæli, er Jón Auðunn Jónsson viðhafði í garð setudómarans í rjettarhaldi 11. nóv. síðastliðinn. Þau eru þann veg löguð, að miklu fremur vekja þau óhug en samhygð með honum. Viljum við þó frekar leggja þau út á betra veg en til hins verra. Liggur næst að álíta þau stafa af gremju yfir því, að svo hrapallega hafði til tekist, að honum góðviljaðir menn höfðu gerst sekir um kosningasvik. Svigurmælin þarf ekki að eigna meðvitund um sekt þess, sem flytur þau.

Þrátt fyrir skoðanamun meiri hluta kjörbrjefanefndar, er undirritar sameiginlegt nál. á þskj. 50, leggja þó allir til, að kosning Jóns Auðuns Jónssonar verði tekin gild. Það, sem á milli ber, skiftir miður máli. Meginatriðið er sameiginlegt. Við hv. 2. þm. Rang. leggjum hinsvegar áherslu á það, að

haldið verði fast á rannsókn þessa máls og sök látin bitna á sekum. Ennfremur teljum við óumflýjanlegt að gera hið allra fyrsta ráðstafanir til gagngerðrar breytingar á kosningalögunum, til þess að aftra því, að síðar geti komið fyrir önnur eins óhæfuverk og þau, sem þessi Hnífsdalssvik í raun og veru eru.

Þetta læt jeg nægja að sinni. Jeg ætla að bíða þess, að tilefni gefist til þess að taka fleira fram. Veit jeg, að allir hinir nefndarmennirnir munu finna ástæðu til þess að hreyfa málinu að einhverju.

Hjeðinn Valdimarsson: Það virðist ekki svo mikill skoðanamunur innan meiri hl. kjörbrjefanefndar, að íhaldshelmingurinn telji ástæðu til þess að taka til máls á eftir frsm. (SvÓ). Veldur því mest, að þeir eiga að heita hver úr sínum flokki, að aukaálit kemur frá öðrum helmingnum.

Það er einkennilegt við þetta mál, að það er í fyrsta sinn, þegar Alþingi úrskurðar um kjörbrjef, að stórkostlegir glæpir eru þegar sannaðir í sambandi við kosninguna. En þess ber að gæta, að æðimiklar misfellur hafa oft verið á kosningum áður. Jeg vil aðeins drepa á kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu árið 1919. Þá kom fram kæra yfir kosningu sama frambjóðandans, Jóns A. Jónssonar. Málið var lagt fyrir kjörbrjefanefnd, en álit hennar kemur fyrst fram 1921 og er á þá leið, að gallar muni vera á kosningunni og meðal annars hafi sannast, að mútur hafi átt sjer stað. Bjarni nokkur Bjarnason keyrari hafi orðið uppvís að því að bera fje á menn til þess að kjósa Jón Auðun Jónsson og greitt það. Leggur nefndin til, að málinu sje haldið fram til frekari rannsóknar. En þáverandi stjórn, er Jón Magnússon og Magnús Guðmundsson áttu sæti í, ljet það sofna í höndum sjer, og var því ekki meira hreyft.

Árið 1923 kemur kæra frá Ísafjarðarkaupstað um það, að svo miklar misfellur hafi orðið á kosningu til Alþingis í því kjördæmi það ár, að það beri að rannsaka. Er því haldið fram, að sá, er kjörbrjef hlaut, sje ranglega kosinn. Þetta kemur svo til kasta þingsins að úrskurða um, og úrskurður þess er á þá leið, að viðkomandi þingmaður sje kosinn rjettilega með 1 atkvæðis mun. Til hins eru ekki ráðstafanir gerðar, að rannsókn fari fram um kæruatriði þau, er kæruskjalið tekur fram og aðallega beinast að bardagaaðferð íhaldsflokksins á Ísafirði. Nú er þetta mál kemur upp hjer, er rjett að minnast þess, að miklar líkur eru til, að árið 1923 hafi farið fram fölsun á atkvæðum til handa Sigurjóni Jónssyni, er kjörbrjef hlaut sem þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar. Með öðrum orðum, að einn íhaldsþingmaður hafi verið kosinn með fölsuðum atkvæðum, íhaldsstjórn komist að í landinu þess vegna og stuðst við falsaðan meiri hluta í þinginu.

Árið 1923 var Jón Auðunn Jónsson, sami frambjóðandi sem nú, kosinn í N.-Ísafjarðarsýslu. Kærur komu að vísu ekki fram yfir þeirri kosningu, en alment var álitið, að mjög miklar misfellur hefðu átt sjer stað í sambandi við hana, eins og raunar víðar, þar sem heimakjör gekk lengst. Nú verða enn uppvís svik og glæpir í sambandi við kosningu þessa sama frambjóðanda. Og það virðist sem meiri hl. telji ekk-

ert einkennilegt nje athugavert við það, að slíkt skuli koma fyrir ár eftir ár á sama stað við kosningu sama manns og með stuðningi sama flokks.

Það er margt, sem sannast hefir við rannsókn setudómarans í þessu máli. Meðal annars það, að fölsuð hafi verið 10 atkvæði í Hnífsdal og 1 í Ögurhreppi. Þar að auki er sannað, að þessi atkvæði eru ekki öll úr N.-Ísafjarðarsýslu, heldur og úr Strandasýslu og Ísafjarðarkaupstað. Ef einn maður væri að valdur, er heldur ósennilegt, að hann færi að láta fölsunina ná út fyrir sitt kjördæmi. Alt bendir til þess, að hjer sje beinlínis um skipulagsbundna fölsun að ræða. Öll eða flest atkv. að minsta kosti hafa gengið í gegnum kosningavjel íhaldsins þar vestra, íhaldskosningaskrifstofuna á Ísafirði. Eftir því sem rannsókn setudómarans ber með sjer, þá virðist ekki aðeins vera um að ræða fölsun, heldur og endurfölsun á atkvæðum. Þar að auki hefir einn maður borið í rjetti, að sjer hafi verið boðnar mútur, og fengið greitt mútufjeð eftir að hafa kosið Jón Auðun Jónsson, af syni þess sama manns, er uppvís varð að mútugjöfum í kosningunum 1919.

Þá má benda á, hvernig íhaldið vestur þar tók rannsókn þessa máls, og framkomu blaðs þeirra, Vesturlands. Í hverju einasta tölublaði er ráðist með svívirðingum á rannsóknardómarann og reynt á alla lund að gera rannsókn hans tortryggilega. Tveir menn úr þeirra flokki eru staðnir að því að ljúga fyrir rjetti. Þegar á að taka fasta þá ákærðu í Hnífsdal, af því að ástæða var til að ætla, að þeir einir hefðu haft aðstöðu til þess að drýgja glæpinn, þá er þess varnað af íhaldsmönnum þarlendis. Og bæði Morgunblaðið og Vesturland voru mjög kampakát yfir því, að liðsafnaður var hafinn gegn rannsóknardómaranum. Má þá og benda á það, hvernig sjálfur frambjóðandinn, Jón Auðunn Jónsson, fer að ráði sínu, er fyrir hann eru lagðar í rjetti tvær spurningar, sem honum bar að svara refjalaust. Þá rýkur hann upp og lætur bóka svofeld ummæli, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa upp:

„Jeg vil þegar taka það fram, að það er til þess að hlýðnast fyrirmælum laganna, að jeg mæti fyrir þessum rjetti. Hinsvegar dylst mjer ekki, að í rannsókn þessa máls eru farnar mjög óvenjulegar leiðir og svo virðist, sem rannsóknin beri fullkominn blæ hinna pólitísku skoðana ráðunauta rannsóknardómarans. Af þessu leiðir, að jeg hefi styrkst í því áliti mínu, að málið sje hafið og því fram haldið til þess að fá einhverja átyllu til þess að kæra kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu."

Það er ekki eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) segir, að þessi bókun stafi af gremju yfir þessum ósköpum, sem framin hafa verið. Í ummælunum lýsir sjer blátt áfram gremja yfir því, að verið sje að rannsaka kosningasvikin í Hnífsdal.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gat um símskeyti, er honum hafa borist sem svar við fyrirspurn um, hvað sje gert í samskonar tilfellum og þessu á Norðurlöndum. Mjer skilst af þeim, að í Noregi sje þeirri reglu fylgt, að ónýta því aðeins kosningu, að misfellur, sem kært er yfir, hafi getað haft áhrif á úrslit kosningarinnar, og í Danmörku sje farið að á svipaðan hátt,

nema ef misfellur eða svik koma fram af hendi kjörstjórnar. Nú er þess að gæta, að hreppstjórinn í Hnífsdal verður í þessu tilfelli að skoðast sem kjörstjóri á þessum stað. Það er sannað, að hann er mjög viðriðinn glæpinn, og í öðru lagi má færa líkur til þess, að misfellur þær, er átt hafa sjer stað í sambandi við kosningaskrifstofuna á Ísafirði, hafi verið miklu víðtækari en nokkurn grunar og því getað haft áhrif á úrslit kosninganna. Því að það er upplagt mál, að einn maður hefir engin áhrif móts við það, sem heil skrifstofa getur haft.

Í móðurlandi þingræðisins, Englandi, mun miklu harðar tekið á slíku en lýsir sjer í skeytum þessum. Þar má aðeins lítið fje nota við kosningar, og verður að gera nákvæma grein fyrir því öllu. Ef það fer fram úr ákveðinni upphæð, er það talið vítavert og kosningin er gerð ógild. Ef upp koma svik í sambandi við kosningu, þá er hún gerð ógild fyrir þeim, er þau hafa verið framin til framdráttar fyrir, og mun mótframbjóðanda vera veitt kjörbrjef í hans stað. Jeg vil að vísu ekki hvetja til þess, að sú aðferð verði upp tekin hjer. En ekki kemur til mála að láta þannig kosinn þingmann fljóta inn orðalaust. Hann á að bera ábyrgð á skipulagsbundinni starfsemi stuðningsmanna sinna. Ný kosning í Norður-Ísafjarðarsýslu er krafan, sem knýja verður fram. Jeg verð að segja það, að ef á að fara að taka þessa kosningu gilda, þá er það meira en lítið varhugavert fordæmi. Því að hvar eru þá takmörkin? Hversu langt er óhætt að fara út á þá braut, að nota svik og mútur til þess að hlaða undir frambjóðanda sinn, án þess óttast þurfi, að kosning verði gerð ógild fyrir þær sakir? Hvernig verður þá næsta kosning í Norður-Ísafjarðarsýslu?

Magnús Guðmundsson: Jeg tel mig neyddan til að skýra frá afstöðu minni til þessa máls í kjörbrjefanefnd. Um leið ætla jeg að nota tækifærið til þess að skýra frá, hvað gert hefir verið í nefndinni. Það er nú vika síðan þing kom saman og nefnd þessi var kosin. Því er ekki úr vegi að athuga, hversu vel tíminn hefir verið notaður. Því var haldið fram af formanni nefndarinnar, að frestunin væri til þess gerð að afla sjer nýrra upplýsinga í málinu. En þá er spurningin: Hvað hefir nefndin gert til þess að útvega þessar upplýsingar og hvaða upplýsingar hafa fengist? Í marga daga var beðið eftir rannsóknardómaranum. Hann átti að leggja fram einhver ný plögg í málinu. En er til kom, þurfti ekki annað en orð dómarans um það, að ekkert væri fram komið við rannsókn málsins, er benti til þess, að Jón A. Jónsson væri á nokkurn hátt við það riðinn, til þess að sannfæra háttv. samnefndarmenn mína, háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. 2. þm. Rang. (GunnS), um það, að ekkert væri því til fyrirstöðu að taka kosninguna gilda. Nú er það auðsætt, að alhægt var að fá orð rannsóknardómarans fyrir þessu símleiðis hvenær sem var. Það hefði því legið nær að láta nægja, til þess að flýta störfum nefndarinnar, svo sem skylda bar til, að síma til dómarans, úr því ekki þurfti meira við en þetta. Raunar gat hver maður sagt sjer sjálfur, þar sem búið var að birta allnákvæman útdrátt af málsrannsókninni eftir skýrslu setudómarans, bæði í Tím-

anum og Alþýðublaðinu, að ekkert slíkt, sem störf nefndarinnar voru nú látin stranda á, var fyrir hendi. Því að nærri má geta, að ekki hefði það verið látið liggja í láginni, ef eitthvað það hefði vitnast, er snerti illa þennan frambjóðanda, Jón A. Jónsson.

Þegar nefndin fjekk skjölin frá setudómaranum, var af meiri hluta nefndarinnar ekkert átt við þessi skjöl. Lesin voru upp að vísu ummæli þau, er JAJ ljet bóka í rjetti 11. nóv. síðastl., en þau voru áður prentuð í Tímanum, svo að þar var ekki um neitt nýtt að ræða. Niðurstaðan er því sú, að af hálfu nefndarinnar hefir engin rannsókn farið fram, er jeg hafi verið viðriðinn. Það eina, sem gert hefir verið, er það, að rannsóknardómarinn var spurður, hvort hann hjeldi, að JAJ væri á nokkurn hátt í vitorði með kosningafölsurum þar vestra, og hann lýsti því yfir, að svo væri ekki, að því er rannsókn málsins benti til. Háttv. minni hl. nefndarinnar (HjV) tók rjettarbókina og færði á burt með sjer og hafði undir höndum meðan hann samdi nál. sitt. Hvort hann hefir samið það sjálfur eða haft aðstoð til þess, veit jeg ekki.

Formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), las upp símskeyti utanlands frá um það, hverjum reglum sje fylgt í hliðstæðum tilfellum í nágrannalöndunum. Mjer þykir það í meira lagi undarlegt af hv. form. (SvÓ) að láta ekki aðra nefndarmenn vita, að hann væri að grenslast eftir þessu. Jeg hjelt þó, að það væri það minsta, sem nefndarmenn ættu heimting á að fá að vita, hvað væri verið að gera. **(SvÓ:** Þessi símskeyti komu ekki fyr en eftir að nefndin hafði lokið störfum). En var þá ekki símað utan áður? **(SvÓ:** Jú). Nú, það er nú einmitt það, sem um er að ræða. Jeg skil ekki í, að það væri slíkt launungarmál, að sjálfir nefndarmenn mættu ekki hafa vitneskju um það. Eins var það, að 3 nefndarmanna fóru á fund rannsóknardómarans án þess að við hv. þm. Dal. (SE) værum tilkvaddir. Jeg bjóst við, að dómarinn yrði kvaddur á fund nefndarinnar, og hefði það óneitanlega verið viðurkvæmilegast. En hinsvegar skal jeg viðurkenna, að þessi vangá kom ekki að sök, af því að svör hans voru svo skýr, að háttv. form. nefndarinnar var, er hann kom af fundi hans, fastlega sannfærður um, að hjer væri ekki um neitt að ræða, er hægt væri að hengja hatt sinn á.

En um efni símskeytanna vildi jeg aðeins segja það, án þess jeg vilji á nokkurn hátt gera lítið úr þeim stuðningi, er þau veita, að okkur ber fyrst og fremst að fara eftir okkar eigin lögum og þeirri „praksis", er hjer hefir skapast, en hún er sú, að ekki er hróflað við kosningu, ef misfellur, er kærðar eru og sannast kunna, geta ekki hafa haft áhrif á endanlega niðurstöðu kosningarinnar.

Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) bætti því við, og hafði það, að mjer skildist, eftir rannsóknardómaranum, að rannsóknin afsannaði alls ekki, að Jón Auðunn Jónsson hefði getað átt grunsamlegan þátt í kosningunum. **(SvÓ:** Jeg tók þetta fram frá sjálfum mjer). Það getur verið, en jeg tók svo eftir, að hann hefði þetta eftir rannsóknardómaranum. En hvað sem er um það, þá get jeg ekki stilt mig um að benda hv. þm. (SvÓ) á, að skjöl þessi afsanna

heldur ekki, að hv. frsm. (SvÓ) hafi tekið þátt í kosningunum á grunsamlegan hátt. Svona lagað má altaf segja.

Þá mintust þeir, hv. frsm. (SvÓ) og hv. 2. þm. Reykv. (HjV), á svigurmæli þau, sem Jón Auðunn Jónsson hafði haft við rannsóknardómarann og látið bóka. Jeg er alls ekki að mæla þeim bót. Þau voru ótilhlýðileg. En slík ummæli varða ekki því, að tekin sje af honum þingmenskan. Við þeim liggur alt önnur hegning, ef þau teljast hegningarverð.

Þá virtist hv. 2. þm. Reykv. telja það einna mesta sönnun fyrir sekt Jóns Auðuns í þessu máli, að fram hefðu komið kosningakærur frá Ísafirði 1919 og 1923. En jeg fæ ekki sjeð, hvernig það á að sanna sekt JAJ nú, þó að einhverjir kunni að hafa hagað sjer illa 1919 eða 1923. Þær kosningarkærur er ekki hægt að taka upp nú. (**HjV:** Ef um glæpsamlegt athæfi hefir verið að ræða). Já, en þá er að refsa fyrir það, sem þá hefir verið glæpsamlegt aðhafst, en það kemur ekki þessari kosningu við.

Þá var þessi hv. þm. að tala um, að þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar frá 1923 til 1927 hefði setið á þingi vegna falskra atkvæða. En slíkt kemur ekki þessu máli meira við en þó t. d. drepinn hefði verið maður suður á Írlandi kosningardaginn. Annars finst mjer miður sæmilegt af þessum háttv. þm. að nota þinghelgina til þess að svívirða aðra flokka og bera þá röngum sökum; það er síst betra en annað, sem hann hefir átalið aðra fyrir.

Ekki vissi jeg, hvað hann átti við, þegar hann var að tala um, að sumt af þessum fölsuðu seðlum hefði gengið í gegnum skrifstofu Íhaldsflokksins á Ísafirði. Jeg veit ekki betur en það sje einmitt verkefnið, sem slíkar skrifstofur hafa, að taka á móti kosningaplöggum, hverju nafni sem þau nefnast. Er það ekkert sjerstakt fyrir kosningaskrifstofur Íhaldsflokksins. Eiga þar kosningaskrifstofur allra flokka óskift mál. Annars er hægt að sanna, að þessir umræddu seðlar hafi gengið gegnum fleiri hendur. (**HjV:** Já, bæjarfógetans og skrifara hans). Já, og fleiri. (**HjV:** Hálfdánar). Enn fleiri.

Það, sem þessi háttv. þm. var að vitna í lögreglurjettarbók rannsóknardómarans, læt jeg liggja á milli hluta. Hann hafði einn nefndarmanna tækifæri til að kynna sjer bókina, en til þess hafði jeg ekki tækifæri. Jeg lagði alla áherslu á að flýta málinu, og sá hinsvegar, að í bókinni var ekki hægt að fræðast um annað en það, sem rannsóknardómarinn vissi. En háttv. 2. þm. Reykv. hefir talið sjer nauðsynlegt að athuga rjettarbókina, ef ske kynni, að hann gæti aflað sjer þar einhvers til þess að fleipra með.

Þá nefndi þessi hv. þm. óeirðirnar í Bolungarvík. Um þær er það sama að segja og margt annað, sem nefnt hefir verið í sambandi við þetta mál. Þær koma ekkert við kosningu þessa manns. Og vilji hv. þm. eigna Íhaldsflokknum þær, þá mun auðvelt að sýna fram á og sanna, að þar voru ekki eintómir íhaldsmenn að verki.

Að síðustu vil jeg vekja athygli hv. þingmanna á skeyti því, sem lesið var hjer upp af hæstv. forseta í fundarbyrjun og lagt hefir verið fram í lestrarsal þingsins. Það sýnir, að um þetta kosningarmál er svo mikill hiti í Norð-

ur-Ísafjarðarsýslu, að þrátt fyrir erfiðar samgöngur um hávetur, þá koma saman 24 fulltrúar úr 8 hreppum. Aðeins kemur enginn úr afskektasta hreppi sýslunnar. Mótmæla þessir fulltrúar í einu hljóði aðförum Alþingis í þessu máli. Jeg hefi heyrt, að í Hnífsdal hafi allir greitt atkvæði með því að halda þennan mótmælafund, og er þó vitanlegt, að þar er fjöldi kjósenda, sem er andvígur Jóni A. Jónssyni.

Skal jeg svo ekki hafa þessi orð mín lengri, en jeg vil mælast til þess, að þeir hv. þm., sem kynnu að þurfa að svara mjer, vildu geyma það þar til dálítið síðar, því að kl. 3 þarf jeg að vera við jarðarför.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg býst ekki við, að það, sem jeg ætla að segja, þurfi að tefja hv. 1. þm. Skagf. (MG) frá jarðarför sinni. **(MG:** Jeg ætla ekki að vera við mína jarðarför). Jeg hjelt einmitt, að háttv. þm. ætlaði að fara að fylgja Íhaldinu til grafar.

Mál það, sem hjer er til umræðu, er alveg einsdæmi í þingsögu Íslendinga. Fyrir því eru sem betur fer engin fordæmi. Hjer er því ekki hægt að fara eftir neinu því, sem áður hefir átt sjer stað. Með atkvæðagreiðslunni er því verið að gefa fordæmi, þar sem kveðinn verður upp úrskurður um kosningu, sem sannanlegt er, að mikil svik hafa verið viðhöfð.

Jeg fæ ekki betur sjeð en það hafi verið hárrjett af hv. form. kjörbrjefanefndar (SvÓ) að afla sjer vitneskju um það hjá nágrannaþjóðum, sem hafa meiri reynslu í hinum nýrri þingvenjum en við, hvernig á slík mál sem þetta er litið hjá þeim, og mjer þykir illa farið, að þeir hv. 1. þm. Skagf. og háttv. þm. Dal. skuli hafa rekið svo eftir, að mál þetta væri tekið fyrir, að ekki var beðið eftir skeyti um þetta efni frá Englandi, því eins og kunnugt er, hefir sú þjóð mesta og lengsta parlamentariska reynslu af öllum þjóðum heimsins. Hefði jeg því talið sjálfsagt, að beðið hefði verið með mál þetta, þangað til það skeyti var komið.

Sú venja hefir verið hjer, að taka kosningar gildar, ef misfellur þær, sem á þeim hafa verið og yfir hefir verið kært, hafa ekki getað breytt niðurstöðum þeirra. Hefir þá vitanlega ekki komið til greina annað en almennar misfellur, sem stafað hafa annaðhvort af þekkingarleysi eða gleymsku, t. d. það, sem sannaðist um hreppstjórann í Bolungarvík, að hann hafði gleymt að bóka, að hann hafði aðstoðað tvo kjósendur við kosninguna. Þess háttar er ekkert glæpsamlegt athæfi. — En þrátt fyrir þessa venju, hefir Alþingi stundum kveðið upp harða dóma út af misfellum á kosningum, t. d. 1912, þegar það tók gilda kosninguna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, enda þótt þingmaðurinn væri í stórum minni hluta í samanburði við andstæðing sinn, sem ekki fjekk kjörbrjef, af því að milli 20—30 af kjósendum hans höfðu í ógáti tvíbrotið seðlana. Þarna voru þeirra tíma íhaldsmenn að verki, og verður ekki annað sagt en þeir hafi virt kjósendaviljann að vettugi. En hart var fyrir sjera Kristin Daníelsson að þurfa að hlíta slíkum úrskurði.

Í þau tvö skifti, sem sterkur grunur hefir legið á, að fölsun hafi átt sjer stað við kosningar, sem sje við kosningarnar á Ísafirði 1919 og 1923, tók

þingið á þeim linum tökum, og um það má mest kenna 1. þm. Skagf. (M-G), því að hann átti sæti í stjórninni eftir báðar þessar kosningar. Í fyrra skiftið var rannsókn beint fyrirskipuð, en stjórnin svæfði málið.

Jeg vil geta þess, að jeg hefi í gær haft tækifæri til þess að sjá heimakosnu atkvæðin frá Ísafirði frá 1923. Þau eru geymd hjer hjá skrifstofustjóra Alþingis. Og það verð jeg að segja, að jeg tel þau miklu merkilegri plögg sem gögn í glæpamáli en seðla þá, sem taldir eru falsaðir í hinu svo nefnda Hnífsdalsmáli.

Eins og kunnugt er, eru rithendur manna með ýmsu móti, engar eins. Það fyrsta, sem vekur athygli, þegar litið er á þessi heimakosnu atkvæði, er skriftarmismunurinn á seðlum frambjóðendanna. Á seðlum Haralds Guðmundssonar er skriftin eins og gengur og gerist með ýmsu móti, sumir skrifa t. d. allra efst á seðilinn, eins og gerist um viðvaninga, sem sjaldan handleika penna. Hjá öðrum hallast nafnið mikið, eins og oft vill vera hjá þeim mönnum, sem lítt eru æfðir skrifarar. En á seðlum Sigurjóns Jónssonar, eitthvað liðlega 30, getur maður sagt að sje ljómandi skrift. Stingur hún mjög í stúf við skriftina á seðlum Haralds og við alt það, sem jeg þekki af þessu tægi. Seðlar Sigurjóns eru skrifaðir með æfðri hönd og nöfnin sett á seðilinn miðjan. Það má nú kannske segja, að þessir kjósendur Sigurjóns hafi verið miklu mentaðri en hinir, en þá kemur hitt, að helst lítur út fyrir, að þeir hafi allir lært skrift hjá sama manni, en það verð jeg að efa, því að skriftarkensla er vart á hærra stigi þar vestra en annarsstaðar. Læt jeg svo þetta nægja að sinni um kosninguna á Ísafirði 1923, en vel má vera, að hægt verði að taka hana til rannsóknar að nýju.

Hvað snertir kosningu þá, sem hjer er til umræðu, þá má það heita nokkurnveginn fullsannað, að við hana hafi verið höfð þau vinnubrögð, sem ekki hafa áður þekst í þingsögu okkar, eða að minsta kosti ekki orðið uppvís. Er því í þessu tilfelli ekki hægt að fara eftir þeim venjum, sem áður hafa tíðkast hjer. Það sem því verður hjer gert, þegar atkvæði verða greidd um kosningu þessa, er það, að skapa nýtt fordæmi fyrir síðari þing til þess að fara eftir, þegar um svik og fölsun við kosningar verður að ræða. Jeg harma því, að ekki skuli hafa verið beðið eftir að fá upplýst til fulls fyrir atbeina sendisveitar okkar í Kaupmannahöfn, hvað Englendingar mundu gera þegar svona stendur á. En eftir því, sem jeg veit best, þá mun sá siður vera í Englandi, ekki aðeins að ógilda kosningu þingmannsefnis, sem hefir haft gagn af falsi og svikum, heldur tekur enska þingið mótkandídatinn, þegar það sannast, að frambjóðandinn sjálfur eða nánasta fylgilið hans hafi verið viðriðinn svik eða fölsun í sambandi við kosningarnar.

Það er nú síður en svo, að jeg sje með því, að mótkandídat Jóns A. Jónssonar væri fengið kjörbrjef fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu að svo komnu máli. Jeg segi aðeins frá þessu til þess að sýna fram á, hve föstum tökum hin merka enska þjóð tekur á slíkum misfellum sem þessum, og þetta er alveg í samræmi við þá drengskaparvenju,

sem myndast hefir í ensku þjóðlífi og nefnd hefir verið „fair play". Hjer kom fyrir atvik síðastliðið sumar hjá íþróttamönnum okkar, sem sýndi það, að almenningur hjer er í þessu efni líkur Englendingum. Merkur hlaupari, sem þreytti kapphlaup, sló keppinaut sinn kinnhest meðan á hlaupinu stóð. Íþróttamennirnir voru ekki svo fljótir sem skyldi að hegna brotinu með því að gera hinn gamla sigurvegara leikrækan. En almenningur fann, að hjer var brotin sjálfsögð drengskaparregla í leiknum og ljet undir eins í ljós á viðeigandi hátt dóminn yfir hinum seka. Þetta tel jeg gott dæmi um heilbrigða þjóðarmeðvitund. Vonandi standa þingmenn ekki að baki kjósendum. Ef þetta hefði komið fyrir í Englandi, hefði engin stjórn íþróttamála og engin tegund áhorfenda polað það.

Við Íslendingar erum sennilega ekki búnir að læra til fulls leikreglur enskra stjórnmálamanna. Jeg er hræddur um, að sumir íhaldsmenn og blöð þeirra eigi þar mikið ónumið. Og jeg vil bæta því við, að þessar misfellur á leikreglum okkar hafa hvergi lýst sjer betur en í Hnífsdalsmálinu. Við kunnum ekki að taka ósigri í leik, viljum bolast til sigurs og láta knje fylgja kviði; og okkur skiftir engu þó að sigurinn sje unninn með ofbeldi og svikum. Hjá okkur er sigurinn fyrir öllu, en ekkert um það hirt, hvernig til hans er unnið.

Nú er það spurningin: Eigum við að taka upp í opinberu lífi leikregluna um „fair play", eins og hún hefir þroskast í gegnum margar kynslóðir hjá okkar stóru frændþjóð Bretum, eða eigum við að halda áfram að lifa undir sömu reglum og frummaðurinn, láta knje fylgja kviði í allri viðureign eins og enn tíðkast hjá villimönnum, þar sem hnefarjetturinn ræður og þeim sigurinn vís, sem nógu eru sterkir og einskis svífast?

Eigum við að fylgja ensku drengskaparreglunni, setja harðari kröfur um framkomu manna opinberlega, eða eigum við að fylgja Hnífsdalsreglunni?

Jeg svara hiklaust: við eigum að fylgja dæmi Englendinga og annara þroskaðra þjóða. Við eigum að fylgja strangari reglunni og höfum gott af því.

Út frá þessu, sem jeg hefi nú sagt, ætla jeg að víkja að sjálfu Hnífsdalsmálinu, sem hjer er til umr., og rökstyðja það, hversvegna eigi að ógilda kosningu Jóns Auðuns Jónssonar.

Jeg skal taka það fram strax, að jeg dreg ekki í efa, að Jón Auðunn Jónsson hafi haft meiri hluta heiðarlega greiddra atkv. við kosninguna 9. júlí, og jeg efast heldur ekki um, að hann mundi vinna nýja kosningu, þótt engin svik væru höfð honum til stuðnings.

En það er vegna þeirra svika, sem uppvís hafa orðið við kosninguna, að nauðsynlegt verður að ógilda hana. Það er vegna siðgæðisslappleika þeirra manna, sem við svikin eru riðnir, að ógilda verður kosninguna. Það er líka vegna alþjóðar gert, svo að allir sjái og skilji, að það, að hafa rangt við í leik, er ekki leiðin til sigurs, jafnvel ekki við Ísafjarðardjúp.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að í Norður-Ísafjarðarsýslu sjeu yfirleitt verri menn en annarsstaðar. Jeg geri ráð fyrir, að þar sje um tiltölulega fáa

menn að ræða, sem að svikunum standa. En þessi fámenni hópur hefir spillandi áhrif á aðra og getur sýkt út frá sjer og orðið þess valdandi, að víðar verði reynt að vinna leik með svikum.

Þess vegna verður að ógilda kosninguna, svo að alþjóð sjái vilja þingsins, og svo að allir velunnarar þingmanna í landinu óski ekki að hætta á það, að kosning verði dæmd ógild af þeim sökum, að trúir samherjar beiti svikum.

Nú álít jeg, að það skifti engu fyrir dægurmálin, og heldur ekki fyrir Jón Auðun sjálfan, hvort hann verður hálfum mánuði fyr eða síðar starfandi þingmaður nú í vetur. Hjer er ekki um neitt annað að ræða en það, eftir hvaða siðgæðisreglum þingið ætlar að lifa framvegis og hvaða tökum eigi að taka á svikum eins og þeim, sem uppvís hafa orðið í kosningunum í Norður-Ísafjarðarsýslu í sumar.

En ef svo fer, að kosning þessi verður tekin gild nú, þá sje jeg ekki, að Alþingi geti annað betur gert en að breyta svo kosningalögunum, að ef svona svik koma fyrir aftur, þá eigi skilyrðislaust að gera slíka kosningu ógilda. Upp úr þessu hefðist þá það, að trygt yrði, að framtíðarsvik í kosningum yrðu ótíð og lítið sigurvænleg. Menn mundu ekki hætta á slíkt, þegar ljóst væri, hvernig Alþingi mundi á því taka.

Næst á eftir þessu, sem fyrir mjer er aðalkjarni málsins: að hindra það, að svik eigi sjer stað framvegis —, þá ætla jeg að leiða nokkur rök að því, að vegna reglu þeirrar, sem gildir hjá Englendingum, þá mundi þar í landi kosning sem þessi í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa verið dæmd ógild, þó að Jón Auðunn Jónsson væri þess óvitandi, að stuðningsmenn hans hefðu gengið svo fram fyrir skjöldu, eins og lesa má í prófunum um þetta mál.

Það sannaðist í Englandi fyrir nokkru síðan, að maður, sem var nátengdur þingmannsefni, mútaði fátæklingi með 5 punda bankaseðli til þess að kjósa þennan náskylda frambjóðanda. Þetta þingmannsefni hlaut meiri hluta greiddra atkvæða við kosninguna, en vegna þessarar mútu, sem í sjálfu sjer hafði ekki úrslitaáhrif á kosninguna, var hún samt dæmd ógild.

Nú mætti nefna nokkur dæmi, þar sem sannast hefir, að þeir, sem við atkvæðafölsunina eru riðnir, eru allflestir, að því er virðist, stuðningsmenn Jóns Auðuns Jónssonar.

Þá er þess fyrst að geta, að í Hnífsdal, þar sem aðalfölsunarverksmiðjan virðist hafa bólfestu, þá eru þeir mjög ákveðnir stuðningsmenn Jóns Auðuns, Hálfdán hreppstjóri og Eggert tengdasonur hans, og þeim er ekki nóg að ganga fram fyrir skjöldu að því er snertir þetta eina kjördæmi, heldur virðast þeir hafa látið verksvið sitt ná út fyrir kjördæmið.

Besta sönnunin fyrir flokksstarfi þessara venslamanna Íhaldsflokksins er svolítil saga, sem jeg ætla nú að segja og tekin er að nokkru leyti úr rannsókn þessa fölsunarmáls.

Maður einn, sem heima átti í Strandasýslu og var þar á kjörskrá, hafði verið vormaður hjá Hálfdáni hreppstjóra. Eitthvað höfðu þeir grun um það Hálfdán og Eggert, að maður þessi mundi ekki ætla að kjósa Björn Magnússon símstjóra, heldur Tryggva Þórhallsson. Þeir báðu þennan mann

þrásinnis að kjósa í Hnífsdal, og varð það úr, en það hefir maðurinn sagt, að þeir Hálfdán hafi ekki á neinn hátt gert tilraun um að snúa hug hans frá Tryggva Þórhallssyni og til Björns Magnússonar. Þeir höfðu alla ástæðu til að halda, að hann kysi með Framsókn. Þeir ljetu það gott heita, en báðu hann aðeins þess að kjósa í Hnífsdal. Um brjefið með atkvæðaseðli þessa manns í vita menn svo ekki annað en það, að flutt var það norður á Strandir af ákveðnum manni íhaldsliðsins á Ísafirði. En þegar það var opnað, stóð nafn Björns Magnússonar á atkvæðaseðlinum, en kjósandinn segist hafa ritað nafn Tryggva Þórhallssonar á þann seðil, er Hálfdán hreppstjóri fjekk honum í Hnífsdal.

Alt, sem menn vita um þetta Hnífsdalsmál og önnur kosningasvik, er uppvís hafa orðið undir rannsókn málsins, verður því rakið til manna, sem teljast verða að stjórnmálaskoðunum það nátengdir frambjóðandanum Jóni Auðunni Jónssyni, að ekki getur verið um nánari vensl að ræða á þessu sviði, nema þá um launaða starfsmenn.

Og öll framkoma þessa frambjóðanda og annara Íhaldsmanna í Hnífsdalsmálinu frá því það hófst sýnir átakanlega, að það er eins og vörnin fyrir kosningasvikunum sje gerð að flokksmáli Íhaldsins þar fyrir vestan. Í Hnífsdal, Bolungarvík, á Ísafirði og hjer í Reykjavík er barist upp á líf og dauða gegn því, að málið sje rannsakað. Íhaldsflokkurinn með sínum 16 þingmönnum og mörgu blöðum virðist hafa gert það að flokksmáli. Og það hefir verið beitt slíku ofbeldi af hálfu Íhaldsmanna og blaða flokksins í þessu máli, að það mun eins dæmi í þingsögunni og miklu alvarlegra en þótt falsaðir hafi verið nokkrir atkvæðaseðlar í sumar, og jafnvel þó að 30—40 seðlar hafi verið falsaðir í Ísafjarðarkosningunni 1923.

Það er þetta viðhorf málsins, sem gerir það nauðsynlegt að hegna fyrir þessi kosningasvik, annaðhvort með burtrekstri Jóns Auðuns af þingi þegar í dag, eða með breytingu á kosningalögunum, svo að fyrir það sje bygt, að slík svik eða önnur áþekk komi fyrir aftur.

Jeg vil enn nefna dæmi, hvernig Íhaldsmenn gerðu mál hinna óheppnu Hnífsdælinga að sínu máli.

Þegar hæstv. fyrv. stj. sendi Steindór Gunnlaugsson vestur til þess að rannsaka málið, er leiddi þó ekki að neinni niðurstöðu, þá byrjaði þessi sendimaður stj. á því að setja í gæsluvarðhald þá fjóra menn, sem ljóstað höfðu upp um kosningasvikin í Hnífsdal og kært þau. Þessir menn sýndu engan mótþróa, þeirra framkoma var „gentlemanlike“. Flokksbræður þessara manna á Ísafirði gerðu heldur ekkert til þess að hindra rannsóknardómarann í starfi sínu, og þó er vitanlegt, að þeir vissu, að þessir fjórir menn voru saklausir af þessum kosningasvikum. Sem sagt, þessir fjórir menn ljetu fangelsa sig mótþróalaust, komu kurteislega fram fyrir rjetti og nú hefir algerlega sannast sakleysi þeirra. Eftir þetta lagði fyrverandi stjórn málið til hliðar.

Þegar núv. stjórn kom til skjalanna, var hún einhuga um að hefja rannsókn að nýju í máli þessu. Jeg sneri mjer til tveggja kunnra lögfræðinga hjer í bæ og fór þess á leit við þá, að

þeir færu vestur til að rannsaka málið. En þeir neituðu báðir, hvor í sínu lagi, með þeim rökstuðningi, að þeir treystu sjer ekki að leggja út í málarekstur, sem lítil eða engin von væri um, að leiddi til neinnar niðurstöðu.

Ástæðan til þess, að jeg vildi láta rannsaka málið, var ekki sú, að jeg byggist við, að frekar yrði uppvíst, hverjir valdir væru að svikunum, heldur bjóst jeg við hinu, að rannsóknin leiddi eitthvað það í ljós, sem hjálpaði löggjafarvaldinu að búa svo um hnútana, að slík svik sem þessi gætu ekki komið fyrir oftar.

Þá var það, að sýslumaður Strandamanna var fenginn til þess að fara vestur og rannsaka málið frá rótum. Þessi sýslumaður hafði í fyrravor fengið til meðferðar heima í hjeraði lítinn anga af þessu fölsunarmáli, og rannsóknina hafði hann framkvæmt með miklum dugnaði og kostgæfni. Jeg vil nota tækifærið að mótmæla því, að nokkur hlutdrægni hafi ráðið því, að þessi sýslumaður var valinn til þess að rannsaka málið, eins og íhaldsblöðin hafa látið í veðri vaka. Sjest best, á hvaða rökum slíkt er bygt, þegar þess er gætt, að þessi sami sýslumaður var af miðstjórn Íhaldsmanna beðinn að vera í kjöri á móti núver. hæstv. forsrh. (TrÞ) við síðustu kosningar. Þetta er skýring, sem slær öllu föstu um það, að það var svo langt frá, að núver. stjórn fengi sinn samherja til að taka að sjer rannsóknina, heldur valdi hún mann, sem hún gat talið andstæðing sinn, en sem sýnt hafði ákveðinn hæfileika til þess að trúa mátti honum fyrir rannsókninni og að hann mundi gera hana vel.

En hvað skeður svo, þegar þessi rannsóknardómari rjettvísinnar kemur vestur?

Þá rísa íhaldsforkólfarnir þar upp hreint og beint með „organiseruðu" ofbeldi og gera rannsóknardómaranum sem erfiðast fyrir á allan hátt, t. d. við fangelsun Hálfdáns hreppstjóra og Eggerts tengdasonar hans. Og svo ósvífnir gerast þessir íhaldsburgeisar vestur frá, að þeir láta blað sitt „Vesturland" fara með vísvitandi ósannindi og blekkingar um málið, sem svo er símað hingað suður og „Morgunblaðið" birtir sem góða og gilda vöru. Svo langt gekk ósvífni „Vesturlands" í frjettaskeytum, sem það sendi hingað suður, að forstöðumaður Frjettastofunnar neyddist til þess að taka skeytasendinguna af ritstjóra blaðsins.

Og nú vil jeg spyrja: Getur það hugsast, að Jón Auðunn Jónsson, sem er styrktarmaður blaðsins, og aðrir íhaldsmenn hafi ekki vitað, að hjer var farið með vísvitandi ósannindi og blekkingar um starf rannsóknardómarans?

Jeg segi nei! Þeir vissu vel, hvað þeir voru að gera. Þeir vissu, að blöð Íhaldsflokksins voru að svívirða rannsóknardómarann, og ljetu það gott heita. Þeir þektu ekki ensku drengskaparregluna, sem gildir í leik og opinberu lífi. Þeir settu hart á móti hörðu og fylgdu íþróttamanninum, sem barði fjelaga sinn á leikvellinum. Og það hefir sýnt sig betur og betur, að það er ekki hægt að vinna að friðsamlegri rannsókn þessa máls fyrir íhaldsliðinu og blöðum þess bæði á Ísafirði og í Reykjavík.

Jeg vil nú biðja þingheim að bera saman framkomu þeirra fjögra verkamanna, sem fangelsaðir voru í sumar

á Ísafirði, við framkomu stuðningsmanna Jóns Auðuns Jónssonar, þeirra sem rannsóknardómarinn taldi að fangelsa yrði um stund. Og þá er jeg kominn að sorglegasta þætti þessa máls.

Þegar rannsóknardómarinn ætlaði að setja í gæsluvarðhald þá Hálfdán hreppstjóra í Hnífsdal og tengdason hans Eggert, þá hindra íhaldsmenn í Hnífsdal handtöku þeirra með valdi. Íhaldsliðið á Ísafirði klappar lof í lófa og flytur greinar fullar af ósannindum og ósvífnum tilhæfulausum ásökunum um rannsóknardómarann fyrir það eitt að gera skyldu sína. Mbl. ljet síma sjer að vestan allra grófustu ádeilugreinarnar í vil Hálfdáni og Eggert. Hjer var því að ræða um skipulagsbundna uppreist af hálfu Íhaldsmanna til að hindra, að rjettvísin gæti starfað að rannsókn glæpamáls.

Í Bolungarvík býr maður, sem Pjetur heitir Oddsson. Það er viðurkent, að hann sje mikill stuðningsmaður Jóns Auðuns Jónssonar, en aðstaða hans í þorpinu sú, að erfitt er fyrir fátæklinginn að standa á móti boði hans og banni.

Við rannsókn málsins kemur það í ljós, að tveir atkvæðaseðlar eru með hendi hreppstjórans í Bolungarvík. Rannsóknardómarinn bregður sjer þangað, setur rjett yfir hreppstjóranum, sem játar, að hann hafi hjálpað tveimur gamalmennum að kjósa og skrifað samkvæmt ósk þeirra nafn Jóns Auðuns Jónssonar á seðlana, en vanrækt að geta þess í kjörgögnunum, eins og lög mæla fyrir. En þegar þessi gamalmenni eru spurð um þetta, segja þau, að hreppstjórinn hafi ekki hjálpað sjer, en hverfa þó frá því síðar og staðfesta framburð hreppstjórans.

Nú hefir hreppstjórinn sent kæru til stj. yfir framkomu rannsóknardómarans, og meðal þeirra gagna, sem henni fylgja, er vitnisburður þessara gamalmenna, karls og konu. Vitna þau, að fyrst hafi þau borið rangt fyrir rjettinum, af því að þau hafi haldið, að hreppstjórinn hefði eitthvað ilt af því, ef þau segðu satt. En bráðum komast þau á gagnstæða skoðun og segja þá sannleikann, þegar þau sjá, að hreppstjóranum kom það betur, að þau segðu satt.

Hjer virðist því hafa verið fullkomin ástæða til þess að setja hreppstjórann í gæsluvarðhald á meðan ekkert upplýstist um seðlana, miklu sterkari ástæða heldur en sjómennina fjóra, sem Steindór Gunnlaugsson fangelsaði, enda úrskurðaði rannsóknardómarinn, að svo skyldi verða.

En hvað skeður?

Þegar rannsóknardómarinn hefir úrskurðað hreppstjórann í gæsluvarðhald, eða að hann setji tryggingu fyrir nærveru sinni, sem tekin sje gild, og hreppstjórinn Kristján Ólafsson tekur ekki illa, ef hann fái svolítinn frest, þá kemur Pjetur Oddsson eftir 2 tíma með mannsafnað — eitthvað um 200 manns var giskað á, að liðið væri — og les yfir rannsóknardómaranum hótunarbrjef, sem svo er símað hingað suður til „Morgunblaðsins“, sem tekur því fegins hendi og gerist svo blygðunarlaust að flytja jafnhliða mynd af þessum uppreisnarforkólfi Íhaldsins í Bolungarvík. Síðan hefir frjetst úr Bolungarvík, að það hafi verið samantekin ráð um það að hrekja

rannsóknardómarann fram á brimbrjótinn fræga, sem Alþingi hefir kastað fje í árum saman, og láta hann standa þar kvíaðan af á bryggjuhausnum yfir nóttina.

Slíkar eru aðferðir Íhaldsmanna í N.-Ísafjarðarsýslu. (**HK:** Ljótt fólk, ef satt væri). Já, það er alveg rjett hjá hv. þm. Barð., að þetta er ljótt fólk. En hlýtur ekki bæði honum og mjer að virðast það ennþá verri menn, er standa fyrir slíkum strákaverkum og æsa fáfróðan almenning upp til hermdarverka? (**HK:** Ef satt væri, sagði jeg). Og hv. þm. Barð. getur lesið „Morgunblaðið", aðalmálgagn Íhaldsmanna. Dagana, sem þessir atburðir voru að gerast í Bolungarvík, skýrði það með miklum fjálgleik og hrifningu frá hreystiverkum Bolvíkinga og flutti mynd af foringjanum, Pjetri Oddssyni. Annars býst jeg við, að það muni koma í ljós innan skamms, hvort Pjetur Oddsson á framvegis að vera „suveræn" í N.-Ísafjarðarsýslu og hvort mönnum yfirleitt á að haldast uppi að æsa almenning til uppreisnar gegn fulltrúum rjettvísinnar, og þá sjerstaklega hvort fálkariddaranum Pjetri Oddssyni á framvegis að haldast uppi slík framkoma, sem hann hefir látið sjer sæma í þessu máli, með mótstöðu sinni gegn rannsóknardómaranum.

Það, sem jeg tel, að sanni sektarfulla aðstöðu J. A. J. í þessu máli, er aðallega þrent. Í fyrsta lagi það, að kosningasvikin eru framin J. A. J. í vil. Ennfremur, að það er sannað, að á Ísafirði, í Hnífsdal, Bolungarvík og í Reykjavík er af fylgifiskum hans og samherjum yfirleitt alt gert, sem hægt er, beitt ósannindum, rógi, hótunum og blaðaskömmum af Íhaldsmönnum, til þess að hindra rannsókn í málinu. Og síðast en ekki síst, að frambjóðandinn sjálfur, J. A. J., gerir beinlínis uppreisn gegn rannsóknardómaranum, þegar hann er kallaður til þess að bera vitni í málinu fyrir rjetti. Það og yfirleitt öll framkoma Íhaldsflokksins í þessu máli sýnir það ljóslega, hve djúpt stendur spillingin innan þess flokks. Tilefni hinnar ósvífnu framkomu J. A. J. fyrir rjetti er það eitt, að rannsóknardómarinn leggur fyrir báða frambjóðendur sömu spurningarnar, um tölu heimagreiddra atkvæða í sýslunni. Finnur Jónsson kemur fram eins og vitni sæmir, Jón Auðunn eins og sekur ofstopamaður.

J. A. J. kemur undirbúinn beina leið frá heimili sínu. Jeg vil leggja áherslu á það, að hann kemur heiman með þetta merkilega plagg, þar sem hann leyfir sjer að koma fram með svívirðingar og tortrygni í garð rannsóknardómarans.

Jeg hefi nú rakið nokkur atriði þessa máls. Aðalatriðið er að reyna að fyrirbyggja það framvegis, að nokkur flokkur leyfi sjer að koma fram eins og Íhaldsfl., sumir kjósendur hans, blöð hans og þingmenn, hefir komið fram í þessu máli. Því að það var hrein ósvífni af Íhaldsflokknum að heimta, að þessi kosning skuli tekin gild rannsóknarlaust, þrátt fyrir þær alvarlegu misfellur, sem vitanlega hafa verið á henni. Jeg álít að vísu, að það hafi verið fullkomlega óþörf fyrirhöfn af vinum J. A. J. að ganga svo freklega fram í svikunum, sem þeir hafa gert; hann mundi í þetta sinn hafa sigrað í

heiðarlegri baráttu í N.-Ísafjarðarsýslu. Og einmitt þess vegna ætti hann að sjá sóma sinn og leggja þegar í stað niður þingmensku og vinna aftur á heiðarlegan hátt. Jeg vil taka það skýrt fram, að mjer er það alls ekki aðalatriði í þessu máli, að þessi kosning sjerstaklega sje gerð ógild, heldur hitt, að Alþingi fyrirbyggi það, að slík kosning sem þessi geti átt sjer stað framvegis. Til þess þarf að gera gagngerða breytingu á kosningalögunum og taka upp þá reglu, að þessi kosning hefði skilyrðislaust verið gerð ógild, ef sú breyting hefði verið komin á.

Sigurður Eggerz: Í nál. meiri hl., sem jeg hefi ritað undir, tók jeg það fram, að jeg mundi gera nánari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við umræðurnar.

En áður langar mig til að sýna lítillega fram á það, hve sannleikurinn á oft erfitt uppdráttar í stjórnmálunum, jafnvel hjer á hinu háa Alþingi.

Háttv. sessunautur minn (HjV) talaði um nál. „Íhaldshelmings nefndarinnar", þ. e. a. s. taldi mig Íhaldsmann. **(HjV:** Já).

Jeg þarf ekki að taka það fram, öllum mun vera það ljóst, að hjer er vísvitandi farið með rangt mál. Hv. þingheimi og áheyrendum er það fullkunnugt, að jeg er hingað kominn í megnri andstöðu við 2 hina stærri flokka þingsins og jafnaðarmannaflokkinn. Þegar jeg lít hjer í kringum mig, er mjer það fullljóst, að engum get jeg þakkað fyrir að hafa veitt mjer stuðning til að komast hjer inn í hið háa Alþingi. En einmitt þess vegna er jeg svo óbundinn af öllu og á svo ljett með að hlusta á ekkert annað en rödd samviskunnar, er jeg greiði atkvæði.

Þegar jeg undanfarið hefi hlustað hjer á umræður, hefir mjer stundum virst, að Alþingi Íslendinga væri enn ekki komið saman. Hinu hefir mjer fundist bera meira á, að hjer væri flokks- eða flokkaþing.

Til þess að sýna fram á það, að aðdróttun hv. sessunautar míns er algerlega tilhæfulaus, vil jeg benda á það, að þótt frjálslyndi flokkurinn sje minsti flokkurinn, þá hefir hann þó stærstu stefnuskrármálin, og það getur farið svo, að hv. sessunautur minn og fleiri verði að beygja knje fyrir litla flokknum með stóru málin.

Eftir þennan formála vil jeg leyfa mjer að gera grein fyrir afstöðu minni til kosningarinnar, sem hjer er til umr.

Jeg vil taka það fram, að mjer var málið ljóst þegar í meðferð kjörbrjefanefndar og færði rök mín þar strax fram í málinu og var þá þegar reiðubúinn að taka kosninguna gilda.

Í fyrsta lagi vil jeg taka það fram, sem er sjálfsagðast af öllu sjálfsögðu, að sem ítarlegust rannsókn verður að fara fram á því hegningarverða athæfi, sem kann að hafa verið drýgt. Rannsókn hefir nú þegar verið framkvæmd, og auðvitað verða þeir, sem kunna að reynast sekir, dæmdir eftir því, sem lög segja til.

Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að það er alrangt, sem segir í nál. háttv. 2. þm. Rang. og 1. þm. S.-M., að jeg vilji gera lítið úr þeim misfellum, sem orðið hafa á kosningunni. Þetta hefi jeg aldrei sagt. Hegningarvert athæfi á auðvitað að sæta refsingu samkvæmt hegningarl., en armur hegningarlaganna má aldrei ná

lengra en til þeirra seku. Og það væri óskandi, að hæstv. dómsmálaráðherra gæti fallist á það, að sú meginregla eigi að gilda alstaðar, og hann sýni það í verkinu, að hann vilji ekki koma henni fyrir kattarnef. Því þótt kosningasvikum hafi verið beitt við þessa umræddu kosningu, þá má þó ekki hegningin eða afleiðingar af henni lenda á saklausum kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Af þeim atkvæðum, sem greidd voru utan kjörstaðar, og jeg vil biðja háttv. þingmenn að athuga það vel, að hinni opinberu rjettarrannsókn hefir aðeins verið beint að þessum atkv., átti J. A. J. 57, en Finnur Jónsson 42. Þetta eru alls 99 atkv. Þótt nú öll þau heimagreiddu atkv., sem talin eru J. A. J., sjeu dregin frá honum og bætt við atkvæðatölu F. J., þá hefir J. A. J. þó á annað hundrað atkvæða meiri hluta.

Og nú spyr jeg: Er nokkurt rjettlæti í því, þegar atkvæðamunurinn er svona mikill, að armur hegningarlagganna nái til þeirra saklausu kjósenda í N.-Ísafjarðarsýslu, sem kosið hafa J. A. J. og enginn minsti grunur hefir fallið á, þannig að þeir verði sviftir fulltrúa sínum hjer á Alþingi? Hver er þá vernd laganna, ef á að hegna þessum saklausu mönnum?

Jeg spyr: Hvar er hún?

Það er vafalaust mikið í það varið að hegna þeim, sem hegningu eiga skilið, en það er jafnvafalaust miklu meira virði að forða saklausum frá hegningu eða afleiðingum hennar.

Hæstv. dómsmálaráðherra talaði um það, að óþolinmæði kjörbrjefanefndar hefði verið svo mikil, að ekki hefði unnist tími til þess að ná í gögn til þess að sýna það rjetta í þessu máli; bæði jeg og háttv. 1. þm. Skagf. hefðum viljað hraða málinu svo mjög. Jeg vil í þessu sambandi upplýsa það, að jeg vissi ekki um það fyr en á þessum fundi, að beðið hefði verið um símskeyti frá Englandi og beðið væri eftir svari. Og jeg verð að segja það, að mjer finst það ósanngjarnt af hæstv. dómsmálaráðh. að áfellast mig fyrir að hafa komið í veg fyrir, að upplýsingar væru fengnar, sem jeg vissi ekki um, að verið væri að leita að. Jeg minnist ekki þess, að jeg hafi nokkurntíma heimtað fund í nefndinni; jeg beið þess, að formaður kallaði saman fund. En jeg áleit, eftir því, sem þegar lá fyrir, að það bæri strax að taka afstöðu til þessa máls. Nú sýna skeyti þau, sem hjer hafa verið birt í dag, að það gilda sömu reglur með frændþjóðum vorum, Norðmönnum, Dönum og Svíum, í líkum málum eins og við viljum láta gilda hjer. Jeg held, að það, sem hefir ruglað svo mjög hugi manna í þessu máli, sje, að þeir hafi um of blandað saman hinu hegningarverða athæfi og kosningaatriði málsins.

Jeg skildi hæstv. dómsmálaráðh. svo, ef jeg hefi þá heyrt rjett, að þótt það sje sannað, að kosningasvik hafi verið framin, þá sje það þó ekki, a. m. k. ekki ennþá, sannað, hvaða einstaklingar hafi framið þau svik. Jeg hefi nú að vísu ekki lesið dómsskjölin, því að jeg áleit, að það heyrði ekki undir Alþingi að kveða upp úrskurð í sakamálum, sem þar að auki eru ennþá undir rannsókn.

Og mjer finst, að hver einstaklingur ætti að geta verið viss um það, að

hjer á Alþingi yrðu ekki gerðar tilraunir til þess að kasta grun á þá menn, sem engin sekt hefir verið sönnuð á.

Og samkvæmt yfirlýsingu sjálfs rannsóknardómarans hefir ekkert það komið fram í þessu máli, sem bendi á nokkurn hátt á sekt J. A. J. (**HjV:** Það hefir heldur enginn bendlað J. A. J. við kosningasvikin). Það mega heldur ekki heyrast raddir hjer á Alþingi, sem bendla hann við þau, þegar sjálfur rannsóknardómarinn lýsir yfir því, að ekkert bendi á sekt hans.

Jeg stend hjer ekki í nafni Íhaldsflokksins, eins og dróttað hefir verið að mjer, eða neins flokks, heldur reyni jeg aðeins að standa hjer í nafni rjettlætisins.

Og fallegri mynd mun það þykja af Alþingi Íslendinga, ef menn í slíku máli sem þessu gleymdu flokknum sínum. Sannarlega hljóta alþingismenn í þessu máli að standa sem dómarar og úrskurða sem dómarar, en ekki sem flokksmenn. Það felst í gildandi lögum, að þeir hljóti að gera það í slíkum málum. Menn mega ekki nota slík mál sem þetta til þess að hefna sín á pólitískum andstæðingum sínum, þótt þeir sjeu svo sterkir í þann svipinn, að þeir geti það.

Og hjer á Alþingi má ekki gera tilraun til þess að varpa grun á þá menn, sem engin sekt hefir verið sönnuð á í undanfarandi rannsókn. Slíkt mundi ekki samboðið sóma Alþingis. Jeg mun ekki roðna, þótt jeg greiði atkvæði með því, að kosning J. A. J. verði tekin gild. Það er í samræmi við þær venjur, sem hingað til hefir verið fylgt á Alþingi. Það er í samræmi við þær reglur, sem fylgt er hjá Norðmönnum, Dönum og Svíum. Það er í samræmi við þá grundvallarreglu hegningarlaganna, að það beri ekki einungis að hindra það, að saklaus sje dæmdur fyrir sekan, heldur að reynt sje að koma í veg fyrir, að afleiðingar glæpanna komi niður á saklausum mönnum.

Þegar um lík mál og þessi hefir áður verið að ræða hjer á Alþingi, hefi jeg stundum greitt atkvæði öðruvísi en flokksmenn mínir. Sýnir það, að pólitískar ástæður hafa ekki ráðið atkvæði mínu. Og svo mun enn.

Haraldur Guðmundsson: Mjer þykir leitt, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) skuli ekki vera á fundi, því að jeg hefði kosið að víkja nokkrum orðum að honum út af ræðu hans áðan. Jeg mun því geyma það, sem jeg vildi sagt hafa til hans, þangað til síðar. Eitt atriði get jeg þó ekki látið hjá líða að taka fram nú þegar. Jeg hygg, að hann hafi komist svo að orði út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. um kosninguna á Ísafirði árið 1923: „Hvað kemur sú kosning þessu máli við?“ Því er fljótsvarað, enda býst jeg við, að hann hafi vitað svarið. Sú kosning kemur við þeirri kosningu, sem hjer er til umræðu, á sama hátt og afleiðing kemur við orsök. Það, sem gerst hefir í Norður-Ísafjarðarsýslu í vor og sumar í sambandi við kosningu J. A. J., er bein afleiðing þeirra atburða, er gerðust á Ísafirði í sambandi við alþingiskosningar þar árin 1919 og 1923, og þess, hvernig hið háa Alþingi snerist þá við þeim málum og landsstjórn sú, er þá var við völd og farið hefir með þau nær því fram að þessu.

Um það, sem háttv. þm. sagði um

störf kjörbrjefanefndar, að þau hefðu verið lítil og löðurmannleg, skal jeg ekki deila. En mín vegna var óþarft að fresta þessu máli.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að nokkurt tillit bæri að taka til og fara eftir þeim „praksis", er Alþingi hefði skapað og ávalt hefði verið fylgt í slíkum málum. En það er nú svo, að það er engin „praksis", engin venja til í slíkum málum sem þessum. Þetta er í fyrsta skifti, sem það er vitað þegar Alþingi kemur saman, að glæpir hafa verið framdir í sambandi við kosningu, sem kemur til Alþingis að úrskurða um, hvort tekin skuli gild.

Jeg vona, að slíkt mál sem þetta þurfi aldrei framar að koma fyrir Alþingi, en jeg veit, að það er að mjög miklu leyti undir því komið, hvern úrskurð Alþingi leggur á þetta mál, hvort svo verður eða ekki.

Jeg verð að segja það, að mjer fanst það algerður óþarfi hjá hv. þm. Dal. (SE) að tala lengi um þann atkvæðamun, sem fram hefði komið í kosningunni. Jeg hefi engan heyrt segja annað en að hann hafi verið svo mikill, að engin ástæða sje til að ætla, að ólögleg atkvæði ein hafi skapað hann. En það, sem hjer er um að ræða, er alls ekki það, heldur hitt, hvort atkvæðafals, fjemútur og yfirleitt öll sú ósvinna, sem sannað er, að framin hefir verið í sambandi við kosninguna í N.-Ísafjarðarsýslu, á engu að ráða um það, hvort slík kosning skuli tekin gild, nema því aðeins, að þingmannsefnið sjálft sje valdur að glæpunum, eða hafi sannanlega átt beinan þátt í því að afla sjer meiri hluta með slíkum ráðum. Jeg greiði því hiklaust atkvæði með því, að kosningin sje gerð ógild, því að hitt er sama sem að gefa fölsurum og svikurum undir fótinn.

Hv. 1. þm. Skagf. nefndi fulltrúafundinn í Ögri, sem haldinn var í gær eða fyrradag. Fór hann þar ekki alveg rjett með. Hann sagði, að fundinn hefðu sótt 24 fulltrúar úr 8 hreppum, kosnir á opinberum fundum. Mjer er ekki kunnugt um, að þeir fundir hafi verið opnir fyrir almenning, heldur aðeins fyrir menn innan viss flokks. Jeg skal geta þess, háttv. þd. til fróðleiks, hverjir fulltrúar voru á fundinum fyrir hönd Bolungarvíkur. Þar var fyrst og fremst hreppstjórinn, Kristján Ólafsson, sem stendur talsvert höllum fæti í þessu máli, þar sem hann hefir sjálfur játað, að hann hafi gefið falskt vottorð. Hinn fulltrúinn var Jón Fannberg, aðallautenant fálkaridderans Pjeturs Oddssonar, er upphlaupið varð í Bolungarvík.

Fundurinn í Ögri gerði, þrátt fyrir þetta, eina mjög skynsamlega ályktun. Hann lýsti yfir megnri andstygð sinni á athæfinu í Hnífsdal, sem Íhaldsflokkurinn hefir hingað til verið mjög svo ánægður með. Að minsta kosti hefir hann reynt að færa alt til betri vegar fyrir þeim mönnum, sem grunaðir eru um svikin, en afflytja málstað hinna.

Jeg verð að játa, að jeg fylgdist ekki nákvæmlega með hinni snjöllu tölu hv. þm. Dal. (SE). Hann mun þó hafa sagt eitthvað á þá leið, að armur hegningarlaganna mætti ekki ná lengra en til hinna seku. Jeg held, að það sje óþarfi fyrir háttv. þm. að lýsa þessu svo hátíðlega yfir. Þetta lærðum við í barnalesbókinni, þegar jeg var ungur. Nú vil jeg spyrja hv. þm. Dal.: Heldur hann, að hjer sje verið

að kæra Jón Auðun Jónsson fyrir brot á hegningarlögunum, eða því haldið fram, að kjósendur alment í Norður-Ísafjarðarsýslu sjeu sekir um glæpsamlegt athæfi? Háttv. þm. má vita það, að hegningarlögin skifta sjer ekki af öðrum en þeim, sem grunur er á fallinn. En hitt er annað mál, hvort sjálft Alþingi á að slá því föstu, að alt það, er ekki brýtur beinlínis í bága við hegningarlögin, skuli teljast gott og gilt. Eins og háttv. þm. sagði, er Alþingi dómari í þessu máli, ekki um einstaka menn, heldur um athæfið í heild sinni. Það er hin mesta meinloka, að verið sje að hegna þingmannsefni Norður-Ísfirðinga, enda hefir ekkert það komið fram, er sanni, að hann eigi hegningu skilið.

Undir ræðu hv. 1. þm. Skagf. duttu mjer í hug orð úr Helgakveri, sem jeg lærði í bernsku, á þá leið, að ósiður, sem orðinn sje að drottnandi vana, heiti löstur. Jeg álít, að sá ósiður, að skeyta lítið um fyrirmæli kosningalaganna, hafi tíðkast svo fyrir vestan og verið svo undir fótinn gefið, bæði af stjórn og þingi, að nú sje hann orðinn löstur í fari þess flokks, sem um er að ræða.

Til þess að menn hafi ekki ástæðu til að ætla, að þessi skoðun mín sje gripin úr lausu lofti og orð mín töluð út í bláinn, ætla jeg að rökstyðja þau nokkuð meira.

Það er þá fyrst til að taka, að árið 1919 voru í kjöri í Norður-Ísafjarðarsýslu Magnús Torfason og Jón Auðunn Jónsson. Kosningin var sótt fast og atkvæðamunur var lítill. Á þingi 1920 kemur fram kæra um misfellur á kosningunni, þar á meðal fjeboð og mútur. En Alþingi samþykti óðara að taka gilda kosningu Jóns Auðuns Jónssonar. Þó var sýnd dálítil viðleitni til þess að rannsaka málið. Steindór Gunnlaugsson, fulltrúi í stjórnarráðinu, var sendur vestur, og á rannsókn hans byggir síðan kjörbrjefanefnd Alþingis 1921 skýrslu sína á þskj. 550. Í þeirri skýrslu segir, að nefndin hafi fengið fullar sannanir fyrir því, að Bjarni nokkur Bjarnason hafi boðið mútur og sumpart greitt þær, til framdráttar Jóni A. Jónssyni. Nefndin lýkur skýrslu sinni á þá leið að taka það skýrt fram, að áríðandi sje að rannsaka málið til hlítar.

Jeg skal taka það fram, að þrír af nefndarmönnum skrifuðu undir skýrsluna með fyrirvara. En hann var ekki um efni skýrslunnar, heldur um hitt, að þeim þætti ekki ástæða til þess fyrir Alþingi að skifta sjer frekar af málinu en orðið var. Bjarni frá Vogi og Gunnar Sigurðsson vildu rannsaka málið og láta hina seku sæta ábyrgð gerða sinna, en hinir vildu sem minst skifta sjer af því. Jeg verð að segja, að ekki er unt að gefa þeim skálkum, sem brjóta vilja fyrirmæli kosningalaganna, betri uppörvun í starfi sínu en þáverandi stjórn gerði, með því að verða ekki við áskorunum um að hefja sakamálsrannsókn, þótt fyrir lægi bein sönnun um mútur og fjeboð.

Þá kem jeg að kosningunum 1923, Það mál er mjer mjög skylt og kunnara en öllum hv. þm. Árið 1924 er kært frá 25 kjósendum í Ísafjarðarkaupstað yfir tvennu: Í fyrsta lagi yfir mjög stórvægilegum misfellum á gerðum kjörstjórna, sem allar voru sannaðar. Á þessu var bygð sú krafa, að annaðhvort yrði Haraldur Guðmundsson úrskurðaður þingmaður, eða kosn-

ingin gerð ógild að öðrum kosti. Hinn þáttur kærunnar, sem forðast hefir verið að geta nokkuð um á Alþingi, er enn veigameiri. Hann er um það, að beitt hafi verið óleyfilegum og ólöglegum meðulum. Jeg skal nú drepa á þá formgalla, sem vitað er um.

Tveir kjósendur kjósa hjer í Reykjavík, hjá bæjarfógeta, og atkvæði þeirra eru síðan send vestur. Þeir skrifa ekki undir fylgibrjef, sem eiga að fylgja atkvæðaumslögunum, en þó er vottað af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, að þeir hafi kosið og skrifað undir fylgibrjefin. Undirkjörstjórn tók þetta auðvitað ekki gilt. Síðan senda kjósendur þessir símskeyti vestur þess efnis, að þeir hafi gleymt að skrifa undir fylgibrjefin, en rjett um sama leyti labba þeir upp í barnaskóla og kjósa þar.

Hjón nokkur sendu atkvæði sín vestur, og fylgir þeim vottorð frá fulltrúa bæjarfógetans um, að hjónin hafi kosið þar í skrifstofunni. Nú var vitað fyrir vestan, að þetta var rangt, því að hjónin höfðu aldrei í skrifstofuna komið. Þegar þetta er kært, vottar Páll Jónsson, fulltrúi bæjarfógeta, að hjónin hafi kosið heima. Það sjer hver heilvita maður, að annaðhvort þessara vottorða hlýtur að ljúga. En bæði atkvæðin voru tekin gild. Fyrir kjörstjórn Ísafjarðar lá ekki annað en vottorð frá bæjarfógetanum hjer, en fyrir Alþingi árið eftir lágu bæði vottorðin.

Auk þeirra tveggja kjósenda, sem jeg nefndi áðan, eru enn tveir kjósendur, sem sannað er um, að hafi kosið á tveim stöðum. Jeg hefi því sýnt fram á, að þarna voru 4 atkvæði tvímælalaust ógild. En atkvæðamunur milli Sigurjóns Jónssonar og mín var 1 atkvæði. Ennfremur var atkvæðaseðill, sem á stóð Sigurjónsson Jónsson, tekinn gildur, en annar, sem á stóð Herra Haraldur Guðmundsson, ógildur. Alþingi hafði verið sent að vestan atkvæðaumslag, sem ekki hafði verið tekið gilt af undirkjörstjórninni. Og hvað skeður? 3. kjörbrjefadeild Alþingis opnar umslagið og tekur atkvæðið gilt, Sigurjóni Jónssyni í vil. Þó eru svo ströng ákvæði um leynd atkvæða, að kjósandi er ekki einu sinni skyldugur að segja fyrir rjetti, hvern hann hafi kosið. En umslagið er opnað og frsm. kjörbrjefadeildarinnar, Jón Auðunn Jónsson, lýsir yfir því, að ákveðin kona, Guðrún Halldórsdóttir, hafi kosið Sigurjón Jónsson. Jeg get ekki hugsað mjer öllu hraklegri meðferð á sjálfu sjer en Alþingi framdi með því að láta viðgangast annað eins og þetta.

Það, sem jeg nú hefi talað um, er alt um hinar smærri misfellur á kosningunni í Ísafjarðarkaupstað 1923. Aðrir gallar á þeirri kosningu voru miklu stórkostlegri. Máli mínu til sönnunar ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkurn kafla úr kærunni, sem undirskrifuð var af 25 kjósendum, hinum mestu sómamönnum vestur þar:

„.... Auk alls þess, sem hjer að framan er sagt um misfellur á kosningunum, sem augljóst er, að valdið hafa því, að H. G. eigi fjekk kjörbrjef, er oss kunnugt um, að stór spjöll hafa verið á undirbúningi kosninganna af hálfu fylgismanna S. J. Margháttuð fjeboð og fleiri óleyfileg meðul og ósæmileg háttsemi var notuð honum til framdráttar, og teljum

vjer brýna nauðsyn til bera, að það sje fljótt og skörulega rannsakað til hlítar, einkum þegar þess er gætt, að sami flokkur notaði svipuð meðul við þingkosningar hjer 1919, og að kjörbrjefanefnd Alþingis 1921 lætur svo um mælt á þskj. 550 í tilefni af því: „— — Nefndin telur, að hjer sje svo nærri höggvið síðari málsgrein 114. gr. hinna almennu hegningarlaga, að ástæða sje til, að þetta verði rannsakað til hlítar. ....“ Svo sem kunnugt er, hefir sú rannsókn aldrei verið gerð. Þurfum vjer eigi að benda yður, háa Alþingi, á það, hver voði það er, ef slíkt athæfi er látið óátalið hvað eftir annað, uns það fær fulla hefð á sig. Þá skulum vjer geta þess, að blaðið „Vesturland“ hefir borið það á oss, fylgismenn H. G., að vjer höfum beitt mútum við kosningarnar. Blaðið hefir ekki fengist til að beina þessum aðdróttunum að nokkrum sjerstökum, svo að oss er þess enginn kostur að fá oss hreinsaða af þeim með dómi. Hinsvegar getum vjer ekki unað því að liggja undir þessum áburði, og er oss þá sá einn til, að leita til yðar, til þess að fá fullkomna rannsókn, er megi hrinda af oss þessu ámæli.

Ennfremur viljum vjer geta þess, að af atkvæðum, greiddum utan kjörstaðar (alls 196), fjekk S. J. ca. 45 atkv. meiri hluta, en hinsvegar því nær sama minni hluta úr atkvæðum greiddum á kjörstað. Þykir oss grunsamlegt og meira en það, hvílíkan meiri hluta S. J. fjekk úr þessum fáu atkvæðum, greiddum utan kjörstaðar. Vjer höfum líka orðið þess áskynja, að atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar hefir á ýmsan hátt verið ábótavant, og einkum varðveislu atkvæða og kosningagagna hjá bæjarfógeta. Hann hefir, að gefnu tilefni, skýrt H. G. frá, að hann teldi sjer ekki skylt, enda gæti hann ekki gert skil á atkvæðaumslögum og kosningagögnum, þannig að sjeð yrði, hvort eftirstöðvar þær, sem hann nú hefir, og það, sem notað hefir verið við kosninguna, er jafnt því, sem stjórnarráðið hefir sent honum. En slík skil teljum vjer jafnnauðsynleg af hans hendi eins og af hendi kjörstjórna á kjördegi, til tryggingar því, að kosningagögnin sjeu ekki ranglega notuð.“

Eins og menn sjá, er þess beiðst, að hið háa Alþingi hlutist til um, að hafin sje rannsókn í málinu. En þingið 1924 virðir ekki kæruna svo mikils að vísa henni til kjörbrjefanefndar. Enn síður sá stjórnin ástæðu til þess að verða við tilmælunum um rannsókn. Jeg vil nú leyfa mjer, þar sem þessi gögn eru geymd í skjalasafni Alþingis, að beina því til hæstv. stjórnar, hvort hún sjái sjer ekki fært, þó að langt sje um liðið, að láta rannsaka þau og bera saman við lista um utankjörstaðaratkvæði, sem sennilega eru í fórum undirkjörstjórnarinnar á Ísafirði.

Jeg ætla ekki að tala meira um kosninguna á Ísafirði 1923. En jeg fullyrði, að það er ekki ofmælt, að aðgerðir þings og stjórnar í því máli öllu væru ekki vel til þess fallnar að skjóta skálkum skelk í bringu, en betur til þess að gefa mönnum undir fótinn með það, að þeim sje óhætt að syndga upp á náðina. Mjer virðist ávöxturinn af þessum aðgerðum hafa komið vel og greinilega í ljós nú. Skal jeg nú víkja að kosningunni 1927.

Auk sakamálsins, sem hjer hefir

verið rætt um, urðu á þeirri kosningu margar og miklar misfellur, sem sýna það og sanna, að Norður-Ísfirðingum, sumum hverjum, er annað betur lagið en að fylgja fyrirmælum kosningalaganna.

Tveim hreppum, Grunnavíkurhreppi og Sljettuhreppi, var skift í 3 kjördeildir hvorum, en hvorugur þeirra hafði samið sjerstakar kjörskrár fyrir deildirnar, sem þó er fyrirskipað í lögum. Eitthvert veður virðast þeir menn, sem í kjörstjórn voru, hafa haft af þessu, því að bókun kjörstjórnar í einni deildinni byrjar svo: „Fyrir tekið að semja kjörskrá fyrir deildina."

Í Grunnavíkurhreppi er 3 kjósendum, sem ekki stóðu á kjörskrá, leyft að kjósa. Þar var engin aukakjörskrá samin. Einn kjósandi kaus veikur heima hjá sjer og fjekk til þess aðstoð. Eru þó heimakosningalögin fyrir löngu úr gildi gengin. Þá þarf jeg ekki að fjölyrða um hreppstjórann í Bolungarvík, sem sjálfur ber það fyrir rjetti, að hann hafi aðstoðað tvo kjósendur við atkvæðagreiðsluna, þótt hann áður hafi vottað með undirskrift sinni, að þeir hafi kosið í einrúmi.

Jeg ætla að leyfa mjer að segja hjer eina sögu, sem jeg hefi góðar heimildir fyrir, nefnilega rannsóknardómarann sjálfan. Á bæ einum var háöldruð kona. Húsbóndinn bað hreppstjóra koma og láta konuna kjósa. Hreppstjóri segir, að hann megi ekki fara heim til hennar, en það verður þó úr, að hann sendir þangað kjörgögn. Konan er gömul og skjálfhent og ef til vill ekki skrifandi. Húsbóndinn skrifar fyrir hana, útfyllir vottorðið, sem kjósandinn á að gefa, og skrifar undir það. Síðan útfyllir hann vottorðið, sem hreppstjórinn á að gefa, og skrifar undir það og skrifar að lokum nafn sitt sem vitundarvottur.

Eins og menn sjá, hafa því á kosningunni orðið margar og miklar misfellur. Jeg skal að vísu játa, að ekki er þó ástæða til að ætla, að þær hafi ráðið úrslitum kosninganna.

Um sakamálið er það að segja, að þar sem búið er að taka málið upp sem opinbert mál, álíta kjósendur að sjálfsögðu, að þeir þurfi ekki að kæra yfir því til Alþingis.

Þó að talsvert hafi verið rætt um þennan þátt málsins, þá verð jeg að skýra lítið eitt frá gangi málsins, sjerstaklega vegna þess, að eitt af dagblöðunum, „Morgunblaðið", prentaði með feitu letri nýlega, að Haraldur af Ísafirði væri riðinn við þetta mál.

Jeg ætla það væri hv. 1. þm. Skagf., sem spurði mjög innfjálgur um það, gegnum hvaða hendur þessi fjögur fyrstu atkvæði hefðu gengið, sem kært var yfir á Ísafirði.

Byrjun þessa máls er sú, að fjórir kjósendur, sem kjósa hjá Hálfdáni hreppstjóra, sækja atkvæði sín aftur til hans. Þeir fá pata af því, að ekki sje trygt að eiga þau þarna geymd. Tveir opna umslögin strax heima hjá sjer um kvöldið og sjá þegar, að atkvæðunum hefir verið breytt. En það var orðið áliðið dags og ekki hægt að ná til dómara. Strax klukkan 8 morguninn eftir voru þeir komnir á Ísafjörð og vekja upp Finn Jónsson, frambjóðanda, og koma svo til mín. Það var klukkan að ganga 9 og jeg var ekki kominn á fætur. Við hringdum hið snarasta til bæjarfógeta, en

hann var nú heldur ekki kominn á fætur, svo að ekki var hægt að ná til hans. Við hreyfðum ekki við þessum tveimur umslögum, sem búið var að opna, en jeg sagði við mennina, að þeir færu strax til bæjarfógeta. Þriðji maðurinn sagði, að úr þessu yrði svo mikil rekistefna og vildi ekki fara með umslagið nema sjeð væri, að þess þyrfti. Ef það sýndi sig, að alt væri með feldu í umslaginu, þá vildi hann ekkert vera við riðinn þetta óþokkamál. Af þessu er það gert að opna þetta umslag hans í viðurvist fimm manna.

Þetta er alt, sem jeg hefi komið nærri þessu máli.

Bæjarfógetinn á Ísafirði hóf svo rannsókn í málinu. Jeg veit ekki, af hverju hann hefir verið látinn hætta, en jeg held, að sú rannsókn hans hafi verið af fullri einlægni framkvæmd og að öllu með góðum vilja gerð. Síðan er sendur vestur Steindór Gunnlaugsson fulltrúi í stjórnarráðinu, til þess að rannsaka málið, — sá sami og rannsókn hafði á hendi í mútumálinu 1919. Jeg skal engan dóm á hana leggja, en óneitanlega var hún með dálítið einkennilegum hætti. Hann fangelsaði þá, sem fyrst höfðu kært yfir kosningunni, og kann að vera, að það sje ekkert að segja um það sjerstaklega. En í öðru lagi fær hann vitneskju um, að fimm að þeim mönnum, sem kusu hjá Hálfdáni, telji, að grunur leiki á, að eitthvað hafi verið athugavert við þeirra seðla. Það, sem nú rannsóknardómarinn gerir, er að kalla þessa fimm menn fyrir rjett og láta þá leita að sínum seðlum í bunka heimagreiddra atkvæða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Einn maðurinn tekur þar seðil ekki ólíkan sínum seðli. Annar þykist þekkja þar sinn seðil. Tveir þykjast fyrir víst þekkja sína seðla. Fimta þykir það líkjast sínum seðli.

Þetta telur rannsóknardómarinn nægilegt, telur þá eiga seðlana. En ekki er svo mikil áhersla lögð á að prófa málið, að honum detti í hug að taka sýnishorn af rithönd þessara manna. Þá sleppir hann Hálfdáni og Eggert úr gæsluvarðhaldi og segir á þá leið, að þótt eitthvað yrði kannske haldið áfram rannsókn, þá sje þýðingarlaust að halda þeim lengur í gæsluvarðhaldi. Og þar með lýkur þessari rannsókn.

Þá er þar til máls að taka, er rannsóknardómari sá, sem síðar var skipaður, hóf rannsókn að nýju í málinu. Því hefir verið lýst nokkurn veginn greinilega af hæstv. dómsmrh., hverjum vinsældum hann átti að fagna hjá Íhaldsflokknum, forsprökkum hans og málgögnum svo að segja um land alt. Það er skemst af að segja, að Íhaldsflokkurinn virðist hafa gert þetta að fullkomnu flokksmáli. Öll viðleitni málgagna hans og forkólfa hefir beinst í þá átt að gera rannsóknardómarann tortryggilegan og afflytja hann og rannsókn hans í augum almennings, vekja meðaumkun með sakborningum, með því að flytja ýktar sögur um veikindi og bágar ástæður þeirra og skáldsögur um hrottaskap og fúlmensku rannsóknardómarans. Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að vísa um þetta í einstök blöð. Ýmsir hv. þm. hafa lesið kafla í „Morgunblaðinu“ og „Vesturlandi“, sem sanna þetta. Jeg get ekki varist því að finnast þetta ákaflega grunsamlegt framferði. Mjer hefði fundist ekkert eðlilegra en að

einmitt Íhaldsflokknum í heild sinni, og þá sjerstaklega frambjóðanda hans, Jóni Auðuni Jónssyni, hefði verið það hið mesta áhugamál að fá sem allra fullkomnasta rannsókn í málinu. Að öllum eðlilegum hætti hefði hann átt að óska þess umfram alt, að málið væri krufið svo til mergjar, að fundinn væri sá sannleikur, sem unt væri að finna. En svo undarlega bregður við, að öll viðleitni flokksins í heild og málgagna hans gengur — eins og jeg áðan sagði — í þá átt að gera rannsókn tortryggilega og miklum mun erfiðari en annars hefði verið. — Og út yfir tekur, þegar þingmannsefnið í rjettarhaldinu 11. nóv., í stað þess að svara þeim spurningum, sem settar eru fram blátt áfram, kastar skætingi og aðdróttunum að rannsóknardómara. Jeg veit ekki, hvort jeg á að segja þá sögu, og gæti hún reyndar orðið til fróðleiks í þessu efni. Eftir að búið er að bóka það, sem var upplesið hjer í þinginu, lætur þingmaðurinn þess getið, að í þeim hreppi, sem hann hafi verið staddur í á kjördegi, hafi í öllu verið fylgt bókstaf og fyrirmælum laganna. Þá spyr rannsóknardómari, í hvaða hreppi það hafi verið. Hinn segir: Í Eyrarhreppi, nefnilega þar, sem hinn margnefndi Hálfdán er hreppstjóri. Þá mun rannsóknardómara hafa þótt djarft svarað, því að hann lætur bóka, að þetta sje það ósvífnasta svar, sem hann hafi fengið í allri sinni rjettarrannsókn. Þá mun Jóni Auðuni hafa þótt, sem hann tæki fullmikið upp í sig, því að hann lýsti yfir því, að ummæli hans eigi bara við þann tíma, sem hann var viðstaddur þarna, nefnilega þegar hann hjelt þar þingmálafund og svo á kjördegi meðan kosning fór fram. Þá bókar rannsóknardómari, að framburður þessi sje einskis virði, og get jeg verið honum sammála í því.

Það er í skemstu máli að segja, að telja má niðurstöðuna af rannsókn málsins þá, að auk þeirra fjögurra atkvæða, sem fram komu strax og kært var yfir, hafa fundist fimm seðlar, sem ekki finnast eigendur að og ætla verður, að hafi verið falsaðir. Nú er það einkennilegt, að tveir af þessum seðlum eru með nafni Jóns Auðuns Jónssonar, en þrír með nafni Finns Jónssonar. Jafnframt er það upplýst, að þrír af seðlunum lágu í skrifstofu Hálfdáns og voru teknir þar af bæjarfógeta, en tvo, jafnmarga og nafn Jóns Auðuns stóð á, var búið að senda áður til viðkomandi hreppstjóra. Rithönd þeirra fimm manna, sem um er að ræða og ekki hafa fundið seðla sína, er öll önnur en á seðlum þessum, en eigendur að öllum hinum seðlunum eru fundnir.

Auk alls þessa virðist það þýðingarmikið atriði í þessu máli, hve mikil áhersla var lögð á að fá ísfirska kjósendur til að fara út í Hnífsdal og greiða atkvæði þar. Ekkert liggur eðlilegar við en að þeir færu í skrifstofu bæjarfógeta til að kjósa; en það er sannað með framburði í rjetti, að lögð var áhersla á að fá kjósendur til að kjósa í Hnífsdal; en ekki var reynt að hafa áhrif á það, hvern þeir kysu.

Það virðist svo, sem þessir kosningaóknyttir sjeu farnir að ganga frá kyni til kyns, að þessi löstur, er jeg áðan nefndi, sje kominn í annan lið. Sonur Bjarna, sem varð frægastur

1919, er sannur að því, eftir því sem bókað er hjá rannsóknardómara, að hafa boðið og greitt 25 krónur fyrir atkvæði eins kjósanda.

Jeg get — eins og jeg áður sagði — tekið fram, að þessar margháttuðu brellur, stórar og smáar, við kosningu í Norður-Ísafjarðarsýslu komu mjer á engan hátt á óvart. Jeg bjóst við þeim, áleit fulla ástæðu að búast við þeim, eftir því hvernig tekið hefir verið í þessi mál á undanförnum þingum. Hinu get jeg ekki neitað, að mjer kemur nokkuð á óvart sú niðurstaða, sem allur meiri hluti kjörbrjefanefndar virðist fá í þessu máli, og þó einkum tillögur hennar. Eftir því sem jeg best fæ skilið af því, sem nefndarmenn hafa sagt, hefir alt það, sem þeir hafa rannsakað og fengið upplýsingar um, hnigið í þá átt að sýna, að alvarlegar misfellur og stórkostlegar sakir eru í sambandi við þessa kosningu. Hinu geri jeg ekki ráð fyrir, að kjörbrjefanefnd hafi dottið í hug í upphafi, að nokkuð yrði sannað um það, að frambjóðandi Jón Auðunn Jónsson væri sannanlega riðinn við kosningaglæpina.

Það, sem upplýst hefir verið um það, hver siður er hjá öðrum Norðurlandaþjóðum, virðist mjer ekki hafa mikla þýðingu. En jeg ætla jeg tæki rjett eftir, þegar skeytið var lesið upp, að einmitt í Svíþjóð væri gerður mikill munur á, hvort kosningaglæpur er framinn af einstökum mönnum eða hvort hann er framinn af kjörstjórn sjálfri, sem er talið miklu meira brot.

Nú er þetta mál svo vaxið, að það er einmitt trúnaðarmaður þjóðarinnar, hreppstjórinn, sem grunaður er um fölsun á atkvæðagreiðslu. En störf hreppstjóra eru við atkvæðagreiðslu utan kjörstaða alveg nákvæmlega sama eðlis og kjörstjórna á kjördegi. Því hlýtur það að segja sig sjálft, að þegar grunur liggur á honum um glæp, ber að taka miklu harðar á því en ef um einhvern annan væri að ræða.

Auk þess er upplýst af hæstv. dómsmrh., að í því landi þar sem þingræðið er elst og í föstustum skorðum, er miklum mun harðar á þessu tekið, eins og rjett er og sjálfsagt, að mínum dómi.

Mjer hefir heyrst á mönnum, sem andmæla því að ógilda kosninguna, að þeir beri aðallega tvent fyrir sig. Annað, að ekki sje rjett að hegna þingmannsefninu Jóni Auðuni, og hitt, að með því væru kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu sviftir rjetti sínum og hegningin látin einnig lenda á þeim saklausum.

Að mínu viti er þetta hvorttveggja hin mesta fjarstæða. Hjer er alls ekki um það að ræða að hegna einum eða öðrum. Slíkt er ekki Alþingis. Jeg álít, að af þremur ástæðum eigi að ógilda þessa kosningu. Í fyrsta lagi vegna sóma Alþingis og vegna þess fordæmis, sem það skapar með úrskurði sínum. Með því að ákveða, að kosningaglæpir skuli ekki hafa áhrif á lögmæti kosningar, er gefið undir fótinn hverskonar óreiðu og glæpum við kosningar framvegis. Því að það er vitað til fulls, að aldrei er hægt að sanna nema örlítið brot af því, sem kann að vera framið við slíkar kosningar. Það er tilviljun yfirleitt, að rannsókn fáist í þessum málum, og þó að hún fáist, er aldrei hægt alt að sanna.

Í öðru lagi er þetta siðferðisskylda

gagnvart kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þeir eiga heimting á því, að úr sje skorið á þann hátt, að kosningin geti talist lögleg og óbrjáluð, hvern þingmann þeir skuli hafa.

Í þriðja lagi er það vegna þingmannsefnisins, og myndi jeg leggja mest upp úr því, ef jeg væri frambjóðandi. Hann þarf að fá uppreisn áður hann sest á þingbekk. Og þá uppreisn getur enginn veitt honum nema kjósendur Norður-Ísafjarðarsýslu.

Það er því allra hluta vegna rjettast að lýsa þessa kosningu ógilda og láta kjósa á ný, og það hið bráðasta.

Jón Þorláksson: Ástæðan til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, var nú aðallega sú, að enginn hafði beðið um orðið, en þar sem margir hv. þm. eru fjarstaddir, þá vildi jeg ekki, að atkvgr. færi fram meðan svo stæði.

Annars hafa umr. snúist á þann veg, að það mætti ætla, að formanni Íhaldsflokksins væri eigi algerlega óskylt mál að standa upp til varnar gegn þeim aðdróttunum á hendur þeim flokki, sem komið hafa fram í þessum umræðum, enda er það auðvelt verk.

Hæstv. dómsmrh. (JJ) byrjaði ræðu sína með því að sveipa yfir sig skikkju siðgæðis, vandlætingar og rjettlætis. En sú skikkja fór honum ekki vel. — Hann vísaði á góð fordæmi frá Englandi fyrir því, hvernig bæri að haga sjer í opinberu lífi, og tók rjettilega fram, að Englendingar gættu þess stranglega, að enginn hefði rangt við í leik. Þetta er nú ekki nema rjett, og það er í sjálfu sjer lofsvert að benda á þetta fordæmi. En þegar slíkar bendingar koma frá þessum hæstv. ráðh., þá víkur nokkuð kynlega við, því að allir vita, hve illa honum hefir sjálfum gengið að lifa eftir þessari fögru reglu. Ein afleiðing þessarar reglu Englendinga er sú, að hlutdræg frásögn pólitískra blaða er alls ekki þoluð. Þeir heimta rjetta frásögn blaðanna um pólitíska viðburði, hver sem í hlut á. Á þetta hefir talsvert brostið hjer, og er hæstv. dómsmrh. (JJ) manna best kunnugt um, að svo er, því að það er álit flestra, að enginn hafi gengið lengra en hann í gagnstæða átt. Það tekur sig því óneitanlega illa út, þegar hann af siðferðislegum eða uppeldislegum ástæðum vill ónýta kosningu Jóns A. Jónssonar. Í síðari hluta ræðu sinnar kastaði hann líka af sjer þessari siðferðisskikkju og kom þá fram sem hinn gamli, óhlífni ádeilumaður, sem hann venjulega er.

Hæstv. dómsmrh. sagði meðal annars, að Íhaldsflokkurinn hefði gert það að flokksmáli að standa á móti rannsókn á kosningasvikamálinu í Hnífsdal. Þetta getur hann ekki staðið við. Hjer getur nú verið um tvent að ræða. Annaðhvort á hann við þingflokkinn, eða hann á við þann kjósendahóp á öllu landinu, sem fylgir stefnu flokksins. Sje svo, að hann eigi við það síðara, þá er það nú hálf íslenska þjóðin, sem hefir átt að bindast samtökum til að hindra þessa rannsókn. En eigi hæstv. ráðh. aðeins við þingflokkinn, þá er honum auðvelt að fá vitneskju um, að hann hefir hvorki blandað sjer í þetta mál nje heldur getað það. Flokkurinn hefir alls ekki náð saman síðan kosningasvikin gerðust. Og þó hann hefði get-

að náð saman, þá er jeg viss um, að ekki einn einasti maður úr flokknum hefði á minsta hátt viljað hindra það, að lögmæt rannsókn færi fram í þessu máli. En sje átt við alla íhaldsmenn, eða með öðrum orðum helming þjóðarinnar, sjá allir, að sá áburður er slík fjarstæða, að honum þarf ekki að svara.

Það er nú að vísu svo, að því er ekki hægt að neita, að nokkuð kalt andaði móti rannsóknardómaranum, Halldóri Júlíussyni, þegar hann kom vestur til að taka við rannsókn þessa máls. Jeg hefi ekki kynt mjer neitt sjerstaklega, hvernig á því muni hafa staðið. Má vera, að það hafi stafað af þeirri almennu tilfinningu, að menn eiga yfirleitt bágt með að trúa því, að meðbróðir þeirra, sem þeir í langa tíð hafa ekki þekt að öðru en heiðarlegu og góðu, gerist alt í einu glæpamaður. Þetta getur verið afsökun þess, að þeir hafi gengið feti framar en rjett var og hafi talið rannsókn óþarfa.

Ef nú litið er á það, hversu vel hæstv. dómsmrh. og flokksmönnum hans hafi tekist að fylgja þeirri reglu Englendinga að hafa rjett við í leik, þá verð jeg að segja, að þeim hefir mistekist það hraparlega í þessu máli. Þeir hafa flutt hjer margar og langar frásagnir um kosningar í þessari sýslu bæði nú og áður, en hafa með atkv.-magni varnað þeim eina þingmanni úr andstæðingaflokknum, sem kunnugur er þessum málum og gefið gat upplýsingar í þeim, frá að sitja á þessum fundi. Hví komu þeir ekki með þessar frásagnir á þeim eina fundi, sem Jón A. Jónsson átti sæti hjer? Þá hefði hann getað svarað og leiðrjett hinar einhliða frásagnir, sem sagðar hafa verið af kosningunum að vestan. — Hvort sem það hefir nú verið að yfirlögðu ráði gert eða ekki að bíða með þessar frásagnir, þar til Jón A. Jónsson væri vikinn af þingi, þá hefir þetta nú tekist svona til. Og mjer finst, að það siti illa á þeim að vera að tala um að hafa rjett við í leik og halla hvergi á.

Þetta sama, sem hjer hefi jeg sagt, get jeg nú að mestu líka látið nægja sem svar til hv. þm. Ísaf. (HG). Það er enginn í okkar hópi, sem hefir nægan kunnugleika til að mótmæla sögum hans að þessu sinni. Þetta vil jeg að komi fram í þingtíðindunum, svo þeir, sem síðar kynnu að vitna í það, að frásögn hans um þetta mál standi óhrakin, sjái, af hvaða ástæðu það er, og taki skýrslu hans ekki gilda þess vegna að órannsökuðu máli. Jeg hefi tekið þá stefnu í þessu máli, að bíða rólegur þess dóms, sem í því verður feldur, og hefi því ekki hirt um að kynna mjer það neitt sjerstaklega. Jeg skal því heldur ekki fara mörgum orðum um það. Aðeins minnast á tvö atriði, sem dregin hafa verið inn í þetta mál, annað af hæstv. dómsmrh. og hitt af hv. þm. Ísaf.

Það kom fram við þessa rannsókn, að tveir borgarar þar vestra, karl og kona, sem leidd voru sem vitni í málinu, þorðu í fyrstu ekki að segja satt og rjett frá. Það var mjög óheppilegt, að þetta skyldi koma fyrir. En það bendir þó á það, hversu varlega þurfi að fara í yfirheyrslum við svona fáfrótt en heiðvirt fólk, sem ekki vill spilla fyrir þeim með framburði sínum, er það veit saklausan, ef sannleikurinn á að koma í ljós. Rjett er að geta þess,

rannsóknardómaranum til lofs, að hann fjekk þennan framburð leiðrjettan, svo sannleikurinn kom í ljós. Vonandi er, að svo hafi einnig tekist við önnur vitni í málinu, að framburður þeirra af þessari eða öðrum ástæðum hafi eigi orðið rangur.

Þetta sýnir, hversu mikla varúð og lagni þarf að viðhafa í rannsókn, þegar heiðvirt en lítilsigld og kjarklítið fólk á í hlut, svo rjett niðurstaða fáist.

Hitt atriðið var það, sem mjer heyrðist hv. þm. Ísaf. (HG) segja, þótt jeg eigi nú reyndar bágt með að trúa því, að hann hafi sagt það, eða að það sje satt. En mjer heyrðist hann nú segja það. En það var, að þegar Jón A. Jónsson svaraði rannsóknardómaranum sem vitni upp á spurningu rannsóknardómarans, hvar hann hefði verið staddur á kjördegi, að hann hefði verið staddur í Hnífsdal og að þar hefði alt farið rjett fram. Þá hefði rannsóknardómarinn átt að segja, að þetta væri það ósvífnasta svar, sem hann hefði fengið fyrir rjetti. Þetta er ótrúlegt, og jeg get varla trúað því, að það sje rjett. En jeg hefi engin rök, sem hrekja, að það sje rjett. En sje þetta svo, þá finst mjer rjettvísinni ekki hafa tekist svo vel að halda uppi virðingu sinni þarna sem vera ber. Gæti þetta gefið tilefni til að skilja betur mótstöðuna þar vestra. En það er í sjálfu sjer nærri óhugsandi, að svona skætingssvar komi frá dómara, sem situr þar sem fyrirsvari sjálfrar rjettvísinnar í landinu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta svo kallaða Hnífsdalsmál, en aðeins víkja lítillega að því máli, sem hjer liggur fyrir, kosningunni í Norður-Ísafjarðarsýslu. — Jeg get látið ánægju mína í ljós yfir niðurstöðu meiri hluta háttv. kjörbrjefanefndar, þeirri niðurstöðu, sem jeg hafði komist að þegar í upphafi þings, að það ætti að ráða úrslitum þessa máls, að Jón A. Jónsson hefir fengið alveg ótvíræðan, löglega greiddan meiri hluta atkvæða í kjördæminu við kosninguna. Og þótt greinilegt þyki, að glæpur hafi verið framinn í sambandi við kosninguna, þá er þm. sjálfur alveg hreinn af því máli. Mjer kom því ekkert óvart, þótt Framsóknarmennirnir í nefndinni kæmust af þessari niðurstöðu, því hún er í samræmi við lög landsins og þá venju, að sá sje talinn löglega kosinn, sem fengið hefir ótvíræðan meiri hluta löglega greiddra atkvæða. Þessi regla er ein af máttarstoðum þjóðskipulagsins. Og ef Alþingi færi að byggja á öðru, þá væri ráðist á einn hornstein þess þjóðskipulags, sem vjer nú búum við. Hitt get jeg ætlað, að engum komi á óvart, þótt þeir menn, sem hafa það á stefnuskrá sinni að rífa það þjóðfjelagsskipulag niður, sem nú er, vilji gjarnan brjóta þessa stoð sem aðrar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. (MG) óskaði eftir, að sjer yrði ekki svarað til muna meðan hann væri fjarverandi. Hann byrjaði ræðu sína með því að gera gys að þeim tveim Framsóknarmönnum, sem hafa fylgt honum að málum í því að vilja taka kosninguna gilda, en álíta hana þó tæpa. Þeir áfellast mjög engu að síður, auk fölsunarinnar, ýms atvik, er að máli þessu lúta. En Íhaldið hefir yfirleitt altaf lýst velþóknun sinni á öllu saman þangað til nú í dag, að skeytið kom frá Ögri um, að íhalds-

menn í Norður-Ísafjarðarsýslu finna, að þeir geta ekki lengur afsakað svikin. Þá þótti háttv. 1. þm. Skagf. það furðulegt að taka upp á því að síma út um allar álfur, til þess að fá vitneskju um, hvernig stærri þjóðir fara að í slíkum málum sem þessu. En eins og jeg hafði áður bent á, hefir Alþingi hingað til ekki þurft á því að halda að fella dómsúrskurði í fölsunarmálum, en þau koma, því miður, ekki ósjaldan fyrir erlendis.

Þá talaði háttv. þm. Dal. (SE) með miklum fjálgleik um „Frelsisherinn" sinn, þennan mikla og stóra flokk, er mundi mylja alt undir sínum hæl. Þá var háttv. þm. stór og mælskur. Annars hjelt jeg, að hann væri búinn að segja þetta nógu oft, bæði í blaði sínu og á fundum, og hann þyrfti því ekki að koma þessu þrotlausa gorti að hjer.

Það er næstum broslegt að heyra þennan háttv. þm. tala eins og hann einn hafi þjóðarviljann að baki sjer, eins og enginn annar en hann hafi umboð fyrir „þessa" þjóð. Það verður enn broslegra, þegar litið er á það, að þessi maður hefir fallið tvisvar við kosningar nú alveg nýlega, þó að hann loks skriði inn með litlum meiri hluta í einu minsta kjördæmi landsins. Ennfremur fjellu allir liðsmenn hans og samherjar. Og svo kemur hann hjer fram mjög hátíðlegur og reynir að breiða verndarvæng „frelsishersins" yfir fölsunina í Hnífsdal. Því að fölsunin er *sönnuð*. Það er sannað, að stórkostlegur glæpur hefir verið framinn í sambandi við þessa umræddu kosningu, og það eru altaf að sannast nýjar falsanir í þessu máli. Í gær sannaðist alveg ný fölsun í Hnífsdalsmálinu, og margt bendir á, að það muni bráðlega sýna sig, að enn sjeu ekki öll kurl komin til grafar.

Háttv. þm. (SE) getur því tæplega vænst þess, að þeir, sem vita þetta, geti beinlínis með hrifningu litið á þann flýti, sem hann hefir óskað eftir í þessu máli. Háttv. þm. (SE) virðist frá upphafi hafa verið ánægður með kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu og ekki hafa talið neina þörf á að athuga hana sjerstaklega. Þá talaði sami háttv. þm. um það, að ekki kæmi til mála að ónýta þessa kosningu, vegna þess, að ekkert fordæmi væri fyrir slíku, þegar um svo mikinn meiri hluta löglegra atkvæða væri að ræða, að fölsunin gæti engu valdið um úrslitin, og er þá rjett að líta á rjettlæti og óskeikulleik hv. þm. í slíkum málum.

Hvernig var það í Vestur-Ísafjarðarsýslu, þegar Kristinn Daníelsson, sem var kosinn með talsverðum meiri hluta, var sendur heim, aðeins vegna lítilfjörlegra formgalla, þó að vilji kjósenda væri ekki á nokkurn hátt tvíræður, en hinn frambjóðandinn, Matthías Ólafsson, sem hafði miklu færri atkv., var tekinn inn í þingið?

Jeg hygg, að þetta hafi verið í tíð hv. þm. Dal. (SE) á þingi og að hann hafi goldið því jákvæði, að minnihlutamaður, sem var nákomnum venslamönnum hans á þingi velþóknanlegur, var tekinn inn í stað þess, er hafði sannanlega að baki sjer meirihlutafylgi kjósenda. Jeg segi þetta líka til hv. 3. landsk. (JÞ), af því að það var hans flokkur, sem stóð á bak við Matthías Ólafsson. Jeg vildi beina því til hans, hvort ekki mætti með meiri rjetti nú ónýta kosningu JAJ en þá var ónýtt kosning Kristins Daníelssonar. En hann var sendur heim af flokks-

bræðrum hv. 3. landsk. Samt var þá ekkert talað um ofbeldi af Morgunblaðsmönnum þess tíma.

Hv. 3. landsk. var með dylgjur um það, að jeg hefði farið með ósannindi. Jeg hafði rakið málið eins og það lá fyrir og í einu og öllu skýrt rjett frá, en hann kom hjer aðeins með órökstuddar dylgjur út í loftið. Jeg gæti eins sagt um hann, að hann, til dæmis, seldi of dýrt sement. Það hefir komið fyrir, að Íhaldsmenn hafa sagt það, að jeg hafi sagt ósatt, en þeir hafa aldrei sannað það. Þess vegna eru fúkyrði þessara manna fyrir löngu dæmd dauð og ómerk af hæstarjetti almenningsálitsins í landinu. Og það er furðulegt að heyra slíkar ásakanir úr þessari átt og frá þessum manni, að hann skuli leyfa sjer að bera mig brigslum, mig, sem hefi tekið við spillingarfjósi fyrverandi stjórnar ómokuðu og átt nokkurn þátt í, að það hefir verið mokað. Slíkum aðdróttunum verð jeg algerlega að vísa heim til föðurhúsanna, þangað sem þær eiga heima. Það er líka fullkomið blygðunarleysi af formanni fyrverandi stjórnar og Íhaldsflokksins, er nú stendur orðlaus gagnvart öllum þeim þungu sakargiftum, sem bornar hafa verið á hann og hans flokk, að hann skuli leyfa sjer að áfella saklausa menn. En þessi frammistaða þessara tveggja fyrverandi ráðherra er alveg á borð við gerðir fyrverandi stjórnar í málinu sjálfu.

Jeg vildi spyrja hv. 1. þm. Skagf. (MG), hvernig stóð á því, að bæjarfógetinn á Ísafirði hætti sinni rannsókn svo fljótt í vor sem leið. Það er ekki trúlegt, en það er sagt fyrir vestan, að þrýst hafi verið á hann af fyrverandi stjórn. Jeg vil ekki trúa því, að svo hafi verið, en það er einkennilegt, að hætt skyldi við þá rannsókn, sem virtist vera á rjettri leið, og síðan sendur ungur og lítt reyndur maður hjeðan í stað bæjarfógetans. Jeg vil ennfremur spyrja, hvers vegna svo langur tími var látinn líða frá því, að glæpurinn var framinn og þangað til rannsókn var hafin af hinum aðsenda manni.

Þá vildi hv. 3. landsk. halda því fram, að engin flokkssamþykt hefði verið fyrir mótþróanum og andúðinni gegn rannsókninni vestra og Halldóri Júlíussyni. Hann játaði þó, að það hefði andað kalt til rannsóknardómarans, en slær því svo fram, að menn hafi ekki viljað trúa því, að glæpur hefði verið framinn. Hann hefði líka getað sagt eins og Morgunblaðið, að sjómennirnir hefðu eins getað hafa framið fölsunina. En það varð enginn úlfaþytur þá, er þeir voru fangelsaðir af sendimanni Íhaldsstjórnarinnar. Sú fangelsun reyndist síðar óþörf, en er samt afsakanleg. Fyrirfram er ekki hægt að sjá í glæpamáli, hverjir eru sekir.

Síðar greip hv. þm. (JÞ) til þess ráðs að reyna að ófrægja rannsóknardómarann, Halldór Júlíusson sýslumann, hjer í þingsalnum og kasta hnútum að honum fyrir það, að hann hefði ávítað Jón Auðun Jónsson mjög kröftuglega fyrir rjetti. Hann gerir sem sje ráð fyrir, að það líðist að skrökva upp á rannsóknardómarann, setja óhróður um hann í Vesturland og Morgunblaðið, gera aðsúg að honum og hindra hann á allan hátt í að framkvæma starf sitt. Þetta á víst alt

að vera leyfilegt, ef sökudólgarnir eru flokksbræður þingmannsins. Hann gerir ennfremur ráð fyrir, að ósvinnu Jóns Auðuns fyrir rjettinum sje tekið með þögn og þolinmæði, einungis af því að hann er íhaldsmaður. Nei, háttv. þm. (JÞ) fellur hjer á sjálfs sín bragði. Játning hans um andúðina til rannsóknardómarans, og jafnframt andúðina gegn rannsókninni sjálfri, og tilraun hans til að ófrægja rannsóknardómarann hjer í þingsalnum sýnir best varnarleysi Íhaldsins og aðstöðu þess í þessu alvarlega máli. Það stendur, því miður fyrir Ísland, enn óhrakið, að flest líffæri „Íhaldsins" eru búin að vinna til sektar í þessu máli. Það byrjar með hinum „kalda anda" og hótunum um ofbeldi gegn rannsóknardómaranum, sem aldrei hafði komið til Ísafjarðar fyr og sem Íhaldið hafði fáum vikum áður beðið að vera frambjóðanda sinn í Strandasýslu móti núverandi hæstv. forsrh. (TrÞ). Alt þetta er ekki annað en hræðsla við rannsóknina, hræðsla við sannleikann, ef hann yrði leiddur í ljós, — og á hvað bendir þessi hræðsla? Hún bendir ótvírætt á sektarmeðvitund Íhaldsins í þessu máli. Sama er að segja um hina skipulagsbundnu uppreisn í Bolungarvík, framkomu Vesturlands, Morgunblaðsins og allra Íhaldsblaðanna, og yfirleitt alla framkomu Íhaldsins gagnvart þeim manni, sem ekkert hafði til saka unnið annað en að hafa tekið að sjer að rannsaka erfitt glæpamál, og virðist ljúka því svo, að það sje til sæmdar fyrir sýslumannastjett landsins. En nú loks er komið svo, að fundur stuðningsmanna Jóns Auðuns byrjar skeyti sitt til Alþingis á því að lýsa andstygð sinni á glæpahlið Hnífsdalsmálsins. Þetta hefir þó áunnist. En Íhaldið getur ekki þvegið af sjer þann blett, sem það hefir sett á sig með því að hafa gert þetta sakamál að einskonar flokksmáli, því það hefir það gert, og nú síðast á þingi með beinni flokkssamþykt, þegar það greiddi óskift atkvæði með því að taka kosninguna strax gilda athugunarlaust og athugasemdarlaust, og það þrátt fyrir það, að einmitt nú þessa dagana eru að koma upp og sannast nýjar falsanir, undir handarjaðri þingmannsefnisins (JAJ), þó að þær snerti ekki hann sjálfan. Því hefir heldur ekki verið mótmælt, að beitt hafi verið af hálfu Íhaldsins gagn rannsókninni bæði þvermóðsku, reiðiyrðum, hótunum, röngum staðhæfingum og lognum frjettaburði, og þó að það hafi ekki haft nein áhrif, þá er það ekki þeim að þakka, er ósvinnuna fremja. Þeir vildu á allan hátt hindra rannsóknina, en ástæðan var ekki önnur en hin sama móðurtilfinning og lýst er í biblíunni á einum stað, sem jeg býst við, að allir háttv. þm. kannist við. Það er í frásögninni um Salómon konung og konurnar tvær, sem deildu um barnið. Salómon skipaði svo fyrir, að hluta skyldi barnið sundur á milli þeirra. Hann gerði ráð fyrir, að móðirin mundi þá segja til sín, þegar til alvörunnar kæmi, og það fór líka svo, móðirin sagði til sín. — Móðirin hefir líka sagt til sín í Hnífsdalsmálinu, — Íhaldið hefir fundið, að falsararnir eru því nokkuð nákomnir.

Íhaldið hefir barist fyrir því af alefli að hindra framgang rannsóknarinnar, en hitt er annað, að þegar dómur er fallinn og ef til þess kemur, sem nálega má telja sannað, að einhver ákveðinn Íhaldsmaður eða Íhalds-

menn verði dæmdir, þá mun honum eða þeim gefinn „reisupassi“ Sölva Helgasonar, eins og Morgunblaðið gaf nýlega einum Íhaldsmanni, sem hafði verið æstur upp af flokknum til að sýna ólöghlýðni, en síðan spottaður, er hann stóð einn í neyð og vansæmd. Þá talaði háttv. þm. (JÞ) um „fair play“, og skal jeg virða honum það til vorkunnar, að jeg býst við, að hann sje ókunnugur ensku lífi og viti því ekki vel, hvað það þýðir. Jeg skildi hann svo, að hugsun hans væri sú, að ef til dæmis íþróttamaður, sem hefir verið barinn af keppinaut sínum, legst niður og biður þann fyrirgefningar, sem barði hann, þá sje það „fair play“. Nei, Englendingar eru ekki lyddur og ofbeldismaðurinn er þar beygður undir hinu sterka almenningsáliti. Jeg er líka viss um, að Íhaldsmenn á Englandi mundu aldrei ganga svo langt, til dæmis, að hlaupa upp til handa og fóta og birta mynd af manni, sem hefði unnið sjer það eitt til ágætis að gera sig sekan í sjerstakri vitleysu, uppreisn og ofbeldi, eins og raun ber vitni um að því er snertir fálkariddarann Pjetur Oddsson í Bolungarvík. En jeg skal segja hv. 3. landsk., hvað *hans* Íhaldsmenn skilja lítið „fair play“, eða lifa lítið eftir þeirri reglu. Daginn eftir að búið var að setja kosningu Jóns Auðuns til rannsóknar í kjörbrjefanefnd, kom einn Íhaldsmaður á fund í nefnd, sem jeg er í, og sagði: „Við skulum hefna þess síðar, sem þið hafið nú gert.“ Þetta er ekki „fair play“, að heimta hefnd fyrir það, að rjettlætið sje látið ná framgangi.

Þá var hv. þm. (JÞ) að kvarta um það, að ekki væri hægt að njóta kunnugleika Jóns Auðuns í Norður-Ísafjarðarsýslu við umr. hjer í kvöld. Jeg vil aðeins segja það, að ekki átti hv. þm. Ísaf. (HG) þess kost að tala hjer í deildinni árið 1923, og ekki var um það kvartað af hálfu Íhaldsflokksins. Því er nú svo varið, að það er ekki hægt; við gætum þá alveg eins haft Hálfdán frá Hnífsdal hjer á fundi, en eins og formin eru á Alþingi, er það jafnómögulegt eins og að Jón Auðunn tali hjer í kvöld.

Þá var hv. 3. landsk. að tala um yfirheyrslurnar í Bolungarvík á þá leið, að rannsóknardómarinn hefði jafnvel kent mönnum að falsa. Jeg skal mjög bráðlega gera ráðstafanir til, að birt verði á prenti eiginhandarvottorð þessara tveggja kjósenda, sem byrjuðu á að skrökva fyrir rjetti, í þeim tilgangi að bægja sök frá hreppstjóranum, Kristjáni Ólafssyni. Þau segja bæði, að þau hafi fyrst neitað að hafa þegið aðstoð, vegna þess að þau hafi haldið, að það skaðaði hreppstjórann minna, en segjast síðan hafa breytt framburði sínum, eftir að þeim hafði verið bent á það, að það kæmi honum betur, að þau segðu satt en ósatt.

En sem sagt, þetta er í raun og veru lítið atriði í málinu, en það sýnir, í hve röngu ljósi formaður Íhaldsflokksins sjer þessa atburði, og ennfremur hitt, hversu fólkið er algerlega á valdi „matadoranna“ í Bolungarvík, er það hikar ekki við að segja ósatt fyrir rjetti, ef það hyggur, að það komi þeim betur en sannleikurinn.

Ólafur Thors: Mjer hefir frá upp-

hafi verið ljóst, hver er kjarni þessa máls, og hafa umr. í dag sannað mjer, að skoðun sú, er jeg í fyrstu myndaði mjer, var algerlega rjett.

Stjórnarliðar hafa gert dag þennan að nokkurskonar tyllidegi sínum, sem þeir nota til þess að svala lund sinni og eðli. Þá hefir hæstv. dómsmrh. (J-J) notað tækifærið til þess að gerast dómari í máli þessu og kveður upp þann ómilda dóm, að Íhaldsflokkurinn, sem er mikill hluti hinnar íslensku þjóðar, sje samfeld heild, sem vilji slá skjaldborg um þá, sem drýgja svik og glæpi. Svo langt gengur hann, að á undan sjálfum rannsóknardómaranum kveður hann upp dóminn um þá, sem grunaðir eru um svik í Hnífsdalsmálinu, og mun þurfa víða að leita til þess að finna slík afrek af hendi nokkurs dómsmálaráðherra.

Um það eru allir sammála, sem frá mínu sjónarmiði er kjarni málsins, að óhugsandi sje, að brögð þau, sem hjer voru höfð í frammi, geti á nokkurn hátt breytt úrslitum kosninganna. Mjer finst því sjálfsagt, að Alþingi samþykki kosninguna. Það er ennfremur upplýst, að sjálfur rannsóknardómarinn álítur engan grun geta fallið á J. A. J., að hann sje við riðinn hið glæpsamlega athæfi, og fyrst málið er einu sinni komið í hendur dómara, mega hinir grunuðu vænta þess að fá sinn dóm, ef þeir eru sekir. Mjer er því ljóst, að Alþingi hlýtur að samþykkja kosninguna, því að ef ráði hæstv. dómsmrh. væri fylgt í þessu máli, væri það hið sama og að bjóða heim svikum og brögðum við allar kosningar. Forsendur hæstv. dómsmrh. eru þessar: Í fyrsta lagi, að á því eru engin tvímæli, að svikin geta ekki breytt úrslitum kosninganna. Í öðru lagi, að ef til nýrra kosninga kæmi, yrði sami þm. kosinn. En svo segir hæstv. ráðherra: Vegna þess að brögð hafa verið höfð í frammi, ber að ónýta kosninguna án hliðsjónar til þessa.

Verði þessari till. fylgt, mun hjer upp renna ný öld svika og pretta í kosningum.

Við skulum til dæmis gera ráð fyrir, að fram eigi að fara kosningar um land alt. Nú er það alþjóð vitanlegt, að í þrem kjördæmum á Íhaldsflokkurinn vísan sigur. Í þessum kjördæmum eru 3—4 flokksbræður hæstv. dómsmrh., sem taka sig saman um að stofna til kosningabrellna. Skömmu fyrir kosningar láta þeir þann orðróm út ganga, að þeir þurfi að hverfa burt úr hjeraði áður en kosningar fari fram. Snúa þeir sjer til hreppstjóra til þess að kjósa. En áður en svo langt er komið, fara þeir til einhvers flokksbræðra sinna og biðja hann að gera sjer þann greiða að skrifa nafn á dálítinn seðil, sem þeir hafa meðferðis.

Seðillinn er eins og þeir seðlar, sem hreppstjóri notar við heimakosningar, en nafnið, sem þeir fá skrifað á hann, er nafn frambjóðanda Íhaldsflokksins, en ekki Framsóknarflokksins. Að svo búnu fara þeir til hreppstjóra til þess að kjósa, og hreppstjóri, sem á sjer einskis ills von, gætir ekki þeirrar varúðar að hafa gát á þeim á meðan þeir kjósa, og þá skifta þeir um miða. Síðan afhenda þeir hreppstjóra atkv. (**Dómsmrh. JJ:** En hvað þm. er lærður í svikunum!). Jeg hefi hæstv. dómsmrh. fyrir sessunaut, og það segir gamalt máltæki, að því læri börnin málið, að það er fyrir þeim haft. Að nokkrum dögum liðnum koma þeir

aftur á fund hreppstjóra og óska þess að fá atkv. afhent. Hreppstjóri, sem grunar þá ekki um græsku, verður við þessari bón þeirra og fær þeim í hendur atkvæðaseðlana. Menn þessir fara síðan með atkv. á fund merkra manna — ef til vill dómsmrh. sjálfs — og opna þau þar í viðurvist þeirra. Og viti menn, á atkvæðaseðlunum stendur ekki nafn Framsóknarframbjóðandans, heldur Íhaldsframbjóðanda. Þeir fara þá með atkv. til yfirvalds og bera fram kæru og málið hefir sinn eðlilega gang, eins og Hnífsdalsmálið, og er fengið í hendur rannsóknardómara. Það sannast, að svik hafa verið í tafli, á seðlinum er annað nafn en það, sem almenningur býst við, að kjósandi hafi skrifað. Ekki er það heldur rithönd hans, en það er heldur ekki rithönd hreppstjóra. Svona er málinu komið, þegar Alþingi kemur saman.

Við skulum hugsa okkur, að atburðir þessir hafi ekki gerst aðeins í einu kjördæmi, heldur þremur, og að þegar Alþingi kemur saman, sjeu hlutföllin þannig, að Íhaldsflokkurinn hafi 22 atkv., en andstæðingarnir 20. Væri svo reglu hæstv. dómsmrh. fylgt, yrði þessum þrem þm. vísað heim, sem hafa verið rjettilega kosnir, en svik verið höfð í frammi við kosninguna. Ef þessi regla væri ekki orðin að lögum, mundi Íhaldsflokkurinn mynda stjórn, en eftir að þessir 3 þm. hafa verið sendir heim, eru það andstæðingarnir, sem taka það að sjer og mynda stjórn með 23 atkv. gegn 19, því samkv. uppástungu hæstv. dómsmrh. á ekki einungis að ónýta kosningu þessara þriggja manna, heldur eiga andstæðingarnir að hljóta kosningu í þeirra stað. En jafnvel þótt ný kosning ætti fram að fara, má benda á það, að stjórnin hefir það á valdi sínu að rjúfa þingið. Og annað eins gæti hugsast og það, að dómsmrh. vildi nota sjer kosningasvikin til þess að rjúfa þingið og reyna á þann hátt, með nýjum kosningum, að ná löglegum en órjettlátum meiri hluta.

En finst nú ekki mönnum, að svikurunum sje gert fullhátt undir höfði, ef hin óviturlega uppástunga hæstv. dómsmrh. yrði að lögum og gæti á þennan hátt orðið þess valdandi, að ný stjórn gæti setið að völdum í mörg ár. Með þessari till. eru ekki tök fyrir hæstv. dómsmrh. að reyna að koma fram hefndum við Íhaldsflokkinn; til þess verður hann að bera fram eitthvað viturlegra, svo að hans eigin flokksmenn geti þó aðhylst það.

Áður en jeg vík að síðustu ræðu hæstv. dómsmrh. vil jeg beina nokkrum orðum að hv. þm. Ísaf. (HG). Þessi þm. skýrði frá því, að kosningasvikin í Hnífsdal síðastliðið sumar væru ekki annað en eðlileg uppskera sáningar undanfarandi ára. Árið 1919 hafi verið framin stórfeld kosningasvik á þessum slóðum, en þó látið óhegnt. En árið 1923 hafi það farið fram í sambandi við kosningarnar vestra, sem að áliti hv. þm. og hæstv. dómsmrh. er ennþá glæpsamlegra en það, sem grunur leikur á, að fram hafi farið við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu í sumar. (**HG:** Jeg sagði glæpsamlegra en svikin 1919). Jeg vil gera hv. þm. það til geðs að láta dómsmrh. einan um þessa ályktun. En hv. þm. lýsti því með mörgum sterkum orðum, hvílík ósköp þá hafi verið á ferðinni. Einnig færði hann fram langa og ítarlega kæru frá ýmsum

borgurum Ísafjarðarkaupstaðar, sem kæra þessa kosningu. Er þar margt sagt, meðal annars það, að kjörstjórnin hafi þá leyft sjer að taka ólögleg atkv. gild, en aftur á móti dæmt löggleg atkv. ógild.

Jeg verð að játa, að jeg er ekki sá mælskumaður, að jeg geti lýst þessu eins vel og hv. þm., enda er slíkt óþarfi, því að menn munu muna eftir ræðu hv. þm. í dag, sem var bæði löng og röggsamlega flutt.

Nú krefst þessi hv. þm. þess, að kosningin í N.-Ísafjarðarsýslu verði gerð ógild, ekki vegna þess, að brögðin geti breytt úrslitum kosninganna, heldur vegna þess, að svik hafi verið framin, og þeim beri að hegna með því að senda þm. heim aftur. Eftir að hafa bent á þetta, vil jeg, með leyfi forseta, lesa hjer upp aðalkröfuna, sem borgarar Ísafjarðarkaupstaðar bera fram í kæru sinni, út af umræddri kosningu á Ísafirði 1923. Hún er á þessa leið:

„Fyrir því leyfum vjer oss að krefjast þess, að þjer, háa Alþingi, ógildið kosningu og kjörbrjef Sigurjóns Jónssonar og úrskurðið Harald Guðmundsson, samkvæmt gerðabókum kjörstjórna og þessum upplýsingum, rjettkjörinn þingmann fyrir Ísafjarðarkaupstað."

Nú vil jeg biðja menn að athuga, að þm. gerir hvorttveggja, að kæra sviksamlega kosningu og biðja þess, að kosning sje tekin gild. — Árið 1923 var það í hans eiginn hag, að kosningin væri tekin gild á þann hátt, er hann vill vera láta. Nú er það andstæðingunum til miska, að kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu sje gerð ógild.

Ef þetta er ekki hræsni og yfirdrepskapur, þá veit jeg ekki, hvaða dóm menn vilja leggja á slíkt. Þá bað hann þess, að sjer yrðu talin fá vafaatkvæði, til þess að hann flyti inn á þing, en nú er það staðreynd, að löglegu atkvæðin eru nógu mörg til þess að kosningin verði rjett.

Hæstv. dómsmrh. þykir það furðu sæta, að menn skuli hneykslast á því, að hann nefni „fair play", og þykir skorta sannanir fyrir þessari skoðun manna. Margra ára blaðamenska hæstv. dómsmrh. er óslitin sönnun þess, að hann ætti aldrei að nefna það orð framar. Mætti æra óstöðugan að nefna $^1/_{100}$ hluta af þeim dæmum, er þetta mundu sanna, og nægir að rifja upp eitt þessara dæma fyrir þingheimi.

Á Alþingi í fyrra kom fram beiðni frá Landsbankanum um að veita ríkisstjórninni heimild til að ábyrgjast lán, sem bankinn ætlaði að taka erlendis. Lán þetta, sem var að upphæð 9 milj. kr., var hlaupareikningslán, sem bankinn ætlaði að nota til bjargar atvinnuvegum landsins, eftir því sem þörf væri á.

Þetta fekst, og nú leið að kosningum. Fyrir kosningarnar skýrði dómsmrh. kjósendum frá því í „Tímanum", að Íhaldsstjórnin væri búin að sökkva landinu í botnlausar skuldir. Síðasta afrek þeirra Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Guðmundssonar hafi verið það að taka 9 miljón kr. lán, svo að nú sje nýr skuldabaggi lagður á herðar hvers mannsbarns á landinu, jafnt á ungbarnið í vöggu sem karlægt gamalmennið, og nemi sá baggi 90 kr. Til þess að ljetta af þessu skuldaoki verði svo þjóðin að þræla kynslóð eftir kynslóð. — Er þetta „fair play?"

Við skulum hugsa okkur kjósanda, sem hafi tilhneigingu til þess að fylgja

Íhaldsflokknum að málum. Rjett fyrir kosningarnar fær hann fregnina um þennan nýja skuldabagga, sem búið er að leggja á herðar barna hans og aldraðra foreldra, og fyllist andstygð á framferði Íhaldsins. **(Dómsmrh. JJ:** Það voru allir fullir andstygðar á Íhaldinu áður). Íhaldið fjekk þó 5000 atkvæði umfram Framsókn við síðustu kosningar. Og í reiði sinni gengur hann að kjörborðinu og kýs Framsóknarmann. Eftir kosningar frjettir þessi sami kjósandi hið sanna í þessu máli, að fje þetta sje bankalán, sem nota eigi til viðreisnar atvinnuvegum landsins og sem lántakanda beri að greiða, og að af þessu fje hafi aðeins verið notuð 1 milj. 5 mánuðum síðar frjettir hann, að þessi 1 milj. hafi verið endurgreidd. Hann sjer, að hjer á hann engan hlut að máli og harmar mjög að hafa lagt trúnað á orð Jónasar frá Hriflu.

Nú vil jeg spyrja: Er þetta atkvæði ófalsað, og ef það er falsað, — hver hefir þá gert það?

Það eru til verri atkvæðafalsarar en í Hnífsdal; það eru þeir, sem falsa atkvæði svo hundruðum eða jafnvel þúsundum skiftir með því að villa þjóðinni sýn með skrifum sínum. Slíkir atkvæðafalsana-heildsalar ættu að horfa með miskunnsemi á hina ógæfusömu menn í Hnífsdal og segja um leið og þeir dæma þá: „Guði sje lof, að jeg slapp."

Hæstv. dómsmrh. vill skerpa lögin og hegna stranglega fyrir atkvæðafölsun. Til þess býð jeg honum aðstoð mína og samvinnu, en skora á hann að minnast þá hinna stærri falsara, er hann dæmir hina minni, og láta þá hljóta rjettláta hegningu.

Haraldur Guðmundsson: Mjer þótti vænt um vegna Íhaldsflokksins, að form. hans fann ástæðu til að standa upp og þvo hendur sínar og flokksins af þessu máli. Hitt er annað mál, hvernig sá þvottur lánaðist. Ef það á ekki að verða kisuþvottur, verður hann að skýra nánar frá sambandi flokksins hjer við flokksmenn úti um land.

Jeg geri ráð fyrir, að hann eigi hjer við Íhaldsflokkinn á Alþingi. Hinu er ekki hægt að neita, að blöð Íhaldsflokksins, bæði hjer í Reykjavík og vestra, gerðu alt til þess að gera rannsóknina erfiðari og rannsóknardómarann tortryggilegan. Jeg veit ekki, hvað hægt er að kalla þetta annað en að hindra rannsóknina. Það verður a. m. k. ekki sagt, að J. A. Jónsson hafi gert mikið til að ljetta rannsóknina, þar sem hann lætur bóka í hinu fyrsta rjettarhaldi, þar sem hann kemur, að rannsóknin beri lit af stjórnmálaskoðunum andstæðinga hans. Ef nokkuð getur orðið til þess að gera rannsóknina tortryggilega í almenningsaugum, þá er það yfirlýsing eins og þessi frá jafnþektum og af ýmsum mikilsmetnum manni, sem Jón A. Jónsson verður sennilega að teljast. En það er gott, ef Íhaldsflokkurinn er nú alveg horfinn frá fyrri villu sinni. Vil jeg í því sambandi aftur minnast orða úr Helgakveri, að þótt afturhvarf á dauðastundinni að vísu sje bæði torvelt og sjaldgæft, þá sje það þó ekki með öllu ómögulegt. Það er von mín, að þetta sannist nú bókstaflega á Íhaldsflokknum, því að það er líklegt, að dauðastund hans sje ekki sjerlega fjarri. A. m. k. hefi jeg það frá mjög svo áreiðanlegum heimildum, að flokkurinn sje í ákafa að svipast um eftir nýju nafni.

Hv. 3. landsk. spurði, hví jeg hefði ekki flutt sögurnar af kosningunum vestra á fundi í Sþ., þegar kjördeildir skiluðu álitum sínum. Því er þar til að svara, að eftir öllum sólarmerkjum að dæma, taldi jeg líklegt, að málinu yrði vísað til kjörbrjefanefndar, og þá þótti mjer sjálfsagt að gefa hv. þingmönnum tóm til að kynna sjer málið. Jeg fæ ekki sjeð, að hlutur nokkurs manns sje gerður verri með því, þótt nú fyrst sje sagt frá framkvæmd kosningarathafnarinnar og öðru því, er gerðist í Norður-Ísafjarðarsýslu að þessu sinni og áður. Ef hv. 3. landsk. þykja sögur mínar að einhverju leyti tortryggilegar, — en svo var að heyra á honum, þótt ekki segði hann það berum orðum —, þá er skamt að leita fyllri upplýsinga fyrir hann, þar sem þingmannsefni Norður-Ísfirðinga situr þarna á bak við hann, í dyrunum á háttv. Ed.

Þá skildist mjer á háttv. þm., að Alþingi bæri skylda til að taka gilda kosningu þess þingmanns, sem hefði fengið meiri hluta löglega greiddra atkvæða. Eins og menn vita, er þetta mjög fjarri sanni. Það stendur í kosningalögunum, að sá skuli fá *kjörbrjef*, sem hlotið hefir hæsta tölu löglega greiddra atkvæða. En í 42. gr. sjálfrar stjórnarskrárinnar er skýrt tekið fram, að Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir. Ef Jón A. Jónsson hefði sjálfur orðið sannur að sök um þátttöku í kosningasvikum, þá þyrfti ekki um það að ræða, hvort kosning hans skyldi tekin gild eða ekki, því að Jón A. Jónsson hefði þá að sjálfsögðu mist kjörgengi sitt. En hjer er ekki um það að ræða, heldur aðeins hitt, að Alþingi á að skera úr, hver áhrif kosningaglæpir eins og Hnífsdalsfalsanirnar eigi að hafa á lögmæti kosningar.

Þá langar mig til að víkja að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fáeinum orðum. Hann fór mjög lofsamlegum orðum um ræðu mína. Jeg þakka og vildi feginn, að jeg gæti sagt, að hans ræða hefði ekki verið verri. En sannast sagt þótti mjer rökfærsla hans vera í allra bágasta lagi, þótt ræðan væri skörulega flutt. — Hann sagði fróðlega sögu um það, hvernig hægt væri að fara að því að falsa atkvæði. Nú vil jeg spyrja hv. þm.: Meinar hann með þessari sögu, að þar sje lýst hinum rjetta gangi Hnífsdalsmálsins? — (**ÓTh:** Nei!). — Þá verð jeg að játa, að jeg skil ekki meiningu hv. þm. með þessari sögu sinni. Því að fyrir flokk með augljósan minni hluta getur þetta ekki orðið að neinu gagni. Kosning hins frambjóðandans er jafnviss eftir sem áður. (**ÓTh:** Jeg var að tala um þetta út af ræðu hæstv. dómsmrh.).

Þá reyndi sami hv. þm. að nota sjer það plagg, er jeg las hjer upp áðan, og það verð jeg að segja, að ódrengilegri og ósvífnari skjalafölsun hefi jeg ekki vitað, svo framarlega sem þessi háttv. þm. vill teljast læs á vjelritað mál. Hann segir, að jeg hafi lýst mörgum misfellum á kosningunni 1923 og saknæmu atferli í sambandi við hana, og að á því hafi bygst krafan um, að kosning Sigurjóns Jónssonar yrði gerð ógild og að mjer yrði fengið kjörbrjef. (**ÓTh:** Svo skildi jeg háttv. þm.!). Jeg get auðvitað ekki lappað upp á skilning hv. 2. þm. G.-K., en í kærunni stendur, eftir að búið er að rekja þá *formgalla, sem urðu hjá bæði yfir- og undirkjörstjórn:*

„*Fyrir því* leyfum vjer oss að krefjast þess, að þjer, háa Alþingi, ógildið kosningu og kjörbrjef Sigurjóns Jónssonar og úrskurðið Harald Guðmundsson ..... rjett kjörinn þingmann fyrir Ísafjarðarkaupstað.“

Krafan um, að H. G. yrði úrskurðaður þingmaður eða kosningin gerð ógild var þannig aðeins bygð á því, að gerðir kjörstjórnar og úrskurðir eigi hefðu verið lögum samkvæmt. En auk þessa alls var farið fram á, að Alþingi hlutaðist til um, að rannsókn yrði hafin á glæpsamlegu atferli, sem fram fór í sambandi við kosninguna. Málið lá öðruvísi fyrir þá en nú. Þá lágu ekki fyrir sannanir um glæpi, sem framdir hefðu verið. heldur var aðeins beðist rannsóknar, svo að það mál mætti upplýsast. Hv. þm. talaði út af þessu um yfirdrepskap og hræsni hjá mjer, og vil jeg vænta þess, að hann taki nú þau orð aftur. (**ÓTh:** Mjer væri ánægja, ef jeg gæti það). — Síðan brýndi hv. þm. röddina, og jeg bjóst við, að nú kæmi eitthvað merkilegt. En það var eins og forðum, er fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús. Það var ekki annað eða óvenjulegra en blaðamenska Tímans, sem háttv. þm. þurfti að tala um. Jeg hefi enga tilhneigingu til að hæla ritstjórum Tímans. En mjer finst hv. þm. hefði heldur átt að vanda um við íhaldsmálgögnin, sem næst honum standa, t. d. Morgunblaðið og Vörð, fyrir málflutning þeirra og viðleitni til að villa kjósendum sýn og falsa þannig atkvæði, eins og hann orðar það. Ekki voru þau betri en Tíminn, að honum ólofuðum þó. Ætli þeir verði ekki flestir í Íhaldsflokknum líka atkvæðafalsanaheildsalarnir, ef út í þá sálma er farið?

Jón Baldvinsson: Það er eðlilegt, að í þessu sambandi sjeu rifjaðar nokkuð upp kosningarnar á Ísafirði og í Norður-Ísafjarðarsýslu 1923. Þær komu til umræðu á fyrsta fundi Alþingis 1924, og var þá nokkuð um þær deilt. En þá lágu þó ekki fyrir jafngreinilegir ágallar eins og nú hafa komið í ljós við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu 9. júlí í sumar. — Á þingi 1924 átti jeg í nokkurri orðasennu við íhaldsmenn út af kosningunni á Ísafirði, og jeg minnist þess nú, að núv. hv. 3. landsk. (JÞ) var mjög gleiður yfir að geta talað um „hinn fallna frambjóðanda jafnaðarmanna á Ísafirði,“ og ljet sem mjer væri vorkunn, þótt jeg vildi reyna að koma honum inn. En hv. 3. landsk. hlakkaði fullsnemma yfir þeim „sigri“. Íhaldið væri áreiðanlega betur statt nú, ef það hefði ekki hangið við völd síðasta kjörtímabil á því eina atkvæði. Því að nú er svo komið, að það mun álit flestra, að kosningin á Ísafirði 1923 hafi verið svo meingölluð, að ekki hefði verið nokkurt viðlit að taka hana gilda, ef ofurlítið meiri upplýsingar um hana hefðu legið fyrir Alþingi 1924. En hvað spanst af því, að sú hneykslanlega kosning var tekin gild? Það, að aðrir menn fóru með völd í landinu í 4 ár en rjett var að þjóðarvilja. — Þegar þingsaga þessara ára verður rituð, þá hygg jeg, að íhaldsmenn, ef nokkrir verða, muni óska sjer þess, að flokksbræður þeirra hefðu aldrei tekið við völdunum 1924. Því að jeg geri ráð fyrir, að þá verði það fullsannað, að

síðustu 4 ár hafa þeir stjórnað landinu með fölsuðum atkvæðum. — 1924 töluðu íhaldsmenn mikið um hinar „smávægilegu“ misfellur á kosningunni, og töldu það greinilegt, að Sigurjón Jónsson ætti rjett til kosningar. En þá urðu hrossakaup milli Íhalds og Framsóknar. (**ÓTh:** Hvaða hross fjekk Framsókn?). Íhaldið fjekk þetta makalausa hross, sem það hefir riðið síðasta kjörtímabil. — En umræðurnar sýna, að öll kosningin á Ísafirði var svo gagnstæð kosningalögunum, að skilyrðislaust átti að ógilda hana. Og ein kjörbrjefadeildin var þá svo ranglát, að hún þverbraut sjálf kosningalögin með því að rífa upp lokað atkvæði og skoða það í fullkomnu heimildar- og lagaleysi. Og þessu atkvæði var svo bætt á Sigurjón Jónsson. Íhaldsflokkurinn hagaði sjer svo í þessu máli, að ekki sýnist sjerleg ástæða til að fara um þá mjúkum höndum nú, þegar ágallar þessarar kosningar eru alveg augljósir. Þeir hafa alla tíð hamast á móti því, að rannsókn færi fram á kosningasvikunum vestra. Í blöðum sínum hafa þeir reynt að koma því svo fyrir, að rannsóknardómarinn, sem síðast var skipaður í málið og viðleitni hefir sýnt til að komast til botns í því, yrði tortryggilegur í augum þeirra, sem hann átti að yfirheyra. Þeir hafa spanað vitnin upp á móti rannsókninni.

Út af því, sem sannað er og upplýst í málinu, tel jeg sjálfsagt að ógilda kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Og jeg hefði í raun rjettri talið rjettast, að sú ógilding hefði fram farið þegar á fyrsta þingfundi. Það var ekki eftir neinu að bíða. Enginn ber á móti því, að Jón A. Jónsson hafi fengið meiri hluta þeirra atkvæða, sem löglega voru greidd. Af þeim ástæðum telja sumir, að taka beri kosningu gilda. En jeg svara þá eins og Snorri goði, er Flosi spurði, hvort hann ylli því, að þeir mættu eigi sækja til vígis í Almannagjá. „Eigi veld ek því,“ segir Snorri, „en hitt er satt, at ek veit, hverir valda, — ok mun ek segja þér, ef þú vill, at þeir valda því Þorvaldr kroppinskeggi ok Kolr.“ Þeir voru þá báðir dauðir og höfðu verið hin mestu illmenni í liði Flosa. — Nú er fallinn mjög sterkur grunur á þá um atkvæðafölsun, er störfuðu að framgangi íhaldsins í Norður-Ísafjarðarsýslu, og því sýnist mjer ekki órjett, að þótt vitanlega fjölmargir og vafalaust allur fjöldi kjósendanna vestur þar sjeu af þessu alsaklausir, þá verði þeir samt að njóta þessara liðsmanna á sama hátt og Snorri goði ljet Flosa njóta þeirra Þorvalds kroppinskeggja og Kols.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hafði búist við því, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) mundi gera alvöru úr því að svara þeim spurningum, sem jeg beindi til hans, og hafði jeg ætlað mjer að sitja þar til hann hefði talað. En þar sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fór hjer af stað og mælti nokkur orð í sínum venjulega tón, langar mig til að víkja að honum nokkrum orðum. Jeg skrifaði eftir honum fáeinar setningar, og var sú fyrst, að hann hafði það eftir mjer, að íhaldsmenn væru ein samfeld heild svikara og falsara. Hvenær hefi jeg sagt þetta? Hann hefir máske þá hugmynd sjálfur um sinn eiginn flokk, og skal jeg ekkert gera til að þvo hann hreinan. En jeg lýsi háttv. þm. ósannindamann að því, að jeg hafi viðhaft þessi ummæli.

Þá kom kafli í ræðu hv. þm., sem var merkilegur fyrir þá djúpu mannvonsku, sem þar kom fram. Hv. þm. setti upp dæmi um það, hvernig fara mætti að því að falsa atkvæði og framkvæma kosningasvik, ef löggjöfin yrði skerpt. Háttv. þm. býst auðsýnilega við því, að þetta svikamál leiði til skarpari lagasetningar um þetta efni. Honum er ekki nóg, að Jóni A. Jónssyni sje miskunnað að þessu sinni. Nei, hann vill gera alt, sem í hans valdi stendur, til að draga úr áhrifum löggjafarinnar gagnvart svikum. Honum er ekki nóg að verja svikin, ofbeldið og ofsann, honum þykir ekki nógar lygarnar í blöðum íhaldsins, er tvö þeirra eða fleiri skýra frá, að Eggert Halldórsson hafi verið fluttur nakinn á vörubifreið frá Hnífsdal í tugthúsið á Ísafirði. Honum er ekki nóg, að íhaldsmenn noti Frjettastofuna til að útbreiða sögur, sem ekki hanga saman á öðru en lyginni og ósannindunum, og láta þessar sögur bergmála um land alt. Nei. Hv. þm. er ekki einu sinni nóg að fá að þessu sinni að skera upp af því góða sæði, sem sáð var í Hnífsdal. Hann óttast það, þessi hv. þm., að af þessu spretti hreyfing, sem verði til þess, að reistar verði rammar skorður með löggjöf gegn samskonar svikum í framtíðinni. Það er þetta, sem er hámarkið á ósvífninni. Það er þessi uggur íhaldsmannsins, sem stendur í lyftingu í svikaskútunni og siglir ljóslaust, með breitt yfir nafn og númer, gegnum landhelgi rjettvísinnar inn í svikahöfnina. Því að það eru fleiri en botnvörpuskip þessa háttv. þm., sem breiða yfir nafn og númer og sigla ljóslaust til veiða í landhelginni. En fyrir því er dómur hæstarjettar, að háttv. þm. hefir haft fje upp úr því, að skip hans hafa rænt landhelgina fyrir hinum fátækustu af kjósendum hans. Út af þessu hefir háttv. þm. verið svo ósvífinn að dylgja um, að hæstirjettur dæmdi ranga dóma, — þessi hv. þm., sem flutt hefir sorann úr sálarlífi reykvíkskra götudrengja inn á Alþingi Íslendinga, sem hefir flutt götuorðbragðið inn í þingsalinn. (**ÓTh:** Hefi jeg kent hæstv. dómsmrh.?). Þessi hv. þm. er líka sá eini, sem alinn er upp á götunni í Reykjavík. (**ÓTh:** En hæstv. forsrh.?). Háttv. 2. þm. G.-K. ætti að gera sig ennþá minni með því að bera sig saman við jafnmerkan og góðan mann sem hæstv. forsrh. — En jeg býst við og vona, að hið fávíslega dæmi hans verði ekki grýla gegn því, að reynt verði að ógilda kosningar, sem fram fara með svikum og mútum. Úr því að Bretar geta ónýtt slíkar kosningar, hví skyldum við þá ekki geta það líka? Það eru ekki þeir dómstólar hjer á landi, þótt þeir dæmdu hart um Kveldúlf á árunum, að þeir taki slík svik, sem hv. þm. talaði um, fyrir góða og gilda vöru.

Háttv. 2. þm. G.-K. reynir að sanna, að jeg hafi sagt ósatt með því að minnast á það í Tímanum, að háttv. 3. landsk. hafi staðið að 9 milj. króna lántöku í fyrra vetur. Hvernig leyfir hann sjer annað eins? Hvað er það annað en sem allir vita, að háttv. 3. landsk., þáverandi forsætis- og fjármálaráðherra, ætlaði sjer svo lítið bæri á að koma því í lög, að Landsbankinn mætti taka á landsins ábyrgð ótakmarkað lán án leyfis Alþingis. Þessu varð breytt, og átti jeg nokkurn

þátt í því að afstýra þessum voða. Þótti þetta tiltæki þáverandi hæstv. fors.- og fjmrh. (JÞ) að vonum svo mikil ósvinna, er ljóst varð, hvert stefnt var, að jafnvel Íhaldsmenn fjellu frá því, er þessi tilraun tókst ekki. Þá laumaði þessi sami hæstv. ráðh. (JÞ) frv. inn í Nd. á þá leið, að Landsbankinn skyldi fá leyfi til þess að taka stórt ótiltekið lán, sem landið gengi í ábyrgð fyrir. Það er eftirtektarvert, að það er hvergi tekið fram í þskj., hversu há upphæð lánsins skuli vera. Því var leynt, af því að stjórnin þorði ekki að segja það. Eftir langa mæðu tókst þó að kúga íhaldsmenn til þess, að bókað yrði, að minsta kosti í skjölum fjhn., þar sem jeg átti sæti, að lánið mætti ekki fara fram úr 9 milj. kr. Það verður svo ofan á, þrátt fyrir megna mótspyrnu, að samþykt er, að þing og stjórn veiti heimild til þess, að landið gangi í ábyrgð fyrir 9 milj. króna láni, sem Landsbankinn að nafni til er látinn taka.

Voru það þá ekki 9 milj.? Hvernig leyfir háttv. 2. þm. G.-K. sjer þá dirfsku að halda öðru fram? Eða er fáviska hans svo mikil, að hann getur ekki greint staðreyndir frá sjálfs sín hugsmíðum? Eða hygst hann nokkuð munu græða á þessu fleipri sínu? Hann græðir ekki annað en það, að sanna, að stjórnin vildi fá heimild til lántöku ótakmarkað og reyndi að leyna upphæð lánsins, er hitt tókst ekki. — Svo er lánið tekið, að upphæð 2 milj. dollara, og landið gengur í ábyrgð fyrir því. En háttv. þm. (ÓTh) veit ekki, hver hefir orðið niðurstaða þessarar lántöku. Það er afsökun hans, þótt lítil sje.

Niðurstaðan varð sú, að nú í vetur kemur fram ósk til bankaráðsins, þar sem jeg á sæti sem stendur, þess efnis, að kostnaðurinn við þetta 9 milj. króna lán verði tekinn úr gengisjöfnunarsjóði landsins. Þetta er samþykt í bankaráðinu. Hvað þýðir svo þetta? Það þýðir það, að því er lýst yfir af bankastjórum Landsbankans, að þeir hafi ekkert með þetta lán að gera. 1 milj. hefir verið ráðstafað í Íslandsbanka, og háttv. 2. þm. G.-K. þóttist glaður yfir því, að það væri að fullu borgað. Borgað af hverjum? Jú, af Landsbankanum. Þetta fje hefir ef til vill farið til útgerðarfjelags þess, er háttv. þm. (ÓTh) á þátt í að stjórna (**ÓTh:** Já, sjálfsagt eitthvað af því), en situr áfram sem skuld hjá Landsbankanum.

Það er sannað af kröfum Landsbankastjórnarinnar um að fá kostnaðinn við þessa lántöku greiddan úr landssjóði, að hún hermdi munnlegt loforð upp á fyrv. hæstv. fjmrh. (JÞ) í þessu efni. Það er sannað með þessu, að það er maðurinn, sem olli gengishækkuninni og setti atvinnuvegina í vandræði, sem hefir allar þessar vífilengjur. Og nú verður að taka gengisjöfnunarsjóðinn til þess að standa straum af þessu láni, sem sannanlegt er, að Landsbankinn hafði enga þörf fyrir nje ástæðu til þess að eyða, en tekið var vegna fráfarandi stjórnar og skjólstæðinga hennar.

Hugsum okkur nú aðra eins fávisku, að bera þetta fram, vitandi það, að því meir, sem þetta lán er rætt, því verri verður aðstaða þess manns, er tók það.

Jeg hefi gert mjer far um að birta almenningi, hvernig alt var að sökkva

í botnlaust skulda- og lánafen í höndum þessa sama manns.

Það er ekki að þakka háttv. 2. þm. G.-K., þótt ekki færi á sömu leið um þetta lán sem enska lánið hjer á árunum. Framar öllu ber að þakka það úrslitum kosninganna 9. júlí í sumar og þeim meiri hluta, sem þá myndaðist.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson):* Jeg sje ekki ástæðu til þess fyrir mig að taka nokkurn verulegan þátt í þessum umræðum. En viðvíkjandi atkvgr. minni um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu vildi jeg aðeins taka það fram, að þó að það virðist liggja í augum uppi, að JAJ hafi fengið meiri hl. löglega greiddra atkvæða í Norður-Ísafjarðarsýslu, þá virðist mjer sem svo margt óhreint sje við þessa kosningu, að jeg treysti mjer ekki til að verja það fyrir samvisku minni að greiða henni atkvæði.

En það var einkum annarar ástæðu vegna, sem jeg stóð upp. Jeg hefi þá aðstöðu sem þm. Strandamanna, að vera nábúi þeirra manna við Ísafjarðardjúp, sem augljóst virðist, að hafa falsað kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu, og einhverra hluta vegna þótti þeim harðvítugu flokksmönnum einnig ástæða til að láta ljós sitt skína í þessu efni í Strandasýslu. Þeir sýndu Strandakosningunni, að því er virðist fullsannað, þann vafasama heiður að falsa nokkra kosningaseðla þar — en að vísu var sú starfsemi ekki rekin í svo stórum stíl í því efni, að nægði til þess að íhaldsmaðurinn fengi nægilega mörg atkvæði á kjördegi, ásamt hinum fölsuðu, til þess að ná kosningu. En söm var gerðin þessara manna fyrir því.

Mjer þótti sjálfsagt, í sambandi við fölsunina í Norður-Ísafjarðarsýslu, er hún er til umræðu, að jeg þakkaði fyrir síðast, þann hluta glæpanna, sem var látinn berast til Strandasýslu.

Og í því sambandi verður að geta um meira. Það er upplýst, að frambjóðandi Íhaldsflokksins í Strandasýslu flutti sjálfur eitt eða fleiri af þessum fölsuðu atkvæðum frá Ísafjarðardjúpi til Strandasýslu. Og enn meira bar til tíðinda í þessu efni. Sjálfur þáverandi dómsmálaráðherra, vörður laga og rjettlætis, var fylgdarmaður þessa frambjóðanda Íhaldsflokksins, sem var með falsað eða fölsuð atkvæði með sjer. Og enn bar það við, á fyrsta fundinum, sem þessir tveir Íhaldsflokksfulltrúar hjeldu í Strandasýslu, í Árnesi í Trjekyllisvík, að því var opinberlega lýst yfir á fundinum, að kjósanda eða kjósendum í Strandasýslu hefðu verið boðnar mútur til þess að kjósa frambjóðanda Íhaldsflokksins.

Jeg býst við því, að í sögu þingræðisins í menningarlöndum muni slík tíðindi sem þessi næsta sjaldgæf, og þó einkum slíkt föruneyti fyrir yfirvörð rjettlætisins. Og vegna sóma landsins vil jeg skora á fyrverandi dómsmrh. (MG), sem hjer á sæti, að lýsa því yfir, að þó að svo sorglega og mjög óheppilega vildi til, að hann væri í slíku föruneyti, er hann fór um Strandasýslu fyrir síðustu kosningar, þá hafi hann að sjálfsögðu ekki um það vitað, að frambjóðandi Íhalds-

* Handrit þingskrifara að ræðu þessari hefir glatast og sömuleiðis minnispunktar um ræðuna, sem jeg hafði látið afhenda skrifaranum. Samkvæmt ósk skrifstofunnar er ræðan hjer rituð eftir minni, nokkrum mánuðum eftir að hún var haldin. — Tr. Þ.

flokksins, sem hann var að styðja, hafði slíkan farangur með sjer. Jeg veit með vissu, að hæstv. fyrv. dómsmrh. fúslega gefur slíka yfirlýsingu. Ennfremur vona jeg, að hann lýsi því yfir afdráttarlaust, að honum hafi verið ókunnugt um, að samferðamaður hans, eða samferðamenn, buðu fram mútur til þess að stuðla að kosningu Íhaldsmannsins, að því er opinberlega var borið fram á Árnessfundinum; og enn vona jeg, að hann geri grein fyrir því, hvers vegna hann og hinir nafntoguðu förunautar hans mótmæltu þessu ekki þegar á fundinum.

Ólafur Thors: Hv. þm. Ísaf. (HG) hefir gerst allstórorður vegna ummæla minna í hans garð. Jeg ætla að láta staðreyndirnar tala. Háttv. þm. skýrði sjálfur frá því, að 1923 hefðu orðið stórvægilegar misfellur á kosningunni á Ísafirði. Meðal annars hefði kjörstjórn úrskurðað ógild atkvæði gild, en ógilt gild atkvæði. Sje þetta nú satt, þá hafa stór spjöll verið á þessari kosningu. Krafa hans, eða kærenda fyrir hans hönd, var samt sem áður sú, að kosningin yrði *tekin gild* og að honum yrði úrskurðuð kosning.

Nú aftur á móti er komið annað hljóð í strokkinn. Nú er að ræða um *grun* um svik í sambandi við kosningu Jóns Auðuns Jónssonar. En *nú* er þess ekki krafist, að kosningin verði tekin gild, heldur þvert á móti heimtað, að hún verði dæmd ógild. — Mikil er samkvæmnin. Jeg vona, að í augum fylgismanna hæstv. dómsmrh. (JJ) verði það ekki talin nein goðgá, þótt maður leyfi sjer að tala um uppástungur hans. Hæstv. dómsmrh. var að tæpa á því, að þm. skyldi úrskurðast ólöglega kosinn, þótt atkvæðamagn hefði, ef uppvís yrðu svik framin honum til framdráttar, en gagnframbjóðandi tekinn gildur sem rjettilega kjörinn, þótt lægri atkvæðatölu hefði. Jeg sje að vísu, að hv. þm. Ísaf. (HG) hneykslast á því, að hæstv. dómsmrh. sje gert svo hátt undir höfði að taka orð hans alvarlega. Með því sýnir hv. þm. hæstv. ráðh. (JJ) þá virðingu, er hann í raun og veru ber fyrir honum, en hið virðulega embætti verðskuldar aðra og meiri virðingu.

Hæstv. ráðh. (JJ) vildi segja, að jeg hefði lýst mannvonsku minni, er jeg dró upp dálitla mynd af því, hvernig færi, ef kosningaregla hans yrði tekin upp. Það er alveg skökk ályktun hjá hæstv. ráðherra. Jeg var að gera till. hans að athlægi. Vænti jeg þess, að honum skiljist, að ef hún nær fram að ganga, þá eru engin tök að halda uppi rjettlæti í landinu.

Þá komu sneiðar þær, er hæstv. dómsmrh. valdi mjer og áttu að færa mjer heim sanninn um það, hversu hann sýndi ávalt „fair play“. Reyndi hann þar að fara í kringum kjarna málsins með því að breiða sig sem mest yfir óskyldar hliðar þess. Hann hafði mörg orð um það, hæstv. dómsmrh., að fyrverandi fjármálaráðherra (JÞ) hefði ætlað sjer að lauma inn heimild fyrir Landsbankann um lántökur án þess í hvert einstakt skifti kæmi til kasta Alþingis að veita til þess leyfi. Nú vil jeg spyrja hæstv. dómsmrh., hvort það sje fjarri lagi eða jeg fari skakt með, að hann sjálfur hafi barist fyrir því, að seðlabanki ríkisins yrði rekinn á ríkissjóðs ábyrgð, svo að þau lán, er til hans yrðu tekin, væru vegna lagafyrirmæla gerð á

ábyrgð ríkisins. Þá, ef svo er sem jeg segi, er það fullkomlega hlægilegt hjá hæstv. ráðherra að vera að tala um sviksamlega laumu í þessu sambandi. Jeg bjóst við, að hæstv. ráðh. mundi reyna að sýna fram á, að blaðagreinar hans í sambandi við ábyrgðarheimild ríkisstjórnarinnar fyrir reikningsláni Landsbankans væru samrýmanlegar við „fair play" regluna. En í stað þess spyr hæstv. ráðh.: Voru það ekki 9 milj.? Jú, það voru 9 milj. En það er ekki það, sem um er deilt, heldur hitt, hvort þessi lántökuheimild væri sama sem það, að Jón Þorláksson og Magnús Guðmundsson hefðu bundið hverju mannsbarni í landinu svo og svo þungan skuldabagga. Um þetta vill hæstv. ráðherra ekki tala, en því meir um óskyld efni. Það er þessi venjulega aðferð hæstv. dómsmrh. til þess að smjúga úr klípunni og fara undan á flótta, þegar saumað er að honum með rökum.

Jeg ætla að reyna að taka ekki of hörðum tökum á hæstv. ráðh. Hann vill halda því fram, að jeg hafi dregið sorann úr götustrákatalinu inn á háttv. Alþingi. En hann aðgætir ekki, að þessi heiður getur ekki tilheyrt mjer, þar sem hann sjálfur, hæstv. dómsmrh. (JJ), átti sæti á þingi á undan mjer, — og hver er sá, að hann treysti sjálfum sjer eða öðrum til að bera af ráðherranum um dylgjur, óhróður og fúkyrði? En hitt má engan furða, þótt slíkt orðbragð, er hann hefir frá fyrstu tíð látið sjer um munn fara hjer á þingi, verði til þess að lokka fram á varir annara orð, sem betur væru komin annarsstaðar en í sölum Alþingis. Því læra börnin málið, að það er fyrir þeim haft, og jeg hefi hjer hæstv. dómsmrh. fyrir sessunaut, eða svo til.

Þessi háttsetti maður er stimplaður þeim dómi, er jeg vil ekki hafa eftir. Hann hlaut þann dóm fyrir „fair play" í stjórnmálabaráttunni íslensku, og flokksbræður hans staðfestu dóminn, er þeir komu saman í sumar til þess að mynda stjórn. Hvað sem annars um hæstv. dómsmrh. má segja, verður því ekki neitað, að hann hefir sýnt, að hann er um margt mestur áhugamaður síns flokks. Það er hans verk frekar en nokkurs manns annars, að flokkurinn er það, sem hann er, og fer nú með stjórn, enda er það fullvíst, að hann mun sjálfur hafa talið sig standa næstan æðstu tign flokksins, er til stjórnarmyndunar kom. En það furðulega skeður, þá er flokksbræður hans fara að líta í kringum sig eftir manni, sem sómi sjer sem höfuð stjórnarinnar, þá lætur enginn þeirra sjer til hugar koma, að hann megi skipa þann sess.

Hvers vegna? Vegna þess, að gervallur þingheimur veit, að það er hann, sem dregið hefir sorann inn á Alþingi; það er hann, sem ber á enni sjer smánarstimpil óráðvandasta og ósannsöglasta stjórnmálamannsins, er þessi kynslóð hefir kynst.

Þetta er dómur alþjóðar, staðfestur af þeim hæstarjetti, sem ráðherrann verður að hlíta, sjálfum flokksbræðrum hans á þingi. Dómurinn er þungur, en jeg ann ráðherra hans, því að hann er rjettur.

-

Magnús Guðmundsson: Mjer finst satt að segja, að umræðurnar sjeu

farnar að snúast nokkuð mikið um annað en það, sem hjer er til umræðu, og skal jeg því ekki lengja þær mikið. En þar sem til mín hefir verið beint nokkrum fyrirspurnum, er jeg til neyddur að svara þeim ofurlítið. Þó vil jeg, áður en jeg sný mjer að þeim, benda hæstv. dómsmrh. á, að ef hann í raun og veru er sannfærður um, að eins miklar misfellur hafi verið á kosningunni á Ísafirði 1923 eins og hann segir hjer, þá getur enginn bannað honum að láta rannsókn fara fram, og hann er hreint og beint skyldugur til þess, úr því að hann er sannfærður um, að miklar misfellur hafi átt sjer stað.

Hæstv. ráðherra (JJ) sagðist alls ekki gruna Jón Auðun Jónsson sjálfan um sviksamlegan þátt í kosningunum, og jafnframt sagðist hann ekki efa, að hann yrði endurkosinn af miklum meiri hluta heiðarlegra manna í Norður-Ísafjarðarsýslu, en samt vildi hann senda JAJ heim, til þess að sýna, hvað það gilti að hafa svik í frammi við kosningar. Jeg vil nú spyrja hæstv. ráðh. (JJ), hvort hann hafi athugað, hver áhrif slíkt myndi hafa á kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu. Jeg býst við, að þeim saklausu myndi finnast það vera hróplegt ranglæti, því að sú hegning, sem í heimsending JAJ liggur, kemur ekki niður á hinum seku, heldur á hinum saklausu, og það ætti síst að vera áhugamál dómsmrh. landsins að koma slíku til leiðar.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að jeg hefði gert gys að meðnefndarmönnum mínum í kjörbrjefanefnd, en það er alls ekki rjett. Jeg átaldi aðeins, að öllum nefndarmönnum skyldi ekki hafa verið skýrt frá því, sem nefndin aðhafðist, því eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, vissi jeg ekkert um sumt af því, sem form. nefndarinnar sagði, að nefndin hefði aðhafst, fyr en hann gat þess í ræðu sinni. En slík vinnubrögð í nefndum hefi jeg ekki þekt áður.

Þá spurði hæstv. ráðh. (JJ), hvers vegna bæjarfógetinn á Ísafirði hefði hætt við rannsóknina í sumar. Á því stóð þannig, að hann gat ekki haldið áfram vegna anna. Hann hafði löngu áður en Hnífsdalsmálið kom upp boðað til manntalsþinga í sýslum sínum á þeim tíma, og gat því ekki hætt við þau. Fór hann því fram á, að settur yrði sjerstakur rannsóknardómari í málið. Þegar þessi beiðni kom, var jeg í kosningaleiðangri úti á landi, og átti þá skrifstofustjórinn tal um þetta við mig í síma, og varð það þá ofan á að senda mann vestur til þess að framkvæma rannsóknina meðan sýslumaður væri forfallaður. En svo átti hinn reglulegi dómari að taka við málinu, þegar hann hefði lokið þingaferðunum.

Hv. þm. Ísaf. (HG) mintist á, að bráðlega myndi verða haldin útför Íhaldsflokksins íslenska, og dró það af því, að hann myndi breyta um nafn. Þessi ályktun held jeg sje mjög hæpin hjá hv. þm., að minsta kosti hefi jeg þekt marga menn og mörg fjelög, sem breytt hafa um nafn og haldið áfram að lifa fyrir því.

Þá var hæstv. forsrh. (TrÞ) að tala um ferð mína um Strandasýslu síðastliðið vor og lýsti því ferðalagi frá sínum bæjardyrum, og það var honum aldrei nema velkomið. En hann bar fram spurningar, sem jeg tel mig of góðan til að svara, og viðhafði um-

mæli, sem jeg skora á hann að endurtaka utan þinghelginnar, svo jeg geti farið í mál við hann út af þeim, því að í þeim fólust aðdróttanir um glæpsamlegt athæfi. Annars vil jeg segja hæstv. forsrh. það, að jeg hefi fullan rjett til þess að ferðast um Strandasýslu engu síður en hann, og jafnframt vil jeg minna hann á, að hann hefir að minsta kosti tvisvar og hæstv. dómsmrh. einu sinni ferðast um mitt kjördæmi, og það í síst betri tilgangi en jeg fór í um Strandir, og hefir mjer ekki dottið í hug að átelja það. Annars má hæstv. forsrh. spyrja Strandamenn, hvort jeg hafi ráðist á hann persónulega á fundum þeim, er jeg hjelt. Jeg er viss um, að þeir munu ekki bera mjer það.

Meðal annars sagði hæstv. ráðherra (TrÞ), að á einum fundinum, þar sem jeg hefði verið við, hefði það komið fram, að boðnar hefðu verið mútur til framdráttar Birni Magnússyni, án þess að jeg hafi andmælt því. Þetta er ósatt hjá hæstv. ráðh., því að jeg heyrði ekki um neinar mútur talað meðan jeg var á fundi. En síðar frjetti jeg, að umtal hefði orðið um þetta í fundarlokin, eftir að jeg var farinn af fundi. En ef hæstv. forsrh. heldur, að jeg sje sekur um mútugjafir eða mútuboð, skora jeg á hann að láta fara fram sakamálsrannsókn um það.

Þá fann hæstv. ráðh. (TrÞ) ástæðu til að gera athugasemdir við það, að jeg varð frambjóðanda Íhaldsflokksins samferða um Strandir, en það var eðlilegt og sjálfsagt, þar sem báðir við ætluðum að sækja sömu fundina, sem boðaðir höfðu verið löngu áður. Annars veit hæstv. ráðh. (TrÞ), að jeg ætlaði ekki að fara þessa för, heldur fór jeg hana vegna forfalla háttv. 3. landsk. (JÞ).

Að endingu skal jeg svo ítreka þá áskorun mína, að hæstv. forsrh. endurtaki áðurnefndar dylgjur sínar utan þinghelginnar.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 1. þm. Skagf. (MG) var með ákúrur til okkar samnefndarmanna sinna í kjörbrjefanefnd, aðallega fyrir það, að við skyldum ekki hafa látið hann vita, þegar við fórum að sjá lögreglurjettarbókina hjá rannsóknardómaranum, og sömuleiðis fyrir það, að send skyldu vera skeyti til útlanda án þess að hann vissi, með fyrirspurnum um venjur þar um þessi mál. Þessu er því að svara, að þeim stallbræðrum, hv. þm. Dal. (SE) og hv. 1. þm. Skagf. (MG), þarf ekkert að þykja þetta undarlegt, því að þeir sögðu þegar á fyrsta fundinum, að þetta mál þyrfti engrar rannsóknar við, heldur bæri að setja Jón A. Jónsson tafarlaust inn í þingsætið. Þeir þurfa því ekkert að vera undrandi yfir því, þó að ekki hafi verið farið til þeirra og þeim tilkynt um nánari rannsókn. Annars fórum við meiri hluti nefndarmannanna sinn í hvoru lagi til rannsóknardómarans, án þess að við vissum hver af öðrum, og þangað hefðu hinir nefndarmennirnir getað farið á sama hátt, ef þeir hefðu álitið þess þörf.

Jeg get ekki annað en verið þakklátur þessum hv. þm. fyrir, að hann skyldi taka undir það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að nauðsynlegt væri að láta fara fram rannsókn út af kosningunum á Ísafirði 1923, því að

það er krafa, sem við jafnaðarmenn munum gera. En hv. þm. hefði átt að styðja þessa kröfu 1924, því að á þessari kosningu flaut hann sem ráðherra í mörg ár, og má vel vera, að hag landsins væri betur komið nú, ef hann hefði þá horfst í augu við sannleikann.

Þá talaði þessi hv. þm. um, að það væri hefnd, bæði á Jón A. Jónsson og kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu, ef kosið yrði upp. Þessa röksemdafærslu skil jeg alls ekki, því að jeg fæ ekki sjeð, að það geti verið hefnd á kjósendur, þó að þeim sje gefinn kostur á að kjósa upp að nýju. Og hvað snertir frambjóðandann, JAJ, þá er það hrein og bein uppreisn fyrir hann, ef fylgi hans í kjördæminu er eins mikið og af er látið. Annars er jeg fyrir mitt leyti ósammála þeim háttv. þm., sem haldið hafa því fram, að JAJ myndi ná þarna kosningu aftur með miklum meiri hluta, því að jeg trúi því ekki, að kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu færu nú, eftir alt, sem á undan er gengið, og þó sjerstaklega aðferðina í þessu máli, að fylkja sjer undir merki Íhaldsins. Jeg get varla gert ráð fyrir, að þeir yrðu miklu fleiri en þessir 24 kjósendur, sem sendu skeyti það, sem hjer var lesið upp í fundarbyrjun, og voru svo fyndnir að kalla sig fulltrúa hreppa úr Norður-Ísafjarðarsýslu, en hafa ekki verið kosnir á almennum hreppsfundum þar í sýslunni, heldur á fámennum klíkufundum fylgismanna frambjóðandans Jóns Auðuns Jónssonar.

Háttv. 3. landsk. (JÞ) notaði tækifærið til þess að reyna að smeygja inn grun um það, að rannsóknardómarinn hefði misbeitt valdi sínu. Sýnir það ljóslega, að foringjar íhaldsmanna halda enn, að þeim sje óhætt að halda áfram að ala á þeim grun, sem blöð þeirra hafa altaf verið að magna á móti rannsóknardómaranum, frá því að hann hóf rannsókn þessa máls.

Þá hafa þeir báðir, hv. 3. landsk. (JÞ) og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), haldið því fram, að við andstæðingar þeirra kendum Íhaldsflokknum um misfellur þær, sem orðið hafa á kosningunum þar vestra, og hv. 3. landsk. kvaðst ekki vita, hvort við ættum þar við Íhaldsflokkinn á þingi, eða yfirleitt íhaldskjósendur alla í landinu, og þá væri hvorki meira eða minna en um helming þjóðarinnar að ræða. En við höfum tekið það skýrt fram, að þar eigum við aðeins við kosningavjel íhaldsins vestra, og eru því auðvitað kjósendur Íhaldsflokksins víðsvegar um landið, sem engu ráða um stjórn flokksins eða bardagaaðferðir hans, alsaklausir, en þeir ættu að hugfesta aðferðir íhaldsforingjanna.

Hv. 2. þm. G.-K. kom með dæmi, er sýndi ljóslega, hversu lítið sumir ráðandi menn í Íhaldsflokknum hafa á móti slíkum atkvæðafölsunum. Hann taldi fölsunina í Hnífsdalsmálinu miklu betri en þó að menn afli sjer atkvæða með því að skrifa blaðagreinar frá sjónarmiði Framsóknarflokksins. En þessi afstaða hv. þm. kemur ekki flatt upp á mig, því að það er kunnugt, að hann hefir rekið menn úr vinnu hjá sjer fyrir þær sakir einar, að þeir hafa haft aðra pólitíska skoðun en hann. (**ÓTh**: Þetta eru vísvitandi ósannindi). Og jafnframt hefir hann og fjelagar hans, togaraeigendur, lagt svo fyrir skipstjóra, að setja á svartan lista hjá sjer og ráða ekki

ýmsa sjómenn, sem staðið hafa framarlega í verkalýðssamtökunum.

Aðra eins skoðanakúgun og þessa í einkafyrirtækjum er þó hægt að hugsa sjer að þola, en þegar á að fara að verja atkvæðafalsanir frekar heldur en að andstæðingar vinni atkvæði, þá er tími til kominn fyrir Alþingi að segja hingað og ekki lengra á þessari braut, ógilda kosninguna vestra og heimta heiðarlega kosningu um þetta þingsæti.

Jón Þorláksson: Af því að háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir þegar talað tvisvar, vildi jeg með örfáum orðum bera hönd fyrir höfuð honum, sjerstaklega vegna þess, að það hefir verið á hann borið, að hann hafi vísað mönnum úr þjónustu sinni fyrir pólitískar skoðanir þeirra. Jeg hefi nefnilega heyrt, og það með góðum heimildum, að jafnaðarstefnan ætti hvað öruggast fylgi á togurum Kveldúlfsfjelagsins. Jeg held því, að þessi ásökun hv. 2. þm. Reykv. (HjV) á hendur háttv. 2. þm. G-.K. sje með öllu ómakleg.

Þá vil jeg snúa mjer að hæstv. dómsmrh. (JJ). Hann var að skora á mig að færa fram sönnun fyrir því, að hann færi stundum með rangt mál og segði ekki rjett frá. Jeg gæti auðvitað hjer eftir vanið mig á að hafa lista í vasanum yfir nokkur helstu ósannindi hans, til þess að vera altaf reiðubúinn að gefa honum nákvæma skýrslu um þau. En í þetta sinn verð jeg að láta það duga að vísa honum í þessu efni í hin 10 opnu brjef til hans, sem út komu í „Verði" frá vini hans og velunnara Kristjáni Albertssyni.

Eins og fyrverandi starfsbróðir minn, hv. 1. þm. Skagf., hefir upplýst, var hann ekki heima þegar bæjarfógetinn á Ísafirði beiddist undan að vera rannsóknardómari í Hnífsdalsmálinu, fyrir þá sök, að hann var búinn að binda sig annarstaðar, en þótti hinsvegar leiðinlegt að láta rannsókn dragast, þar sem einn eða fleiri menn biðu í gæsluvarðhaldi. Sneri jeg mjer þá til sýslumannsins í Stykkishólmi, Páls V. Bjarnasonar, og lagði mjög fast að honum að taka rannsókn þessa máls að sjer. Gerði jeg það fyrst og fremst sökum þess, að þar var um að ræða verulega samviskusaman mann og duglegan í embættisfærslu, og í öðru lagi mann, sem ekki hafði svo stórt embætti, að hann hefði ekki þess vegna getað gefið sig við málinu. En hann var með öllu ófáanlegur til þess að taka þetta að sjer. Hjer var því um það sama að ræða og mjer skilst, að hafi komið fyrir núverandi stjórn. Var þá fenginn annar lögfræðingur til þessa. En þegar rannsókn hans var lokið, var komið svo nærri stjórnarskiftum, að ekki gat annað talist rjett en að láta hina nýju stjórn ráða framhaldi málsins. Það er því alveg rangt, að fráfarin stjórn hafi sýnt nokkurt tómlæti um rannsókn þessa máls.

Hæstv. dómsmrh. endurtók nú aftur óbreytt það, sem hann var áður búinn að segja um Íhaldsflokkinn; en það er talsvert annað að bendla heilan stjórnmálaflokk í landinu við sviksamlegt atferli heldur en þó að grunur falli á örfáa menn um að hafa missjeð sig gagnvart kosningalögunum. Og jeg vil benda honum á það, hæstv. dóms-

mrh., að enginn enskur stjórnmálamaður mundi láta sjer sæma að koma með slíkar aðdróttanir í garð andstæðinga sinna eins og hæstv. ráðh. (JJ) hefir nú leyft sjer að bera fram hvað eftir annað.

Hæstv. dómsmrh. gat ekki afsakað með einu orði þá aðferð meiri hl. þingheims að bægja þegar frá þeim eina kunnuga manni, sem völ var á og svarað gat öllum þeim sögum, að meira eða minna leyti, sem sagðar eru hjer á þingi um viðureign manna þar vestra í máli þessu. Hæstv. ráðherra reyndi að vísu að bera í bætifláka fyrir framkomu meiri hlutans, að Haraldur Guðmundsson hefði ekki fengið að taka þátt í umr. á þingi 1924, þegar rætt var um kosningakæruna úr Ísafjarðarkaupstað. En hann veit það vel, að samkvæmt landslögum var það ómögulegt, að Haraldur Guðmundsson hefði þar málfrelsi, og það af þeirri einföldu ástæðu, að hann hafði ekkert kjörbrjef fengið. En hann mun ekki geta fundið, að andstæðingar H. G. hjer í þessum sal hafi þá notað fjarveru hans til að flytja nokkrar slúðursögur um flokksmenn hans þar vestra.

Annars held jeg, að það sje skoðun manna yfirleitt, þeirra, sem til þekkja, að tæplega verði gert upp á milli stjórnmálaflokkanna á Ísafirði um kapp þeirra í kosningum.

Þá hafði hæstv. dómsmrh. eftir mjer um vitnin tvö í Bolungarvík, að þetta væri lítilsiglt fólk og kjarklítið, sem ekki þorði að segja sannleikann af hræðslu við það, að rjettvísin á Íslandi mundi nota það til þess að bera hlut Kristjáns Ólafssonar fyrir borð. Það er hræðslan við rjettvísina, sem lokkar ósannindin fram á varir þessara kjarklitlu gamalmenna, og jeg vil þá bæta við, að það er gott, ef handhafi rjettvísinnar í þessu máli hefir ekki með framkomu sinni átt neinn þátt í að koma slíkri hræðslu inn hjá mönnum. Hann sagði líka, hæstv. dómsmrh., að þetta lítilsiglda fólk fyrir vestan væri algerlega á valdi „matadóranna", eins og hann orðaði það. Þetta hugsa jeg nú kannske að sje ofmælt. En ef fótur er fyrir þessu, þá vildi jeg leyfa mjer að spyrja: Hverjir eru „matadórarnir" nú? Ætli það sjeu ekki þeir menn, sem standa með lyklana að fangelsinu í höndum sjer og geta stungið mönnum þar inn lengri eða skemri tíma. Þegar svona vitnisburðir koma fram, þá vekur það hjá mjer efasemdir um, hvort auðið sje að leiða sannleikann í ljós í þessu máli með slíkri vitnaleiðslu.

Þá komst hæstv. dómsmrh. inn á ábyrgðarheimildina Landsbankanum til handa, sem hjer var til meðferðar í þinginu í fyrra. Jeg vil nú ekki segja, að ráðherrann hafi sagt þar ósatt, en hann fór rangt með, er hann sagði, að frv. hefði verið laumað inn í háttv. Nd. eftir að mistekist hefði að fá inn í sjálf Landsbankalögin víðtækari heimild handa stjórninni til að ábyrgjast fyrir Landsbankann. En sannleikurinn er sá, að þegar frv. um ábyrgðarheimild ríkissjóðs var borið fram í deildinni, þá var ekki farið að ræða Landsbankafrv.

Að öðru leyti hefir hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) lýsti hvorutveggja rjett, bæði ástæðunni til þessarar ábyrgðarheimildar, svo og útlistun hæstv. ráðherra (JJ) sem blaðamanns um skuldasúpuna, sem borin var á borð í kosning-

unum síðustu. Og hæstv. dómsmrh. getur ekki varið sig fyrir því, að allmjög skortir á, að blaðamenska hans þá, og enda fyr og síðar, hafi þann blæ, sem kröfur Englendinga heimta um opinbera framkomu stjórnmálamanna.

Jeg held, að það hafi verið hv. 2. þm. Reykv. (HjV), sem eitthvað mintist á kosningaskrifstofustjóra Jóns Auðuns Jónssonar á Ísafirði. Jeg neita því ekki, að mjer kom þetta dálítið undarlega fyrir og átti bágt með að trúa því. Nú hefi jeg spurt Jón Auðun Jónsson, hvort hann hafi haft nokkra kosningaskrifstofu, en hann neitar því harðlega og segir, að það, sem starfað hafi verið að undirbúningi kosningar hans, hafi verið unnið af honum sjálfum. Hjer mun því hafa verið átt við kosningaskrifstofu og ráðstafanir, sem varðað hafa kosninguna í Ísafjarðarkaupstað, en eins og gefur að skilja, kemur það ekkert við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Að lokum eru það aðeins örfá orð til samþm. míns, hv. 5. landsk. (J-Bald). Hann segir, að síðasta kjörtímabil hafi landinu verið stjórnað á fölsuðum atkv.

En þetta er ósannað mál með öllu, og jafnvel engum þm. sæmandi að kasta slíku fram á hinu háa Alþingi.

Hitt get jeg vel skilið, að hann sem formaður Alþýðuflokksins vilji leiða athyglina frá þeirri óhæfu, sem hann og flokkur hans lifir og hrærist í. Ef okkur væri eins gjarnt að fara út í ádeilur eins og samherjum þessa hv. þm. (JBald), þá mætti spyrja um það, hvað margir þeir sjeu keyptir inn á þing fyrir danskt fje og hvað mikið af þessu danska gulli hafi runnið í þeirra eiginn vasa.

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði nú ekki ætlað mjer að taka til máls að þessu sinni. Og þó að jeg hafi nú kvatt mjer hljóðs, geri jeg það ekki í þeim tilgangi að lengja umr. til muna, sem jeg verð að segja um, að teygist óþarflega mikið úr hófi fram.

En það var út af einu atriði í ræðu hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að jeg fann mig knúðan til þess að standa upp og leiðrjetta misskilning, sem þar kom fram.

Hann talaði langt mál um það, þessi hv. þm., hvernig Framsóknarflokkurinn hefði farið að á síðastliðnu sumri, er þm. hans komu saman hjer í Reykjavík til stjórnarmyndunar. Hann viðhafði þau orð, að þá hefðum við Framsóknarmenn felt dóm yfir núverandi hæstv. dómsmrh. (JJ), með því að nefna hann ekki til þess að vera formann stjórnarinnar.

Hann sagði svo frá stjórnarmynduninni, þessi hv. þm., að ókunnugir hefðu mátt halda, að hann hefði verið á fundum okkar Framsóknarmanna og með í ráðum um stjórnarvalið.

En eins og allir geta skilið, þá var hv. þm. þar ekki tilkvaddur, enda lýsi jeg því yfir nú, að það, sem hv. þm. sagði um stjórnarmyndunina, eru hrein og bein ósannindi og tilhæfulaust fleipur, og með öllu óskiljanlegt, hvað hann hygst að vinna með slíkum blekkingum.

Og jeg vil þá ennfremur upplýsa um það, að það var einmitt núverandi hæstv. dómsmálaráðherra, sem lagði kapp á það, að núverandi hæstv. for-

sætisráðh. yrði tilnefndur að mynda stjórnina, enda urðu allir flokksmenn Framsóknarflokksins samtaka um það. Það var ágætt samkomulag um það, eins og annað viðvíkjandi stjórnarmynduninni.

Jeg vildi aðeins leiðrjetta þann misskilning hv. þm. (ÓTh), að Framsóknarflokkurinn hefði verið að fella vondan eða þungan dóm yfir hæstv. dómsmrh. (JJ) með því að fara að ráðum hans um valið á stjórnarformanninum. Jeg held, að það sje augljóst, að forsrh. og Framsóknarflokkurinn hafi einmitt sýnt honum mikinn sóma og tiltrú með því að fela honum dómsmálaembættið. Hitt er annað mál, að verið getur, að hv. Íhaldsflokki hafi ekki þótt það neitt betra að fá hann fyrir dómsmálaráðherra, enda hefir þess orðið vart, að ýmsum andstæðingum stj. hefir þótt nóg um röggsemi hæstv. dómsmrh. og kvarta undan henni, eins og komið hefir í ljós í umr. um þetta mál, sem hjer er á dagskrá.

Með þessu læt jeg orðum mínum lokið. Jeg vildi aðeins með þessu benda þingheimi á, að það er ekki alt gullvægur sannleiki, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) vildi halda fram í næstsíðustu ræðu sinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer þótti vænt um, að hæstv. forsrh. (TrÞ) minti mig á eitt atriði, sem mjer gleymdist að minnast á í dag í sambandi við það, sem jeg dró inn í umr. um nauðsynina á, að kenna þyrfti Íslendingum grundvallarreglur Englendinga um „fair play" í íþróttalífinu, í stjórnmálalífinu og yfir höfuð í öllu opinberu lífi manna. Og þetta dæmi, sem jeg mundi þá ekki eftir í svipinn, er Strandaherferðin í sumar.

Og hvað er það þá, sem gerist í þessari Strandaherferð?

Íhaldsflokkurinn fær einn „matadorinn", skulum við kalla hann, úr íhaldshreiðrinu á Ísafirði til þess að fella ritstjóra „Tímans", Tryggva Þórhallsson, frá þingmensku í Strandasýslu. En þessi Íhaldsburgeis var ekki upplitsdjarfari en það, að hann gerði tvær kröfur til þeirra, sem öttu honum út í þetta framboð.

Fyrri krafan var sú, að þurfa ekki að mæta hinum frambjóðandanum á þingmálafundum, og í öðru lagi fór hann fram á að fá að standa undir sjerstakri vernd þáverandi forsætisráðherra, þegar fært þætti að hefja yfirreiðina um Strandir.

Nú var vandlega reiknað út alt um ferðir Tryggva Þórhallssonar, enda tekst að vita fyrirfram, hvenær fundarhöldum hans er lokið.

Og svo er lagt upp í þessa frækilegu ferð og ráðist inn á Strandir, þegar kjördæmið er varnarlaust og vitanlegt er, að Tryggvi Þórhallsson getur ekki, vegna veikinda á heimili hans, mætt á fundunum. Þess má þó geta, að sá ráðherrann, sem var betur viti borinn, hv. 3. landsk. (JÞ), losaði sig út úr fylgdarmenskunni, en hinn ráðherrann, sem orðið hefir að fara flestar forsendingarnar, hv. 1. þm. Skagf. (MG), tók að sjer að vera höfuðsmaður þessarar frægu herferðar.

Svo lögðu þeir af stað, og Björn Magnússon með fulla vasana af þessum frægu atkvæðaseðlum, sem höfuðsmanninum, hv. 1. þm. Skagf. (MG), kemur svo illa nú, að minst sje á.

Þetta mundi í Englandi vera kall-

aður níðingsskapur, að ráðast þannig á kjördæmi, sem þm. er búinn að halda fundi í og öllum er vitanlegt, að ekki getur mætt sjálfur innrásarmönnunum, sem biðu eftir burtför hans. Það er drengskaparleysi að svíkjast þannig aftan að andstæðing sínum, og hvorugur ráðherra fyrv. hæstv. stj. getur á neinn hátt afsakað þessa framkomu. (**JÞ:** Hjer er í öllum atriðum ranglega frá hermt). Þetta er alt saman satt og auðvelt að sanna, að ½ stundu eftir að Tryggvi Þórhallsson var búinn að láta tilkynna frá Borðeyri um fundaáætlun sína og bjóða B. M. að vera þar með, þá er fest upp önnur auglýsing frá Íhaldsmönnum, sem staðsetja fundi sína eftir að Tryggvi Þórhallsson hlaut að vera kominn til Reykjavíkur.

Nú hefir hv. 1. þm. Skagf. (MG) haldið því fram, að þegar farið sje í fyrirlagða ferð, þá sje ekki siður að auglýsa það landi og lýð löngu fyrir fram, og nefndi í því sambandi ferð, sem Tryggvi Þórhallsson fór fyrir síðustu landskosningar.

En úr því hv. þm. leyfir sjer að bera þessa ferð Tryggva Þórhallssonar saman við Strandaherferðina, þá vil jeg geta þess, að jeg var líka á ferðinni sumar eitt fyrir skömmu og bauð hv. 2. þm. Skagfirðinga á fund að Hólum til að greina frá tildrögum þess, að hann hvarf úr Framsóknarflokknum yfir til andstæðinga sinna. En þm. kaus að vera heima þennan dag og rýja ær sínar, fremur en að fremja landvörn fyrir sig og íhaldið. Lenti vörnin í það sinn á lækninum á Sauðárkróki, núverandi hv. 6. landsk., sem innvann sjer þá fyrsta lárviðarsveiginn í pólitískri baráttu.

En þessi Strandaherferð er besta lýsingin á því, hvaða brögðum var beitt í undirbúningi kosninganna og hvernig æðstu menn Íhaldsflokksins drógust niður vegna venjunnar. Því jeg vil halda fram, að það var fyrir fjelagsskapinn, að svona fór, að hv. 1. þm. Skagfirðinga kom svo ódrengilega fram af umhyggju fyrir Birni Magnússyni, og mun skapgerð hans hafa ráðið aðgerðum. Og hver varð svo niðurstaðan? (**MG:** Þetta er víst „fair play"?). Nei, þetta atferli Íhaldsflokksins hefir verið vítt og kallað þjóðarhneyksli.

Enda fór svo, að bændurnir á Ströndum, þótt ekki sjeu æfðir í fótboltaleik nje þekki reglur hans, skildu, að hjá þessum mönnum gilti ekki drengskapur í leik og neituðu að koma á fundi, sem þannig var boðað til.

Jeg fór um á Borðeyri daginn eftir að fundur íhaldsherforingjanna átti að vera þar, og var mjer sagt, að á hann hefði komið einn maður, svo að ekki þótti þá ráðlegt að setja fundinn. Þetta er lítill kapituli úr sögu Strandaherferðarinnar, sem sýnir, hvernig Strandamenn dæmdu með fyrirlitningu um framkomu fundarboðenda og hvernig alt er á sömu bókina lært af hálfu Íhaldsins.

Það gladdi mig annars að sjá það um hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að þegar honum var sýnt í tvo heima, þá hvarf af honum peningamontið, sem einkennir hann hversdagslega, og á hann kom sá svipur, sem miður innrættir götudrengir hafa fyrst eftir meðtekna ráðningu. Jeg álít, að hann ætti framvegis að hafa á sjer meðvitund viðurkendrar sektar að minsta kosti ann-

anhvern dag, enda munu víst efni nóg til þess.

Jeg tók það fram í dag, er jeg skýrði frá reglum Englendinga um ógildingu kosninga, að ef sannaðist, að frambjóðandinn, skrifstofa hans eða stuðningsmenn hefðu á einhvern hátt haft rangt við í leiknum, þá yrði kosningin dæmd ógild. Og jeg nefndi sem dæmi, að manni hefði verið mútað með 5 punda seðli til þess að kjósa ákveðinn frambjóðanda, og kosning þess manns gerð ógild af þessari einu ástæðu, en mótkandidatinum dæmt þingsætið.

Nú snýr hv. 2. þm. G.-K. út úr orðum mínum og segir, að ef jeg fengi komið á þessari reglu, sem ríkir hjá Englendingum, að þá mundi hún verða ennþá meiri spillingar valdandi. Hann leyfir sjer, þessi fámentaði maður í stjórnmálum, að halda því fram, að aldagamlar venjur Englendinga, sem ekki hafa reynst ver en saga þjóðarinnar og hið mikla veldi ber vitni um, sjeu spillandi, ef líkt er eftir þeim. Hvernig getur maður hugsað sjer meiri fáfræði og ósvífni en lýsti sjer í orðum þessa hv. þm. Í fyrsta lagi reynir hann að falsa mín eigin orð, sem allur þingheimur hlýddi á, og í öðru lagi segir hann, að drengskaparreglur Englendinga, þrautmentuðustu þjóðarinnar í álfunni, yrðu til þess að spilla okkar þjóð, ef uppteknar væru.

Það kemur ekkert þessu máli við, hvort Jón Auðunn Jónsson situr á þingi næsta hálfa mánuðinn eða ekki.

Aðalkjarni málsins — eins og jeg hefi margtekið fram — er sá, að glæpir eins og þeir, sem átt hafa sjer stað þar vestra, haldi ekki áfram að sljóvga drengskaparmeðvitund þjóðarinnar.

Það er þegar upplýst, að þessi kosningasvik og glæpir hafa lifað góðu lífi á Ísafirði að minsta kosti síðan 1919. Og ef ekki tekst að taka fyrir hneykslið, má vera, að þessi skóli haldi áfram og glæpirnir breiðist út.

Jeg hjó eftir því, að form. Íhaldsflokksins, háttv. 3. landsk. (JÞ), var að harma yfir því, að Jón Auðunn mætti ekki tala hjer í þinginu, af því að hann væri svo kunnugur þessum glæpamálssögum fyrir vestan. Má þetta skiljast svo, að Jón Auðunn sje þessum málum ef til vill allra manna kunnugastur?

Í raun og veru er með þessum umræðum og með þeim atburðum, sem orðið hafa við umræðurnar, búið að skera úr þessum þætti Hnífsdalsmálsins. Það er búið að sanna það, að aðstandendur Hnífsdalsmálsins eru farnir að finna dálítið líkt til og fulltrúarnir í Ögri. Þeir vilja tala sem minst um málið, þeir vilja segja sem svo: Við viljum ekki gera Jóni Auðuni það ómak að láta hann fara heim aftur, lofum honum að fljóta inn á þingið. Það er miskunnsemin, sem þeir vilja treysta á, en ekki á málstaðinn.

Og inn í þetta mál hefir svo hv. 2. þm. G.-K. farið að draga sem móralska ásökun umtal í blöðum frá kosningunum í vor, ummæli um ameríska lántökuna í fyrra. Annarsvegar hafa af mjer og á hina hliðina af mörgum öðrum þm., sem eru í andstöðu við Íhaldsflokkinn, verið rakin lið fyrir lið glæpsamleg dæmi um framkomu þess flokks í kosningunum, og nú skyldu menn halda, að þeir kæmu með gagnsókn, ef

þeir ekki treystu sjer til þess að verja Hnífsdalsmálið og afleiðingar þess, kæmu með volduga gagnsókn og sýndu fram á það, að allir þeir menn, sem hjer hafa talað, hefðu margar veikar hliðar. En hvað kemur upp? Eina gagnsóknin hefir verið það, að þeir hafa sagt, að það hefði ekki verið gætilegt að mótmæla amerísku lántökunni. Þeir taka hjer hneykslismál frá sjálfum sjer, þar sem þeir standa illa að vígi gagnvart þjóðinni, og það eina, sem þeir verja sig með, er kvalastuna yfir því, að jeg kom þessu upp.

En má jeg svo minna á aðra lánsheimild; það er sú fyrir enska láninu, sem Bjarni heitinn Jónsson frá Vogi átti þátt í að koma í gegn og sem jeg held, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) hafi verið tregur til að koma í framkvæmd. En hvað verður svo úr þeirri heimild? Úr henni varð ókjaralánið, 10 milj. króna, með 7% vöxtum, 100 þúsund krónur til millilíða, lán, sem ekki fæst að borga á tíu árum. Þetta lán, níu milj. króna heimildin, er ekkert öðruvísi í sjálfu sjer en hin heimildin, og um kosningarnar í vor var ekkert hægt að segja fyrir mig, sem aðeins vissi um áfergju Íhaldsmanna í lánið, annað en að víta það, sem þeir hafa gert. En hvers vegna var lánið tekið? Ein milj. króna var tekin strax, en það, sem bjargaði því að ekki var meira að gert, voru alt aðrir atburðir.

Jeg býst nú við, að við förum að ljúka okkar leik í kvöld. En þegar maður hugsar um allar þær beisku staðreyndir, sem hafa verið látnar dynja yfir íhaldsliðið í dag, þá er ekki að undra, þó að foringjarnir hafi reynt að blása í kaun og að liðsmennirnir hafi reynt að tala eins og götudrengir. Vörnin hefir orðið veik. Þeir reyndu fyrst að vera dónalegir og bíta á skjaldarrendurnar, en eftir því sem að þeim er þjappað, mildast lundin, þeir bogna og eru nú að byrja að skjalla mótstöðumennina. Svona stendur nú málið á þessum punkti, þegar klukkan er 12 um miðnætti. (Hlátur í deildinni).

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir vikið nokkuð að þeim gremjuyrðum hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem hann beindi að mjer. Það er meir en lítið traust frá hv. þm., ef rjett er á litið, að hann álítur mig svo mikinn mann, að jeg hefði endilega átt að vera formaður stjórnarinnar. En þetta er meira traust en jeg óska eftir. Jeg vildi einmitt sjálfur, að sá maður yrði forsætisráðherra, sem er það. Stjórnarmynduninni í sumar var að fullu lokið á tveim dögum, en stjórnarmyndunin, sem átti að gera árið 1924, var býsna lengi á leiðinni, margar vikur, og svo varð það á endanum alt annar maður, sem myndaði stjórnina, og það varð ekki annað en dauðinn, sem gat komið hv. 3. landsk. upp í sessinn. Jeg vil ekki fara að hæla mjer, en jeg hygg nú samt, að ef jeg hefði stympast eins mikið í Framsóknarflokknum eins og núv. hv. 3. landsk. þá gerði meðal sinna manna, 1924, þá hefði stjórnin ekki verið mynduð á tveim dögum. En jeg vil ekki sleppa hv. 2. þm. G.-K., því það er búið að draga upp hvíta fánann hjá Íhaldinu og því þarf ekki að vera að stinga í líkið, eins og gert var á Stiklastöðum.

Jeg held, að jeg verði að minna á „Morgunblaðið“ ennþá. Daginn fyrir kosningarnar í sumar steypir það síðustu sprengikúluna, sem átti að verða

liði þess til bjargar. Það lýsir því með átakanlegum orðum, hve sorglegt það væri, ef jeg yrði dómsmálaráðherra 1930. Það hefði „Morgunblaðinu“ víst þótt sárast. En það er nú ekki víst, að jeg verði dómsmálaráðherra árið 1930, en drög eru þó lögð til þess af flokksbræðrum mínum. Og hvað liggur í þessu? Það, að mikill meiri hl. þm., stærsti meiri hl., sem verið hefir á Alþingi Íslendinga síðan árið 1909, velur mig til þess að vera vörð laga, siða og rjettar í landinu um óákveðinn tíma. Þetta svar gáfu flokksbræður mínir hinu kvíðandi Morgunblaði.

Jeg gæti aðeins sagt eitt um samanburðinn á mjer og fyrirrennurum mínum, og er þó varla rjett að segja það, þegar á það er litið, hve afskaplega dómsmálastjórnin hefir verið ljeleg á undanförnum árum, að hún væri a. m. k. nokkru skárri nú en áður var. Þetta er náttúrlega ekkert lof fyrir mig, en verður þó mitt hrós, ef eitthvað verður annars bygt á samanburði við það, sem áður var. Þetta mun nú vera alment viðurkent og það er ekki skemtilegt fyrir þá menn, sem árum saman hafa verið leigðir til þess að ófrægja mig og aldrei hafa getað borið neitt hvassara vopn á mig en að jeg hafi verið á móti enska og ameríska eyðsluláninu.

Jeg sagði í byrjun minnar síðustu ræðu, sem jeg vona að verði í kvöld, að jeg mundi í ræðulokin víkja að því, sem var kjarninn í minni fyrstu ræðu í dag, hvernig þetta mál horfði við í stórum dráttum. Það horfir þannig við, að hjer er verið að kveða upp fyrsta úrskurðinn um það, hvernig menn, að minsta kosti til bráðabirgða, vilja snúa sjer í vissri tegund glæpamála, því að Hnífsdalsmálið er tvíhliða. Það er í fyrsta lagi brot á móti landslögum, sem sýslumaður Strandamanna hefir verið að rannsaka undanfarið, og lítur út fyrir, að ný svik falli í hendur hans næstu daga. Hin hliðin er, hvernig Alþingi Íslendinga á að taka í það, þegar verið er að reyna að skapa meiri hluta í þinginu með atkvæðafölsun. Jeg segi, að öll gögn málsins liggja þannig, að það er óefað heppilegra fyrir þjóðina að láta kosninguna verða ógilda og láta þá hina forhertu menn, sem um undanfarin ár hafa sett blett á þjóðina, svara fyrir kosningasvikin á Vesturlandi. En ef þetta verður ekki gert, sem jeg óttast, að Íhaldsliðið og bandamaður þess, hv. þm. Dal. (SE), muni reyna að hindra, og ef svo þar við bætast einhverjir aðrir hv. þm., sem að vísu áfellast algerlega þessa framkomu, en vilja þó ekki senda Jón Auðun heim og gera ráð fyrir, að hann myndi koma aftur, ná kosningu, þá vil jeg, að við beitum allri orku til þess að bæta löggjöfina á þessu sviði.

Þessi kosning Jóns Auðuns er að vísu merkilegt atriði, en þó ekki eins og hin, sem hleypti þessu mikla hugarvíli í hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). En það, sem ákveða þarf, er aðallega það, hvort við eigum að búa svo um, að svikararnir sjái, að það sje óhagur að hafa svona brögð í frammi. Jeg bíð með meiri áhuga eftir þeirri atkvæðagreiðslu, því að hún á að ákveða um það, hvort okkur á að takast að hreinsa svo að sæmilegt sje þá bletti, sem kosningasvik undanfarinna ára hafa sett á þjóðina.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi ekki fundið ástæðu til að taka þátt í þeim umr., sem hjer hafa farið fram, enda hafa þær snúist um ýmis-

legt fleira en málið sjálft, sem hjer liggur fyrir.

Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg ætla lítillega að gera grein fyrir mínu atkvæði, því vel má vera, að það falli nokkuð á annan veg en ýmsir hafa búist við. Jeg vil fyrst skýra frá því, að innan Framsóknarflokksins hefir verið gengið út frá því, að þetta mál yrði ekki á neinn hátt gert að flokksmáli, og því er það svo, að það, sem einstakir menn úr flokknum bera hjer fram, gera þeir á eigin ábyrgð, en alls ekki flokksins.

Þetta mál hefir ekki verið gert að flokksmáli, og það bendir í þá átt, að þar sjeu frjálsir menn í frjálsum flokki, og þeir vilja undir öllum kringumstæðum fylgja málunum eftir því, sem þeir telja sannast og rjettast. Hvað mína skoðun á málinu snertir, þá vil jeg lýsa henni með sem allra fæstum orðum, en hún er fólgin í þrem meginatriðum, sem eru þess valdandi, að jeg álít, að það muni lítið vinnast við það, þótt þessi kosning verði gerð ógild. Það yrði aðeins til þess að tefja tímann, baka landinu nokkurn kostnað, en kjósendum örðugleika. Ástæðurnar eru í sem stytstu máli þessar:

Það er í fyrsta lagi yfirgnæfandi atkvæðafjöldi, sem verður þess valdandi, að það er ekki líklegt, að nein breyting verði á, þótt ný kosning fari fram.

Í öðru lagi hefir engin kæra komið fram yfir kosningunni, og það tel jeg mikilvægt atriði. Jeg veit ekki til þess, að þingið hafi úrskurðað kosningu ógilda, sem engin kæra hefir komið um.

Þriðja atriðið er það, að eftir alla þessa rannsókn kemur öllum saman um það, að ekkert sje fram komið, sem bendi á það, að þessi hv. þm. (JAJ) hafi átt nokkra sök á þeim misfellum, sem orðið hafa.

Jeg geri ráð fyrir því, að aðalástæðan, sem vakir fyrir þeim háttv. þm., sem vilja telja kosninguna ógilda, sje sú, að þeir vilji skapa mikilvægt fordæmi, sem farið verði eftir síðarmeir. En jeg hygg, að það þýði lítið að reyna að skapa einveldinu fordæmi, en þingið hefir fullkomið einveldi um það, hvort kosning verður tekin gild eða ekki, og það er víst, að hvernig sem sá úrskurður verður, sem feldur verður nú, þá verði hann ekki það fordæmi, sem ávalt verði farið eftir síðarmeir, enda leiðir það af sjálfu sjer, að nýir siðir koma með nýjum mönnum, og þingið myndi heldur ekki fara að binda sig við slíkt fordæmi. Mjer finst líka, að ef við færum að halda því mjög ríkt fram, að við værum færir um að gefa það fordæmi, sem sígilt væri, þá sje það að hafa meira traust á sjer en góðu hófi gegnir.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, mun jeg greiða atkvæði með því, að kosning Jóns Auðuns verði tekin gild. Hvort það verða fleiri eða færri menn úr mínum flokki, sem það gera, get jeg ekki sagt um, og hvort sem mjer verður lagt það út á betri eða verri veg, þá verð jeg að sætta mig við það. Jeg vildi helst ekki sitja lengur á þingi en það, að jeg verði jafnan fær um að taka ákvarðanir eftir því, sem sannfæring mín býður mjer í hvert skifti.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh.

(JJ) bar það fram í síðustu ræðu sinni, að það hefði sýnt drengskaparleysi af hálfu Íhaldsmanna, hvernig sá tími var ákveðinn, sem fundir voru settir af okkar hálfu í Strandasýslu. En jeg vil þegar taka það fram, að þessi sök verður að hitta mig einan, af því að jeg varð að ákveða tímann eftir mínum hentugleikum. Það var missögn hjá hæstv. ráðh. (JJ), að jeg hefði ákveðið tímann eftir beiðni frambjóðanda flokksins í sýslunni, það var eftir áskorun frá kjósendum í Strandasýslu.

En svo stóð á, að rjett eftir þing þurfti jeg að fara á konungsfund, til þess að leggja fram til staðfestingar þau lagafrumvörp, er þingið hafði samþykt, og með því að hafa sem mestan hraða á, gat jeg verið kominn heim aftur rjett fyrir miðjan júní. Það er algerlega ómaklegt af hæstv. dómsmrh., ef hann bregður mjer um drengskaparleysi í þessu máli. Mjer var ómögulegt að vita um heimilisástæður hv. þm. Str. (TrÞ), en þetta var sá eini tími, sem jeg gat haft til þess, og á þeim tíma, sem hv. þm. Str. (TrÞ) boðaði sína fundi, gat jeg ekki verið, því að jeg var þá að fara af stað með frumvörpin á konungsfund. Svo hafði mikið safnast fyrir af embættisstörfum í fjarveru minni, svo að jeg sá mjer ekki fært að missa þann tíma, og því talaðist svo til, að starfsbróðir minn tók að sjer ferðina.

Ef hæstv. dómsmrh vill, þá má hann gjarnan taka þessa skýringu mína á ummælum hans sem vitnisburð um það, hvernig jeg í þessu efni, og reyndar oft endranær, lít á hans framkomu.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer voru það nokkur vonbrigði, hvernig hæstv. fjmrh. (MK) tók í þetta mál. Jeg hugði, að honum myndi í svo fersku minni kosningin á Akureyri 1923 og aðferðir þær, sem Íhaldsflokkurinn notaði þar, til þess að hæstv. ráðh. (MK) gæti skilið, að það ber að stöðva svikin árið 1927.

Hæstv. ráðh. (MK) vildi leggja nokkuð upp úr því, að Jón Auðunn myndi verða kosinn aftur, ef ný kosning yrði látin fara fram, en jeg verð að segja það, að jeg get ekki skilið, að neinir af þeim, sem hjer sitja, geti myndað sjer ákveðna skoðun um það, hvernig kosningar muni fara í framtíðinni. Það er enginn hjer, sem getur sagt neitt fyrir víst um það, hvernig kosning Jóns Auðuns myndi fara nú í Norður-Ísafjarðarsýslu, og ótrúlegt finst mjer, eftir alt það, sem uppvíst er orðið um kosningabaráttuna vestur þar undanfarið, að hann myndi ná kosningu þar.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að hann gæti ekki skilið, að þingið gæti leyft sjer að gera kosningu ógilda án þess nokkur kæra kæmi fram. Jeg vil í þessu sambandi leyfa mjer að lesa upp 5. grein þingskapanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur.

Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbrjef hans, þá er þing er sett."

Mjer finst þetta nægja til þess að taka af allan vafa um það, að þing geti gert kosningu ógilda án þess að nokkur kæra komi fram.

Jeg þarf þá að snúa mjer að hv. 3. landsk., en þar eð hann er ekki viðstaddur, verða flokksbræður hans að taka upp það, sem jeg vildi beina til hans.

Hann sagði, að J. A. J. hefði enga kosningaskrifstofu haft í Norður-Ísafjarðarsýslu í sumar, heldur sjálfur eingöngu stjórnað öllum kosningaundirbúningi. Jeg veit ekki, hvort það á að skilja sem lof eða last um J. A. J., að hann hafi staðið einn fyrir kosningavjelinni í N.-Ísafjarðarsýslu. En á hinn bóginn verð jeg að halda, að þetta sje alls ekki rjett, og hafi þá hv. 3. landsk. eða að minsta kosti J. A. J., ef það er eftir honum, ekki sagt satt frá þessu, því að af rannsóknarskjölum sjest ekki annað en það hafi að minsta kosti verið mjög náið samband milli kosningaskrifstofu Íhaldsins á Ísafirði og kjósenda í N.-Ísafjarðarsýslu, og sjerstaklega virðist sambandið hafa verið náið milli kosningaskrifstofunnar og stoða Íhaldsins í N.-Ísafjarðarsýslu, þeirra, sem við atkvæðafölsunina eru riðnir. Það væri t. d. fróðlegt, ef það upplýstist dálítið nánar um ferðalag Eggerts Halldórssonar til Ísafjarðar morguninn 5. júlí, þegar komin voru upp svikin, rjett áður en dómarinn kemur til þess að taka atkvæðin í Hnífsdal, sem síðar er haldið, að hafi verið endurfölsuð.

Hv. 3. landsk. beindi nokkrum spurningum til jafnaðarmanna, og vil jeg svara þeim. Jeg geri ráð fyrir því, eftir því sem jeg og aðrir þekkja skapgerð þessa hv. þm., að hann vilji ekki fara með neinar dylgjur, heldur aðeins fá að vita hið eina sanna og rjetta í málinu, og vil jeg því gefa honum hrein svör.

Hann spurði, hve margir af þingm. jafnaðarmanna hefðu verið keyptir inn í þingið fyrir danskt fje. Og jeg svara honum: Enginn.

Þá spurði hann, hve mikið danskt fje hefði þegar runnið í vasa jafnaðarmanna. Og jeg svara honum: Ekkert.

En úr því að hann hefir nú fengið tvö svör við þessum tveimur spurningum sínum, og þau, að því er jeg held, greið og greinileg, vona jeg, að það sje ekki ósanngjarnt, þótt jeg leyfi mjer að leggja fyrir hann spurningar á móti og biðji hann að svara þeim hjer. (**JÞ:** Jeg get það ekki; jeg er dauður). Jeg vona, að hæstv. forseti leyfi hv. 3. landsk. að komast að með stutta yfirlýsingu. Spurningarnar, sem mig langar til að leggja fyrir hv. 3. landsk., eru þessar:

1. Hve mikið danskt fje hefir þegar runnið til Morgunblaðsins, og þá sjerstaklega, hve lengi?

2. Hve mikið danskt fje hefir þegar runnið í kosningasjóði Íhaldsins, bæði í Reykjavík og í ýmsum kjördæmum úti um land, og þá sjerstaklega, hve lengi?

3. Hve mikið af þessu danska fje hefir komið beint frá Danmörku, og hve mikið frá dönskum atvinnufyrirtækjum og verslunum hjer í Reykjavík? og

4. hve mikið af því hefir hv. þm. fengið sjálfur, og þá sjerstaklega, hve lengi?

Sigurður Eggerz: Jeg ímynda mjer, að þeim mönnum, sem hlýtt hafa á umr. hjer á Alþingi í kvöld, hljóti að vera það ljóst, hve mikil nauðsyn sje á því fyrir þingið, að það eigi mikið af sjálfstæðum mönnum. Mjer hefir virst

það koma berlega fram — því er ver og miður — í umr. hjer í kvöld, að menn hafi ekki gætt þeirrar stillingar, sem þeim mönnum ber að hafa, sem eiga að vera hjer fulltrúar þjóðar sinnar og eiga að kveða upp úrskurð í máli sem þessu. Í ræðu minni í dag gerði jeg grein fyrir skoðun minni í þessu máli, og jeg þykist hafa rökstutt þá skoðun svo, að jeg þurfi ekki að endurtaka það. En mig langar til að minna á það, að till. þær, sem jeg og meiri hluti kjörbrjefanefndar bárum fram í þessu máli, sýnast vera í fullu samræmi við venjur, sem skapast hefir verið föstum alstaðar á Norðurlöndum.

Þetta getur hver, sem vill, sannfært sig um með því að lesa símskeytin.

Jeg neyðist til þess að átelja hæstv. dómsmrh. fyrir það, að í svari sínu til mín sagði hann, að jeg hefði tilhneigingu til þess að syngja vögguljóð yfir glæpum og lögbrotum. Hann sagði frá því með mikilli gleði, að það væru altaf að komast upp fleiri og fleiri falsanir. Það hefði t. d. komist upp ein fölsun í gær og önnur í dag. Hann sagði frá þessu í þeim tón, að ætla hefði mátt, að hann vildi halda þjóðhátíð í tilefni af þessum svikum og fölsunum.

Jeg hefi skýrlega lýst yfir því, að jeg áliti það sjálfsagt að hegna harðlega fyrir hin glæpsamlegu atriði í þessu máli, ef það sannaðist, hver væri sekur í þeim. Og í blaðinu Íslandi, sem dómsmrh. og fleiri segja að standi nálægt mjer, eru þessi orð: „Að sjálfsögðu á að hegna harðlega fyrir glæpsamlegt athæfi, en armur hegningarlaganna má ekki ná lengra en til þeirra seku.“ Með öðrum orðum, hjer er lögð áhersla á það, að það eigi að taka hart á kosningasvikunum.

Hæstv. dómsmrh. má ekki leyfa sjer að bera mjer það á brýn, að jeg vilji syngja vögguljóð yfir glæpum og svikum, einmitt um leið og jeg lýsi yfir því og legg áherslu á það, að það beri að hegna harðlega fyrir slíkt athæfi. Hæstv. dómsmrh. hefir ekki leyfi til þess að gera það.

Hæstv. dómsmrh. fór ekki rjett með orð mín á fleiri sviðum, en það skiftir nú minna máli. Hann sagði, að jeg hefði verið að tala um einhvern stóran flokk, sem mundi mylja alt og merja undir sjer, og einhvern nýjan Napoleon.

Jeg sagði aðeins, að þótt frjálslyndi flokkurinn væri enn sem komið væri lítill, þá gæti verið, að hann hefði þau málin á stefnuskrá sinni, sem bæði hæstv. dómsmrh. og aðrir yrðu að beygja knje fyrir. Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri von, að jeg talaði af gremju, því að veröldin hefði ekki gefið mjer svo mikið meðhald. Jæja, jeg vanþakka veröldinni ekki neitt, en jeg verð að minna hæstv. dómsmrh. á það, að hann stendur nú á valdatindinum, og það gæti því verið, að veröldin ætti eftir að snúa annari hlið að honum. Það er nú svo í þessum heimi, að það, sem er mikils virði, sætir oft andstöðu í byrjun, en það, sem er lítils eða einskis virði, flýtur stundum ofan á í bili. Og jeg get ekki stilt mig um að segja það, að það gæti farið svo fyrir hæstv. dómsmrh., ef hann heldur áfram á stjórnmálabraut sinni eins og af er, að honum kynni að finnast veröldin strjúka nokkuð kalt um vangann áður lyki.

Það er ánægjulegt að verða við og við var við þá drengskaparmenn hjer á Alþingi, sem ekki kæra sig um meiri hluta eða flokksaga, heldur fara aðeins eftir því, sem þeim finst rjett. Þetta flaug mjer í hug, þegar hæstv. fjmrh. talaði hjer í kvöld. Jeg er sannfærður um það, að orð hans muni hafa lítið bergmál innan Framsóknarflokksins. En jeg virði hann því meira fyrir það, að hann lítur ekki á það, heldur rjettlætið eitt. Og eftir þá hörðu árás, sem hæstv. dómsmrh. hefir hjer gert í kvöld á þá, sem muni samþykkja þessa kosningu, verð jeg að segja það, að mjer finst sú árás vera farin að ná nokkuð langt og snúast nokkuð hart gegn hans eigin flokki, þegar tveir einhverjir mætustu menn flokksins, eins og hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), hafa lýst því yfir, að þeir muni greiða atkvæði sitt með því að samþykkja hana.

Ef ónýta ætti þessa kosningu, á móti okkar eigin reglum og á móti þeim reglum, sem gilda um öll Norðurlönd, — hvaða ályktun má þá ætla, að dregin verði af því hjer og annarsstaðar? Jeg býst við, að það mundi þykja benda til þess, að þessi sýsla, sem hjer um ræðir, Norður-Ísafjarðarsýsla, væri með öllu gerspilt. En þegar það er athugað, annarsvegar, að opinberri rannsókn hefir aðeins verið beint gegn utankjörstaðaratkvæðum, og hinsvegar, að þótt þau öll sjeu talin Finni Jónssyni, þá hefir JAJ þó á annað hundrað atkvæði fram yfir Finn Jónsson, þá sje jeg ekki, að nokkrum manni þurfi að vera það vafamál, að það beri að greiða atkvæði með því, að þessi kosning verði tekin gild. Og jeg áliti það vansæmd fyrir Alþingi og þjóðina í heild sinni, ef öðruvísi færi.

Jeg álít það ósæmilega aðdróttun til kjósenda í Norður-Ísafjarðarsýslu, og jeg álít, að ekkert þing hafi leyfi til þess að setja slíkan spillingarstimpil á nokkurt kjördæmi, sem þetta háa Alþingi mundi setja á Norður-Ísafjarðarsýslu, ef það gerði þessa kosningu ógilda, þvert ofan í allar reglur og venjur hjer og annarsstaðar.

Sannarlega mun jeg greiða atkvæði með því, að kosningin sje tekin gild.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Dal. var svo bljúgur í þessari ræðu sinni, eins og hann þættist vilja reyna að lægja þær öldur, sem risið hafa hjer í umræðunum um þetta mál. (**SE:** Jeg gleymdi dönsku peningunum!). Hv. þm. hefði átt að tala um þá. Það hefði verið fróðlegt að heyra athugasemdir hans um það mál. Og þeim skyldi verða svarað. (**SE:** Þær koma!). Já, komi þær bara!

Jeg þarf þá að víkja dálítið að hv. 3. landsk., og skal reyna að haga svo orðum mínum, að hann þurfi ekki að svara, en vona, að hæstv. forseti gefi honum leyfi til þess, ef hann skyldi finna ástæðu til þess.

Jeg skil vel, að það liggi illa á hv. 3. landsk. í kvöld. (**JÞ:** Þvert á móti!). Það er sama sorgin, sem sollið hefir í brjóstum annara íhaldsmanna síðan eftir kosningar í sumar. Það hafði verið reynt að koma þeirri trú inn hjá landsmönnum, að það gætu ekki aðrir en íhaldsmenn farið með völdin á Íslandi, og það kvað svo ramt að þessu, að íhaldsstjórnin var farin að trúa þessu sjálf, og einmitt þess vegna munu kosningarnar í sumar

hafa verið sjerstakt sorgarefni fyrir háttv. 3. landsk., því að þær sýndu greinilega, að sú trú var ekki rótgróin með þjóðinni.

Það vita allir, hve ákaft og lengi hann hafði langað til þess að komast í stjórn og hve ákafar og margar tilraunir hann gerði til þess að verða forsrh. á þinginu 1924. Og það er búið að lýsa því, hvernig hann komst loksins í þann sess.

En það lítur út fyrir, að ólánið hafi stöðugt elt þennan háttv. þm., því að þegar hann varð loksins ráðherra í stjórn Jóns Magnússonar, lenti það t. d. á honum að verða 13. ráðherrann á Íslandi. Hv. 3. landsk. huggar sig ef til vill við það, að hans verði þó altaf getið í sögunni, jafnvel þótt hann hafi verið sá 13.

Jeg skal nú ekki spá neinu um það, hvern vitnisburð sagan muni gefa honum, en jeg býst ekki við, að hann verði eins glæsilegur og hann heldur sjálfur, og getur verið, að háttv. 3. landsk. sje ef til vill farinn að sjá það sjálfur. Mjer kæmi það ekkert á óvart, þótt það kynni einhverntíma að komast upp, að hann hefði aldrei átt skilið að verða ráðherra, vegna þess að það atkvæði, sem hann tylti sjer á upp í ráðherrastólinn, hefði ekki verið vel fengið. Í vanmáttugri reiði sinni yfir því, hvernig dómur þjóðarinnar gekk á móti honum og hvernig þjóðin hefir nú lagt hann til hliðar og sýnt honum vanþóknun sína, reynir hann nú af veikum 'mætti að hefna sín á andstæðingum sínum. Í vanmáttugri reiði sinni, segi jeg, því að fæstum, sem kunnugir eru íslenskum stjórnmálum, mun detta í hug, að háttv. 3. landsk. muni nokkurntíma komast í stjórn á Íslandi framar.

Allir þekkja brölt þessa hv. þm. til þess að komast á þing, hvernig hann fjell í hverju kjördæminu á fætur öðru, þangað til hann loksins var settur í örugt sæti í Reykjavík. En svo raunaleg, sem byrjunin var, er þó áframhaldið nú orðið enn raunalegra, og væri æskilegt, að slíkt ætti ekki eftir að koma fyrir neinn íslenskan stjórnmálamann.

Hv. 3. landsk. var að lepja það upp úr hinu danska Morgunblaði, að Alþýðuflokkurinn sje keyptur fyrir erlent fje. Nú vissi hv. 3. landsk. vel, að einn íhaldsritstjóri, og einmitt sá, sem talinn er einna merkilegastur þeirra, hefir skrifað um þetta mál í annað höfuðmálgagn Íhaldsflokksins, og þann veg, að honum fanst það ekki nema eðlilegt, að jafnaðarmenn, sem eru í alþjóðlegum fjelagsskap, styrktu hverjir aðra. Og þessum ritstjóra var ekki meiri launung á þessari skoðun sinni en það, að hann skrifaði um þetta í blaðið Vörð, og lýsti meira að segja yfir því, að sjer fyndist það einna fallegast í fari jafnaðarmanna, hve vel þeir styddu og styrktu hver annan í baráttu sinni.

Annars finst mjer það ekkert úr vegi í þessu sambandi að spyrja háttv. 3. landsk. sjálfan, hvort *hann* hafi slegið hendinni á móti öllum þeim dönsku krónum, sem að honum hafa verið rjettar um æfina. Þeim, sem þekkja hv. þm. vel, þykir það ekkert sjerlega líklegt. Það er ekki lengra síðan en í sumar, að honum var falið trúnaðarstarf fyrir Dani hjer á Íslandi. Stórdanir fundu þá engan mann á öllu Ís-

landi, sem væri líklegri til þess og vildi fremur en hv. 3. landsk. gæta hagsmuna þeirra hjer.

Fyrst hv. 3. landsk. var að rifja upp slúðursögur úr málgagni danskra kaupmanna í Reykjavík, þá gat jeg ekki verið að hlífa honum við því að rifja þetta upp líka. Annars er hv. 3. landsk. í svo raunalegu skapi, að það er ekki gustuk að vera að hrella hann, enda hefi jeg farið varlega í þessar sakir, vegna þess hve oft hann hefir þegar talað, og getur því ef til vill ekki svarað fyrir sig.

Ólafur Thors: Það er aðeins stutt athugasemd. Jeg skal leiða hjá mjer að svara því, sem formaður Stauningsflokksins á Íslandi sagði. En það eru aðrir þm., sem jeg þarf að svara stuttlega.

Hv. 2. þm. Reykv. (HjV) sagði, að það væri venja mín að reka menn úr atvinnu fyrir pólitískar skoðanir.

Þetta lýsi jeg rakalaus ósannindi. Það fjelag, sem jeg veiti forstöðu, veitir mörgum hundruðum manna atvinnu, og jeg held það ættu allir að geta sjeð, að það hljóti að vera erfitt að velja menn úr þeim hópi eftir pólitískum skoðunum, enda hefi jeg aldrei haft neina tilhneigingu til þess og mun aldrei hafa.

Jeg vík mjer þá að hv. þm. A.-Sk., formanni Framsóknarflokksins. Hann fann ástæðu til þess að standa upp og mótmæla f. h. flokksins þeim ummælum, sem jeg hafði um þann dóm, sem jeg áleit, að Framsóknarflokkurinn hefði kveðið upp yfir hæstv. dómsmrh. við stjórnarmyndunina í sumar.

Hann sagði, að jeg gæti ekkert fullyrt um það, sem þar hefði gerst, vegna þess að jeg hefði verið þar hvergi nærri.

Mjer finst þessi rök ekki mikils virði. Jeg vil benda hv. þm. á það, að jeg var hvergi nærstaddur kosningu til Alþingis í Austur-Skaftafellssýslu í sumar, en jeg treysti mjer samt hiklaust til að fullyrða, að hann hafi notið fulls trausts kjósenda í Austur-Skaftafellssýslu til þess að taka við því trúnaðarstarfi að vera fulltrúi þess kjördæmis hjer á Alþingi, og jeg byggi það á þeirri staðreynd, að hann skipar nú það sæti. Alveg á sama hátt get jeg vel ályktað um gerðir Framsóknarflokksins við stjórnarmyndunina í sumar út frá þeim staðreyndum, sem nú liggja fyrir. Flokkurinn kvað þá upp þann dóm yfir þeim manni, sem nú er dómsmrh., að hann væri ekki bær til þess að skipa forsætið.

Nú er það alment viðurkent, að forsætið sje virðulegasta sæti stjórnarinnar. Enginn nefndi hæstv. núverandi dómsmrh. (JJ) til þeirrar tignar. Sjálfsagt hefði einhver orðið til þess, ef fyrri framkoma hans hjer á Alþingi og á stjórnmálavellinum yfirleitt hefði ekki verið sú, er jeg áður hefi lýst. Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) skýrði frá því, að hæstv. dómsmrh. hefði stuðlað að því, að núverandi hæstv. forsrh. kæmist í það sæti, sem hann nú skipar. Það má vel vera, að hæstv. dómsmrh. hafi gert þetta. En hvernig? Jú, því er auðsvarað. Með því að vera búinn með öllu framferði í opinberum málum á undanförnum árum að bola frá þeim manninum, sem hættulegastur keppinautur var núv. hæstv. for-

sætisráðherra, þ. e. hæstv. núv. dómsmálaráðherra.

Jeg má til með að víkja nokkrum orðum sjerstaklega að ummælum hæstv. dómsmrh. Af þeim orðum, sem hann lætur falla um þetta kosningamál, er helst að ráða, að hann vilji telja mönnum trú um, að Íhaldsflokkurinn vilji taka vægum höndum á glæpum þeim, sem kunna að hafa verið framdir í sambandi við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. En jeg vil biðja hv. þm. að athuga það, að rannsókn þeirra glæpa er nú fyrir dómstólunum, og þar fá þeir seku sinn dóm á sínum tíma.

Hæstv. dómsmrh. ljet í ljós, að sjer hefði skilist, að jeg mundi vera maður þekkingarsnauður og huglítill, en jeg hefði orðið auðmjúkur við þá hirtingu, sem hann hefði gefið mjer. Jeg veit satt að segja ekki, hvar hæstv. dómsmrh. hefir orðið var við auðmýkt í síðustu ræðu minni. Fanst honum jeg skirrast við að segja honum til syndanna? Jeg skal fúslega játa, að hæstv. dómsmrh. á miklu verra skilið en það, sem jeg bar á hann. En hitt hafði jeg ekki haldið, að honum myndi þykja það. En sje svo, má af því marka, að samviska hans hefir rumskað. Við virðumst hafa nokkuð svipaða heimspeki í uppeldismálum, hæstv. dómsmrh. og jeg. Jeg er einmitt þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sje að beita hann hörðu, til þess að fá hann til að taka sjer fram. Jeg hefi beitt þeirri aðferð, og hún er farin að hafa áhrif á hann. Í sinni seinustu ræðu var hann mun auðmýkri en áður.

Ekki veit jeg, hvort mjer er það veglega starf ætlað að annast siðferðilegt uppeldi hæstv. dómsmrh. Jeg hefi nú góða von um, að mjer mundi takast að ala hann vel upp, ef jeg legði stund á það. Jeg held, að í honum búi ýmislegt gott. En enn er það álitamál, hvort það borgar sig að vinna úr honum gullið. (**Forseti:** 5 mínútur eru liðnar). Hefir ákvæðum um ræðutíma ávalt verið svona fast fylgt fram? (**Forseti:** Af mjer).

Haraldur Guðmundsson: Þó að mjer þyki það leiðinlegt, verð jeg að hjálpa skilningi háttv. 2. þm. G.-K. á kærunni út af kosningunni á Ísafirði 1923. Sjálf kosningakæran var bygð á kosningagöllum, sem orðið höfðu hjá undir- og yfirkjörstjórn. Á þeim misfellum reistu kærendurnir kröfu sína um, að Haraldur Guðmundsson yrði úrskurðaður rjett kjörinn þingmaður. En auk þess taka þeir fram, að saknæmt framferði muni hafa átt sjer stað. En á þeim sakargiftum bygðu þeir alls ekki kröfu sína um ógilding á úrskurði kjörstjórnar. Hinsvegar óskuðu þeir skörulegrar rannsóknar á því framferði. Háttv. þm. gerir sig beinlínis sekan um skjalafölsun, þar sem hann hefir haft kæruna fyrir framan sig og leyfir sjer þó að halda slíku fram. Er hart, að það skuli koma fyrir mann hjer á hv. Alþingi.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) ljet sjer nokkuð stór orð um munn fara. Hann sagði, að Íhaldsflokkurinn mundi ekki deyja. (**MG:** Það sagði jeg ekki). Vera má, að háttv. þm. hafi ekki notað nákvæmlega sömu orð og jeg nú, en ekki urðu ummælin þó skilin á aðra leið en þessa. Jeg held, að þessi ummæli hans muni ósannast. Jeg hefi enga trú á því, að Íhaldsflokkurinn sje ódauðlegur. Og dauðamörkin sjást

þegar í þeirri viðleitni, sem á sjer stað innan flokksins til að losna við nafn sitt. Líklegast kemst nafnbreytingin fram, og þá verður Íhaldsflokkurinn sem slíkur að teljast dauður, en hitt er auðvitað alveg víst, að andinn lifir og verður hinn sami, hvert sem nafnið verður, meðan forráðamennirnir eru hinir sömu. En þess er jeg fullviss, og jeg vil leggja áherslu á það, að ein aðalástæðan til nafnbreytingarinnar mun einmitt verða Hnífsdalsmálið og sá stóri, svarti blettur, sem blöð flokksins og afskifti hans öll af því ljóta máli hafa sett á nafn hans.

Það er nú bert, að Íhaldsmenn eru nú farnir að sjá, hve illa aðstöðu þeir hafa í málinu. Undanhaldið frá þeirra hálfu hjer í þinginu er merki þess. Þeir linast stöðugt í vörninni. **(Forsrh. TrÞ:** Þeir hafa lensað).

Nú vil jeg víkja máli mínu að háttv. 3. landsk. (JÞ). Hann dirfðist að hafa þau ummæli, að framkoma flokkanna á Ísafirði mundi hafa verið svipuð í kosningum. Þetta er svívirðilegur áburður á Alþýðuflokkinn. Enginn hefir hingað til þorað að bendla hann við samskonar kosningabrögð og Íhaldsmenn hafa gert sig seka í. Jeg þykist vita, að hv. þm. muni heldur ekki meina þetta í alvöru; þá hefði hann auðvitað stutt ummæli sín með einhverjum rökum. Ummæli hans eru komin fram út úr vandræðum og eru ætluð til þess eins að sverta andstæðinga og leiða hugann frá sök samherja.

Hv. 3. landsk. talaði um „danska gullið". Mjer kom það ekki á óvart. Hann hefir þar lært af þjónum flokksins, ritstj. Morgunblaðsins. Þegar þeir höfðu orðið sjer til skammar með afskiftum sínum af hneykslismálum, þessu, sem hjer um ræðir, og fleirum, gripu þeir til þess óyndisúrræðis að reyna að gera hávaða út af „danska gullinu", meðan þeirra eigin ávirðingar væru að falla í gleymsku.

Á sama hátt er þessu varið með hv. þm., hann er rökþrota, sjer, hve aðstaða íhaldsins og forkólfa þess er ill og óhæg. Út úr þessum vandræðum reynir hann svo að feta í fótspor Morgunblaðsritstjóranna og blanda alveg óskyldu máli inn í umræðurnar, máli, sem á engan hátt er hægt að leggja Alþýðuflokknum út til ámælis, eins og viðurkent er af skástu mönnum íhaldsins. **(Forseti:** 5 mínútur eru liðnar). Jeg hefi aðeins talað tvisvar áður. **(Forseti:** Háttv. þm. hefir ekki framsögu og má því ekki halda nema 2 ræður). Þá er að taka því.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi hingað til setið þegjandi í þessu máli og hafði ætlað mjer að sitja hjá í umræðunum. Jeg hjelt satt að segja ekki, að hæstv. dómsmrh. og aðrir þeir, sem honum fylgja að málum, mundu fara að ámæla þeim, sem ekki tala. En þegar farið er að ögra oss Íhaldsmönnum til að tala og gefið er í skyn, að vjer sjeum að láta undan síga, þykist jeg ekki geta látið það hlutlaust.

Svo var að skilja á hv. síðasta ræðumanni (HG), að hann væri að ámæla oss Íhaldsmönnum fyrir það, að vjer verðum nú ekki svikin í Hnífsdalsmálinu. En jeg tel það ekki mitt hlutverk að verja svik. Jeg er ekki svo blindaður af flokksofstæki, að jeg álíti, að hv. Alþingi sje sá vettvangur, þar sem eigi að verja svik. Það getur ver-

ið, að hv. þm. Ísaf. sje á gagnstæðri skoðun.

Jeg viðurkenni fúslega, að það muni vera sannað, að einhverjir hafi haft svik í frammi við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. En það mál er nú í höndum rjettra aðilja. Því vil jeg ekki gera neinar ágiskanir. Hitt er mjer fyllilega ljóst, eins og mörgum öðrum hv. þm., að þegar meiri hluti þingsins samþykti að útiloka Jón A. Jónsson frá þingsetu um tíma, var um flokksofbeldi að ræða. Þessi hv. meiri hluti hlaut að vita, að sú útilokun gat ekki orðið nema um stuttan tíma. Það er nú þegar viðurkent, að misfellur þær, sem áttu sjer stað, gátu engin áhrif haft á úrslit kosninganna. Frestunin á því að samþykkja kosningu Jóns A. Jónssonar er því augljóst ranglæti.

Hæstv. dómsmrh. vitnar mjög í það, sem gerist í samskonar málum í öðrum löndum. En jeg tók eftir, að hann hagaði orðum sínum óvenju varkárlega, þegar hann var að tala um venjur þær, sem giltu í Englandi. Jeg skil líka naumast í því, að þeim reglum, sem hann talaði um, sje beitt fullkomlega eins og hann sagði. En þeim reglum vill hann nú koma á hjer á landi.

Jeg er á sama máli og hæstv. fjmrh. um það, að litlar líkur sjeu til þess, að Alþingi takist nú að mynda sígilt fordæmi um meðferð mála eins og þess, sem nú liggur fyrir.

Háttv. þm. stjórnarflokkanna hafa gert mikið að því að lýsa þeirri hlutdrægni, sem blöð Íhaldsflokksins hafi sýnt í Hnífsdalsmálinu, og óvináttu til allrar rannsóknar á því. En jeg vil leyfa mjer að benda á það, að andstæðingar Íhaldsflokksins hafa ekki verið hlutlausir í þessu máli. Tvö aðalblöð stjórnarinnar, Alþýðublaðið og Tíminn, sjerstaklega hið fyrnefnda, hafa altaf frá upphafi bendlað einn sjerstakan flokk við svikin. Ekki höfðu fyr frjetst atburðirnir í Hnífsdal en farið var að nota þá til þess að hnekkja kosningu íhaldsmanna víðsvegar um land. Svo var t. d. í mínu kjördæmi. Andstæðingarnir báru þegar sakir á alla íhaldsmenn. Blöð þeirra eignuðu svikin Íhaldsflokknum án nokkurra skýringa. Nú segir hv. 2. þm. Reykv. (HjV), að aðeins sje átt við nokkra menn í Ísafjarðarsýslu. Þetta eru miklar upplýsingar, en þær koma nokkuð seint. Fylgismenn stjórnarinnar hafa jafnan skelt skuldinni á Íhaldsflokkinn í heild sinni.

Hæstv. dómsmrh. er hróðugur yfir því, að hann hafi verið duglegur að bera sakir á andstæðinga sína, en ljeleg mótstaða sje frá þeirra hálfu. — Margir hv. þm. hafa áður setið á þingi með hæstv. dómsmrh., á meðan hann var ekki eins rishár og nú, og þreyttust flestir á að svara honum.

Einkennilegt er að heyra hæstv. dómsmrh. tala fyrst um það, að Jón A. Jónsson sje ekkert við svikin riðinn; skömmu síðar fer hann að tala um „sekt" hans. Gægist þarna fram sama hlutdrægnin og í blöðum stjórnarinnar. Enn eru þeir seku í Hnífsdalsmálinu ekki fundnir. En jeg staðhæfi, að íhaldsmönnum víðsvegar um land sje ekki síður en öðrum áhugamál, að þeir finnist og fái rjettmæta hegningu. Það er ósæmilegt að væna heilan stjórnmálaflokk um það, að hann vilji halda hlífiskildi yfir svikum. Hæstv. dómsmrh. sagði, að í framtíðinni væri ekki kosningasvika að vænta frá öðrum en íhaldsmönnum. **(Dómsmrh. J-**

J: Það sagði jeg aldrei). Jeg heyrði hæstv. dómsmrh. segja þetta, en það getur verið, að hann hafi ekki heyrt til sín sjálfur.

Eins og jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, hefði jeg helst kosið að þurfa ekki að lengja þessar umræður. En jeg vildi ekki þola brýningar hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Ísaf. (HG). Hjá fylgismönnum stjórnarinnar rekur hver óhæfan aðra. Það er ósæmilegt að láta alla kosningabæra menn í N.-Ísafjarðarsýslu gjalda þess, að einhverjir svikahrappar hafa framið glæp í Hnífsdal. Enn svívirðilegra er þó að kenna íhaldsmönnum sem stjórnmálaflokki um fölsunina.

Hæstv. dómsmrh. er mjög upp með sjer af því, að flokkur sinn skuli hafa falið sjer að vera „vörður laga, siða og rjettlætis" í landinu, eins og hann orðar það. Hann hefir oft sagt hjer áður en hann komst í það sæti, sem hann nú er í, að embættismönnum þeim, er hann var að færa að í það og það sinni, myndi hafa verið ætlað að fá vit með embættisveitingunni. Jeg vil enda mál mitt með því að óska hæstv. dómsmrh. þess, að honum gefist meira vit framvegis til þess að rækja sitt vandasama starf en framkoma hans í því fram að þessu ber vott um í flestum greinum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg verð að þakka óvenjulegt traust, sem jeg hefi hlotið frá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Honum finst það nú mjög mikilsvert atriði í Hnífsdalsmálinu, að jeg eigi að vera forsrh. Þykist hann endilega þurfa að lýsa yfir því, að hann hafi meira álit á mjer en hæstv. forsrh. **(ÓTh:** Nei). En jeg hefi, satt að segja, aldrei haft neina löngun til að steypa hæstv. forsrh. **(ÓTh:** Hæstv. dómsmrh. getur það ekki). Ef jeg ætti að geta það, þyrfti jeg fyrst að vilja það. Annars eru nú þegar auðsæ áhrif þeirrar hirtingar, sem jeg hefi gefið hv. 2. þm. G.-K., því að nú er hann farinn að lofa mig.

Rök hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Dal. eru mjög svipuð. Báðir telja þeir það rangt gegn Jóni A. Jónssyni að ógilda kosninguna. En jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. Dal. og háttv. Íhaldsmönnum á úrskurðinn um kosninguna í Vestur-Ísafjarðarsýslu á þinginu 1912. Þar sátu 3 hv. þm., sem nú eru meðal þm. Íhaldsflokksins, og hv. þm. Dal. Munurinn á Kristni Daníelssyni og Matthíasi Ólafssyni var 21 atkv. Þó var kosning K. D. dæmd ógild, en M. Ó. tekinn inn í þingið. Hver var ástæðan? Þá var ekkert athugavert annað en það, að 21 seðill var krossbrotinn, í stað þess að vera brotinn einu sinni. Ef við berum þann smágalla saman við alt, sem hjer hefir verið útmálað í dag, öll svikin og þá miklu samúð, sem svikurunum hefir verið sýnd af háttsettum íhaldsmönnum, og gekk í þá átt að kæfa hina „juridisku" rannsókn, þá hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu, að það, sem heimastjórnin gerði 1912 og hv. þm. Dal. studdi, er óafsakanlegt rjettarmorð gagnvart Kristni Daníelssyni, svo framarlega sem kosning Jóns Auðuns Jónssonar verður tekin gild. Nú hugsa jeg, að hv. þm. Dal. segi, að hann hafi sent Kristin Daníelsson heim samkvæmt bestu samvisku. Jeg efast ekki heldur um, að það sje satt. Hans samviska hefir sjálfsagt verið góð og glöð þá, eins og hún er nú í

kvöld, þegar hann ætlar að greiða atkvæði með kosningasvikunum. Þó hefir hann ekki fyrirvara hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hv. 1. þm. S.-M. lýsti yfir því, að hann áliti þau svik, sem höfð hafa verið í frammi, hina mestu andstygð, og að nauðsynlegt sje að breyta kosningalöggjöfinni, til þess að girða fyrir, að slíkt komi fyrir aftur. En ekki er þessu að heilsa um hv. þm. Dal. (**SE:** Jeg heimtaði einmitt, að þeim seku yrði hegnt). Já, ef næðist í þá núna. En hv. þm. sjer ekki eða vill ekki sjá nauðsynina á að endurbæta kosningalöggjöfina, og þess vegna er regindjúp á milli hans og hv. 1. þm. S.-M. Annar syngur vögguljóð yfir spillingunni, en hinn vill bæla hana niður.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að „Tíminn" hefði flutt hlutdrægar og æsingafullar greinar um þetta mál. Jeg hygg, að ef skorið yrði úr því með dómi, hvort væri hlutdrægara, Tíminn eða blað íhaldsmanna. Morgunblaðið, þá mundi Morgunblaðið tapa, jafnvel fyrir hvað ranglátum dómstóli sem væri. Tíminn hefir verið algerlega hlutlaus um þetta mál, en hann hefir vítt framkomu þingmannsefnisins, Jóns Auðuns Jónssonar, fyrir rjettinum.

Háttv. þm. sagði, að jeg hefði lýst yfir því, að jeg væri viss um sakleysi Jóns Auðuns Jónssonar. Það er misskilningur. Jeg er ekki viss um sakleysi Jóns Auðuns Jónssonar, en hinsvegar hefi jeg aldrei haldið því gagnstæða fram. Bókun þm. hjá rannsóknardómaranum sýnir þrjóskufulla samúð Jóns Auðuns Jónssonar með illum málstað, og jeg verð að segja, að þegar alt logar í svikum þar vestra, er einkennilegt, að hann skuli ekkert vita. Annars kom fram sama skoðunin hjá þessum hv. þm. (JJós) og hv. þm. Dal. (SE). Þeir álíta nægilegt, að dómstólarnir hegni þeim, sem svikin sannast á. En Alþingi hefir enga skyldu að þeirra dómi. Þingið 1912 hafði þó skyldu til þess að senda heim Kristin Daníelsson. (**JJós:** Nú liggur engin kæra fyrir þinginu, eins og 1912). Nei, en hv. þm. veit, að ef þingið álítur svo, getur það ónýtt kosninguna.

Háttv. þm. sagðist óska þess, að þeir rjettu seku fyndust. Það er gott. En þess virðist ekki hafa verið óskað í sumar, þegar rannsóknin sofnaði út af í höndum íhaldsstjórnarinnar. Af hverju var beðið þá? (**JJós:** Því hefir verið svarað). Já, en það var einmitt það versta og óviturlegasta, sem hægt var að gera, enda hafa bestu lögfræðingar bæjarins haldið því fram, að það hafi einmitt verið allra fyrstu dagarnir eftir að glæpurinn var framinn, sem mest reið á að nota. Þegar frá leið, höfðu glæpamennirnir tóm til þess að bera sig saman, og þá var öll rannsókn örðugri viðfangs. Nei, í þeirri óforsvaranlegu töf, sem varð á rannsókninni, kemur ekki fram löngun til þess að láta hina seku finnast, og ekki heldur í skeyti Sigurðar Kristjánssonar, þar sem hann lýsir því átakanlega, að Eggert hafi verið tekinn nakinn upp úr rúminu, fárveikur, og fluttur í vörubifreið inn til bæjarins. Þá má nefna mótstöðuna gegn því, að þeir Eggert og Hálfdán væru settir í gæsluvarðhald. Hvenær þorsti Íhaldsins eftir rjettlæti kemur fram, veit jeg ekki. Það er kannske fyrst í skeytinu frá Ögri. Morgunblaðið sýnir sitt göfuga hugarfar, þegar það leyfir sjer að senda rannsóknardómaranum dylgjur og hnútur fyrir starf hans. Þannig er

haldið áfram, leynt og ljóst, að tortryggja rannsóknina og dómarinn er beinlínis ofsóttur. Og hvað hefir hann til saka unnið? Það, að af einum manni hefir aldrei verið gerð hjer jafnglæsileg, skarpskygnisleg og djúpsæ rannsókn, síðan Ísland varð sjálfstætt ríki. Jeg verð að segja, að það er undarlegt, hvernig rannsóknardómarinn hefir verið ofsóttur og hve frábærlega vel hann hefir unnið verk sitt.

Jeg vil gjarnan láta háttv. 1. þm. Skagf. (MG) njóta þess sannmælis, að hann hefir reynt að hafa sefandi áhrif á ofstækismennina fyrir vestan, en það hefir því miður lítinn árangur borið hingað til.

Hv. þm. Vestm. (JJós) hafði eftir mjer, að jeg byggist við, að í framtíðinni væri ekki kosningasvika að vænta frá öðrum en Íhaldsmönnum. Jeg leyfi mjer að skjóta því til allra, sem hlustað hafa á mál mitt í kvöld, hvort þarna er rjett með farið. Hitt er annað mál, að reynslan sýnir, að aldrei hefir fallið grunur um slíkt á neinn annan stjórnmálaflokk í landinu. Það er álitið, að á Akureyri hafi verið brúkaðar mútur 1923 til framdráttar Birni Líndal. Ekki af honum sjálfum, heldur af útlendu steinolíufjelagi, til þess að fella þann mann, sem hafði bjargað við smábátaútvegi landsins. Og það er athugavert, hvernig kosningin fór á Akureyri í sumar, þegar ekki er lengur barist um líf eða dauða útlendra hagsmuna.

Háttv. þm. sagði, að jeg væri mjög hreykinn af því, að flokkur minn skyldi hafa valið mig til þess að vera vörður siða og rjettlætis í landinu. Jeg hefi ekki hælt mjer fyrir neitt, en hv 2. þm. G.-K. hefir hælt mjer mikið, og það fullkomlega án beiðni frá mjer. Það hefir verið mitt hlutskifti undanfarnar vikur að reyna að bæta úr sljóleik og vanrækslu fyrirrennara minna í ýmsum mikilsverðum málum, svo sem áfengis- og sjóðþurðarmálum. En þó að samanburður á verkum mínum og fyrirrennara minna gæti orðið mjer í hag, þá er það ekki mikið hól, þegar litið er á verk þeirra undanfarin ár.

Sigurður Eggerz „Qvousque tandem abutere, Catilina, patientia nostra." Hve lengi ætlar þú að þreyta þolinmæði okkar, Catilína!

Þessi orð komu mjer í hug, er jeg hlýddi á ræðu hæstv. dómsmrh. Og mjer finst, að að því hljóti einnig að reka, að hinni miklu þolinmæði Framsóknarflokksins verði einnig misboðið.

Kosningin í Vestur-Ísafjarðarsýslu kemur þessu máli ekki við. Þó get jeg tekið fram, að vel má vera, að jeg hefði nú eftir fleiri ára reynslu ekki litið eins mikið á bókstaf laganna eins og jeg gerði þá. En eftir ströngum lagabókstaf voru hinir margbrotnu kjörseðlar ógildir. En hæstv. dómsmrh. (JJ) ætti sem minst að tala um lögin. Þau hafa reynst brothætt í höndum hans. Sannleikurinn hefir einnig verið brothættur í höndum hans. Hæstv. dómsmrh. getur ekki einu sinni farið með sannleikann hjer á þessum fundi. Hann leyfir sjer að segja, að jeg sje að syngja vögguljóð yfir svikum og spillingu, jeg, sem hefi heimtað ítarlega rannsókn og hegningu hinna seku, jafnt í þessu sakamáli sem öðrum. Þetta má sá maður ekki segja, sem er dómsmálaráðherra. Hjer er ekki um annað að ræða en það, hvort

fylgja skuli þeim reglum, sem gilda bæði á Íslandi og í Norðurlöndum yfirleitt, um það, hvort kosning þingmannsefnis skuli tekin gild eða ekki. Sakamálsatriðið er mál út af fyrir sig, sem heyrir undir hegningarlögin.

Hæstv. dómsmrh. er laust um að bera sakir á menn, og þær ekki allar sem sannastar. Að því rekur, að Framsóknarmönnum mun reynast þungbært að hafa hann fyrir dómsmálaráðherra. **(Dómsmrh. JJ:** Eru þetta hótanir?). Nei, það eru ekki hótanir. Jeg er frjáls maður og fulltrúi þjóðarinnar. Jeg hefi ekki aðeins rjett til að ávíta það, sem hætta stafar af fyrir alment velsæmi, heldur er það beinlínis skylda mín.

Hjeðinn Valdimarsson: Háttv. 3. landsk. (JÞ) og hv. þm. Vestm. (JJós) höfðu eftir mjer, að jeg teldi kosningavjel Íhaldsflokksins eingöngu seka um kosningasvikin í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er rjett, að jeg álít svikin vera af völdum kosningavjelarinnar fyrir vestan. En þar með er ekki sagt, að ekki sjeu fleiri sekir en óbreyttir liðsmennirnir. Hver stjórnar kosningavjelinni þar vestra? Það atriði er enn ekki upplýst. En höndin, sem framkvæmir, er ekki sekari en heilinn, sem hugsar.

Háttv. þm. höfðu eftir mjer, að jeg hefði viðurkent, að Íhaldsflokkurinn væri ekki sekur um kosningasvikin. Ef hv. þm. eiga við óbreytta kjósendur Íhaldsflokksins, þá er þetta rjett. En hverju ráða kjósendurnir? Engu. Það er ekki þannig, að þeir kjósi flokksstjórn sína. Það eru sjálfvaldir menn, sem ráða stefnu flokksins. Þess vegna eru það forráðamennirnir í Íhaldsflokknum, sem stjórna Morgunblaðinu og Vesturlandi, sem eru samsekir í Hnífsdalshneykslinu.

Hv. þm. Vestm. gat um hlutdrægni í skrifum Alþýðublaðsins um þetta mál og vill með þessu afsaka hlutdrægni íhaldsblaðanna. En hann getur ekki bent á eitt einasta Alþýðublað, þar sem sagt er frá máli þessu af hlutdrægni. Blaðið hefir átalið tómlæti fyrverandi stjórnar og hinar ósæmilegu aðfarir Íhaldsmanna í þeim tilgangi að tefja fyrir rannsókninni, en ekkert þar fram yfir. En eftir að íhaldsblöðin hafa hamast eins og þau hafa gert, og þegar maður veit, hve mikil áhrif miðstjórn Íhaldsflokksins hefir á skrif sinna blaða, þá verð jeg að segja, að á henni hvílir þung ábyrgð.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að svara hv. þm. Dal. (SE) fáeinum orðum.

Jeg býst við, að þegar flokk mínum þætti hann hafa of mikið á samviskunni með því að hafa mig fyrir dómsmálaráðherra, þá yrði höfð við mig sama aðferð og þrisvar sinnum hefir verið höfð við hv. þm. Dal. En ef jeg lærði svo af mínum fyrirrennara (SE) eins og hægt er að gera á vissan hátt, þá býst jeg ekki við, að dauðastund mín yrði átakanleg. Þegar hann fór úr ráðherrastólnum, veltist hann ekki niður, heldur steig hann upp í hina mjúku fínu sæng erlendra hluthafa, með 25 þúsund kr. á ári. Hann veitti sjer sjálfur eitthvert feitasta embætti landsins. **(SE:** Og ráðherra Framsóknarflokksins var með). Það er ekki fallegt að vera að draga af þessu. Undir brjefinu stóð: Ráðherra veitti Sigurði Eggerz. Hv. þm. Dal. framdi ekkert lagabrot

í venjulegum skilningi þess orðs. En athæfi hans var gróft brot á siðferðislögum landsins, meira að segja eitthvert það ljótasta, sem komið hefir fyrir í pólitískri sögu landsins. Þetta er ástæðan til, að hv. þm. Dal. (SE) er — kannske ekki öreigi — heldur pólitískur einyrki. Þess vegna má hv. þm. Dal. vara sig á að nefna lagabrot.

Sigurður Eggerz: Örstutt athugasemd. Jeg hefi skýrt ítarlega frá bankastjóraskipuninni í blaðagrein. Ástæðurnar fyrir henni vil jeg ekki telja hjer upp í þessu óskylda máli, en til þess að benda á hina miklu hræsni og yfirdrepskap hæstv. dómsmrh. (JJ), skal jeg geta þess, að eftir bankastjóraskipunina bauð stuðningsflokkur núverandi stjórnar, Framsóknarflokkurinn, mjer tvisvar hið allra mesta virðingarsæti, sem til er í þinginu, að vera forseti sameinaðs þings. Af því má ráða, hvernig litið hefir verið á það mál í þeim herbúðum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins benda mönnum á, hve djúpt sá maður er fallinn, sem finnur að með því að nota sína sekt til að svívirða aðra. Þessi hv. þm. (SE) álítur sig vera orðinn svo mikla grýlu, að skömm sje að segja það, að hann hafi einhverntíma getað fengið einhver atkvæði til einhvers í þinginu.

Sigurður Eggerz: Það er viðurkent af hæstv. dómsmrh., að hinn ráðandi flokkur landsins hefir eftir bankastjóraskipunina tvisvar sinnum boðið mjer að vera forseti sameinaðs þings. Enda var það svo, að eftir að jeg skýrði frá öllum rökum í þessu máli í Dalasýslu, var það til þess eins að bæta fyrir mjer, en ekki spilla.

Halldór Steinsson: Það er fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. (JJ), við hvað hann átti, þegar hann sagði, að þm. Snæf. hefði brotið þingsköpin í Ed. á síðasta þingi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg skal svara því strax. Í þingbyrjun í fyrra kom í ljós, að hv. þm. Snæf. (HSteins), sem þá var forseti, ljet nefndarkosning fara fram þannig, að beint brot var á þingsköpum. Það var til þess að hans flokksmenn kæmust í meiri hluta í tveim nefndum. Hann gaf þá fordæmið fyrir okkur nú. Þegar jeg og fleiri menn mótmæltum og m. a. einn þm. óskaði, að borið yrði undir deildina, neitaði forseti. Og þá var það, sem jeg skaut því fram, sem hv. þm. mun muna, að hæstv. forseti (HSteins) treysti deildinni mun ver til rangra úrskurða en sjálfum sjer.

Halldór Steinsson: Jeg held, að hæstv. dómsmrh. hefði manna síst átt að minnast á þetta. Það var langt frá að vera honum eða hans flokki til sóma. Hæstv. ráðh. hefir kallað þetta þingskapabrot; en jeg sýndi fram á í Ed. í fyrra, að það getur eiginlega ekki talist lögbrot, þar sem þingsköpin eru þannig úr garði gerð, að ekki er hægt að fylgja þessu ákvæði þeirra, nema því aðeins að brjóta önnur ákvæði, sem sje þau, er ákveða tölu þm. í nefndir. Þetta kom líka á daginn nú, þegar kosið var í nefndir í Ed. og forseti Framsóknarmanna stýrði kosn-

ingunni; þá hafði hann alveg sömu aðferð og jeg á síðasta þingi.

Þetta minti jeg deildarmenn á strax við kosninguna; og forseti Ed. var svo sanngjarn, að hann kannaðist við, að mín aðferð á síðasta þingi hefði verið alveg rjett. Hitt er auðvitað, að hæstv. dómsmrh. (JJ) gat ekki verið svo sanngjarn að viðurkenna það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Í fyrra vildi jeg og fleiri þm. í Ed. fá þáverandi hæstv. forseta til að hætta að brjóta lög, en það tókst ekki. Hann ljet kjósa suma sína menn í þrjár nefndir, þó að t. d. núverandi hæstv. fjmrh. (MK) væri ekki nema í einni. Þetta var alveg brot á anda og efni þingskapanna. En það mátti náttúrlega segja þeim til afsökunar, að nauðsyn brjóti lög. Meiri hluti í deildinni voru Íhaldsmenn og vildu njóta þess, — ekki þola lög, þegar þau komu þeim illa.

En svo skal jeg segja hv. þm. Snæf. (HSteins) það, að við ákváðum að nota hans eigin reglu aftur í vetur, til þess að sýna andstæðingum okkar, hvernig það væri að láta meiri hlutann taka dálítið kröftuglega á minni hlutanum. Við töldum rjett að lofa þeim að lifa um stund undir óþægindum af formi þingskapanna, sem þeir höfðu áður gert sjer til hagsmuna. Það er eins og danskurinn segir: „Der skal skarp Lud til skurvede Hoveder."

Það, sem jeg vítti í Ed., er þetta, að meiri hl., sem var í fyrra, skyldi ekki finna ástæðu til að breyta þingsköpunum, ef þeim virtist þau óhæf í framkvæmd. Þeir kærðu sig ekki um það.

Við vildum sýna andstæðingum okkar hvað þeir hefðu gert, en ákváðum um leið að bera fram þá breytingu, að ekki yrði framar freisting fyrir flokka að brjóta þingsköpin eins og íhaldið vildi og gerði í fyrra.

Vítaverðast hjá hv. þm. Snæf. er því þetta, að hann reyndi að breiða yfir, að hann gerði fullkomið lögbrot rólegur og glaður, og hvorki hann nje hans flokksmenn lyftu fingri til þess að bæta úr misfellunni.

Halldór Steinsson: Hæstv. dómsmrh. (JJ.) er svo skilningssljór í þessu máli, að það þýðir ekkert að ætla sjer að sannfæra hann, eins og svo oft áður. En jeg er ánægður að geta sannfært meiri hluta þeirrar deildar, sem hlut á að máli.

Annars er það dálítið einkennilegt hjá hæstv. ráðh. (JJ), að halda því fram, að ef Íhaldsflokkurinn hefir framið lögbrot, þá sje sjálfsagt, að Framsóknarflokkurinn taki það upp aftur. Get jeg að vísu vel unnað hæstv. ráðherra að búa við þennan „moral."

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Sem betur fer eru ræður nú stuttar.

Háttv. þm. Snæf. krefst þess í fyrra að mega nota forsetavald sitt til þess að brjóta þingsköp og hefir ekkert samviskubit af því, þar sem hann reynir ekkert til að gera þetta fyrirkomulag löglegt. En svo þykir honum ódæði að sýna honum, hvernig er að vera í minni hluta og að meiri hlutinn notfæri sjer hans stjórnarvenjur. Hann reynir að gleyma, að við gerum þetta í góðum tilgangi við Íhaldið, við viljum láta það sjá sjálft sig í spegli. En við viljum meira, nefnilega bæta lögin, og gerum það í vetur, ef Íhaldið hindrar ekki. Jeg hygg, að hjer sjáist greini-

lega sá munur á okkur Framsóknarmönnum og þeim, sem lögbrotið gerðu í fyrra.

Magnús Jónsson: Það er fjarskalega vel við eigandi endir á öllu þessu orðbragði hæstv. dómsmrh. (JJ), að hann, í fyrsta skifti sem bóndi verður forseti í Ed., stimpli hann fyrir að hafa framið allskonar lögbrot og þingskapabrot og stjórnarskrárbrot í stjórn sinni á fyrstu fundum deildarinnar. Það sýnir, hvernig hæstv. dómsmrh. er í ætt skotið í þessu bændaráðuneyti, sem hann er í. Svo bætir hann því ofan á, sem mun eiga að fegra málstaðinn, að hann hafi ekki fengið að ráða þessu sjálfur, heldur hafi flokkurinn ákveðið að neyða þennan heiðarlega mann út í þetta. Hann sagði: „Okkur þótti það rjett, úr því Íhaldsflokkurinn var búinn að fremja þetta í fyrra", — þetta þokkaverk, eftir því sem þeir sjálfir lýsa. **(Dómsmrh. JJ:** Var það ekki fallegt í fyrra?). Það hefir aldrei nokkur Íhaldsþingmanna álitið það öðruvísi en sem nauðsynlegt eftir eðli hlutarins. Það var hæstv. núverandi dómsmrh. (JJ) og hv. 5. landsk. (JBald), sem risu upp með þessum dæmalausa þjósti í fyrra út af þessu máli. Og það er hæðni örlaganna, að þetta skyldi snúast að einum allra mætasta og ágætasta manni innan þeirra flokks og fyrsta bónda, sem situr í forsetastóli í Ed.

Þó að maður hafi ekki nent að taka þátt í þessum umræðum, er það þó freistandi, þar sem umræðurnar eru komnar á svo breiðan grundvöll undir þolinmæði hæstv. forseta (MT). Hvað eftir annað hefir hæstv. dómsmálaráðherra verið að lýsa eftir andstöðu og ögrað okkur fyrir, að við ekki notuðum samskonar orðbragð og hann lætur sjer sæma að nota hjer í kvöld. — Þetta notar hann sem sönnun, að Íhaldið sje slegið af sinni vondu samvisku, af því að ekki stendur hver um annan þveran upp að svara þessu rausi í honum. Hann hefir verið að vitna í Shakespeare. Þekkir hann þá ekki það, sem nær honum er: Steingrím og stökuna hans um hundaþúfuna og fjallið.

Annars hefir það verið svo hjer í kvöld, að kjarni málsins hefir gleymst ákaflega mikið í öllum þessum umbúðum. Það er dálítið gaman um þennan dæmalausa vandlætara um málæði, hvað honum hefir tekist að blása upp sápukúlum um þetta nauða einfalda mál. Stjórnarblaðinu hefir þótt vert að minna á, hvenær er aukið við skrifurum. Ætli það komi ekki í stjórnarblaðinu nú, að fjórum hefir verið bætt við í dag?

Það er merkilegt, að hæstv. ráðh. vitnar aftur og aftur í kosningu Matthíasar Ólafssonar frá 1912. En hann hefir aldrei getað farið rjett með það mál, og enginn af hans flokksmönnum hefir verið svo góður að skjóta því að honum, að hann færi með eintóma vitleysu. Það var sem sje alls ekki Kristinn Daníelsson, sem kom með kjörbrjefið, heldur var það mótherji hans, Matthías Ólafsson. Það var kjörstjórnin heima í hjeraði, sem hafði úrskurðað kjörseðlana ógilda og gefið Matthíasi kjörbrjef upp á það. Það kom því aldrei til að senda sjera Kristin heim, því að hann fjekk aldrei kjörbrjef. Jeg ráðlegg nú hæstv. dómsmrh. að leiðrjetta þessa vitleysu í handrit-

inu, svo að hún komist ekki í þingtíðindin og kjósendur hans sjái, hve vandlega hann fer með heimildir.

Annars er það sannast að segja, að þetta er gömul kosning og ekki gott að dæma um hana. En jeg hefi hinsvegar heyrt vitnað í þennan úrskurð 1912, þegar talað er um, hve þinginu sjeu mislagðar hendur í að úrskurða kosningakærur. Og jeg býst við, að því hafi hugur hæstv. dómsmrh. flögrað um þetta eins og fluga kringum ljós, að hann hafi fundið þar nokkurn veginn fordæmi fyrir sínum eigin aðförum og sinna flokksmanna nú. En það er öllum augljóst, að allur gauragangur hans í þessu máli er ekki annað en máttlaus umbrot heiftrækinna manna, sem vilja ná sjer niðri á andstæðingunum fyrir það, að þeir unnu kosningasigur í þessu kjördæmi. Það, sem saknæmt er í málinu og enginn þm. hefir nokkurntíma reynt að mæla bót á nokkurn hátt, það er nú fyrir dómstólunum. Þingið sker ekki úr öðru en því, hvort kosningin sje gild eða ekki. Það væri líka dálítið einkennilegt, ef þingið ætti nú, meðan málið er undir rannsókn, að ógilda kosninguna af þeim ástæðum, sem ekki eru ennþá fullkomlega upplýstar, eftir því sem hæstv. ráðh. segir sjálfur. Það er enginn búinn að dæma í málinu, nema Tíminn og Alþýðublaðið, hvort þessir menn eru sannir að sök. Það, sem menn hafa heyrt af rannsókninni, getur vakið grunsemdir, en það væri alveg fullkomin óhæfa, ef þingið hlypi til og feldi dóm í því máli á undan dómstólunum.

Hæstv. dómsmrh. verður að játa það, að samt sem áður hlyti kosning Jóns Auðuns altaf að vera trygð með nægilegum fjölda heiðarlegra og rjett greiddra atkvæða.

Annars hefir ekki verið minst á eitt hjer, sem er í raun og veru stórt atriði í þessu máli. Það er þessi gamla regla, sem var sett upp hjá Rómverjum forðum af Cicero, að þegar eitthvert brot var framið, mætti spyrja: Cui bono? — eða á íslensku: hver hafði haginn af verkinu?.

Hver hefir hagnýtt sjer kosningasvikin þarna vestra? Ekki þurfti á þeim að halda til þess að kosning Jóns Auðuns væri trygð. Hvaða áhrif hafði þetta á kosningarnar í sumar? Jeg veit það, að þegar haldinn var hjer einn undirbúningsfundur í sumar, þá var alt í einu þessum eitruðu gorkúlum hent inn á fundinn: stór kosningasvik Íhaldsins vestur í Ísafjarðarsýslu! Þarna sjáið þið, hvernig Íhaldið er! Hv. þm. Vestm. (JJós) gat um það sama að því er til Vestmannaeyja kemur. Við getum getið því nærri, hvernig það hefir gengið á Ísafirði, eftir því að dæma, hvað hamast var út af því í blöðunum og annarsstaðar. Þá var þessi alþekta aðferð notuð, sem hæstv. dómsmrh. hefir, þegar hann er að vefa blekkingavefinn í stjórnarblaðinu. Það má vera, að þetta hafi ráðið kosningu í fleiri eða færri kjördæmum. Sú lúalegasta aðferð, sem til er í kosningum, það er að dreifa út ýmist rökstuddum eða rakalausum áburði rjett fyrir kosningarnar. Hafi menn einhverjar sprengikúlur til, þá er best að fleygja þeim meðal almennings rjett áður en kosning fer fram, til þess að ekki sje hægt að fara til hvers manns og sýna fram á, hvað er á ferð. Nei, það er ómögulegt að segja, hve miklu þetta hefir ráðið í kosningunum. Get-

ur verið, að háttv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sæti ekki hjer, ef ekki hefði verið þessum brellum beitt við þá, sem veikastir voru fyrir. Jeg skal ekki segja, hvort hv. þm. Ísaf. (HG) sæti hjer heldur. Það getur verið, að hæstv. dómsmrh. sitji hjer í ráðherrastóli af náð Hnífsdalssvikanna. (**Dómsmrh. J-J:** Mikill er kraftur Hálfdánar!). Já, mikill er kraftur Hálfdánar! Mjer finst að minsta kosti, að ef svikin hafa verið framin, þá sje það mjög samboðið öllu málinu, að við höfum fengið þennan hæstv. dómsmrh. upp úr því.

Sá eini aðili, sem liðið hefir við þetta, er Íhaldsflokkurinn. Að þessu er dreift út undir Íhaldsflokksins nafni af þessum duglegu frjettaberum, það hefir getað gert hans málstað talsverðan miska í kosningunum. Og eftir þessa framkomu er svo farið að halda því fram, að Íhaldsflokkurinn sje afskaplega sekur í þessu máli. Það er alveg eins og böðullinn færi að kvarta undan píslarvottinum. Þetta, sem fram hefir komið í þessum löngu og dæmalausu ræðum hæstv. ráðh. (JJ) og samflokksmanna hans, sósíalistanna, það er ekkert annað en framhald af þessu sama, sem hafið var í sumar, — að blása þetta mál upp með látlausum rógburði. Það er farið langt aftur í tímann, vitnað í kosningar 1919 og 1923 og vaðið út í margt, sem kemur ekkert þessu máli við.

Hæstv. ráðh. (JJ) var að tala um það, að það hefði andað kalt til rannsóknardómarans, þegar hann kom vestur. Jeg skal ekki segja um það, en ef svo hefir verið, þá er ekki mikill vandi að vita, hver er ástæðan. Þegar einn ákveðinn flokkur er búinn að taka í sig að gera þetta að stórkostlegasta æsingamáli, búinn að draga inn í málið mann, sem allir vita, að hvergi kom nærri, búinn að básúna það í blöðum sínum og nota hvern anga af því til þess að gera það að pólitísku æsingamáli, þá er það sama, hversu valinkunnur maður er sendur; mönnum hlýtur að standa ýmugustur af þessu öllu saman. Hitt er gott, ef rannsóknardómarinn hefir hrakið allar slíkar grunsemdir burt með framkomu sinni. Og mjer virðist eftir skeytum að dæma, að rannsóknardómaranum hafi tekist að gera mun betra úr þessu en búast mætti við, eftir því hvernig hæstv. stjórn hafði búið í haginn. Þar að auki má geta þess viðvíkjandi röggsemi hæstv. ráðherra, að allir vissu þarna vestra, að þessi sama hæstv. stjórn er skeytingarlaus um það, hvort hún heldur eða brýtur landsins lög.

Það var nú svo sem auðvitað, að þegar hæstv. dómsmrh. tækist upp, að hann yrði liðtækur í aurkastinu, og skal jeg viðurkenna, að hann hefir í því tilliti staðið sig gróflega vel í þeirri viðureign, sem hjer hefir farið fram. Þegar farið er út í fúkyrðakast, þá held jeg, að það sje enginn maður á landinu, sem stendur honum á sporði, að geyma í minni sjer allskonar dylgjur um menn og málefni, muna það á fingrum sjer og hafa altaf tiltækt. Á þingi í fyrra gat hann t. d. frætt hv. Ed. um það, hvað vinnukonur norður á Akureyri dreymir! Það er því ekki furða, þótt hann viti eitthvað um þá, sem hann er að berjast við, því ekki sparar hann að láta frjettasnata sína lepja í sig sögurnar. Þetta er líka orðin svo mikil hít af öllu illu, sem sagt verður um náungann, að það er ótrú-

legt. Það er dágóð saga, sem gekk um það, þegar maður nokkur í sveit á Norðurlandi sá Jón heitinn Magnússon. Hann hafði haldið, að Jón Magnússon hlyti að vera ógurlegur dólgur, með vígtennur eins og bolahundur og blár og bólginn af mannvonsku, en svo sá hann þarna þennan prúða mann. „Er þetta Jón Magnússon?" Þetta hefir náttúrlega verið ágætur Framsóknarmaður, sem hefir lesið Tímann.

Það er því ekki að furða, þótt manni alveg dámi, þegar þessi dæmalausa frjettamiðstöð og mannskemdafrömuður, sem vel mætti heita „vefarinn mikli frá Leiti", stendur upp og ætlar að fara að kenna hjer „fair play", — þær fögru íþróttareglur, er enskir „gentlemenn" eru í margar kynslóðir búnir að temja sjer og samþýða sínu insta eðli. Englendingar segja, að þrjár kynslóðir þurfi til að búa til „gentlemann". Vissulega eru að minsta kosti tíu kynslóðir milli hæstv. dómsmálaráðherra og „gentlemanns", og því óralangt frá því að hann geti sjálfur beitt, og því síður kent öðrum „fair play".

Það var einstaklega fallega gert af hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) að leggja gott orð inn, til þess að menn skuli ekki halda, að Framsóknarflokkurinn hafi ætlað að gera þessum hæstv. dómsmrh. neina lítilsvirðingu, þótt hann yrði ekki gerður að forsrh. „Litlu verður Vöggur feginn," má segja um hæstv. dómsmrh., þegar hann svo stendur upp til þess að bera fram sleikjulegt þakklæti til þessa hv. þm. fyrir hólið. En jeg verð að taka undir með hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að þegar litið er á forsögu hæstv. ráðherra við myndun flokksins, þá er það í raun og veru hreinasta vantraust, að hann skyldi ekki vera gerður að forsrh. (**LH:** Hann kærði sig ekki um það). Hann kærði sig ekki um það! Ætli fleiri af flokki hæstv. ráðherra standi ekki upp og vitni um, að hann hafi ekki kært sig um að verða forsrh.? Jeg bíð. Nei, það lítur ekki út fyrir, að fleirum sje mál í bili. En ætli það sje þá ekki af því, að þegar hv. þm. voru farnir að heyra ræður þessa háttv. þm., þá hafi þeim þótt skárra að hafa hann í þeim ráðherrasætum, sem austar eru. Þar ber þó minna á honum.

Það eru tvær leiðir til að vinna sig upp. Önnur er að gera það með því að hækka sjálfan sig. Hin með því að troða aðra niður. Það var eins og Cicero sagði: „Orustan við Cannae hefir gert þig að góðum málaflutningsmanni."

Jeg skal ekkert fara út í umr. þær, sem orðið hafa um amerísku lántökuna. En þó verð jeg að segja það, að þó fje vanti til rekstrar atvinnufyrirtækjum, þá kemur það beint ekki við gjaldþoli ríkisins. Og hvort sem Íslandsbanki eða aðrir hafa fengið þetta fje, eða ættu að fá það, þá var það vegna atvinnuveganna gert.

Það er hálfóviðkunnanlegt, að hæstvirtur dómsmálaráðherra er að tala hjer um það, sem gerist á lokuðum fundum bankaráðs Landsbankans. En þetta er algengt. Það hefir meira að segja komið fyrir, að birt hefir verið í Tímanum ályktun bankaráðsins áður en búið var að bóka hana í fundabók bankaráðsins. En hæstv. ráðh. er nú svoddan einstakt lekahrip, að hver dropi, sem í hann kemur, flæðir út um allar jarðir.

Það er hart, að hæstv. dómsmrh. þykist vera að siða aðra. Sjálfur hefir

hann orðið fyrir þeirri hörðustu og sterkustu hirtingu, sem nokkur þingmaður hefir orðið fyrir. En hana fjekk hann í Ed., þegar hann hafði þreytt áheyrendur sína svo með dylgjum og fúkyrðum, að lengur var ekki við vært. Þetta minnir á hirtingu, sem Grímur Thomsen á Bessastöðum veitti vinnumanni, sem eitthvað hafði gert fyrir sjer og ætlaði svo að skjótast undan refsingu. Grímur tók þá stóra hundasvipu í hönd og ætlaði að berja hann. „Stattu kyr," sagði Grímur. Og vinnumaðurinn stóð kyr. „Leystu niður um þig," sagði Grímur. Og það gerði maðurinn. „Legstu niður," sagði Grímur, og hann gerði það. „Nú máttu fara," sagði Grímur, „meiri skömm hefir aldrei verið gerð nokkrum Íslendingi." — Meiri skömm hefir aldrei nokkrum íslenskum þingmanni verið gerð en sú, sem hv. Ed. sá sig tilneydda að gera núverandi hæstvirtum „verði laga, rjettar og siðgæðis" í landinu.

Jeg játa það, að hæstv. ráðh. er duglegur að standa í skömmum. En aðferð hans minnir mig á stráka, sem jeg sá eitt sinn búna til bardaga hjer á götunni. Þeir höfðu prik að vopnum, og þetta var leikur þeirra. En svo tekur einn þeirra blautan poka upp úr göturæsinu og slær með honum í kringum sig. Hinir flýðu, allir ataðir eftir pokann. Ef þessi strákur hefir verið líkur þessum hæstv. ráðherra að innræti og hafi sjálfur fengið slettur af pokanum, þá er hann vís til að hafa kent hinum strákunum um það. En hefði hann viljað gera sig verulega líkan hæstv. ráðherra (JJ), þá hefði hann átt að enda þennan fagra leik með dálítilli prjedikun um enskt „fair play".

Umr. frestað.

Á 3. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið umr. (A. n. 48 og 50).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hafði satt að segja ekki búist við að taka til máls í þessu máli. Það hafa orðið meiri umræður um það en jeg gat búist við, og sennilega hefðu þær alveg að skaðlausu mátt vera minni. En að jeg hefi samt sem áður tekið til máls, stafar máske einna mest af því, hvernig síðustu umræðurnar urðu.

Áður en jeg vík nánar að því, vildi jeg lítillega minnast á kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Jeg býst við að geta farið þar fljótt yfir sögu; það er búið að ræða málið það mikið.

Jeg ætla samt að drepa stuttlega á kosninguna í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1912 til að byrja með. Það hefir áður verið minst á hana í þessu sambandi. Get jeg fyrir mitt leyti tekið undir þau ummæli, sem áður hafa komið fram, að nokkurt samband kunni að vera milli þeirra atvika, sem hafa gerst við kosninguna nú í sumar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og þess, er þingið gerði 1912 í tilefni af kosningu í Vestur-Ísafjarðarsýslu þá. Mjer hefir fundist það ekki koma nógu glögglega í ljós við þær umræður, hvernig ástatt var um þessa kosningu. Samkv. umræðum frá því þingi var 21 vafaseðill. Það voru þeir seðlar, sem voru tvíbrotnir eða meir. Af þessum 21 seðli átti sjera Kristinn Daníelsson 14, en Matthías Ólafsson 7 seðla. Með því að gera þessa seðla ónýta, hafði Matthías meiri hluta. Nú hafði það tíðkast við kosningar undanfarið og það ár einnig, sem upplýst var í þinginu, að fleir-

brotnir seðlar, ef ekki gallaðir að öðru leyti, voru teknir gildir. En kjörstjórnin, eða meiri hluti hennar, leit svo á, að þessa seðla bæri ekki að taka gilda. Annar maðurinn var Matthías Ólafsson sjálfur, sem átti sæti í kjörstjórn, þó að hann væri sjálfur í kjöri, og hinn var Kristinn Guðlaugsson að Núpi, að jeg ætla. Sýslumaður, oddviti kjörstjórnar, taldi, að þessa tvíbrotnu seðla bæri að taka til greina, og var það því gegn hans atkvæði, að Matthías Ólafsson fjekk kjörbrjefið. Mjer dettur nú ekki í hug að væna Matthías um það að hafa beinlínis sýnt hlutdrægni, en hitt virðist í mesta máta óviðeigandi, að maður hafi þannig úrskurðarvald um sjálfan sig. Þegar til þings kom, leit það þannig á þessa málavexti, að kosningu Matthíasar Ólafssonar bæri að taka gilda. Þessi úrskurður virtist brot á þeirri venju, sem áður hafði tíðkast. Og mikil óánægja varð í hjeraðinu út af því, að kosning Matthíasar var tekin gild. 172 kjósendur kærðu kosninguna, og var það meiri hluti kjósenda, að því er virðist.

Jeg drep á þetta atriði vegna þess, að ef til vill hefir þetta verið fyrirboði þess, sem síðar varð, — að menn hafi verið óvandari við kosningar síðan. Jeg drep ennfremur á þetta svona ítarlega út af því, að einn þm. hjer í deildinni, háttv. þm. Dal. (SE), var með að fella þennan úrskurð, Jeg gat ekki skilið ummæli hans á annan veg en að þeir, sem ekki vildu samþykkja kosningu Jóns Auðuns Jónssonar, væru að fremja lögbrot. Hann gerðist ákaflega stór í þessum sal og beindi allþungum ásökunum til þeirra, sem kynnu að líta öðrum augum á þetta mál en hann. Rjettlætið þóttist hann hafa alt sín megin. Ætla jeg ekki að fara að deila mikið við hann um þetta, allra síst þar sem hann er genginn til hinstu hvílu í þessu máli. En hitt kann jeg illa við og verð að láta það í ljós, að hv. þm. Dal., sem hefir felt þarna að margra manna dómi mjög ranglátan úrskurð, að hann skuli rjetta þeim mönnum ásakanir, sem kunna að líta öðruvísi á þetta kosningamál en hann. Jeg hygg það hefði verið skaðlaust, þótt hann hefði væglegar til orða tekið og minna gert úr rjettlætinu og þeim lagaverði og rjettlætisverndara, sem hann lætst vera hjer í hinu háa Alþingi.

Þá skal jeg stuttlega víkja að kosningunni í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það hefir nú allrækilega verið rætt um þá galla, sem komu í ljós við þá kosningu, ekki einungis þá atkvæðafölsun, sem átti sjer stað, heldur og ýmsa aðra galla.

Sannast að segja hefir það komið okkur þannig fyrir sjónir, þetta kosningamál, að eftir að farið var að ræða allítarlega, hvernig kosningin gekk fyrir sig, þá getur maður ekki greinilega um það sagt, að hve miklu leyti formgallar á kosningunni kunna að hafa haft áhrif á úrslit kosningarinnar. Meðal annars var upplýst, að í tveimur hreppum, sem var skift í kjördeildir, hafi — að minsta kosti í öðrum — verið byrjað á kjördegi að semja kjörskrá og látið kjósa eftir slíkri kjörskrá. Þetta er skýlaust brot á kosningalögunum. Nú vil jeg ekki segja, að allir þessir formgallar hafi ráðið úrslitum; jeg vil ekkert staðhæfa um það. En maður getur ekkert ábyrgst um það, hvorki af eða til.

Þá skal jeg víkja að öðru atriði í

sambandi við þessa kosningu, og það er framkoma þingmannsefnisins Jóns Auðuns Jónssonar, þegar honum var stefnt fyrir rjett. Jeg skal ekki gera það atriði að miklu umtalsefni, en mjer þótti ákaflega leiðinlegt að sjá þau ummæli, sem hann ljet bóka í rjettarbókina. Mjer virðist, að þar hafi hann viðhaft svo mikil stóryrði, óviðeigandi gífuryrði í rjettinum, að slíkt sje ekki samboðið jafnreyndum manni, og því síður hefði hann átt að hafa þesskonar orð, að áður hefir í sambandi við kosningu þessa sama manns verið farið ólöglega að, — sem er algerlega sannað, — einmitt honum til framdráttar. Maður hefði mátt ætla, að einmitt þau atvik hefðu fremur átt að verða þess valdandi, að hann hefði komið kurteislega fram í rjettinum. Hitt dettur mjer ekki í hug að segja eða ætla, að Jón Auðunn Jónsson hafi á nokkurn hátt verið þátttakandi í þessum kosningasvikum. En mjer hefði þótt mjög vænt um það, að hann hefði einmitt gætt sín betur í þetta sinn en raun ber vitni um.

Alt þetta er nú þess valdandi, að jeg tel kosningu þessa svo illa af hendi leysta, að lítt viðunandi sje. Jeg get að vísu sagt fyrir mitt leyti, að mjer þykja mestar líkur benda til, að kosning Jóns Auðuns sje að löglegum atkvæðafjölda ótvíræð. Og ef ekki hefði gerst neitt annað í þessu máli en verið hefir fyllilega upplýst, þá hefði jeg ekki sjeð mjer fært að ganga í gegn kosningu hans. En þar sem málið er hvergi nærri nægilega upplýst, en sýnist í mesta máta óviðfeldið, hvernig þessi kosningaathöfn hefir farið fram, þá treysti jeg mjer heldur ekki til að greiða henni atkvæði. Jeg mun því taka þann kostinn að sitja hjá og greiða ekki atkvæði. Jeg býst við, að þannig kunni fleiri að líta á, og eftir þeim ástæðum, sem fyrir liggja, get jeg ekki sjeð, að menn geti farið öðruvísi að.

Með þessum orðum hefi jeg þá í raun og veru gert grein fyrir mínu atkvæði. Og ef ekki hefði verið svo leiðinlega skilið við umræðurnar síðast, hefði jeg getað látið hjer staðar numið. En háttv. 1. þm. Reykv. (MJ) skildist svo við þetta mál, að ekki er unt að ganga svo fram hjá hans ummælum, að senda honum ekki kveðju. Hann söng hjer sinn óttusöng, og það fullum rómi; og það virtist að minsta kosti, að af gnægð hjartans mælti þar munnurinn. Þegar þessi hv. þm. var að tala, datt mjer í hug maðurinn, sem settist á mótorhjólið á Akureyri. Hann kom við takka, sem hann vissi ekki, hvernig verkaði á áhaldið; það þaut af stað, hann hafði aðeins þá stjórn á því að fara eftir flutningabrautinni, og hjólið nam fyrst staðar þegar aflgjafinn var algerlega þrotinn. Eitthvað svipað hefir átt sjer stað um háttv. 1. þm. Reykv. Jeg held hann hafi ekki ætlað sjer sjerlega mikið, þegar hann fór af stað. En hann gat ekki stöðvað sig. Innihald ræðu hans var nú að mestu svívirðingar um Framsóknarflokkinn og þá menn, sem hafa beitt sjer fyrir málum hans, en aðallega þó hæstv. dómsmrh. (JJ). Jeg hefði ekki farið að gera þessa ræðu að umtalsefni, ef ekki hefði staðið svo á, að þessi háttv. þm. er búinn að hafa áður svipuð ummæli um Framsóknarmenn. Jeg veit því, að hv. þm. ætlast

til, að honum sjeu gerð einhver ofurlítil skil. Það var að vísu ekki hjer í Sþ., en á deildarfundi, sem háttv. þm. talaði á þá leið, að líf og heilsa stjórnarinnar væri undir því komin að hafa sem fæsta góða drengi í sínum flokki. En áður en jeg vík að þessu nánar, get jeg sagt það um slíkar ræður háttv. þm., að jeg hafði sárustu raun af að hlusta á þær, af því að jeg þekki þennan háttv. þm. af persónulegri viðkynningu. Jeg hefi kynst honum sem góðum dreng og af þeirri kynningu get jeg sagt, að það sje honum mjög óeðlilegt að flytja svona ræður. En jeg vík að því síðar, hvers vegna slík undur geta orðið með þennan hv. þm.

Út frá þessum ummælum, sem jeg hafði áðan eftir hv. þm., virðist hann annaðhvort hafa hugboð um það, að stjórnin sje völt í sessi, eða, ef svo er ekki, þá sjeu þeir flokksmenn, sem að henni standa, meiri eða minni skálkar. Jeg hygg hann hafi ekki ennþá orðið þess var, að stjórnin væri völt í sessi. En það á að byggjast á því, að stuðningsmenn hennar sjeu meiri eða minni ódrengir. Því að jeg held, að engin vitneskja sje fengin um það, að stjórnin sitji í óþökk þeirra, sem eiga að styðja hana.

Jeg dæmi ekki, að hve miklu leyti þessi ásökun er á rökum bygð; til þess er mjer of skylt málið. En jeg hygg þó, að þar, sem þessir þingmenn eru þektir, þar sje álit á þeim ekki öllu verra en gerist um menn alment, — jafnvel ekki miklu lakara en álit á hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hjer í bænum, og er jeg ekkert að sveigja að honum um það, að hann hafi lítið álit. En því leiðinlegra er að heyra af vörum mentaðs manns, þetta þó til aldurs komins og einskis óvanings að taka þátt í umræðum, að hann skuli velja slík gífuryrði.

Það kann að vera, að háttv. 1. þm. Reykv. vilji byggja þessa ásökun sína á því, hvernig þessi hæstv. stjórn hefir starfað þá stuttu stund, sem hún hefir setið að völdum. Hann hefir nú ekki enn sem komið er leitt rök að neinu því viðvíkjandi, hvað sem síðar á að verða. En jeg er að leita í huga mínum að því, hverskonar málefni það eru, sem hæstv. stjórn hefir aðallega látið til sín taka. Verður mjer þá fyrst að koma auga á þau málefni, sem jeg bjóst við, að þessum háttv. þm. mundi ekki með öllu ógeðfelt, að unnið væri rækilega að. Jeg vil benda á afskifti hæstv. dómsmrh. af bindindisstarfsemi hjer á landi. Jeg veit ekki betur en að hv. þm. hafi verið það hugðarmál til þessa. Jeg þykist meira að segja muna eftir ummælum frá honum í þá átt, og jeg veit, að hann muni vera góður styrktarmaður þess málefnis. En jeg hygg það sje á hvers manns vitorði, sem hefir fylgst með í þeim efnum, að þar hefir mikið færst til betri vegar. Skipin, sem fara með ströndum landsins — það er opinbert leyndarmál —, voru nærri því að segja fljótandi knæpur. Jeg hefi nú talað við farmenn og aðra, sem ferðast með þessum skipum, og þeir segja, að þetta hafi breytst stórkostlega til batnaðar. Þá hefir verið tekið í hnakkadrambið á smyglurum og leynivínsölum; alt þetta bjóst jeg við, að góðir menn mundu telja til þjóðþrifa.

Þá hefir og verið gerð sú gangskör — eftir því sem hægt er — að rannsaka á ný það mál, sem við nú ræðum um. Það hefir verið látið uppi í seinni

tíð, að sú aðferð hafi verið sjálfsögð og rjett, og varla mun því fært að byggja ásakanir á því. Og það, að einum embættismanni var vikið frá starfi, hefi jeg ekki vitað einn einasta mann opinberlega átelja sem órjettláta ráðstöfun. Yfir höfuð held jeg, að það, sem gert hefir verið, sje frekar talið til bóta. Hitt veit jeg, að skoðanamunur getur verið um sum hin minni háttar mál, en að hafa um þau slík ummæli, sem hv. 1. þm. Reykv. hafði, getur ekki náð neinni átt.

Þá vil jeg drepa á fáein atriði úr ræðu hv. 1. þm. Reykv., en þar verð jeg að fara fljótt yfir sögu, því að það yrði alt of langt mál, ef rekja ætti allan þann langa vef.

Hann vítti allmjög, að því er mjer skildist, að Framsóknarflokkurinn hefði grætt á Hnífsdalsmálinu, og taldi alls ekki gott að segja, hve mikið hann hefði á því grætt, og taldi jafnframt víst, að jafnaðarmenn hefðu fengið svo mörg þingsæti einmitt fyrir það. Jeg veit nú satt að segja ekki, á hverju háttv. þm. byggir þessar getgátur sínar. Að minsta kosti var þetta kosningasvikamál ekki nefnt með einu orði á fundum í kjördæmi mínu fyrir kosningarnar. En hvað kann að hafa gert verið í kauptúnum, þar sem þetta frjettist fyrst, skal jeg ekkert um segja, og mjer þykir raun að því, ef saklausir Íhaldsmenn hafa goldið þess. En það hljóta allir að sjá, að úr því að málið varð uppvíst, þá hlaut það að hitta þá, sem það snerti mest. Eða lítur hv. 1. þm. Reykv. kannske svo á, að þeir saklausu í andstöðuflokknum, sem svikin voru framin á, hefðu átt að gjalda þessa? Jeg kann alls ekki við slíka rjettlætistilfinningu, ef um hana er að ræða. Jeg hygg þvert á móti, að þetta hafi verið eðlileg afleiðing af gerðum þessara manna, og þess vegna getur hvorki þessi háttv. þm. eða aðrir sakað saklausa menn, sem á engan hátt voru við þessi svik riðnir, þó að svona illa tækist til.

Þá gat háttv. 1. þm. Reykv. um leik, sem hann fyrir nokkrum árum þóttist hafa horft á hjá götudrengjum, og vildi færa þá samlíkingu sína yfir á hæstv. dómsmrh. Háttv. þm. þóttist hafa sjeð hóp unglinga, sem börðust í ákafa með allskonar prikum, en þá hugkvæmdist einum þeirra það heillaráð að taka óhreinan og blautan poka, sem lá á götunni, og verja sig með honum. Jós hann svo aurnum bæði á sjálfan sig og aðra. Komst svo háttv. þm. að þeirri niðurstöðu, að hefði drengur þessi haft sama innræti og hæstv. dómsmrh., þá hefði hann kent hinum drengjunum um sletturnar. Rökstuddi hann svo þessa ályktun sína ekki frekar. Var hún því, eins og alt annað í ræðu hans, rakalaus vaðall. Þegar háttv. þm. var að gusa þessu úr sjer, datt mjer í hug annar atburður, sem jeg var sjónarvottur að. Það var á stóru heimili uppi í sveit; meðal heimamanna var drengur einn, sem mjög var ýrður í skapsmunum. Var það svo eitt kvöld, þegar heimamenn komu frá vinnu sinni, að þeir viku sjer að stráksa og sögðust ætla að „tollera" hann. Þetta þoldi hann illa, og tók því stökk undir sig og hljóp beint út í fjóshaug, greip fjósarekuna og varði sig með henni, svo gusurnar gengu fjöllunum hærra, bæði yfir hann og þá, sem nálægt stóðu. Þessi atburður

datt mjer í hug, þegar þessi háttv. þm. var að þylja ræðu sína og koma með hinar mjög svo óviturlegu samlíkingar. Mjer finst töluvert svipað með honum og skapbráða drengnum, að undanteknu því, að bæði drengurinn og þeir, sem fyrir slettunum urðu, voru jafngóðir eftir, aðeins þegar þeir höfðu fengið vatn og þvegið af sjer slettunar. En jeg er hræddur um, að hv. 1. þm. Reykv. fái sig seint þveginn hreinan af þeim munnsöfnuði, sem hann hafði hjer, þá er mál þetta var síðast til umræðu, að minsta kosti hjá þeim, sem ekki þektu hann áður.

Þá gat hann um atburð, sem gerðist hjer á Alþingi 1926. Atburð, sem eitt flokksblað hans gat um á alveg viðeigandi hátt, þar sem það sagði, að slíkt plagg hefði ekki getað komið fram á neinu löggjafarþingi nema hjer. Þetta býst jeg við, að sje alveg rjett. En jeg læt háttv. þm. alveg um að gera það upp með sjálfum sjer, hvort hann telur slíkt plagg til hróss fyrir sig og sinn flokk eða ekki.

Þá var háttv. þm. mjög undrandi yfir því, að hæstv. dómsmálaráðherra skyldi hafa orðið það á að segja frá því, hvað vinnukonu hafði dreymt. Og hann margendurtók þetta, hvað „vinnukonu hefði dreymt.“ Það var svo sem nokkuð annað, ef ráðherra hefði sagt frá því, hvað guðfræðidósent við háskóla hefði dreymt. Þetta minnir mig á smásögu úr þjóðsögunum. Það hafði einhver sagt Sæmundi fróða, að hann ætti að fá fyrir sáufjelaga fjósamann norðan frá Hólum. Fór Sæmundur því norður til þess að reyna mannkosti þessa manns. Segir sagan svo, að Sæmundur hafi leyst allar beljurnar í fjósinu og bundið þær saman á hölunum, til þess að vita, hvernig fjósamanni yrði við. Þegar svo fjósamaður kom í fjósið, sagði hann ekki eitt einasta orð, en leysti kýrnar og lagaði til í fjósinu. Gerði Sæmundur þetta svo í annað sinn, en það fór á sömu leið; fjósamaður leysti kýrnar án þess að segja eitt einasta orð. Er svo mælt, að Sæmundur hafi sagst una vel sínum hlut, að vera með þessum manni hinu megin grafar. Jeg verð nú að efast um, að hv. 1. þm. Reykv. hefði haft þann manndóm, að segja ekki eitt einasta ljótt orð við slíkum mótgerðum sem þessum. Jeg býst frekar við, að hjá honum hefði hrokkið eitt blótsyrði að minsta kosti, og jafnvel fleiri, því að það er annað að hafa göfugan manndóm en göfugan titil í mannfjelaginu. Hinir lítilsigldustu eru oft meiri að manngildi en þeir, sem hærra eru settir.

Eins og jeg drap á áðan, undraðist jeg stórlega að heyra þessi ummæli hv. 1. þm. Reykv. Jeg gat hreint og beint ekki, eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi áður haft af manninum, áttað mig á því, hvernig hann fór að hafa slíkt orðbragð. Jeg hefi ekki getað fundið nema eina ástæðu fyrir því, og hún er sú, að þegar honum verður slíkt á, þá hljóti aðrir verri menn, síðri að mentun, ógreindari og verri að mannkostum, að hafa áhrif á hann, og jeg get ekki neitað því, að mjer fanst hann höggva nokkuð nærri sjálfum sjer, þegar hann var að tala um hundapískinn, því jeg fæ ekki betur sjeð en að einhverjir óvandaðir menn utan þings hafi einmitt þennan hundapísk á lofti reiddan yfir höfði hans og fái hann með því móti til þess að tala það, sem honum sjálfum er ekki eiginlegt. Það

hefir átt sjer stað áður, að mönnum hafi leiðst þessi ljóti munnsöfnuður háttv. þm., og get jeg í því efni vísað til þess, sem hv. 3. landsk. (JÞ) sagði eitt sinn um ræðumensku hans. Sömuleiðis til þess, sem Jón sál. Magnússon sagði um hana á þinginu 1921. Maður skyldi nú ætla, að honum hefði farið fram að ræðusnild síðan þetta var, en því miður virðist það ekki, heldur þvert á móti, því eftir síðustu ræðu hans að dæma, er ekki annað sjáanlegt en ennþá sje mjög langt í land, þangað til hann geti talað eins og siðaður maður.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að tala um, að svo mikið vantaði á, að hæstv. dómsmrh. væri drengskaparmaður, að drengskapur myndi ekki finnast í hans ætt, fyr en þá t. d. eftir 10 ættliði. Þetta segir guðfræðikennari við háskólann, maður, sem á að móta prestsefni landsins. Jeg verð því að vona, að hann gæti betur ummæla sinna þegar hann talar við þá en þegar hann er í úfnu skapi hjer á Alþingi. Maður hefði nú getað vænst þess, að þessi hv. þm. hefði getað látið sjer nægja að bera brigslum og svívirðingum menn í lifanda lífi, þó að hann færi ekki að deila á óbornar kynslóðir, og það alt fram í 10. lið. Slík stigamenska er ekki samboðin neinum manni, og þá síst manni, sem notið hefir mentunar og er í ábyrgðarmikilli stöðu í þjóðfjelaginu.

Hann sagði ennfremur, að tvær leiðir væru til að vinna sig áfram í þjóðfjelaginu. Önnur væri sú, að vinna sig áfram með dugnaði, atorku og heiðarlegleik, hin leiðin væri að níða samferðamenn sína og gera eins lítið úr þeim og hægt væri. Jeg ætla nú alls ekki að leiða nein rök að því, hvor þessara leiða sje þessum háttv. þm. tamari, en aðeins geta þess, að síðasta ræða hans virtist benda ótvírætt í þá átt, að síðari aðferðin væri honum engu síður töm en sú fyrri.

Jeg hefði nú fremur kosið, að hv. 1. þm. Reykv. hefði ekki haldið þessa ræðu sína í þessum stíl, fyrst og fremst vegna hans sjálfs og þess starfa, sem hann hefir með höndum, án þess þó, að jeg sje að halda því fram, að störf manna eigi að vera höft á frelsi þeirra. En mjer virðist þó altaf, að taka þurfi tillit til þess, hve ábyrgðarmiklum störfum menn gegna, því að altaf verður að gera meiri kröfur til þeirra, sem meiru er trúað fyrir.

Í öðru lagi hefði jeg óskað, að ræða hans hefði ekki verið í þessum götustrákastíl, vegna Alþingis sjálfs og þjóðarinnar í heild sinni.

Íslenska kirkjan hefir oft verið óheppin með starfsmenn. Meðal annars hafði hún einu sinni biskup einn, er Jón Gerreksson hjet. Hann var svo illa ræmdur fyrir ýmiskonar óþokkaskap, að nokkrir af þeim, er hann hafði sárt leikið, tóku hann höndum, ljetu hann í poka og drektu honum í Brúará. Þeir neyddust til að gera þetta, til þess að losna við áframhald af óþokkaverkum hans. Jeg er alls ekki að setja þetta í samband við hv. 1. þm. Reykv. En þess vildi jeg þó óska, að hann drekti ekki manndómi sínum og góðum orðstír í ósæmilegum ummælum um menn og málefni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þegar við skildum síðast við hjer í sameinuðu Alþingi, hafði verið haldin löng ræða af manni, sem eflaust vildi bera blak af kosningarsvikunum í Hnífsdal,

en nauðalítið af ræðunni snerist um það efni, svo að því þarf ekki að svara hjer. Það var sem sagt varla eitt orð í henni, sem snerti það mál. Hinsvegar hefir ræðan eflaust átt að vera nokkurskonar gagnsókn í málinu, og þá var hún ekki nema framhald af fyrri verkum þeirra Íhaldsmanna í þessu fræga Hnífsdalsmáli, því að þangað til skeytið kom að vestan um daginn, hafa þeir gert alt, sem þeir hafa getað, til þess að fóðra þetta glæpamál. Gagnsókn háttv. 1. þm. Reykv. hefir sennilega verið gerð í því skyni að sýna fram á, að í stjórnarflokknum væru líka misfellur, sem vega myndu á móti þessum sönnuðu syndum Íhaldsmanna, en hann kom ekki með eitt einasta dæmi, sem benti í þá átt, að Framsóknarmenn hefðu haft svik eða fals við kosningar, eða gert neitt, sem sambærilegt væri við hinar umræddu gerðir íhaldsmanna. Gagnsóknin var því mest fólgin í því einu að fara nokkrum orðum um mig persónulega, því að hann kom ekki með eitt einasta mál, sem jeg hafði komið fram með og gat gefið honum tilefni til árása á mig. Umræðuefnið var því ýmsir gallar, sem hann taldi á mjer vera persónulega. Hvað snertir orðbragðið á ræðu hans, þá líktist það helst orðbragði, sem Danir segja, að sje hjá fólki í Vagnmakaragötu í Kaupmannahöfn. Til orðbragðs þessa skríls vísa Danir altaf, þegar þeir vilja lýsa verstu tegund af munnsöfnuði ómentaðra og spiltra manna. Það hefði því ekki þótt ómerkilegt í Danmörku, ef slíkt orðbragð sem þetta hefði heyrst hjá prestvígðum manni, og það meira að segja hjá kennara í guðlegum fræðum við æðstu mentastofnun þjóðarinnar. Áður en jeg vík að þessari frægu ræðu hv. 1. þm. Reykv., þá vildi jeg fara nokkrum orðum um Hnífsdalsmálið eins og það horfir við nú.

Síðan síðasta fundi lauk í Sþ., hefir ekkert skeyti komið frá sendiherra okkar í Kaupmannahöfn um kosningavenjur í Englandi. En það var einmitt vitneskjan um það, hvernig Englendingar taka á svona málum, sem hlaut að verða stærsta atriðið í leit Alþingis eftir erlendum fordæmum, því að það er einmitt þessi þjóð, sem mesta þingreynslu hefir að baki sjer, og jeg vil taka undir það, sem einn amerískur rithöfundur sagði, að þegar Englendingar hafa gefið sitt besta, þá er komið nokkuð nærri því, sem best er til í veröldinni. En þó að þessi opinbera tilkynning hafi enn ekki borist hingað, vona jeg, að hún geti þó orðið til gagns og leiðbeiningar við þá lagasmíð, sem væntanlega verður gerð um þetta efni síðar.

En síðan mál þetta var til umræðu síðast, hefir komið hingað til bæjarins mjög merkur Englendingur, sem jeg hefi spurt frekar um, hvaða reglur giltu alment um kosningasvikakærur í hans landi. Og þó að þessi Englendingur hafi aldrei á þingi setið, geymir hann þó hjá sjer ýmislegan fróðleik um reglur og venjur landa sinna í þessu efni. Alt, sem hann sagði mjer, bar nákvæmlega heim við það, sem jeg hefi áður drepið á, en til viðbótar skal jeg þó nefna sjerstakt atriði.

Það, sem aðallega er lögð áhersla á í Englandi, er það, að frambjóðandi, skrifstofa hans eða stuðningsmenn hafi ekki nein svik í frammi eða sýni á annan hátt ódrengskap í undirbúningi

kosninganna. Algengast er, að menn reyna að koma við mútum, en á því er tekið hart. T. d. eru það kallaðar mútur, ef leigður er bíll til þess að flytja kjósanda á kjörstað, og er þar af leiðandi ekki heimilt.

Þá er og algengt, að menn koma að kjörborðinu undir fölsku nafni og greiða atkvæði fyrir aðra.

En skrifleg fölsun atkvæða, eins og átt hefir sjer stað í Norður-Ísafjarðarsýslu, taldi þessi Englendingur, að sjaldgæf mundi vera þar í landi.

Sá, sem þykist hafa orðið fyrir misrjetti við kosningarnar, kærir til hins opinbera, og kemur málið fyrir dómstólana. Og ef dómarinn kemst að þeirri niðurstöðu, að um sviksamlegt athæfi sje að ræða á einn eða annan hátt, annaðhvort í sambandi við frambjóðandann sjálfan, skrifstofu hans eða að skipulagsbundinn flokkur sje riðinn við svikin, þá er kosningin dæmd ógild og mótkandídatinum úrskurðað þingsætið. Og það er ekki látið sitja við þetta: frambjóðandi, sem þannig hefir orðið sannur að sök um sviksamlegt framferði í undirbúningi kosninga, hann fær ekki að bjóða sig fram aftur, svo að flokkur hans verður að leita að nýjum frambjóðanda. Og þetta er gert til þess að sýna og sanna frambjóðanda og stuðningsmönnum hans, að þeir eiga sjálfir mest á hættu, ef þeir nota ódrengileg meðul til þess að koma málum sínum fram og vinna kosninguna. Og jeg get ekki neitað því, að jeg verð að telja þessa viðbótarskýringu á drengskaparreglum Englendinga athyglisverða í sambandi við þetta mál, sem hjer er til umr.

En eigi að binda enda á þetta mál nú með því að samþ. kosningu Jóns Auðuns, þá verð jeg að telja það óheppilegt, af því að rannsóknardómarinn er enn að finna nýja atkvæðaseðla, sem gera má ráð fyrir, að sjeu falsaðir.

Þannig telur rannsóknardómarinn sig hafa fundið, síðan hv. kjörbrjefanefnd talaði við hann, tvo seðla meðal hinna skriflegu atkvæðaseðla úr Strandasýslu, sem líklega sjeu falsaðir, og byggir þann grun sinn á því, að önnur rithönd sje á seðlunum en fylgibrjefinu.

Báðir þessir seðlar eru komnir frá skrifstofu bæjarfógetans á Ísafirði, þar sem viðkomandi menn höfðu kosið í sumar, og að því er virðist undir handarjaðri nokkurra stuðningsmanna Jóns Auðuns.

Við vitnaleiðsluna hefir það komið í ljós, að mennirnir hafa kosið í innri skrifstofu bæjarfógetans. Er þó ekki þar með gefið í skyn, að bæjarfógetinn á Ísafirði sje riðinn við fölsun þessara seðla. En grunur hefir fallið á mann á Ísafirði, sem kynti sig að því að vera áhugasamur kosningasmali Íhaldsins, og hann var eitthvað að snúast þarna í skrifstofu bæjarfógetans, virtist vera þar eins og heimagangur, og kom með öðrum manninum, ef ekki báðum, í skrifstofuna til þess að kjósa. Atkvæðin voru svo skilin eftir í vörslum bæjarfógeta.

Nú hefir náðst í annan kjósandann, sem staddur er hjer í bænum, og hann verið yfirheyrður; en þegar honum var sagt að finna atkvæðaseðil sinn meðal skriflegu atkvæðanna úr Strandasýslu, gafst hann upp við það og fullvissaði í rjettinum, að seðilinn væri ekki að

finna þar. Virðist því ljóst, að seðill þessa manns sje horfinn, en annar falsaður kominn í staðinn.

Í hinn manninn hefir ekki náðst enn, en það er von á honum hingað til bæjarins með Goðafossi, og verður hann þá yfirheyrður.

Hjer sýnist því vera um tvær nýjar falsanir að ræða. Hinsvegar virðist það liggja í augum uppi, að skift hefir verið um seðlana á þeim tíma, sem leið frá því, að mennirnir kusu í innri skrifstofu bæjarfógetans á Ísafirði og þangað til brjefið kom í hendur yfirkjörstjórnarinnar í Strandasýslu.

Jeg drep aðeins á þetta atriði til þess að skýra, að það er að koma betur og betur í ljós, hvað þetta Hnífsdalsmál er margþætt og yfirgripsmikið og að langt sje frá, að enn sje komið að nokkrum botni í því.

Jeg ætla þá um stund að víkja að þeim tveim aðalmálum, þar sem gerð hefir verið gagnsókn á hendur Framsóknarflokksins með því að ráðast á mig.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði um efrideildarhneykslið 1926, þá virðist mega ætla, að þeir menn, sem að því stóðu, hafi verið á svipuðu menningarstigi og aumingjarnir, sem riðnir eru við Hnífsdalsmálið. Þessum tveim ljósmyndum, sem teknar hafa verið af andstæðingum Framsóknar, hefir þessum hv. þm. (MJ) fundist rjett að stilla hlið við hlið.

Jeg mun því athuga nánar þessa tvo atburði og sambandið, sem milli þeirra er, en að því loknu mun jeg víkja lítilsháttar að hv. 1. þm. Reykv. og hans pólitíska lífi hjer á þingi og sýna, hvernig þessi íhaldsfjóla lítur út í urtapotti þeim, sem hún hefir vaxið í.

Deilumálið frá 1926 var þannig vaxið, að andstæðingar mínir, bæði blaðamenn og meiri hl. Íhaldsflokksins í hv. Ed., hjeldu því fram, að það væri mjög mikil sök á hendur mjer að hafa ekki farið í meiðyrðamál við aldraðan borgara þessa bæjar, sem hent hafði það að láta nokkur ógætileg orð falla í minn garð á prenti.

Áður en sú saga er lengra rakin, ætla jeg að lýsa afstöðu okkar tveggja, sem mest höfum ritað í Tímann, til meiðyrðamála, og verð jeg þá að minnast samverkamanns míns í öll þessi ár, hæstv. forsrh. (TrÞ).

Það var fyrir nokkrum árum, að þrír þm. notuðu þingmannsaðstöðu sína til þess að kaupa allmikið af fóðursíld, sem síðar sannaðist, að þeir hefðu gert að hagkvæmri verslun fyrir sjálfa sig og auðgast af.

Þáverandi ritstjóri Tímans, Tryggvi Þórhallsson, ritaði allskarpa grein um þetta verslunarbrask og komst meðal annars svo að orði, að þessir menn hefðu liðið skipbrot á þingmannsæru sinni. Þessum þm. og síldarbröskurum sveið undan hirtingunni, og tveir af þeim, Þórarinn á Hjaltabakka, sem síðar varð ein af máttarstoðum Íhaldsflokksins, og Magnús Pjetursson, þáverandi þm. Strandamanna, fóru í meiðyrðamál við ritstjóra Tímans fyrir ummælin, sem bæjarfógetinn í Reykjavík, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), dæmdi meiðandi og ritstjórann í sekt. Hitt veit jeg ekki, hvort bæjarfógetinn hefir litið svo á, að þingmenn mættu yfir höfuð fara svona að, eins og þessir þrír þm. höfðu gert með síldarbraski sínu. En atburðirnir hafa hagað því svo, að annar dómstóll hefir dæmt í þessari sök, og sá dómstóll er almenn-

ingsálitið eða þjóðin sjálf, og hún hefir ekki aðeins látið sjer nægja að dæma þessa hv. þm. seka og út úr þinginu, heldur er ritstjórinn, sem sektaður var af bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir að halda því fram, að þremenningarnir hefðu liðið skipbrot á þingæru sinni fyrir síldarbraskið, nú forsætisráðherra með stærri meiri hluta að baki en nokkur stjórn hefir haft síðan Björn Jónsson varð ráðherra á þinginu 1909.

Núverandi hæstv. forsrh. (TrÞ) hefir aldrei stefnt fyrir meiðyrði og aldrei farið í meiðyrðamál. Hann hefir altaf skotið málum sínum undir almenningsálitið, sem æðioft virðist komast að annari niðurstöðu en bæjarfógetinn í Reykjavík, svo góður og gegn maður sem hann er að öðru leyti álitinn. Jeg hefi líka fylgt þessum sama sið eins og fyrverandi ritstjóri. Báðir höfum við látið okkur nægja dóm almenningsálitsins, en ekki óskað að hafa fje af mönnum út af vanhugsuðum gremjuyrðum þeirra, þó að orðbragð Morgunblaðsins sje svo, að jeg gæti sjálfsagt stefnt því að jafnaði 10 meiðyrðastefnum daglega, ár eftir ár, og fengið það dæmt til sektar. En jeg tel það langt fyrir neðan virðingu mína að standa í slíku.

Annars virðist það svo, að síðan meiðyrðamálahríðinni miklu ljetti á milli Lögrjettu og Ísafoldar á árunum 1910—'12, þá hafi flestir nema viðvaningar Íhaldsmanna lagt niður meiðyrðamálabaráttu eldri ára.

Jeg get líka sagt um okkur Framsóknarmenn, að við höfum ekki haft það til siðs að erfa köpuryrði við andstæðinga okkar. Jeg get t. d. getið þess um mig, að í vetur gerði jeg Þórarni á Hjaltabakka greiða, sem honum kom vel. Svoleiðis stóð á, að hann þurfti að fara hingað suður, en hálfkveið fyrir að brjótast það landveg um hávetur. Jeg komst að þessu og gat greitt svo fyrir honum, að hann fjekk beina skipsferð hingað, og seinna, þegar hann hafði lokið störfum sínum hjer, útvegaði jeg honum hagstæða skipsferð heim til sín. Þó er þetta gamall andstæðingur minn, sem ekki hefir sparað ósannindi og illyrði í minn garð í viðureign okkar á leikvelli stjórnmálanna.

En viðvíkjandi gagnsemi meiðyrðamála í opinberu lífi er þess að gæta, að svo hefir nú snúist, að báðir þessir menn, Þórarinn á Hjaltabakka og Magnús Pjetursson, hafa orðið að hverfa úr leiknum um stund, og Magnús þó nokkru fyr. En ritstjóri Tímans, sem fordæmdi síldarbrask þeirra, hefir vaxið að trausti góðra manna með ári hverju.

Jeg verð þá að víkja að því, sem frá var horfið áður, en það er það, sem hv. 1. þm. Reykv. og aðrir Íhaldsmenn hafa gefið mjer að sök; að fara ekki í meiðyrðamál við Sigurð gamla Þórðarson fyrv. sýslumann.

Eins og kunnugt er, hafði Sigurður Þórðarson í pjesa sínum haldið því sterklega fram, að við Íslendingar ættum að afsala okkur rjettindum þeim, sem við höfðum unnið með þrotlausri baráttu í mörg ár, og ganga á vald erlendri þjóð. Í hverju öðru landi hefði slík kenning verið álitin landráð og höfundurinn orðið að híma það, sem eftir var æfinnar, í fangelsi.

En auk þessa var í ritlingnum ákaflega harðorður áfellisdómur um þrjá

andstæðinga Framsóknarflokksins. Og sá dómur var enginn sleggjudómur, heldur var hann rökstuddur með ótal dæmum úr embættisrekstri þessara manna.

Jeg skrifaði allhvassa grein í Tímann um hinn þjóðhættulega hluta pjesans og lýsti því, að það væri ekki aðeins óforsvaranlegt og ljótt að skrifa þannig um sjálfstæði landsins, heldur væri það hættulegt fyrir frelsi þjóðarinnar, ef mark væri tekið á höfundinum.

Þannig varð jeg fyrstur að skrifa um ritlinginn og benda á þessa ósæmilegu hlið og afleiðingar slíkra kenninga.

Höf. fór svo á stúfana og skrifaði greinarstúf, sem hann fjekk birtan í öðru aðalmálgagni Íhaldsins. En greinin var ekki annað en markleysa ein, þar sem hrúgað var saman fúkyrðum í minn garð, eins og þegar reiður krakki er viti sínu fjær og veit ekkert, hvað hann er að segja. Og öllu þessu var til mín stefnt fyrir það, að jeg hafði haft einurð til að taka upp hanskann fyrir land mitt og þjóð, þegar einn af borgurum landsins gerist svo djarfur að halda því fram í alvöru, að Íslendingar ættu að ganga erlendri þjóð á vald.

En hvað gerist þá?

Öll íhaldspressan rís upp með andfælum og segir, að jeg standi höllum fæti vegna fúkyrða gamla mannsins, fyrir það eitt að hafa tekið upp hanskann fyrir þjóðina, þegar ráðist var á rjettindi landsins og sjálfstæði. Og blöðin básúnuðu það út um borg og bý, að jeg gæti ekki hreinsað mig af hinum staðlausu og barnalegu gremjuyrðum mannsins, sem vildi eyðileggja frelsi og sjálfstæði landsins, nema að fara í meiðyrðamál við hann. Mjer datt vitanlega aldrei í hug að fara í mál við gamalmenni, sem annaðhvort var geggjaður eða viti sínu fjær af reiði á meðan hann samdi sjálfsvörn sína út af ritdómi Tímans. Nú er best að taka það fram, að þegar umr. urðu um þetta mál síðar í þinginu, sagðist Jón Magnússon vera yfir höfuð mótfallinn því að fara í meiðyrðamál, því að venjulega væri enginn sigur í meiðyrðamáladómum.

Þá vildi jeg vita, hvort íhaldsmenn væru ekki fúsir til að fara í meiðyrðamál, einkum ef rökstuddar sakir væru á þá bornar, og bar fram í Ed. þáltill. þess efnis, að þeir háttsettu embættismenn, sem sæti áttu í deildinni og harðasta áfellisdóma hefðu hlotið í ritlingi Sigurðar Þórðarsonar, skyldu fara í meiðyrðamál við höfundinn, svo að þeim gæfist kostur að hreinsa sig af þeim sakargiftum, er á þá voru bornar.

En hlutaðeigendur tóku ekki vel upp, þegar egginni var snúið gegn sjálfum þeim og skorað á þá að fara í meiðyrðamál, sem þeir höfðu vitanlega ástæðu til, ef á annað borð er nokkurn tíma ástæða til að fara í slík mál. En hvorki Jón heitinn Magnússon, þáverandi dómsmálaráðherra, nje bæjarfógetinn í Reykjavík, núverandi háttv. þingmaður Seyðfirðinga, vildu hreinsa sig með málsókn. Að þeim hafði þó verið snúið þungum rökstuddum áfellisdómi. En í stað þess að hreinsa sig eftir þeim reglum, sem búast mætti við, að þeir teldu rjettar, þá vísa þeir tillögu minni um málsókn frá með óþinglegri tillögu, þar sem allir íhaldsmenn í deildinni tóku upp og gerðu að sínum orðum, að því er virtist,

hin brjálsemiskendu fúkyrði mannsins, sem vildi afhenda sjálfstæði þjóðar sinnar í hendur erlendu valdi. Framkoma Íhaldsmannanna átta í Ed. við þetta tækifæri er mesta hneykslið í þingsögu þess flokks, þar til nú bætist ofan á vörn sömu manna á Alþingi út af glæpunum í Hnífsdal.

Jeg ætla nú samt, fyrst hv. 1. þm. Reykv. fór að rifja upp þetta mál, að bókfesta í Alþingistíðindunum nokkuð meira um gang þessa máls, eins og viðbótarskýrslu um það, sem gerðist í Ed. um það leyti, sem Íhaldsmenn þar voru að leiðast út á þá glapstigu, sem þeir komust út á í þessu máli.

En áður ætla jeg að segja dálítið frá mynd einni, sem vel þektur ísl. listamaður hjer í bænum gerði nokkru síðar en þetta bar við í Ed. Á þessari mynd var sýndur einskonar fundur í Ed., en var þó fluttur þaðan og suður í svertingjaríki í Afríku. Á þessum fundi voru nokkrir Íslendingar, allir myndaðir sem negrar, og mátti þar þekkja jafnmarga Íhaldsþingmenn úr Ed. Ennfremur var þar einn hvítur maður, en sá maður er ekki íhaldsmaður. Þessir Íhaldsþingmenn voru á myndinni látnir bera negravopn og negraáhöld allskonar, og voru yfirleitt í allri framkomu mjög líkir negrum, svo að áhorfendur virtust vera t. d. komnir til Timbuktu.

Í þessari mynd felst dómur þjóðarinnar um þetta hneyksli Íhaldsins í Ed. Þjóðin viðurkendi, að hjer hefðu nokkrir Íslendingar, nánar tiltekið Jón Magnússon, Ingibjörg H. Bjarnason, Halldór Steinsson, Gunnar Ólafsson, Jóhann Jósefsson, Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson og Jóhannes Jóhannesson, dómari í Reykjavík, stigið niður af þrepskildi hvítra manna, afhjúpað sig siðmenningunni og nakin stigið dans blökkumannanna, gert sig að negralýð með negralegri framkomu.

Á þessari negramynd var enn eitt atriði, sem vert er að geta. Þar var myndaður kofi og út úr honum var að skríða maður, ef mann skyldi kalla. Þessi maður mun hafa verið forseti í negralýðveldinu, eða eitthvað þesskonar.

Þar mátti þekkja einn af þingmönnum Íhaldsins í Ed., þann manninn, sem gerst hafði einskonar málpípa og fyrirsvarsmaður svertingjanna, nefnilega Gunnar Ólafsson kaupmann í Vestmannaeyjum.

Eftir á vitnaðist, að það hafði ekki gengið greitt að koma þessum áttmenningum úr hinu íslenska fullvalda ríki, sem Sigurður gamli Þórðarson vildi afhenda Dönum, og niður á blökkumannastigið. Það vitnaðist, að sjálfri tillögunni höfðu þeir sjerstaklega unnið að formaður Íhaldsflokksins og hjeraðsdómarinn í Reykjavík. En enginn af embættismönnum landsins í Ed. vildi flytja tillögu, sem sýndist vera óbein vörn fyrir afhendingarkenningu Sigurðar Þórðarsonar. Að lokum varð það svo úr, að það dæmdist á tvo kaupmenn í deildinni að gera það, og hefði sá eldri og kjarkmeiri skorast undan því, þá átti sá yngri að verða til þess.

Af því það mun vera alment álitið, að jeg sje á móti kaupmönnum og sje illa við kaupmannastjettina, þá skal jeg nú taka það fram, að mjer virðist þessir tveir kaupmenn þó skárri, af tvennu illu, og hafa komið mun mannlegar fram heldur en hinir, „lærðu“

mennirnir, sem stóðu fyrir ósvinnunni, en kusu heldur að standa í skjólinu, þegar á herti. Á skopmyndinni er þetta rjettilega viðurkent. Gunnar Ólafsson er þar sýndur í sínu eðlilega ástandi, sem negraforkólfur, og skríður út úr aumlegri jarðholu.

Jeg verð að segja, að mjer finst það undarleg óhepni hjá hv. 1. þm. Reykv., að hann skyldi einmitt lenda á þessu dæmi, mesta hneyksli flokks hans á undan Hnífsdalsmálinu og hneyksli, sem allur þorri Íhaldsmanna er fyrir löngu farinn að skammast sín fyrir, þessu lagabroti, sem Íhaldsflokkurinn framdi með ofbeldi og ósvinnu, þegar leiðtogar hans niðurlægðu sig til þess að reyna að hefna, með fáránlegu austurlensku „harakiri", fyrir rjettmæta umvöndun og aðvörun gegn þyngsta glæp, sem þjóðirnar þekkja, lokaráði um að afhenda erlendri þjóð æðsta vald yfir komandi kynslóðum samlanda sinna.

Hvað mun þjóðin nú segja um þennan atburð? Hver vill nú afsaka kenningar Sigurðar Þórðarsonar um frelsi landsins? Hver af hinum átta pólitísku blökkumönnum í Ed. myndi ekki vilja þurka út, ef hægt væri, framkomu sína, sem leiddi til, að þeir voru staðsettir í Timbuktu? Og hefir það ekki sýnt sig, að það er göfugri aðferð í íslenskum stjórnmálum að vinna sín mál fyrir dómstóli almenningsálitsins, eins og við hæstv. forsætisráðherra höfum gert, heldur en sigrar Íhaldsins hjá undirdómara Reykjavíkur?

Þá er að snúa sjer að háttv. 1. þm. Reykv. sjálfum.

Jeg mun ekki tala um það, hvernig barnabörn hans muni verða, heldur hitt, hvernig aðstöðu þessi háttv. þm. hefir til þess að gerast leiðtogi í siðferðismálum þingsins. Og jeg mun aðeins tala um það, sem vitað er með vissu um framkomu hans í opinberu lífi.

Eitt hið fallegasta í fari landa vorra í Ameríku er viðleitni þeirra til þess að halda við tungu sinni og þjóðerni. Eitt helsta úrræði þeirra í þessari baráttu er það, að fá presta hjeðan að heiman, sem síðan gætu verið nokkurskonar band milli þjóðarbrotanna. Þessi hv. þm. er einn þeirra manna, sem einu sinni átti að verða þesskonar band. Hann var í Ameríku um nokkur ár, og hefir eflaust komið þar vel fram. Hann var a. m. k. leystur út með fríðum gjöfum, þegar hann fór þaðan, og hann hefir vafalaust kvatt landa þar með kossi og handabandi, og þeir hafa líka vafalaust haldið, að þar færi maður, sem mundi bergmála þeirra hlýja hug til föðurlandsins, þegar hann væri kominn heim.

En það fór nokkuð á annan veg. Hann skrifaði þegar heim kom bók eina, og er það sú einasta af bókum hans, sem lesin hefir verið með nokkurri athygli. Það brá nefnilega stundum fyrir rithöfundarhæfileikum í þeirri bók — þegar höf. var að reyna að gera gys að löndum vestra, og það brá fyrir andríki í háði hans og spotti um þá.

Verra hnefahögg hafa landar vorir vestra ekki fengið hjeðan að heiman, enda hafa þeir ekki meiri óbeit á nokkrum Íslendingi hjer á landi en þessum hv. þm. Engin bók hefir verið betur fallin til þess að kæla tilfinningar Vestur-Íslendinga til Íslands og til þess að koma illu af stað en þessi.

Hvort það hefir verið tilgangur höf., skal jeg ekki segja, en niðurstaðan er þessi.

Næsta framganga hv. þm. í opinberu lífi er sú, að hann verður sálusorgari á Ísafirði og í Hnífsdal, þótt jeg haldi ekki, að hann hafi sáð því síðferðisfrækorni þar vestra, sem síðan hefir borið svo ríkulegan ávöxt. Jeg nefni þetta aðeins til þess að sýna, hvar hann hefir starfað.

Þá er það, að hann fær starf sem kennari við háskólann. Hann keppir áður um starfann við núv. hæstv. forsrh., og þótt undarlegt megi virðast, ber háttv. 1. þm. Reykv. sigur úr býtum. Jeg býst nú reyndar við, að það kunni síðar að þykja undarlegir þættir, sem þá fleyttu þessum lítilfjörlega manni fram úr svo dugandi manni sem núv. hæstv. forsrh. er.

Jeg skal ekkert segja um það, hvort þeir hæfileikar til að afla sjer aura fyrir aukastörf, sem borið hefir á hjá hv. þm., hafi komið honum þar að gagni.

Jeg held, að þegar litið er yfir það, sem af er lífsferli þessa háttv. þm., þá megi þar greinilega sjá það, sem dr. Helgi Pjeturss kallar „infernal evolution", og á íslensku má kalla sigur hinnar helvísku stefnu. Það er, þegar hið illa á hægra með að þróast hjá lífsverunum en hið góða. Þróunin getur nefnilega stundum gengið niður á við sem upp á við. T. d. hafa náttúrufræðingar fundið, að það eru til smádýr, sem lifa í vatni í hellum neðanjarðar og sem missa smám saman augun, vegna þess að það eru engin skilyrði fyrir sjóntæki til að vaxa og dafna þar í eilífu ljósleysinu. Mjer finst það megi taka dæmi af háttv. 1. þm. Reykv. og þessum vesælu smádýrum. (**EJ**: Er það ekki kosningin í N.-Ísafjarðarsýslu, sem er á dagskrá?). Jú, en mjer finst, að þessum hv. þm., sem nú grípur fram í, sje engin vanþörf á því sjálfum að leita sjer inngjafar til þess að geta komist í hærri heima.

Í þriðja skifti, sem hv. þm. kemur fyrir almenningssjónir, er það sem nýkosinn þm. Reykv. Þeir keptu um þá kosningu hv. 3. landsk., fyrv. fjmrh., og hann. Þeir voru þá mjög sinn á hvoru máli. Var núv. hv. 3. landsk. stoð og stytta Jóns sál. Magnússonar, en hv. 1. þm. Reykv. var þá svarinn óvinur hans, og því ákaflega mikið á móti núv. formanni Íhaldsflokksins. Hann hældi sjer meira að segja opinberlega af því, að hann hefði fengið 1400 atkvæði hjer í Reykjavík við kosninguna fyrir það eitt að vera á móti þeim manni sjerstaklega. Þennan sama mann studdi hann svo reyndar til stjórnar, þegar Íhaldsstjórnin var mynduð á þinginu 1924.

Á þingi ljet hv. þm. iðulega ljós sitt skína í þessum anda. Hann hafði verið studdur til kosninga af þeim flokki, sem nú kallar sig frjálslynda flokkinn, og það má segja, að dagblaðið „Vísir", sjerstaklega þáverandi ritstjóri þess, Jakob Möller, hafi gert það, sem dugði, til þess að koma honum á þing. En á þingi var háttv. þm. svarnasti óvinur þess manns.

Jeg ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að leyfa mjer að lesa upp úr Alþingistíðindunum það, sem háttv. þm. segir þá á þingi um stjórn Jóns Magnússonar. Hann er þar að lýsa því, hve stjórnin sje veik og lítilfjörleg. Hann segir þá meðal annars:

„Eitt af því, sem kvartað er undan nú, og ekki ófyrirsynju, um land alt, er glundroðinn, sem nú hefir verið um tíma ríkjandi. — Hvar liggur nú orsök þessa? Hvað veldur þessum glundroða og hvað getur kipt þessu í lag? Menn geta kannske svarað þessu dálítið mismunandi, en þó hygg jeg, að bróðurparturinn hljóti að falla í skaut stjórnarinnar og að þaðan sje að vænta einu verulegu bótarinnar við þessu stóra meini. Stjórnin hefir stuðlað að þessum glundroða með því að vera sjálf í eilífum glundroða, — forðast að hafa skýra afstöðu eða stefnuskrá, sem flokkum hafi getað skift með eða móti.“

Síðar bætir hann við:

„Hvenær hefir maður heyrt getið um stefnu þessarar hæstv. stjórnar, stefnu, sem marki afstöðu hennar til meira en eins máls í senn? Hún heldur fram þessu og hinu, en festan er sú, að jafnskjótt og móti er andað, hvort heldur af bakarafjelagi bæjarins eða efri deild Alþingis, eða viðskiftanefnd, þá legst hún flöt og segir: Farið þið með þetta eins og ykkur lystir, við leggjum enga beina áherslu á þetta. Og meira að segja, hún lýsir yfir því, þegar eitt höfuð „princip“-spursmál hennar var svæft með rökstuddri dagskrá: Þetta var, sem við einmitt vildum helst.“ —

Slíka takmarkalausa fyrirlitningu hafði hv. 1. þm. Reykv. þá á þeim mönnum, sem einmitt sumir eru núverandi húsbændur hans. Ef hann hefir sagt satt þá, að þeir væru svona ráðalausir og ófullkomnir, þá er engin von til þess, að þeir sjeu orðnir englar dálitlu seinna.

En það er nú svo sem síður en svo, að álitið á hv. þm. sje gagnkvæmilega miklu meira eða glæsilegra í íhaldsherbúðunum. Jón sál. Magnússon tók það oft og greinilega fram, hvað sjer fyndist þetta dæmalaust lítilfjörlegur og leiðinlegur maður. Og það vill svo vel til, að til eru orð núv. form. Íhaldsflokksins sjálfs, sem sýna vel, hvert álit hann hefir þá haft á þessum hv. þm. Þau orð eru prentuð í D-deild Alþt. 1921, bls. 526, og hljóða þannig:

„Hv. þm. (MJ) talaði um, að þeir, sem greiddu atkv. með dagskrártill. minni, væru að lepja slepju. Röksemd er þetta ekki, fremur en annað, sem hv. þm. (MJ) ber fram. En þetta orðatiltæki var honum sjálfum svo einkar samboðið, því að ekkert af því, sem menn verða varir við í þessum sal, líkist meir slepju en það, sem fram gengur af munni þessa hv. þm. (MJ). Það er þunt, — ekki alveg eins og vatn, heldur ámóta og slepja. Það rennur stanslaust eins og slepja, og það er uppfylt af allra ósmekklegustu orðatiltækjum, og þess vegna ógeðslegt — eins og slepja.“

Nú er jeg þá búinn að sýna, með hverjum hætti þessi hv. þm. komst inn í pólitískt líf.

Næsta stig hans er að snúa við blaðinu og yfirgefa það blað, sem komið hafði honum á þing, og þá sjerstaklega ritstjóra þess, Jakob Möller, og leggja sig flatmagandi fyrir fætur þeirra, sem svo greinilega höfðu spottað hann og farið svo háðulegum orðum um hann.

Af því að hann sá, þegar hann athugaði málið betur, að það myndi verða rýmra um sig og vera meiri von til fanga hjá stærri flokkunum, og það sem líklega hefir ráðið mestu, hann hefir búist við að kunna betur við sig

í flokki með ennþá verri og ógeðslegri mönnum en voru í hans eigin flokki.

Að minsta kosti er engin önnur skynsamleg ástæða sjáanleg til þess, að snúningurinn skyldi verða svo snöggur og heiftarlegur sem raun er á orðin, þegar hann svo stuttu eftir það, að hann gaf þessar lýsingar sínar á Íhaldsforingjunum, var alt í einu orðinn vistráðið hjú á Íhaldsheimilinu og var hafður til þess að aðstoða þessa fornu höfuðfjendur sína gegn fornum samherjum. Síðan hann gafst upp og gekk á hönd fjendum sínum, hefir hann flatmagað fyrir fótum þeirra og hefir virst kunna þar vel við sig. Hefir hann yfirleitt verið það áhald, sem húsbændur hans hafa gripið til til sóðalegri verka í flokknum.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir flutt fyrirspurnir, eina eða tvær a. m. k., til stjórnarinnar nú á þessu þingi. Jeg vona, að það þyki ekki of mikið yfirlæti, þó að jeg geri ráð fyrir, að hann hafi lært af mjer þessa aðferð, að bera upp fyrirspurnir. Vonandi verður það þá heldur ekki tekið illa upp, þó að jeg ætli mjer að læra af Íhaldsmönnum, og þá einkum Jóni heitnum Magnússyni, að svara ekki fyrirspurnum. Á mig getur hv. þm. deilt í eldhúsdagsumræðum, og eldhúsdagarnir verða varla færri en einn í hverjum mánuði á þessu þingi. Í dag er sá fyrsti. Því er rjettast að minnast eitthvað á fyrirspurnirnar nú.

Hv. þm. hefir spurt um aukatekjur ráðherranna. Það hefir verið auðsætt á blöðum Íhaldsmanna undanfarið, að þau halda, að við stöndum höllum fæti í beinamálunum. Jeg held nú samt, að aðstaða okkar Framsóknarmanna og hv. þm. og samherja hans hinsvegar til bitlinga sje ærið ólík. Þar sem hv. þm. hefir gefið tilefni, verður hann nú að sætta sig við, að gerður sje nokkur samanburður um þessi efni.

Það er mörgum kunnugt, að undanfarið hefir það spilt talsvert fyrir háttv. 1. þm. Reykv. hjá flokki hans sjálfs, hve ákaflega áleitinn hann hefir verið að sækjast eftir bitlingum. Af sumum hefir hann jafnvel verið kallaður hin mikla bitlingahít Íhaldsflokksins. Og það er ekki laust við, að ýmsir flokksbræður hans hafi öfundað hann af því, hve fengsæll hann hefir verið, því þeir telja sig, sem er þeim vorkunnarmál, eigi síður borna til beina en hann. Um það þarf ekki að ræða, að í hvert sinn, sem eitthvað fellst til hjá Íhaldinu, kemur hv. 1. þm. Reykv. fyrstur upp í beinahrúgunni. Og með einstöku lítillæti og þakklæti hirðir hann hve lítið, sem honum áskotnast.

Jeg held, að hv. þm. hafi komið óþægilega upp um sig með þessari fyrirspurn. Hann getur nefnilega ekki skilið, að nokkur maður sækist eftir að vinna verk vegna þess sjálfs, en ekki vegna launanna. Hann heldur, að við ráðherrarnir höfum gerst nokkuð frekir til veiðifanga. Og hann sjer blóðugum augum eftir bitunum.

Eitt af því, sem fróðlegt er að athuga í þessu sambandi, er viðhorf Íhalds- og Framsóknarmanna gagnvart lögjafnaðarnefndinni. Þegar hún var stofnuð, voru 4 flokkar í þinginu. Framsóknarflokkurinn var einn þeirra. Honum hefði verið í lófa lagið að fá sæti í nefndinni, ef hann hefði viljað fallast á að hafa nefndarmennina 4. En Framsóknarmönnum þótti nóg að

hafa þá 3, og þeir mátu meira sparsemina en það að vera frekir til beina. Þessi nefnd hefir verið býsna dýr undir forsjón Íhaldsins. Fyrst fjekk hver nefndarmaður 2 þús. kr. árlega fyrir að sitja eina viku á fundi, og auk þess allríflegan ferðakostnað. Tíminn vítti þessa hóflausu eyðslu, og það varð til þess, að þingið færði kaupið úr 2 þús. niður í 500 kr. En þeir ágætu föðurlandsvinir í nefndinni fóru í mál við landið. Þeir töpuðu því fyrir hæstarjetti og höfðu óvirðing af. En þá fundu þeir ráð til þess að ná sjer niðri á ferðakostnaðinum. Hann fór síhækkandi — frá 3000 kr. upp í 3500, 4000 og loks upp í 5000 kr. Þetta var allsómasamleg uppbót fyrir launamissinn. Jeg hefi nú verið eitt ár í nefndinni, og með tilliti til þeirrar reynslu, sem jeg hefi fengið af starfi hennar, held jeg, að óhætt sje að afnema alveg kaupið og láta 1500 kr. ferðakostnað nægja, og er þó nefndinni fullborgað. Í fjárlagafrv. því, sem nú er lagt fyrir þingið, eru nefndinni ætlaðar 6000 kr. alls, og jeg legg til fyrir mitt leyti, að það sjeu íslenskar krónur. Hún mun sæmilega haldin af því.

Aðstaða Framsóknarmanna til nefndarinnar er því þessi: Þeir vilja fyrst aðeins hafa mennina 3. Síðan eiga þeir þátt í því, að kaupið sje lækkað, og nú, þegar jeg er sjálfur kominn í nefndina, legg jeg til, að kaupið sje alveg skorið niður. Jeg vil, að nefndarmönnum sje borgað sanngjarnlega, en alls ekki, að stöður þeirra sjeu bitlingar. Verður erfitt fyrir hv. 1. þm. Reykv. að bregða mjer um óheiðarleik í þessu máli, og mætti hann sjálfur eitthvað af því læra.

Þegar hæstv. forsrh. (TrÞ) átti sæti í kæliskipsnefndinni, sem unnið hefir flestum öðrum nefndum meira starf og betra, tók hann einar 500 kr. fyrir alla sína fyrirhöfn. Á sama tíma átti hv. 1. þm. Reykv. sæti í annari nefnd. Varð síst meiri árangur af starfi hennar, og tók hann þó mun meira fje fyrir sinn starfa.

Hæstv. fjmrh. (MK) hefir stýrt landsverslun að mestu leyti frá því að hún var stofnuð og þangað til nú. Nú heldur hann stjórn hennar áfram og tekur ekki einn eyri fyrir, aðeins af því að honum er ant um fyrirtækið og treystir ekki öðrum betur til þess að sjá því farborða. En þegar yfirmaður hv. 1. þm. Reykv. tók við ráðherraembætti auk þess, sem hann sjálfur hafði, þá hann fje fyrir það svo að þúsundum skifti.

Það vildi svo til, þegar jeg varð ráðherra, að jeg átti þá sæti í bankaráði Landsbankans. Jeg hefi haldið áfram að sitja þar, en jeg tók þegar fram, að jeg mundi ekki taka kaup fyrir það, af því að jeg sje ekki ástæðu til þess, að sami maður hafi tvöföld laun. Fje það, sem jeg átti að fá fyrir störf mín í bankaráðinu, gengur nú til opinberra þarfa. Með þessu er verið að reyna að skapa nýja venju. Háttv. 1. þm. Reykv. ætti að láta sjer skiljast það, að forráðamönnum þjóðarinnar er annað ætlað en að brjótast um á hæl og hnakka, eins og hann hefir gert, til þess að afla sjálfum sjer tekna. Ein nauðsynlegasta umbótin, sem þarf að verða í opinberu lífi, er sú, að þeir menn, sem flokkarnir trúa fyrir meiri háttar störfum, sýni hæversku í aðdráttum.

Hv. 1. þm. Reykv. var sannarlega

seinheppinn að koma fram með þessa fyrirspurn. Jeg efast ekki um, að reglan, sem við Framsóknarmenn beitum, að verkamaðurinn eigi að vera verður launanna, muni verða honum til ama. Auk þess hefir nú komið fram samanburður, sem hlýtur að vera honum fremur óþægilegur.

Í viðhorfi háttv. 1. þm. Reykv. og flokks hans annarsvegar og okkar Framsóknarmanna hinsvegar mætist tvenskonar hugsunarháttur, gerólíkur. Annarsvegar er mest hugsað um bein og bitlinga; þar er meginaflið hin síhungraða áleitni. Altaf er verið á veiðum. Það er eðlilegt, að þeir, sem svona hugarfar hafa, eigi erfitt með að skilja, að hjá nokkrum manni sje vinnan aðalatriði.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir gert þennan dag að eldhúsdegi. Nú hefi jeg gert honum nokkur skil. Jeg hefi brugðið ljósi yfir hann og samherja hans.

Síðan jeg kyntist hv. 1. þm. Reykv., hafa mjer oft komið í hug þau orð, sem Haraldur harðráði sagði forðum um Gissur biskup, að úr honum mætti gera þrjá menn: víkingaforingja, konung og biskup, og væri hann til þess alls vel fallinn. Jeg held raunar, að hv. þm. mundi til einskis af þessu þrennu vel fallinn. En hann mundi vel til þess fallinn að veita hverskonar byltingastjórn þjónustu sína. Hefði hann lifað í Frakklandi milli 1780 og '90, gæti jeg hugsað, að hann hefði verið einn þeirra, sem framkvæmdi fyrirskipanir Jakobínanna með mestu jafnaðargeði og þótt fallöxin seinvirk. Í Rússlandi mundi hann með glöðu geði hafa lagt sitt lið til þess að typta presta og auðkýfinga. Og jafnfúslega mundi hann hafa hjálpað Mussolini til að berja á verkamönnum. Hann mundi hvenær sem var hafa verið vel til þess fallinn að verja hagsmuni þeirrar stjórnar, sem galt honum kaup. Löngunin í beinin mundi ávalt gera úr honum jafnhandhægt áhald, hvort sem ætti að beita því gegn aðalsmönnum eða öreigalýð. Þetta er rjett ályktun, dregin af fortíð þess manns, sem nú hefir auðmýkt sig fyrir þeim, sem áður hafa óvirt hann.

Fyrir nokkrum árum kom út í Englandi bók, sem hjet: Ef Kristur kæmi til Chicago.“ Þar er gert ráð fyrir, að Kristur mundi verða ærið forviða við komu sína til þeirrar miklu borgar og honum mundi eigi allskostar vel tekið. Það væri líka hægt að hugsa sjer, að Kristur kæmi til Reykjavíkur, — að hann kæmi inn í háskólann til þeirra manna, sem þar eiga að standa vörð um kenningu hans. Jeg ætla mjer ekki að leiða getur að því, hvað Kristur mundi segja, en jeg held, að hann mundi a. m. k. ekki verða ánægðari með þjón sinn, hv. 1. þm. Reykv., en formaður Íhaldsflokksins, þegar hann lýsti „slepjunni“ 1921.

Háttv. þm. vjek að mínum pólitísku vinnubrögðum, aðallega í sambandi við hina frægu þingsögu úr Ed. Þetta gefur mjer tilefni til að minnast á nokkuð, sem eitt Íhaldsblaðið sagði um mig í haust, þegar það var að skýra fyrir mönnum, hvers vegna Íhaldsflokkurinn hefði orðið undir í kosningunum. Blaðið segir, að jeg noti mjög merkilega aðferð, sem Íhaldsmenn eigi að taka eftir mjer, og hún sje sú, að jeg tali við kjósendur meira en aðrir og skrifist á við fjölda

manna. „Svona skuluð þið fara að", segir blaðið við flokksmenn sína. — En í næsta blaði kemur fram, til hvers á að nota þessa aðferð. Það á að nota hana til að hrífa kosningarrjettinn úr höndum bænda. Það á að láta vel að þeim og svíkja þá svo á eftir. Það á að nota trúnaðinn til þess að svifta þá því eina valdi, sem þeir eiga eftir, pólitíska rjettinum. Fjeð hafa þeir mist. Fólkið hefir verið gint frá þeim. Nú á að tala blíðlega við þá, svo að hægt sje að taka frá þeim alt.

Það lof, sem Íhaldsblaðið bar á mig, vil jeg nú launa samherjum þess með því að gefa þeim ráð: Þeir eiga ekki að gefa kjósendum loforð, sem þeir ætla sjer að svíkja. Slík vinnubrögð verða þeim ekki lengi til happa.

Nú ætla jeg að nefna eitt dæmi til þess að sýna hv. þm., hvernig jeg lít á þetta efni. Það er talið, að Framsóknarflokkurinn eigi fremur lítið fylgi á Siglufirði, líklega aðeins örfá atkvæði. Sumir mundu e. t. v. líta svo á, að Framsóknarstjórnin hefði minni skyldur við þann stað en ýmsa aðra. Jeg kom þar nú samt í haust. Þá átti jeg tal við helstu menn bæjarins og hafði af þeim ýmsar fregnir um ástandið þar. Jeg fjekk að vita, hver nauðsyn bæjarbúum er á hafnarbryggju, hvílík þörf er á að hjálpa þeim í baráttu við vínnautnina, að það þarf að hjálpa þeim umkomulausu konum, sem þar stunda atvinnu á sumrin, hve illa bærinn er leikinn af ýmsum fjárráðamönnum, o. s. frv. Jeg hefi hugsað mjer að gera mitt til þess að bæta úr þessu. Jeg á nokkurn þátt í frv., sem nú er fram komið í þinginu, og jeg vona, að mjer verði ýmislegt fleira ágengt til þess að greiða fyrir þessum bæ. Og í hvert sinn, sem jeg hefi tækifæri til, ræði jeg þessi mál við Siglfirðinga — ekki sem flokksbróðir, heldur sem þingmaður, af því að jeg tel það skyldu mína. Það getur vel verið, að einhverjir þar nyrðra hallist að Framsóknarflokknum fyrir aðgerðir mínar, en hvort sem þeir gera það eða ekki, hefi jeg engan hug á að svíkja þá. Þetta segi jeg hv. þm. til þess að sýna honum, að jeg lít ekki svo á, að það eigi að láta vel að öðrum og svíkja þá svo í trygðum.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði mjer þann heiður að láta ræðu sína snúast um mig, en ekki Hnífsdalsmálið. Þess vegna hefi jeg orðið að tala eins og jeg nú hefi gert. Mjer hefir nú gefist tækifæri til þess að minnast á margt, sem ekki var ótilhlýðilegt, að kæmi greinilega fram.

Nú vil jeg leyfa mjer að taka fram þrjú atriði, svo að betur sje hægt að glöggva sig á því, sem nú er að gerast:

Jeg beitti mjer gegn því, að Íslendingar þyldu það, að frelsi þeirra væri ofsótt. Fyrir það leyfði hv. Ed. sjer að svívirða mig, og þá hneykslanlegu samþykt, sem deildin gerði, nota Íhaldsmenn gegn mjer í þessum umræðum.

Þegar jeg varð ráðherra, var verið að svæfa Hnífsdalsmálið. Það fjell í minn hlut að vekja það upp á ný, og jeg var svo heppinn að finna mann, sem fær var um að ráða þær rúnir, er ritaðar voru af fölsurunum vestra.

Í þriðja lagi hefir það fallið í minn hlut að halda Hnífsdalsmálinu áfram. Viðleitni mín miðar að því að reyna að uppræta þann löst, sem gert hefir vart við sig í hinu gamla prestakalli hv. 1. þm. Reykv. Nú er að því komið,

að skera á úr um það, hvort við eigum að fylgja fordæmi Englendinga. Misfellurnar á kosningunni og saga málsins öll er þannig vaxin, að ómögulegt er að álíta annað en að stuðningsmenn Jóns A. Jónssonar sjeu við þær riðnir. Jeg vil láta lögfesta hjer á landi ensku regluna og þær siðferðiskröfur, sem hún byggist á.

Jeg skil vel, að óvildin, sem fram kom gangvart mjer í ræðu hv. 1. þm. Reykv. og hvað eftir annað hefir mátt sjá í blöðum Íhaldsins, stafar af þeim mun, sem er á viðhorfi okkar gagnvart slíkum málum sem þessu. Það er ofur eðlilegt, að ólík viðhorf verði til þess að skapa deilur. — Þeir Íhaldsmenn hafa óbeit á því, að Sigurður Þórðarson sje fordæmdur fyrir kenningar sínar í frelsismálunum, og þeir rísa öndverðir gegn því, að lögfræðileg þekking og dugnaður fái að komast að við rannsókn Hnífsdalsmálsins. Og þeir hafa sagt, að þeir sæju ekkert athugavert við að taka kosningu eins og þá, er fram fór í N.-Ísafjarðarsýslu í sumar, gilda. Það þarf engum að koma á óvart, þótt þeir, sem gagnstæðar skoðanir hafa um þvílík mál, þurfi stundum að leiða saman hesta sína.

Magnús Jónsson: Þessi herferð, sem nú hefir hafin verið á hendur mjer fyrir þau orð, er jeg ljet falla við fyrri hluta umræðunnar, sýnist vera miður undirbúin en málefni stóðu til. Jeg hjelt, þegar hv. 1. þm. Árn. (JörB) stóð upp, að nú ætti að fara að leika Einbjörn, Tvíbjörn og Þríbjörn, en sú varð ekki raunin á. — Það er oft siður, þegar sest er að veislu, að fyrst er eitthvert ljettmeti fram borið, áður en gestirnir fá aðalkrásirnar. Í þessari veislu, sem hjer er háð í kveld, var hv. 1. þm. Árn. til þess kjörinn að bera á borð ljettmetið, sem deildinni var ætlað áður en kjötrjetturinn kæmi frá hæstv. dómsmrh. (JJ). Jeg var nú farinn að vona, að þetta yrði höfðingleg veisla, með 4 eða 5 rjettum og góðum eftirmat, sem alt kæmi frá helstu framsóknarmönnum, og verð jeg að segja, að jeg varð fyrir dálitlum vonbrigðum að þurfa að láta mjer nægja tvo rjetti aðeins. Að vísu get jeg ekki kvartað undan því, að rjettir þessir væru mjög smáir að fyrirferð, en það verð jeg að segja, að undirstöðumatur var það ekki.

„Ber er hver að baki, nema bróður sjer eigi", mælti Grettir um Illuga. En það var líka sagt öðru sinni, þegar Björn í Mörk stóð að baki Kára. Og það atvik kom mjer til hugar, þegar jeg heyrði til hv. 1. þm. Árn. Mjer fanst jeg alveg þekkja setningarnar úr Njálu í ræðu hans: „Hvárt þykir þér undir því mest, at vit sém sem vitrastir?" „Hvárki frý ek mér skygnleiks né hvatleiks né natkvarrar karlmensku." „Er hér raun til, at því leita engir á mik, at engir þora", o. s. frv.

Það er yfirleitt gaman að heyra þetta rindilslega mont hjá þeim smærri og kraftaminni, ef þeir halda, að þeir standi bak við einhvern, sem þeir álíta stóran og sterkan, og á jeg hjer ekkert frekar við hv. 1. þm. Árn. en hvern annan, er mælir í sama tón.

Þessi hv. þm. var annars ekki sjerlega frumlegur í ræðu sinni. Hann byrjaði á því að líkja mjer við manninn á mótorhjólinu, sem ekki gat stöðvað sig, þegar hann var kominn af

stað. — Mikið skelfing hefði jeg nú hlegið að þessari samlíkingu, ef jeg hefði ekki verið búinn að heyra hana oft áður. Jeg hygg, að það hafi verið hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem fyrstur kom með þessa fyndni, og nú eru Íhaldsmenn búnir að hlæja að henni marga daga. En jeg held, að hún sje nú farin að slitna, og hefði ekkert á móti að lána Framsókn hana um tíma. Þaðan gæti hún svo farið til jafnaðarmanna og frá þeim í Spegilinn. Þá ætti að fara að verða trygt, að hún væri fullnotuð. — Annars verð jeg að segja það, að ef jeg hefi komið einhverju mótorhjóli af stað án þess að hafa ætlað mjer það, þá hafi það mótorhjól verið þessi háttv. þm. Jeg ætlaði alls ekki að hleypa honum af stað, en það lítur út fyrir, að jeg hafi óviljandi stutt á eitthvert typpi á honum; svo mikið er víst, að hann rann af stað og út allan Eyjafjörð, þótt botninn yrði eftir suður í Borgarfirði.

Hv. þm. var að tala um, að hann þekti mig að öllu góðu persónulega, og get jeg sagt hið sama um hann. En mjer þykir undarleg þessi skylda, sem hann virðist álíta, að hvíli á sjer til að umhverfast og verða allur annar maður, þegar hann kemur í þingsalinn. Jeg minnist þess t. d., að einu sinni í fyrra, þegar jeg var dauður eða hálfdauður í máli, reis hv. þm. upp og fór á illkvittnislegasta hátt að draga inn í umræðurnar smávægilega ráðstöfun, sem gerð hafði verið af nefnd úti í bæ, sem jeg átti sæti í.

Síðan fór hv. þm. mörgum orðum um dugnað hæstv. stjórnar, þ. e. a. s. hæstv. dómsmrh. Okkur getur áreiðanlega komið saman um það, að hæstv. ráðh. sje mjög duglegur, enda man jeg ekki betur en að mjög mikill hluti minnar stuttu ræðu um daginn fjallaði einmitt um það atriði. En hv. 1. þm. Árn. nefndi einstök dæmi um þennan óhemju dugnað, eins og það hvað gert hefði verið til að halda bannlögunum í heiðri, refsingar á leynivínsölum og smyglurum o. s. frv. Það má nú segja, að þar var dugnaður á ferðinni, t. d. þegar gefin var út fyrirskipun um að setja ölvaða menn í land af „Esju". Þar var nú handagangur í öskjunum, því að hver ráðherrann reif frá öðrum, til að vera sem „duglegastur." Fyrst átti þetta að heita framkvæmd á bannlögunum og heyra undir dómsmálaráðuneytið, en þegar bent var á, að þessi ráðstöfun væri ekki heimil eftir þeim lögum, þá var látið heita svo, að það væri gert til þess að halda uppi góðri reglu á skipum ríkissjóðs. En þá var málið komið inn á valdsvið atvinnumálaráðherrans, og hafði dómsmrh. því í ofurmætti dugnaðarins vaðið inn á annars manns landareign. — En um herferðina gegn smyglurum og leynivínsölum, sem vitanlega er bæði nauðsynleg og lofsverð, verð jeg að segja, að jeg veit ekki til, að hún hafi hafist með þeirri stjórn, er nú situr. Jeg held, að hún hafi þar ekki gert annað en að halda áfram þeirri stefnu, er fyrv. stjórn hafði tekið, og er það auðvitað þakkarvert, að hún geri það sem víðast.

Jeg mintist á það, að hv. þm. (JörB) var ekki tiltakanlega frumlegur í ræðu sinni. Jeg er búinn að minnast á manninn á mótorhjólinu. Síðan hnuplaði hann líkingu minni um drenginn með pokann, sem hann raunar breytti í fjósreku, og á það kannske fult eins

vel við hjá „bænda"-flokknum. Síðan kom hundapískurinn, sömuleiðis hnuplaður frá mjer; þá það, hvaða aðferð jeg hefði til að upphefja sjálfan mig, — ránsfengur úr dagblaðinu „Vísi" á laugardag. Svona var ræðan, tíningur hjeðan og þaðan, sem sýnir mikinn fróðleik, elju og vísindamannshæfileika hjá þeim, sem flutti.

Hv. þm. fór skakt með, þegar hann talaði um þau orð mín, að 10 kynslóðir væru milli hæstv. dómsmrh. og „gentlemans". Bæði háttv. þm. og hæstv. ráðh. þóttust taka þetta svo, sem jeg væri að lesa bölbænir yfir niðjum ráðherrans í 10. lið. En jeg sagði það eitt, að framferði hæstv. ráðherra væri þannig, að 10 kynslóðir sýndust vera milli hans og „gentlemans". En það er svo margt annað en innræti ráðherrans og hegðun, sem getur orðið til að bæta afkvæmi hans, t. d. getur verið svo mikið gott í hans konu og jafnvel í hans eigin ætt, þótt það komi ekki í ljós hjá honum sjálfum. Og jeg óska, að alt hans kyn blessist og blómgist í þúsund liðu.

Þá kom afarviðkvæmur kafli í ræðu hv. 1. þm. Árn., þegar hann fór að tala um, hve mjög jeg hefði misboðið vinnukonunni á Akureyri. Hann lagði fagurlega út af því, hve gott fólk vinnukonur gætu verið, — þær gætu jafnvel náð lengra á dygðabrautinni en dósentar í guðfræði. Jeg held, að hann hafi verið svo hátíðlegur, þegar hann var að tala um þetta, að fyrri flokksbræður hans, jafnaðarmenn, ættu úr þessu að geta tekið hann í sátt og hætt að kalla hann Efialtes. En það er algerlega rangt með farið, að hjá mjer hafi komið fram nokkur óvirðing við vinnukonur. Það er enginn efi, að þær geta verið svo draumspakar sem hver annar, en jeg var aðeins að benda á þessa dæmalausu natni hæstv. ráðh. við að bera alla skapaða hluti, hverja slúðursögu og hvern þvætting, sem upp kemur úti um land, inn í þingsalinn, þennan þingsal, sem hæstv. ráðh. er að tala um, að eigi að vera svo ákaflega virðulegur, en er þó af honum sjálfum notaður sem útvarpsstöð fyrir frjettaburð og slúður. Þetta draumahjal hans hefði ekki verið vitund betra, þótt hann hefði þótst hafa það frá kaupmannsfrú, — eða jafnvel háskóladósent. En um vinnukonurnar vil jeg aðeins bæta því við, að ef okkur háttv. 1. þm. Árn. auðnast að komast á góðan samastað eftir þetta líf, þá er jeg viss um, að við eigum eftir að sjá þar stóra hópa af vinnukonum í miklu meiri metum en sjálfa okkur, og vona jeg nú, að hv. þm. sje ánægður.

Þegar hv. þm. fór að tala um Jón Gerreksson, hætti mjer alveg að lítast á blikuna. Mjer hafði komið til hugar að heimsækja hann næsta sumar á hinum „hæsta höfuðstað", Skálholti, en jeg held, að jeg gefist upp við það, ef jeg má eiga von á, að hann setji mig í poka og drekki mjer í Brúará!

Þá þykist jeg hafa gert fyrri rjettinum full skil, og get snúið mjer að sjálfum kjötrjettinum, ræðu hæstv. dómsmrh. Þó að við yrðumst ofurlítið á, vona jeg, að það verði aðeins til að skerpa vináttuna, því að við þurfum að vinna saman í ýmsum nefndum, og verð jeg að segja, að það hefir gengið mjög vel.

Hæstv. ráðh. var leiður yfir því, hve lítið jeg hefði talað um sjálft málið,

sem hjer liggur fyrir, og um þau mál, sem hann hefir tekið á sína arma. En þetta mál er svo ofureinfalt og óbrotið, að það hefði orðið þrautrætt á einni klukkustund, þótt alt hefði verið fram dregið, sem nokkuð kom málinu við. Hjer var ekki um annað að ræða heldur en það, hvort fylgja ætti þeirri þingvenju, sem hjer hefir myndast og sendiherra hefir upplýst, að einnig gildir á Norðurlöndum, og hæstv. ráðh. segir að gildi sömuleiðis á Englandi. Kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu stenst allar þessar eldraunir, því að enn hefir enginn leyft sjer að halda því fram, að frambjóðandinn sjálfur eða þeir, sem standa honum nærri, hafi átt þátt í eða vitað um kosningasvikin. Málið sjálft var þannig ákaflega einfalt. En það, sem fjekk mig til að fara af stað í þessu máli, voru hinar löngu ræður hæstv. ráðh., — jeg veit ekki, hvort þær eru heldur 10 eða 20, — þar sem hann bar fram taumlausar órökstuddar árásir á Íhaldsflokkinn. Því að þótt undarlegt kunni að virðast, að stjórnin byrji eldhúsdag á sjálfri sjer, þá var það hæstv. dómsmrh., sem átti upptökin að honum að þessu sinni. En það er svo um þennan mann, að hann sjest ekki fyrir, þegar ofsinn grípur hann; veit ekkert, hvað hann er að gera, frekar en bolinn, sem rótar upp moldarflagi yfir sjálfan sig.

Hæstv. ráðh. eyddi löngum tíma og miklu máli til þess að sýna afstöðu sína til meiðyrðamála. Mjer kemur ekki til hugar að amast við því, þótt hann höfði aldrei meiðyrðamál gegn nokkrum manni. Hann um það. En það, sem gerði að verkum, að hv. Ed. þótti sjer misboðið með framferði hans, var það, að hann vildi ómögulega leyfa öðrum að lifa eftir sömu reglu. Hann vildi láta Alþingi skylda aðra menn til þess að fara í meiðyrðamál, þótt hann gerði það aldrei sjálfur, og það var þessi undraverða afstaða, sem hverjum sanngjörnum manni þótti ganga ósköpum næst. — Hæstv. ráðh. talaði um dómstól almenningsálitsins, og það er alveg rjett, að þeim dómi verðum við allir að hlíta. En dæmin, sem hann bar fram til að sanna, að sá dómstóll hefði dæmt öðruvísi en lagadómur, voru ekki mikils virði. Það eru ekki svo einstök atvik, sem ráða því, hver kemst á þing og hver ekki. Þar kemur fleira til. Það er eins og Napóleon sagði einhverntíma, þegar honum var óskað þess, að hann hefði nú forsjónina með sjer. „Forsjónin er altaf með þeim, sem bestar hefir kanónurnar," sagði hann. Eins er um það, hverjir komast á þing. Enda var það t. d. svo um þessa tvo hv. þm., sem hann vildi reka í málaferli, að þeim hefir skilað vel áfram, ekki síður eftir þetta en áður. Annar þeirra var forsætisráðherra alt til dauðadags, og hinn held jeg að hafi unnið glæsilegan kosningasigur nú í sumar, ef hann á við þá menn, sem jeg ætla. Og þó að hvorki Þórarinn á Hjaltabakka nje Magnús Pjetursson sjeu nú á þingi, þá er það tilhæfulaust fleipur, að almenningsálitið hafi dæmt þá seka um nokkurn skapaðan hlut. Vill ekki hæstv. ráðh. fallast á það?

Þá var skemtilegt að heyra til hæstv. dómsmrh., þegar hann fór að tala um það eins og fjarstæðu, að sá saklausi höfðaði mál á móti þeim seka. Hver heldur þessi „vörður laga, siða og rjettlætis" að sje vanur að höfða

málin? Líklega sá seki, til þess að fá sig dæmdan! — „Jeg, — jeg, sem er saklaus eins og dúfa, á jeg að fara að höfða mál á móti þeim seka, sem gerir á hluta minn?“ segir hæstv. ráðh. Hafa menn á æfinni sjeð meiri hugsanagraut á borð borinn? Það á að vera fjarstæða, að sá saklausi höfði mál gegn þeim seka!

Jeg hefi hugsað mjer að vera ekki mjög langorður, a. m. k. stuttorðari en hæstv. ráðh. Enda hefir hann nú haft 3 daga til þess að sjóða saman árásina á mig, þar sem jeg hefi engan tíma til að búa mig undir vörnina. Og það þarf engan að undra, þótt einhver ávöxtur sæist, er slíkur vefari sem ráðherrann hafði setið við í 3 daga. En hæstv. ráðh. vjek nokkrum orðum að mjer persónulega, — mikil dæmalaus æra, að hæstv. dómsmálaráðherra sjálfur skuli tala um mig persónulega. En í sama bili nefndi hann orð, sem bregður ljósi yfir það, sem sumir hafa furðað sig á, sem sagt hvaðan hann hefir hið prúða orðbragð sitt. Nefndi hann Vagnmakaragötu í Kaupmannahöfn, og var auðheyrilega mjög fróður um það, sem þar gerist. Og þar hefir hann sjálfsagt lært munnsöfnuðinn.

Þá byrjaði hæstv. ráðh. að rekja „innri gang“ málsins. (**Dómsmrh. JJ:** Ytri gang!). Það má vera, að mjer hafi misheyrst þetta, en það stafar þá af því, að jeg hefi átt von á, að hann færi að tala um hinn „innri gang“, sem hann er altaf sá dæmalausasti snillingur að rekja. En sleppum því. — Hæstv. ráðh. talaði í þessu sambandi mikið um sjerstaka mynd í „Speglinum“. Hann hefir áður skrifað mikið um listir, og þetta er aðeins ein sönnunin í viðbót um hina miklu listaþekkingu hans. Jeg man nú ekki vel eftir myndinni, en það er eins og mig minni, að í þessu negralýðveldi gægist hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) út úr einum kofanum og horfi hýrlega til þess, sem verið er að sjóða: núv. hæstv. dómsmrh. í sínum eigin hatti. Þetta hefir því líklega átt að vera hnúta frá hæstv. ráðh. til háttv. 1. þm. S.-M., að hann mintist á þessa mynd. Það hefir átt að minna hann á, að hann væri að lenda í íhaldsnegraríkinu með því að samþykkja þessa kosningu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það að samþykkja þessa kosningu væri sama og að fallast á þau svik, sem framin hefðu verið í Hnífsdal. Þetta endurtók hann jafnvel eftir að hæstv. fjmrh. (MK) hafði sagt sína skoðun á málinu, svo að í þessu lá bein aðdróttun til hans. Mjer kemur að vísu lítið við, hvað Framsóknarflokkurinn gerir, en þótt hæstv. dómsmrh. hreyki sjer nú hátt, þykir mjer ósennilegt, að honum haldist lengi uppi að svívirða á þennan hátt sjer eldri og engu blettaðri flokksbræður sína.

Næst lenti hæstv. ráðh. á skeyti, sem Morgunblaðið birti í vetur, — hann er altaf eins og kría á flugi, þessi hæstv. ráðh., og aldrei að vita hvar hann ber niður. — Þetta var skeyti, sem blaðið birti frá Einari Jónassyni fyrrum sýslumanni. Talið um þetta var líkt og stundum áður. Ef Íhaldsmenn þegja um eitthvert mál, áður en þeir hafa fengið upplýsingar um það, þá stafar það af vondri samvisku, og ef þeir segja svo eitthvað, þegar þeir hafa fengið upplýsingarnar, þá eru þeir að gefa skjólstæðingum sínum reisupassa Sölva Helgason-

ar. Það er vandlifað fyrir Íhaldsmenn í þessu landi.

En þetta var einskonar forleikur, fagurt hugmyndaflug, áður en hæstv. ráðh. fór að tala um mig persónulega. **(Dómsmrh. JJ:** Pólitískt!). Jæja. Var hann þá pólitískur pjesinn, sem jeg skrifaði um Ameríku?

Á utanríkismálaskrifstofum erlendis og stórum lögregluskrifstofum eru oft til stórar skrár, þar sem flokkaðar eru upplýsingar um alla mögulega menn. Stundum fylla þessar skrár margar stofur og jafnvel heil hús. Það lítur út fyrir, að hæstv. dómsmrh. hafi einhverja svona skrá. Nú þurfti hann að tala yfir mjer. Þá flettir hann upp. — Jú, þarna er Magnús Jónsson; ráðherrann gengur að veggnum, dregur út skúffuna og les. Fyrst finnur hann, að þessi maður hafi skrifað bók um Ameríku og landa þar. En þótt jeg hafi mikla freistingu til að ræða ögn um þessa bók, þá held jeg, að jeg verði nú að neita mjer um þá ánægju að mestu. Það var svo fjarri því, að jeg í bæklingi þessum svikist að löndum vorum vestra, að í honum var ekkert nema það, sem jeg margsinnis hafði sagt upp í eyru þeirra þar, og meira að segja sagt þeim, að jeg mundi kannske skrifa um síðar.

Annars vakti þessi bæklingur talsverða eftirtekt vestur þar, máske meiri en hæstv. dómsmrh. grunar. Var meðal annars haldin um hann opinber kappræða í Winnipeg; annar varði, en hinn sótti, og var fjölsótt. Má af því marka, að ekki hafi þótt markleysa ein. Og hæstv. ráðh. (JJ) hefir gert mjer æru með því að draga þetta fram í dagsins ljós. Hann öfundar mig kannske, því líklega hafa aldrei farið fram opinberar kappræður um pjesa hans. Eftir heimkomu mína skrifaðist jeg á við ýmsa kunningja mína vestra, og viðurkendu sumir þeirra fullkomlega rjettmæti lýsinga minna. Það kann að hafa sviðið sárt í bili sumstaðar. Það eru til hjegómlegir menn vestur þar, ekki síður en hjer. En jeg veit annars ekki betur en að vinarhugur milli Vestur- og Austur-Íslendinga hafi sjaldan eða aldrei verið meiri nje traustari en einmitt síðan. Jeg þori að vísu ekki að eigna þessum bæklingi mínum neitt. En þó, hver veit nema hann hafi opnað augu landa vestra fyrir sumu, sem miður fór í afstöðu þeirra til gamla landsins og þjóðarinnar, sem þar býr.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. næst á það, að jeg hefði gert mig sekan í því óttalega ódæði, að mjer skildist, að sækja um og taka þátt í samkepni um kennaraembætti hjer við háskólann og vinna sigur í þeirri samkepni. Hann taldi þessi ósköp einna skýrasta sönnun þess, að helvítisstefnan, sem dr. Helgi Pjeturss talar um, sje nú fyrir alvöru farin að sigra á jörð vorri. Jeg veit ekki, hvort þeir eru um þetta sammála hæstv. forsrh. (TrÞ) og hæstv. dómsmrh. (JJ). Er hæstv. forsrh. þó málið skyldara og hefði hann átt að taka það sárara, hver úrslit urðu þessarar samkepni, þar eð hann átti hlut að máli. En svo mikið er víst, að skömmu eftir að þau úrslit urðu kunn, mætti jeg núv. hæstv. forsrh. (TrÞ) á götu, og enginn tók hlýlegar í hönd mjer og óskaði mjer hjartanlegar til hamingju en einmitt

hann. Og mjer er ljúft að lýsa því yfir, að þann mann hefi jeg yfirleitt ekki reynt nema að drengskap í minn garð. Hefði jeg haldið, að sú iðja hæstv. dómsmrh. væri dálítið meira í ætt við vítisstefnuna, að vera að reyna að spilla milli þeirra, sem ekki er illa hvorum við annan.

Þá kom þingmenskuferill minn. Þar bjóst jeg nú við, að kæmi syndalisti. En minna varð úr en við var búist. Aðalsökin sú, að jeg hefði fyrst verið andstæðingur Jóns heitins Magnússonar. Því til sönnunar greip hæstv. dómsmrh. til þeirrar ódýrustu vöru, sem hjer er hægt að hafa á boðstólum, sem er það að lesa hitt og þetta gamansamt upp úr gömlum Alþingistíðindum. Af hverju fylgdi jeg ekki skilyrðislaust Jóni Magnússyni? Einmitt af því, að mjer þótti hann oft um of hafa stuðst við þann flokk, sem nú styður hæstv. dómsmrh. Ætti hann því sjálfs sín vegna síst að geipa um þetta, þótt jeg ekki meti persónur svo mikils, að jeg fylgi þeim á þeim brautum, er mjer virðast rangar. Hitt hefi jeg gert og mun gera, að fylgja þeim fúslega eftir, er mjer þykir rjett stefna.

Þá komst hæstv. ráðh. (JJ) út í lýsingu, sem háttv. 3. landsk. (JÞ) gaf eitt sinn af mælsku minni. **(Dómsmrh. JJ:** Hún er nú góð). Hann hafði hótað mjer því áður að bauna henni á mig við gott tækifæri. En svo illa vildi til, að háttv. 1. þm. Árn. (JörB) hafði því sem næst stolið frá honum tækifærinu með því að minnast á þetta í ræðu sinni, þótt ekki kæmist svo langt, að hann læsi upp þessi merkilegu ummæli. Enda veit jeg ekki, hvernig farið hefði fyrir hæstv. dómsmrh., ef hann hefði verið sviftur þessu vopni. En eftir því sem orð mín síðast virðast hafa komið ónotalega við kaun hæstv. dómsmrh., þá er svo að sjá, sem mjer hafi farið mikið fram síðan jeg fjekk vitnisburðinn. **(JÞ:** Já, mjög mikið). Þá var hæstv. dómsmrh. heldur ekki kominn á þing, því að þá hefði háttv. 3. landsk. áreiðanlega ekki talið mig lakastan þingmanna að munnsöfnuði. Þá hefði hann vissulega sagt: að undanteknum amtmanninum.

Ein ásökun hæstv. dómsmrh. á hendur mjer var sú, að jeg kæmi á fundi hjer í Reykjavík og annarsstaðar þar sem stjórnmál væru rædd. Líkti hann mjer við áhald, sem notað væri til sóðalegra verka. Hver þau verk eru, nefndi hann ekki. Ef það telst til skítverka að ræða stjórnmál, þá er það ekki annað en það, sem hæstv. dómsmrh. lætur sjer sama að gera á fundum. Það hefir ekki þurft á mjer að halda til þess að vinna sóðaverk. Þau eru yfirleitt ekki unnin í mínum flokki. En hæstv. dómsmrh. fer ekki til annara, ef hann þarf að láta vinna sóðaverk í sínum flokki. Hann vinnur þau sjálfur.

Til þess að sýna enn einu sinni og sanna, hversu sjer væri lagið að halda þræðinum, komst hæstv. dómsmrh. inn á fyrirspurnir þær, er jeg hefi borið upp í Nd., aðra um gagnfræðaskólann á Akureyri og hina um aukastörf ráðherranna. Jeg fæ nú ekki sjeð, hvað þessar fyrirspurnir koma þessu máli við eða þeim hnippingum, sem okkar í milli hafa farið. Og jeg verð að segja það, enda þótt

hæstv. forseti hafi sýnt það umburðarlyndi við hæstv. ráðh. (JJ) að leyfa honum að vaða svo út fyrir efnið, þá vil jeg ekki reyna svo þolinmæði hæstv. forseta, að jeg fari að rökræða þessar fyrirspurnir nú. Enda mæla þingsköp svo fyrir, að fyrirspurnir skuli einungis ræðast í þeirri deild, sem þær eru bornar upp í. Það er því hreinn barnaskapur að fara að ræða þær í Sþ.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort hæstv. dómsmrh. svarar þessum fyrirspurnum eða ekki. Það munu gefast nóg tækifæri, þar sem hann verður að svara þeim samt. Hitt þykir mjer verra, að hann virðist hafa misskilið fyrirspurn mína um aukastörf ráðherranna og fer að tala um aukatekjur í sambandi við hana, og mig sem nokkurskonar methafa í þeirri grein. Jeg skal ekki neita því, að jeg hefi gegnt trúnaðarstörfum fyrir Alþingi og þegið laun fyrir, og þó ekki fleiri nje hærra launuð en tugir þingmanna fyr og síðar. Mun jeg aldrei skammast mín fyrir það, því að jeg hefi reynt að leysa þessi aukastörf mín af hendi svo samviskusamlega sem mjer hefir verið unt. En um aukastörf ráðherra er það að segja, að mörg trúnaðarstörf eru svo vaxin, að óhæfa er, að ráðherra hafi þau á hendi, alveg án tillits til þess, hvort hann tekur peninga fyrir eða ekki.

Hin langa ræða hæstv. dómsmrh. gaf mjer ekki tilefni til eins skörulegrar ræðu og jeg hefði kosið. Vesall andstæðingur dregur hvern mann niður, sem við hann fæst.

Hann lýsti því, hæstv. ráðh. (JJ), hvað sjer hefði dottið í hug við að kynnast mjer. Jeg hefi nú um nokkurt skeið átt kost á að kynnast honum. Og það er fjarri því, að það sje að öllu illu. En einmitt þess vegna vil jeg víta það, sem vítavert er í fari hans, að mjer er meinlaust við hann persónulega. Hann taldi upp ýmislegt, sem jeg hefði til að bera, sem myndi gera mig ágætan liðsmann illra leiðtoga og misindismanna. Jeg skildi þetta sem nokkurskonar tilboð af hendi ráðherrans um að gerast hans maður. En hafi svo verið, þá verð jeg að gefa honum fullkomið afsvar.

Mjer dettur í hug saga. Einu sinni var maður, sem hafði látið skoða sig til lífsábyrgðar. Þegar hann kom frá þeirri skoðun, var hann mjög glaður í bragði og hressari en hann átti að sjer að vera. Jeg furðaði mig á þessu og spurði, hvað gleddi hann svo. Hann svaraði, að læknirinn hefði skoðað sig allan í krók og kring og lýst því svo yfir að þeirri skoðun lokinni, að hann væri alheilbrigður. En svo var mál með vexti, að þessi maður hafði haft leynilegan grun um, að hann gengi með einhvern sjúkdóm, en aldrei komið sjer að því að leita álits læknis. Nú hafði hann fengið fullvissu um, að ekkert gengi að sjer. Það gerði hann svona glaðan.

Það er eitthvað svipuð tilfinning, sem hreyfir sjer hjá mjer. Jeg veit að sjálfsögðu á mjer ýmsa snögga bletti og er kannske ekki altaf fullkomlega ánægður með breytni mína. En að láta svo slíkan lækni sem hæstv. dómsmrh., svo fundvísan á veilur í fari manna og með 3 daga frest til undirbúnings rannsókninni, að láta slíkan lækni skoða sig, segi jeg, og fá hjá honum annað eins

heilbrigðisvottorð og hann hefir gefið mjer, það vekur hjá mjer óblandinn fögnuð og ánægju.

Annars þótti mjer hæstv. dómsmrh. fara að gera sig nokkuð breiðan, er hann kom fram sem nokkurskonar jarl Krists á jörðinni og fór að leggja niður fyrir sjer, hvað Kristur myndi segja, ef hann kæmi inn í guðfræðideild háskólans og hlustaði á mig kenna prestsefnum kirkjusögu. Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að kenna hæstv. ráðh. (JJ) dálítið í kirkjusögu. Jeg held helst ekki. En mjer dettur í hug dómur sögunnar um einn kirkjuhöfðingja liðinna alda.

Bonifacius er páfi nefndur, hinn 8. með því nafni. Hann var duglegur mjög og athafnasamur, mesti þjarkur, ef svo mætti að orði kveða, en lítt vandur að virðingu sinni og hikaði ekki við að nota miður heppileg meðul til þess að hrinda fram kappsmálum sínum. Yfirleitt er hann talinn einhver sá versti páfi, er uppi hefir verið. Hann komst í deilur við voldugan þjóðhöfðingja samtíðar sinnar, Filippus fríða Frakkakonung. Áttu þeir brjefaskifti saman um ágreiningsefni sín. Hóf Filippus eitt brjef sitt til páfa á þessa leið: „Sciat tua magna fatuitas". Það þýðir frítt útlagt eitthvað þvílíkt sem skikkanlegur borgari segði við annan: Þú ert ærulaus lygari og rógberi. Orðin þýða raunar ekki þetta, en þegar haft er í huga, að það er konungur, sem er að ávarpa æðsta mann kirkjunnar, þá er það áþekt „compliment" því, er jeg tiltók. Um þennan mann sagði einn heilagur maður samtíðarinnar: Hann kemur til valda sem refur, ríkir eins og ljón og deyr eins og hundur. Þessi dómur hefir oft rætst um andleg skyldmenni hans, þótt minni sjeu fyrir sjer en hann, og veit jeg, að svo mun enn verða.

Að svo mæltu legg jeg mig nú til hinstu hvíldar í þessu máli, með því að jeg mun nú dauður vera og mun ekki rumska í gröf minni, þótt hv. 1. þm. Árn. (JörB) eða aðrir kunni að vilja leggjast á náinn.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla að nota þessar fimm mínútur, sem mjer eru úthlutaðar, til þess að skýra frá litlu atviki, sem gerðist í sambandi við kosningarnar í sumar; að vísu var það ekki í Norður-Ísafjarðarsýslu, en það er skylt skeggið hökunni, því að það var á Ísafirði í sumar.

Jóhannes er maður nefndur og á heima á Ísafirði. Hann kaus í Nauteyrarhreppi. En atkvæðaseðill hans kom til kjörstjórnar á Ísafirði frá skrifstofu bæjarfógeta þar. Fylgibrjef, sem fylgir venjulega atkvæðum, sem greidd eru utan kjörstaðar, var ekki vottað af embættismanni eða umboðsmanni hreppstjóra. Fyrir þær sakir gerði kjörstjórnin þetta atkvæði ógilt. En sagan er ekki þar með búin. — Kjörstjórnin þurfti vitanlega að rífa upp ytra umslagið, til þess að sjá, hvernig plöggin væru innan í. En þá valt óvart út úr því 12 eða 15 króna reikningur — jeg man ekki, hvort heldur var, — til íhaldsskrifstofunnar á Ísafirði fyrir að sjá um, að Jóhannes póstur greiddi skriflega atkvæði í Nauteyrarhreppi.

En hvernig þessi reikningur hefir getað slæðst inn í umslagið, það er enn óráðin gáta. Óneitanlega bendir

þetta á, að ekki hafi alt verið með feldu um kosningarnar vestra og ekki muni öll kurl hafa komið til grafar. Það er því í meira lagi varhugavert að taka kosningu gilda, þótt meiri hluti hafi náðst, þar sem slíkir ágallar eru á.

Jeg má til að minnast á hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og eyða svo sem 2—3 mínútum af mínum dýrmæta tíma til þess. (**JÞ:** Er þessi saga nýsmíðuð, úr því að hún hefir ekki komið fram fyr?). Hv. 3. landsk. (JÞ) kemur sagan sú arna augsýnilega illa, en hann getur fengið sannanir fyrir áreiðanleik hennar hvenær sem vill. Jæja, jeg sný mjer þá að háttv. 1. þm. Reykv. Hann þóttist aldrei hafa mælt bót kosningasvikunum í Hnífsdal. Fyrsti maðurinn, sem jeg heyrði tala um þetta Hnífsdalshneyksli, gerði það á opinberum fundi í Reykjavík, og það var hv. 1. þm. Reykv. Og á hvern hátt talaði hann um það? Er fregnin fyrsta barst hingað suður, að hreppstjórinn í Hnífsdal væri tekinn fastur fyrir grun um fölsun atkvæða, þá kom hún fram á almennum kjósendafundi í Reykjavík. Og það var alveg rjett athugað hjá honum í síðustu ræðu, að flestum þótti sem þar spryngi bomba, svo stórkostleg tíðindi voru þetta. En hv. 1. þm. Reykv. var ekki uppnæmur fyrir slíku. Hann setti aðeins upp þetta dæmalausa sunnudagsandlit og mælti af prestslegri andagift: Hvað er að marka þetta þarna fyrir vestan? Það getur alveg eins verið, að kærendurnir, sem komu með atkvæðin til sýslumanns, hafi falsað atkvæðin.

Þessari ræðu var sem öðrum á þeim fundi útvarpað. Þegar íhaldsmenn á Ísafirði heyrðu þetta, þóttust þeir hafa himin höndum tekið. Þetta snjallræði hafði þeim ekki komið til hugar. Þarna kom úrlausnin upp í hendurnar á þeim: Enginn annar vandinn en að skella skuldinni fyrir atkvæðafalsanirnar á þá, sem fyrir fölsununum urðu og kærðu þær. Og þeir íhaldsmenn vestra munu trúlega hafa fylgt þessu ráði hv. 1. þm. Reykv.

Þannig hefir þá hv. 1. þm. Reykv. gefið tóninn í þessu kosningasvikamáli.

Jeg hefi orðið þess var, að háttv. þm. finst tónninn í ræðum hv. 1. þm. Reykv. ekki sem þokkalegastur og tæpast þinglegur. En jeg vil segja: Komið á kosningafundi í Reykjavík, þar sem háttv. 1. þm. Reykv. talar í flokki íhaldsmanna. Þessi háttv. þm. var þar eitt sinn að lýsa dugnaði íhaldsmanna hjer í bæ og notaði líkingu, sem flestum mundi þykja heldur óprestsleg. Fór háttv. 1. þm. Reykv. þar meðal annars með vísu, þar sem hann nefndi óþverra tvisvar í hverri vísuhending. Hallfreður vandræðaskáld fjekk verðlaun fyrir það á sínum tíma að nefna sverð í hverju vísuorði. Hv. 1. þm. Reykv. fjekk klapp hjá flokksmönnum sínum fyrir það að nefna óþverra tvisvar í hverju vísuorði. Óneitanlega vel af sjer vikið af guðfræðikennara.

Einar Jónsson: Jeg vonast til þess, að hæstv. forseti leyfi mjer að tala frá öðru sæti en mínu eigin, með því að jeg er hjer staddur á annars manns stað, en mitt sæti er upptekið í bili.

Jeg skal ekki vera langorður. En það verð jeg að segja, að þær hafa þreytt mig, þessar umræður, hið fyrra sinn langt fram á nótt og nú í annað sinn virðist alt útlit fyrir litlu betra.

Og jeg get ekki komist hjá að láta í ljós óánægju mína yfir því, hve hæstv. forseti hefir leyft umr. á víð og dreif hjer í kvöld. (Forseti hringir). Jeg er með þessu alls ekki að víta hæstv. forseta. Honum ber frekar að víta mig en mjer hann.

Það eru tvö atriði í þessu máli, sem ekki hafa verið athuguð í þessi tvö sinn, sem umræður hafa um það staðið. Jeg vil því gerast til þess að draga þau fram.

Annað er það, hver háski getur af því stafað, ef Alþingi fyrirskipaði kosningar að nýju í fjallasveit eins og Norður-Ísafjarðarsýsla er nú um þetta leyti árs. Því hefir verið haldið fram, að það gerði í raun og veru viðkomandi þingmanni ekkert til, og kjósendum heldur ekki, þótt kosningin yrði dæmd ógild, því að úrslit nýrra kosninga myndu verða hin sömu og geta fengist afgerð innan hálfs mánaðar hjer frá. En vilja menn þá ekki athuga, hver mismunur er á því að sækja kjörfund langar leiðir um hávetur í óveðri og illri færð eða sitja hjer í stofum þingsins hreinn og þur og þurfa ekki lengra að fara en milli húsa í bænum, og kvarta þó yfir, ef nokkuð er að veðri.

Jeg fæ ekki betur sjeð en það sje beinlínis að stofna mannslífum í voða að fyrirskipa nýjar kosningar nú í annari eins vetrarríkis- og harðindasýslu sem hjer um ræðir. Að vísu er það út af fyrir sig, en þó vert að athuga áður en flanað er að nýrri kosning, jafnóþarft og órjettlátt sem það er.

Jeg ætla alls ekki að fara að tala um kosningarnar á Ísafirði 1919 og 1923, því að þær koma þessari kosningu ekkert við. Það mætti alveg eins minnast á allar aðrar kosningar, sem fram hafa farið víðsvegar um land á liðnum árum og allir sjá, að ekki eru í neinu sambandi hver við aðra. En jeg vil aðeins beina því til þeirra góðu manna, sem bera fram þá alvarlegu kröfu, að ákveða vissan svefntíma og hvíldartíma fyrir menn, hvort þeir geti nú verið vissir um, að kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu fái sinn 8 tíma svefn, ef þeir verða neyddir til að fara að kjósa upp aftur. Jeg hefi ekki komið vestur á þessar slóðir og er ekki heldur svo góður í landafræði, að jeg geti farið í gegnum þau hjeruð í huganum, en mig minnir þó, að helstu kauptún þar sjeu Bolungavík og Hnífsdalur. Má því vera, að jafnaðarmenn hugsi sjer að sigra á því, að þeirra menn sjeu í kauptúnunum, og eins og nú standa sakir, verði það aðeins íbúar þeirra, sem gætu sótt kjörfund, ef efnt yrði til kosninga þar vestra nú þegar.

Ef hv. forráðamönnum Framsóknarflokksins hefir tekist það á milli fundanna að fá það samþykt í flokknum, að flokksmenn lýsi yfir hlutleysi sínu við atkvæðagreiðsluna, eins og hv. 1. þm. Árn. (JörB) gerði, eftir að hafa lýst kosninguna gerræði og lögleysu, þá öfunda jeg þá ekki af verkum sínum. Og mjer þykir leitt, að minn góði vinur, hv. 1. þm. Árn., skyldi gera þetta, því að það hefði verið miklu betra fyrir hann að segja hreint „*nei*“, og það hefði hann og þeir, sem honum fylgja, átt að gera við þingsetninguna strax.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að samkvæmt fyrri þingvenjum í þessum efnum, þá virðist það liggja í augum uppi, að það væri *hreinasta gerræði að ógilda kosningu þessa.*

Jóhann Jósefsson: Þá er mál þetta var hjer til umræðu síðast, leitaðist jeg við að sýna fram á, að þau tvö stjórnarblöð, sem mest hafa um þetta kosningasvikamál skrifað, hafa altaf gengið út frá því sem vísu, að Íhaldsmenn einir væru við það riðnir. En þessu hefir verið mótmælt af hæstv. dómsmrh. (JJ). Vil jeg því máli mínu til sönnunar vitna í 31. tölublað Tímans f. á. Þar stendur:

„Eins og alkunnugt er, hefir legið sterkur grunur á því, og af mörgum talin full vissa, að Íhaldsmenn hafi við fyrri kosningar komið við svikum, líkum og þeim, sem nú er kært yfir."

Og í sama blaði, dags. 12. nóv., stendur ennfremur:

„Stjórnmálaflokkurinn, sem þykist öðrum fremur vilja vernda núverandi þjóðskipulag, fóstrar þær meinsemdir í hugarfari sínu og lífsstefnu manna, sem horfa til stjórnleysis og niðurbrots á þjóðskipulaginu."

Jeg ætla ekki nauðsynlegt að hafa þessar tilvitnanir fleiri, til þess að sýna, hvaða andi hefir svifið yfir vötnunum hjá þessu blaði, þegar það hefir verið að skrifa um kosningasvikin vestra. Þær sýna fullkomlega, að þau ummæli mín voru rjett, að því væri beint að vissum stjórnmálaflokki í landinu, að hann stæði að þessum oftnefndu kosningasvikum vestra.

Þá vil jeg með fáeinum orðum víkja að ræðu háttv. 1. þm. Árn. (JörB). Hann var eins og fleiri, sem talað hafa um þetta mál, að segja sögur, sem gengju um það fyrir vestan. Þeir geta skákað í því hróksvaldi, þessir herrar, að þeir hafa bolað burtu frá þessum umræðum þeim manninum, sem einn, sakir kunnugleika síns, væri fær um að gefa upplýsingar um ýmislegt það, sem hjer kynni að vera rangt með farið.

Hann talaði með miklum fjálgleik um þessa kosningu og sömuleiðis um kosninguna í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1912, og vildi gera samanburð á þessum kosningum. Án þess að jeg vilji leggja nokkurn sjerstakan dóm á kosninguna í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1912, þá finst mjer samt hjer vera alt öðru máli að gegna. Yfir þessari kosningu hefir enginn kært til Alþingis, en hin var kærð af 172 kjósendum, og þar valt alt á því, hvað gert væri við hina vafasömu seðla. En eins og margbúið er að sýna fram á, þá er kosning Jóns Auðuns Jónssonar svo viss, að þó að andstæðing hans sjeu talin öll heimagreiddu atkvæðin, þá hefir hann samt 137 atkvæða meiri hluta af kjörstaðagreiddum atkvæðum. Hjer veltur því ekkert á því, hvað gert er við þá seðla, sem kosningasvikin snúast um. Það hefir því frá upphafi verið alveg augljóst, að kosning JAJ væri eins gild eins og nokkur kosning getur verið, og var því í byrjun alveg ástæðulaust að amast við því, að hann tæki sæti í þinginu.

Þá kom hv. 1. þm. Árn. með upplýsingar um það, hvernig kosningin hefði verið framkvæmd í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem að hans dómi voru mjög merkilegar. Hann sagði, að í einum hreppi sýslunnar hefði verið kosið eftir kjörskrá, sem samin hefði verið samdægurs og kosningin fór fram. Jeg þykist vita, að hv. þm. hafi þetta rjett eftir þeim, sem sagði honum, en svo heppilega vill til, að jeg get upplýst, að hjer er ekki farið með rjett mál. Í þessum hreppi, sem mun

vera Sljettuhreppur, hafði oddvitinn samið kjörskrá fyrir allan hreppinn á rjettum tíma, og afrit af henni var lagt fram á rjettum tíma í öllum kjördeildunum, því eins og tekið hefir verið fram, hafði hreppnum verið skift í þrjár kjördeildir: Hafna-, Látra- og Hesteyrarkjördeild. En þegar afritið kom í Hafnakjördeild, sá kjörstjórnin, að marga vantaði á kjörskrána, og bjó því til aðra kjörskrá, aðeins til þess að benda á, hve marga vantaði á kjörskrána. En eftir því uppkasti fjekk enginn að kjósa, heldur eftir gömlu kjörskránni, sem vitanlega var sú eina, sem hægt var að fara eftir.

Þá taldi þessi hv. þm. ummæli þau, sem Jón A. Jónsson hafði látið bóka fyrir rjettinum, stórt atriði á móti kosningu hans. En jeg vil nú spyrja hv. þm., hvort hann í raun og veru telji þau skifta miklu máli fyrir kosninguna. Eða veit hann ekki, að til eru sektarákvæði fyrir því, ef menn haga orðum sínum öðruvísi en vera ber fyrir rjetti? Og undir þau ákvæði heyra ummælin, hafi þau verið ósæmileg, en koma ekkert því máli við, hvort taka eigi kosningu hans til Alþingis gilda eða ekki.

Að eltast við alt, sem hæstv. dómsmrh. (JJ) sagði, er engin leið; hann fór svo víða, eins og venja er til, þegar honum tekst upp. Meðal annars var hann að dylgja með, að eitthvað nýtt hefði sannast í þessu svokallaða Hnífsdalsmáli. Jeg sje ekkert undarlegt við það, þar sem rannsókn málsins er ekki lokið enn. En því verð jeg að mótmæla fyrir Íhaldsflokkinn, að hann hafi altaf verið að afsaka þessi kosningasvik, því að það er mjög röng og ómakleg ásökun í garð flokksins hjá hæstv. ráðherra.

Þá var hæstv. dómsmrh. að minnast á atburð, sem gerðist í efri deild Alþingis 1926, þegar deildin sá sig tilneydda að vanda um við hann á viðeigandi hátt fyrir óverjandi frekju, þar sem hann vildi láta deildina fyrirskipa öðrum mönnum lögsókn á hendur Sigurði Þórðarsyni, vitandi sjálfan sig svo þungum sökum borinn af sama manni, án þess að hann hefði reynt að hreinsa nafn sitt, sem kunnugt er. Það er ofur eðlilegt, að hæstv. ráðherra muni eftir þeirri útreið, sem hann fjekk þá, og sjeu þeir menn minnisstæðir, sem stóðu að því að samþykkja þessa dagskrá, því að þeir menn hafa orðið honum óþarfastir á þingi.

En hitt tel jeg örðugt fyrir hann að snúa þessu við, svo að sökin lendi á deildinni, en ekki á honum sjálfum. Jeg get vel trúað því, að honum hafi þótt þessi umvöndun hörð, en þar má hann sjálfum sjer um kenna, því að hún var sjálfsögð og rjettmæt eftir framkomu hans þá.

Það mun nú fara að líða að því, að gengið verði til atkvæða um, hvort taka skuli gilda kosningu JAJ eða ekki. Og það hafa komið fram raddir úr öllum flokkum þingsins um að taka hana gilda, nema frá jafnaðarmönnum, og hvað greinilegast rökstudd frá hæstv. fjmrh. (MK). Þeir, sem mest hafa barist á móti kosningunni, eru sósíalistar; þeir hafa verið harðastir á stalli. Þessi stuðningsflokkur núverandi stjórnar, flokkurinn, sem hefir líf hennar í hendi sjer, vill gera sig eins digran og hægt er og

hefir sennilega í þessu sem öðru sett kröfur sínar til stjórnarinnar. Það sjest á ýmsum ráðstöfunum hennar, sem síðar mun verða að vikið, hverjir það eru, sem stýra þeim bak við tjöldin. Reynslan mun sýna, hvernig leikar fara, hvort stjórnin lætur ekki undan sósíalistum í þessu máli sem öðrum.

Mjer þykir líklegt, að atkvgr. sú, sem nú fer í hönd, muni sýna, hverjir það eru af Framsóknarflokksmönnum, sem næstir standa jafnaðarmönnum og fúsastir reynast til að ganga þeirra erinda, því að það er vitanlegt, að í Framsóknarflokknum eru menn á ýmsum skoðunum í þessu máli, og mig uggir, að sá fylkingararmurinn, sem lengst er til vinstri og næst stendur sósíalistum, muni í kvöld styðja þessa heitustu ósk jafnaðarmanna, að ónýta kosningu Jóns Auðuns Jónssonar.

ATKVGR.

Till. meiri hl. kjörbrjefanefndar, á þskj. 50, um að taka kosninguna gilda, samþ. með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, JÞ, JKr, MG, MJ, MK, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÁÁ, BSv, B-K, EJ, GunnS, HStef, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh.

nei: JBald, JJ, LH, MT, PH, SÁÓ, ÞorlJ, EF, HG, HjV, IP.

JörB, TrÞ, BSt, BÁ, EÁ, GÓ, HJ, IngB greiddu ekki atkv.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Fjárlög 1929.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1929 (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Mjer er ljóst, að það er dálítið þreytandi að sitja undir löngum fjármálaræðum og talnaupplestri. Jeg mun því fara svo fljótt yfir sögu, sem frekast er unt. Vænti því þess, að háttv. þdm. veiti fulla athygli því stutta erindi, sem jeg nú mun flytja.

Jafnframt því, að þetta frv. til fjárlaga fyrir næstkomandi ár er lagt fyrir þingið, mun rjettast að fylgja þeirri venju að skýra frá því, eftir því sem föng eru á, hvernig afkoma liðna ársins hefir orðið. Oft hefir verið kvartað um, að erfitt væri að gefa slíkt yfirlit svo að ábyggilegt sje, jafnvel þótt þing hafi komið saman á venjulegum tíma, í miðjum febrúar. Það liggur því í augum uppi, hversu miklu erfiðara það er nú, þar sem undirbúningstími hefir að þessu sinni verið nærfelt mánuði styttri en venjulega, og er því illkleift að afla í tæka tíð allra þeirra gagna víðsvegar að af landinu, sem nauðsynleg eru.

Jeg skal geta þess, áður en jeg sný mjer að aðalefninu, að jeg mun ekki fara nákvæmar út í þetta en svo, að þar sem um stóra liði er að ræða, mun jeg aðeins nefna þúsundin. Hitt skiftir minna um smærri tölur. Auðvitað getur átt sjer stað, að tölur verði nánar tilgreindar, látnar standa á hundruðum.

Eftir þeim upplýsingum, sem fengnar eru, verður þá yfirlitið á þessa leið:

Tekjur:

Fjlgr.		Áætlun kr.	Reikningur kr.	Umfram áætlun kr.	Undir áætlun kr.
2. gr.	1. Fasteignaskattur	225000	253628	28628	
	2. Tekju- og eignarskattur	950000	794917		55083
	3. Lestagjald af skipum	35000	44729	9729	
	4. Aukatekjur	375000	464273	89273	

Fjlgr.		Áætlun kr.	Reikningur kr.	Umfram áætlun kr.	Undir áætlun kr.
	5. Erfðafjárskattur	40000	39777		223
	6. Vitagjald	300000	363159	63159	
	7. Leyfisbrjefagjöld	10000	12170	2170	
	8. Stimpilgjöld	325000	356634	31634	
	9. Skólagjöld	15000	15000		
	10. Bifreiðaskattur	25000	37388	12388	
	11. Útflutningsgjald	1000000	1162214	162214	
	12. Áfengistollur	650000	420495		229505
	13. Tóbakstollur	775000	898203	123203	
	14. Kaffi- og sykurtollur	1000000	1116671	116671	
	15. Annað aðflutningsgjald	150000	189562	39562	
	16. Vörutollur	1375000	1127431		247569
	17. Verðtollur	850000	926530	76530	
	18. Gjald af sætindagerð	20000	51335	31335	
	19. Pósttekjur	400000	483400	83400	
	20. Símatekjur	1300000	1448000	148000	
	21. Vínein kasalan	500000	300000		200000
3. gr.	1. Eftirgjald eftir jarðeignir	30000	30000		
	2. Tekjur af kirkjum	100	100		
	3. Tekjur af silfurbergi	5000			5000
4. gr.	1. Tekjur af bönkum	50000	7500		42500
	2. Vextir af bankavaxtabrjefum	29000	27324		1676
	3. Útdregin vaxtabrjef	25000	38200	13200	
	4. Vextir af innstæðum í bönkum	6000	9891	3891	
	5. Vextir af viðlagasjóði	75000	55000		20000
	6. Aðrir vextir	140000	98080		41920
5. gr.	1. Óvissar tekjur	50000	43797		6203
	2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	2000	16000	14000	
	3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	102034	84486		17548
	4. Greiðslur samkvæmt lögum		35000	35000	
		10834134	10950894		

Gjöld:

7. gr.	1. Vextir af innlendum lánum	186831			
	Vextir af dönskum lánum	255501			
	Vextir af enska láninu 1921	190386			
		632718	574256		58462
	2. Afborgun af lánum	907259	783311		123948
	3. Framlag til Landsbankans	100000	100000		

Fjlgr.		Áætlun kr.	Reikningur kr.	Umfram áætlun kr.	Undir áætlun kr.
8. gr.	Borðfje H. H. konungsins	60000	60000		
9. gr.	Til alþingiskostnaðar	195000			
	Til yfirskoðunar landsreikninga . .	4800			
		199800	235816	36016	
10. gr.	Ríkisstjórnin, hagstofan og utanríkismál	322500	346812	24312	
11. gr.	Dómgæsla og lögreglustjórn og embættiskostnaður	877178	841779		35399
12. gr.	Til heilbrigðismála	945639	1000636	54997	
13. gr.	A. Póstmál	436967	452041	15074	
	B. Vegamál	921620	967199	45579	
	C. Samgöngur á sjó	330200	373858	43658	
	D. Símskeyta- og talsímasamband	1261300	1002246		259054
	E. Vitamál	307910	332183	24273	
14. gr.	A. Andlega stjettin	363656	375838	12182	
	B. Kenslumál	1241894	1218912		22982
15. gr.	Til vísinda, bókmenta og lista . . .	284245	278626		5619
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja	962610	1021073	58463	
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi . .	664700	752246	87546	
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfje	185450	169073		16377
19. gr.	Til óvissra útgjalda	100000	147456	47456	
20. gr.	Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu .	4000	25947	21947	
23. gr.	Til Eimskipafjelags Íslands	60000	60000		
26. gr.	Greiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum		642061		
	Mismunur á gengisreikningi		20000		
		11169646	11782169		

Þá er nú þessum tölulestri lokið í bili.

Samkvæmt yfirlitinu hjer að framan hafa tekjurnar orðið 116760 kr. umfram áætlun, og gjöldin sömuleiðis 672523 kr. umfram. Þessi niðurstaða er allólík reynslu tveggja undanfarinna ára, því að þá hafa tekjurnar verið áætlaðar svo, að þær hafa ríflega getað staðið straum af útgjaldahækkun þeirri, sem orðið hefir umfram áætlun, bæði á fjárl. og eins samkvæmt sjerstökum lögum, t. d. reyndust tekjurnar 1925 hjer um bil helmingi hærri en gert var ráð fyrir, og þrátt fyrir það, þó að gjöldin reyndust hátt á þriðju miljón umfram áætlun, þá varð samt tekjuafgangurinn rúmar 5 miljónir.

Árið 1926 urðu tekjurnar nálægt 2½ miljón, en gjöldin rúmlega 2 milj. hærri en áætlað var.

Af þessu verður augljóst, að það er árferðið, sem mestu ræður um afkom-

una, þótt afleiðingar þess komi venjulega ekki fullkomlega í ljós þegar í stað. Þess vegna virðist svo, sem erfiðleikar atvinnuveganna 1926 hafi aðallega komið í ljós á síðastl. ári. Með þeim tekjuaukafrv., sem samþ. voru á þingi 1924, var nokkurnveginn sjeð fyrir því, að tekjur og gjöld gætu haldist í viðunandi hlutföllum, en sú hefir ekki orðið raunin á nú, vegna þess, að þing og stjórn ljetu of snemma undan síga fyrir kvörtunum, er komu fram úr ýmsum áttum um óhæfilegar skattaálögur.

Það er ekki að undra, þó þess gæti nokkuð nú þegar, og muni koma enn frekar í ljós síðar, að tollur á ýmsum þungavörutegundum, svo sem kolum, salti og kornvöru, var lækkaður til muna. Ennfremur að verðtollurinn var skertur mjög og gengisviðaukinn afnuminn að nokkru leyti.

Þessar breytingar munu valda árlegri tekjurýrnun, sem nemur nokkuð á aðra miljón króna. Að öllu þessu athuguðu mun stjórnin telja sig knúða til að hlutast til um, að annaðhvort verði framangreindir tollar, sem niður fjellu, teknir upp aftur, eða aðrir nýir lögleiddir, ef það þykir hagkvæmara.

Þörfin á auknum tekjum verður því brýnni, sem fyrirsjáanlegt er, að næstu árin, 1929 og 1930, muni hafa óvenjuleg útgjöld í för með sjer.

Þá kemur skýrsla um skuldir ríkissjóðs 31. des. 1927, er sundurliðast þannig:

	Kr.	Kr.
1. Lán frá 1920		2000000,00
2. Háskólalánið 1919		1000000,00
3. Íslandsbankalán 1918		100000,00
4. Silfurbergsnámulán		28000,00
5. Staðarfellslán		7269,17
6. Landhelgisjóðslán	504622,03	
Þar frá dregst: Framl. sjóðsins til rekstrarkostn. 1927	135000,00	
		369622,03
7. Landsbankalán, til ritsíma, tekið 1916 til 25 ára með bankavöxtum	56000,00	
Sama 1918	51000,00	
Sama (Hlaupareikningur 1039)	589652,62	
		696652,62

Dönsk lán:

	D.Kr.
1. Tekið hjá dönskum bönkum 1909 til 30 ára, til að kaupa 3. fl. bankavaxtabrjef, með 4½% vöxtum	575000,00
2. Lán tekið hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn 1912 til 30 ára, til að kaupa 3. fl. bankavaxtabrjef, með 4½% vöxtum	129166,60
3. Lán hjá Norræna ritsímafjelaginu til símalagninga, með 4% vöxtum, tekið til 30 ára 1913	340185,62

	Kr.
4. Lán hjá Norræna ritsímafjelaginu, tekið 1917 til 30 ára, með 5% vöxtum	400056.04
5. Lán hjá Handelsbanken, tekið 1917 til 10 ára, og viðbótarlán 1923, vextir ½% hærri en forvextir þjóðbankans danska	180000,00
6. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919, með 5% vöxtum, til 20 ára	2700000,00
7. Lán tekið í Bicuben til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	128474,24
	4452882,50á 1/20=5343459,00
Enska lánið 1921 £	121679-5-0á 22/– =2676943,50
	Ísl. kr. 12221946,32

Það er í rauninni ekki ástæðulaust að nema staðar við þennan kafla og athuga hann nánar.

Þegar litið er á skýrsluna hjer að framan, kann ýmsum að virðast, að aðalupphæðin, rúmar 12 miljónir, sje ægilega há; en það er mitt álit, að hún sje það ekki svo mjög, þegar þess er gætt, til hvers fjenu hefir verið varið. Það er í mínum augum aðalatriðið, hvers eðlis lánin eru, hvort þau eru eyðslulán eða notuð til kaupa á nytsamlegum eignum og til arðberandi fyrirtækja.

Það vill nú svo vel til, að nokkur hluti þessara lána er með mjög hagkvæmum vaxtakjörum og þau hafa verið notuð að nokkru leyti til kaupa á bankavaxtabrjefum, sem gefa fulla vexti og hafa verið keypt í því skyni að afla fjár, sem hægt væri að lána almenningi til brýnustu þarfa með vægum vaxtakjörum. Nokkur hluti þessara lána var að vísu á sínum tíma notaður til skipakaupa, á stríðstímunum, og munu ekki skiftar skoðanir um, að þau kaup hafi verið vel ráðin eins og þá var ástatt.

Þegar svo litið er á hitt, að eftir síðustu skýrslu eru eignir ríkissjóðs taldar um 18 miljónir umfram skuldir, hvað sem annars má um það mat segja, þá sje jeg ekki, að niðurstaðan geti talist svo mjög óhagstæð.

Þó að nú skuldaupphæðin sje ekki hærri en þetta, þá verða menn að gera sjer það ljóst, að enn eru allflest verkefni óunnin á sviði verklegra framkvæmda. Þess vegna er það, að ef ekki á að verða kyrstaða í þessum efnum, getur það verið skoðanamál, hvort ekki skuli hugsað fyrir nýjum lánum. Ennfremur má gera ráð fyrir ýmsum aukagreiðslum í náinni framtíð, sem ekki verður undan komist. Vil jeg þar til nefna 3 milj. stofnfje til Landsbankans, ef þeim lögum verður ekki breytt, og þó að ekki þyki, ef til vill, ástæða til að nefna Titan í þessu sambandi, þá er það nú svo, eins og það mál liggur fyrir nú, að búast má við alt að 2 milj. króna framlagi til þess.

Það er vitanlega fleira, sem ástæða væri til að nefna í þessu sambandi, en það er verkefni fjhn. að athuga þetta, og skal jeg ekki fara langt út í það, en þó hygg jeg, að allir sjeu sammála um það, að nauðsynlegt sje að leggja meira fje til ræktunarframkvæmda en

gert hefir verið. Það er kunnugt, að ræktunarsjóðurinn hefir ekki haft nægilegt fje til þess að hann gæti náð tilgangi sínum. Þá er það og mín persónulega skoðun, að nauðsynlegt sje að verja svo sem 1 miljón króna til þess að bæta og tryggja síldarútveginn, svo að nokkurt vit sje í að fást við hann.

Þetta eru aðeins lauslegar athuganir, til þess að skýra það, svo að mönnum sje það ljóst, að hjer er ekki nema um tvent að ræða, annaðhvort kyrstöðu á sviði verklegra framkvæmda, eða hitt, að taka enn ný lán. En auðvitað verður að tryggja það, að þau geti skilað vöxtum og afborgunum. Þó að þetta sjeu nú hugleiðingar út í loftið, þá geri jeg ráð fyrir, að þær komi niður á jörðina áður en langur tími líður. Eins og áður er sagt, eru núverandi lán flest með mjög hagkvæmum vaxtakjörum og hafa verið notuð til verðbrjefakaupa og skipakaupa, og hygg jeg, að ekki verði deilt um, að hvorttveggja hafi verið nauðsynlegt á þeim tíma. Því miður verður því ekki neitað, að nokkur hluti þessara lána hefir orðið eyðslueyrir, vegna erfiðleika stríðsáranna, en slíkt verður vandlega að varast, að fara inn á þá braut, þó til nýrrar lántöku komi. Að svo komnu er ekki enn hægt að segja um árangur af starfsemi ýmsra stofnana, sem nákomnar eru ríkissjóði, svo sem banka, ræktunarsjóðs, ríkisverslana, landssímans, póstflutninga, skipa, útgerðar o. fl., vegna þess að reikningsskilum þeirra er enn ekki svo langt komið. Hinsvegar mun væntanlega gefast tækifæri meðan þing situr til að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um þessi efni. Jafnvel þó það sje afar mikilsvert, að fjárhagur ríkissjóðs sje ætíð svo öruggur, að tekjurnar sjeu jafnan nægar til að mæta útgjöldunum, eða ríflega það, þá er þó engu síður mikilsvert, að atvinnuvegirnir geti blómgast; en því miður hefir orðið á því nokkur misbrestur síðustu árin.

Það geta naumast verið skiftar skoðanir um það, að atvinnuvegirnir hafi verið reknir með tekjuhalla síðustu árin, þrátt fyrir hagstæða veðráttu og mikla framleiðslu til lands og sjávar. Hin mikla gengishækkun árið 1925 hefir að margra áliti átt mikinn þátt í erfiðleikum atvinnuveganna.

Orsakirnar til hinnar óhagstæðu afkomu hljóta meðal annars að vera þær, að hagnýting afurðanna hafi ekki verið í samræmi við kröfur tímans, og eftirspurnin á heimsmarkaðinum þess vegna minni og verðið lægra en þurfti að vera, til þess að atvinnureksturinn gæti borið sig eða gefið sæmilegan arð.

Það er nú svo komið, að mönnum er farið að verða það ljóst, að brýna nauðsyn beri til að breyta verkunaraðferðum og sölufyrirkomulagi til þess að komast út úr ógöngunum. Þess vegna er nú allmikil hreyfing hafin um alt land til þess að bæta kjötmarkaðinn, með því að flytja kjötið fryst og kælt til útlanda, eftir því sem við á, til þess að ljetta á saltkjötsmarkaðinum, en aðalskilyrðið fyrir því er talið að fjölga til muna frystihúsum frá því, sem nú er.

Önnur hreyfing, sem menn gera sjer miklar vonir um árangur af, miðar að því að koma upp nýtísku mjólkurbúum, þar sem þau eiga við, til þess, jafnframt því sem jarðrækt fer vaxandi og

framleiðslan eykst, að geta komið afurðunum á útlendan markað jafnóðum og þær eru framleiddar.

Til þess að framkvæma þessar hugmyndir þarf meira fje til stofnkostnaðar og rekstrar en einstaklingarnir eru færir um að leggja fram í byrjun af eigin ramleik. Það hlýtur því að verða hlutverk þings og stjórnar að finna ráð til að afla þess fjár, sem nauðsynlegt er til þess að þessar framkvæmdir komist á. Nú er það sjáanlegt, að fjárframlög til nefndra fyrirtækja geta ekki í nánustu framtíð greiðst af fjárlagatekjum. Það er því ekki nema um tvent að velja, annaðhvort að ríkið taki lán til styrktar þessum fyrirtækjum, eða ábyrgist lán fyrir þau fjelög, sem stofnuð yrðu á svo traustum grundvelli, að örugt þætti, að þau gætu sjálf staðið straum af greiðslu vaxta og afborgana.

Þá eru einnig mikil verkefni fyrir hendi, sem þarf að vinna sjávarútveginum til viðreisnar, svo sem það að bæta skipulag afurðasölunnar og ljetta á saltsíldarmarkaðinum með stofnun bræðslustöðva. Bæri þing og stjórn gæfu til að hrinda þessum málum í framkvæmd á skömmum tíma, mætti segja, að mikið og gott verk væri unnið í þarfir þjóðfjelagsins.

Um frv. sjálft þarf ekki að fjölyrða umfram það, sem tekið er fram í athugasemdum þeim, er því fylgja.

Tilefni til frekari skýringa kann að gefast, þegar hv. þm. hafa haft tækifæri til að kynna sjer frv. og málið kemur síðar til umr. Það virðist þegar orðið augljóst, að þótt frv. sýni lítilsháttar tekjuafgang eins og það nú liggur fyrir, muni verða nauðsynlegt að gera ráðstafanir til tekjuauka, því ef að vanda lætur, má búast við, að sumir gjaldaliðir kunni að hækka eitthvað og einhverjir nýir að bætast við, áður en málið verður afgreitt til fullnustu. Eins og öllum er kunnugt, er yfirgnæfandi hluti gjaldaliðanna fyrirfram lögbundinn og aðrir þannig, að erfitt er að draga úr þeim svo nokkru nemi.

Það yrðu þá einungis framlögin til verklegra framkvæmda, sem einhverju mætti um þoka. En slíkt verður að teljast neyðarúrræði, og það því fremur, sem þau þegar hafa verið skert nokkuð frá því, sem áður var, og til muna frá því, sem forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana hafa lagt til.

Það virðist ekki ástæða til að fjölyrða frekar um fjárhagsástandið að svo komnu, en hinsvegar verður leitast við að gefa upplýsingar um sjerstök atriði, sem kynnu að þurfa frekari skýringar við.

Að endingu skal þeim tilmælum beint til háttv. fjvn., að hún taki til athugunar, hvort ekki muni hægt að breyta starfstilhögun nefndarinnar þannig, að fjárl. gætu orðið afgreidd á skemri tíma en átt hefir sjer stað að undanförnu.

Að svo mæltu læt jeg staðar numið, en skal hinsvegar fúslega gefa allar upplýsingar, sem hægt er, ef fyrirspurnir koma fram nú þegar.

Magnús Jónsson: Jeg vildi gjarnan gera eina litla fyrirspurn til hæstv. fjmrh. (MK). Í frv. því til breytingar á stjórnarskránni, sem samþykt var á Alþingi í fyrra og nú hefir verið lagt fyrir á ný af hæstv. stjórn, er gert ráð fyrir, að þetta þing setji fjárlög til tveggja ára, ef svo fer, að stjórnarskrárbreytingin nær samþykki Al-

þingis. Jeg heyrði það nú ekki í ræðu hæstv. ráðh., hvort stjórnin hefir undirbúið málið svo, að á þessu þingi verði unt að setja fjárlög til tveggja ára. Jeg býst ekki við, að háttv. fjvn. geti gengið frá fjárlagafrv. fyrir 1930 á þessu þingi, nema það hafi verið vel undirbúið af stjórnarinnar hálfu, síst ef hún á að flýta mjög störfum sínum, svo sem heyra mátti á hæstv. ráðh. — Af þessum ástæðum vil jeg spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hefir látið fram fara undirbúning þann, sem þarf til þess, að nú verði sett fjárlög fyrir tvö ár.

Jeg er að vísu ekki í fjvn., og má því kannske segja, að mjer komi málið ekki við, en mig langar til að vita, á hvern hátt hæstv. ráðh. (MK) hugsar sjer, að nefndin geti lokið störfum sínum svo fljótt að þessu sinni. Það gæti hugsast, að þau áform, sem höfð eru í huga í því efni, sjeu þess eðlis, að enginn þm. megi láta þau afskiftalaus. Það má alls ekki eiga sjer stað, að nefndin sje látin flaustra af störfum sínum, t. d. með því að lesa ekki þær umsóknir um fjárbeiðnir, er henni kunna að berast.

Jeg ætla annars ekki að fara langt út í ræðu hæstv. fjmrh. Mjer fanst hann segja margt mjög vel, en jeg get þó ekki látið því ómótmælt, sem mjer virtist koma fram hjá honum, að of fljótt hefði verið látið undan kröfum atvinnuveganna um að ljetta af þeim nokkru af sköttunum. Jeg vil sterklega andmæla þessu, enda játaði hæstv. ráðh. sjálfur, að atvinnuvegirnir eru ekki vel staddir, og að þess er full nauðsyn, að þeir sjeu ekki reknir með tekjuhalla. Ef það er nauðsynlegt að auka tekjur ríkissjóðs, sem vel má vera, þá verður að finna einhverjar aðrar leiðir til þess en að þyngja byrðarnar á atvinnuvegunum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg skal leitast við að svara fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykv. (MJ). — Hin fyrsta þeirra var út af frv. því til breytinga á stjórnarskránni, sem lagt hefir verið fyrir hið háa Alþingi, sem nú situr. Jeg skal fúslega játa, að jeg hefi engar ráðstafanir gert til að semja fjárlagafrv. fyrir 1930, þótt þetta stjórnarskrárfrv. gengi fram. **(SE:** Sjálfsagt að drepa stjórnarskrárbreytinguna). Það, að jeg hefi ekki undirbúið þetta frv., stafar af því, að ekki eru til nein lög, sem mæla svo fyrir, að það skuli gert. Og í því stjórnarskrárbreytingafrumvarpi, sem hjer liggur fyrir, fæ jeg ekki sjeð, að sjeu svo stórkostlegar umbætur, að það þurfi endilega að ganga fram, eða nauðsynlegt sje að leggja mikla vinnu í að undirbúa önnur lagafrv. á þeim grundvelli. **(PO:** Talar hæstv. ráðh. fyrir hönd allrar stjórnarinnar?). Jeg tala aðeins fyrir mína eigin hönd og mundi taka það fram sjerstaklega, ef jeg talaði fyrir hönd stjórnarinnar í heild. — Það er bæði þessi ástæða, sem þessu hefir valdið, og svo ekki síður hitt, að jeg álít alveg nógu erfitt að semja fjárlagafrv. 1½ ári fyrirfram, eins og nú er, hvað þá ef taka ætti upp þann sið að semja það 2½ ári áður en það gengur í gildi. Jeg vænti þess, að hv. 1. þm. Reykv. geti orðið mjer alveg sammála um það, að einn versti gallinn á þessu stjórnarskrárfrv. er það, að þing á aðeins að verða annaðhvert ár, og að það sje mjög fjarri því að vera í nokkru sam-

ræmi við kröfur tímans. Jeg vona, að sem flestir hv. þm. taki undir það með mjer, að frv. megi teljast öfugt spor, en ekki spor til framfara. Og jeg þykist vita, að því muni enginn lá mjer, þótt jeg hafi ekki hegðað mjer eftir þessu frv. í undirbúningi mínum á fjárlagafrv. En hins má geta, að ef svo illa skyldi til takast, mót von minni, að frv. þetta næði samþykki Alþingis, þá væri hægt að bera fram fjárlagafrv. fyrir 1930, en það hlyti að verða mjög lítils virði, svo að sú nefnd, sem fengi það til meðferðar, hlyti að gerbreyta því, ef nokkurt gagn ætti að verða að þeim fjárlögum. — Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. Reykv. þykir þetta nægilegt svar við fyrstu spurningu hans. (**MJ**: Þetta er mjög skýrt svar).

Mjer fanst svo, að heyra á annari fyrirspurn hv. þm., um störf hv. fjvn., sem honum hefði fundist liggja í orðum mínum einhver aðdróttun til fjvn. á undanförnum þingum, um að þær hefðu ekki rækt starf sitt með fullkominni samviskusemi. En orð mín átti alls ekki að skilja á þá leið. Þvert á móti. En nefndinni hefir aldrei verið ætlaður nægur tími til að inna störf sín af hendi. Meðlimir hennar hafa jafnframt átt sæti í öðrum nefndum, en það má ekki eiga sjer stað. Þeir þurfa að geta gefið sig óskifta við fjárveitinganefndarstörfunum, og þá ættu þeir að geta haldið tvo fundi á dag, bæði að morgninum og síðari hluta dags, eftir deildarfundi. En því neitar enginn, að fjvn. verði að kynna sjer öll skjöl og skilríki, sem henni berast. Þar fyrir þarf það ekki að vera nauðsynlegt, að nefndin eyði dögum, vikum og jafnvel mánuðum til þess að hlýða á upplestur þessara skjala. Jeg hygg, að nefndarmenn gerðu rjettara í að skifta skjölunum með sjer, og gæti þá hver um sig skrifað hjá sjer aðalefni þeirra skjala, er hann fær til lestrar, og kynt öðrum nefndarmönnum það á eftir í fljótu bragði. Að þessu hlyti að verða mikill tímasparnaður. — Vitanlega eru sum mál þess eðlis, að fleiri þyrftu að rannsaka þau en einn, og yrði þá að sjálfsögðu brugðið frá þessari reglu.

Jeg þykist nú hafa bent á leiðir, sem gætu orðið til þess að flýta störfum hv. fjvn. allverulega, ef eftir þeim væri farið. Annars er það óþarft fyrir mig að fara langt inn á þetta, því að jeg treysti hv. nefnd sjálfri vel til að ráða fram úr þessu vandamáli, ef meðlimir hennar verða ekki ofhlaðnir öðrum störfum.

Þriðja atriðið, skattana á atvinnuvegunum, efast jeg um, að rjett sje fyrir okkur hv. 1. þm. Reykv. að orðlengja um þegar í stað. Eins og jeg vjek lítillega að í ræðu minni, álít jeg í raun og veru, að þing og stjórn hafi látið óþarflega fljótt undan kröfum atvinnuveganna, sem raunar voru allháværar, um að lækka gjöld og tolla á þeim. Þungavörutollinum og gengisviðaukanum hefir að allmiklu leyti verið ljett af þeim. En þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að reisa við fjárhaginn eftir 10 ára erfiðan tíma, sem engum þarf að koma á óvart, þótt hafi skapað fjárhagsörðugleika, þá liggur það í hlutarins eðli, að ekkert vit er í að afnema helstu tekjuaukalögin strax árið eftir að þau eru sett. — Ef einhver batavottur sjest á sjúklingi eftir

langvarandi sjúkdóm, þá er ekki sjálfsagt að reka hann þegar í stað upp úr rúminu. Það getur komið fyrir, að hann fái afturkast. En einmitt þetta átti sjer stað hjer. Úr því að farið var inn á þá braut 1924, að bæta úr vandræðum ríkissjóðs með nýjum skattaálögum, þá mátti ekki fella mikinn hluta þeirra úr gildi þegar í stað, er nokkuð fór að rofa til. Þótt jeg hafi sjálfur mátt teljast einn í hópi atvinnurekenda, þá hygg jeg, að það hafi mátt teljast smámunaleg sýtingssemi af þeim að heimta afnám þessara laga þegar í stað. Því stóran rekstur munar það ekki svo miklu, hvort borgað er krónunni meira eða minna í salttoll eða kolatoll, en það getur munað ríkissjóð allmiklu, þegar alt kemur saman. — Um gengisviðaukann og sjerstaklega verðtollinn vil jeg því segja, að jeg álít, að ástæðulítið hafi verið að kippa þeim burt, því að jeg álít, að þeir hafi ekki komið svo þungt niður á atvinnuvegunum, að þeir hafi getað orðið til að sliga þá. Vitanlega er æskilegt að heimta sem mest af tollunum af óþarfavarningi, en þar fyrir sje jeg ekki ástæðu til að taka neitt aftur af ummælum mínum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins geta þess í sambandi við fyrirspurn háttv. 1. þm. Reykv. (MJ), að stjórnarskrárbreytingin var til umræðu í hv. Ed. fyrir hálftíma og var þar vísað til sjerstakrar nefndar. Jeg óskaði þess sjerstaklega, að nefndin lyki fljótt störfum sínum, einmitt með tilliti til þess ákvæðis, er hv. 1. þm. Reykv. talaði um. Enda var málið þrautrætt í fyrra, og ætti því ekki að þurfa að taka mjög langan tíma að þessu sinni.

Annars vil jeg minna á það, að þótt ekki sjeu liðnir nema 5 dagar af þinginu, þá hafa nú þegar verið gerðar tvær tilraunir af hálfu íhaldsmanna til þess að lengja þingtímann. Í annað skiftið var hv. 1. þm. Reykv. (MJ) að vísu einn undanskilinn, sællar minningar, er flokksbræður hans vildu fresta að kjósa fjvn. og lengja þingið að sama skapi. En nú reynir hann að bæta úr því með að kvarta undan, að hæstv. fjmrh. (MK) fer fram á, að nefndin ljúki sem fyrst störfum sínum og vinni sem haganlegast. Og það er í góðu samræmi við þetta, að hv. 1. þm. Reykv. bregður frá hinni gömlu venju, sem nú hefir haldist um fjölda ára, og byrjar ræðuhöld við fyrri hluta 1. umr. fjárlagafrv. En jeg veit, að meðal þjóðarinnar mun þetta ekki mælast betur fyrir en það, þegar núv. formaður Íhaldsflokksins sagði um stjórn, sem hann var í andstöðu við, að hún ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög.

Ólafur Thors: Jeg vil aðeins benda hæstv. forsrh. (TrÞ) á það, að hann fer mjög villur vegarins, þegar hann talar um, að íhaldsmenn vilji lengja þingið og vitnar í því sambandi til tillögu þeirrar, er jeg bar fram hjer í hv. deild, um að frestað væri að kjósa fjvn. þar til ákveðið hefði verið, hvort kosning Jóns A. Jónssonar yrði tekin gild. Í tilefni af þessum hallmælum hæstv. ráðh. til íhaldsmanna er mjer ánægja að minna hann á, að með þessari tillögu minni greiddu atkv. 9 íhaldsmenn, 1 frjálslyndur og *10 flokksbræður hæstv. ráðh.* (**SvÓ:** At-

kvgr. var aðeins um það, hvort leyfa skyldi afbrigði frá þingsköpum). Atkv. Framsóknarmanna í þessu máli sýndu það nokkuð, hvern hug þeir bera til þess, hvort rjettlætið eigi að ráða á hinu háa Alþingi, eða hnefarjetturinn einn.

En úr því að farið er að tala um þetta á annað borð, þá vil jeg, að hæstv. forsrh. fræði mig um það, hve lengi þessi skrípaleikur á að halda áfram. Jeg spurði í gær um það, hvers beðið væri, hvaða plögg það væru, sem kjörbrjefanefnd vantaði. Jeg heimtaði, að ekki væri farið með málið með neinni leynd. Jeg fjekk þau ein svör hjá formanni nefndarinnar (SvÓ), að hann skyldi svara mjer utan fundar. Og hverju svaraði hann svo utan fundar? Jú, að von væri á „Suðurlandi" á hverri stundu. Nú er „Suðurland" komið. Eftir hverju er nú beðið? Hefir nefndin fengið nóg „plögg" til að átta sig?

Jeg leyfi mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hjálpi mjer til að koma fram þeirri rjettlætiskröfu, að skjótlega verði úr þessu máli skorið. En jeg mun daglega minnast á það í hv. deild, uns jeg sje, að einhver skriður er á það kominn.

Magnús Jónsson: Jeg þarf ekki að svara hæstv. forsrh. (TrÞ) öðru en því, að embættisbróðir hans, hæstv. fjmrh. (MK), bauð að gefa þm. þær upplýsingar, er þeir kynnu að óska í tilefni af ræðu hans. Það var því beinlínis samkvæmt tilefni frá honum, að jeg gerði fyrirspurnir mínar. — Annars gæti jeg sagt ótalmargt við stjórnina að þessu sinni, en jeg hefi hugsað mjer að geyma það til framhalds umræðunnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins minna á, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) bar fram tillögu, sem óhjákvæmilega hefði orðið til þess að lengja þingtímann í nokkra daga, og hv. 1. þm. Reykv. byrjar á alveg óvanalegum fyrirspurnum við fyrri hluta 1. umr. fjárlagafrv. Neiti svo hver, sem vill, að Íhaldsmenn hafi gert tilraun til að lengja þingið.

Pjetur Ottesen: Hæstv. forsrh. ljet sjer sæma að bera íhaldsmönnum í þessari deild það á brýn, að þeir hefðu gert tvær tilraunir til að lengja þingtímann, einkum með því að leggja til, að frestað yrði kosningu fjvn. til mánudags. En jeg veit, að allir hv. fjvn.-menn taka undir það mjer, að þetta hefði ekki þurft að hafa í för með sjer neina lengingu á þingtímanum. Nefndin hefði getað tekið nákvæmlega jafnsnemma til starfa fyrir því. — En þegar hæstv. ráðh. stendur nú upp til að álasa Íhaldsflokknum út af þessu máli, þá er það sæmilega augljóst, að hann gerir jafnframt árásir á sinn eiginn flokk, sem mestallur sá sóma sinn í því að fylgja till. hv. 2. þm. G.-K. um þetta. En það er nú eins og stundum áður, þegar árásaræðið grípur hæstv. ráðh. (TrÞ), að

„ekki sjer hann sína menn,
svo hann ber þá líka."

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það gleður mig, að hv. þm. Borgf. (PO) hefir lært þetta erindi, sem jeg vitnaði í einu sinni í fyrra og

einn hv. flokksbróðir hans hafði vitnað í í hv. Ed. áður. — Annars get jeg upplýst, að fjvn. hafði þegar haldið tvo fundi á þeim tíma, sem hún hefði fyrst orðið kosin, annan fundinn í fyrri viku og hinn á mánudag.

Pjetur Ottesen: Aðalstörf fjvn. eru enn sem komið er ekki önnur en þau, að nefndin hefir kosið sjer formann og skrifara. En þótt kosningu hefði verið frestað til mánudags, þá hefði hún vitanlega farið fram fyrri part dags, svo að hún hefði getað haldið fund að kveldi, því að venjulegur fundartími fjvn. er ákveðinn síðari hluta dags, frá kl. 5—7. Frestunin hefði því engin áhrif haft á vinnubrögð nefndarinnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Gerir hv. þm. Borgf. (PO) ráð fyrir, að fjvn. hefði kosið sjer form. og skrifara áður en hún var kosin? Hún hefði ekki verið kosin enn, ef till. hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefði náð fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Till. háttv. 2. þm. G.-K. var bundin við mánudag.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., þegar komið var að fjárlagafrv. á dagskránni, mælti

Ólafur Thors: Næsta mál á dagskránni er frh. 1. umr. fjárlaganna. Þá er venja, að snarpar umr. fari fram á Alþingi. Nú hafa hingað til bæjarins borist hinar raunalegustu frjettir. Eitt af fiskiskipunum íslensku hefir strandað og enn hefir ekki tekist að bjarga skipshöfninni. Jeg býst við, að hv. þdm. verði mjer sammála um það, að óviðeigandi er, að háð verði hjer hin venjulega rimma. Leyfi jeg mjer því að óska þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Mjer datt í hug að bregða mjer dálitla stund í eldhúsið hjá hæstv. stjórn og litast þar um, því að jeg á von á, að sumt af eldamenskunni sje ekki í sem bestu lagi.

Fyrst vil jeg snúa mjer að hæstv. forsrh. (TrÞ) með fyrirspurn um, hversu gangi með sjerleyfi Titans til járnbrautar og fossavirkjunar. Eins og kunnugt er voru heimildarlög um þetta efni samþykt á síðasta þingi, og umboðsmaður fjelagsins hjer á landi, Klemens Jónsson, hefir sagt mjer fyrir löngu, að hann hafi fyrir hönd fjelagsins farið fram á að fá sjerleyfið afgreitt, en jeg veit ekki ennþá til, að af því hafi orðið. Fyrir því leyfi jeg mjer að spyrja um fyrirætlanir hæstv. ráðherra í þessu efni. Ætlar hann að veita sjerleyfið, eða ætlar hann ekki að gera það?

Það er vissulega fult tilefni til að spyrja um þetta, með tilliti til þess, að hæstv. forsrh. var á síðasta þingi mjög andsnúinn þessu máli, og ljet jafnvel þá skoðun sína í ljós, að hættulegt

gæti verið að veita leyfið. Jeg skil því, að hæstv. ráðh. sje hjer í nokkrum vanda staddur, en hvernig sem um það er, þá skilst mjer, að Alþingi eigi kröfu á að fá að vita, hvað hæstv. ráðh. hygst fyrir í þessu máli, því að jeg er þess fullviss, að fjöldi manna lítur svo á, að hinar stórfeldu bætur — áveiturnar austan fjalls — muni ekki koma að tilætluðum notum, nema samgöngur við þau hjeruð sjeu verulega bættar. Og jeg er þeirrar skoðunar, að járnbraut sje hið eina, sem dugir til langframa.

Annars vil jeg í þessu sambandi láta í ljós óánægju mína yfir þeirri stefnu, sem mjer virðist hæstv. forsrh. þegar hafa tekið í samgöngumálum. Hann vill byggja nýtt strandferðaskip, en jafnframt er í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar lagt til, að dregið sje mjög mikið úr samgöngubótum á landi. Þessa stefnu tel jeg alveg ranga. Jeg lít svo á, að alt, sem gert hefir verið á síðustu árum til viðreisnar landbúnaðinum, og það, sem enn kann að verða og eflaust verður gert, komi að tiltölulega litlum notum, nema jafnframt verði bættar stórkostlega samgöngurnar á landi. Jeg hefi oft tekið þetta fram áður í þessum sal, en það verður aldrei of oft endurtekið. Bættar samgöngur eru hornsteinn allra annara framfara. Þetta á vitaskuld við samgöngur á sjó og landi, en hjer hjá oss er þeim málum þannig farið, að samgöngurnar á sjó eru komnar miklu lengra áleiðis en samgöngurnar á landi. Það verður ef til vill ástæða til að fara nánar inn á þetta þegar frv. um hið nýja strandferðaskip kemur hjer til umr. En jeg nota tækifærið til þess að skora á hæstv. ráðh. (TrÞ) að beita sjer fyrir því, að það fje, sem ætlað er til samgöngubóta á landi í frv. því, sem hjer er til umr., verði stórum aukið frá því, er frv. gerir ráð fyrir. Það er undarlegt að sjá það ekki, að þegar bændur á afskektum stöðum fá styrk til jarðabóta og lán til húsabóta, þá er mikill hluti tekinn aftur með hinni hendinni, meðan ekki er af ítrasta megni sjeð fyrir því, að þeir geti komið afurðum sínum frá sjer og byggingarefni og öðrum nauðsynjum að sjer með kleifum kostnaði.

Þá vil jeg leyfa mjer að minna hæstv. forsrh. á nokkur atriði, þar sem hann hefir, síðan hann varð ráðherra, alveg brotið í bág við þá skoðun, sem hann ljet uppi meðan hann var ritstjóri. Jeg sný því aðallega máli mínu til hans sem formanns stjórnarinnar, en hið sama á eflaust við hæstv. dómsmrh. (JJ), enda mátti óhætt telja hann meðritstjóra hæstv. forsrh., ef ekki yfirritstjóra.

Fyrsta atriðið, sem jeg vil minnast á, er sendiherratildrið, eða legátafarganið, sem hæstv. forsrh. hefir margoft minst á í blaði sínu. Jeg minnist þess, að eitt sinn, sem oftar, spurði hæstv. ráðh. í blaði sínu, hvenær hjer mundi koma stjórn, sem hefði kjark og dug til þess að losa landið við legátafarganið, þessa rándýru og alóþörfu tildursherra. Hann fór ekki leynt með það, að ef hann ætti að ráða um þau mál, mundi ekki standa á að losa landið við þann kostnað. Nú er hann orðinn utanríkisráðherra landsins og ræður því yfir þessum málum. Maður skyldi því ætla, að hann hefði látið það verða eitthvert sitt fyrsta verk að koma breytingu á þetta. En

svo var ekki. Þótt hann hafi árum saman skammað íhaldsstjórnina svo að segja vikulega blóðugustu skömmum fyrir bruðlunarsemina í þessu, hjegómann, tildrið og óþarfann, þá tekur hann í fjárlagafrv. upp óbreyttar tillögur fyrv. stjórnar í þessum efnum.

Það er auðvitað, að jeg tek þetta ekki fram til þess að ámæla hæstv. ráðh. (TrÞ) fyrir það, að hann hefir tekið þessar fjárveitingar upp í frv., heldur til að sýna, að vindhaninn hefir snúist, og hlýtur það að vera annaðhvort af því, að sannfæringin hefir breytst, eða af því að aldrei hefir verið til nein sannfæring hjá honum í málinu, og því gæti jeg best trúað, því að hæstv. ráðh. (TrÞ) þekti ekkert til þessara mála, fyrst er hann tók að rita um þau og fella um þau hina venjulegu sleggjudóma sína. Jeg get ekki neitað, að jeg hálfvorkenni hæstv. ráðh., þegar fyrri skoðanir hans í þessu máli eru bornar saman við núverandi verknað hans. Mætti þetta vera honum áminning um, að það er annað að gaspra ábyrgðarlaus en að bera ábyrgðina.

Í sambandi við þetta mál get jeg ekki stilt mig um að nefna annað dæmi frá ritstjórnartíð og stjórnartíð hæstv. ráðh.

Þegar Jón sál. Magnússon hafði á hendi utanríkismál vor, tók hann sjer til aðstoðar við þau ungan og efnilegan lögfræðing hjer í bænum, sem hafði kynt sjer þessi mál erlendis. Þetta vítti þáverandi ritstjóri Tímans, núverandi forsætisráðherra, mjög í blaði sínu og fór um það mörgum háðslegum orðum; nefndi aðstoðarmanninn „litla utanríkisráðherrann“ o. fl. En hvað gerir hæstv. ráðh., þegar hann tekur við stjórn utanríkismálanna? Hann tekur sjer þegar aðstoðarmann. Hann gerir nákvæmlega það sama, sem hann hafði vítt fyrirrennara sinn fyrir. Hjer kemur hið sama fram og áður. Ráðherrann og ritstjórinn eru algerlega ósammála, eins og tvær óskyldar persónur, eins og óvinir, eins og bitrustu fjandmenn. Enginn galdramaður hefði getað breytt ritstjóranum meira en hann hefir breytst við að verða ráðherra.

Næst vil jeg minnast nokkrum orðum á gengismálið. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að á undanförnum þingum hefir hæstv. ráðh. (TrÞ) sett það mál efst allra mála; það hefir verið að hans sögn mál málanna. Á undanförnum þingum gat hann varla haldið svo nokkra ræðu, að hann kæmi ekki inn á gengismálið. Alstaðar var það Þrándur í Götu. Honum fanst eiginlega ekkert hægt að gera, jafnvel ekki í tollmálum til bráðabirgða, nema festa gengið fyrst. Meðan gengið var sem lægst, klifaði hann stöðugt á „bölvun“ lággengisins. Jeg man t. d. eftir grein í Tímanum 1922 eða 1923, þar sem sýnt var fram á skaðann, sem maður, er fór utan, hefði haft af lággenginu. Þá var ekki um það að tala að festa gildið; þá þótti sjálfsagt að hækka krónuna. Svo hækkaði hún, og þá fyrst rofaði fyrir sálarsjónum hæstv. ráðh., þá fyrst komst hann að raun um það, sem allir vissu áður, að án erfiðleika og átaka atvinnulífsins gat hækkun ekki farið fram. Frá þeim degi, er hann sá þetta, varð hann stýfingarmaður, og fylgdi málinu svo fast fram á undanförnum þingum, sem jeg hefi áður lýst.

Þannig er nú fortíð hæstv. ráðh. í

þessu máli, og er þá að athuga, hvort nokkur hamskifti hafa orðið, er ritstjórinn varð ráðherra. Er þá fyrst að athuga stjórnarmyndunina og verkaskiftinguna milli ráðherranna. Gengismálið heyrir, eins og kunnugt er, undir fjármálaráðherrann. En hvern gerði hæstv. ráðh. að fjármálaráðherra sínum? Hann gerði ákveðnasta andstæðing stýfingarinnar í flokknum að fjármálaráðherra, og jeg veit með vissu, að það var að mestu leyti að þakka hæstv. forsætisráðh., að þetta varð. Jeg segi, að þetta hafi verið hæstv. forsætisráðh. að þakka, af því að í stjórnarflokknum er enginn, sem jeg ber meira traust til en hæstv. fjmrh. (MK). Hitt er annað mál, hversu mikil heilindi það sýnir við gengismálið, að velja eindreginn andstæðing sinn í því máli til þess að fara með æðsta vald í því. Enginn þarf að ímynda sjer, að hæstv. forsrh. hafi getað búist við því að geta kúgað hæstv. fjármálaráðh. í málinu. Til þess eru þeir báðir of vel þektir hjer á þingi. Aðferð hæstv. forsrh. við stjórnarmyndunina minnir í þessu efni talsvert á ferðalag hans fyrir síðasta landskjör, er hann fór sunnan um land til þess að mæla með landskjöri hæstv. fjármálaráðherra (MK) og prjedika *með* stýfingu samtímis og hæstv. fjármálaráðh. fór sjálfur norður um land í kosningaerindum og mælti á *móti* stýfingu.

Eftir framferði hæstv. forsætisráðh. á undanförnum þingum mundu allir hafa búist við, að fyrsta stjórnarfrumvarpið, sem sæist frá hendi stjórnar hans, mundi verða stýfingarfrumvarp, eða verðfestingarfrumvarp, en nú er komið á annan mánuð síðan þing var sett, og sjest þó hvorki á horn eða klaufir þessa frv. Ekki átti þó fyrirhöfnin að vera mikil, því að skrifin voru til frá undanförnum þingum.

Af nýútkomnu eintaki stjórnarblaðsins þykist jeg sjá, að ekki sje tilgangurinn að koma með stýfingarfrumvarp á þessu þingi, og er það fært sem ástæða, að nú þurfi þess ekki með, af því hversu ágæt stjórnin sje og það sje engin ástæða til að „binda hana með lögum“ og það eigi ekki að gera fyr en „ýms skilyrði sjeu fyrir hendi, svo sem góð afkoma þegnanna og ríkissjóðsins og hagstæð viðskifti við aðrar þjóðir.“

Jeg geri ráð fyrir, að gleymst hafi í grein þessari að undantaka hæstv. fjármálaráðherra frá lofinu um stjórnina. —

Aftur á móti kann það að vera rjett, að ekki sje ástæða til að binda hæstv. stjórn með lögum, því að það hefir sýnt sig, að þau binda ekki fast alla hennar meðlimi.

En ef treysta má orðum stjórnarblaðsins, þá þurfa stýfingarmenn ekki að vænta stýfingar fyr en saman fer góður hagur ríkissjóðs og almennings og hagkvæm viðskifti við útlönd, og uggir mig, að það geti þá dregist nokkuð lengi, og ef til vill fram yfir tíð núverandi stjórnar.

Þá er að athuga, hvort þessi yfirlýsing stjórnarblaðsins, sem jeg tek sem skoðun stjórnarinnar á málinu, ef ekki er mótmælt, er í samræmi við framkomu hæstv. forsætisráðh. áður. Verður mjer þá fyrir að leita í frv. um stýfingu frá fyrri þingum og athugasemdum við þau. Í athugasemdunum við frv. 1926 finn jeg þetta:

„Opinber yfirlýsing þarf að koma

fram á Alþingi um það, að ákveðið sje að festa endanlega verðgildi krónunnar. Tel jeg brotaminst, að sú yfirlýsing komi fram sem breyting á lögunum um gengisskráning og gjaldeyrisverslun. Jafnframt þarf sú lagabreyting að fela í sjer heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita bönkunum allan þann fjárhagsstuðning, sem til þess þarf að framkvæma festinguna, sem fæli það í sjer, að seðlaútgáfunni yrði hagað með þetta markmið fyrir augum. Áhættunni" (á líklega að vera áhættuna) „af gjaldeyriskaupum og sölu, af því að halda genginu föstu, yrði ríkið að taka á sig og ljetta af bönkunum að töluverðu leyti".

Svo mörg eru þessi orð, og þannig hljóða þau. Svona leit málið út fyrir sjónum hv. þm. Str. (TrÞ) 1926, *Þá* taldi hann þurfa opinbera yfirlýsingu frá Alþingi um verðbreytinguna. *Nú* bólar ekki á neinu slíku. *Þá* taldi hann þurfa lagabreytingu til þess að heimila stjórninni að greiða $^3/_5$ af væntanlegu gengistapi. *Nú* er ekki á þetta minst.

Einnig hjer kemur því fram maðurinn með tvö andlitin, og vita þau sitt í hvora áttina eins og á gamla latneska goðinu. Einnig hjer fer fram myndbreyting um leið og ritstjórinn verður ráðherra. Jeg vil þó, hæstv. ráðh. til málsbóta, taka það fram, að jeg get vel ímyndað mjer, að hann sje ekki sjálfráður gerða sinna í þessu máli. Jafnaðarmennirnir hjer á þingi, sem alment eru kallaðir yfirráðherrar, af því að þeir hafa líf stjórnarinnar í hendi sjer, munu ef til vill sýna þann ójöfnuð, þótt ótrúlegt kunni að þykja um „jafnaðarmenn", að vera á móti stjórninni í þessu máli, og þá fer að verða skiljanlegra, að hæstv. ráðh. sje ekki eins gráðugur í stýfingu og hann hefir verið undanfarið. Þó verður því ekki neitað, að ömurleg og vesaldarleg er myndin af forsætisráðherranum, sem jarðaði áhugamál sitt til þess að geðjast öðrum flokki og halda sjer við völd.

Það, sem jeg hefi sagt hjer, hefi jeg tekið fram til þess að sýna hamskiftin hjá hæstv. ráðh., en engan veginn af því, að jeg óski eftir frv. í þessa átt. Yfirleitt læt jeg mig það litlu skifta, hvort frv. kemur fram eða ekki, því að það mundi sennilega felt, ef fram kæmi. Jeg hefi tekið þetta fram af því, að engum stjórnmálamanni má haldast uppi óátalið að ganga í berhögg við sjálfan sig, þótt hann komist í ráðherrasess.

Þá vil jeg nefna mál, sem hæstv. stjórn hafði mjög á oddinum við síðustu kosningar, og það voru Spánarsamningarnir og fækkun útsölustaða Spánarvínanna. Eins og kunnugt er, var háð um þetta hörð rimma á síðasta þingi, og minnisstæðar munu vera árásirnar á hv. 6. landsk. (JKr) fyrir hvernig hann greiddi atkvæði í því máli. Og út af þessu máli var reynt fyrir síðustu kosningar að koma því inn hjá kjósendum landsins — og það er hæstv. dómsmrh. (JJ), sem mest hefir fyrir því gengist —, að Íhaldsflokkurinn vildi veita sem mestu vínflóði yfir landið. Kunnugir vissu, að þetta var ekki annað en atkvæðaveiðar. Það voru blekkingar til þess að ná í atkvæði á kjördegi. Það er stórfeld tilraun til þess að falsa framkomu Íhaldsflokksins í augum almennings. Þetta var mögulegt af því, að flokkurinn var sjer meðvitandi þeirrar

ábyrgðar, sem á honum hvíldi, og hann leit svo á og lítur svo á enn, að það sje ósamboðið hvaða stjórnmálaflokki sem er að hafa alþjóðamál að leiksoppi í flokksþágu. Flokkurinn vildi heldur eiga á hættu að verða ranglega dæmdur meðal kjósenda en að bregðast skyldu sinni. Hefði hann viljað leika skollaleik, hefði ekkert verið hægara en að lofa öllu fögru, draga framkvæmdir fram yfir kosningar og bregðast svo loforðunum. En flokkurinn vildi ekki setja blett á sig með þessu, jafnvel þótt hann hefði með því getað fengið nokkrum hundruðum atkv. fleira við kosningarnar. Þessi var þá afstaða Íhaldsflokksins, og er þá eftir að athuga afstöðu hæstv. dómsmrh. og hans flokks til málsins, og skal það nú gert. Jeg tek hjer afstöðu hæstv. dómsmrh. sjerstaklega, af því að hann hefir mest komið við þetta mál af flokksbræðrum sínum og var sá eini þeirra, sem hafði kjark til að vera svo ábyrgðarlaus að greiða atkv. gegn Spánarsamningnum. Það er þessi hæstv. ráðh., sem mest hefir barist fyrir því að koma því inn í meðvitund landsmanna, að Íhaldsflokkurinn væri að miklu leyti samansettur af drykkjurútum, sem vildu veita sem mestu Spánarvínsflóði yfir landið. Og hann fjekk kærkomið tilefni til þess rjett fyrir síðustu kosningar, þar sem var tillaga um endurskoðun Spánarsamninganna og fækkun vínútsölustaðanna. Í atkvæðagreiðslunni um þessi mál taldi hann sig hafa bitrust vopn á Íhaldsflokkinn.

Það er því ekki nema maklegt, að athugaðar sjeu gerðir hans síðan hann tók við ráðherraembættinu, sjerstaklega af því að skapanornirnar höguðu rás viðburðanna þannig, að hann varð yfirmaður þessara mála.

Fyrst er þá að minnast þess, að á síðasta þingi greiddi hann atkv. bæði með endurskoðun Spánarsamninganna — sem var sama og uppsögn þeirra — og fækkun vínútsölustaða. Hefir nú hæstv. ráðh. (JJ) staðið við þessa atkvæðagreiðslu sína, er hann fjekk æðstu stjórn þessara mála? Nei, og aftur nei. Útsölurnar eru jafnmargar í dag og þegar hæstv. ráðh. tók við völdum, og Spánarsamningarnir hafa hvorki verið teknir til endurskoðunar nje þeim sagt upp. En hæstv. ráðh. hefir gert annað. Hann hefir í blaði sínu ritað grein (í Tímanum 15. okt. f. á.), þar sem hann segir:

„Spánarsamninginn verður að halda þangað til yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, vitandi vits, afræður að breyta honum". Og í sömu grein segir hann: „Eins og skapferli Íslendinga er háttað, eru þeir lítt hæfir í veislum og mannfagnaði án einhverrar örfunar." Og enn segir hann: „Í þessu efni eiga allar stjettir sammerkt, eins og komið er. Vínnautn bænda, sjómanna, lækna og lögfræðinga er hin sama. Engin stjett getur í þessu efni kastað steini að nábúanum".

Í þessum tilfærðu orðum felst það, að Spánarsamningunum vill hæstv. ráðh. eigi hrófla við, nema það sje samþykt af yfirgnæfandi meiri hluta með þjóðaratkvæði. En á þinginu í fyrra mintist hann ekki á þjóðaratkvæði. Hann rumskast fyrst í þessu, þegar hann er orðinn ráðherra. Auðvitað er betra seint en aldrei, en hætt er þó við, að hann verði grunaður um,

að hann hafi vitað betur áður og að hann hafi notað þetta mál til pólitískra sjónhverfinga, því að til þeirra hættir honum mjög og um það brot er hann margsekur.

Ummæli hæstv. ráðh. um, að Íslendingar sjeu tæpast veisluhæfir vegna skaplyndis síns, nema þeir fái sjer í staupinu til glaðnings, eru brosleg, og þetta er áreiðanlega í fyrsta sinn, sem landsmenn eru úr ráðherrasessi hvattir til að vera sætkendir eða slompfullir í veislum. Það liggur því næst að segja, að þessi hæstv. ráðh. vilji veita vínflóði yfir landið í miklu stærri stíl en áður hefir þekst. Hann ætti því að hætta að bera slíkar sakir á Íhaldsflokkinn. Sú sök hvílir á honum sjálfum. Meira að segja er þessi áðurnefnda grein hæstv. ráðh. þannig rituð, að næst liggur að skilja hana svo, að við eigum að fylgja dæmi ýmsra Suðurlandaþjóða og drekka vín eins og Englendingar drekka te og við hjer á landi drekkum kaffi og mjólk. Annars verð jeg að segja hæstv. ráðh., að jeg sje mjer alls ekki fært að hlýða þessari ráðleggingu, því að ef jeg ætti að drekka Spánarvín eins og Suðurlandaþjóðir eða eins og jeg drekk kaffi, væri jeg drukkinn á hverjum degi, og það þykir mjer ekki fýsileg tilhugsun.

Hæstv. ráðh. segir, að allar stjettir í landinu eigi sammerkt um drykkjuskap, en áður hefir hann haldið því fram, að það væri Íhaldsflokkurinn, sem svelgdi vínið, og varla aðrir. Er það vel, að ráðh. hefir að fyrra bragði etið í sig þessi ósannindi — eða drukkið þau í sig — ef hann vill heldur orða það þannig.

Jeg tók það fram áðan, að útsölustöðum Spánarvína hefði ekkert verið fækkað síðan hæstv. dómsmrh. tók við völdum. Og á þessu þingi hefir komið fram till. um að rannsaka, hvort hægt væri að gera þetta. Afdrif þeirrar tillögu eru í svo fersku minni, að ekki þarf hjer um þau að ræða, en það er eftirtektarvert, að það sama atriði, sem í fyrra þótti sjálfsagt að skora á stjórnina að framkvæma skilyrðislaust, þykir nú nauðsynlegt að skipa nefnd til að rannsaka.

Auðvitað dettur mjer ekki í hug að ásaka hæstv. ráðh. fyrir, þótt mál þetta verði rannsakað. Því fer fjarri. En það, sem jeg tel ásökunarvert, er það, að nota eitt af stórmálum þjóðarinnar til þess að blekkja kjósendur með; það er óheiðarleg stjórnmálamenska og þeim, sem þannig fara að, getur ekki haldist það uppi óátalið.

Enn er eitt atriði, sem jeg veit ekki, hvort jeg á heldur að beina að hæstv. forsætisráðh. eða hæstv. dómsmálaráðh., en ef til vill er rjettast að beina því að þeim báðum. Þetta atriði er það, að í apríl í fyrra flutti blað þeirra ákaflega harðorða skammagrein um þáv. hæstv. fjmrh. (JÞ) fyrir það, að hann hefði í fjárlagafrv. sínu fyrir árið 1928 áætlað tekjur af gengisviðauka, þótt lögin um hann giltu aðeins til ársloka 1927. Þetta kölluðu þeir ritstjórarnir „hneyksli“ og „afglöp“ og sögðu, að „einsdæmin væru verst“. Með þessari röksemdaleiðslu komust þeir að því, að fyrv. stjórn hefði lagt fyrir þingið frv. með miklum tekjuhalla, og „það má aldrei eiga sjer stað“, sögðu þeir.

Nú er fróðlegt að athuga, hvort hæstv. ráðherrar hafa að því, er snertir frv. til fjárlaga fyrir árið 1929, gert

sig seka í hinu sama. Jeg undantek hjer hæstv. fjármálaráðh., af því að mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi átt neinn þátt í ritstjórn Tímans.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að um verðtollinn er þannig ástatt, að lög þau, er heimila að krefja hann inn, gilda aðeins til ársloka 1928. Hið sama er um gengisviðaukann.

Nú er því spurningin: Hefir hæstv. stjórn áætlað tekjurnar 1929 eins og lögin um verðtoll giltu lengur en til 1928. Ef hún hefir gert þetta, þá er það að dómi ritstjóranna „hneyksli" og „afglöp". Það vil jeg minna hv. deildarmenn á.

Til þess að sannfærast um þetta, fletti jeg upp fjárlagafrv. fyrir árið 1929. Þar er áætlaður verðtollur, 600 þús. kr., og af öðrum liðum fjárlagafrv. sje jeg, að áætlað er með gengisviðaukanum. Hjer fer því enn fram hið sama og í ýmsum öðrum málum; þegar ritstjórarnir verða að ráðherrum, þá verða þeir að umskiftingum og fremja þann verknað sjálfir, sem þeir áður hafa kallað „hneyksli" og „afglöp". Og eigi að nota sömu röksemdaleiðslu og þeir notuðu í fyrra, hafa þeir nú lagt fram frv. til fjárlaga með á aðra miljón kr. tekjuhalla a. m. k. Þetta er það, sem eftir orðum þeirra sjálfra má aldrei koma fyrir.

Enn dettur mjer í hug eitt dæmi, og það er þetta: Í fyrra henti fyrv. stjórn það, að hún áætlaði 100 þús. kr. of lága upphæð til styrkveitinga samkvæmt jarðræktarlögunum. Þetta gripu oftnefndir tvímenningar á ritstjórnartrjehestinum auðvitað á lofti og reyndu að notfæra sjer þetta á þann veg, að íhaldsmenn vildu draga úr öllum fjárveitingum til bænda. Ástæðan til þessarar skökku áætlunar, sem jeg verð að taka á mitt bak, var sú, að jarðræktarframkvæmdir höfðu aukist miklu meira vegna jarðræktarlaganna en jeg hafði gert ráð fyrir eða búist við, og er það í sjálfu sjer mjög gleðilegt. En hvernig hefir þá farið fyrir eftirmanni mínum, hæstv. núverandi atvmrh. (TrÞ)? Hann mun þó ekki hafa lent í sama pyttinum og jeg? Ójú, hann hafði lag á því að smokka sjer í sama pyttinn, þótt hann hefði fordæmt mig fyrir það, og ekki nóg með það, heldur hefir hann dottið enn dýpra, því að samkv. áætlun hv. fjárveitinganefndar er áætlun hans um þennan lið 120 þús. kr. of lág. Sannast hjer, að við ber það, að „sjer grefur gröf þó grafi".

En jeg þarf að víkja aftur að áætlun fjárlagafrv. og tekjulöggjöfinni og gera grein fyrir, hvers vegna jeg undantek hæstv. fjármálaráðh. ávítunum. Það var af því, að jeg tel það heimilt að áætla eins og fyrv. og núv. stjórn hefir gert, enda hefir það verið gert áður. Þegar stjórn leggur til, að gildandi lög sjeu framlengd, þá tel jeg ekkert rangt í að taka tekjurnar upp í áætlun. Þetta er ástæðan til þess, að ávítur mínar ná ekki til hæstv. fjármálaráðh. Hann hefir mjer vitanlega aldrei látið uppi, að þessi aðferð væri röng. Það, sem jeg ávíta, er því einungis veðrabrigðin, hamskiftin, hringsnúningurinn hjá hinum ráðh. (TrÞ og JJ). Þeir víla ekki fyrir sjer að taka þátt í því, sem þeir áður hafa kallað „hneyksli" og „afglöp".

Margt fleira mætti telja, til þess að sýna hin pólitísku fataskifti ráðherra þessara, en í þetta skifti þykir mjer ekki ástæða til að halda hjer sýningu á meiru af hinum pólitísku ræflum, sem þessir hæstv. ráðherrar klæddust í fyrir síðustu kosningar. Þeir hafa nú sjálfir rifið sundur þessi klæði sín og í öllum þeim tilfellum, sem jeg hefi nefnt, íklæðst brúkuðum fötum íhaldsmanna, og hefi jeg ekkert við það að athuga, eins og nærri má geta, heldur lýsi jeg yfir því, að þeim er velkomið að lána flíkurnar, en skila verða þeir þeim aftur í gildu standi eða með fullu álagi, og ekki kæmi mjer það á óvart, þó að þeir yrðu á næsta kjördegi að borga álagið með nokkrum hundruðum eða þúsundum atkvæða, því að kjósendur munu sjá og skilja, að í sumar sem leið, þegar þeir komu á atkvæðabiðilsbuxunum, þá voru þær öðruvísi en ráðherrabuxurnar, sem þeir nú eru komnir í, er þeir fara með þau mál, sem jeg hefi nefnt.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning, vil jeg taka það fram, að mjer dettur vitaskuld ekki í hug að halda því fram, að þessir hæstv. ráðh. (TrÞ og JJ) hafi haft pólitísk fataskifti í öllum málum, en jeg hefi hjer tekið mjer fyrir hendur að sýna nokkur dæmi hamskiftanna. Jeg hefi tekið þetta fram, til þess að sýna fram á, að þeir hafa í þessum málum siglt undir fölsku flaggi á atkvæðaveiðum sínum í sumar.

Jeg finn ástæðu til þess að taka þetta fram sjerstaklega, af því að jeg sje af nýútkomnum blöðum þessara ráðh., að þeir reyna að snúa skýrslu okkar íhaldsmanna um hringsnúninginn þannig, að við ámælum þeim fyrir að hafa snúist. En svo er ekki. Við ámælum þeim ekki fyrir það, heldur fyrir hitt, að þeir komu ekki til dyranna eins og þeir voru klæddir.

Jeg skal þá ekki hafa þetta mál mitt lengra að sinni, en hefði jeg átt að velja einkunnarorð því fáa, sem jeg hefi sagt hjer, mundu þau hafa orðið þessi: Svikin loforð.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg verð að leyfa mjer, þótt það sje sjálfsagt óvenjulegt við þetta tækifæri, að þakka hv. 1. þm. Skagf. (MG) fyrir að lýsa áliti sínu á mjer eins smekklega og hann gerði, enda tel jeg mjer það til tekna. Hann líkti mjer við gamalt latneskt goð, sem hafði tvö andlit. Hann hjet Janus, guðinn sá; janúarmánuður dregur nafn sitt af honum. Hann hafði tvö andlit, og horfði annað fram, en hitt aftur. Mjer er sönn ánægja að taka á móti þeim „komplimentum“ — ef jeg má nota það orð —, sem felast í þessari líkingu. Það er myndin af vitsmunamanninum, sem horfir fram og aftur og framkvæmir ekkert, nema að vel athuguðu máli. Og jeg verð að segja það, að jeg bjóst ekki við slíku hrósi (**ÓTh:** Það var heldur varla von.) frá einum af foringjum andstæðinganna. (**MG:** Misskilningur). Það getur ekki verið misskilningur, nema hv. þm. sje farinn að ryðga í goðafræðinni.

Jeg ætla þá að snúa mjer að fyrirspurninni og þeim ummælum, sem hv. 1. þm. Skagf. beindi til mín. Kem jeg þá fyrst að fyrirspurninni. Hv. þm. spurði, hvort jeg ætlaði að veita Titan sjerleyfið eða ekki. Því er nú til að svara fyrst, að jeg var spurður að

þessu sama annaðhvort í dag eða gær og upplýsti þá, að þegar er búið að fá umsögn um málið frá einum aðilja, ráðunaut stjórnarinnar í vatnamálum, vegamálastjóra, og beðið eftir umsögn frá öðrum, rafmagnsstjóranum í Reykjavík, sem hv. 1. þm. Skagf. í fyrra sagði, að væri sjálfsagt að leita umsagnar hjá. Mjer þykir ekki rjett að lýsa yfir afstöðu minni fyrr en umsögnin er komin. Mjer finst sjálfsagt að taka ekki ákvörðun fyrr en öll gögn í málinu eru komin fram. Og mjer þykir það undarlegt, ef hv. þm. hefir haft þann sið, meðan hann sat í stóli atvmrh., að leita umsagna, en lýsa yfir úrslitum áður en þær umsagnir eru fengnar. Jeg mun ekki hafa þann sið, meðan jeg sit í þeim stóli. Háttv. þm. var að minnast á íhaldsflíkurnar, sem við framsóknarmenn hefðum farið í. En hann getur verið rólegur; þessum flíkum hans mun jeg ekki seilast eftir. Hann getur verið þess fullviss, að hann fær að eiga þær óáreittur af mjer. Hvorki í þessu nje öðru mun jeg fara í flíkur hans, enda geri jeg hiklaust ráð fyrir, að þær spryngju fljótt utan af mjer, og jeg neita því alveg að klæðast þeim. — En jeg vil bæta því við, að þegar umsögnin er komin og málið liggur fyrir í heild sinni, mun ekki standa á mjer að gefa þinginu skýr og ákveðin svör um það, hvort jeg mun veita sjerleyfið eða ekki.

Þá lýsti hv. þm. óánægju sinni yfir stefnu stjórnarinnar í samgöngumálum; annarsvegar yfir því, að minna væri nú veitt til vegalagninga en áður, og hinsvegar yfir því, að stjórnin fer fram á að fá heimild til að kaupa strandferðaskip. Jeg hefi svo oft vikið að þessu áður, að það er óþarfi að gera það enn einu sinni. Það er ekki stefna okkar að draga úr verklegum framkvæmdum, en við urðum að gera það, vegna þess, að Íhaldsflokkurinn skildi þannig við skattamálin, að ekkert var eftir í kassanum, þegar búið var að greiða kostnað af starfsmannahaldi og öðru. En það er regla, sem við munum fylgja, að leggja ekki fjárlögin fram með tekjuhalla. Hitt veit hv. þm. vel, að ef við fáum tekjuauka, erum við ráðnir í að bera fram brtt. og kippa þessu í lag. Stjórnin hefir fullan áhuga á samgöngubótum á landi og við viljum koma upp strandferðaskipi líka, ef þess er nokkur kostur. Við ætlum ekki að ganga með „fjáraukalögin miklu“ á bakinu; í þær íhaldsspjarir ætlum við ekki að fara. (**MG:** Við sjáum nú til). Nei, það er áreiðanlegt, að við gerum það aldrei.

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði breytt um stefnu í sendiherramálinu, og sagðist minna á það, ekki til að álasa mjer, heldur til að stríða. Jeg skil það mæta vel, að hv. þm. langi til að leysa frá skjóðunni og stríða mjer; það er sjálfsagt á eldhúsdegi. Jeg hefi líka sjálfur gert þetta sama, jeg hefi oft og tíðum strítt þessum hv. þm. áður fyrr, eins og hann mun minnast. En jeg vil minna á það, að þegar sendiherramálið lá fyrir á þingi 1924, var það annar maður, sem reis upp úr sæti sínu og hafði sömu aðstöðu og jeg og hjelt, að þessu mætti koma fyrir á hagkvæmari og ódýrari hátt. Þetta var fyrverandi forsrh. (J-Þ), svo að háttv. þm. hlýtur að áfella hann, ef stjórnin er ámælisverð í þessu efni. (**MG:** Jeg áfeldi ekki).

Hv. þm. áfeldi mig fyrir að hafa hvikað frá stefnu minni í þessu máli, þar sem jeg hefði borið fjárlögin fram með fjárveitingu til sendiherra; en jeg verð að hlýða landslögum, og samkv. þeim er skyldugt nú að veita fje til sendiherraembættisins. Jeg hlíti dómi hæstvirts forseta í þessu efni, sem úrskurðaði till. fjvn. um að fella niður launin frá í fyrra. (**MG:** Var ekki hægt að koma með frv?). Frv. er komið fram, og jeg mun gera grein fyrir aðstöðu minni á sama grundvelli og áður.

Þá var það aðstoðarmaðurinn við utanríkismálin í stjórnarráðinu. Á sínum tíma var ráðinn maður til þess starfa með miklu yfirlæti og miklu fje. Hinsvegar hefi jeg ekki bætt neinum við, því að þegar jeg tók við þessum málum, var starfsmaður fyrir, sem starfaði að þeim. En hann sagði starfinu af sjer, og þá tók jeg mann í staðinn, sem starfar ca. tvo tíma á dag. En jeg get bætt því við, að síðan ritdeilan var háð um þetta fyrir 8 árum, hafa utanríkismálin vaxið mikið, og jeg segi það hiklaust, að jeg álít, að nú þurfi fullkomnari starfskrafta.

Þá var það gengismálið. Hv. þm. sagði, að í Tímanum hefði jeg haldið því fram, að það væri óheppilegt, að krónan fjelli, en þó talið óhagstætt, að hún yrði hækkuð. Jeg hefi altaf viljað festa peningana og verið á móti sveiflum, hvort sem er upp eða niður, því að það er atvinnuvegunum til mikillar bölvunar. Jeg hefi altaf gert þá kröfu, að settur verði fastur og heilbrigður grundvöllur í peningamálunum.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði gengið á snið við fyrri skoðanir mínar í gengismálinu við stjórnarmyndunina með því að taka núverandi fjmrh. í stjórnina. Jeg viðurkenni með gleði, að jeg átti töluverðan þátt í því, að hann varð í stjórninni, en jeg get fullvissað hv. 1. þm. Skagf. um það, að enginn árekstur verður innan stjórnarinnar í gengismálinu fyrir það. Og jeg vil benda hv. þm. á það, að hæstv. fjmrh. hefir skipað hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sem formann gengisnefndarinnar, svo að menn ættu að geta rent grun í, hver er stefna fjmrh. og stjórnarinnar í gengismálinu. Þá vitnaði hv. þm. í frv., sem jeg flutti á þinginu 1926, og greinargerð þess, en þar segir, að fyrsti aðdragandinn til að festa krónuna verði að koma frá þinginu. Þetta er ekki í neinu ósamræmi við það, sem jeg hefi gert, og þegar hv. þm. er að tala um, að yfirlýsing þurfi að koma um það, að krónan verði ekki hækkuð, vil jeg hugga hann með því, að slík yfirlýsing kemur væntanlega áður en þingi verður slitið. Þá talaði hv. þm. um það, að bönkunum yrði að hjálpa. Það verður gert. Við þurfum ekki frv., þar sem við höfum valdið nú í okkar höndum.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að ljetta þyrfti áhættum gengisverslunarinnar af bönkunum. Fyrverandi fjmrh. þóttist hafa vald til þess undir vissum kringumstæðum. Aðstæðurnar hafa ekki breytst, en nú höfum við valdið og munum nota það til þess að hindra, að þau sömu óheillatíðindi gerist, sem gerðust í tíð fyrverandi stjórnar. — Hv. þm. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir okkar gerðum; við munum leggja ráðherrastöðurnar í veð til þess að hindra, að slíkar óheillir gerist aftur sem í tíð fyrverandi stjórn-

ar. — Áður en til slíks dregur, mun jeg senda skeyti út fyrir pollinn og biðjast lausnar.

Þá var það gengisviðaukinn. Núverandi stjórn bar fram frv. um hann um leið og fjárlagafrv. var borið fram, en fyrverandi fjmrh. (JÞ) gleymdi því. Það var þess vegna fyllsta ástæða til að setja út á þetta í fyrra, en við mundum þetta og bárum fram frv. samtímis.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði fallið í sama pytt sem hann um áætlun á kostnaði við jarðræktarlögin. Jeg skal viðurkenna það, en jeg á mína afsökun í því, að jeg hafði engar skýrslur í desembermánuði, þegar jeg samdi áætlunina. (**MG:** Alveg eins og jeg). En jeg hefi beðið fjvn. að hækka áætlunina.

Jeg fer nú að hætta, en jeg verð að lýsa yfir því, að eins ánægður og jeg var yfir byrjuninni á ræðu hv. 1. þm. Skagf., eins óánægður var jeg yfir endinum, hans vegna sjálfs. Hv. þm. var að tala um, að engum stjórnmálamanni mætti líðast að breyta um stefnu og ganga í berhögg við skoðanir sínar. Jeg er þessu sammála og hefi slíkt aldrei gert; jeg hegða mjer eins og áður, og sá er einn munurinn, að nú hefi jeg valdið. En um háttv. 1. þm. Skagf. er mjer óhætt að segja, að enginn íslenskur stjórnmálamaður fyr nje síðar hefir gengið eins í berhögg við fortíð sína sem hann. Allir muna framkomu hans í tóbakseinkasölumálinu, hversu stjúpmóðurlega honum fórst við það barn sitt. En fáir munu geta hugsað sjer nógu harðan dóm á hann og voðalegan, þar sem hann hefir gengið svo mjög í berhögg við fortíð sína, að engan stjórnmálamann hefir hent annað eins, að verða bæði faðir og morðingi síns pólitíska barns.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. (MG) ljet mig verða aðnjótandi lítils hluta af sinni fyrstu ræðu, en með því að svo stendur á, að hann á sem ráðherra að svara fyrir ⅔ hluta af síðasta ári, þá vona jeg, að hann taki mjer það ekki illa upp, þó að jeg fari fyrst í eldhúsið til hans.

Jeg ætla að byrja á því máli, að í seinni ráðherratíð hv. 1. þm. Skagf. — jeg ætla ekki að tiltaka hve snemma — kom fyrir sú furða í stjórnardeild hans, að hann sá sig neyddan til að bera skrifstofustjóra sinn ofurliði um afgreiðslu máls, sem var svo ófrægilegt, að skrifstofustjóri neitaði að fást nokkuð við það. Niðurstaðan varð sú, að ráðherra fjekk aðra hjálp til að afgreiða málið.

Í atvinnumálaráðuneytinu er sjóður, sem nefnist fiskiveiðasjóður. Hann er ekki mjög stór, en hlutverk hans er að styðja hinn smærri útveg. Honum er í orði kveðnu stjórnað af atvinnumálaráðherra, en í framkvæmdinni af skrifstofustjóra. Nú hefir verið fylgt svo mikilli gætni um stjórn sjóðsins, að ekkert hefir tapast úr honum, nema eitt lán, sem jeg ætla nú að skýra frá.

Þessu láni var þannig háttað, að það var veitt manni hjer í bæ til rekstrar trjekyllis nokkurs með gufuvjel, er „Stefnir" hjet. Þessi maður virðist hafa haft mjög góða aðstöðu hjá þáverandi hæstv. ráðherra, því að ráðherrann lætur hann hafa allmikla upphæð — mig minnir 15 þúsund krónur — úr sjóðnum. En þegar að afgreiðslu lánsins kom, neitaði skrif-

stofustjóri að framkvæma hana, af því að hann sá, að eitthvað var gruggugt við þetta. Nú ætla jeg ekki að fara út í það, sem kunnugir menn álíta, að gert hafi verið og sem ráðherra hefir eflaust ekki vitað um, að mikið af láninu hafi verið látið upp í skuld til málafærslumanns hjer í bænum, sem er háttstandandi flokksbróðir þáverandi ráðherra. Af skipinu er það að segja, að það fór á veiðar, en alt gekk í hinum mestu handaskolum. Skipið reyndist ónýtt og á það hlóðust sjóveð, sem landið verður að leysa út með nýjum og nýjum upphæðum, þannig að nú hvíla á því um 30 þúsund krónur. Það er of dýrt að hafa það á floti og niðurstaðan er sú, að það er dregið upp í dráttarbrautina í Vesturbænum, og þar stendur það, en ríkissjóður borgar með því 200 kr. á ári. Það er einkum eftirtektarvert við þetta Stefnislán, að hinn gætni og reyndi skrifstofustjóri, Oddur heitinn Hermannsson, hafði frá upphafi á láni þessu hina mestu andstygð og var þess fullviss, að það mundi tapast. Eins og jeg tók fram áðan, er þetta lán einsdæmi á tvennan hátt. Fyrst og fremst af því, að ráðherra hefir veitt það í trássi við skrifstofustjóra sinn, og í öðru lagi af því, að tapast hefir tvöföld upphæð frumlánsins. Jeg vil nú skora á hv. þm. að skýra frá því, hvaða hvatir komu honum til að veita þetta lán og hvort hann hefir einhverjar frambærilegar afsakanir fyrir þessum verknaði.

Þá kem jeg að máli, sem við höfum báðir haft afskifti af, máli, sem jeg tók að erfðum eftir hann. Það hefir ekki mikið verið talað opinberlega um þetta mál hjer á landi, en því meira erlendis. Og á meðan fyrverandi hæstv. ráðherra hafði afskifti af málinu, var það umtal síst til þess fallið að auka virðingu manna fyrir landsstjórninni íslensku eða landhelgigæslunni.

Í júlí í fyrra strandaði enskur togari, „Ohm“ að nafni, við Skaga milli Skagafjarðar og Húnaflóa. Strandið var ekki sjerlega alvarlegt og miklar líkur voru til, að skipinu yrði náð út. „Óðinn“ kom á vettvang og reyndi að ná því út, en gafst upp í bili og hvarf á burtu. Á meðan kemur annar enskur togari frá sama fjelagi og sá, er strandaði, og hjálpaði honum til að losna við kol og ís, og brátt tekst þessum togara og Óðni að draga skipið út og kemst það leiðar sinnar. Nú kom til kasta hv. 1. þm. Skagf. að ákveða, hvað ríkið skyldi taka í bætur. Hann mun hafa álitið, að hjer væri um góðan feng að ræða fyrir landhelgisjóð og skipherrann, sem fær helming af björgunarlaunum skipshafnar. Hann gerði ráð fyrir, að skipið væri meira en 200 þúsund króna virði og ljet Englendinga vita, að 50 þúsund krónur mundi stjórninni þykja sómasamlegt að fá fyrir hjálp varðskipsins. En þegar enska ábyrgðarfjelagið frjettir þetta, snýst það ókunnuglega við og þykir furðu gegna, að íslensk strandvarnarskip skuli leigja sig þannig út. Það neitar að borga upphæðina og heldur því fram við stjórnina, að krafan sje óvanaleg og mundi talin lítt sæmandi meðal siðmentaðra þjóða, því að slík skip selji ekki að jafnaði hjálp sína. Íslenska stjórnin reynir að halda kröfum sínum til streitu og lætur virða skipið. Við undirmat er það virt á 130 þúsund krónur, en við yfir-

mat á 127 þúsund kr. Þó voru í matsnefnd formaður Fiskifjelagsins og Jessen skólastjóri, svo að áhersla virðist hafa verið lögð á að leita álits sjerfróðra manna. Eftir þetta lækkar stjórnin kröfu sína, eins og gyðingur á prangsölu, niður í 20 þús. krónur. Farið er að skrifa í ensk blöð um málið og framferði stjórnarinnar talið hið mesta hneyksli og vöntun á mannasiðum. Þótti þetta svo mikil tíðindi, að 2000 kr. fóru í skeytagjald milli Íslands og Englands út af máli þessu! Niðurstaðan af öllu þessu varð sú, að stjórnin sá sig tilneydda að lækka enn kröfu sína niður í 12 þúsund krónur. Þannig stóðu sakir, þegar ráðherra fór frá.

Það, sem hjer hafði verið gert gagnvart þessari merku nábúaþjóð, var þess eðlis, að sennilegast var, að hún fengi ekki annað skilið en sömu skipin væru höfð til þess að elta uppi lögbrjótana við Íslandsstrendur og til þess að okra á björgun, ef eitthvert útlent veiðiskip væri svo óheppið að stranda á íslenskri strönd. Við hinu fyrra gátu útlendingarnir vitanlega ekkert sagt. Þar erum við í okkar fulla rjetti. En hvað snertir hið síðara, þá á jeg ekki nógu sterk orð til þess að lýsa andstygð minni á þessu atferli hæstv. fyrv. ráðherra; á þeim gyðingshætti, er hann þarna beitti. Hvers er að vænta á öðrum sviðum? Verður að segja það til hróss lögfræðingunum hjer í bænum, að mörgum þeirra þótti framkoma íhaldsstjórnarinnar hrein og bein landsminkun.

Þegar jeg hafði tekið við stjórnarstörfum, varð jeg þess áskynja, að hjer hefðu verið brotnar alþjóðavenjur. Jeg aflaði mjer upplýsinga gegnum sendiherraskrifstofuna í Kaupmannahöfn og hjá Jóni Krabbe konungsritara og erlendum mönnum, fróðum í þessu efni. Niðurstaðan af þeim upplýsingum varð sú, að það væri vonlaust að halda áfram stefnu hæstv. fyrv. stjórnar. Fyrir því væri ekkert fordæmi. Englendingar þekkja ekki annað en það, að slík skip, sem eru í þjónustu landsins, telji sjer ekki sæma það að selja sig á þann hátt, er hjer hafði verið gert. Þeir líta líkt á þetta háttalag og það, ef forstjóri hæstarjettar segði ókunnugum manni til vegar á götu og setti upp krónu fyrir viðvikið. Samkvæmt embættisstöðu hans væri það honum algerlega ósamboðið.

Líkt tilfelli kom fyrir í Danmörku ekki alls fyrir löngu um skip frá Estlandi. En danska stjórnin hafði fallið frá að gera kröfu til björgunarlauna. Annað dæmi er frá 1908. Þá bjargaði Islands Falk enskum togara af grunni við Íslandsstrendur. Venjulegt skip hefði fengið 600 sterlingspund fyrir björgunina. Danska stjórnin tók 200 sterlingspund handa skipshöfn Fálkans, en fjell frá að gera frekari kröfu.

Niðurstaðan varð sú, að núverandi stjórn reyndi að gera hið besta úr því, sem komið var, og gaf líknarsjóði í Hull þessa $\frac{2}{3}$ björgunarlaunanna, sem eftir stóðu, en $\frac{1}{3}$ fjell að sjálfsögðu til skipshafnarinnar, þar af helmingur til skipstjóra og hinn helmingurinn til háseta.

Þetta segi jeg aðeins til þess að fá að vita, hvaða afsakanir hv. 1. þm. Skagf. hefir fram að færa. Þegar jeg tók við af honum, voru enskar blaða-

skrifstofur og útgerðarfjelög búin að eyða stórfje, svo sem fyr er um getið, í símskeyti um þetta mál. Var það lagt þjóðinni mjög út til ófrægðar í Englandi, og mátti svo búið ekki standa. En síðan stjórnarskiftin urðu, hafa ummælin út af þessu atviki snúist á annan og betri veg. Jeg hefi fengið í hendur úrklippur úr 20—30 enskum blöðum, þar sem talað er vinsamlega um íslensku þjóðina fyrir þetta; varðskip ríkisins hafi bjargað enskum togara af grunni og björgunarlaunin verið gefin líknarsjóði í Englandi.

Þá kem jeg að öðru máli, sem hv. 1. þm. Skagf. afgreiddi 2—3 dögum fyrir stjórnarskiftin. Brjef þar að lútandi er dagsett 27. ágúst 1927, og mun þetta hafa verið eitthvert síðasta embættisverk háttv. þm. (MG) sem dómsmálaráðherra að ljúka því máli. Jeg á hjer við meðferð hans á svonefndum Thorcillisjóði.

Svo sem kunnugt er, var uppi um miðja 18. öld skólameistari í Skálholti, sá er hjet Jón Þorkelsson. Þegar hann var orðinn aldraður maður, gaf hann eigur sínar í sjóð, er verja skyldi til uppeldis og kenslu fátækum börnum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Gjafabrjefið er frá árinu 1759. Sjóðurinn stóð síðan á vöxtum það sem eftir var af 18. öld og fram á 19. öld. En er á leið síðustu öld, kom sjóðurinn í góðar þarfir meðan lítið var um skólamentun. Jón Þorkelsson var ættaður úr Kjalarnesþingum og vildi hann styðja með sjóðstofnun þessari ættmenn sína og efla til menningar. Enda hefir mönnum hingað til verið ljóst, hver tilgangur skólameistara var með sjóðnum, og hefir honum verið varið til uppeldis og mentunar fátækum börnum í þessu bygðarlagi. Stóð sjóður þessi jafnan undir umsjá og eftirliti landsstjórnarinnar.

Nú kemur það fáheyrða atvik fyrir, sem vitnaðist eiginlega ekki fyr en eftir stjórnarskiftin, að fyrv. dómsmálaráðh. hefir í raun og veru afhent þennan sjóð Oddfellowreglunni og fengið konungsstaðfestingu á þeirri ráðstöfun.

Við þetta er tvent að athuga. Í fyrsta lagi það, að stjórnin, sem átti að vera ævarandi trúnaðarmaður gefandans, afhendir sjóðinn útlendu leynifjelagi með útlendri æðstu stjórn. Að vísu er íslensk deild hjer á landi, en almenningur veit ekki, að hve miklu leyti þar gætir útlendra áhrifa.

Í öðru lagi leyfir fyrv. dómsmrh., hv. 1. þm. Skagf., sjer að gerbreyta tilgangi gjafarbrjefsins. Sjóðurinn átti að ganga til fræðslu og mentunar fátækum börnum í fyrnefndum bygðarlögum. En í stað þess telur þetta leynifjelag hlutverk sitt að reka berklahæli handa börnum part úr árinu, nánar tiltekið yfir sumartímann, fyrir þessa peninga.

Hjer er því um tvöfalt brot að ræða. Fyrst trúnaðarbrot gagnvart gefandanum, er ætlaðist til, að sjóðurinn stæði jafnan undir umsjá og öryggi æðstu stjórnar í landinu, og í öðru lagi brot gagnvart þeim, er sjóðsins áttu að njóta.

Þótt ekki væri nema það að gerbreyta tilgangi sjóðsins, þá var það óverjandi. Við þurfum ekki annað en hugsa okkur, hvort Jón Þorkelsson skólameistari hafi 1759 ætlast til, að

sjóðurinn yrði liður í berklavörnum Íslands. Sem von er til, hefir hann lítt hugsað um þá starfsemi.

Því miður er ekki öll sagan sögð með þessu; þótt það komi minna við hv. 1. þm. Skagf., er rjett að segja þann hluta sögunnar líka, til að sýna aðstöðu umræddrs leynifjelags.

Um leið og leynifjelagið biður um þessa peninga, skrifar það stjórninni 17. ágúst í sumar, er vitanlegt var, að stjórnarskifti mundu verða eftir nokkra daga. Það eru 5 menn, sem rita brjefið og fara þess á leit, að stjórnin leggi sjóðinn undir fjelagið, og fara þeir fram á það, er nú skal greina:

1. Að Thorcillisjóður byggi hæli fyrir veikluð börn.
2. Að stjórn sjóðsins verði framvegis skipuð þrem mönnum. Einn sje æðsti maður Oddfellowreglunnar hjer á landi, annar tilnefndur af honum, en samþyktur af stjórnarráðinu. Hinn þriðji valinn af stjórninni.

Þetta er skrifað 17. ágúst. Síðan líður ekki á mjög löngu, eða með öðrum orðum ekki dagurinn, þar til háttv. 1. þm. Skagf., þá dómsmálaráðh., skrifar brjef það, er jeg hefi handa á milli, þar sem hann rekur gang málsins og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sje vel viðeigandi að gera þessa breytingu, sem til þurfi á stjórn og tilgangi sjóðsins til þess að afhenda hann leynifjelaginu. Endar hann brjef sitt til konungs á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt því, sem hjer hefir verið tekið fram, leyfi jeg mjer allraþegnsamlegast að leggja það til, að Yðar Hátign mætti þóknast allramildilegast

að fallast á, að gjafasjóður Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorcillisjóður) veiti viðtöku umræddri gjöf með tilgreindum skilyrðum og

að veita gildi með allrahæstri undirskrift tilskipun þeirri um stjórn sjóðsins, sem fylgir hjer með."

Þá vildi jeg enn mega lesa upp með leyfi hæstv. forseta 1. gr. í þessari konunglegu tilskipun. Þar segir svo:

„Í stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar, Skálholtsrektors (Thorcillisjóðs) eiga sæti 3 menn, sem dóms- og kenslumálaráðuneytið skipar. Skal einn þeirra vera æðsti yfirmaður Oddfellowreglunnar á Íslandi og annar oddfellow, sem hann nefnir til og ráðherra samþykkir, en hinn þriðja velur ráðherra.

Síðan er bætt við, en strikað út:

„— Ef Oddfellowreglan skyldi leggjast niður á Íslandi, fellur stjórn sjóðsins undir dóms- og kenslumálaráðuneytið."

Þetta er strikað út og sýnir, að ráðherranum hefir dottið hið góða í hug fyrst, en hið lakara eftir á, og hann síðan fylgt því, sem ver gegndi. Því að eins og tilskipunin er nú orðuð, er haldið opinni þeirri leið, að ef Oddfellowreglan legst niður hjer á landi, þá hverfi stjórn sjóðsins undir yfirmenn reglunnar í öðrum löndum.

Hv. deildarmenn hafa kannske tekið eftir því, að um leið og ráðherra biður um konungsstaðfestingu á þessari samsteypu, nefnir hann gjöf til handa sjóðnum, sem er að vísu rangt, þar sem þvert á móti er um afhending sjóðsins að ræða. En það, sem hann á

við, er 37 þús. kr. gjöf frá Berklavarnafjelagi Íslands til Oddfellowreglunnar, sem hún vill nota í berklahælið og kallar hjer gjöf til Thorcillisjóðsins. Nokkur vafi leikur á um, hvort Oddfellowreglan hafi rjett til þessa fjár, og mun bráðlega verða höfðað mál gegn Oddfellowreglunni fyrir að hafa dregið sjer þetta fje frá Vífilsstaðahælinu.

Það er kunnugt, að það hefir tíðkast um nokkur ár undanfarin, að menn, í stað kransa við jarðarfarir, gæfu nokkra fjárupphæð til Vífilsstaðahælisins og fengju dánarspjöld í staðinn sem viðurkenningu fyrir gjöfinni. Maður skyldi halda, að Vífilsstaðahælið fengi þessa peninga. En svo er ekki. Yfirlæknirinn á Vífilsstöðum hefir átt í marga ára stímabraki við háttv. 1. þm. Skagf., meðan hann var ráðherra, og máske líka bróður sinn, Jón heitinn Magnússon, fyrv. forsætisráðherra, að reyna að fá þetta fje til hælisins. Við læknirinn erum sammála um að reyna að bjarga þessu fje, þótt við sjeum kannske ekki sammála í sumu öðru.

Yfirlæknirinn leggur eindregið til, að þessu fje verði varið til þess að koma upp vinnustofu handa sjúklingum á Vífilsstöðum. Verður það að álítast mjög þarft og vel til fallið að verja því þannig.

Dánargjafir þessar hafa lent hjá þessu leynifjelagi, sem er mjög mannmargt hjer í bænum. Býst jeg jafnvel við, að háttv. 1. þm. Skagf. sje í því. En hvernig sem Sigurður Magnússon yfirlæknir hefir barist til þess að fá þessu kipt í lag, þá hefir landsstjórnin staðið með þeim, er hafa leyft sjer að draga í sjóð fjelags síns fje, er hælinu bar.

Jeg álít, að nú sje valið tækifæri fyrir háttv. 1. þm. Skagf. að skýra fyrir háttv. deildarmönnum gang þessa máls, hvernig stendur á því, að yfirlæknirinn skuli enga áheyrn hafa fengið og hversu sú furða hefir getað átt sjer stað, að dánargjafir til Vífilsstaðahælisins lentu hjá leynifjelaginu, Oddfellowreglunni, og loks, hvernig honum gat dottið í hug að gera þá undarlegu tilskipun, að afhenda Thorcillisjóðinn þessu leynifjelagi í tilgangi, sem er allur annar en sá upprunalegi, er vakti fyrir gefandanum sjálfum. Hann hefir að engu óskir gefandans og afhendir sjóðinn þriggja manna stjórn, sem að vísu er látið heita svo, að ráðuneytið skipi. En fjarri er því, að svo sje, þar sem yfirmaður stofnunar, sem er deild úr útlendu fjelagi, er sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, og hann velur annan mann, sem og skal vera meðlimur þessa fjelagsskapar, en stjórnarráðið fær rjett fyrir náð og siðasakir að velja þriðja mann í stjórnina.

Jeg ætla ekki að segja neitt um það, hvaða skoðanir jeg hefi á gildi þessara hluta. En jeg hefi falið einum af þessum mönnum, sem er jafnframt trúnaðarmaður landsins í stjórnarráðinu, að sjá fyrir því, að ekkert verði gert í málinu í vetur af hálfu Oddfellowa. Kemur síðan til álita, hvort þessu verður ekki riftað með vorinu, og má vera, að það hafi einhver áhrif á fyrirætlanir þessa fjelags, ef það fær málsókn á hendur sjer út af Vífilsstaðadánargjöfunum.

Ef háttv. 1. þm. Skagf. er meðlimur

í fjelaginu, er það viðbótarástæða fyrir hann að gera hreint fyrir sínum eldhúsdyrum. (**MG:** Það skal jeg gera, ef hæstv. ráðh. vill hlusta á mig). Jeg skal hlusta á háttv. þm., þótt hann vilji til morguns. (**MG:** Jeg verð þá að vera ódauðlegur í nótt eins og hæstv. ráðherra). Jeg vil gjarnan fyrir mitt leyti stuðla að því, að hv. 1. þm. Skagf. fái ótakmarkað málfrelsi í þessu máli, til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum, því að ekki mun af veita.

Þá kem jeg að þriðja málinu af sama tægi og tvö hin fyrri. Það eru afskifti hv. 1. þm. Skagf. af steinolíufjelagsbákni því, er reist hefir skýli hjer suður við Skerjafjörð. Svo sem mönnum er kunnugt, þá var svo ástatt hjer á landi á stríðsárunum og lengur, að eitt útlent fjelag, Standard Oil, hafði fyrir tilstilli danskra og íslenskra leppa einræði í olíuverslun á Íslandi. Fjelagið notaði aðstöðu sína til þess að kúga Íslendinga og sjerstaklega bátaútveginn allfreklega.

Árið 1920 gerist það, að Magnús Kristjánsson, sem þá var forstjóri landsverslunarinnar, hefst handa til þess að lækka verðið hjá erlenda hringnum og byrjar að versla með olíu fyrir landsins hönd. Tókst honum að þrýsta verðinu niður um helming. Var notuð heimild um einkasölu á steinolíu, sem samþykt hafði verið 1917, og stóð svo um 3 ár. Varð þessu erlenda okurfjelagi þannig bolað úr landi og olíuversluninni komið undir íslensk yfirráð, svo að bátaútvegurinn varð óháður hinum erlenda kúgunarhring, sem áður hafði pínt hann.

En er stjórnmálaflokkur sá, er hv. 1. þm. Skagf. aðhyllist, kemur til valda, afnemur hann einkasöluna. Og hann, sem árið 1917 hafði átt nokkurn þátt í að koma henni á, flýtir sjer þá að opna landið upp á gátt fyrir útlendingum, og niðurstaðan varð sú, að gamli kúgarinn, Standard Oil, fer aftur að skjóta upp höfðinu. Hefir það gert alræmda samninga við ýmsa kaupsýslumenn, þar sem þeir eru þrælbundnir til að kaupa olíu einungis af þessu eina fjelagi um margra ára skeið. Ískyggilegast af þessu öllu er þó það, að nokkrir pólitískir samherjar og flokksbræður hv. 1. þm. Skagf. taka sjer fyrir hendur að lokka hingað stórt erlent fjelag, eitthvert stærsta olíufjelagið í heimi, og búa svo um hnútana, að það er að áliti margra vafamál, hvort sjálfstæði landsins og frelsi sje ekki af því hætta búin.

Hið hollenska og enska auðfjelag, Shell, hafði um stund átt í einhverju makki við tvo íslenska kaupmenn, og má þó fullyrða, að upptökin að þeim bræðingi hafi verið hjeðan að heiman. Af því, sem síðar kom fram, eru allar líkur til, að kaupmenn þessir hafi og staðið í leynimakki við íhaldsstjórnina, einkum atvinnumálaráðherra. Hefst nú Skeljungsþáttur þessi með því, að 16. mars 1927 ritar firmað „Hallgrímur Benediktsson & Co." stjórnarráðinu svo hljóðandi brjef:

„Fyrir hönd Asiatic Petroleum Co. Ltd., London, leyfum við oss að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að það samkvæmt heimild í l. nr. 63, frá 28. nóv. 1919, veiti leyfi til þess, að ofangreint fjelag megi kaupa og fá eignarafsal að lóðarspildu við Skerjafjörð í Skildinganeslandi, að stærð

alt að 240×200 fermetrar, en lóð þessa ætlar fjelagið að nota til þess að koma þar upp stöð til olíugeymslu.

Virðingarfylst.

H. Benediktsson."

Þessu brjefi svarar svo atvinnumálaráðuneytið með brjefi, dags. 25. mars 1927, þannig:

„Út af erindi firmans, dags. 16. þ. m., þar sem það fer fram á það fyrir hönd fjelagsins Asiatic Petroleum Co., Ltd., London, að fjelaginu verði heimilað að kaupa og fá eignarafsal fyrir lóðarspildu úr Skildinganeslandi við Skerjafjörð, að stærð alt að 240×200 fermetrar, til þess að geyma þar olíu, vill ráðuneytið hjer með samkvæmt heimild í lögum nr. 63, 28. nóv. 1919, veita hið umbeðna leyfi."

Undir þetta leyfi skrifar svo þáv. hæstv. atvmrh., núv. hv. 1. þm. Skagf. Hjer er ekki verið með hik eða vífilengjur um að veita hið umbeðna leyfi. Ekki hefir heldur þáverandi hæstv. atvmrh. þótt taka því að bera þetta undir þingið, sem sat hjer á þeim tíma. Hjer er þó verið að fá útlendu fjelagi, sem ætla má, að hann þekki lítið, leyfi í hendur til stórfeldrar starfrækslu hjer á landi. Og hann þarf ekki nema liðlega eina viku til að rannsaka þetta mál, áður en hann veitir leyfið. En nú fer svo, að það verður ekki þetta útlenda fjelag, sem notar leyfið til þess að kaupa þessa landspildu, eins og ráð hafði verið fyrir gert, heldur þeir Hallgr. Tulinius, Hallgr. Benediktsson, Gísli Johnsen og Björgúlfur Ólafsson. Landið, sem þeir keyptu, var 12000 fermetrar. Þeir leyfðu síðan Anglo Saxon Petroleum Co., Ltd., að byggja á þessu landi fjóra olíugeyma, sem taka samtals um 8000 tonn af olíu og bensíni. Þetta fjelag, sem byggir þessa geyma, er annar angi af Shellfjelaginu en sá, er fyrst bað um leyfið. Þessir geymar voru fullgerðir um áramót og var þá byrjað að afhenda olíu úr þeim. Þeir, sem koma suður að Skerjafirði, geta sjeð þar eitthvert mesta mannvirki hjer á landi, stóra bryggju, sem nær langt út í Skerjafjörð, og 4 stóra olíugeyma, sem taka miklu meira en ársforða handa öllu landinu. Utan um þessa geyma er öflug girðing. Þar inn fyrir er engum hleypt, sem ekki hefir brýnt erindi. Að minsta kosti var mjer neitað um að skoða þetta mannvirki. (**Forsrh. TrÞ:** Mjer var heldur ekki leyft að koma þangað inn!). Það er líkast því, sem einhver leyniblær hvíli yfir þessari stofnun. Jeg vona þó, að hjer sje ekki um það sama að ræða og það, sem henti Þorgils Skarða og aðra þá, er, að vísu óvitandi, urðu til að selja landið í hendur erlends valds.

Auk þessara mannvirkja við Skerjafjörð er fjelagið þegar byrjað að reisa olíugeyma í öðrum sjóþorpum, og er þegar búið að reisa geyma á þremur stöðum, sem taka til samans um 1100 tonn. Auk þess er það í undirbúningi með að reisa geyma í sjóþorpum víðsvegar um land. Nú mun þetta fjelag vera búið að leggja um 2 miljónir króna í þetta fyrirtæki. Og enn er gert ráð fyrir að leggja í það 1—1½ milj. kr. úti um land og í tankskip.

Nú má það teljast alleinkennilegt, að sótt var um kaup á landi fyrir útlent olíufjelag, en svo kaupa íslenskir menn þessa lóð og veita síðan öðru steinolíufjelagi leyfi til að byggja þar. En nú er þetta útlenda steinolíufjelag, sem þarna byggir, búið að koma fjár-

reiðum sínum svo fyrir, að íslenskt hlutafjelag er stofnað, sem kaupir olíugeymana og önnur mannvirki hins útlenda fjelags hjer á landi. Stofnendur fjelagsins eru þeir Björgúlfur Ólafsson læknir, Magnús Guðmundsson hæstarjettarmálaflutningsmaður, Hallgr. Benediktsson stórkaupm., Hallgr. Tulinius stórkaupm. og Gísli Johnsen konsúll.

Nú vil jeg spyrja hv. 1. þm. Skagf., hvort honum var það ljóst, þegar hann gerðist stofnandi þessa fjelags, að hjer var aðeins að formi til um íslenskt hlutafjelag að ræða. Fjelag þetta telur sig hafa innborgað hlutafje að upphæð kr. 500000,00. Samkvæmt hlutafjelagalögunum verður meira en helmingur af hlutafjenu að vera lagt fram af íslenskum mönnum, svo fyrirtækið geti talist innlent. Hvernig er svo sjeð fyrir þessu? Jú, þannig, að þessir stofnendur fjelagsins eru taldir að hafa lagt fram hlutafje þannig: Björgúlfur Ólafsson 244 þús. kr., en hinir 4 stofnendurnir sínar 2000 kr. hver. Þannig er þessu skilyrði laganna náð, þar sem upphæðin verður 252 þús. kr., eða 2 þús. kr. yfir helming hlutafjárins. Hitt er svo útlent fje. En nú hefir það komið í ljós við rannsókn á fjelagi þessu, að tilkynning fjelagsins um, að þetta hlutafje sje innborgað, er röng. Björgúlfur Ólafsson hefir játað, að hann hafi ekkert innborgað af sínu hlutafje, en býst við að fá þessar 244 þús. kr. að láni hjá hinu útlenda fjelagi og tryggja greiðslu skuldarinnar með þeim hlutabrjefum, er hann fær frá fjelaginu. Hvort hinir fjórir hafa greitt sitt hlutafje til fjelagsins, hefir ekki verið rannsakað. En líklegt er, að svo sje ekki. Er ekki ósennilegt, að þeir hafi þarna fengið það, sem kallað er „fríaxíur", fyrir liðsinni sitt við að koma fjelaginu á fót.

Þannig er alt þetta stofnfje þessarar starfsstöðvar fjelagsins hjer á landi í raun rjettri komið frá útlendingum, nema ef vera skyldi þessar 8 þúsundir, sem þó er sennilega gjafafje. En hvort sem það er eða ekki, þá er hjer um brot á hlutafjelagalögunum að ræða og gott dæmi um það, hvernig farið er að því að smeygja inn erlendu fjármagni, sem beint getur leitt til þess að setja sjálfstæði þess lands, sem verður fyrir því, í voða. Þetta fjelag er nú sest hjer á laggirnar, fyrir aðstoð fyrv. hæstv. ráðh. (MG). Hann vann það fyrst til að verða banamaður steinolíuverslunar ríkisins. Síðan svarar hann mjög fljótt og liðlega brjefi erlends hrings, sem vill ná hjer landfestu. Hann þarf ekki meira en viku umhugsun og þarf hvorki að ráðfæra sig við þing nje þingnefndir, þó að hvorttveggja væri við hendina þá daga, sem hann veitir leyfið. Þegar þetta er athugað, þá verður manni á að spyrja, hvort hann hafi ekki áður verið kominn í makk við þetta auðfjelag, á meðan landið sjálft rak olíuverslunina? Minsta kosti þarf hann ekki langan umhugsunartíma til að svara umsókninni játandi, og það án sýnilegrar rannsóknar.

Þá lætur þessi hæstv. fyrv. ráðherra það viðgangast, að þetta fjelag, sem leyfið fær, notar það ekki sjálft, heldur þeir kaupmenn hjer í bænum, sem síðar urðu fjelagar hv. 1. þm. Skagf. í þessu máli. Og þegar svo fjelagið er stofnað, þá horfir hann rólegur á það, að þarna er verið að stofna erlent fjelag með íslenskum leppum, og ger-

ist síðan sjálfur einn af leppunum. En hjer er ekki alt sagt enn. Ef þetta væri lítið fyrirtæki, þá mætti láta landið kaupa það upp. En nú er fyrirtæki þetta svo stórt, að innan skamms eru eignir þess hjer á landi eins miklar og nema mundi ⅓ af árstekjum ríkisins. Byggingar fjelagsins eru svo stórar, að varla er hægt að ætla, að þær sjeu miðaðar við íslenskar þarfir eingöngu. Jeg skora á hv. 1. þm. Skagf. að skýra frá því hjer, hvers vegna fyrirtæki þetta er haft svo stórt, sem raun ber vitni um.

Auk þessa fjelags, Shellfjelagsins, eru hjer líka önnur fjelög, sem búin eru að koma upp geymum eða ætla sjer það. Svo er t. d. um Standard Oil, sem hefir nú lagt samningsfjötur á mjög marga af kaupmönnum hjer í Reykjavík til margra ára, British Petroleum, sem væntanlega heldur alt að helmingi veltunnar. Þegar söluaðstaða þessara fjelaga er athuguð, þá er ekki hægt að áætla, að Shellfjelagið fái nema rúman þriðjung innanlandssölunnar. Nú hefir fjelag þetta bygt olíugeyma, sem rúma um 8000 tonn, eða meira en eyðist í landinu öllu á heilu ári. Auk þess byggir fjelagið olíuhlöður í flestum verstöðvum landsins. Það byggir þess vegna svo stórt, að það rúmar þar olíuforða, sem nemur a. m. k. því, sem fjelagið selur á þrem árum. Á Siglufirði ætlar Shell að láta tankskip liggja yfir sumartímann, sem verður nokkurskonar fljótandi olíukista.

Eins og menn vita, þá er valdið yfir olíunni eitt af heitustu deilumálum þjóðanna. Umráð þeirra yfir olíulindunum og aðstaða þeirra til að geyma hana á hentugum stöðum vegna herskipa sinna. Nú er stærð þessara íslensku geyma svo mikil, að líkast er, sem herflota sje ætlað að hafa hjer birgðir. Ef svo er ekki, þá skora jeg á hv. 1. þm. Skagf. að gefa skynsamlega skýringu á þessu.

Vjer höfum fyrir nokkrum dögum rætt hjer um sjálfstæðismál vor og orðið sammála um, að sjálfstæði Íslands beri að auka á næstu árum. En þá þurfum vjer líka að vera vel á verði gegn hverskonar erlendum áhrifum og ásælni, sem kynni að vilja leita hjer fangs og yrði til þess að veikja eða hnekkja sjálfstæði voru. En einkum er það þó umhugsunarefni, þegar ráðherra veitir voldugu heimsauðfjelagi hiklaust rjettindi og gerist síðan einn af leppum þess. Því að því er best verður sjeð, þá er hjer aðeins um leppmensku að ræða. Ekki myndi Einari á Þverá hafa þótt hyggilegt slíkt afsal á landi og rjettindum, fyrst honum þótti hætta geta stafað af erlendri eign á Grímsey.

Þá kem jeg að einu máli, sem hv. þdm. er kunnugra. Jeg tek það aðeins sem dæmi um það, hverskonar spjarir það eru, sem íhaldið lætur eftir sig í stjórnarráðinu og hv. 1. þm. Skagf. ætlast til, að núverandi stjórn fari í. En núverandi stjórn mun þó að minsta kosti aldrei fara í þá fatagarma íhaldsstjórnarinnar, er jeg ætla nú að gefa sýnishorn af, en það er eftirlit með embættismönnum landsins. Það vill nú svo vel til, að sá maður, sem jeg ætla að taka dæmi af, hefir sjálfur lýst hjer fyrir alþjóð manna lagamensku sinni og því, hve lítið hæfur hann muni hafa verið til að veita málefnum heillar sýslu forstöðu. Á jeg hjer við fyrv. sýslumann Barðstrend-

inga, Einar M. Jónasson, Við rannsókn, sem framkvæmd var laust eftir stjórnarskiftin, kom það í ljós, að bein sjóðþurð mun nema um 60 þús. króna. Auk þess eru dánarbú í hinni mestu óreiðu. Í því efni var komið svo langt, að hreppar voru farnir að útkljá sjálfir ýms málefni sín og viðskifti á bak við sýslumann. Þetta sá fyrv. hæstv. dómsmrh. (MG) ekki. Gott sýnishorn um fjármálastjórn sýslunnar er það, að forstöðukona Landakotsspítalans hefir engan eyri fengið borgaðan úr þessari sýslu með berklasjúklingum þaðan í full þrjú ár. Þá sá sami fyrv. hæstv. dómsmrh. það ekki heldur, hve gersamlega ófær dómari þessi sýslumaður var. Hefðu þó hæstarjettardómar einir átt að geta rekið hann úr skugga um það.

Jeg býst nú að vísu við, að þetta sje rotnasta kýlið á embættalíkamanum, eins og ástandið var þegar fyrverandi stjórn skildi við. Hún hafði að vísu skrifað þessum sýslumanni föðurleg áminningarbrjef, en án árangurs, og látið svo þar við sitja. En þegar þessi stjórn gat látið viðgangast slík býsn, sem allir vita um á Patreksfirði, og það svo að segja óátalið, þá er ekki ósennilegt, að víðar hafi misfellur getað þrifist í næði, án þess hún yrði þess vör. Háttvirt þingdeild þekkir síðustu viðskifti þessa sýslumanns við ríkissjóðinn, þar sem hann segist sjálfur, í brjefi til Alþingis, hafa tekið 24 þúsundir kr. af fje ríkisins, er hann hafði undir höndum.

Jeg skal nú ekki að sinni taka upp fleiri dæmi um þessa fatagarma, sem fyrverandi stjórn ljet eftir sig. Jeg skal nú snúa mjer að hinu eina máli, er hv. 1. þm. Skagf. taldi mjer til sektar, en það voru aðgerðir mínar í áfengismálinu.

Hv. þingdeild mun það í fersku minni, að þegar Spánarmálið var til umræðu á Alþingi, greiddi jeg atkvæði móti undanþágunni. Mjer var það þá fullljóst, að fjárhagslegur skaði gæti orðið að því að láta ekki undan Spánverjum. En jeg geri ráð fyrir því, að það hafi Belgíumönnum líka verið ljóst, þegar þeir neituðu Þjóðverjum að fara með her yfir land sitt í ágúst 1914. En hjer var líka, eins og þar, um manndómsatriði að ræða: hvort betra væri að þola stríð eða láta undan mótþróalaust. En meiri hluti þingsins vildi heldur beygja sig og kaupa sjer og sjerstaklega sjávarútveginum þannig frið. Jeg skal ekki lasta þá, sem það gerðu; þeir höfðu sína skoðun á því. Jeg hafði líka mína, studda af fordæmi Belgíumanna og allra þeirra, sem fremur vilja bíða tjón en beygja sig fyrir ofbeldi. Nú vill hv. 1. þm. Skagf. nota sjer þessa sjerstöðu mína 1923 til árásar á mig, og færir það til, að jeg hafi ekki gert neitt til að rifta samningnum við Spánverja. En þetta er alger misskilningur á minni aðstöðu. Jeg tel Spánarsamninginn sem afgert mál og dettur ekki í hug að svíkjast að þjóðinni, þó að jeg hafi þar aðra skoðun en meiri hluti þingmanna, sem um það hafa fjallað. En kæmi sú stund, að þjóðin þyrði að líta á þetta líkt og Belgíumenn gerðu, þá er kominn tími til að hreyfa við þessum samningum. Er þá fróðlegt að vita, hvort háttv. 1. þm. Skagf. þorir að segja upp Spánarsamningunum. Væntanlega skýrir

hann það mál við þessa umræðu. Með þessu er í raun og veru öllu svarað. Mig furðar aðeins, að hv. þm. skuli þora að koma inn á þetta svið, því við samanburð á aðstöðu okkar í vínmálinu sjest, að þar skiftir mjög í tvö horn. Á Alþingi í fyrra var borin upp tillaga í 4 liðum. Var hver liður till. borinn upp út af fyrir sig og allir feldir. 1. liðurinn var um það, að leita samninga við Spánverja að nýju, en ekki að segja upp samningnum, eins og hjer hefir verið haldið fram. 2. liður var um það að fækka útsölustöðum. 3. um að lána ekki vín, og 4. um að birta opinbera skýrslu um vínnotkun lækna. Hv. 1. þm. Skagf. var á móti þessum till. öllum, ekki einungis þeirri fyrstu, heldur öllum. Það mætti þó ætla, að ekki væri hætta á samningsslitum við Spánverja, þó hætt væri að lána út vín, nje heldur þó skýrslur um vínnotkun lækna væru birtar. En fyrv. stjórn, eða fyrv. hæstv. dómsmrh., þorði ekki að gera þetta fyrir sínum flokksmönnum. Hann beitti meira að segja flokksvaldi sínu til að kúga einn einlægan bindindismann, flokksmann sinn í Ed., til að greiða atkvæði móti sannfæringu sinni og áðurgefnum yfirlýsingum.

Hv. 1. þm. Skagf. segir, að jeg hafi sýnt lítinn dug í áfengismálunum. En hann verður að gæta þess, að allar ákvarðanir viðvíkjandi verslunarsamningunum við Spánverja verða að byggjast á ákveðnum þjóðarvilja.

Þegar verið var að tala um uppsögn sambandslagasamningsins við Dani 1940—43 fyrir fáum dögum hjer á Alþingi, voru allir flokkar sammála um að segja þeim upp. Kæmu nú fram jafneinhuga óskir um það að segja upp samningunum við Spán, þá mundi síst standa á mjer að framfylgja vilja þjóðarinnar. En hjer er ekki um neitt í þá átt að ræða. Af þeirri reynslu, sem jeg hefi haft af þessu máli, og þeirri illvígu mótstöðu og því drengskaparleysi, sem andstæðingarnir hafa sýnt í sambandi við það, dreg jeg líka þá ályktun, að það sje jafnvel varhugavert að hrófla við nokkru eða gera nokkrar breytingar, þó þær horfi beint til bóta. Ef jeg til dæmis hefði stytt um eina stund útsölutíma vína á Siglufirði eða í öðrum þeim bæjum, sem hafa óskað eftir að losna við áfengið, þá mundi einhver af skósveinum íhaldsmanna samstundis hafa símað til útlanda þá frjett, að samningurinn væri rofinn af hálfu Íslendinga.

Það kom til dæmis fyrir í sumar, að maður, sem fylgir frjálslynda flokknum að málum, eða stendur honum nærri, en skiftir sjer annars lítið af stjórnmálum, skrifaði grein í dagblaðið „Vísi“ og kom þar fram með fáránlega tillögu um landhelgigæslu. Ljet hann um leið falla nokkur hörð orð um sendimenn Íslands erlendis. Nú hefir einhver hjer reynst svo góðgjarn að taka nokkur eintök af þessu blaði og senda það til dönsku sendisveitanna í London, Berlín og víðar, einungis til að gera okkur bölvun. Vitanlega er fyrv. stjórn alveg saklaus af þessu máli, en sem sagt, hjer er til fólk, sem legst svo lágt, að það hikar ekki við að gera þjóð sinni vanvirðu og tjón með því að senda villandi fregnir til þess að svala sjer á andstæðingunum. Og mundi ekki fremur verða tekið mark á slíku, ef einhver háttsettur íhaldsmaður símaði

til Spánar, að nú væri stjórnin búin að brjóta samninginn. Síðan mundu íhaldsblöðin hefja árás á þá leið, að nú hefði stjórnin brotið samninginn við Spánverja; Spánverjar væru reiðir og afleiðingin yrði miljónatap fyrir okkur. Þetta og annað þvílíkt yrði sagt, þó að jeg gerði ekki annað en stytta útsölutíma vínverslunarinnar. Jeg hefi nú sagt það skýrt og skorinort, að jeg þekki alt mitt heimafólk og jeg legg ekki út í að gera breytingar í þessu efni, nema jeg sje vitandi vits um aðstöðu þjóðarinnar, þrátt fyrir það, að jeg geri ráð fyrir, að Spánverjum standi nokkuð á sama, hvort t. d. vínbúðin á Siglufirði er opin aðeins 4 eða 5 daga vikunnar. Annars má segja það um suma þá nýbökuðu goodtemplara, sem eru í þjónustu hv. 1. þm. Skagf. og eru að fræða menn um það, hvað jeg sje linur í þessu máli, að þeir ættu sem minst að tala um áfengismál.

En fleiri liðir voru í till. þeirra Ingvars Pálmasonar og Jóns Guðnasonar, eins og hún venjulega er kölluð. Þar var lagt til, að eigi skyldi heimilt að lána út vín, og það atriði snerti aðeins okkur sjálfa. En jafnvel þennan sjálfsagða lið feldu íhaldsmenn. Eitt af mínum fyrstu verkum eftir að jeg tók sæti í stjórninni var það að skrifa forstjóra áfengisverslunarinnar um, að öllum útsölumönnum væri hjer eftir bannað að lána einn eyri. En jafnvel þetta lítilræði gat hv. 1. þm. Skagf. ekki gert. Og jeg get sagt hv. þm. það, að fyrir þetta hafa allir þeir, sem útsölu vínanna hafa á hendi, tjáð mjer þakklæti sitt. Annað atriði, sem var jafnvel enn sjálfsagðara, hafði hv. þm. hvorki kjark nje dug til að framkvæma, og það var að láta birta skýrslu um áfengisútlát lækna. Þetta hefi jeg gert, og það hefir borið þann stórkostlega árangur, að margir læknar eru nú því nær hættir að láta úti áfengislyfseðla, en sumir hættir því með öllu. — Til þessa þurfti enga þingsamþykt; það þurfti aðeins dálítið meiri framtakssemi og vilja til umbóta en hv. þm. hefir til að bera.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg muni halda uppteknum hætti í minni ráðherratíð, og með því að láta lög ganga yfir afbrotamennina geri jeg mjer vonir um, að hægt verði að miklu leyti að útrýma læknabrennivíninu úr landinu. Jeg sje, að hv. þm. er að líta í skýrsluna, og til skýringar fyrir hann vil jeg geta þess, að eftirlitið var ekki nema 3 síðustu mánuði ársins 1927, og jeg býst við, að honum gefist síðar kostur á að líta á samanburð á mínum mánuðum og hans mánuðum að því er þetta snertir.

Hvers vegna ljet hv. 1. þm. Skagf. nú þetta ógert? Það verður ekki betur sjeð en að ástæðan hafi einungis verið þrekleysi hans og hræðsla við óþökk einstakra fylgismanna. Því verður nú auðvitað ekki neitað, að þeir læknar, sem hafa lifað á „recepta"-sölu, eiga mikið eftir að læra ennþá, en jeg geri mjer vonir um, að nokkrar málsóknir og dómar megni að kenna þeim það, sem þeir eiga eftir ólært enn.

Næst er þá að minnast á áfengið í skipunum. Það hefir hingað til verið nokkuð almenn skoðun, að ómögulegt væri að losna við það og komast hjá drykkjuskap á íslenskum skipum. Það hefir verið talið ógerlegt að hindra

það, að brytarnir hefðu altaf nóg áfengi, og lítt verið litið eftir, hvernig þeir færu með það. Það hefir jafnvel kveðið svo ramt að drykkjuskap á okkar skipum, að útlendingar hafa kvartað undan því. Til dæmis hefir merkur Englendingur sagt, að hann hafi í einni ferð frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur með íslensku skipi sjeð fleiri menn drukkna en í London á heilu ári. Mjer hugkvæmdist nú að reyna, hvort ekki mætti ráða bót á þessu. Og það kom í ljós, að það þurfti ekki annað en að skrifa sýslumönnum og lögreglustjórum nokkur brjef og gefa þeim nýja lögskýringu á áfengislöggjöfinni, til þess að skipin þornuðu næstum því í einni svipan. Það verður naumast talin nein prýði fyrir okkar land að láta það viðgangast, að á skipum okkar sjeu tugir af ölóðum mönnum í hverri ferð. Þetta hefir tekist að lagfæra í minni tíð, og til þess þurfti ekki annað en dálítið af þeim kjarki, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir altaf vantað.

Enn skal jeg minnast á það, að á undanförnum árum hefir verið safnað saman töluverðu af upptæku víni í hegningarhúsinu hjer í Reykjavík. Nú skyldu menn ætla, að skrá hefði verið færð um þetta áfengi og eitthvert eftirlit haft með því, hvað um það yrði. En við athugun kom það í ljós, að engin slík skrá hefir verið gerð og ekki hægt að sjá, að nokkurt eftirlit hafi verið framkvæmt. Þegar jeg nú kom í sæti hv. 1. þm. Skagf., fjekk jeg tvo þekta templará til að rannsaka og telja birgðirnar og gera skrá yfir þær. Verður síðar reynt með samanburði við dóma og úrskurði, sem fallið hafa um þessi upptæku vín, að athuga, að hve miklu leyti sá samanburður stendur heima. Hinsvegar er því ekki að leyna, að almenningur hefir gert sjer óglæsilegar hugmyndir um „Steininn" í þessu sambandi. Hefir verið dylgjað um „leka" þar í sambandi við „háttsetta borgara". — Jeg minnist á þetta, ekki af því, að jeg leggi minsta trúnað á þann orðróm, heldur til þess að sýna, hverskonar almenningsálit hefir skapast í skjóli eftirlitsleysisins.

Háttv. 1. þm. Skagf. var að senda mjer hnútu út af því, að jeg hefði sagt starfsfólki vínverslunarinnar upp starfi og fækkað því. Er því til að svara, að verslunin hefir, ef til vill óbeinlínis fyrir mínar aðgerðir, dregist nokkuð saman og krefst því færra starfsfólks en áður.

Áfengisbúðir á landinu munu nú vera 7 talsins. Jeg hefi kynt mjer nokkuð rekstur sumra þeirra, og er ástandið ekki glæsilegra en það, að meiri og minni vanskil hafa átt sjer stað á undanförnum árum frá hendi allra þeirra, sem athugaðar hafa verið. Á einum staðnum, þar sem áttu að vera birgðir og peningar fyrir um 20 þús. kr., voru aðeins 4 þús. kr., þegar rannsókn var látin fara fram. Verslunarstjórinn var, að sögn, fjárhagslega illa staddur um síðustu áramót. Voru því litlar horfur á, að fje landsins bjargaðist á þessum stað. En með því að ganga hart eftir og láta við liggja sakamálsrannsókn, tókst manninum, með tilstyrk annara manna, að gera full skil. Vitanlega var manninum jafnframt sagt upp starfinu. — Jeg minnist hjer á þetta eins og dæmi um það, hvernig þetta megna óreiðuástand hefir þróast undir stjórn hæstv. fyrv. ráðherra óátalið og eftirlitslaust.

Sýnir það einnig, hversu þessi hv. þm. stendur vel að vígi, er hann hefur árásir á mig út af því, að jeg hafi sagt upp mönnum við þessa verslun.

Fyrir háttv. Ed. liggur nú frv. til áfengislaga, sem er undirbúið af fimm manna nefnd, þar á meðal flokksbróður hv. 1. þm. Skagf., Sigurði Jónssyni stórtemplar. Með því frv. er reynt að setja þær skorður við misnotkun áfengis hjer á landi, sem eru samrýmanlegar við samninga vora við Spán.

Jeg geri mjer nú vonir um, að þetta frv. gangi fram, að minsta kosti ef flokksbræður hv. þm. (MG) beita sjer ekki því harðar gegn því, sem jeg ætla að vona, að þeir geri ekki. Við sjáum, hvað setur. Slíkar till. hafa aldrei komið frá fyrverandi stjórn, og af fortíð hv. 1. þm. Skagf. er ekki hægt að ráða neina hugsun í þá átt.

Jeg hefi nú rakið þennan lið nokkuð rækilega, af því að háttv. 1. þm. Skagf. hóf sókn á mig út af þessu máli, og jeg hygg, að það sje nú flestra álit, að mál þetta, eins og hin önnur, hafi nú snúist upp í sókn á hendur honum sjálfum og hæstv. fyrv. stjórn. Hefði mátt ætla, að hæstv. fyrv. ráðherra, sem hefir svo mjög vanrækt skyldu sína um eftirlit með opinberri starfrækslu í landinu, þjóðinni til tjóns og vanvirðu, og sem hefir að öðru leyti til þeirra saka að svara, sem nú hefir verið sýnt, hefði fremur kosið að dyljast í skjóli þagnarinnar hjer á Alþingi, eftir því sem hann mætti við koma, heldur en að draga þau vopn úr slíðrum, sem í upphafi þessara hjaðningavíga hlutu að snúast gegn honum sjálfum.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. dómsmrh. (JJ) hefir nú talað langt mál og mikið og þykir nú að vonum sinn fugl fagur. Jeg vildi nú samt óska þess, og jeg tel það mjög æskilegt fyrir dómsmrh. sjálfan, að hann gæti tekið sjer í munn orð hæstv. forsrh. (TrÞ), er hann sagði í svarræðu sinni til hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hæstv. forsrh. mælti eitthvað á þá leið, að hvað sem liði sinni fyrri stefnu, þá yrði hann að hlýða landslögum. Þetta var vel mælt, þó að það sje ekki annað en það, sem er sjálfsagt og skylt, að hlýða lögum landsins, einkum ef þessi orð hæstv. forsrh. eru borin saman við framkomu hæstv. dómsmrh. gagnvart gildandi lögum.

Jeg ætla aðallega að minnast hjer á eitt mál, sem er mjög mikilvægt og alvarlegt um leið, sem sje meðferð hæstv. dómsmrh. á varðskipalögunum.

Eftir að þingið rjeðst í að láta byggja nýtt varðskip og ári síðar að kaupa „Þór", þá var næst að undirbúa starfsreglur fyrir skipin og alla framkvæmd landhelgigæslunnar. Þetta mátti heita alveg nýtt fyrirtæki og byrjunarsporið að því, að við tækjum algerlega að okkur framkvæmd landhelgivarnanna. Það var því eðlilegt, að hjer þyrfti að leggja einhvern grundvöll til að starfa á, og var það gert með lögum þeim, sem Alþingi samþykti á síðasta þingi. Frv. mættu bæði talsverðri mótspyrnu, bæði hjer og í hv. Ed., einkum frá núverandi hæstv. dómsmrh. og hv. 5. landsk. (JBald), en þau urðu þó að lögum. Lögin um varðskip landsins og sýslunarmenn á þeim voru afgreidd frá hv. Nd. með 17:6 atkv. og frá hv. Ed. með 9:3 atkv. Þessi lög gengu í gildi strax, en launalögin 1. júlí. Þau voru afgreidd síðast frá hv.

Nd. og samþ. þar með 15:7 atkv., og voru 6 þm. fjarstaddir. Hæstv. dómsmrh., sem veittist gegn lögunum í hv. Ed., eins og áður er sagt, vildi gera skipin að skólaskipum um leið og flutti dagskrártill. um að vísa málinu frá vegna þess að ekki væri hægt, eins og á stóð, að koma hans hugmynd að. — Þetta er í stuttu máli gangur málsins á síðasta þingi.

Svo varð, sem kunnugt er, breyting á eftir síðustu kosningar, og komst hæstv. dómsmrh. þá í þann sess, sem hann skipar enn í dag. Vald sitt og aðstöðu, er hann þá hlýtur, notar hann til þess að brjóta þessi lög, sem hjer um ræðir. Í 5. gr. laganna um sýslunarmenn á varðskipunum er svo fyrir mælt, að skráning skipverja fyrir skráningarstjóra skuli ekki fram fara. Þegar stjórnarskiftin urðu og hæstv. dómsmrh. tók við völdum, stóð svo á, að bæði strandvarnaskipin voru fyrir norðan við síldveiðigæslu. Mun það hafa verið tilætlun fyrverandi stjórnar að skipa menn í stöðurnar, þegar skipin hefðu lokið gæslu. En hvað gerir svo hæstv. dómsmrh.?

Í stað þess að hlýða lögunum, lætur hann skráningu fram fara, þvert ofan í fyrirmæli laganna. Það, sem mest var um deilt hjer á þingi, var það, hvort skipverjar ættu að vera undir lögunum frá 1915, sem banna sýslunarmönnum ríkisins að gera verkfall. Þeir, sem hjeldu því fastast fram í báðum deildum, að skipverjum væri heimilt að gera verkfall, voru jafnaðarmenn, og fylgdi hæstv. dómsmrh. þeim þar nokkuð að málum, þótt hann að vísu gengi ekki eins fast fram um þetta og þeir. **(Dómsmrh. JJ:** Þetta er alt ósatt). Allir vissu, hvað undir lá hjá hv. 5. landsk. um þetta atriði, sem auðvitað vildi hafa skipverja undir sama númeri og aðra sjómenn, svo að hægt væri að láta þá gera verkfall, ef svo bæri undir.

En þegar hæstv. dómsmrh. er búinn að brjóta lögin, þótti honum nauðsyn að breiða yfir lögbrot sitt. Stjórnarblaðið Tíminn er látið skýra frá því í opinberri tilkynningu, að ástæður núverandi stjórnar fyrir „frestun" á veitingu embættanna byggist á því, að það sje óheppilegt, eins og fjárhag ríkisins sje varið, að binda landið við að veita tveimur af þessum starfsmönnum 3000 kr. uppbót hvorum æfilangt ofan á frumlaun, sem eru miklu hærri en laun sýslumanna, prófessora og annara starfsmanna í „sambærilegum" stöðum. Þetta er Tíminn látinn birta 17. sept. — Þegar hæstv. ráðh. hefir brotið lögin, lætur hann stjórnarblaðið gera tilraun til að blekkja landsmenn og villa þeim sýn í máli þessu, með því að segja, að hann hafi „frestað" að framkvæma lögin. Þessar eru þær ástæður, sem hæstv. ráðh. færir fyrir þessu lagabroti sínu, því að jeg geri ráð fyrir, að eigna megi honum þessa tilkynningu. Hann vill láta þjóðina skilja þetta svo, að hann hafi ekki treyst sjer til að skipa þessa menn af því að þeir hefðu átt að fá 3000 kr. uppbót æfilangt ofan á laun, sem væru miklu hærri launum sýslumanna o. s. frv. Til þess að magna þetta, bætir hann við útreikningi, hvað þessi upphæð geti orðið há á 30 árum!

Í lögunum um laun skipverja á varðskipunum er stjórninni heimilað að greiða hvorum skipstjóra 12000 kr. á ári, eins og þeir höfðu haft hjá fyrri húsbændum sínum. Hæstv. ráðh. vill

láta líta svo út, að þessi heimild hafi verið bindandi og hann sje skyldugur að greiða skipstjórum þessi laun. En svo var ekki; hann hafði þar alveg óbundnar hendur. Þau laun, sem ákveðin eru eftir lögunum, átti hann að borga. Um þessar 3000 kr. fram yfir er það að segja, að þótt stjórnin hefði ekki greitt þær, var ekki hægt að segja, að hún hefði brotið lögin. Hitt mátti segja, að hún hefði virt að vettugi loforð fyrirrennara sinna og samþ. Alþingis á þeim. Lögin ákváðu skipherrunum 7200 kr. hámarkslaun, og svo fremi sem stjórnin hefði greitt þau ásamt dýrtíðaruppbót, var ekki hægt að saka hana um lagabrot. Hvort hún hefði notað sjer heimildina til þess að greiða 12000 kr. til skipherranna, sýndi aðeins hug hennar til þeirra manna, sem í hlut eiga, og vilja hennar til að standa við loforð fyrirrennara sinna. En það er ekki einungis, að hæstv. dómsmrh. hafi breytt þvert ofan í vilja þingsins í þessu efni, heldur beitir hann landslýð blekkingum, þegar hann er að reyna að afsaka þetta lagabrot í augum landsmanna.

Síðan hefir stjórnarblaðið haldið áfram sömu blekkingunum um þetta mál. Síðast 14. jan. þ. á. er alið á því í blaðinu frá stjórnarinnar hálfu, að það, sem stjórnin hafi gert í þessu máli, sje aðeins að halda áfram gerðum fyrverandi stjórnar.

En það er svo fjarri því, að hægt sje að segja, að aðferð hæstv. dómsmrh. sje lík gerðum fyrv. stjórnar. Það er þvert á móti. Fyrverandi stjórn hefir fengið lögin samþykt um þetta atriði, er að undirbúa skipun mannanna og farin að greiða þeim laun samkv. lögunum, er hún fer frá. Núverandi stjórn brýtur ekki aðeins lögin um varðskip ríkisins með því að láta skráningu fram fara, heldur brýtur hún einnig lögin um laun skipverja á varðskipunum. Það var altaf látið klingja við hjá hæstv. dómsmrh. í fyrra, þegar hann var að mótmæla þessum lögum, að hjer væri verið að stofna 40—50 lífstíðarembætti. Var þá sýnt fram á, að þetta er algerlega rangt. Í þessum lögum eru eindregin ákvæði, sem heimila stjórninni að víkja sjerhverjum þessara sýslunarmanna frá, ef ástæður eru fyrir hendi. Þetta ákvæði náði ekki aðeins til þeirra, er skipaðir voru af ráðuneytinu, heldur var stjórninni og heimilt að víkja þeim frá með 6 mánaða fyrirvara, sem ekki voru skipaðir af ráðuneytinu. Úr þessum lífstíðarembættum varð þá það, að sumum mátti segja upp hvenær sem var og öðrum með fyrirvara. Auk þess var það greinilega ákveðið í lögunum, að ef nokkur sýslunarmanna framkvæmdi ekki skyldu sína, hafði stjórnin fult vald til þess að láta þann mann fara frá tafarlaust. Það er því ljóst, að allar fullyrðingar hæstv. dómsmrh. um þessi 40—50 lífstíðarembætti voru algerlega út í bláinn. En ef svo hefði verið, að hæstv. dómsmrh. hefði litið svo á í raun og veru, að þessir menn væru óhreyfanlegir í embættunum, þótt í lögunum sje skýrt ákvæði um hið gagnstæða, þá gat hann breytt þessu án þess að traðka vilja þingsins. Hann gat látið nægja að setja mennina, í stað þess að skipa þá í embættin, þangað til honum hefði hepnast á þinglegan og lagalegan hátt að koma öðru skipulagi á þessi mál, með því að láta þingið samþykkja ný lög. Á meðan gátu menn þessir verið settir, enda gera

lögin ráð fyrir, að setja þurfi mennina í embættin og að þeir sjeu sýslunarmenn landsins eins þótt þeir sjeu settir.

En hæstv. dómsmrh. þótti þessi krókur of langur; hann var svo áfram um að hnekkja þessu máli, að honum þótti sú keldan betri að brjóta lögin, í stað þess að koma fram eins og þeim manni sæmir, er á að framkvæma vilja Alþingis.

Það urðu ýmsir undrandi, þegar það frjettist, að hæstv. dómsmrh. hefði hreint og beint brotið þessi lög, og einkum varð mönnum erfitt að skilja ástæður hans, þar sem auðsjeð var, að önnur fullkomlega lagaleg leið var honum opin til þess að koma sínum vilja fram.

Því var þá haldið fram, að hæstv. dómsmrh. hafi gert þetta vegna þess, að á eftir honum hafi verið rekið af sósíalistum. Hvað sem hæft er í því, þá er það staðreynd, að svona fór um framkvæmdir hæstv. dómsmrh. á lögum þessum.

Þá ætla jeg að víkja að framkvæmdum hæstv. ráðh. á launalögunum, því að þau standa í nánu sambandi við þetta mál. Launakjör manna á varðskipunum voru skýrt ákveðin í lögum frá síðasta þingi, en þó var stjórninni heimilað að gera hlut sumra skipverja nokkru betri en fastákveðið var.

Fyrir Alþingi liggur nú erindi frá skipstjórum varðskipanna, og með því erindi fylgir brjef, er hæstv. dómsmrh. sendi þessum tveim sýslunarmönnum landsins, dags. 8. des. 1927.

Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það fyrir hv. deild. Það er svo hljóðandi:

„Eftir stjórnarskiftin síðustu var yður, herra skipstjóri, tilkynt munnlega, að laun þau, sem þjer hingað til hafið haft sem skipstjóri á varðskipinu, væru að áliti stjórnarinnar í ósamræmi við laun starfsmanna ríkisins yfirleitt. Jafnframt var tekið fram, að launin myndu þó haldast óbreytt til áramóta, en þá verða færð til samræmis við laun virðulegustu starfsmanna í þjónustu landsins.

Í áframhaldi af þessu samtali er yður hjer með tilkynt, að frá byrjun janúar næstkomandi verða laun yðar ákveðin jöfn launum skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og aldursuppbót reiknuð frá þeim tíma, er þjer hófuð skipstjórn í þjónustu landsins.

Núverandi landsstjórn lítur svo á, að starfi skipstjóranna á varðskipunum fylgi engin risna, og að það sje beinlínis skaðlegt fyrir starf skipstjóranna sem löggæslumanna landsins, að þeir bindi með risnu kunningsskaparbönd, sem fremur geta veikt en styrkt aðstöðu þeirra við starf sitt í þjónustu landsins.“

Svo mörg eru þau orð, sem hæstv. dómsmrh. sendir þessum tveim starfsmönnum ríkisins, sem búnir eru að starfa árum saman við eftirlit landhelginnar og björgun og sem bjargað hafa tugum mannslífa á hafinu. Þetta er orðsendingin, sem hæstv. ráðh. sendir þeim í jólamánuðinum, og lækkar um leið laun þeirra um 6000 kr. á ári, þrátt fyrir að landslög ákveða þeim hærri laun.

Jeg veit ekki, hvað er meira gerræði en framkoma hæstv. dómsmrh. að því er snertir framkvæmd beggja þessara laga. Hæstv. dómsmrh. tekur sjer það vald að skera með nokkrum pennadráttum niður laun embættismanna ríkisins, þvert ofan í gildandi lög. Um

leið tekur hæstv. ráðh. það fram við þessa menn, að hann líti svo á, að þeirra stöðu þurfi engin risna að fylgja. Hún geti komið af stað kunningsskaparböndum, er veikt geti aðstöðu þessara manna til framkvæmda á sínum skyldustörfum. Mjer þykir hlýða að minna á nokkur ummæli, er fjellu frá hæstv. ráðh. sem þingmanni, þegar þetta mál var til umræðu hjer í þinginu í fyrra. Hann segir svo: „Jeg hefi ekki nokkra löngun til að kasta skugga á þá menn, er nú stýra þessum skipum, fremur en þá, sem þar verða í framtíðinni.“ Og ennfremur segir hann: „Jeg skal taka undir með hv. þm. Vestm., að fyrir mjer vakir ekki nein löngun til að spara á kaupi þessara manna.“ Og þriðja setningin, er jeg hefi skrifað úr ræðu hæstv. dómsmrh. frá þessum umræðum, er þessi: „Jeg er gjarnan með því að borga sæmilega skipstjórum og stýrimönnum, aðeins ef maður gerir alt, sem er skynsamlega hægt að gera, til þess að tryggja það, að þeir í nútíð og framtíð gætu leyst sitt vandasama starf vel af hendi.

Jeg álít, að það sje nauðsynlegt, að það sjeu á hverjum tíma á þessum skipum allra bestu og duglegustu mennirnir, sem völ er á.“

Þetta eru ummæli hæstv. dómsmrh. frá síðasta þingi. Jeg get fyrir mitt leyti sagt, að jeg er honum alveg sammála um alt, er hann þarna hefir sagt.

En það, sem jeg lendi í vandræðum með, er að skilja aðferð hans nú gagnvart þessum embættismönnum, samanborið við ummæli hans um þessi atriði, og hvernig hann ætlar að samræma gerðir sínar við þau ummæli, sem jeg hefi skrifað upp eftir honum.

Nú hefir hæstv. dómsmálaráðh. eða stjórnin lagt fyrir þetta þing frv., sem á að gera nýja skipun á launum þessara manna. Í frv. er þessum tveim skipherrum ætluð 5000 kr. frumlaun, sem hækki upp í 6000 kr. eftir níu ár, og auk þess er þeim ekki ætluð dýrtíðaruppbót. (**Dómsmrh. JJ:** Jú, það á að vera). Þess er hvergi getið í frv., enda hafa flokksbræður ráðh. í Ed. sjeð sig knúða til að bera fram brtt. á þskj. 326 um dýrtíðaruppbót, vegna þess að þeir sáu eins og jeg, að það atriði vantaði í frv.

Hæstv. ráðh. hefir haldið því fram, og heldur því fram í brjefinu til skipherranna, að laun þeirra sjeu of há, samanborið við laun sýslumanna, prófessora o. s. frv. Það vita allir, og jeg býst við, að hæstv. ráðh. viti það líka, að það er engin sanngirni að bera saman laun skipstjóranna, sem nær því ávalt eru á ferðum á höfum úti, og laun manna, sem starfa í skrifstofum í landi, þegar verið er að tala um laun sambærilegra manna. Jeg held, að blað hæstv. ráðh. sje eitthvað að tala um það, að þeir hafi of há laun, samanborið við laun sambærilegra manna, og þá eru það laun skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og prófessora, sem hæstv. ráðh. og blað hans hafa fyrir augum; en hvers vegna skýst hæstv. ráðh. yfir að sjá það, að sambærilegir eru aðeins skipstjórar, og þá er hægur nærri að bera saman laun skipstjóra á skipum ríkisins og á skipum Eimskipafjelags Íslands við þau laun, sem ákveðin eru í lögum handa skipherrum varðskipanna. Skipstjórarnir

á eimskipum ríkissjóðs og skipum Eimskipafjelags Íslands hafa nú 10½ þúsund krónur, eða rúmlega það, í laun. Þeir höfðu yfir 11 þús. kr. árið sem leið, og við þetta bættist svo ágóðaþóknun, sem þessir skipstjórar eiga rjett á að fá. Hún er auðvitað ekki altaf jafnmikil; það fer eftir því, hvernig útgerðin gengur, en hún hefir þó tvö síðustu árin, t. d. á Gullfossi og Goðafossi, verið hátt á annað þús. kr. á ári. Þessir skipstjórar hafa því, þegar alt kemur til alls, mikið yfir 12 þús. kr. laun, og það eru mennirnir, sem maður getur kallað, að hægt sje að bera skipherra varðskipanna saman við. En að bera þá saman við menn, sem vinna í landi, nær engri átt, hvorki skrifstofumenn eða aðra. Hvort sem maður lítur á þá hliðina, hvort sje hættumeira eða slitmeira fyrir manninn, eða hvort heppilegra sje fyrir hann að vinna fjær eða nær sínu heimili, verður samanburðurinn ólíkur. Nei, það, sem fyrir hæstv. dómsmrh. vakir, er það, að fá einhverja átyllu til að fá þetta til að líta bærilega út. Hæstv. ráðh. segir hjer við umræðurnar á síðasta þingi, þegar verið er að ræða um laun þessara manna, að hann hafi ekki nokkra löngun til að kasta skugga á þessa menn. Hann segir ennfremur, að hann hafi enga löngun til að spara á launum þessara manna. En hvað hefir þá vakað fyrir hæstv. ráðh. við framkvæmd hans á lögunum um laun þessara manna og við framkvæmd hans á lögunum um varðskipin yfirleitt, ef maður á að taka trúanlegar þær yfirlýsingar, sem hv. 1. landsk. (JJ) gaf á síðasta þingi? Nú ætlar hæstv. ráðh. þessum mönnum 5 þúsund króna laun; það er svona nærfelt það sama og matsveinn á öðru ríkissjóðsskipinu hefir nú sem stendur. Það er líka skip, sem er landsins eign, þótt það heyri ekki undir hæstv. dómsmrh., en þeir, sem á því eru, eru líka í landsins þjónustu, þótt þeir teljist ekki sýslunarmenn, eins og þeir, sem á varðskipunum eru. Hæstv. ráðh. hefir lýst yfir því, að hann hefði ekki neina löngun til að kasta skugga á þessa tvo menn, sem hjer er um að ræða. Þetta þykir mjer ósköp eðlilegt, því að jeg veit ekki, hvað þeir hafa til þess unnið. En þegar maður sjer, að hæstv. ráðh. notar sitt vald, eftir að hann er kominn í ráðherrasess, til að skera niður laun þeirra um helming, án þess að nokkur sennileg ástæða verði fyrir því færð, verður varla annað sagt en að kastað sje skugga á þessa tvo menn.

Þá heldur hæstv. ráðh. því fram, og hjelt því líka fram á síðasta þingi, að það væri svo ákaflega nauðsynlegt, að þessir menn, sem stjórna varðskipunum, bindi ekki kunningsskaparbönd við neina menn í landi, vegna þess að það geti haft þau áhrif, að þeir yrðu ekki eins sjálfstæðir í sínu starfi. Og í brjefi því, sem hæstv. ráðh. skrifar þeim í desember síðastl., kemst hann aftur inn á það, að þessi risna kunni að verða til að tengja kunningsskaparbönd og geti veikt aðstöðu þeirra. Þegar þetta mál var hjer til umr. í fyrra, gat hann ekki bent á neinn sjerstakan kunningsskap við nokkurn útgerðarmann, því að það er ekki vitanlegt. Hæstv. ráðherra benti á mig, að jeg mundi vera kunningi þessara manna. Það er að vísu satt, að jeg er þeim vel kunnugur, og er ekkert undarlegt við það, þar sem jeg var fram-

kvæmdarstjóri fyrir „Þór" á meðan Björgunarfjelag Vestmannaeyja átti hann, og þeir voru þá annaðhvort skipstjórar eða stýrimenn á honum. En látum nú svo vera, að þessi hugsunarháttur hæstv. ráðh., þótt kotungslegur sje og hljómi illa í íslenskum eyrum, hefði nú við rök að styðjast; gerum ráð fyrir, að þessir menn myndu vera svo lítilsigldir, að kaffiboð og annað þess háttar hefði áhrif á þá við framkvæmd skylduverka sinna. Við skulum láta gott heita, að hæstv. ráðh. líti þannig á, — en hvernig verður það þá með sjálfstæði þessara manna, eftir hans eigin hugsunargangi, þegar hann vill skera svo niður laun þeirra, að þeir geta ekki verið fjárhagslega sjálfstæðir, því að þeir menn, sem hafa svo virðulegar stöður. sem hjer er um að ræða, þeir geta tæplega lifað svo sparlega, að þeir geti verið fjárhagslega sjálfstæðir með þeim launum, sem hæstv. stjórn ætlar þeim með þessu frv. Þetta tvent rekur sig því algerlega á, og rökrjett afleiðing af þeirri hugsun hæstv. ráðh., að jafnvel risnan gæti bundið þessa menn kunningsskaparböndum við aðra landsmenn, ætti að vera sú, að hann segði: Það þarf að launa þessa menn svo vel, að engin hætta sje á því, að þeir geti ekki orðið fjárhagslega sjálfstæðir.

Í lögunum um laun þessara manna og annara á varðskipunum var það ákvæði ennfremur sett, að sjerhver maður, sem starfaði á varðskipunum, skyldi njóta þess þjónustutíma, sem hann var búinn að vera á Þór meðan hann var í eigu Björgunarfjelags Vestmannaeyja. Alþingi fjelst á það, að rjett væri að skoða þjónustutíma skipverja á Þór eins og að skipinu hefði verið haldið úti af ríkisins hálfu; var það aðallega afleiðing þess, að Alþingi leit svo á, og fjelst á það í framkvæmdinni, að starf Björgunarfjelagsins með Þór þessi sjö ár, sem hann var í þess eigu, hefði verið þjóðlegt og gagnlegt og verið fyrsti vísirinn að íslenskri, sjálfstæðri landhelgivörn. En hæstv. dómsmrh. dettur ekki í hug að taka heldur neitt tillit til þess ákvæðis; það fer alveg sömu leiðina hjá honum eins og sjálft ákvæðið um lágmark og hámark launanna, og í frv. því, sem nú liggur fyrir þinginu frá stjórninni, er ekki að sjá, að nein tilhneiging sje hjá hæstv. landsstjórn til að líta sömu augum á þetta og Alþingi gerði í fyrra.

Mjer finst þetta vera ákaflega athugaverð framkoma hjá hæstv. dómsmrh., og með því að framkvæmdir hans viðvíkjandi launagreiðslu til skipherranna koma algerlega í bága við yfirlýsingar hans frá síðasta þingi, þá finst mjer, að hæstv. ráðh. vaði hjer eitthvað í villu og svíma um þetta mál. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það sje alveg óþarfi, að skipherrarnir á varðskipunum hafi nokkra risnu, en þetta, sem hann kallar risnu, skilst mjer, að muni yfir höfuð vera það, að þeir geti gert gestum gott. Nú er það vitanlegt öllum, að þessir menn verða oft, stöðu sinnar vegna, að taka á móti ókunnugum mönnum, og stafar þetta ekki síst af því, þegar verið er að senda skipin með farþega til og frá, og ætti hæstv. ráðh. þó ekki að vera ókunn sú hlið málsins, því að hann hefir ekki svo lítið notað skipin í snattferðir hjer við land, þar sem segja má, að Óðinn hafi í haust verið hálfgert strandferða-

skip. Auk þess tíðkast það hjá eftirlitsskipum allra þjóða, að skipherrarnir heimsækja hverjir aðra í kurteisisskyni, þegar skipin af tilviljun hittast, og verða skipherrarnir þess vegna að vera ávalt við því búnir að fá slíka heimsókn. Jeg veit til þess, að danskir foringjar hafa heimsótt þá íslensku, og verða þeir svo vitanlega að gera það sama aftur. Á Seyðisfjörð kom enskt herskip í fyrra, og kom yfirmaður skipsins þá í heimsókn um borð í gamla Þór, því að hann leit svo á, að það væri stjórnarskip. Held jeg, að sú heimsókn hafi orðið okkur til talsvert mikils góðs, því að íslenski skipherrann notaði tækifærið til þess að ræða við stjettarbróður sinn um landhelgigæsluna, og þá um leið til þess að útskýra fyrir Bretanum ýms atriði, sem hann hafði misskilið í hinni íslensku löggjöf um strandvarnir. Staða skipherranna á varðskipunum er þannig vaxin, að þeim er nauðsynlegt að hafa einhverja þá risnu, sem hæfir þeirra stöðu; en að hún þurfi alls engin að vera, það get jeg ekki fallist á. Þetta er sú íslenska löggjöf, sem harðast og sárast kemur við erlendar þjóðir, og það er aðallega hætt við, að deilur og ýmsar ásteytingar í sambúðinni við aðrar þjóðir kunni að rísa út af framkvæmdum langhelgilaganna og ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem standa í mjög nánu sambandi við frelsi þjóðarinnar. Og þeir menn, sem hafa þau mál með höndum og eiga að koma fram fyrir Íslendinga gagnvart útlendingum, verða að vera vel valdir, og alveg eins og hæstv. dómsmrh. sagði í Ed.: „Það verður að sjá svo um, að á hverjum tíma sjeu til þess starfs valdir þeir allra bestu og duglegustu menn, sem völ er á.“ Þessir menn hafa svo mikið vandaverk að leysa af höndum, og er það bæði að því er snertir landhelgigæslu og björgunarstarfsemi. Þeir verða að vera viðbúnir á hverjum tíma, hvort sem það er á nóttu eða degi, til að fara út í hvaða veðri sem er, til þess að leita að bátum og bjarga mannslífum. Á sjálfa jólanóttina síðastliðnu — það hygg jeg þó að hæstv. ráðh. muni vera eins kunnugt og mjer — var Óðinn sendur af stað til þess að leita að bát, og fór þá með svo stuttum fyrirvara, að það mátti segja, að væri aðdáunarvert, hve fljótt var við brugðið, enda ríður að sjálfsögðu mikið á slíku. Þessa menn og starf þeirra álítur hæstv. dómsmrh., að helst sje hægt að bera saman við starfsmenn í stjórnarráðinu. Það eiga að vera mennirnir, sem standa eiginlega næst þeim, að dómi hæstv. ráðherra, að því er snertir ýmsa verðleika. Jeg skil nú ekki í því, að þjóðin, eða að minsta kosti sá hluti hennar, sem helst nýtur góðs af starfi þessara manna, sje sjerlega þakklát hæstv. dómsmrh. fyrir aðgerðir hans í þessu máli; jeg held þvert á móti, að margur muni finna sárt til þess, hve þessir tveir menn hafa verið sárt leiknir af hæstv. dómsmrh. Þeir hafa, eins og einn greinarhöfundur sagði í blaði hjer á dögunum, verið þannig leiknir, að sú aðferð, sem hefir verið viðhöfð gagnvart þessum mönnum, verður varla nefnd öðru nafni en að hún sje smánarleg í þeirra garð; en það er óvirðing, sem þessir tveir menn eiga alls ekki skilið. Þeir hafa leyst vel af hendi starf sitt, sem nú má heita, að sje orðið þeirra lífsstarf, eftir sjö ára undirbúning á varðskipinu Þór, og það má líka heita, að þeir eigi varla aðgang að

öðrum störfum; þeir hafa árum saman unnið við björgun og landhelgieftirlit með stakri skyldurækni og trúmensku. Má því til sönnunar benda á, að Óðinn hefir nú síðan um áramót dregið í landhelgisjóð í beinum peningum eitthvað um 130 þús. kr. Frá því að Þór byrjaði sitt úthald, hefir hann handsamað 86 skip, sem öll hafa verið sektuð meira eða minna.

Hvað virðist nú hv. þdm., að verði úr rjettarörygginu í landinu, þegar hæstv. dómsmrh. leyfir sjer að þverbrjóta þau lög, sem hann kann að hafa einhverja andúð á, og hreint og beint hefir af sýslunarmönnum ríkisins þau laun, sem þeim bera samkvæmt landslögum? Þetta eru eiginlega þau undur og ósköp, sem ekki eiga sinn líka hjer á landi, og má það ekki vera óátalið. Það er eins og hæstv. dómsmrh. hafi ætlað sjer að fara að leika þarna einhvern Estrup eða Mussolini og hafi sjerstaklega gaman af því að sýna þessum tveimur landsins þjónum sína miklu „makt og veldi".

Það mun hafa verið ofarlega í hæstv. ráðh. að ráðast sömuleiðis á vjelamennina með launalækkun. Sjálfur veit hann best, hvers vegna hann hefir heykst á því. En mjer þykir sú skýring líklegust, að það hafi verið af því, að hæstv. ráðh. veit, að utan um þá stendur stór starfsbræðrahringur, sem hann hefði þá fengið á móti sjer, en að skipstjórunum stendur ekki neinn fjelagsskapur, og hefir hann því búist við, að þar yrði fátt um eftirtölumenn. Þannig hygg jeg, að hæstv. dómsmrh. hafi hugsað. En jeg veit, að margir verða eftirtölumenn skipstjóranna í þessu máli, bæði karlar og konur víðsvegar um land. Það er áreiðanlegt, að ef nokkrir menn hafa unnið fyrir launum sínum, þá eru það þessir menn, sem með dugnaði og trúmensku hafa um margra ára skeið rækt landhelgivarnir og björgunarstarf á sjó.

Framferði hæstv. dómsmrh. er með öllu óverjandi, hrottalegt og ósvífið lagabrot, og gersamlega ómakleg meðferð á þeim mönnum, sem fyrir því hafa orðið.

Hæstv. forsrh. (TrÞ) sagði í kvöld, að hvað sem stefnu sinni liði, yrði hann að hlýða lögunum. Hæstv. dómsmrh. vílar hinsvegar ekki fyrir sjer að brjóta landslög, er honum býður svo við að horfa. Það er náttúrlega gott að skreyta sig með lánuðum og fundnum fjöðrum í áfengismálinu, en betra væri að gefa ekki sjálfur fordæmi með stórkostlegum lögbrotum. „Vörður laganna" hefir í þessu máli þverbrotið landslögin og „vörður rjettlætisins" hefir beitt saklausa menn hinu stakasta órjettlæti.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg get ekki annað en dáðst að hv. fyrv. samdeildarmanni mínum (JJós) fyrir þrent í þessari ræðu hans. Í fyrsta lagi fyrir það, hve lengi hann talaði um lítið efni; í öðru lagi fyrir það, hvað hann var lítið skemtilegur, því að það var hann oft meðan við vorum í efri deild saman, og loks í þriðja lagi fyrir það, hve skýrt það kom fram, að hann hefði á tilfinningunni, að hann væri að tala um dautt mál.

Hv. þm. hefði getað sparað sjer alla þessa löngu ræðu, því að jeg býst við, að þetta mál verði til þriggja umræðna hjer í deildinni. En það sýnir, hve Íhaldsmenn hafa af litlu að taka, þegar þeir grípa til þess óyndisúrræðis

að jeta röksemdirnar út fyrirfram. Annars hugsa jeg, að hv. þm. Vestm. og aðrir, sem hæst hafa látið um þetta launamál, hafi ekki eins mikla ánægju af því og þeir hafa búist við. Þegar það vitnaðist í haust, að skipverjum væru ekki veitt embættin, ætlaði Íhaldið að rifna af gremju og gauragangi. Þessi ólæti hafa síðan stöðugt farið smádvínandi, og það bendir til þess, að þetta mál þyki nú ekki eins sigurstranglegt fyrir Íhaldið og í upphafi, og svo var runninn af Íhaldsmönnum móðurinn, að þegar jeg lagði fram frv. um varðskipin í hv. Ed., tóku Íhaldsmenn því með ró og spekt, enda þótti bæði þessum hv. þm. og sumum hinum æstari flokksbræður hans í Nd. þetta sýna mikinn ódugnað hjá flokksbræðrum þeirra í Ed.

Þá var mikið um það talað um eitt skeið í Morgunblaðinu og víðar, að draga mig fyrir landsdóm vegna afskifta minna af þessu máli. Nú hefir verið haldin tveggja tíma ræða um málið, en ekki minst einu orði á landsdóm. Jeg hefi jafnan sagt, þegar Íhaldið hefir talað um landsdóminn: Blessaðir, komið þið með landsdóm. Við samþykkjum tilraunamál á hv. 1. þm. Skagf. (MG) fyrst. Ef það hefir verið ósaknæmt að hafa mennina skrásetta fyrri part sumars, þá hlýtur það líka að vera ósaknæmt seinustu mánuði ársins. En Íhaldsmenn vita líklega sem er, að þeim yrði lítill fögnuður að þessum landsdómi. Hv. 1. þm. Skagf. yrði sennilega ekki dæmdur, og þá jeg ekki heldur, og þá er alt til einskis unnið.

Jeg ætla þá að rekja nokkuð gang málsins. Það átti nú ekki að biðja guð um lítið, þegar Íhaldið samþykti varðskipalögin í fyrra. Alla skipverja, frá þeim hæsta til hins lægsta, átti að gera að embættismönnum. Kolamokarar áttu að hafa hærri laun en prestar í sveit. Yfirmenn áttu að hafa 12 þús. kr. á ári æfilangt og alt frítt. Þetta mál var sótt með mikilli frekju í Ed., og gekk þó háttv. þm. Vestm. lengst í frekjunni. Þessi umhyggja fyrir landhelgigæslunni er annars dálítið mislit hjá Íhaldinu. Bistrup, fyrverandi varðskipsforingi hjer við land, skrifar í danskt blað um það, að ekki sje unt að taka íslenska togara í landhelgi, vegna þess, að þeir sjeu jafnan aðvaraðir úr landi með loftskeytum. Þegar stjórnin ber nú fram frv. um að hindra þessa óhæfu, á þann hátt, er bestu sjerfræðingar, er völ var á, töldu heppilegast, þá ætlar Íhaldsflokkurinn snarvitlaus að verða yfir þessu ódæði, að ætla að banna að senda togurunum skeyti um ferðir varðskipanna. Það var öllu líkara, að togaraeigendur og fiskkaupmenn, sem hefðu eigin hagsmuna að gæta og vissu um sekt sína í landhelgimálinu, gengju þar fram fyrir skjöldu í Íhaldsflokknum heldur en íslenskir borgarar, sem vildu líta á gagn og sóma landsins. Morgunblaðið birtir níðgreinar um mig og hv. flm. (SvÓ) fyrir að vilja koma í veg fyrir þessa smán, og einn togaraeigandi, sem sæti á hjer í þinginu og er æstur Íhaldsmaður, hefir skrifað dónalegustu greinarnar um málið. Hvernig á nú að samræma þennan áhuga fyrir hærri launum skipsmanna, og svo þann bægslagang, sem verður, þegar reyna á að hindra glæpi, sem eru margsannaðir og játaðir? (**JJós:** Hvaða glæpi?). Jeg hefi

mína skoðun á þessum áhuga um að festa mennina í þessum embættum æfilangt, þegar jeg sje annarsvegar fjandskapinn gegn því að hindra þetta glæpsamlega athæfi, hinar margsönnuðu veiðar íslensku botnvörpunganna í landhelgi og viðleitni Íhaldsmanna að hindra varnir gegn þeim brotum. Mjer þætti gaman að heyra, hvernig hv. þm. Vestm. vildi skýra samræmið þar á milli. Jeg held, að það sje vegna þess, að hann tæki ekki sárt, þótt embættissvefninn kæmi nærri þessari stjett, að honum er svo mjög hugað um, að embættin verði veitt æfilangt. Jeg skal geta þess, að einn fiskkaupmaður í bænum, sem háttsettur er í Íhaldsflokknum, sagði mjer frá því fyrir skömmu, að veiðst hefðu 20 þús. skpd. af fiski á íslenska togara á vissum stöðum innan landhelgi í fyrra, en ekkert í ár, vegna þess, að nú er þar varðbátur, sem stjórnin hefir kostað með 15 þús. kr. Þessum íhaldsmanni þótti það röng ráðstöfun og skaðleg að koma í veg fyrir þessar veiðar framvegis. Spurði hann mig, hvort jeg hjeldi, að þorskurinn, sem veiddist þar í fyrra, myndi hafa komið aftur í ár. Jeg sagðist ekki búast við því, en benti honum á, að heiður landsins lægi við, að komið væri í veg fyrir landhelgiveiðar ísl. togara, og þessi íhaldsmaður sannfærðist loksins um, að svo væri. Jeg veit ekki, hvar íhaldsstjórnin hefir haft varðskipin meðan þessi 20 þús. skpd. voru veidd. Ef til vill hafa þau verið í snattferðum, þyngdarpunkturinn í Óðni týndur eða brotin vjelin í Þór, enda þótt Vestmannaeyingar gengju nú vel frá honum, Fiskikaupmenn og togaraeigendur þykjast hafa brennandi áhuga á landhelgivörnum, en bregðast öfugir við, þegar á að stíga spor til að efla þær, ef íslenskir lögbrjótar lenda í aukinni hættu. En vjer, almennir borgarar, sem lítum hlutlausum augum á málið, vjer, sem höfum skömm á því, að fyrv. ráðh. sje leppur steinolíufjelags, sem hættulegt er sjálfstæði landsins, lítum sömu augum á ódæði togaraeigenda og þjófnað eða kosningafölsun. Á þessum breiða grundvelli hvílir þetta mál, og á þessum breiða grundvelli verður það að útkljást.

Hæstv. forsrh. (TrÞ) hefir nýlega borist brjef frá sendiherra vorum í Kaupmannahöfn um Ohm-málið, og þess getið, hvílíkt gagn aðgerðir stjórnarinnar í því máli hafa unnið málstað vorum í Englandi. Og jeg býst við, að það sýni sig, hvorir hafa á rjettara að standa, þeir, sem líta hlutlausum augum á málið, eða togaraeigendur og fiskkaupmenn.

Hvernig var nú umhorfs í stjórnarráðinu, þegar jeg tók þar við af hv. 1. þm. Skagf. (MG)? — Rjett eftir stjórnarskiftin er komið á borð mitt með mikinn skjalabunka, og þegar jeg fer að athuga, hvað hjer sje á seiði, sje jeg, að þar er efst á blaði nafn annars skipstjórans, sem átti að fá 12 þús. kr., og svo öll runan niður á við og vantaði ekkert nema nafn ráðherrans undir. Mjer þótti þetta nærri eins merkilegt og fólkinu í Miðfirði, þegar draugurinn kom þar á dögunum. Hvað hafði komið fyrir háttv. 1. þm. Skagf., sem hafði látið halda fundi fram á nótt í fyrra til að fá lögin samþykt, en svo ekki veitt þessi dýrmætu embætti, þótt hann hefði til þess nálega alt sumarið? Nú er það kunnugt,

að hv. 1. þm. Skagf. er góður skrifstofumaður, og sama daginn sem hann fær brjef frá Oddfellowum um Thorcilliisjóðinn, skrifar hann þessu leynifjelagi heila örk og afgreiðir málið, en í þrjá mánuði hafði hann aldrei tíma til að undirskrifa varðskipsveitingarnar. Hvað dvaldi Orminn langa? Jeg spyr í mesta bróðerni, hvernig á þessu stóð. Mjer þætti gaman að vita, hvers vegna jeg er áfellisverður í þessu máli, en ekki hv. 1. þm. Skagf. Á varðskipunum vissi enginn, hvaða kaup gilti eða eigi, og er undirmenn spurðu skipstjóra um embættin, var þeim sagt, að eiginlega væri búið að veita þau upp á þau kjör, sem lögin tækju til. En aldrei komu veitingarbrjefin. Þegar nú þessi brennandi áhugamaður, hv. 1. þm. Skagf., hikaði við að veita embættin, fór jeg að halda, að eitthvað væri gruggugt við málið og skiljanlegt, þótt framkvæmd laganna drægist hjá mjer líka.

Þá hefir verið talað um þá óhæfu af mjer að hafa skipsmennina skrásetta. Fyrv. stjórn ljet það ástand haldast fram í ágúst á öðru skipinu, en í sept. voru skipverjar skrásettir aftur fyrir minn tilverknað. Nú kunna sumir að segja, að verra sje að hafa byrjað á að skrásetja mennina en að láta þá vera skrásetta áfram. En hjer er það það ástand að vera skrásettur, sem hlýtur að vera aðalatriðið. Ef það er hættulegt fyrir mennina að vera skrásettir nú, þá hlýtur það líka að hafa verið hættulegt í sumar á sjálfum hitatímunum. Ef hv. 1. þm. Skagf. hefði verið löghlýðinn, hefði hann ekki þurft nema pennastrik til að kippa þessu í lag. Nú hefir hv. þm. Vestm. skrásett skipverja á Þór árum saman sem framkvæmdarstjóri þess skips, og hv. 1. þm. Skagf. lætur mennina vera skrásetta um mánuð eftir mánuð í sumar í algerðu laga- og heimildarleysi, eftir því sem Íhaldsmenn segja frá. Ekki hefir þó borið á því, að nein pest hafi komið upp í skipverjum meðan MG hafði þá skrásetta, og því ætti að vera óhætt, að jeg hjeldi þeim skrásettum uns ný lög verða sett. Hv. þm. Vestm. var einmitt að hrósa þeim fyrir að hafa tekið marga togara, svo að ekki er að sjá, að þetta hafi komið að sök.

Ef hv. þm. Vestm. vill endilega fá landsdóm, þá geri jeg ráð fyrir, að byrjað verði á hv. 1. þm. Skagf. til reynslu, eins og jeg hefi áður sagt, og jeg býst við að verða til með að stinga höfðinu í snöruna, þegar búið er að hengja hann. (**MG:** Eða samtímis). Nei, því að mitt afbrot, ef um slíkt er að ræða, er seinna drýgt og rjett er að taka syndir ráðherranna, sem finnast kunna, til afplánunar í rjettri röð. Auk þess er íhaldssynd hv. 1. þm. Skagf. alvarlegri en mín, því að sá veldur miklu, sem upphafinu veldur. (**MG:** Á mín snara þá að vera þrengri?). Nei, en það gæti komið til mála að hafa gálgann hærri.

Jeg skal þá gleðja hv. þm. Vestm. með því að tala nokkur orð um lögbrot yfirleitt. Mjer þætti gaman að fá að vita skoðun hv. þm. um það, hvort það hafi verið lögbrot, þegar Hannes Hafstein ljet undir höfuð leggjast að bera lög um lotterí upp fyrir konungi, af því að honum líkaði ekki lögin og var þeim andvígur. Og svo að jeg komi nær okkar tíma, skal jeg minnast á lögin um fasteignabanka, sem samþykt voru árið 1921.

Lög þessi voru samþ. í trássi við hv. 1. þm. Skagf. og háttv. 3. landsk. þm. (JÞ) og voru aldrei framkvæmd. Íhaldsmenn voru þó ráðherrar nærri eitt ár eftir að þau voru samþykt. Lögin voru aldrei framkvæmd, og þeim var síðar breytt.

Annað dæmi er enn nær: Lögin um atvinnu við siglingar. Þar eru sett ákveðin og greinileg ákvæði um það, hver skilyrði þurfi til að fá skipstjórarjett. Þar eru engir möguleikar til undanþágu. En hvað gerist? Atvmrh., hv. 1. þm. Skagf., fer að veita mönnum leyfi til skipstjórnar, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum laganna. Þarna þverbraut hann lögin. Fyrir síðasta þing lagði hann svo frv., sem átti að staðfesta gerðir hans í þessu efni. En þá ætlaði alt vitlaust að verða. Skipstjórar mótmæltu og höfðu, að kunnugra sögn, við orð að koma með flotann og leggja honum í höfn. Þeir höfðu mikið til síns máls, því að hefði frv. verið samþykt, var ekki lengur til neins að hafa skipstjórarjettindi. Þetta endaði með því, að frv. náði ekki fram að ganga og lögbrotin hættu. — Síðan koma stundum menn í stjórnarráðið og spyrja, hvort þeir geti ekki fengið undanþágu frá lögunum um siglingar. En skrifstofustjórinn svarar þeim með ákveðnu neii.

Jeg spyr nú hv. þm. Vestm., hvort hann heldur að hafi meiri þýðingu, þetta eða lögskráningin. Jeg held, að engum manni líði betur eða ver, hvort sem hásetar á varðskipunum eru skráðir eða ekki. En það er mikið í húfi, ef ólærðir menn stýra gufuskipum.

Þá vil jeg nefna eitt lögbrotið enn. Þrír fyrirrennarar mínir í stjórninni, þeir núv. hv. þm. Dal. (SE), hv. 1. þm. Skagf. og Jón heitinn Magnússon, eru þar sekir. Þetta er voðalegt lögbrot. Í launalögunum er það sem sagt tekið fram, að skrifstofukostnaður sýslumanna skuli ákveðinn til 5 ára í senn fyrirfram. Jón Magnússon var dómsmrh., þegar lögin gengu í gildi, og ákvað þá kostnaðinn aðeins til eins árs. Sýslumenn hjeldu, að þetta væri gert til reynslu og síðan yrði þetta framlengt til 5 ára, með eða án breytinga. Nei. Næsta ár er kostnaðurinn ákveðinn aftur til eins árs, og svo aftur og aftur, þar til hv. þm. Dal. lendir inn í lögbrotakeðjunni, og að lyktum jafnvel sjálfur hv. 1. þm. Skagf. Sýslumennirnir hafa jafnvel verið að hugsa um að fara í mál út af þessu, en lögbrotin halda áfram. Sjálfur hefi jeg hugsað mjer að fremja þetta ógurlega lögbrot eftir nokkra daga, ef Íhaldið hefir ekki skift um stjórn áður. — Svona eru nú flokksbræður hv. þm. Vestm., dauðir og lifandi, sekir um bersýnileg lögbrot framan í öllum sýslumönnum og bæjarfógetum landsins. — Jeg get ekki að því gert, þótt hv. þm. (JJós) sje nú orðið svo ómótt í þessu máli, að hann þurfi altaf að vera að fara fram til að fá sjer að drekka, en jeg vil vekja athygli hans á, að hann missir margt hið besta úr ræðu minni í þessum ferðalögum.

Jeg er nú ekki löglærður maður og verð því að biðja afsökunar á því, þótt jeg muni í bili ekki eftir nándar nærri öllum meiriháttar lögbrotum af þessu tægi hjá fyrirrennurum mínum. En hv. þm. Vestm. ætti að minnast lögbrotsins,

sem framið var í hv. Ed. í fyrra, þegar hann var kosinn í 4 nefndir, þótt þingsköp legðu blátt bann við því, að nokkur væri í meira en tveim fastanefndum. Og á það má minna, að samtímis var núv. hæstv. fjmrh. (MK) aðeins í einni nefnd.

Þegar athuguð er hin mikla kyrð hjá Íhaldinu síðastliðna mánuði út af varðskipunum, þessi kyrð, sem mest líkist íhaldssömum embættissvefni, þá held jeg, að menn fari að sjá, að Morgunblaðsmenn trúa dauft á málstað sinn. Og ef farið væri að efna til landsdóms, þá er jeg hræddur um, að hv. 1. þm. Skagf. fengi að líta þar inn, ekki til að svara fyrir eitt, heldur svona 4—5 lögbrot.

Nú hefi jeg lokið við hina formlegu hlið málsins og kem þá að því, hvílík ósvífni það var að lækka laun þessara ágætu manna, skipstjóranna á varðskipunum. Jeg vil þá fyrst minna á, að á þingi í fyrra taldi jeg launin altaf of há, svo að engum þurfti að koma á óvart, þótt jeg vildi lækka þau. Þegar skipherrarnir af varðskipunum komu til mín og spurðu, hví þeir fengju ekki veitingu fyrir störfum sínum, þá spurði jeg, hvers vegna háttv. 1. þm. Skagf. hefði ekki veitt embættin. Það vissu mennirnir auðvitað ekki. Þá segi jeg þeim, að mjer finnist launin of há. Þeir segja, að Jón Magnússon hafi lofað þeim þessu, og ber því saman við plögg þau, er hv. 1. þm. Skagf. skildi eftir í stjórnarráðinu, sem benda á, að Íhaldið ætlaði að nota sjer leyfi laganna til hæstu launagreiðslu. Jeg sagði skipherrunum þá, að það yrði dómstólamál, hvort þetta loforð Jóns Magnússonar ætti að teljast bindandi. Þá komu þeir með það, að þeir yrðu að fá svona há laun vegna þess, að þeir þyrftu að hafa risnu á skipunum. En jeg benti skipstjórunum á, að jeg liti svo á, að íslensku varðskipin eigi ekki að halda uppi risnu, eða að velja beri skipstjóra á þau eftir því, hve vel þeir fari fyrir borðsenda og hve liprir þeir sjeu að skála í dýrum vínum. Um þetta vænti jeg, að við hv. þm. Vestm. sjeum sammála. Hlutverk þeirra er að verja landhelgina og hafa hendur í hári lögbrjóta. Jeg hefi nú reynt að hjálpa skipstjórunum við þetta starf með frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa. En „vinir“ skipstjóranna, sem alt Íhaldið þykist vera, lætur aðeins skammir í tje fyrir þá umbót. — Jeg efast ekki um, að skipunum stjórna seigir og duglegir sjómenn. En einn ljóður er á ráði þeirra, sem þeim er þó vafalaust ósjálfráður: Þeir taka að vísu marga togara í landhelgi, en þeir eru allir útlendir. Þó er það vitanlegt, að Íslendingar eru dögum oftar í landhelgi, sbr. t. d. sögur hv. þm. Snæf. (HSteins) frá Ólafsvík. Mjer dettur ekki í hug að gefa í skyn, að skipstjórar varðskipanna standi í sambandi við veiðiskipin. Skýringin liggur í því, sem skipstjórinn af Fyllu sagði í viðtali við „Nationaltidende“, að ómögulegt er að hafa hendur í hári Íslendinganna vegna loftskeytanna. Ef frv. um loftskeytanotkunina væri samþykt, rynni ef til vill upp hið gullna tímabil, að útlendir og innlendir veiðiþjófar yrðu jafnt teknir. Þá fengju lögin að ganga jafnt yfir alla, svo sem rjett er og skylt. — Íhaldsblöðin hafa sagt, að jeg hafi verið með dylgjur til skipstjóranna á varðskipunum um vanrækslu á störfum sínum. En þetta er ekki rjett. Jeg hefi aðeins viljað gefa

þeim aðstöðu til að taka alla lögbrjóta jafnt.

Nú kann hv. þm. Vestm. að segja, að þetta sje ekki sæmilegt gagnvart Íslandi. En hví eiga Íslendingar fremur að fá að spilla landhelginni en útlendingar? Og hvaða álit skapar það okkur í öðrum löndum? Jeg hygg, að gamanið fari af hv. þm. Vestm. í þessu máli áður en lýkur, því að það er augljóst, að fyrv. stjórn og flokkur hennar hafa ekkert gert til að bægja Íslendingum frá landhelginni. Íhaldsblöðin hafa ekki einu sinni vítt framferði þeirra samlendra lögbrjóta; miklu fremur gætu þeir haldið, að þeir stunduðu þessa þokkalegu iðju í þökk „Morgunblaðsins", þegar þeir spilla veiðarfærum fátækra fiskimanna og sigla fram og aftur um landhelgina með breytt yfir nafn og númer.

Þá kem jeg aftur að risnunni. Hv. þm. Vestm. er sjálfsagt mjög hrifinn af ríkislögreglu og her. (**JJós:** Hvað er því til sönnunar?). Almenn undirgefni hv. þm. undir alt, sem Íhaldið ber fram. — Þegar hann ætlast til, að skipstjórar varðskipanna fái fje til risnu, þá er auðsjeð, að hervíman er ekki enn runnin af honum. En jeg vil minna hv. þm. á, að „Óðinn" og „Þór" eru ekki fremur herskip heldur en Erlingur yfirlögregluþjónn í Reykjavík er herforingi. Dönsku skipin, sem hjer stunda strandgæslu, eru herskip. Foringjar þeirra hegða sjer því fyrst og fremst sem hermenn, og það er gripið á alveg óvanalegan hátt inn í líf þeirra með því að senda þá hingað til venjulegra lögreglustarfa. Sá misskilningur hefir komist inn hjá Íhaldsmönnum, að skipstjórarnir á varðskipum okkar sjeu líka herforingjar og eigi að halda veislur og ganga prúðbúnir um stræti í glitrandi einkennisbúningi. Jeg vona, að þegar hv. þm. athugar þetta betur, þá sjái hann, hvílík dómadagsvitleysa þetta er. Skipstjórar á íslensku varðskipunum eru ekki sendir í neinar „missíónir" til erlendra hafna. Verkefni þeirra er ofureinfalt: Eins og lögreglan eltir dónana og bullurnar í landi, eins eiga varðskipin að elta samskonar lýð á sjó. Og við þess háttar fólk er ekki þörf á risnu.

En út af þessum orðum skipstjóranna um risnu skrifaði jeg þeim brjef það, sem háttv. þm. Vestm. las hjer upp fyrir skemstu. Og jeg bætti við því, sem ekki kom fram í lestri hv. þm., að jeg vildi láta þá hafa hærra kaup, til þess að þeir hefðu ekki risnu.

Nýlega birtist í „Ægi" hörð gagnrýning frá forseta Fiskifjelagsins á frammistöðu dönsku varðskipanna hjer við land. Jeg held nú, að þessi gagnrýning hafi verið of hörð og óbilgjörn, en hún var fram borin af forsvarsmanni fiskimanna og af góðum hug til þeirra. Og greinarhöfundur bætti því við, að íslensku skipin væru farin að taka þau dönsku sjer til fyrirmyndar í því að liggja inni í höfnum og slá slöku við gæsluna. Jeg er forseta Fiskifjelagsins alveg sammála um það, að strandgæslumennirnir íslensku eiga ekki að líkja eftir erlendum herskipsvenjum. Þeir eru alt önnur stjett. Það er ekki ætlast til þess, að skipstjórarnir gangi með sverð við hlið og logagylta borða, eins og venjan heimtar, að herforingjar geri.

Foringjar á varðskipum okkar eru lögreglumenn á hafinu. Þarna er djúp staðfest milli mín og hv. þm. Vestm., sem altaf sjer þessa embættismenn í veislufögnuði og snápslegu yfirlæti.

Annað atriði ber okkur og á milli. Jeg vil, að skipstjórarnir hafi sem minst persónusambönd í landi. Það er af því að jeg þekki vel úr íhaldsheimilunum siðspillandi áhrif kunningsskaparins. Í mínu stutta starfi sem dómsmrh. hefi jeg oft rekið mig á áhrif hans. Einu sinni hafði t. d. maður nokkur, sem grunaður var um vissan glæp, farið af landi burt. Lögfræðingur hjer í bænum kærir hann, lögreglan sendir út lýsingu á manninum og hann er tekinn fastur í öðru landi. Þá fara aðstandendur mannsins af stað. Þeir koma til lögfræðingsins og fá hann til að taka aftur kæruna. Svona er farið til hvers af öðrum, og loks átti íslenska stjórnin að stöðva vjelina, sem sett var af stað til að ná í manninn. Þegar jeg neitaði að verða við ósk þeirra, sem fyrst báðu að taka manninn og síðan báðu um að sleppa honum, kom upp úlfaþytur í herbúðum íhaldsmanna. Það er þetta siðleysi kunningsskaparins, veisluhöldin og vingjafirnar, sem hafa gert íslenskt rjettarfar að pestarholu. — Jeg skal nefna annað dæmi. Í fyrra varð maður gjaldþrota fyrir mjög háa upphæð. Þar var í fyrstu ekkert gert, enda munu leynifjelögin og fleiri þesshátt-ar öfl hafa gripið inn í. Loks var maðurinn þó kærður og málið eitthvað rannsakað. En trúnaðarmaður hins opinbera í þessu máli vill, að manninum sje fyrirgefið brotið. Það ber að forðast, að þessi skýla kunningsskaparins sje svona dregin yfir allar misfellur af þeim, sem einhvers mega sín. Jeg þekki mína þjóð og sje, hversu þetta hefir sett okkur rjettarfarslega á barm glötunarinnar. Því vinn jeg á móti samábyrgð kunningsskaparins um brotamál.

Þá var hv. þm. (JJós) að dylgja um það, að jeg mundi hafa hætt við að framfylgja varðskipalögunum vegna vina minna, jafnaðarmanna. Átti það að vera vegna þess, að í lögunum er skipverjum meinað að gera verkföll. En jeg get sagt háttv. þm. það, að jeg hefi alls enga samúð með vinnudeilum á varðskipunum, og það má best sjá á því, að um þetta efni tek jeg einmitt upp orð laganna í það frv., sem jeg ber fram um varðskipin. Ef þetta atriði yrði felt úr lögunum, áliti jeg það skyldu mína að semja svo um við hásetana, að þeir gerðu ekki verkföll. Það yrði að vera beint ráðningarskilyrði. Þetta skiftir auðvitað engu máli, nema til að sanna rangfærslur og rangsleitni hv. þm.

Þá kem jeg að launanum. Jeg hefi verið svo ósvífinn að lækka þau, í samræmi við það, sem jeg hjelt fram í fyrra. Jeg held því fram, að menn verði yfirleitt hvorki betri, vandaðri nje öruggari í sinni þjónustu fyrir landið, þó að það sje mokað í þá peningum. Til dæmis vil jeg neita því, að nokkrar líkur sjeu til, að sá bankastjóri Íslandsbanka, sem hefir 40 þús. kr. laun, sje nokkuð betri og þjóðlegri en hinir bankastjórarnir, sem hafa nær helmingi minna. Jeg ímynda mjer, að sá prýðilegi föðurlandsvinur hv. þm. Dal., er nú hefir 24 þús. kr., sje alveg sami maður og meðan hann var sýslumaður í Skaftafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu fyrir svo sem ¼ þeirra

launa. Það er misskilningur hjá hv. þm. Vestm., ef hann heldur, að hægt sje að draga kvadratrót af launum manna til þess að finna manngildið.

Jeg get ekki annað en farið nokkrum orðum um þessa launalífsskoðun hv. þm. Honum finst fjarstæða að halda fram, að skipstjórar á varðskipunum geti lifað við sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu og prófessorar við háskólann. Jeg vil benda á, að elsti skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, Gísli Ísleifsson, hefir nákvæmlega 8 þús. kr. laun, eftir meira en 20 ára þjónustu. Það er ákaflega duglegur maður, þegar hann hefir heilsu, og vinnur feikna mikið starf. Jeg býst við, að hann og aðrir í svipuðum stöðum sætti sig við, að svona hefir þjóðfjelagið ákveðið þetta. Það barst í tal í haust um launin við sýslumann Suður-Múlasýslu, og sagðist hann hafa 6500 krónur; þetta er maður, sem stýrir stórri sýslu og hefir verið 12 ár að læra. Svona er þetta alstaðar. Ef við lítum á háskólann, getum við tiltekið ágæta menn, sem hafa varpað ljóma yfir okkar land með sínum afburðum; þeir eru á þeim launum, sem hv. þm. Vestm. vildi sparka í fyrir skipstjórana á varðskipunum. Jeg man ekki betur en mjer hafi verið sagt, að annar þessara skipstjóra hafi fyrir utan stýrimannaskólann verið einhvern part úr ári á erlendum skóla. Ber þetta að vísu vott um dugnað, en hjer er líka um mjög stutta skólagöngu að ræða borið saman við háskólamentun.

Viðvíkjandi aukatekjum er það að segja, að báðir þessir skipstjórar höfðu um 2 þús. kr. aukatekjur árið sem leið. Annar fjekk 2 þús. fyrir að bjarga togara, en hinn 1800 krónur fyrir að draga skipskeðjur upp úr Vestmannaeyjahöfn.

Jeg verð sem sagt algerlega að neita því, að það sje nokkurt vit og sanngirni í að taka vissar stjettir út úr, svo sem bankastjóra og skipstjóra, og setja þá á margföld laun við þau, sem t. d. frægustu vísindamenn í landinu hafa. (**JJós:** Ríkissjóður á fleiri skip; því lækkar ekki stjórnin laun á öllum skipum ríkissjóðs?). Það skip tilheyrir ekki minni skrifstofu. En það er þetta, sem hv. þm. verður að geta gert ljóst, ef hann á að sanna sitt mál: Hvers vegna eiga lærðir doktorar, sem hafa látið landinu í tje ágæta þjónustu í 20—30 ár, að hafa aðeins 8 þús. kr., ef það er goðgá að tala um að lækka laun þessara manna með skamman undirbúning? Jeg býst við, að hv. þm. muni eftir, að samhliða því, að hann gerir ráð fyrir, að skipstjórar varðskipanna hafi þúsund kr. á mánuði, þá eru næstir á launalögunum, sem hann er ánægður með, starfsmenn, sem annar hefir 430 krónur á mánuði en hinn 450—460 krónur, — meira en helmingi minna. Þeir hafa auðvitað gengið gegnum stýrimannaskólann og eru búnir að vera lengi í þjónustu landsins og annar í hrakningum fyrir landið meðal annara þjóða. Þessir menn hafa fjölskyldu, sem þeir verða að ala önn fyrir fyrir þetta hálft fimta hundrað á mánuði. Með þetta var hv. þm. Vestm. ánægður. Mjer finst þetta of mikill munur og get ekki skilið, að nokkurt vit sje í honum, meðal annars vegna þess, að stýrimenn verða að

vera mjög áreiðanlegir menn, eins og skipstjórar, og eiga við alveg sömu erfiðleika að búa eins og þeir.

Þá ætla jeg að snúa mjer að þeim samanburði, sem hv. þm. vill gera við aðra skipstjóra. Jeg vil þá benda á það, að eins og hv. þm. gekk frá sínu frv. í fyrra, var ætlast til, að skipstjórar á varðskipunum yrðu fastir æfilangt. En það er hægt að segja skipstjóranum á „Esju" upp með nokkurra mánaða fyrirvara. En lögin miðuðu að því að gera alt fólk á skipunum að embættismönnum ríkisins, og þess vegna varð að bera þá saman við embættismenn ríkisins. Vil jeg þá taka það fram, að skrifstofustjórinn í dómsmálaráðuneytinu er yfirmaður skipstjóranna á varðskipunum, og hann hefir á 8. þús. kr. föst laun, og þessir undirmenn hans eiga svo að vera á 12 þús. kr. launum, eftir skoðun hv. þm. Vestm.

Þá komum við að háu launanum hjá skipstjórum Eimskipafjelagsins og togaraskipstjórum. Fyrst er því til að svara, að þeir eru ekki embættismenn, þ. e. a. s. þeir eru ekki ráðnir æfilangt. Í öðru lagi get jeg ekki sjeð, að þessi háu laun sjeu neitt fagnaðarefni fyrir landið. Vill hv. þm. fyrst líta til Eimskipafjelagsins; það á í harðri baráttu við erlend fjelög, þar sem miklu meira er sparað á launum. Við gefum fjelaginu skattfrelsi og mokum í það peningum á hverju ári úr landssjóði, til þess að það geti starfað. Hvað veldur þessu? Fyrst og fremst dýrtíðin í Reykjavík og þau háu laun, sem fjelagið borgar.

Förum til togarafjelaganna. Fjelag hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir engan tekjuskatt borgað frá 1924, ef jeg man rjett. Af hverju? Fjelagið er fátækt. Hefir fjelagið haft ráð á að borga mönnum 40—50 þús. króna árslaun? Jeg segi nei. Fjelög, sem ekki geta borgað tekjuskatt, eiga ekki að hafa leyfi til að borga slíkt kaup.

Jeg held, að hv. þm. (JJós) hafi ekki kafað neitt djúpt í þessu máli. Hann hefir ekki athugað, að síðan 1920 er búið að taka tugi miljóna króna lán handa bönkunum. Það vita bæði guð og menn, að mikið af þessum miljónum hefir farið í súginn, beinlínis orðið eyðslufje. Það hefir orðið tekjuhalli á framleiðslunni og bankarnir hafa orðið að gefa upp stórar upphæðir, t. d. einu fjelagi mörg hundruð þúsund króna, þar sem árslaun voru borguð 20—40 þús. króna. En fje bankanna er fje landsins, fje þeirra manna, sem koma til að borga skakkaföllin, sem eiga að nokkru rót sína í þessum gífurlegu launum. Jeg sje þess vegna ekki neina dýrð í þessum háu launum á skipunum; jeg sje ekki annað en að af þeim leiði eymd og fátækt. Jeg skora á hv. þm. Vestm. að taka til yfirvegunar, hvort það geti ekki átt sjer stað, að með því verði, sem er á afurðum nú, þá muni koma að því, að það verði að fara að lækka launin. Hann talaði hjer eins og „Gullasch", eins og engin miljónalán hefðu átt sjer stað og ekkert tap. Og viðvíkjandi þeirri fyrirmynd, sem hann hefir dregið fram, sem er Eimskipafjelagið, þá hefi jeg sýnt fram á, hvernig ástandið er; það er ormsmogið og mergfúið. Því miður er svona okkar dýrtíð og eyðsla, sem hefir komið verst fram í vitlausum skipstjóralaunum og togarakaupum og ætlað að setja landið á hausinn. Þar miðar hver

við annan; aðrir miða við skipstjórana og svona heldur þetta áfram. Ef við hv. þm. Vestm. lifum eftir 4—5 ár, og ætti sífelt að taka eyðslulán, þá er jeg hræddur um, að dýrtíðarskrúfan yrði að hætta, menn yrðu að hætta ofureyðslunni og byrja að lifa á launum, sem hæfðu framleiðslunni.

Hv. þm. sjer, að viðleitni mín nær til fleiri. Einn af starfsmönnum, er tilheyra minni skrifstofu, hefir 18 þús. króna laun; jeg geri tillögu um að lækka þau um meira en helming. Menn vita ekki annað en að tveir embættismenn í bænum, sem tilheyra minni deild, hafi um eða yfir 100 þús. krónur á ári. Jeg flyt tillögu um að færa þessi embætti í viðunanlegt horf. (**JJós:** Hví reyndi hann ekki sömu aðferð og á skipstjórunum?). Það er það, sem er verið að gera; það er verið að lækka launin. — Það er þetta, sem okkur hv. þm. Vestm. ber á milli, — viðhorfið til peningamálanna. Jeg lít svo á, að landið sje fátækt og við verðum að spara og stilla í hóf. Hann lítur svo á, að landið sje ríkt, — og það er það kannske að náttúrugæðum, en ekki að fje nú sem stendur. Þjóðin lifir yfir efni, og hv. þm. vill halda því áfram í því efni, sem hjer er um að ræða.

Jeg held jeg hafi nú nokkurn veginn gengið í gegnum alla aðalliði í ræðu hv. þm. (JJós). Býst jeg við, að fleiri taki til máls um þetta í kvöld. Þætti mjer fróðlegt að vita, hvort íhaldsmenn yfirleitt eru ekki reiðir við hæstv. fyrv. dómsmrh. (MG) fyrir að veita ekki embættin í sumar. Að minsta kosti er það ákaflega mikið sleifarlag, sem hann hefir sýnt, eftir því sem þeir tala um málið, og þætti mjer gaman að vita hjá þeim, sem tala hjer á eftir, hvort þeir eru ekki með því, ef sekt hans reynist mjög stór, að prófa á honum landsdóm, til dæmis nú í sumar.

Magnús Guðmundsson: Jeg mundi alls ekki hafa kvatt mjer hljóðs aftur svona fljótt til þess að svara hæstv. forsrh. (TrÞ) og hæstv. dómsmrh. (JJ), ef hinn síðarnefndi hefði ekki heitið mjer því, að í þessum umræðum skyldi jeg vera ódauðlegur eins og jeg væri ráðherra og því fá að tala eins oft og jeg vil við þessa umræðu. Þetta vona jeg, að hæstv. ráðh. (JJ) standi við. (**Dómsmrh. JJ:** Jeg hefi aðeins lofað að mæla með þessu við hæstv. forseta). Mjer þykir leitt, ef hæstv. ráðh. ætlar að bregðast í þessu, en fyrst hann skýtur nú máli sínu til hæstv. forseta, þá er jeg tryggur, því að hann hefir sagt, að hann mundi láta þetta óátalið, og mun jeg því nota þennan rjett minn til hins ítrasta. Annars er sýnilegt, að hæstv. ráðh. ætlar að reyna að eyða hjer sem mestum tíma sjálfur, svo að aðrir komist ekki að, því að hann hefir nú þegar einn haldið lengri ræðu en allir aðrir til samans. Skil jeg, að þetta er kænskubragð af honum, til þess að þreyta hv. deildarmenn. En jeg vil láta hann vita, að jeg ætla að sjá um með aðstoð hins lofaða ódauðleika míns, að þetta bragð hepnist honum ekki. Jeg tel ekki eftir mjer að vaka í alla nótt, ef með þarf, til þess að segja honum til syndanna og leiðrjetta missagnir hans og ósannindi.

Áður en jeg vík máli mínu að hæstv. ráðh. ætla jeg að svara nokkrum orðum hæstv. forsrh., en þar sem hans

ræða var stutt, þarf svar mitt ekki heldur að vera langt. Hann var ánægður yfir samlíkingunni um latneska goðið með 2 höfðum. Hann um það. Jeg nefndi þetta sem dæmi eða mynd af hverflyndi hans og um andlitið, sem snýr að bændunum, og andlitið, sem snýr að jafnaðarmönnum. Má hann vera hróðugur yfir, ef honum þykir ástæða til, og skal jeg því ekki frekar um það ræða.

Hæstv. forsrh. vildi engu svara mjer um járnbrautarmálið og bar því við, að það væri til umsagnar hjá ákveðnum manni, eftir ábendingu minni í fyrra. Tilætlun mín í fyrra með því að fá álit þessa manns (rafmagnsstjórans hjer í bænum) var einungis sú, að fá hjá honum upplýsingar um fagatriði, sem taka þyrfti fram í væntanlegu leyfisbrjefi, sem út yrði gefið um virkjun Urriðafoss og járnbrautina, en alls ekki, að hann ætti að ráða, hvort leyfisbrjef yrði gefið eða ekki. Því á ráðherra auðvitað að ráða sjálfur, og finst mjer því hæstv. forsrh. farast lítilmannlega, er hann vill hafa mann þennan að skildi fyrir sjer og kveðst ekkert vita sjálfur. Hann kvaðst mundu svara ákveðið þegar hann svaraði. Þetta er síst þakkarvert, en mig uggir, að svarið kunni að dragast nokkuð lengi, ef til vill fram yfir þing, því að hæstv. forsrh. veit, að í þessum sal sitja ýmsir menn, sem munu kunna honum litlar þakkir fyrir svarið, hvort sem það verður játandi eða neitandi, og hlýt jeg því að telja afstöðu hans stjórnast af ístöðuleysi. Jeg hefi þó ekki hreyft þessu máli til að sýna ístöðuleysi hæstv. ráðh., heldur til þess að herða á honum í málinu, því að dráttur á því er hættulegur fyrir framgang þess. Jeg játa, að ráðh. á nokkuð erfitt í þessu máli, vegna aðstöðu sinnar í fyrra, en hann verður annaðhvort að beygja sig eða bera hina þungu ábyrgð af að neita málinu um framgang, og mun honum þykja hvorugur kosturinn fýsilegur.

Þá sagði hæstv. forsætisráðherra, að við Íhaldsmenn hefðum skilið illa við skattamálin og lækkað skattana svo mikið, að litlu fje væri hægt að verja til verklegra framkvæmda. Þetta þótti mjer undarlegt að heyra, því að á undanförnum þingum hefir hann margendurtekið það, að Íhaldsmenn hafi lagt geysiþunga skatta á þjóðina. Allir verða og að viðurkenna það, að á síðustu árum hefir að tilhlutun Íhaldsflokksins verið unnið meira að verklegum framkvæmdum en nokkru sinni áður; t. d. voru á síðastliðnu ári brúaðar 25 stærri og minni ár. Þetta gat Íhaldsflokkurinn gert með þeim sköttum, sem nú eru, en hæstv. ráðh. kveðst þurfa mikla skattahækkun, ef framhald eigi að verða á framkvæmdum. Bendir þetta sannarlega ekki til sparnaðarviðleitni, enda er auðsætt af hinum mörgu frv. stjórnarinnar, t. d. um letigarð, sundhöll, nýja stjórnarráðsbyggingu, síldarverksmiðju, strandferðaskip o. fl. o. fl., að í aðra farvegi eigi að beina þeim en til samgöngubóta í sveitum.

Hæstv. forsrh. kvaðst ekki taka mjer það illa upp, þó að jeg stríddi sjer dálítið, því að hann hefði oft strítt mjer á undanförnum þingum. Mjer þykir gott að heyra það, að ekki hefir verið meiri alvara í aðfinslum hans í minn garð en ertni og stríð, en jeg verð að segja honum, að aðfinslur mínar í hans garð voru í fullri alvöru gerðar, nema það, sem jeg sagði um pyttinn,

er hann hefði holað sjer niður í við hliðina á mjer. Þau ummæli má vel skoða sem stríð, ef hann vill það heldur.

Þá mintist hæstv. forsrh. á sendiherramálið eða legátafarganið og gerði enga tilraun til að rjettlæta eða bera á móti hringsnúningi sínum í því máli, enda var það ekki hægt. Hann reyndi helst að rjettlæta sig með því, að hann hefði 1924 barist hlið við hlið með fyrv. forsrh. (JÞ) um að hætta í bili að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, en þetta er lítil afsökun, því að þá hafði Sveinn Björnsson sagt upp starfinu og hægt í bili að fá ágætan mann, búsettan í Kaupmannahöfn, til þess að gegna því, en lengur en til 1926 var ekki um það að ræða. Mjer virtist hæstv. ráðh. jafnvel gefa í skyn, að þar sem nú liggur frv. fyrir þinginu, sem skoða má tilraun til afnáms sendiherraembættisins, þá viti jeg ekki nema hann fylgi því, en jeg veit, — og um það mun raun gefa vitni —, að hann þorir ekki að ljá því frv. samþykki sitt, eftir þeim ummælum, sem hann hafði um daginn um sambandslögin.

Hæstv. ráðh. mótmælti því, að hann hefði bætt við manni til þess að leysa af hendi störf „litla utanríkisráðherrans", en mótmæli hans eru röng. Meðan hv. 3. landsk. (JÞ) var forsrh., leysti hann sjálfur þessi störf af hendi, að öðru leyti en því, að stúlka, sem var í fjármálaráðuneytinu, ritaði brjef, sem senda þurfti. Skömmu eftir að stjórnarskiftin urðu fór stúlka þessi og önnur var tekin í hennar stað. En auk þess tók hæstv. ráðh. mann til þess að hjálpa sjer við utanríkismálin. Þetta er sá maður, sem jeg talaði um, að við hefði verið bætt, og er það óhrekjanlegt. Annars kveður nú við annan tón hjá hæstv. ráðh. um utanríkismálin en áður í skrifum hans. Nú telur hann þau umfangsmikil og vandasöm, og sannar þetta, að það er rjett, sem jeg sagði hjer fyr í dag, að hann hefði áður skrifað og skrafað um þessi mál af mikilli vanþekkingu.

Hæstv. ráðh. kvaðst altaf hafa verið mótfallinn verðsveiflum gjaldeyrisins. Þetta eru engin tíðindi, því að allir voru og eru þeim mótfallnir. Þær hafa komið yfir allar þjóðir að þeim nauðugum og allir hafa orðið að sætta sig við þær og þau óþægindi og tjón, sem þeim eru samfara. Hví skyldum við Íslendingar geta verið þar undantekning?

Þegar jeg benti hæstv. ráðh. á ummæli hans frá 1926 og ósamræmi athafna hans nú við þau, þá segir hann, að von sje á verðfestingartillögu frá sjer nú á þinginu. Þetta getur hann auðvitað sagt mjer, því að jeg veit ekki, hvað í huga hans býr. Jeg fer eftir því, sem fram er komið, og fæst ekki við spádóma um, hvað muni gert verða, en hefi fyrir satt, sem mjer þykir líklegast, og það er, að ef slíkt frv. eða till. kemur fram, þá er það af því, að jeg hefi nú mint á þetta óuppfylta loforð.

Hæstv. ráðh. kvaðst ekki þurfa sjerstök lög til þess að láta ríkissjóð taka þátt í gengistapi bankanna, því að hann hefði sömu heimild til að gera þetta og íhaldsstjórnin hefði haft 1925, er hún gekk í ábyrgð fyrir gengistapi Landsbankans. Þessu er því fyrst að svara, að þingið 1926 lýsti því yfir, að stjórnin hefði ekki heimild til að verja neinu verulegu úr ríkissjóði í þessu

skyni, og er því þessi yfirlýsing ráðh. á sandi bygð. En annars þótti mjer gott að fá að vita það, að hæstv. ráðh. vissi um það, að íhaldsstjórnin hafði 1925 gengið í ábyrgð gagnvart Landsbankanum fyrir gengistapi, til þess að fyrirbyggja frekari hækkun krónunnar en þá var orðin, því að ráðh. hefir sagt það í ræðu og riti margoft, að íhaldsstjórnin hafi aldrei gert neitt til að halda krónunni niðri, heldur spent hana upp eftir megni. Aftur á móti er það leiðinlegt fyrir hæstv. ráðh. að ósanna þannig eigin orð sín.

Um gengisviðaukafrv. frá í fyrra sagði hæstv. ráðh., að hann hefði aðeins átalið, að stjórnin hefði gleymt þessu frv. Þetta er ósatt; hann átaldi einnig, að áætlað var í fjárlagafrv. með tekjum af því, og má sjá það af greininni, að jeg fer rjett með, en hæstv. ráðh. segir rangt frá. En hvernig veit hæstv. ráðherra, að frv. hafi gleymst? (**Forsrh. TrÞ:** Af því að frv. var ekki flutt fyr en komið var fram á þing). Það er engin sönnun, þótt öll stjfrv. sjeu ekki flutt í einu. Eða vill þá hæstv. ráðh. halda því fram, að núverandi stjórn hafi gleymt öllum þeim fjölda frv., sem hún flytur sumpart sjálf eða lætur aðra flytja eftir að langt er liðið af þingtímanum? Jeg slæ því þess vegna föstu sem óhrekjanlegu og ómótmælanlegu, að hæstv. stjórn hefir nú gert það sama, sem hæstv. ráðh. taldi í fyrra „hneyksli" og „afglöp".

Að síðustu kom hæstv. ráðh. að því máli, sem hann fer jafnan út í, þegar hann á í deilum við mig, en það mál er tóbakseinkasalan. Honum þykir það mikil goðgá, að jeg skyldi láta afnám hennar hlutlaust, vegna þess að jeg átti þátt í að koma henni á. Þetta mál kemur reyndar þessum umræðum ekkert við, en úr því að jeg nýt í þessum umræðum frelsis og fjörs hins ódauðlega, þá er mjer ánægja að því að svara hæstv. ráðh. í þessu efni.

Tóbakseinkasölufrv. bar jeg fram sem tekjuaukafrv. 1921, af því að jeg var ragur við að taka tekjur þær, sem þurfti, með tollhækkun. Einkasalan var ekki vinsæl og margir hjeldu því fram, að hægt væri að ná sömu tekjum og hún gaf með ekki mjög mikilli tollhækkun og þannig, að tóbakið yrði heldur ódýrara. Jeg ljet þetta mál hlutlaust á þinginu, er einkasalan var afnumin, en reynslan hefir nú sýnt, að verslunarágóðinn hefir meira en unnist upp með tollhækkuninni og þannig, að verðið á tóbakinu lækkaði heldur. Ríkissjóður hefir því, að því er sjeð verður, fremur hagnast á afnámi einkasölunnar en hitt. Jeg finn því ekki, að jeg eigi neitt ámæli skilið fyrir það, að jeg ljet afnám einkasölunnar hlutlaust, og mjer þykir það gott, að andstæðingur skuli ekki hafa annað vopn gegn mjer, sem hann telur beittara.

Hæstv. ráðh. taldi mjer það til ámælis, að jeg hefði verið með í því að setja þessi lög og síðan horft upp á afnám þeirra án þess að hafast að. Þetta orðaði hann svo smekklega, að jeg væri bæði faðir og morðingi laga þessara. Maður skyldi því ætla, að hið sama hefði ekki hent hann sjálfan, en svo er þó, að á þingi 1925 greiddi hann atkvæði með afnámi laga, sem hann hafði gerst flutningsmaður að árið áður. Hann ætti ekki að lá mjer í þessu efni, því að hans synd er stærri en mín, ef um synd er

að ræða, þar sem hann eftir ár greiðir atkvæði með afnámi eigin lagaafkvæmis, en jeg var hlutlaus um afnám laga, sem jeg hafði flutt nokkrum árum áður. Ef hæstv. ráðh. á langa ólifaða stjórnmálaæfi, geri jeg ráð fyrir, að hann eigi eftir að sjá sumt af getnaði sínum aflífað, að minsta kosti suma lausaleikskrakka hans og jafnaðarmanna. En hvað mig snertir, þá tel jeg, að jeg eigi svo marga bautasteina í löggjöf landsins síðustu árin, að nægir sjeu eftir, þótt þessi lög gangi frá.

Annars er ekki úr vegi í þessu sambandi að geta þess, að fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var hjer um kosningu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), þá hjelt hæstv. forsrh. ræðu og lýsti því yfir með miklum fjálgleik og handauppréttingum, að hann gæti ekki stutt að því, að sú kosning yrði tekin gild. En hvað varð svo? Þegar til atkvæða var gengið, greiddi hann ekki atkvæði og studdi þannig óbeinlínis að því, að kosningin yrði tekin gild.

Að svo mæltu læt jeg úttalað um hæstv. forsrh. í þetta skifti, en sný mjer að samherja hans, hæstv. dómsmrh. (JJ). Þau atriði, sem jeg hefi ritað eftir honum, hefi jeg ritað með rauðu. (**EJ:** Þýðir það bolsevisma? — **Dómsmrh. JJ:** Nei, það er hjartablóð). Nei, blóð er það ekki, því að með blýanti er ritað, en mjer finst rauði liturinn, litur sósíalistanna, eiga best við hæstv. ráðh. (JJ), sem var einn þeirra fulltrúa, sem stofnuðu Alþýðusamband Íslands, mig minnir sama árið og hann gekk í Framsóknarflokkinn, til þess, eftir því sem Alþýðublaðið hefir sagt, að vjela bændur til fylgis við jafnaðarmenskuna.

Þessi hæstv. ráðh. hefir nú undanfarna 6 mánuði verið að leita og snuðra í ráðuneytum þeim, er jeg veitti forstöðu, til þess að reyna að finna eitthvað, sem hann gæti snert mig með. Árangurinn hefir orðið sá, að hann hefir fundið nokkur brjef, sem hann telur aðfinsluverð og sumpart hefir lesið upp. Aðfinslum hans út af þessum atriðum mundi jeg ekki hafa svarað einu orði hjer, ef mjer hefði ekki verið heitið ótakmörkuðu málfrelsi, því að þessa umr. ætlaði jeg aðeins að nota til að segja stjórninni til syndanna, en ekki til þess að verja mig. Jeg skil það vel, að hæstv. ráðh. vill helst leiða athyglina frá sjer og sínum gerðum, en jeg mun sjá um, að það takist ekki, og þótt jeg svari honum nú um hríð, þá má hann ekki halda, að jeg gleymi hans syndum. Þær munu verða raktar hjer síðar, bæði af mjer og öðrum.

Fyrst sný jeg mjer að fiskiveiðasjóðsláninu, sem hann nefndi. Reyndar ætti jeg ekki að þurfa að vera langorður um það mál, því að jeg hefi áður gert grein fyrir því hjer á þingi. Lán þetta var veitt gegn 1. veðrjetti í gufuskipi, og var lánað svo, að nam tæplega ⅓ virðingarverðs skipaforráðamanna. Skip þetta fór á síldveiðar skömmu eftir að lánið var veitt, en fiskaði sama og ekkert, enda brást síldveiði alstaðar það ár. Afleiðingin af þessu var sú, að á skipið hlóðust sjóveð, sem ganga fyrir öllum öðrum veðum, svo að sjáanlegt er, þar sem eigandi skipsins er orðinn eignalaus,

að tap verður á láninu, en hversu mikið það verður, er enn ósjeð. Þessi er í fám dráttum saga málsins, og jeg er þess fullviss, að við þessa lánveitingu er ekkert athugavert, þó að svona tækist til. Engin álösun heyrist af munni hæstv. ráðh. t. d. í garð Landsbankans, þótt hann hafi tapað miljónum á lánveitingum, en mig vill hann helst hengja fyrir nokkur þúsund kr. tap. Það er rangt, sem hann segir, að Fiskiveiðasjóður hafi ekki áður tapað á lánum, en það hefir verið í mjög smáum stíl. Spurningu hæstv. ráðh. um, hvers vegna þetta lán hafi verið veitt, er svarað með því að upplýsa, að Fiskiveiðasjóður er til þess ætlaður að veita lán til skipakaupa, en öllum dylgjum hans í sambandi við þetta mál vísa jeg á bug og get ekki fengið mig til að svara þeim. Hæstv. ráðh. má ekki dæma gerðir annara eftir sjálfum sjer, því að þá gerir hann öllum rangt til.

Þá nefndi hæstv. ráðh. hið svonefnda Ohm-mál. Ohm var enskur togari, er strandaði við Skaga milli Skagafjarðar og Húnaflóa síðastl. sumar. Varðskipið „Óðinn" var þá við síldveiðagæslu nyrðra, og fór umboðsmaður hins strandaða skips, Helgi Zoëga kaupmaður hjer í bænum, þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að „Óðinn" aðstoðaði við björgunina, þar sem helst voru líkur til, að hann næði skipinu af skerinu, sökum þess hve sterka vjel hann hefir. Umboðsmaður hins strandaða skips bauð þegar í stað fram venjuleg björgunarlaun fyrir hönd hins enska vátryggingarfjelags. Mjer var ekki um að leyfa þetta, því að „Óðinn" hafði ærið annað að starfa. Það varð þó úr, að „Óðinn" reyndi að bjarga; fór hann á vettvang, en varð frá að hverfa í bili. Síðar hepnaðist honum með aðstoð togara, sem kom að, að ná hinum strandaða togara af skerinu, og fór Óðinn með honum hingað til Reykjavíkur. Eftir að skipið var komið hingað var rætt um björgunarlaunin, og vildi þá hið útlenda vátryggingarfjelag auðvitað borga sem minst, en að síðustu varð samkomulag um, að greiða skyldi 12000 kr. í björgunarlaun, og mátti það sannarlega ekki minna vera, því að skipið var metið á tæplega 130000 krónur.

Svona er saga þessa máls, en þegar hæstv. ráðherra er að segja frá þessu, þá setur hann málið þannig fram, að hjer hafi átt að fjefletta hið erlenda vátryggingarfjelag. Og hann kveðst ekki eiga nógu sterk orð til þess að lýsa andstygð sinni á þessari aðferð, á þeim gyðingshætti, sem jeg hafi sýnt í þessu. Og til þess að þvo af landinu blettinn af þessu hafi hann gefið einhverjum sjóði í Englandi 8000 kr. af björgunarlaununum, en 4000 kr. hafi farið til skipshafnarinnar á „Óðni".

Eins og jeg hefi bent á, hafði „Óðinn" eytt talsvert miklum tíma og fyrirhöfn í björgunina. Hann varð í nokkra daga að hætta við vörslustarf sitt nyrðra og eyddi miklum kolum til ferðarinnar hingað suður. Hvaða sanngirni er í, að við borgum þetta fyrir erlend, fjesterk vátryggingarfjelög? Þeim er skylt að greiða slíkan kostnað og hafa fyrirfram tekið borgun af hinum vátrygðu skipum fyrir þá ábyrgð. Höfum við svo mikið að virða við hin erlendu fiskiskip, er koma hingað til að veiða á fiskimiðunum í kringum landið og stundum í landhelgi, að við sjeum skyldir til að halda

úti varðskipum með gífurlegum kostnaði, til þess að bjarga þeim fyrir ekkert gjald, þegar þau koma of nærri landi? Jeg segi nei, og jeg stimpla það sem heimskuhjal, er ráðh. átelur þetta. Togarinn hafði lofað björgunarlaunum og boðið þau fram að fyrra bragði. Hví átti hann ekki að standa við það loforð? Hvað mundi verða úr starfsemi hinna íslensku varðskipa, ef þau teldust skyld að þjóna hinum erlendu togurum fyrir ekkert? Gífuryrði ráðh. í þessu máli styðjast ekki við neitt og hljóta að vera sprottin af hinu sjúka sálarástandi hans og veikluðu taugum, en maður í hans stöðu ætti að hafa betra vald á sjer, jafnvel þótt jeg viðurkenni, að hann hafi í þessum umræðum fengið mörg og þung vandarhögg á þann stað, sem vant er að bera vöndinn að.

Jeg vil ennfremur upplýsa það, að vegna þess að skipshöfn skipa, er bjarga öðrum skipum, á samkvæmt siglingalögum kröfu á þriðjungi björgunarlauna, þá varð ekki hjá því komist að ákveða björgunarlaun eða brjóta lög. Þegar jeg ljet af ráðherrastarfi, var engin ákvörðun tekin um, hvað gera skyldi við þann hluta björgunarlaunanna, sem tilheyrði ríkissjóði. Nú hefir ráðherra upplýst, að hann hafi gefið þessar 8000 kr. einhverju ensku fjelagi. Jeg vil í þessu sambandi minna hann á, að hann átti ekki einn einasta eyri í þessu fje, og hafði hann því enga heimild til að gefa það. En ef hann vildi gefa af annara fje, þá sýnist mjer, að nær hefði legið að gefa það til einhvers þarfafyrirtækis innanlands. Hæstv. ráðh. ætti því að hætta að gorta af þessari heimildarlausu ráðstöfun á annara fje, og má þakka fyrir, ef hann verður ekki látinn endurgreiða það. Þegar ráðh. er að gorta af þessari gjöf, þá lætur hann um leið líta svo út, að breska heimsveldið hafi staðið á öndinni út af þeim 8000 kr., sem vátryggingarfjelagið átti að greiða ríkissjóði, en þetta er svo brosleg frásögn, að það er óþarfi að nefna hana sínu rjetta nafni. En hví gaf ráðherrann ekki vátryggingarfjelaginu sjálfu eftir upphæðina, fyrst honum finst óviðurkvæmilegt, að hún væri greidd? Þá hefði hún að hans áliti komist í rjettar hendur. Monti hæstv. ráðh. út af enskum blaðaummælum er ekki ástæða til að svara. Hann skoðar sig sem stórkostlegan velgerðamann heimsveldisins breska, og er varla gustuk að ræna hann þeim skýjaglópshugmyndum.

Hæstv. ráðh. nefndi nokkur dæmi þess, að erlend ríki hefðu gefið eftir björgunarlaun. Jeg rengi þetta ekki, en þetta sýnir einmitt, að þessi ríki telja sig hafa átt kröfu á björgunarlaunum, því að annars var ekkert að gefa eftir. Enginn getur gefið eftir það, sem hann á engan rjett á. Það er vitleysa. Hæstv. ráðh. hefir með þessu sannað það, að kröfu áttum vjer á björgunarlaunum, og með þessu greitt sínum eigin málstað greinilegt rothögg.

Eftir ummælum hæstv. ráðh. er jafnvel á honum að skilja, að við þurfum helst að friðmælast eitthvað eða friðþægja Englendingum, af því að við sektum hjer lögbrotatogara. En þetta er rangt á litið. Englendingar eru miklu meiri menn en svo, að þeir átelji, þótt sekir togarar þeirra sjeu sektaðir. Umræður hafa talsvert oft orðið um þetta í breska þinginu, og

þá hefir breska stjórnin ávalt sagt skýrt og skorinort, að hún taki ekki til greina kvartanir frá hinum seka og fyrsta krafan, sem Bretar verði að gera til þegna sinna, sje sú, að þeir hlýði lögum, og er full ástæða til að minna hæstv. dómsmrh. á þetta með tilliti til aðbúðar hans við íslensk lög, sem hann þó er settur til að gæta.

En til þess að sýna, að fyrv. stjórn hefir sýnt Bretum maklega vinsemd og greiðasemi, skal jeg benda á, að breska stjórnin fór eitt sinn fram á, að við ljetum varðskip leita um hafið fyrir norðan Ísland að breskum togara, sem ekki hafði spurst til um lengri tíma, og var þetta þegar í stað gert. Leitaði varðskipið lengi og var engin borgun fyrir tekin, enda kom beiðnin frá stjórninni. Hitt er aftur á móti hin mesta ósvífni einmitt gagnvart Bretum sjálfum, að gefa það í skyn hjer á þingi, að þeir ætlist til, að ríkissjóður kosti björgunarstarfsemi til hagsmuna fyrir stórauðug vátryggingarfjelög.

Jeg kem þá að ummælum hæstv. dómsmrh. um Thorcilliisjóðinn og ráðstöfun mína, er hann snertir. Um þetta mál fór ráðh. með svo mikil ósannindi og staðleysur, að engu var líkara en að hann vildi sjálfur reyna að færa sannanir fyrir rjettmæti hinna landsfleygu ummæla, sem Sigurður Þórðarson hafði um hann fyrir nokkrum árum í riti, sem hann gaf út. Ráðh. segir í stuttu máli þannig frá: Thorcilliisjóðurinn hefir verið afhentur leynifjelagi (Oddfellowfjelaginu) og konungssamþykki verið fengið til. Sjóðurinn geti því farið til útlanda hvenær sem er og vilji gefanda sjóðsins sje með þessum ráðstöfunum virtur að vettugi. Þetta er, held jeg, aðalinnihaldið í ásökunum hans, og ætla jeg nú að rekja í sundur þennan vef blekkinga og ósanninda, en mun ekki hirða, þótt jeg verði nokkuð langorður, því að mjer þykir í rauninni gott að fá tækifæri til að sýna hjer á þingi, hvernig hæstv. ráðh. leyfir sjer að misþyrma sannleikanum.

Thorcilliisjóðurinn er myndaður með gjöf Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors í erfðaskrá hans 1759 til þess að koma upp stofnun til uppihalds fátækum og þurfandi börnum í Kjalarnesþingi hinu forna (Gullbr.- og Kjósarsýslu, Reykjavík og Hafnarfirði). Sjóður þessi var um skeið notaður til þess að halda uppi barnaskólum, en því er fyrir löngu hætt eftir að ríkið tók að sjer barnafræðsluna. Hefir sjóðurinn lítið starfað hin síðari árin og er nú rúmlega 100000 kr. Eftir reglugerð sjóðsins, sem er staðfest af konungi, eiga að stjórna honum stiftamtmaðurinn á Íslandi og biskupinn á Sjálandi í Danmörku. Löngu eftir dauða gefandans var stjórn sjóðsins lögð undir stiftsyfirvöldin hjer, og með tilskipun konungs, dags. 23. ágúst 1904, var sjóðurinn settur undir stjórnarráðið. Í stjórnarráðinu hafði landritari stjórn sjóðsins á hendi, en eftir afnám landritaraembættisins tók við þessu starfi skrifstofustjórinn í dómsmálaráðuneytinu. Þetta stutta yfirlit sýnir, að oft hefir verið breytt um yfirstjórn sjóðsins og að tilgangur sjóðsins er að hjálpa fátækum og þurfandi börnum á áðurnefndu svæði.

Í frásögn ráðh. kastaði fyrst tólfunum, þegar hann fór að lýsa Oddfellowreglunni. Hann lýsti henni sem erlendu leynifjelagi og gaf í skyn eða

jafnvel sagði beinlínis, að hún hefði með röngu dregið sjer fje frá Vífilsstaðahælinu. Vegna þessara gífurlegu og mannskemmandi ósanninda get jeg ekki komist hjá að skýra nokkuð frá starfsemi reglunnar hjer á landi. Hæstv. ráðh. sagði, að fjelagið væri leynifjelag. Það er leynifjelag á sama hátt og t. d. Goodtemplarareglan, en eins og allir vita, að Goodtemplarareglan starfar að bindindisútbreiðslu, eins vita allir, að Oddfellowreglan starfar að margskonar líknarstarfsemi og hefir komið þar miklu til leiðar. Í þessu efni ætti að nægja að minna á holdsveikraspítalann, radíumsjóðinn og Vífilsstaðahælið. Alt eru þetta stofnanir, sem Oddfellowreglan hefir beitt sjer fyrir og komið áfram með mikilli fórnfýsi og fjárframlögum, og það er hart að þurfa að verja þann fjelagsskap, sem hefir átt forgöngu að öllu slíku, fyrir svívirðingum og auraustri dómsmálaráðherra landsins. Jeg fer þó ekki langt út í þetta mál, því að bæði eru störf þessa fjelags alkunn og nöfn þeirra manna, sem einna fremstir hafa staðið í fylkingu til þess að hrinda fram þessum velferðarmálum, nægileg trygging fyrir því, að starfsemin sje rekin í góðum tilgangi. Meðal þessara manna má nefna Björn Jónsson fyrverandi ráðherra, Tryggva Gunnarsson bankastjóra, Klemens Jónsson fyrv. ráðherra, Guðmund Björnson landlækni, Sighvat Bjarnason bankastjóra, Knud Zimsen borgarstjóra o. fl. o. fl.

Eitt af viðfangsefnunum, sem reglan hefir tekið sjer fyrir hendur, er baráttan gegn „hvíta dauða“, baráttan gegn tæringunni. Eftir að Vífilsstaðahælið hafði verið reist og eftir að ríkið hafði tekið við því til rekstrar, sneri fjelagið sjer meðal annars að því að koma á fót sumarhæli fyrir veikluð börn og fátæk, í þeim tilgangi að reyna með því að fyrirbyggja, að þessi börn yrðu síðar herfang „hvíta dauða“. Var reynt með þessu að „stemma á að ósi“, enda mun það vera álit flestra lækna, að einhver mikilsverðasti þátturinn í berklavörnunum sje einmitt að verja börnin. Sumarhælið hefir starfað nokkur sumur í Borgarfirði, en af því að aðstaðan er óþægileg og ótryggileg nema húsnæði og margt annað sje víst, sneri fjelagið sjer að því að koma upp eigin sumarhæli í þessu skyni, og hefir útvegað sjer ágætan stað í þessum tilgangi. En til þess að hugmynd þessi gæti sem fyrst komist í framkvæmd sneri fjelag manna, sem fyrir þessu gengst, sjer til mín á síðastliðnu sumri og bauðst til að gefa Thorcilliisjóði 40000—50000 kr., sem safnast höfðu til sumarhælis, ef sjóðurinn vildi halda uppi slíku hæli. Var tilgangurinn, að reisa skyldi hælið fyrir gjafafjeð, en Thorcilliisjóður halda því uppi með vöxtum sínum, þó þannig, að jafnan skyldi nokkur hluti þeirra leggjast við höfuðstólinn, til þess að sjóðurinn yxi.

Þetta þótti mjer svo góð hugmynd og svo mjög í anda gefanda Thorcilliisjóðsins, að jeg hikaði ekki að taka við gjöfinni, og fjelst konungur á tillögu mína í þessu efni og var gefin út tilskipun sú um þetta, sem hæstv. ráðh. hefir dregið hjer inn í umræðurnar, en slept úr henni, til þess að honum væri hægra um árásina.

Eftir tilskipun þessari er stjórn sjóðsins falin 3 mönnum. Einn þeirra

skal vera æðsti yfirmaður Oddfellowreglunnar á Íslandi, annar maður úr reglunni, sem ráðherra samþykkir, og þriðji maður, sem ráðherra útnefnir. Með þessu eru ráðherra trygð yfirtökin. Og auk þess getur ráðherra sett þær reglur um stjórn sjóðsins, sem honum þykir þurfa, og er það berum orðum tekið fram í tilskipuninni. Í stjórn sjóðsins voru af mjer skipaðir: æðsti maður reglunnar hjer á landi, Klemens Jónsson fyrv. ráðh., sem hafði einn stjórnað sjóðnum frá 1904—1916, Jón Pálsson bankagjaldkeri og Guðm. Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, sem hafði stjórnað sjóðnum frá 1917—1927. Þori jeg óhræddur að leggja það undir dóm hvers manns í landinu, að sjóðnum sje vel borgið í höndum þessara ágætismanna.

Svona er rjett skýrt frá þessu máli, og sjest þá, að nokkuð skýtur skökku við frásögn ráðh. Hann talar um, að sjóðurinn geti farið til útlanda eftir þessu fyrirkomulagi, og er jeg steinhissa á, að hann skuli vera svo djúpt sokkinn, að hann skuli ekki fyrirverða sig fyrir að fara þannig með bein ósannindi í þingsalnum, svo að segja á sömu mínútunni sem hann les það upp úr tilskipuninni, að stjórn sjóðsins á að skipa æðsti maður reglunnar *á Íslandi* og að ráðh. þarf að samþykkja báða hina, sem í stjórninni eru. Reglan færir Thorcilliisjóðnum 40—50 þús. kr. gjöf, en þetta snýst þannig í munni hæstv. ráðh., að sjóðurinn sje afhentur reglunni. Ráðh. las upp brjefið, sem gjafatilboðið er í, en samt snýr hann þessu svona, og verð jeg að segja, að þm. hefir sjaldan verið sýnd slík ósvífni og áreiðanlega aldrei fyr úr ráðherrastóli, að ætla þeim að gleypa svona flugur.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að jeg hefði verið fljótur til að afgreiða þetta mál, en það var gert að undangenginni ítarlegri rannsókn, enda hefi jeg jafnan haft þann sið að geyma ekki afgreiðslur úr hófi fram.

Þá dróttaði hann einnig fjárdrætti að Oddfellowreglunni og kvaðst mundu fara í opinbert mál við hana eftir ráðum yfirlæknisins á Vífilsstöðum. Hann ræður sínum gerðum í þessu, hæstv. ráðh., en af því að jeg þekki vel til, hvað hann á hjer við, þá vil jeg segja honum það, að hann mun ekki ríða feitum hesti frá þeirri málssókn. Annars væri fróðlegt að vita, hvað hann á við með „opinberu máli", því að jeg er óviss um, að hann viti, hvað átt er við með því, jafnfáfróður og hann er í öllu, sem að dómsmálum lýtur. Mjer dettur ekki í hug að fara langt út í þetta fjas hæstv. ráðh., en svo mikið get jeg sagt honum, að ef hann ætlar að leita að þessu fje, sem hann nefndi, hjá Oddfellowum, þá mun hann verða fyrir alvarlegum vonbrigðum. Frekari upplýsingar ætla jeg ekki að gefa honum, af því að mig snertir þetta ekki og jeg hefi engar skyldur til að sjá um, að vonir hans bregðist ekki.

Vegna ummæla hæstv. ráðh. um útlent fjelag, vil jeg taka það fram, að Oddfellowreglan hjer á landi er íslenskt fjelag, en annars er reglan útbreidd um mestan hluta hins mentaða heims, eins og t. d. Goodtemplarareglan.

Mig tekur það sárt, að hæstv. ráðh. hefir í ákafa sínum um að vega að mjer gert árásir á Oddfellowregluna, því að hún er alsaklaus. En kannske

ætlar ráðh. að fara að dæmi Mussolini og fyrirbjóða regluna hjer á landi, eins og Mussolini hefir gert á Ítalíu um Frímúrararegluna, en án stjórnarskrárbrots getur hann ekki gert það. Það vil jeg minna hann á, þó óvíst sje, að dugi. Hæstv. ráðh. og Mussolini eru báðir gamlir sósíalistar og ýmsum sýnist, að hinn fyrnefndi vilji í mörgu taka hinn síðarnefnda sjer til fyrirmyndar.

Jeg kem þá næst að ummælum hæstv. ráðh. um Shellfjelagið og olíugeyma þess við Skerjafjörð. Vildi hann láta líta svo út, að sjálfstæði voru gæti stafað hætta af fyrirtæki þessu, sökum þess, að geymarnir væru svo stórir, að erlendur herfloti gæti notað þá á ófriðartímum. Gaf hann fyllilega í skyn, að erlent stórveldi mundi standa hjer á bak við og að jeg væri verkfæri í höndum þess stórveldis til þess að svíkja mitt föðurland. Hæstv. ráðh. notar sjer í þessu þinghelgina á svipaðan hátt og innbrotsþjófur notar felustaði. Hann veit, að ef hann hefði viðhaft slík ummæli utan þinghelginnar, mundi hann hafa fengið húsaskjól hjer í tugthúsinu um lengri tíma. Þess vegna hefir hann ekki orðað þessar ásakanir fyr.

En til þess, að enginn geti verið í efa um, hvernig máli þessu er varið, mun jeg nota það tilefni, sem mjer er með þessu gefið, til þess að skýra í aðaldráttum frá olíumálinu hjer á landi á hinum síðari árum.

Á síðustu árum fyrir heimsstyrjöldina hafði Standard Oil náð hjer svo miklum tökum á olíusölu, að nærri þótti stappa fullri einokun. Þetta varð til þess, að sett voru lög 1912 um heimild handa landsstjórninni til þess að taka einkasölu á steinolíu. Lög þessi og önnur lög, sem sett voru í þeirra stað, voru þó ekki notuð fyr en árið 1923, er einkasala var tekin af hálfu þáverandi landsstjórnar, er samdi við enskt fjelag, British Petroleum, um að það skyldi selja einkasölu ríkisins olíu. Samningur sá. sem þá var gerður, var gagnrýndur mjög og margir töldu hann óhagstæðan oss. Bent var og á það, að olíuverslun væri áhættusöm verslun fyrir ríkissjóð í fiskileysisárum. Þetta varð til þess, að í þinginu varð sú skoðun ofan á, að afnema einkasölu ríkisins á steinolíu frá 1. janúar 1926, en ríkissjóður hjelt áfram olíuverslun í frjálsri samkepni, og stóð svo þar til um síðustu áramót, er ríkið hætti allri olíuverslun. Var að þessu ráði horfið vegna þess, að ákveðið var fyrir alllöngu, að fjelag það, sem selt hafði olíuverslun ríkisins, British Petroleum, ætlaði að byggja olíugeyma hjer í Reykjavík. Var þá ástæðulaust að halda lengur uppi olíuverslun á ábyrgð ríkissjóðs, þar sem sjeð var fyrir, að olíubirgðir yrðu hjer og víst um, að fleiri fjelög ætluðu að byggja hjer olíugeyma, en við það skapaðist samkepni um olíuna, en samkepnileysið um hana var einmitt það, sem hratt af stað einkasöluhugmyndinni í byrjun.

Hæstv. ráðh. ámælti mjer fyrir það, að jeg hefði samkvæmt heimild í lögum 1919 leyft öðru fjelagi en British Petroleum að fá eignarhald á lóð við Skerjafjörð til þess að byggja þar olíugeyma, en þessi ámæli eru vissulega ekki á rökum bygð. Það var vitað, er leyfi þetta var gefið, að British Petroleum, mjög voldugt fjelag, sem enska

stjórnin á mikið í, ætlaði að reisa olíugeyma hjer í Reykjavík. Það var því ekki nema gott að fá keppinaut um olíusölu hjer á landi, einmitt með hliðsjón af, að samkepnileysið hafði áður reynst oss ilt. Þeir einir geta haft á móti þessari ráðstöfun minni, sem af einhverjum ástæðum vilja draga taum British Petroleum okkur í óhag. Grunar mig, að sá fiskur liggi undir steini hjá hæstv. ráðh., er hann nú vill gera Shellfjelagið tortryggilegt, en hefir ekkert að athuga við British Petroleum eða bygging olíugeyma þess hjer í höfuðstaðnum. Jeg skil ekki, að nokkur maður með heilbrigðri skynsemi og með nokkurnveginn óbrjálaðri rjettlætistilfinningu geti ámælt mjer fyrir það, þótt jeg vildi með því að gefa leyfi til að eiga land undir olíugeyma reyna að tryggja landsmönnum sem hagkvæmasta olíuverslun. Með þessu er ekkert frá ríkissjóði tekið og engin áhætta á hann lögð, en landsmönnum hinsvegar trygt að minsta kosti eitt skilyrði fyrir, eftir því sem unt var, hagstæðri olíuverslun.

Hæstv. ráðh. þótti stærð olíugeymanna við Skerjafjörð tortryggileg, en það er vegna vanþekkingar hans. — Geymarnir eru að sönnu nokkru stærri en beinlínis er þörf á eins og nú stendur, en olíunotkun landsins fer hraðvaxandi ár frá ári, eins og olíunotkun heimsins yfirleitt. Skipum, sem nota olíu til að knýja fram vjelar sínar, fjölgar árlega stórkostlega. Hið nýja skip Sameinaða gufuskipafjelagsins „Dronning Alexandrine", sem er í förum hjer við land, notar t. d. olíu, en ekki kol. Mikil hreyfing er uppi í heiminum um að nota olíu í stað kola á togurum, og mun ekki verða langt þangað til einn slíkur togari kemur hingað. Á síðustu árum hafa komið hingað skemtiskip, er nota olíu í stað kola, svo stór, að þau mundu hafa þurft til einnar ferðar eins mikið af olíu og geymarnir við Skerjafjörð rúma.

Að þannig vöxnu máli er alveg sjálfsagt að hafa geymana nokkru stærri en þörf er á í augnablikinu. Olíuverslunin vex hröðum fetum og það kostar tiltölulega lítið meira að byggja t. d. þriðjungi stærri geymi en beint er þörf á í augnablikinu, enda sparast þar með á öðrum liðum, t. d. flutningskostnaður á olíunni til landsins. Eftir því sem hægt er að flytja hana í stærri skipum, eftir því verður flutningskostnaðurinn minni á hverri smálest.

Að aðrar þjóðir geti notað geyma þessa til þess að birgja herskip sín að olíu, er fáránleg vitleysa. Olía sú, er kemst í geymana, mundi ekki vera hlutfallslega meiri birgðir fyrir herskipaflota, þótt lítill væri, en fingurbjörg af steinolíu væri fyrir venjulegt sveitaheimili. Um slíka vitleysu verður ekki öðrum talin trú en mjög grunnhyggnum mönnum, og mjer dettur ekki í hug, að hæstv. ráðh. trúi þessu sjálfur. Í þessu sambandi er það lítilfjörlegt atriði, að Skerjafjörður er ekki gengur herskipum stórþjóðanna, svo að þegar af þeirri ástæðu mundu geymarnir hafa verið settir annarsstaðar, ef sú hefði verið tilætlunin að birgja erlenda flota, og sannarlega væri þá nær að benda á þá olíugeymana, sem eru við Reykjavíkurhöfn, en það gerði hæstv. ráðh. ekki, og er hann því ber að hlutdrægni í þessu máli, og tek jeg það svo, að það sje af því, að hann eða hans menn eru við þá geyma riðnir.

Hæstv. ráðh. gaf það í skyn, að hið íslenska Shellfjelag væri að einhverju leyti ólöglegt, en það undrar mig mikið að heyra slíkt, því að hann hefir látið lögfræðing hjer í bænum rannsaka þetta, og í gær átti jeg tal við þann lögfræðing, og hann sagði alt í reglu. Sjálfur hefir hæstv. ráðh. ekkert vit á þessu, því að hann er ekki lögfræðingur, eins og kunnugt er. Jeg verð því að álíta, að hann hafi hjer farið með bein ósannindi.

Hæstv. ráðh. nefndi lækni hjer í bænum, Björgúlf Ólafsson, sem hefir lagt mikið fje í þessa olíuverslun, en hann hafði það ranglega eftir honum, að hann hefði ekki innborgað sinn part. Læknirinn kveðst alls ekki hafa sagt þetta, enda væri það rangt.

Dylgjum ráðh. í minn garð veit jeg varla, hvort jeg á að svara. Jeg tel hann ekki merkari mann en svo, að jeg gæti látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvað hann segir. En jeg get sannað með fjölda vitna, að það kom ekki til orða, að jeg færi í stjórn fjelagsins fyrri en jeg hafði látið af ráðherrastörfum, og áður en jeg játaði að taka þetta að mjer, spurði jeg hæstv. fjmrh. (MK), sem mjer er kunnugt um, að er riðinn við stjórn þess fjelags, er stendur að geymum British Petroleum, hvort honum þætti miður, að jeg færi í stjórn Shellfjelagsins, en hann kvað nei við. Nú get jeg ekki með neinu móti skilið, hvernig hæstv. ráðh. getur fengið sig til að sýna þá bersýnilegu hlutdrægni, að átelja mig fyrir það sama, sem hann lætur óátalið hjá starfsbróður sínum og flokksbróður, hæstv. fjmrh. Þessi aðferð sýnir, að hæstv. ráðh. hirðir lítt um óhlutdrægni, og hjer er einungis um að ræða pólitíska árás á andstæðing, en hún er og verður máttlaus, af því allir sjá, að hún er ekki á öðru bygð en hlutdrægni og rangsleitni.

Á yfirstandandi ári hafa verið reistir olíugeymar hjer á landi, en ekki fyr, svo að teljandi sje. Nú fyrst er því hægt að reka steinolíuverslun hjer á svipaðan hátt og í öðrum löndum, en hingað til höfum vjer orðið að nota tunnur eingöngu. Mikið af olíunni hefir lekið niður og við það hefir hún orðið miklu dýrari. Nú er það lag á komið, að stór olíugeymaskip flytja olíuna milli landa og dæla henni í aðalgeymana á landi. Úr geymunum verður hún sumpart látin á tunnur og sumpart í lítið olíugeymisskip, er flytur olíuna í smágeyma sem næst þeim stað, þar sem á að nota hana. Þessa smáolíugeyma þarf að reisa víða kringum land, og fyrst þegar svo er komið, er olíuverslun vor komin í sama horfið og í öðrum siðuðum löndum. Þá fyrst losnum við við að þurfa að borga fyrir þúsundir og tugi þúsunda lítra af olíu, sem lekur niður án þess að nokkur hafi gott af. Þetta er það, sem verið er að gera hjer á landi. Það er verið að undirbúa þetta fyrirkomulag, sem allar aðrar siðaðar þjóðir búa við, en þá rís upp öfundin, tortryggnin og rógurinn og blæs dómsmálaráðherra landsins því í brjóst, að rjettast sje að nota þetta mál í pólitískar þarfir, en sanngjarnt er að geta þess, að starfsbróðir þessa ráðh., hæstv. fjmrh. (MK), lítur alt öðrum augum á þetta mál.

Jeg get ekki skilist svo við þetta mál, að jeg bendi ekki á þá ósvinnu, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sjer á þingi að drótta því að öðrum ríkjum,

að þau ætli sjer með ráðnum huga að brjóta hlutleysi vort. Ef þetta hefir ekki illar afleiðingar fyrir oss, er það fyrir það eitt, að ekki er tekið mark á geypan ráðherrans. Mun jeg ef til vill víkja að þessu nokkuð síðar, en um leið og jeg skilst við þetta atriði vil jeg segja það, að það er illa til fallið, er stjórn landsins kastar hnútum að þeim mönnum, sem hrinda af stað framfarafyrirtækjum.

Fáeinum orðum verð jeg að svara hæstv. ráðh. vegna ummæla hans um afsetningu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, því að hann er auðsjáanlega montinn yfir því að hafa komið því þrekvirki í gegn. Jeg dáist ekkert að honum fyrir þetta. Mörg stjórn hefir sett sýslumenn af og ekki fundið ástæðu til að stæra sig af á þingi. Hjá þessum sýslumanni voru rannsakaðar allar fjárreiður á tilsettum og fyrirskipuðum tímum, og fanst ekkert athugavert við þær. Þetta veit hæstv. ráðh., en til þess að gera skoðun hjá þessum embættismanni tortryggilega hefir hann vaðið upp á starfsmann einn í stjórnarráðinu, ungan og mjög efnilegan lögfræðing, meðan hann dvaldi erlendis vegna veikinda, og hefir borið honum á brýn sviksamlega aðferð við skoðunina. Þetta gerði ráðherrann í blaði sínu, en því hefir verið svarað aftur opinberlega, svo að engin ástæða er til að tala lengra mál um það. Hjer vil jeg aðeins bæta því við, að það er hin mesta heimska að gera stjórn ábyrga fyrir því, þótt sjóðþurð kunni að verða hjá einhverjum embættismanni landsins, enda hefir slíkt ekki verið gert af öðrum en hæstv. ráðh. (JJ). Hann er ekki vanur að láta smámuni fyrir brjósti brenna. Út yfir tekur þó, þegar hann heldur, að hann hafi rjett til að áfella mig fyrir það, að þessi sami maður hafi ekki borgað legukostnað á Landakotsspítala.

Jeg hefi þá svarað öllum ákúrum hæstv. ráðh., svo að ekki stendur steinn yfir steini, en nú kem jeg að því, sem hann sagði sjálfum sjer til varnar. Mun jeg nú athuga það lítið eitt.

Ráðh. afsakar sig mjög að því er snertir Spánarsamningana. Nú viðurkennir hann, að við það mál geti hann ekkert átt, af því hve mikill meiri hluti á þingi hafi verið þeim fylgjandi. Hann kveðst ekki þora að fækka útsölustöðum Spánarvína og hann kvaðst ekki þora að reyna að fá samningunum breytt. Þetta vissi jeg reyndar áður, en jeg vildi einmitt fá hæstv. ráðh. til að segja þetta, til að fá tækifæri til að svifta af honum hræsnisblæjunni um þessi atriði. Á þingi í fyrra greiddi hann atkv. með hvorutveggja þessu, sem hann nú játar, að hann þori ekki að gera, vegna þess, hve miklir hagsmunir sjeu við þessa samninga tengdir. Í þinginu í fyrra er hann nógu ábyrgðarlaus til þess að skora á okkur, sem þá áttum sæti í landsstjórninni, að gera þetta sama, sem hann nú telur ófært að gera. Og ekki nóg með það, heldur úthúðar hann fyrir kosningarnar í sumar öllum Íhaldsmönnum fyrir undirlægjuhátt við Spánverja og ótrygð gagnvart banninu. Hve mörg atkvæði hann og hans flokkur hefir fengið á kjördegi fyrir þessar brellur, veit jeg ekki, en hitt veit jeg, að öll slík atkvæði eru fengin á óheiðarlegan hátt. Þau eru fengin með kosningafölsun, sem ekkert er betri en

Hnífsdalsfölsunin, og vil jeg þó sannarlega ekki mæla henni bót. — Þessi óheilindi og þennan yfirdrepskap hæstv. ráðh. vildi jeg afhjúpa hjer, og það hefir tekist ágætlega. Viðurkenningin liggur fyrir skjalleg og óhagganleg, og tek jeg mjer nú í munn orð hæstv. ráðh. sjálfs og segi: Jeg á ekki nógu sterk orð til að lýsa andstygð minni á slíkri stjórnmálamensku.

Áður en fyrv. stjórn fór frá völdum, var hætt að lána vín nema til lyfja, og þó mjög takmarkað. Breyting á þessu veit jeg því alls ekki til, að hafi orðið. En um skýrslurnar um áfengisútlát lækna er það að segja, að að vísu ljet fyrverandi stjórn ekki birta þær, en þær voru til, eins og jeg sýndi fram á á þinginu í fyrra, og þess vegna þurfti ekki að samþykkja að safna þeim. Jeg skal ekkert ámæla hæstv. ráðh. fyrir birtinguna, en mjer finst, að hann hefði getað látið starfsmenn vínverslunarinnar vinna að þessu og að hann hefði ekki þurft að kaupa mann fyrir 400 kr. á mánuði til þess að leysa það verk af hendi.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að síðan hann komst í stjórn hefðu áfengisútlát lækna mikið minkað. Jeg vil ekkert um þetta fullyrða, en skýrsla sú, sem nýkomin er fyrir árið 1927, ber þess ekki vott. Og nú eru ekki liðnir nema 2 mánuðir af árinu 1928, svo að of snemt er að spá um það ár. Annars vil jeg benda á, að hinar útgefnu skýrslur bera það með sjer, að áfengisútlát lækna hafa farið minkandi ár frá ári, og jeg þykist þess fullviss, að þau hefðu haldið áfram að minka, þótt hv. dómsmrh. hefði ekki orðið ráðherra. Jeg tók eftir því, að þegar ráðh. var að útmála ótta sinn við það að hrófla nokkuð við Spánarsamningunum, þá taldi hann meðal annars sem ástæðu fyrir þeim ótta það, að ef hann bryti samninginn, t. d. með því að fækka útsölustöðum vínanna, þá mundu Spánverjar frjetta það, Íhaldsmenn mundu sjá fyrir því. Þessi orð opna undarlega innsýn í hugskot hans. Hann gefur í skyn, að ef hann væri viss um, að það frjettist ekki til Spánar, mundi hann jafnvel vera til í að brjóta samninginn.

Þá sagði hæstv. ráðh., að vín væri nú horfið úr skipum, er sigla hjer við land. Í því sambandi vil jeg minna hann á, að jeg fór norður til Akureyrar með honum á skipi seint á síðastliðnu hausti, í erindum, sem hann hefði sjálfur átt að lúka, úr því að hann átti ferð þangað. **(Dómsmrh. JJ:** Það var gömul synd þingmannsins, sem var best, að hann sjálfur bætti úr). Engin synd, en erindinu lauk jeg auðvitað, svo að landsstjórnin var harðánægð yfir úrslitunum, en það hefði verið ódýrara fyrir ríkissjóð, að hæstv. ráðh. hefði treyst sjer að leysa þetta erindi af hendi sjálfur. En jeg var að tala um skipsferðina norður, og verð að segja, að ekki var vín horfið af því skipi. Þá var hægt að fá það alveg eins og áður. **(Dómsmrh. JJ:** Brjefið til lögreglustjóra var ekki farið þá). Það veit jeg ekkert um, en hitt veit jeg, að hann fullyrðir hjer um atriði, sem hann getur ekki vitað, er hann fullyrðir, að vínið sje horfið úr skipum, sem hjer sigla. En ef svo er, að minna sje drukkið nú en áður, þá er það meðal annars af því, að

landsmenn hafa fyrirlitið ráðleggingu hans um að drekka Spánarvín eins og kaffi.

Jeg viðurkenni, að það hefði átt að halda skrá yfir upptæk vín, en hinsvegar er jeg þess fullviss, að lögreglustjórinn hjer í bænum hefir gætt þess vel, að það færi ekki forgörðum. Það hefir ætíð verið geymt í læstum klefa í hegningarhúsinu.

Hæstv. ráðh. kvaðst hafa sagt flestum þeim upp starfi, sem hafa á hendi vínsölu úti um land, og gaf í skyn, að hjá þeim hefði verið sjóðþurð. Mjer er kunnugt um, að þessir menn höfðu sett tryggingar, og vil jeg því spyrja, hvort til þeirra hafi þurft að taka. — Ráðh. svarar engu, og tek jeg það svo, að til tryggingarnna hafi ekki þurft að taka, en það sýnir, að hafi verið sjóðþurð, hefir hún verið greidd þegar í stað.

Undarlegt var að heyra þennan ráðh. tala um, að þm. hjeldu langar ræður. Hann, sem talaði svo mikið í fyrra, að $^1/_{10}$ hluti umræðna Alþt. er eftir hann, og hann ljek sjer þá að því að tala 2—3 klst. hvað eftir annað. Hann ætti að venja sig á að tala minna um flísina í auga bróður síns, en gefa meiri gaum að bjálkanum í eigin auga.

Hv. þm. Vestm. (JJós) er fyllilega fær um að svara hæstv. ráðh. út af varðskipamálinu, en jeg vil þó leggja þar nokkur orð í belg, vegna þess að málið snertir mig nokkuð og hæstv. ráðh. ræddi um mig í þessu sambandi. Ráðh. er mjög umhugað um að reyna að spyrða okkur saman í þessu máli, en mjer er af skiljanlegum ástæðum lítið um það spyrðuband gefið. Ráðh. viðurkennir fúslega, að hann hafi brotið varðskipalöggjöfina frá síðasta þingi, enda er honum þar ekkert undanfæri. En hann heldur því fram, að jeg hafi gert hið sama, og heldur, að hann geti dregið úr sínu broti með þessu. Hingað til hefi jeg þó ekki vitað það, að það teldist nein afsökun fyrir þjófa, að aðrir hafa stolið, og svo er þetta um öll lagabrot. Hæstv. ráðh. getur því ekki borið annað úr býtum út af þessum samanburði en meðvitundina um, að einn maður annar á landinu sje honum jafnillur.

En jeg verð að segja hæstv. ráðh. það, að jeg er ekkert upp með mjer af þessum samanburði og tel hann stórlega móðgandi við mig. Mun jeg nú sýna fram á, að samanburður þessi á sjer engin rök.

Brot hæstv. ráðh. liggur í því, að hann lætur lögskrá skipshafnirnar á varðskip ríkisins þvert ofan í lög frá síðasta þingi, og hann greiðir ekki skipverjum laun þau, sem síðasta Alþingi ákvað, heldur ákveður hann þau eftir sínum geðþótta og með þeirri rangsleitni, að vjelstjórar skipanna hafa hærri laun en skipstjórarnir.

Mitt brot segir ráðh. að sje í því fólgið, að jeg hafi ekki látið afskrá mennina. Ennfremur lætur hann í veðri vaka, að jeg muni hafa dregið að skipa mennina á skipunum og gert það í þeim tilgangi að skilja honum eftir óþægilegan arf, en lagabrot skilst mjer ekki, að hann telji þetta, enda væri það fáránlegt.

Til þess að skýra fyrir hv. deild og sjerstaklega hæstv. ráðh., að ekki þurfti nein afskráning mannanna að fara fram, vil jeg benda á, eins og jeg hefi

gert áður, að aðalatriði lögskráningar á skip er það, að kveða á um ráðningarkjör mannanna, sjerstaklega kaup þeirra. En hinn 1. júlí í fyrra komu í gildi ný lög, er ákváðu kaupið. Þess vegna átti engin lögskráning að fara fram og þess vegna var það bannað í lögunum frá síðasta þingi. Um afskráning skipverja segja lög þessi aftur á móti alls ekkert, og þau eru því ekki brotin, hvort sem afskráning úr skiprúmi fór fram eða ekki. En af því að lögskráning fer venjulega ekki fram nema þegar menn fara af skipi og tilætlun mín var, að allir skipverjar yrðu áfram meðan þeir vildu og brytu ekki af sjer, svo og vegna þess, að gildandi lögskráningarsamningur um kaup mannanna hlaut að falla úr gildi vegna ákvæða laganna um laun skipverja, þá taldi jeg og tel enn afskráning mannanna alveg ónauðsynlega. En hún var vitaskuld ekki brot á lögunum, og með því að skipstjórarnir óskuðu hennar, fór hún fram síðar. Það er því langt frá, að jeg viðurkenni nokkurt lagabrot af minni hálfu, eins og hæstv. ráðh. gerir af sinni hálfu, enda var áður en fyrverandi stjórn fór frá farið að greiða laun eftir hinum nýju launalögum skipverja, og einnig höfðu verið gefnar út reglur þær, sem lögin frá síðasta þingi gerðu ráð fyrir. Það var því byrjað að framkvæma lögin áður en stjórnarskiftin urðu, en á eftir var hætt að framkvæma þau, eins og jeg hefi tekið fram. Þetta er hinn mikli munur, munurinn, sem er á sekt og sýknu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði dregist marga mánuði hjá mjer að skipa mennina á skipin. Launalög skipverjanna komu í gildi 1. júlí 1927, en seint í ágúst urðu stjórnarskiftin. Um marga mánuði gat því ekki verið að ræða. Og jeg vil minna hæstv. ráðh. á, að jeg var í kosningaleiðangri eins og hann frá því nokkru eftir miðjan júní og þangað til seint í júlí. Drátturinn, sem hjer var um að ræða af minni hálfu, var því ekki langur. Og frá minni hálfu var alt tilbúið undir skipun mannanna. Uppkast að skipunarbrjefunum var fullbúið og samþykt af mjer og ekki annað eftir en hreinrita þau og undirskrifa. En vegna anna í skrifstofunni var hreinrituninni ekki lokið þegar stjórnarskiftin urðu, og því gat jeg ekki undirritað brjefin. Jeg er viss um, að hæstv. ráðh. veit þetta, þótt hann vilji ekki segja það, en viti hann ekki, hvað rjett er í þessu, er honum innan handar að fá að vita það hjá skrifstofufólkinu í dómsmálaráðuneytinu, ef hann eða aðrir trúa ekki því, sem jeg segi.

Hin lofsamlegu ummæli hæstv. ráðherra um, hversu góður skrifstofumaður jeg sje, er skylt að þakka að verðleikum, en eins og jeg hefi áður sýnt fram á, getur hann ekki notað þau ummæli sín sem rök fyrir viljandi drætti í þessu máli, þar sem jeg hefi sýnt fram á, að alt var tilbúið frá minni hendi. Og satt að segja leit jeg svo á, að það væri alveg sama, hvort jeg eða eftirmaður minn undirritaði brjefin, og mjer datt það alls ekki í hug, að nokkur ráðherra mundi leyfa sjer að ganga á þann hátt í berhögg við vilja þingsins, sem raun er á orðin um hæstv. dómsmrh. Því get jeg einnig bætt við, að síðustu dagana fyrir stjórnarskiftin var mjög mikið ann-

ríki, því að fjöldi manna vildi fá mál sín afgreidd áður en nýja stjórnin tæki við. **(Dómsmrh. JJ:** T. d. Oddfellowar). Já, og margir fleiri, og fanst mjer ekki í því liggja neitt traust til eða gleði yfir hinni nýju stjórn.

Hæstv. ráðh. endurtók það nú, sem hann hefir oft sagt áður, „að íslenskir togarar væru altaf í landhelgi, en væru aldrei teknir." Allir vita, að hvorttveggja er ósatt. Íslenskir togarar hafa verið teknir í landhelgi og sektaðir, en það er ekki aðalatriði, þótt ráðh. segi rangt frá um þetta. Aðalatriðið er, að þessi ummæli dómsmálaráðherra landsins eru okkur stórhættuleg. Hvað munu Englendingar og Þjóðverjar hugsa um strandgæsluna, ef þeir fá að heyra þessi ummæli dómsmálaráðherrans? Þeir munu auðvitað hugsa, að sömu lög gangi ekki yfir landsmenn og útlendinga, en það á þó svo að vera eftir alþjóðareglum. Þessar þjóðir munu álíta, að við brjótum þessar reglur, og það getur orðið okkur stórhættulegt. Við, sem hjer erum, vitum, að dómsmrh. hefir ekki vald á tungu sinni í heitum umræðum, en það vita ekki Englendingar og Þjóðverjar. Þeir þekkja ekki slíka ráðherra, er missa stjórn á sjer.

Það var ekki nóg með, að hæstv. ráðh. segði, að jeg hefði brotið lög eins og hann. Hann þóttist hafa fundið lögbrot hjá fleirum, alt ofan frá Hannesi Hafstein og niður til sín. En það yrði of langt að telja þetta og hrekja, og sleppi jeg því þess vegna, en ekki þykir mjer smekklegt að draga þannig dauða menn inn í umr. og bera þá brígslum. Að Jón sál. Magnússon hafi brotið launalögin með því að ákveða ekki skrifstofufje sýslumanna til fimm ára í senn, er ekki rjett, því að þingið samþykti fyrirfram þá ráðstöfun.

Þá mintist ráðh. á, að jeg hefði brotið lögin um atvinnu við siglingar. En mjer þykir undarlegt, að hann skuli ekki hafa vítt mig fyrir það á fyrri þingum. Annars tiltók hann ekki, í hverju þetta brot lægi, en þegar hann skýrir frá því, er jeg reiðubúinn að ræða það við hann.

Jeg býst við, að háttv. þm. Vestm. svari því, sem hæstv. ráðh. sagði um laun skipstjóranna á varðskipunum, en jeg vil þó benda á, að báðir þessir menn voru teknir úr þjónustu fjelags, sem launaði þeim jafnhátt og gildandi launalög gera ráð fyrir hæstu. Menn þessir mundu ekki hafa farið úr hinum fyrri stöðum sínum, nema þeim hefði verið heitið sömu launum í núverandi stöðum sínum. Aðferðin gagnvart mönnum þessum er því ærið harkaleg og spursmálslaust ólögleg.

Jeg mun þá ekki að sinni tala lengra mál, en geri ráð fyrir, að jeg láti næstu ræðu ráðh. ekki ósvarað.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get ekki látið farast fyrir að minnast nú þegar á eitt atriði, sem kom fyrir í ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG), þó að hann raunar beindi því til hæstv. dómsmrh.

Hann fór, hv. 1. þm. Skagf., að tala um það, sem hefði gerst síðustu vikuna áður en gamla stjórnin fór frá völdum. Og jeg ætla, að jeg tæki rjett eftir, að þessi hv. þm. segði, að hann hefði átt ákaflega annríkt síðustu dagana, sem gamla stjórnin sat, af því að hún hefði verið að keppast við að

afgreiða mál áður en nýja stjórnin tók við. Jeg verð að segja það, að það mundu þykja ákaflega merkileg tíðindi í hverju þingræðislandi, að stjórn skuli vera önnum kafin að afgreiða mál, *eftir* að hún veit, að hún á að fara frá völdum — eftir að hún hefir fengið vantraust hjá þjóðinni.

„Mikið að gera", segir hv. 1. þm. Skagf., og fyrv. stjórn hafði mikið að gera, af því að hún var að vinna verk, sem hún hafði enga heimild til. Með þessum orðum hefir hann ákært sjálfan sig fyrir það að þverbrjóta reglur þingræðisins. Eftir að stjórnin veit það, að hún er búin að missa traust þjóðarinnar — alt fram á þá stund, þegar hún er hrakin úr sessinum, er hún önnum kafin að afgreiða mál.

Og — eitt þessara mála er einmitt afgreitt 27. ágúst; þá er stór sjóður látinn af hendi við einkafjelag og afsalað umráðum ríkisins yfir honum. Og þennan dag var annar maður búinn að fá umboð til þess að vera forsætisráðherra landsins. Samt dirfist fyrv. stjórn að ráða til lykta svo stóru máli, og það með ákaflega varhugaverðum hætti. Öllu þyngri ákæra verður trauðla borin á fyrv. stjórn en þessi, sem hún ber á sig sjálf.

Nú skal jeg víkja að því, sem okkur, hv. 1. þm. Skagf. og mjer, hefir farið á milli. En jeg verð að segja það, að mjer þykir það hlálegt, að við ráðherrarnir skulum þurfa að sitja og geispa undir ræðum stjórnarandstæðinga sjálfan eldhúsdaginn. En hv. andstæðingar okkar eru ákaflega seinhepnir í sínum árásum. Fyrst ber hv. 1. þm. Skagf. það ákaflega lof á mig að líkja mjer við guðinn Janus, sem jafnglöggskygn var á fortíð og framtíð, og svo eru ræður þeirra svo nauðaleiðinlegar, að við getum varla varist því að sofna undir þeim.

Háttv. þm. er að ámæla mjer fyrir að leita álits sjerfræðinga um Titansjerleyfið. Hann segist nú ekki hafa ætlast til, að Steingrímur Jónsson ætti að fást við annað en hina „tæknisku" hlið málsins. Og ekki verður annað sjeð en að hann sje að „kritisera" það, að álits rafmagnsstjórans skuli hafa verið leitað. En á þinginu í fyrra segir hann sjálfur: „Jeg tel víst, að hans (þ. e. Stgr. J.) aðstoðar verði leitað við samning sjerleyfisins". Þegar jeg nú fer alveg eftir þessum ummælum fyrirrennara míns og sný mjer til Steingríms Jónssonar, fæ jeg skammir fyrir það hjá háttv. 1. þm. Skagf. Jeg skil ekki þessa framkomu.

Þá talaði hv. þm. um skattamálin. Og hann sagði, að jeg hefði fjölyrt um, að Íhaldsflokkurinn væri frekur í skattakröfum. Þetta er algert misminni hjá háttv. þm. Jeg hefi ávalt viljað hafa skattana svo háa, að ekki yrði tekjuhalli. Á þinginu 1926 var jeg á móti því að lækka skatta. En það voru flokksmenn háttv. 1. þm. Skagf., sem börðust fyrir því að varpa þá tekjum frá ríkissjóði, sem hann þarf nú að fá aftur, ef vel á að fara.

Um starfsmannahald í stjórnarráðinu standa orð mín enn óhrakin. Nú er þar aðstoðarmaður, sem vinnur 2 stundir á dag. Og stúlkan, sem áður var þar, hefir ómögulega getað haft skemri vinnutíma. Hjer er því ekki nein aukaeyðsla frá minni hálfu. Jeg skal jafnframt geta þess, að jeg álít, að framvegis þurfi ráðherra á aðstoð

að halda í utanríkismálunum, meiri en hingað til. Og jeg vona, að nú eftir fáar vikur leggi af stað hjeðan maður suður til Geneve, til þess að kynna sjer þessi mál, með það fyrir augum, að hann geti orðið íslensku stjórninni til aðstoðar síðar.

Hv. þm. hjelt, að hann gæti afsakað snúning sinn í einkasölumálinu með því, að jeg hefði gengið frá orðum mínum við atkvæðagreiðslu um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. En jeg sagði aldrei, að jeg ætlaði að greiða atkvæði móti kosningu Jóns A. Jónssonar, en aðeins hitt, að jeg sæi mjer ekki fært samvisku minnar vegna að greiða atkv. með henni. Og við þau ummæli stóð jeg.

En það er ekki furða, þó að hv. þm. vilji reyna að draga fjöður yfir framkomu sína í einkasölumálinu. Hún er alveg einstök. Árið 1921 er hann með tóbakseinkasölu. Þegar rætt er um það á þinginu 1924 að afnema þessa stofnun, farast honum svo orð:

„Og fyrir mitt leyti verð jeg að segja það, að verslunarhagnaðurinn hefir alls ekki brugðist vonum mínum. Aðstaða mín gagnvart þessari einkasölu er því hin sama og 1921."

Og það er einmitt það skemtilega, og jafnframt alveg dæmalausa við framkomu hv. þm., að aðstaða hans er sú sama til einkasölunnar 1921, þegar hann greiðir atkvæði með henni, og 1924, þegar hann drepur hana.

Hv. 1. þm. Skagf. var eitthvað að tala um bautasteina. Hann gaf í skyn, að þrátt fyrir þetta þá mundi þjóðin sjá einhverja bautasteina eftir sig. Jeg held ekki, að þetta verði. En jeg ætla mjer að minna á annað, sem hv. þm. sagði. Hv. þm. sagði, að þegar við ráðherrarnir komum í stjórnarráðið, hefðum við fundið þar spörð — spörð eftir fyrv. stjórn. Og líkt ætla jeg, að fara muni með minningu hv. 1. þm. Skagf. Mig uggir, að þegar þjóðin fer að leita, eins og við ráðherrarnir leituðum í stjórnarráðinu, þá fari eins fyrir henni og okkur — samkv. orðum sjálfs hv. þm. (MG) — hún muni enga bautasteina finna, heldur einungis — spörð.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Jónsson: Í nótt, þegar fundi var frestað, stóð svo á, að jeg var næstur á mælendaskránni. Ber mjer því að byrja að þessu sinni. Að vísu er það svo, að brotsjóirnir lenda mest á þeim, sem fyrstir eru í för. Svo var það í nótt um hv. 1. þm. Skagf. (MG), en vita má um leið, að þeir, sem andmæltu honum mest, voru ekki hálfir menn á við hann að neinu leyti. Þar verður öðru máli um mig að gegna, en jeg mun reyna að segja ekkert annað en það eitt, sem rjett er og satt.

Það stendur nú svo einkennilega á fyrir mjer, að þetta er í 12. sinn, sem jeg er við eldhúsdagsumræður hjer á Alþingi. Alla þessa eldhúsdaga hefi jeg hlustað eftir svörum stjórnanna, og hefi jeg aldrei heyrt neina eiga eins erfitt til andsvara og núv. hæstv. stjórn í nótt. En þetta er ofureðlilegt, því að jeg hefi aldrei, frá því jeg komst til vits og ára, vitað ríkjandi

stjórn gera eins mörg axarsköft og þessi hefir gert þann stutta tíma, sem hún hefir með völdin farið.

Það mun nú ekki þykja gott að kasta slíkum orðum fram algerlega órökstuddum, en í viðbót við það, sem áður er komið, skal jeg nú tína til eitt eða tvö atriði, sem sanna, að þetta er ekki algerlega úr lausu lofti gripið. Skal jeg um leið játa, að mjer þykir leiðinlegt að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, og þótt jeg sje ekki beint skyldugur til þess, þykist jeg þó mega til, vegna mála, sem mitt kjördæmi snerta.

Þar vil jeg fyrst nefna hjeraðsskólamálið, sem mörg undanfarin ár hefir verið mikið áhugamál bænda í Árnes- og Rangárþingum og þeir treysta hæstv. stjórn til að styðja og styrkja. Enda eru til margar umsagnir frá hæstv. dómsmrh. á undanförnum árum um fylgi við það mál. En jeg tel hann ekki veita því máli mikinn stuðning, þegar hann leggur samþykki á, að skólinn verði einn fyrir tvö hjeruð, ef hann ætlar síðan að reisa hann á hjara annarar sýslunnar. Því að nú hefi jeg heyrt, að skólann eigi að reisa á Laugarvatni, þrátt fyrir öll mótmæli sýslubúa í báðum sýslunum og óskir þeirra. Fyrir einu ári völdu sýslunefndir báðar nefnd til að velja skólasetrið og fengu oddamann skipaðan af stjórninni. Fjell alt í ljúfa löð hjá sýslunefndum og var ákveðið, að úrskurði þessarar nefndar skyldi almenningur hlýða. Þessi nefnd leit svo á, að besta skólasetrið væri að Árbæ í Holtum. Jeg er þessu alveg samþykkur, ekki síst vegna fossins í Rangá, sem fellur hjá bænum og getur orðið skólanum ljós- og hitagjafi. En ef nú á að fara að snúast á ný í málinu og flytja skólann á fjarsta horn Árnessýslu, tel jeg ekki rjett að farið. Jeg skal nú játa, að jeg er ekki svo kunnugur gangi þessa máls í seinni tíð, að jeg geti fullyrt, hvað er að gerast, en hitt get jeg fullyrt, að hjeraðsbúar verða ekki ánægðir, nema valinn verði sá staður handa skólanum, sem nefndin taldi hæfastan.

Mjer er dálítið sárt um þetta mál, austurhjeraðanna vegna. Þar sem mentunarleysið er mikið, er mikil nauðsyn að reisa góða skóla. En það verður að fara rjetta leið í því sem öðru. Til að þreyta hv. deild ekki mikið lengur, get jeg nú látið útrætt um þetta mál. Jeg legg það ekki í vanda minn að halda tveggja klukkutíma ræður, eins og viss þingmaður gerir. Jeg var þessum hv. þm. fyrst samtíða í hv. Ed. í fyrra, og mjer er engin launung á því, að hann þreytti mig óskaplega með sínum eilífu ræðuhöldum. Þessum ræðum, sem altaf voru langar og einatt leiðinlegar.

Þá vil jeg minnast á annað nauðsynjamál austurhjeraðanna, járnbrautina. Tvo undanfarna daga hafa komið fram fyrirspurnir til hæstv. atvmrh. (TrÞ) um þetta mál, frá mjer og hv. 1. þm. Skagf. (MG). Við fengum nokkuð greinileg svör um það, hvað málinu liði, en loðin að því leyti, að hæstv. ráðh. vildi ekki lýsa sinni eigin afstöðu. En úr því að minst er á þetta mál, sakar ekki að rifja það upp fyrir hæstv. ráðh., að jeg hefi heyrt hann tvisvar tala um þetta mál og komast í miklar mótsagnir við sjálfan sig. — Við vorum saman á fundi að

Ægisíðu sumarið 1926, og þegar hæstv. ráðh. var spurður um afstöðu sína til járnbrautarmálsins, þá sagðist hann vera vinur bændanna í því máli sem öðrum. Bændum þótti gott að heyra þetta, enda höfðu þeir sjeð skrif í sömu átt í blaði hans og hjeldu, að þeir mættu treysta honum. — En jeg stóð hjer inni í hv. deild í fyrra, þegar greidd voru atkvæði með nafnakalli um þetta mikla mál, og þá kom það undarlega fyrir, að jeg heyrði núv. hæstv. atvmrh. segja ákveðið nei. Þar með var hæstv. ráðh. kominn í brigðmælgi gagnvart bændum; því er ómögulegt að neita. En ef hann vildi nú málsins vegna og þessara landshluta snúast enn á ný í málinu, þá yrði hann maður að meiri og betur þokkaður í austursveitunum.

Það er leiðinlegt fyrir hvern þingmann að geta vitnað í svo og svo margt, sem stjórnin hefir á samviskunni, og geta talið upp syndir hennar dægrum saman. En það ætti að vera hægðarleikur um núv. hæstv. stjórn. Væri t. d. ekki vert að minna hæstv. stjórn á nokkur atriði, sem eiga sammerkt í ýmsu, en þó er ekki til neins um að tala, nema stjórnin bætti ráð sitt eða þjóðinni yrði það til leiðbeiningar! T. d. væri ekki fjarri sanni að minna á allar fullyrðingar í „Tímanum“ um einkasölur á mörgum vörum, um stýfingu peninganna og margt annað, sem hæstv. stjórn er nú bersýnilega horfin frá. Af hverju er hún horfin frá því? Af því að nú sjer hún, að hún hefir á undanförnum árum skrifað af svo miklu alvöruleysi um málin, að enginn má taka mark á henni.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á, að mig tekur sárt til þeirra merku og góðu bænda, sem eru í Framsóknarflokknum, að þeir hafa látið skrif Tímans koma sjer út í þá vanvirðu að gerast samflokksmenn jafnaðarmanna. Þeir reka sig á bráðum, en það er aðeins vafamál, hvort það verður fyr en um seinan. En einhverntíma hljóta þeir að sjá, að þeir berjast þarna móti eigin hagsmunum. Jeg er nú svo níðskur, að jeg tími illa að sjá eftir þessum vinum mínum í vinnumensku til Rússlands, en þeir eru strax komnir áleiðis þangað. Jeg álasa ekki jafnaðarmönnum, því að jeg hefi aldrei álasað þeim, sem hafa haldið fram skoðunum sínum. En jeg álasa Framsóknarmönnum, sem gagnstætt stefnu sinni og hagsmunum láta teygja sig út í rússneska fenið. — Jeg ætla ekki að fara að tala um danska gullið, en þó verð jeg að segja, að ilt er í efni, ef hæstv. stjórn styðst við flokk, sem lifir á erlendu fje.

Jeg vildi helst óska, að Framsóknarmenn sneru aftur strax í kvöld frá villu sinni og rækju frá sjer rauða bolann.

Það er einkennilegt, að alt það álas, er núv. hæstv. stjórn hefir hlotið, tekur alls ekki til eins af ráðherrunum. Af hverju er það? Það er af því, að hann er elstur og merkastur maðurinn og fer helst sínar leiðir. Jeg held, að það mundi vekja almenna ánægju í landinu, ef hinir tveir ráðherrarnir segðu af sjer og skildu hæstv. fjmrh. (MK) einan eftir. Samt held jeg nú, að þetta sjeu alt í raun rjettri góðir drengir og gætu góðu komið til vegar, ef þeir vildu nota sig rjett.

En hlægilegt var montið hjá hæstv. forsrh. og leiðinlegt fyrir hann sjálf-

an, þegar hann settist niður í sæti sínu í nótt með þessum aftaka rembingi og sagði, að hv. 1. þm. Skagf. hefði ekki reist sjer neina bautasteina í stjórnarráðinu, heldur aðeins skilið þar eftir spörð.

Jeg mun nú fara fljótt yfir sögu. En þó að einhver tæki það fyrir að vera langorður, þá væri það reyndar ekki verk hvorki hæstv. dómsmrh. eða atvmrh. að álasa fyrir það, þar sem sannanlegt er, að þeir eru allra manna langorðastir. Til dæmis hefir hæstv. dómsmrh. haldið 120 ræður, sem fyltu 557 dálka, á einu þingi, enda kemst enginn í hálfkvisti við hann. Og margt af þessu er óþarft, ósatt og öfgafullt. Jeg ætla að vorkenna honum fyrir þetta og fleira og vona, að hann sem ráðherra bæti ráð sitt í þessu og öðru og taki alt aðra stefnu en hann nú hefir. Og jeg vildi að endingu óska, að þessir hæstv. ráðherrar væru svo vel innrættir, að þeir sæju sóma sinn í að styðja að hinum nauðsynlegustu hjeraðsmálum og styrkja þau eins og þeir sjá sjer fært, og það sem fyrst, svo sem járnbrautina austur. Annars er það margt, sem þarf að leita aðstoðar um til hæstv. ráðherra; en mönnum er bara svo ósýnt um að leita til *þessara* ráðherra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla ekki — eins og hv. 1. þm. Rang. (EJ) kemst að orði — að fara að snúa mig og gera mig mannalegan gagnvart þeirri ræðu, sem hv. þm. flutti; hún gefur mjer ekki tilefni til að segja mörg orð. Það var af því tilefni, að jeg stóð upp, að hv. þm. viðhafði þau orð, að jeg hefði reynst brigðmáll gagnvart Rangæingum í ákveðnu máli, sem hann nefndi. Jeg efa ekki, að hv. þm. líti svo á frá sínu sjónarmiði, en jeg ætla að gera það ljóst frá mínu sjónarmiði, að þetta er ómakleg ásökun. Hann sagði, að jeg hefði á þingmálafundi haustið 1926 getið þess, að jeg mundi vilja styðja að því að hrinda í framkvæmd því, sem þyrfti til þess að bæta samgöngur fyrir bændur austan fjalls. Síðan hefði jeg greitt atkvæði hjer í deildinni móti máli, sem hv. þm. kallaði járnbrautarmál. Jeg vil segja hv. þm. það, að málið, sem hv. þm. talaði um, dettur mjer ekki í hug að kalla járnbrautarmál. **(EJ:** Útúrsnúningur!). Það er ekki útúrsnúningur. Það munu hafa verið leidd rök að því, að fjármagnið, sam þarf til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, verksmiðjurekstrinum í sambandi við það, muni ekki geta orðið minna en 80—100 miljónir króna; og járnbrautin muni kosta einar 6 miljónir. Það er 6—8% af allri upphæðinni; hitt fer í það stórkostlegasta fyrirtæki, sem nokkur maður hefir nokkurn tíma hugsað sjer að koma upp á þessu landi. Það er fjarstæða að kalla þetta járnbrautarmál fyrst og fremst. Það er að langmestu leyti stórvirkjunarmál. Jeg greiddi atkvæði móti málinu á síðasta þingi af því, að jeg hefi áhuga fyrir því að búa að bændum austanfjalls um samgöngubætur með farsælli framkvæmdum en þar var um að ræða.

Háttv. þm. var að álasa bændum í Framsóknarflokknum. **(EJ:** Vorkenna!). „Álasa," sagði hv. þm., þó að hann kannske vorkenni þeim með því að álasa þeim! Jeg þarf litlu að svara til um þetta; en það er enginn vafi á, hver dómur sögunnar verður

um það, hverjir eru vorkunnarverðari, þegar gert verður upp, hvernig fulltrúar sveitanna hafa staðið gagnvart málum bænda.

Svo vil jeg að síðustu þakka háttv. þm. í nafni stjórnarinnar fyrir þau orð, sem hann ljet falla til eins ráðherrans (MK), sem jeg get skrifað undir orði til orðs. En svo vil jeg benda hv. 1. þm. Rang. á það um hæstv. fjmrh., sem hann segir, að fari sínar leiðir — og er satt og rjett, — hvaða leiðir hann hefir farið. Hann hefir nálega alla tíð eftir að Framsóknarflokkurinn var stofnaður starfað í þeim flokki með sínum miklu og ágætu kröftum, og nú, þegar Framsóknarflokkurinn myndar stjórn, gekk hann ótrauður inn í ráðuneytið, til mjög ánægjulegs samstarfs við sína flokksmenn. Þannig fer fyrir bestu flokksmönnum. — Má jeg minna hv. þm. á hið forna: Far þú og ger hið sama.

Jón Auðunn Jónsson: Það munu sumir mæla, að jeg hafi nokkra ástæðu til að víkja orðum til hæstv. dómsmrh. (JJ), — en mun þó hafa það minna en honum bæri, vegna þess hverja ráðningu hann fjekk hjá flokksmönnum sínum út af því máli, sem jeg ætla að minnast hjer lítillega á. En það er kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða öllu heldur úrskurður á gildi þeirrar kosningar.

Það var vitað, að hæstv. dómsmrh. ætlaði að höggva hjer stórt og hafði allan viðbúnað til þess. En það fór eins og oftar, að það varð lítið úr því högginu, sem hátt var reitt. Og sannast að segja vorkenni jeg svo hæstv. ráðh. fyrir afdrif þessa máls, að jeg mun verða miklu mildari og draga úr þeim ummælum, sem hans framkoma í málinu annars ætti skilið frá minni hálfu og kjósenda minna.

Vegna þeirra ummæla, sem hjer fóru fram bæði af hans hálfu og annara, verð jeg að lengja umr. með ofurlitlum inngangi og skýra þetta mál að nokkru frá minni hálfu og minna kjósenda.

Er þá fyrst að minnast á þann undirbúning, sem jeg hafði fyrir þessar kosningar. Hann er í því fólginn, að jeg skrifaði fylgismönnum mínum, 2—3 í hverjum hreppi, áður en jeg fór heim af þingi, og spurði þá um, hvernig þeir álitu, að minn málstaður stæði í hjeraðinu. Reyndar var mjer það kunnugt áður, en jeg vildi vita vissu mína hjá þeim mönnum, sem um það voru allra fróðastir og höfðu tíma til að athuga allar ástæður. Og svörin voru þau, að jeg mundi hafa 350—400 atkvæða meiri hluta í sýslunni. Þegar svona var ástatt, — eins og líka öllum var kunnugt um, sem til þektu, — þá fann jeg enga ástæðu til þess að gera neitt sjerstakt eða leggja í nokkurn kostnað fyrir utan þingmálafundaferðalög og það, að kosta 3 mótorbáta á kjördegi til þess að flytja kjósendur á kjörfund, þar sem erfiðust er fundarsókn. Það var svo, að mjer fanst ekki einu sinni ástæða til þess að halda flokksfundi með fylgismönnum mínum í sýslunni. Aðra fundi hafði jeg því ekki en hina opinberu þingmálafundi, sem við hjeldum frambjóðendur báðir saman.

Það hefir verið sagt af hæstv. dómsmrh., að þær kosningafalsanir, sem hafa fram farið þar vestra, hafi verið mjer í vil. Þetta er nokkuð tvírætt;

að minsta kosti gat sá verknaður alls ekki orðið mjer til þæginda eða til þess að styðja minn málstað, þegar vitað var, að jeg hafði slíkan meiri hluta atkvæða í kjördæminu. Og jeg verð hreinskilnislega að játa, að mjer hefði aldrei komið í hug, að nokkur af mínum fylgismönnum væri sá bjálfi að beita slíkum meðulum í kosningu; því að sannarlega var það mjer til óþurftar. Hinsvegar varaði jeg menn á kjósendafundum við öllu, sem komið gæti í bága við kosningalögin eða gefið minstu átyllu til að kæra kosninguna. Einnig sendi jeg kjörstjórnum í hinum nýju kjördeildum, þar sem hreppum hafði verið skift í fleiri kjördeildir, útdrætti úr kosningalögunum, því að ekki var hægt að fá sjerprentanir kosningalaganna neinstaðar, en flestar kjörstjórnir hinna nýju kjördeilda hreppanna voru ókunnar kosningalögunum og aðferð við kosningar. Jeg tók það sjerstaklega fram í þessum brjefum, að menn yrðu að varast alt, sem leitt gæti til þess, að hægt væri að kæra kosninguna vegna formgalla á framkvæmd kosningarinnar, því að það var jeg búinn að heyra áður en kosningahríðin byrjaði, að jafnvel þó að kosningin væri mjer viss í sýslunni, þá væri aldrei víst, að kosningin yrði tekin gild, því að kosningin yrði kærð, ef þess yrði nokkur kostur að finna formgalla á henni. Það kom mjer því allra hluta vegna mjög á óvart, þegar upp kom sá kvittur, að fölsuð hefðu verið atkvæði og að hreppstjórinn í Hnífsdal og skrifari hans hefðu verið settir í gæsluvarðhald, grunaðir um kosningasvik.

Það má hæstv. dómsmrh. sjá, að jeg hefi gert það, sem jeg gat, til þess að haldið yrði áfram þeirri rannsókn með fylstum krafti þá þegar. Einmitt daginn eftir að þetta kom fyrir, var jeg á fundi í Álftafirði, og sögðu fylgismenn mínir mjer, að verið væri að dreifa út kviksögum um það, að ekki væri vert að sækja fast þessa kosningu, því að sennilega yrði hún ógild ger vegna atburðanna í Hnífsdal. Meðfram af þessu, en sjerstaklega vegna þess, að jeg taldi, að mestar líkur væru til að fá það rjetta í málinu upplýst, ef gengið væri fast að rannsókninni þegar í stað, var það, að jeg fór tvisvar sinnum til bæjarfógetans á Ísafirði og óskaði, að rjettarhöldum, sem höfðu verið hafin, en látin niður falla þá um stund, yrði haldið áfram. Síðar, þegar jeg fjekk frjettir um, að reynt var að draga úr kjörfundasókn með sömu brögðum norðan úr norðurhreppunum, og þar kom fyrir atvik, sem virtist benda í þá átt, að rannsókninni þyrfti að hraða, fór jeg enn á ný til bæjarfógeta og sagði, að ef hann gæti ekki haldið rannsókninni áfram, gæti jeg ekki látið við það sitja, mjer þætti málsins vegna svo mikil nauðsyn, að rannsókn yrði hraðað, að jeg yrði þá að snúa mjer til stjórnarráðsins. Það gerði jeg. Sama dag sendi jeg símskeyti til dómsmálaráðuneytisins — og skildi eftir afrit hjá bæjarfógeta —, þar sem jeg krafðist þess, að rannsókn yrði haldið áfram tafarlaust og með fullum krafti.

Þetta er það, sem jeg hefi gert til þess að hrinda því fram, að rannsókn yrði framkvæmd sem ítarlegust og sem allra fyrst. Og það munu fleiri vera þeirrar skoðunar, að það hafi

ekki minsta þýðingu, að mál sjeu tekin fyrir tafarlaust og rannsókn fari fram með fullum krafti einmitt fyrstu dagana eða vikurnar.

Hæstv. dómsmrh. hefir sagt svo margt í þessu máli, að jeg mun ekki eltast við að tína öll þau spörð og kasta þeim til baka. Það eru aðeins alvarlegustu aðdróttanirnar að mjer og mínum kjósendum, sem jeg mun hjer lítillega minnast á. Hann hefir sagt á einum stað eða fleirum, að „Íhaldsforkólfarnir vestra" hafi hreint og beint með „organiseruðu" ofbeldi gert rannsóknardómaranum sem erfiðast fyrir á allan hátt, t. d. við að fangelsa Hálfdán og tengdason hans, og ennfremur, „Íhaldsmenn í Hnífsdal hindruðu handtöku Hálfdánar og Eggerts". Já, jeg býst nú máske við, að hæstv. dómsmrh. hafi verið bornar þessar frjettir; en það er jafnvíst, að þetta er ekki satt. Þegar rannsóknardómarinn hafði ákveðið að fangelsa þessa menn og fór þangað út eftir í þeim erindum, þá voru á heimili Eggerts skrifara Hálfdánar staddir þrír eða fjórir frændur hans af Ísafirði og einn maður, sem hafði verið í vinnu hjá Hálfdáni. Jeg heyrði nú ýmsar kviksögur um kvöldið, eftir að rannsóknardómarinn kom aftur til Ísafjarðar án þess að hafa framkvæmt varðhaldsúrskurðinn. Jeg heimtaði einn af þessum mönnum til viðtals og fjekk sama kvöldið skýrslu um það, sem fram fór, og skrifuðu þessir menn undir þá skýrslu. Þessa skýrslu vilja þeir staðfesta með eiði. Þeir geta þess í skýrslunni undir eiðstilboð, að þeir hefðu ekki hótað neinu og ekki sýnt neitt ofbeldi. En hinsvegar, að þeir hefðu neitað að aðstoða rannsóknardómarann, og það af þeim sökum, að þeir töldu ekki varlegt eða hættulaust að flytja Eggert í fangelsi eins og á stóð um heilsufar hans. En á undan þessu var annað gengið. Rannsóknardómarinn hafði lögregluþjóninn af Ísafirði — eins og sjálfsagt var — sjer til aðstoðar í öllu þessu, en lögregluþjónninn vildi heldur ekki verða við þessum tilmælum um að klæða Eggert skrifara Hálfdánar og flytja hann út í bíl, sennilega vegna þess, að Eggert hafði læknisvottorð, þar sem það var tekið fram, að það gæti verið hættulegt heilsu hans að flytja hann nokkuð burt af heimilinu, og jafnvel það, að honum væru ekki hættulausar snöggar geðbreytingar. Enda var öllum kunnugt, að þessi maður hafði verið berklaveikur fleiri ár; hann hafði verið á Vífilsstöðum og átti að vera kominn þangað aftur; hann átti aðeins að vera heima litla hríð til þess að sjá, hvort honum versnaði eða ekki. Einmitt þessa daga minnir mig ekki betur en hann hefði sótthita 38,4° og upp í 38,9°.

Að Hnífsdælir hafi sýnt nokkurn mótþróa eða „organiseraða" uppreisn, eru ósannindi. Enginn Íhaldsmaður í Hnífsdal hreyfði hönd eða fót í þá átt, og heldur ekki aðrir íbúar þorpsins eða aðkomumenn þar. Rannsóknardómarinn leitaði til fleiri manna þar í þorpinu um þetta sama, en enginn þeirra, hvorki jafnaðarmenn eða Íhaldsmenn — hinir síðarnefndu eru fáir í þorpinu — urðu við þessum tilmælum að aðstoða við fangelsun Eggerts. En það var hvorki „organiseruð" eða „óorganiseruð" uppreisn, enda væri dómsmrh. hin mesta skömm, ef hann hefði látið uppreisn í þessu til-

felli óátalda. Slík ummæli um kjósendur mína — og enda um kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu alment — get jeg ekki látið standa óhrakin. Hæstv. dómsmrh. hefir kastað þeim hjer fram algerlega órökstuddum og ósönnum, sennilega til þess að svala sinni alkunnu mannskemdafýsn.

Þá hefir hæstv. ráðh. orðið tíðrætt um einn mætan mann, Pjetur Oddsson, og fleirum sinnum kallað hann uppreistarforingja. Hann hefir gefið í skyn a. m. k., að þessi maður mundi hafa kúgað alþýðu manna vestur þar. Hann sagði svo um Pjetur Oddsson: „Aðstaða hans er sú, að erfitt er fyrir fátæklinga að standa móti boði hans og banni."

Það er auðheyrt, að hæstv. dómsmrh. er ókunnugur högum manna og lyndiseinkunnum þar vestra. Jeg get fullvissað hann um það, að Norður-Ísfirðingar eru þannig skapi farnir, að þeir láta ógjarnan kúgast; og það á jafnt við þá fátæku sem aðra. Ef hæstv. dómsmrh. vill hafa fyrir að líta í stórmál, sem var þar á ferð árið 1895—6, þá mun hann sjá þess glögg merki, að Norður-Ísfirðingar eru ekki gjarnir að láta kúgast, jafnvel þó að valdboð komi frá hærri stöðum. Og það er auðsjeð, að hæstv. dómsmrh. hefir ekki haft fyrir því að kynna sjer, hvað hæft er í þessum áburði hans á hjeraðsbúa, ef nokkur hefir haft orð á þessu í hans eyru eða ef þetta er ekki uppspuni frá hans eigin brjósti. Því að hann mundi fljótt hafa heyrt almannarómur vestur í Bolungarvík, að Pjetur Oddsson er ennþá talinn einn af betri eða bestu mönnum, sem þau hjeruð byggja, stórgjöfull og hjálpsamur maður á allan hátt, þar sem hann getur við komið. Enda er það svo, að þessi maður var sjálfur sárfátækur með stóran barnahóp fram yfir fertugsaldur og veit ósköp vel, hvað það er að eiga bágt. Auk þess hefir hann — eins og allir, sem til þekkja, vita — orðið fyrir meiri raunum en alment gerist, mist konu sína ágæta og tíu mannvænleg börn úr hvíta dauða. Hann er jafnframt mikill skapfestumaður og lætur ógjarnan hlut sinn nema fyrir rjettlætinu einu.

Mjer finst, að það sje heldur brugðið út af reglunni um „fair play" hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann er að reyna að hnýta að þessum manni, sem hann hefir skipað rannsókn á hendur á, og það einmitt nú, meðan málið er undir rannsókn. Það hefir ekki hingað til verið venja, að dómsmálaráðherra landsins hefji ofsóknir á hendur þeim mönnum, sem hann hefir skipað rannsókn á. Slíkt er líka óhæfa, því að það veikir aðstöðu sakbornings að vera að kasta að honum hnútum og getsökum, meðan á rannsókn stendur. Þetta er ekki „fair play"; það er lubbamenska.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að það hefði frjetst úr Bolungarvík, að það hefðu verið samantekin ráð margra þorpsbúa að hrekja rannsóknardómarann fram á brimbrjótinn og einangra hann þar, að minsta kosti eina nótt. Jeg vil nú spyrja, — er þetta upplýst við rannsókn málsins? Ef svo er ekki, þá er það mjög ósæmilegt af hæstv. ráðherra að koma með svona hviksögur inn í þingið, enda þótt hann vilji losna við einn andstæðing sinn af þingbekkjum um stundarsakir. Það

er örþrifaráð hins ógæfusama manns, sem er að verja ósannan og illan málstað. Annars get jeg sagt hæstv. ráðh., að ef hann heldur, að hann geti kúgað Norður-Ísfirðinga, þá er það misskilningur. Þeir láta hvorki hann eða aðra kúga sig. Þetta er það, sem jeg vil alveg sjerstaklega ámelja fyrir hönd kjósenda minna og allra Norður-Ísfirðinga í framkomu hæstv. ráðherra, og það er þess eðlis, að ekki er hægt annað en fara um það hörðum orðum.

Hitt læt jeg mjer í ljettara rúmi liggja, sem hann segir um blaðið Vesturland. En um það segir hann: „Og svo ósvífnir gerast þessir íhaldsburgeisar vestur frá, að þeir láta blað sitt „Vesturland" fara með vísvitandi ósannindi og blekkingar." Það eina, sem hægt er að gera til þess að hnekkja þessu og leiða í ljós, hvort „Vesturland" skýrir rjett frá eða ekki, er að fara í mál við blaðið og reyna að fá ummælin dæmd dauð og ómerk. En er nú ekki málstaður ráðherrans sá, að hann þori ekki í mál við blaðið og viti, að best er að hafa þessi ummæli innan þinghelginnar eingöngu? Annars skal jeg geta þess, að blað þetta er einkaeign þriggja manna, og jeg býst við, að hæstv. ráðherra yrði erfitt að fá ábyrgðarmann þess til að skifta um stefnu eða skrifa annað en það, sem hann sjálfur vill, í blaðið, enda á svo að vera, að hver ritstjóri skrifi aðeins eftir sinni eigin sannfæringu, en ekki eftir annara. Hvað tekjur þessa blaðs snertir, þá er mjer ekki kunnugt um, að þær sjeu aðrar en áskriftargjöld og auglýsingagjöld, eins og margra annara blaða. Að vera að gefa mjer og öðrum flokksmönnum mínum sök á því, hvað ritstjóri þessa blaðs skrifar, er hreinasta fjarstæða. Það er jafnóhæfilegt eins og ef farið væri að saka ýmsa menn úr Framsóknarflokknum fyrir allar þær blekkingar og öll þau ósannindi, er hæstv. dómsmrh. hefir skrifað í „Tímann". Standa þeir þó beint og óbeint að því blaði. Nei, þetta, sem hæstv. ráðh. víkur að „Vesturlandi", er máttlaust nart, sársaukakend stuna út af rjettmætum aðfinslum blaðsins við framkomu ráðherrans í öðrum málum.

Þeim svigurmælum, sem fjellu hjá öðrum þm. við þessa umr., ætla jeg ekki að svara nema lítið eitt, því að jeg vil ekki ganga svo langt til andsvara að þessu sinni, enda þótt margt af því, sem þar var sagt, væri ýmist orðum aukið, misskilningur eða bein ósannindi. Það er í fyrsta skiftið, sem jeg hefi heyrt, að eitthvað hafi verið athugavert við kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu 1923. Jeg get varla trúað því, að menn í raun og veru haldi þessu fram, heldur sje þar málum blandað og háttv. 2. þm. Reykv. (HjV) hafi átt við kosninguna á Ísafirði þetta sama ár. Til þess að sýna hv. deildarmönnum, að hjer hlýtur að vera um misskilning að ræða, vil jeg geta þess, að þegar búið var að telja atkvæðin úr Norður-Ísafjarðarsýslu að Vatnsfirði 1923, þá kom hinn drengilegi keppinautur minn til mín og óskaði mjer til hamingju með sigurinn og sagði um leið, að drengilegri framkomu í kosningabaráttunni hefði varla verið hægt að hugsa sjer. Jeg læt mjer nægja hans dóm um mig og kjósendur mína í því tilfelli.

Þá vil jeg snúa mjer að háttv. þm. Ísaf. (HG). Það var eitt, sem fram

kom í ræðu hans, sem hneykslaði mig. Hann sagði, að enginn hefði borið jafnaðarmönnum á Ísafirði það á brýn, að þeir hefðu aðhafst neitt grunsamlegt í sambandi við kosninguna þar 1923. Út af þessum ummælum hv. þm. vil jeg benda honum á eitt dæmi, sem sýnir, að þau eru ekki á rökum bygð. Við kosningar þessar sendu báðir flokkarnir, bæði borgaraflokkurinn og jafnaðarmannaflokkurinn, fulltrúa frá sýsluskrifstofunni ásamt umboðsmönnum sínum til þess að aðstoða við heimakosningar. Borgaraflokkurinn ljet lækni fylgja umboðsmönnum sínum, til þess að gefa þeim mönnum vottorð, sem sökum veikinda gátu ekki sótt kjörfund. Læknirinn skoðaði hvern þann mann, sem hann gaf vottorð, og mjer er kunnugt um, að hann neitaði að gefa að minsta kosti tveimur mönnum slík vottorð. Áleit þá ekki svo veika, að þeir gætu ekki mætt á kjörþingi næsta dag. Aftur á móti höfðu jafnaðarmenn þá aðferð, að þeir höfðu fyrirframskrifuð læknisvottorð, sem umboðsmenn þeirra tíndu upp úr vösum sínum eftir þörfum. Það gerði ekkert til, þó að læknirinn hefði ekki sjeð sjúklinginn í fleiri vikur, nema ef til vill á götu. Þannig skipuðu þeir t. d. konu einni að kjósa, sem stóð við þvottabalann sinn, og annari, sem var við fiskvinnu úti á reit. Atkvæðasmalinn hefir líklega sagt eða hugsað svo: „Þið getið verið lasnar á morgun“. Að jeg fór að nefna þetta hjer, er fyrir þá sök, að hv. þm. Ísaf. var svo djarfur að halda því fram, að jafnaðarmenn á Ísafirði hefðu ekki verið bendlaðir við neitt grunsamlegt í sambandi við þessa kosningu.

Þá var það háttv. 2. þm. Reykv. (HjV). Hann sagði, að fölsuðu atkvæðin úr Norður-Ísafjarðarsýslu væru 10 úr Hnífsdal og eitt úr Ögurhreppi. Um þetta held jeg, að ekkert sje hægt að fullyrða, þar sem rannsókn málsins er ekki lokið enn. En því mótmæli jeg alveg eindregið, að nokkurt atkvæði hafi verið falsað í Ögurhreppi.

Þá sagði hann, að flestöll þessi atkvæði hefðu gengið í gegnum skrifstofu Íhaldsflokksins á Ísafirði. Jeg hefi nú ekki sjeð þessa seðla eða rjettarbókina, en þó veit jeg, að þetta getur ekki verið rjett, því að fjögur þeirra atkvæða, sem talin voru fölsuð, voru tekin hjá kærendunum, eða þeim, sem opnuðu atkvæðin, tvö send norður í hreppa og þrjú er talið, að verið hafi hjá hreppstjóranum, þegar hann var fangelsaður. Þetta hlýtur því að vera missögn eða misskilningur hjá þessum háttv. þm., og þá sennilega óvart. Annars ber mjer ekki að halda uppi svörum fyrir kosningaskrifstofu Íhaldsmanna á Ísafirði, því að jeg naut ekki annarar aðstoðar þaðan en að tekið var þar á móti 2—3 atkvæðum hjeðan úr Reykjavík og 2 innan úr Djúpi. En auðsæjar blekkingar, þó af misskilningi sjeu fluttar, tel jeg mjer skylt að leiðrjetta.

Þá sá jeg, þegar jeg las yfir ræðu hv. 1. þm. Árn. (JörB), að hann hafði *ekki leiðrjett* misskilning, sem kom fram hjá honum, sem stafað hefir af ónákvæmri frásögn hv. þm. Ísaf. (HG). Hann segir, að byrjað hafi verið á því í Hafnakjördeild, þegar kosning-

arathöfnin átti að byrja, að búa til kjörskrá fyrir kjördeildina, og *eftir þeirri kjörskrá hafi verið kosið*. Þetta er alrangt. Tilefnið til þess, að kjörstjórnin fór að búa þessa kjörskrá til, var það, að hún sá, að marga vantaði af þeim, sem á kjörskrá áttu að standa. Gerði hún þetta til þess að sýna yfirkjörstjórninni ónákvæmnina. Eftir þessari nýju kjörskrá var *alls ekki kosið*, heldur eftir þeirri einu, sem í gildi var og búin var til af hreppsnefnd og legið hafði frammi fyrirskipaðan tíma, og mjer er kunnugt um, að tveir kjósendur, sem á hinni nýju kjörskrá stóðu og komnir voru á kjörfund, fengu ekki að kjósa, enda þótt þeir hefðu kosningarrjett og hefðu með rjettu átt að vera á skránni. Að ekki var þegar í byrjun samin sjerstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild út af fyrir sig, var af þeirri ástæðu, að ekki var búið að kjósa kjörstjórnir fyrir hinar nýju kjördeildir áður en frestur til að leggja fram kjörskrá var útrunninn. Samdi því hreppsnefndin eina kjörskrá fyrir allan hreppinn, en merkti 1, 2 og 3 við nöfn manna, eftir því í hvaða kjördeild hver kjósandi var.

Mjer er úr minni liðið, hvað hæft er í því, að 1 eða 2 kjósendur, sem áttu að standa á aukakjörskrá í Grunnavíkurhreppi, hafi fengið að kjósa. En það er rjett, að kona ein þar í hreppnum kaus heima hjá sjer. En af því að mjer var kunnugt um, að hún kaus keppinaut minn, þá vildi jeg ekki, af því jeg vissi, hvernig á stóð, fara að gera neitt veður út af þeim smámunum.

Hæstv. dómsmrh. var einu sinni sanngjarn í þessu máli, og það var þegar hann sagði, að misfellur, sem stöfuðu af gleymsku eða vanþekkingu, væru afsakanlegar, og nefndi sem dæmi gleymsku hreppstjórans í Bolungarvík, þegar honum láðist að votta það á fylgibrjefið, að hann hefði aðstoðað tvo kjósendur við utankjörstaðarkosningu. Aftur á móti tók hv. þm. Ísaf. hart á þessu. Hann segir í öðru sambandi, þegar hann minnist á þennan hreppstjóra: „Og þetta er maður, sem hefir gefið falskar skýrslur“. Það er nú alls ekki vanalegt að taka svona til orða út af ekki meiri misfellum en hjer er um að ræða, því að hjer er ekki um neinar falsanir að tala, heldur vanþekkingu eða gleymsku. Mjer er annars óskiljanlegt, hvers vegna hann og hans fylgismenn reyna svo mjög að svívirða þennan hreppstjóra. Má vera, að þeim hafi verið óþægilegt, að hann reyndist saklaus. Blað jafnaðarmanna á Ísafirði hefir reynt að læða inn grun um einhverja sekt þessa heiðvirða manns, sem allir vita, að er alsaklaus af þeim ákærum, er á hann voru bornar um stund. Jeg veit, að víða eiga sjer stað „formellar“ misfellur á framkvæmd kosningalaganna, og jeg verð að segja, að þær sjeu fyllilega afsakanlegar, þegar þess er gætt, hversu mjög menn yfirleitt eiga erfiðan aðgang að kosningalögunum, þar sem kjörstjórnum eru ekki einu sinni sendar sjerprentanir af þessum þýðingarmiklu lögum. Það látið nægja, að senda hreppstjóra og oddvita þessi lög í Stjórnartíðindunum; en sje hreppi skift í þrjár kjördeildir, er ekkert eintak fyrir kjörstjórnina í einni deildinni. Á bæði núv. og fyrv. stjórn sök á þessu. Annars hafði jeg hugsað mjer að koma með brtt. í þessa átt við frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða,

sem nú liggur fyrir þinginu, en úr því, sem komið er, læt jeg mjer nægja að benda stjórninni á, að nauðsynlegt er, að minst 5 eintök kosningalaganna sjeu send í hvern hrepp á landinu. Til þess að sýna fram á, að víðar eiga sjer stað misfellur á kosningunum en í Ísafjarðarsýslu, vil jeg nefna dæmi.

Í Suður-Þingeyjarsýslu kom það fyrir, að oddviti kjörstjórnar einnar kom með þrjá atkvæðaseðla í vasanum, þegar kosningaathöfnin var í fullum gangi, og stakk þeim niður í atkvæðakassann. Þegar hann svo var spurður að, hvers vegna hann gerði þetta, svaraði hann: „Ó, þeir vildu nú heldur kjósa úti þessir karlar“. Jeg er nú alls ekki að drótta neinu sviksamlegu að hreppstjóranum, sem þetta gerði, en það sýnir, hve menn eru yfirleitt illa að sjer í hinum „formellu“ atriðum kosningalaganna.

Þá skal jeg nefna annað dæmi; það er úr Strandasýslu. Þar kom það fyrir í einum hreppi, að oddvitinn samdi einn kjörskrána og skrifaði nöfn meðnefndarmanna sinna undir hana, og sumir hreppsnefndarmennirnir sáu hana ekki fyr en á kjördegi. Slíkar misfellur sem þessar eru algengar, því miður, en jeg álít, að koma megi í veg fyrir þær með því að senda sjerprentun af kosningalögunum í hverja kjördeild á landinu. Þess er líka full þörf, því að víða þarf að hafa hina mestu nákvæmni í framkvæmd kosningalaganna, því að það er vitanlegt, að tortryggni sumra manna gengur alveg úr hófi fram í þessum efnum. Sem dæmi um það, hvað hún getur orðið ægileg, vil jeg nefna atvik, sem kom fyrir á Ísafirði við alþingiskosninguna í sumar. Kona nokkur, sem stödd var utan síns kjörstaðar, kaus hjá hreppstjóra þess hrepps, sem hún var stödd í. Hreppstjórinn sendi Sigurði Kristjánssyni ritstjóra atkvæðaseðilinn, en hann afhenti hann Íhaldsskrifstofunni á Ísafirði til geymslu, en skrifstofan afhenti hann daginn fyrir kjördag bæjarfógeta, ásamt öllum þeim atkvæðaseðlum öðrum, er henni höfðu borist. Nóttina fyrir kjördaginn sendu jafnaðarmenn mótorbát, sem eflaust hefir tekið 100 kr. fyrir ferðina, til þess að sækja konu þessa. Og um morguninn heyrðist það svo út um allan Ísafjarðarkaupstað, að seðill hennar myndi hafa verið falsaður. Var hún svo á kjördegi látin heimta atkvæðaseðil sinn aftur, og var hann svo opnaður með mikilli viðhöfn í skrifstofu bæjarfógeta, en þá stóð nafn Haralds Guðmundssonar á seðlinum, skrifað með hennar eigin hendi, og kannaðist hún við rithönd sína á atkvæðaseðlinum, að því er bæjarfógeti hefir tjáð mjer. En út af svona greinilegum og ákveðnum tortryggnitilraunum er áríðandi, að undirkjörstjórnir sjeu sem best undirbúnar, og því verður auðveldast komið fyrir á þann hátt að gera þeim kunn kosningalögin og aðrar reglur þar að lútandi.

Þá er það ein fyrirspurn, sem jeg vildi leyfa mjer að beina til hæstv. dómsmrh., og hún er á þessa leið: Ætlar hæstv. dómsmrh. engu að sinna kæru þeirri, er honum hefir borist frá hreppstjóranum í Bolungarvík út af rannsóknaraðferð Halldórs Júlíussonar á hendur honum? Jeg vildi mælast til, að ráðh. svaraði þessari fyrirspurn strax. — Hann vill það ekki, og þykist jeg þá mega draga af því þá ályktun, sem mjer raunar kemur ekki á

óvart, að hann ætli ekkert að sinna kæru Kristjáns Ólafssonar. (**Dómsmrh. JJ:** Jeg svara seinna í nótt). Jeg verð að segja það, að mjer finst ekki mikið samræmi hjá hæstv. dómsmrh. í máli þessu, ef hann er staðráðinn í að sinna að engu kæru hreppstjórans, en fyrirskipar um leið rannsókn á hendur Pjetri Oddssyni og öðrum mönnum í Bolungarvík. Hvar er þá rjettlætið, sem hann er altaf að guma af og segir, að ráða eigi í þessu máli. Nei, sannleikurinn er sá, að öll rannsóknaraðferðin er hápólitísk. Ekkert rannsakað, er snýr að jafnaðarmannaflokknum, ekki svo mikið sem rannsakað, af hvaða ástæðum einn af foringjum þeirra segir ósatt fyrir rjetti.

Í sambandi við þetta mál Pjeturs Oddssonar og annara Bolvíkinga dettur mjer í hug dálítil saga, sem gerðist vestra. Á Ísafirði hafði verið verkfall í nokkra daga, en útgerðarmenn þar þurftu að skipa út fiski sínum. Þessu tóku verkamenn illa, neituðu að vinna að útskipuninni og höfðu í hótunum að hindra það, að fiskinum yrði skipað út af þeim, sem vildu vinna að útskipuninni. Útgerðarmenn leituðu þá aðstoðar bæjarfógetans, og kom hann á vettvang. Þetta var illa sjeð hjá verkfallsmönnum, og fjekk bæjarfógeti fyrst daufar undirtektir, er hann kvaddi menn til aðstoðar til þess að skapa vinnufrið fyrir þá, sem vildu vinna að útskipuninni. Þó fór svo, að bæjarfógeti fjekk nokkra menn sjer til aðstoðar. En þá skeði það, að einn af verkamönnum í flokki verkfallssinna rjeðist á aðstoðarmann bæjarfógeta, er var að gegna skyldu sinni, og varpaði honum niður. Maður skyldi nú hafa haldið, að maður, sem þannig sýndi lögreglunni ofbeldi, hefði verið látinn svara til saka. En það var eitthvað annað. Verkamannafjelagið fann upp á því snjallræði, að það ljet slá minnispening og hengja á þennan fjelaga sinn sem verðlaun fyrir það að hafa sýnt lögreglunni ofbeldi, og eftir því, sem jeg best veit, hefir ekkert frekar verið gert í þessu máli.

Út af þeim tilraunum, sem hæstv. dómsmrh. hefir gert til þess að sakfella mig og kjósendur mína, vil jeg gera honum tilboð. En áður verð jeg þó að lesa upp dálítinn kafla úr ræðu hans, þar sem jeg tel mjög ósæmandi af manni í hans stöðu að viðhafa slík ummæli um kjósendur landsins. Honum hefir sýnilega komið það illa, að samherjar hans lýstu yfir, að þeir hefðu enga ástæðu til þess að drótta því að mjer, að jeg væri viðriðinn þessi fölsunarmál. Þessi ummæli ráðherrans hljóða svo:

„Það, sem jeg tel sanna sektarfulla aðstöðu J. A. J. í þessu, er aðallega þrent.

Í fyrsta lagi, að kosningasvikin eru framin J. A. J. í vil.

Ennfremur, að það er sannað, að á Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík og Reykjavík er af fylgifiskum hans og samherjum yfirleitt alt gert, sem hægt er, beitt ósannindum, rógi, hótunum og blaðaskömmum af Íhaldsmönnum til þess að hindra rannsókn málsins, og síðast en ekki síst, að frambjóðandinn J. A. J. gerir beinlínis uppreisn gegn rannsóknardómaranum, þegar hann er kallaður til þess að bera vitni í málinu fyrir rjetti".

Og inn í ræðuna hefir hæstv. dómsmrh. skotið þessari klausu, eftir að þingskrifarinn hafði gengið frá henni:

„Tilefni hinnar ósvífnu framkomu J. A. J. fyrir rjetti er það eitt, að rannsóknardómarinn leggur fyrir báða frambjóðendur sömu spurningarnar um tölu heimagreiddra atkv. í sýslunni. Finnur Jónsson kemur fram eins og vitni sæmir, Jón Auðunn eins og sekur ofstopamaður".

Nú ætla jeg að láta hæstv. dómsmrh. vita, að jeg ætla ekki að þessu sinni að skýra frá, hver ástæðan var til þess, að jeg ljet rannsóknardómarann bóka eftir mjer ummæli þau, er svo hafa komið við skap ráðherrans, að hann hefir ekki lengur stjórn á orðum sínum. Vegna þess að málið er undir rannsókn, þá tel jeg ekki rjett að deila svo á rannsóknardómarann og alla aðferð við rannsóknina, þó hún væri þannig, að einsdæmi sje í rjettarsögu landsins, en ástæðuna til þessarar einsdæma aðferðar rannsóknardómarans tel jeg þá, að hann hafði daglega fundi, stundum líka jafnvel næturfundi, með foringjum jafnaðarmanna, sem svo stóðu í sífeldu símtalssambandi við hæstv. dómsmrh.

En tilboð mitt til hæstv. dómsmrh. hljóðar svo:

Jeg býð hjer með hæstv. dómsmrh. — eða öllu heldur heimta af honum, ef það ekki álítst of freklega að orði komist við dómsmálaráðherra landsins —, að hann láti fram fara opinbera rannsókn á því, hvern þátt jeg hefi átt í kosningafölsunarmáli því viðkomandi kosningunni í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem um hríð hefir verið undir rannsókn. Rannsóknardómara ráði ráðherrann sjálfur og sjeu rjettarhöldin opinber og almenningi heimiluð nærvera þar.

Jeg borgi allan kostnað, sem af rannsókn þessari leiðir, ef jeg af dómstólunum finst sekur við kosningalögin eða hegningarlögin, elli borgi ráðherrann sjálfur allan þann kostnað. Eins og gefur að skilja, legg jeg niður þingmensku, ef jeg reynist sekur, en ráðherrann leggi niður þingstarf og fari úr ráðherrasætinu, ef jeg ekki reynist sekur.

Þetta er mitt tilboð og þetta kalla jeg „fair play"! (**Dómsmrh. JJ:** Ætlar ekki Hálfdán að gera tilboð líka?). Ef hæstv. dómsmrh. getur ekki gengið að þessu, þá tel jeg, að hann hafi rent ljúflega niður öllum þeim fullyrðingum, er hann hefir viðhaft um mig og kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu. (**MJ:** Ráðherrann telur kannske Hálfdán sjer samboðnari mótstöðumann. — **Dómsmrh. JJ:** Ætli það sje ekki rjettara, að þjófar og falsarar ættu að fara að ráða í landinu?).

Magnús Jónsson: Við höfum nú staðið hjer í eldhúsinu um stund. Hjer var vakað alllengi fram eftir síðustu nóttu, og enn er komið fram á kvöld og sýnist þó enn ekkert lát á umr.

Þegar litið er á það, hve stuttan tíma hæstv. stjórn hefir enn setið að völdum, hljóta menn að undrast, hve mikið eldsneyti henni hefir þegar tekist að draga saman. Því að það er óneitanlega geysimikið verk, ef ætti að telja upp allar syndir hennar og átelja þær svo sem vert væri. Það hefir nú þegar verið minst á allmargar þeirra, en jeg ætla nú samt að bæta nokkrum við og drepa lítillega á nokkrar þær helstu.

Eins og Guðmundur Finnbogason sagði einu sinni um Matthías Jochums-

son, að það yrði að fyrirgefa honum það, að hann hefði ort fleiri góð kvæði en kæmust fyrir í einni bók, eins vil jeg segja, að menn verða að fyrirgefa það, að hæstv. stjórn hefir á sinni stuttu æfi tekist að afbrjóta fleira en við Íhaldsmenn getum átalið á einni kvöldstund.

Jeg hefi nú hugsað mjer að athuga dálítið gerðir hæstv. stjórnar, og þá sjerstaklega aðgerðir hæstv. dómsmrh. út af gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Reyndar finst mjer, að hæstv. ráðherrar eigi þar allir óskilið mál, því að þeir virðast allir hafa tekið sig saman um að fremja þá lögleysu, sem framin hefir verið í því máli.

Jeg hefi að vísu þegar borið fram fyrirspurn og till. til þál. út af þessu máli, en af því að þær hafa ekki enn komist að, ætla jeg að taka málið til umr. nú, þótt ef til vill gefist tækifæri til þess síðar að ræða málið nánar, nefnilega þegar þáltill. mín kemur til umræðu.

Eins og kunnugt er, fór hæstv. dómsmrh. frægðarför mikla til Norðurlands í haust.

Stjórnarblaðið „Tíminn“ segir frá þessari för 5. nóv.: „Hann“ (þ. e. dómsmrh.) „heimsótti gagnfræðaskólann á Akureyri og færði honum aukin rjettindi“.

Eðlilegt var, að ýmsir væru dálítið spentir að vita, hver þessi auknu rjettindi væru, því að varla gátu það talist beinlínis aukin rjettindi, þó að hæstv. dómsmrh. færði skólanum að gjöf Baulu-mynd Ásgríms í þessari sömu ferð. Það var um þessar mundir, þegar ráðherrann var að víðvarpa málverkasafni ríkisins um ýmsa eldfima timburhjalla landsins.

En lausn málsins kom. Hún er í brjefi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 25. okt. 1927. Brjef þetta hljóðar svo:

„Á fundi 22. okt. s. l. hefir ráðuneytið ákveðið, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri skuli hjer eftir hafa heimild til þess að halda uppi lærdómsdeild, eftir sömu reglum og gilda um lærdómsdeild Mentaskólans samkv. reglugerð frá 1908, með 2 minni háttar breytingum viðvíkjandi aldurstakmarki og sumarleyfi. Skal þessi deild hafa rjett til þess að útskrifa stúdenta, og fari próf þeirra, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, að öllu fram eftir ákvæðum gildandi prófreglugerðar máladeildar Mentaskólans, enda veiti allan sama rjett“. — Svo er heitið reglugerð.

Það var þá hvorki meira nje minna en stjórnarráðsbrjef fyrir þessu! Og ráðherrarnir, svona nýkomnir í stöðuna með svima af upphefðinni, hafa víst varla getað hugsað sjer öllu öflugra skjal en svona brjef, samið „á fundi“ í ráðuneytinu.

Akureyrarbúar, eða þeir, sem að skólamálinu stóðu, urðu vitanlega glaðir yfir þessari „gjöf“. Dómsmrh. var haldin syngjandi veisla og hann hyltur í ræðum og söngvum. Hvort Akureyringar hafa gert sig samkvæmishæfa eftir recepti ráðh., er eftir að vita.

Einn andstæðingaritstjórinn sagði: „Hví er engin hirð um slíkan mann?“ **(Dómsmrh. JJ:** Það var ennþá betra hjá „Mogganum“!).

Þetta var sannarlega heiðursdagur dómsmálaráðherrans. —

En lán þessa heims er hverfult. Varla var dagurinn liðinn, þegar ó-

notalega skýflóka fór að draga upp, og hreyttust úr þessum flókum ónota skúrir.

Það var sem sje farið að spyrja um heimildir. Það var farið að efast um löggjafarmátt ráðherranna, jafnvel þótt þeir væru „á fundi". Stjórnarráðsbrjef eru því miður ekki lög. En allir eiga að hlýða lögunum, og líka ráðherrarnir „á fundi".

Stjórnarblaðið var látið rifa seglin. Í grein um þetta mál 12. nóv. er nú ekki lengur talað um aukin rjettindi, heldur stendur þar: „Hjer hefir það eitt verið gert, að **heita** Akureyrarskóla rjettindum". Þetta kemur ekki rjett vel heim við ráðherrabrjefið, sem jeg las áðan, og það breytist ekkert við það, þó að stjórnarblaðið sje látið feitletra orðið **heita.** Í brjefinu er að vísu heitið reglugerð um skólann, en rjettindin eru tvímælalaust gefin, *að Gagnfræðaskólinn á Akureyri skuli hjer eftir hafa heimild til*" o. s. frv.

Jeg er nú að vísu ekki lögfræðingur, en bæði hefi jeg fært málið í tal við nokkra lögfræðinga, og auk þess sýnist það liggja nokkuð beint við. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að ráðherrunum „á fundi" í stjórnarráðinu hafi tekist að fremja þrefalda lögleysu með þessu stutta brjefi sínu.

1. Jeg skal þá byrja á því, sem stjórninni mun veita einna skást að færa einhverjar tylliástæður fram fyrir, sem sje það, að stjórnin gefur hjer með Akureyrarskóla allríflega fjárveitingu án allrar heimildar til slíks frá Alþingi. Fullkomin lærdómsdeild hlýtur að kosta mikið fje, annars verður hún kák eitt og þeim til stórtjóns, sem hún á að verða að gagni.

Stjórnin mun í þessu sambandi vitna í það, að oft er nauðsyn að grípa fyrirfram talsvert fje úr ríkissjóði upp á væntanlega fjárveitingu. En enga nauðsyn er hjer hægt að benda á. Þetta mál gat allra hluta vegna beðið til Alþingis, nema bara vegna þessa eina: Dómsmálaráðherrann hefði orðið af veislunum og ræðunum.

Allir munu nú sjá, hvað í því felst, ef ráðherrar færu að taka upp á þessu, að setja upp dýrar stofnanir án þess að spyrja Alþingi. Í því felst *annaðhvort* það, að ráðherrarnir neyða sína menn síðar til þess að samþykkja þetta, og þar með eru gjöldin komin, *eða* að þetta verk þeirra verður hreinasta lokleysa. Og svo mun vera um þessa skólastofnun. Hún er hrein lögleysa, þar til fje er veitt í fjárlögum til hennar. Akureyri er jafnlærdómsdeildarlaus eins og ef einhver fjósakarl framan úr Bárðardal hefði komið til Akureyrar og gefið þeim þar skóla. Hitt er annað mál, hvort flokkur hæstv. stjórnar leysir vandræði hennar eins og Styr leysti vandræði Vermundar mjóa forðum.

2. Í öðru lagi hefir stjórnin með þessu farið í bág við háskólalögin 30. júlí 1909.

Í stjórnarráðsbrjefinu segir sem sje svo um próf úr þessari svonefndu lærdómsdeild, að það skuli veita „allan sama rjett" og stúdentspróf frá mentaskólanum. — Hvaða rjett veitir nú stúdentspróf frá mentaskólanum? Fyrst og fremst þann, að samkvæmt háskólalögunum eiga stúdentar kröfu til þess að innritast í háskólann, og þennan rjett mun því stjórnin hafa ætlað að gefa þeim, sem útskrifast úr Akureyrarskóla.

Í háskólalögunum segir svo í 17. gr., að þeir einir hafi rjett til innritunar í háskólann, sem lokið hafa prófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan.

Einhver aukatilsögn og prófmynd frá Akureyri nær alls ekki til þess að fullnægja þessu skilyrði. Samt hefir háskólaráðið þrisvar sinnum verið spurt um þetta mál.

1926 spurðu þingmenn Eyf. háskólaráðið, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu, að stúdentar frá Akureyri fengju háskólavist. — Meiri hl. háskólaráðsins gaf það svar, að ef sama eftirlit væri haft með prófi frá Akureyri, mundi vera hægt að leyfa þetta, en bætir svo við: „ef það þætti ekki koma í bága við háskólalögin".

1927 spurði kirkjumálaráðherrann um þetta sama út af þál. í Sþ. um stúdentspróf á Akureyri. Háskólaráðið svaraði þá meðal annars: „Meðan ekki er komið á fót fullkominni lærdómsdeild við gagnfræðaskólann á Akureyri, verður skólinn ekki talinn jafngildur hinum almenna mentaskóla í Reykjavík".

Þetta var skýrt svar, eins og málið lá þá fyrir. Í fyrra svarinu tjáir háskólaráðið sig ekkert hafa móti stúdentum frá Akureyri, ef þeir sjeu svo úr garði gerðir, að ekki fari í bág við háskólalögin, en í síðara svarinu kveða þeir upp úr með álit sitt á skólanum og því stúdentsprófi svonefndu, sem þá átti að fara að löggilda.

„Háskólaráðið telur ekki unt að neita nokkrum þeim um viðtöku í háskólann, sem lokið hefir stúdentsprófi í hverri stofnun sem er, svo fremi að hún fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru um nám og próf (sbr. 17. gr. háskólalaganna) í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík, — eða settar kunna að verða".

Jeg hefi tilgreint þessi svör háskólaráðs, úr því að þau liggja fyrir, en ekki af því, að jeg telji háskólaráðsúrskurð í þessu efni hafa veitt úrslitaátkvæði. Lögin sjálf verða að skera úr. Og eftir þeim hefir háskólaráðið að mínu viti tekið fulllint á málinu. Lögin heimta sem sje skýlaust próf, ekki aðeins frá einhverjum skóla, heldur frá *lærðum skóla* jafngildum mentaskólanum í Reykjavík.

Dómsmálaráðherrann mun halda því fram, að hann hafi nú uppfylt allar kröfur háskólaráðs með þessari stofnun lærdómsdeildar við gagnfræðaskólann á Akureyri. Hann hafi nú „sett á fót fullkomna lærdómsdeild við gagnfræðaskólann á Akureyri", eins og háskólaráðið orðar það.

En þar er sá hængur á, sem jeg hefi getið um, að stofnun þessarar lærdómsdeildar er alger markleysa, meðan ekki er veitt fje til hennar. — En auk þess mun jeg nú sýna, að þessu verður ekki einu sinni bjargað með fjárveitingu. Hjer bætist sem sje við

3. lögleysan, sem jeg tel hafa verið framda með þessu þráttnefnda stjórnarráðsbrjefi. En það eru lögin um sjálfan gagnfræðaskólann á Akureyri, sem þar er brotið í bág við.

Akureyrarskóla er skipað með lögum nr. 20, 9. júlí 1909. Í þeim lögum er hann skýrt nefndur „gagnfræðaskóli", svo að erfitt er að sjá, hvernig hann getur án lagabreytingar fullnægt því skilyrði háskólalaganna að vera „lærður skóli".

Þar er og skýrt og greinilega af-

markað kenslusvið hans og nefndar námsgreinir.

Kennarafjöldi er ákveðinn, 4 kennarar, og er einn af þeim meistari.

Yfirleitt eru lögin svo greinileg sem frekast má verða og takmarka hann alveg við hlutverk hans sem gagnfræðaskóla.

Hvernig er það nú mögulegt að breyta þessum eða öðrum lögum með stjórnarráðsbrjefi?

Slíkt nær auðvitað engri átt. Það er svo alkunnugt og viðurkent, að það er nærri því skömm að vera að taka það fram í þingræðu, að slík brjef og reglugerðir geta aðeins haft gildi *innan vjebanda laganna*. Það má kveða nánar á um eitt og annað, *en aldrei breyta neinu í lögunum*, enda er þá ekki gott að sjá, hvað lög ættu að þýða.

Það er leiðinlegt að þurfa að vera að rifja upp þetta stafróf hjer frammi fyrir háttv. þingm., sem auðvitað þekkja þetta allir fyrir löngu, en hvað skal gera, þegar svona nokkuð kemur fyrir, að landsstjórnin þekkir ekki stafina? Er um nokkuð annað að gera en taka hana á knje sjer og reyna að kenna henni að stafa?

Svona litu auðvitað allir á það, sem áður höfðu komið á breytingum á þessum skóla. Með lögum þeim, sem áður voru nefnd, voru numin úr gildi l. nr. 38, 10. nóv. 1903, er skólinn var fluttur til Akureyrar, en þau lög breyttu aftur eldri lögum um Möðruvallaskóla. — Þeir vissu það þá, að það þarf lög til þess að breyta lögum.

Þegar svona er ástatt, að stjórnin virðist hafa gengið á svig við ekki minna en þrenn lög, er ekki furða, þó að mann langi til að spyrja um heimildina og mótmæla þessum lögleysum. Það stendur næst.

Nú get jeg sagt, að lokið sje mínu aðalerindi við hæstv. stjórn. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á eitt atriði enn, sem kemur við afgreiðslunni í stjórnarráðinu. Um það *mál, sem jeg ætla að gera að umtalsefni*, er getið í blaðinu Vísi, og hefi jeg raunar ekki neinu við það að bæta, sem þar er sagt. Þykir mjer þó rjett, að það komi fram hjer á hv. Alþingi.

Það, sem jeg ætla að tala um, er það, þegar gert var tilboð um innanhússhúðun Landsspítalans.

Eins og allir vita, hefir mikið fje verið veitt til Landsspítalans. Þjóðin hefir tekið við hann sjerstaklega miklu ástfóstri. Undir því er ekki lítið komið, hvernig hagað er framkvæmdum öllum um hann. Má ætla, að þjóðin láti sig það ekki litlu skifta, hversu varið er því fje, sem hún hefir lagt fram, að miklu leyti með frjálsum samskotum, til þessa fyrirtækis.

Í auglýsingu stjórnarinnar, sem birtist 12. okt. síðastl., stendur þetta m. a. þar sem tekið er fram, hvernig tilboðin skuli vera:

„Tilboð í framangreind verk skal svo gert, að sjertilboð sje um kjallara og hverja hæð fyrir sig og aðaltilboð um alt saman í senn, sjertilboð í gjallsteypu og slitlög öll á gólfum".

Vitanlega var það alveg rjett að óska eftir sundurliðuðu tilboði. Kæmu misjafnlega hagfeld tilboð um einstaka hluta verksins frá sama manni, var ekki nauðsynlegt, að hann tæki

það alt, ef lægra tilboð kæmi frá öðrum um suma liði. Jeg vil í þessu sambandi leyfa mjer að biðja hv. þdm. að taka vel eftir því, að óskað er eftir því, að slitlög og gjallsteypa sje reiknuð sjerstaklega.

Skal jeg nú segja sögu þessa máls áfram og tel mig gera það best með því að lesa upp kafla úr umræddri grein í blaðinu Vísi, sem rituð er af stjórn Múrarafjelags Reykjavíkur og dagsett 23. nóv. síðastl.:

„*Á tilskildum tíma voru 4 tilboð komin á skrifstofu húsameistara*, og viljum vjer ekki þreyta lesendur vora á að geta nema tveggja þeirra, þess lægsta og þess, sem svo var úr garði gert, að það gat orðið lægra með munnlegri skýringu.

Fyrsta tilboðið, sem upp var lesið, var svona:

Tilboð frá undirituðum í innanhúðun Landsspítalans samkvæmt lýsingu.

Sjertilboð í:

Kjallara	kr.	22500
I. hæð	—	25000
II. hæð	—	25500
III. hæð	—	26200
Loft	—	15500

Í alt verkið að undanskildum gólfum (slitlagi og gjallsteypu) *kr. 112000 — eitt hundrað og tólf þúsund krónur.* — (Mismunur á samanlagðri upphæð sjertilboðanna og tilboði í alt verkið byggist á þeim hagnaði, sem af því hlýtst að taka alt verkið í einu).

Sjertilboð í slitlag og gjallsteypu á gólf kr. 13000. — Þrettán þúsund krónur. —

Reykjavík, 22. okt. 1927.

Þessar upphæðir voru umsvifalaust lagðar saman og litið svo á, að tilboðið næmi alls *125 þús. kr.*

Næsta tilboð, sem upp var lesið, höfum vjer því miður ekki orðrjett við hendina, en sundurliðun þess var þannig:

Fyrir kjallara	26	þús. kr.
— I. hæð	29	— —
— II. hæð	30	— —
— III. hæð	30	— —
— Lofthæð	15	— —

Aðaltilboð *119 þús. kr.* Sjertilboð í gjalllög og slitlög *18500.*

Með tilboð þetta var farið á sama hátt og hið fyrra. Upphæðirnar voru lagðar saman og álitið, að tilboðsupphæðin næmi alls *137500 kr.*

En er öll tilboðin höfðu verið lesin upp, kemur munnleg skýring frá tilboðsgefanda þessa tilboðs. Heldur hann því nú fram, að slitlög og gjallsteypa sje innifalið í aðaltilboðinu, þ. e. þessum 119 þús. kr.

Hvort skýring þessi hefði komið fram, ef öll tilboðin hefðu verið hærri en 137500 kr., er ósannað mál.

Ekki hreyfði húsameistari neinum mótmælum, en virtist taka þessa munnlegu skýringu fyllilega til greina. Má þetta undarlegt virðast, því hann hefir látið svo um mælt, að hefði tilboðsgefandi sökum forfalla verið fjarstaddur og skýring þessi ekki komið, þá hefði verið litið svo á, að tilboð þetta næmi 137500 kr.“

Endirinn varð svo sá, að þetta tilboð var tekið.

Það var nú ekki nema von, að Múrarafjelagið, sem gætir hagsmuna þeirra manna, sem múraraiðn stunda, teldi þetta nokkuð einkennilegt. Stjórn þess sneri sjer til dómsmálaráðuneytisins með brjefi dags. 5. nóv. síðastl., þar sem hún gerði grein fyrir skilningi sínum á málinu og æskti þess, að ráðuneytið

tæki lægsta tilboðinu. Brjefið er stillilega og kurteislega ritað. En hvað skeður? Stjórn Múrarafjelagsins fær harðort brjef frá ráðuneytinu, þar sem þess er getið, að þó að ekki verði höfðað mál gegn henni nú, skuli hún gæta þess að skrifa ekki fleiri þvílík brjef. Í lok stjórnarbrjefsins standa þessi orð:

„Að þessu sinni mun ráðuneytið ekki láta höfða mál gegn fjelagsstjórninni, en best mun henni að skrifa ekki fleiri brjef hingað, ef vel á að vera."

Það er því ekki að ófyrirsynju, að stjórn Múrarafjelagsins kemst svo að orði í Vísisgreininni:

„Af einskærri náð ætlar dómsmálaráðherrann ekki að lögsækja okkur í þetta skifti. En vjer iðnaðarmenn vitum, hvers vjer megum vænta í framtíðinni af þessum dómsmálaráðherra bænda og jafnaðarmanna, ef vjer gerumst svo djarfir að leita rjettar vors og látum álit vort í ljós á þeim málum, er varða heill og framtíð stjettarinnar."

Já, það er sannarlega ekki ofmælt hjá greinarhöf. Menn vita, á hverju þeir eiga von, ef þeir dirfast að leita rjettar síns gagnvart rangsleitni þessa hæstv. dómsmrh.

Jeg hafði satt að segja búist við, að jafnaðarmenn hjer í deildinni mundu hreyfa þessu máli. Bæði láta þeir jafnan svo, að þeim sje ant um hina vinnandi stjett, og auk þess var það flokksbróðir þeirra, sem lægsta tilboðið átti og fyrir ranglætinu varð, maður, sem þeir m. a. hafa stutt til að komast í bæjarstjórn. Það var Kjartan Ólafsson, sem hefði átt að fá vinnuna.

Nú kunna einhverjir að segja, að ekkert sje um þetta að fást, fyrst sá, sem samið var við, lækkaði tilboð sitt; það hafi þó orðið gróði fyrir landið. En þetta er skakt hugsað. Þó að svo færi, að aðaltilboð hans yrði lægst, átti stjórnin aðeins að ganga að því ó frádreginni gjallsteypu og slitlögum á gólfum, en taka svo aukatilboði frá hinum, sem lægra buðu í þann hluta verksins. Á því hefði græðst 6500 kr.

En stjórnin hefir hjer gert sig seka um margt í einu: Hún hefir varpað frá sjer 6500 kr., og þannig sóað fje ríkisins að óþörfu, brotið sína eigin skilmála og svarað kurteislegri málaleitun dónalega. Nú vildi jeg gjarnan heyra, hvernig hæstv. dómsmrh. fer að verja þessa framkomu.

Skal jeg nú hverfa frá þessu efni, en áður en jeg hætti, ætla jeg að minnast á 1—2 mál í viðbót. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir nú sýnt deildinni ljóslega fram á sinnaskifti hæstv. forsrh. Er það að vísu gleðilegt, ef hjer er að sannast máltækið gamla, að þeim, sem guð gefur embætti, gefur hann líka vit. Og jeg vil óska þess, að guð haldi áfram að gefa hæstv. ráðherrum meira vit. En þó að mjög hafi skift um til hins betra um þá, kemur fram í sambandi við sinnaskiftin ein mjög athugaverð staðreynd. Því að þegar þeir breyta nú um afstöðu, sjest af því, að þeir hafa áður siglt undir fölsku flaggi. En það er alls óvíst, að þeir væru nú þar, sem þeir eru, ef þeir hefðu gengið til kosninganna undir sínu rjetta flaggi, því að á sínum fyrri stefnumálum hafa þeir flotið upp í ráðherrastólana.

Jeg ætla að minnast á Titansjerleyfið. Mjer þykir undarlegt, hve varfærinn hæstv. forsrh. er nú alt í einu

orðinn í því máli. Þegar það var til umræðu í fyrra í þessari hv. deild, talaði hann að vísu lítið, en kvaðst þó ekki hika við að greiða atkv. gegn sjerleyfinu. En nú er hann orðinn furðulega varfærinn. Hann ætlar alveg að kæfa málið í umsögnum, rjett eins og þegar menn styttu einum rómverska keisaranum aldur með því að kæfa hann í rúmfötunum. Honum finst nú goðgá að kalla þetta járnbrautarmál. En jeg held, að ef bændur fá sína nauðsynlegu og margþráðu járnbraut austur yfir fjall, sje sama, hvað málið er nefnt. Hæstv. ráðh. segir, að fossavirkjunin þarna eystra verði ekki gerð fyrir landbúnaðinn. En hann laut þó sjálfur svo lágt í fyrra fyrir hönd bænda að biðja um, að bændur fengju ódýran áburð frá Titan, ef til virkjunar kæmi. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert að athuga, en með því er viðurkend gagnsemi virkjunarinnar fyrir landbúnaðinn.

Hæstv. dómsmrh. fáraðist mjög út af olíugeymum Shellfjelagsins við Skerjafjörð. Jeg kem ef til vill að þeim síðar. En mjer þykir ákaflega einkennilegt, að hann skyldi ekki geta um olíugeyma þá, sem British Petroleum Co. byggir hjerna við höfnina. Mætti þó minnast á það fjelag, því að það er gamall kunningi. Við það gerði landsverslun sinn nafnfræga samning, sællar minningar, sem lesa má um í þingtíðindum frá fyrri árum. E. t. v. hvílir einhver helgi yfir nafni þessa fjelags í augum hæstv. dómsmrh. En mig langar samt til að bera fram spurningu í sambandi við það. Jeg hefi heyrt að þetta fjelag hafi sýnt Íslendingum þá lítilsvirðingu að láta á sjer skilja, að hjer mundu engir þeir menn, sem færir væru um það að smíða olíugeymana. Þetta minnir á gamla niðurlægingartíma þjóðarinnar, þegar Danir hjeldu, að Íslendingar gætu ekki neitt. Það minnir á þann tíma, þegar ekki þótti einu sinni fært að nota ísl. sand við byggingu dómkirkjunnar í Reykjavík. Hjer kemur fram hið gamla vantraust á Íslendingum og öllu íslensku, sem stafar af því, að við höfum til skamms tíma verið lokaðir úti frá svo mörgum sviðum.

Nú jæja, þetta fjelag, sem grætt hefir stórfje á olíuverslun hjer, launar nú gróðann með þessari lítilsvirðingu. Ef til vill hefir það fengið þetta álit á okkur við það að kynnast verslunarviti okkar í olíusamningunum. Jeg skal nú ekki fullyrða neitt um það, hvað hæft er í þessum fregnum, að fjelagið hafi viljað fá að flytja inn enska smiði. En þetta er altalað, og stjórnin á að hafa veitt leyfið. Jeg veit heldur ekki sönnur á því. En nú vil jeg spyrja hæstv. atvmrh.: Er þetta satt? Nú hefir það sýnt sig, að íslenskir járnsmiðir gátu sett upp olíugeymana við Skerjafjörð, sem eru þó miklu stærri en geymarnir við höfnina. Hafa þeir því fullkomlega rekið af sjer ámælið.

Hæstv. fjmrh. hefir að mestu leyti verið friðhelgur í þessum umræðum. Og jeg vil ógjarnan brjóta þann frið, sem yfir honum hvílir. En jeg verð að beina til hans spurningu um gengismálið. Það var hæstv. forsrh., sem benti mjer á að gera það. Það er kunnugt, að hæstv. fjmrh. hefir verið á móti stýfingu. Hann og Klemens Jónsson höfðu sjerstöðu í því máli innan Framsóknarflokksins, að því er sagt var. Nú hefir hæstv. forsrh. gef-

ið mjer tilefni til þess að halda, að hæstv. fjmrh. hafi snúist hugur. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að sjer þætti það ótrúlegt og taldi, að hæstv. forsrh. mundi hafa vikið frá sinni stefnu. En sá hæstv. ráðh. (TrÞ) sagði, að það væri hæstv. fjmrh. (MK), sem hefði látið kúska sig. Og hann benti á eitt atriði því til stuðnings, sem jeg hafði ekki athugað fyr. Það er, að hæstv. fjmrh. hefir skipað sem formann gengisnefndar einhvern hinn allra ákveðnasta og duglegasta verðfestingarmann þingsins, hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Jeg skal játa, að þetta er mjög hæfur maður. En jeg segi þetta af því, að skipun þessa manns styrkir mjög það, sem hæstv. forsrh. heldur fram, að hæstv. fjmrh. hafi látið kúska sig. Það verður að teljast alveg óverjandi, ef hann hefir skipað andstæðing sinn í þessu máli í gengisnefndina. Liggur þá sú skýring nærri, að honum hafi snúist hugur og skipað núverandi skoðanabróður sinn. En til þess að binda enda á óvissuna, ber jeg fram spurninguna. Hún er eiginlega frá hæstv. forsrh., en jeg flyt hana fyrir munn hans. Og spurningin er: Hver er afstaða hæstv. fjmrh. í gengismálinu?

Mjer er mjög umhugað að fá svar hans við þessari spurningu, því að hingað til hefi jeg verið rólegur, af því að jeg hjelt, að því mætti treysta, að hann væri móti stýfingu.

Áður en jeg hætti, ætla jeg snöggvast að snúa mjer aftur að hæstv. dómsmrh. Mjer finst nú altaf einna mestur akkurinn í honum. Hæstv. forsrh. var og eldfimur fyrrum, en nú er hann eins og honum hafi verið dýft ofan í einhvern vatnsgeymi. **(Forsrh. TrÞ:** Ætli það hafi verið olíugeymir?). Nei, það hefir víst verið eitthvað annað í þeim geymi, því að hæstv. forsrh. er nú hreint hættur að loga og vatnsbragð af öllu, sem frá honum kemur. En hæstv. dómsmrh. er altaf jafneldfimur. Um hann gæti það átt við, sem Shakespeare segir um feitu eldabuskuna, að í henni sje svo mikill eldsmatur, að í henni muni loga heila viku eftir að öll veröldin er brunnin til ösku.

Hæstv. dómsmrh. var að víta hv. þm. Vestm. (JJós) fyrir að hafa haldið langa ræðu um lítið efni. En efnið, sem sá hv. þm. talaði um, var hvorki meira nje minna en það, að dómsmrh. landsins hefði brotið tvenn lög. Þetta þykja hæstv. dómsmrh. smámunir einir, að slíkt sje á hann borið. Hamingjan hjálpi þeirri þjóð, sem á þann mann að æðsta verði rjettlætis og laga, sem svo hugsar. Hæstv. dómsmrh. gat haldist það uppi stöðu sinnar vegna að segja, að hv. þm. Vestm. færi með rangt mál, en varð þá auðvitað að sanna orð sín. En að segja, að það sjeu smámunir — það er óþolandi af dómsmálaráðherra. Hann á að gæta laganna í landinu. Og allir vita, hve erfitt og vandasamt verk það er. En fyrsta atriðið er þó það, að þeir sjeu ekki sjálfir lögbrjótar, sem gegn lögbrotum eiga að standa. Það er eins og Gissur biskup Einarsson sagði, að mig minnir við Pjetur Einarsson: „Ber og þeirri hönd hreinni að vera, sem af vill þvo annara saura". Jeg veit ekki, hvar við stöndum, ef það fer að tíðkast, að ráðherra brjóti lög landsins og púkki upp á meirihlutavald til þess að fríkenna sig. Þá höfum við þetta þrent: Alþingi setur

lögin, konungur staðfestir þau og ráðherrann brýtur þau.

Hæstv. dómsmrh. þarf ekki að taka hart á hv. þm. Vestm. fyrir langa ræðu. Hann hjelt sjálfur miklu lengri ræðu til þess að verja sig. Jeg hlustaði vandlega eftir, hvað hann hefði fyrir sig að bera, og heyrðist það ekki vera annað en það, að allir skipverjar hefðu haldið heilsu og þessi voðalega skráning ekki reynst neitt bráðdrepandi; varðskipin væru út um öll höf að taka togara eftir sem áður! o. s. frv.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á það, að fyrirrennari sinn, hv. 1. þm. Skagf., hefði brotið lögin um atvinnu við siglingar. Ef maður ættí nú að nota sömu rök gegn þessu og hæstv. ráðherra varði sig með, þá veltur alt á því, hvort nokkur hefir mist heilsuna við það, að þessar undanþágur voru veittar. Nú hefir ekki heyrst neitt um það, að heilsufar manna hafi versnað við þetta, og því er hv. 1. þm. Skagf. sýkn saka. Annars er það algengt, að það sje stolið frá mönnum og þeir haldi þó heilsu sinni eftir sem áður, sömuleiðis að nöfn sjeu fölsuð án þess að nokkur leggist í rúmið. Ef því hæstv. dómsmrh. færir þau rök ein fyrir því, að hann hafi ekki brotið lög landsins með skrásetningunni, að skipshafnirnar á varðskipunum hafi haldið heilsu sinni, ja — þá veit jeg ekki, hvað margir sökudólgar verða yfirleitt dregnir fyrir lög og dóm og látnir sæta ábyrgð fyrir lögbrot.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að fleiri ráðh. en hann hefðu brotið lög landsins. Í því sambandi las hann upp úr sjer heilan lista af ráðherra-lögbrotum. Það var heldur skemtilegur lestur, eða hitt þó heldur. Eins og það sje sjálfsagt, að einn ráðherra brjóti lögin, þó að aðrir ráðherrar hafi gert það, eða nokkur afsökun, þó að einhver annar hafi drýgt sama glæpinn og maður sjálfur. Hæstv. ráðh. minti mig á refinn, sem vildi láta aðra refi taka af sjer skottið, af því að hann var skottlaus sjálfur. Jeg segi hvorki, að hæstv. dómsmrh. sje skottlaus nje að hann sje refur, en hinsvegar svipar honum í þessu til þess, sem dæmisöguhöfundurinn á við.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hv. þm. Vestm. hefði haft það á tilfinningunni, að málið, sem hann var að flytja, væri útvatnað. Það er satt, að mikið hefir verið talað og ritað um málið, og jeg býst við því, að að hefði verið fundið, ef svo hefði ekki verið. Þá hefði verið sagt: Hjer sjáið þið, hvort þetta hefir verið alvarlegt. Það hefir varla verið nefnt! En jeg get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að málið er ekki útvatnað fyrir það; hann hefir framið alveg vaskekta lögbrot. Og það er hreinasti misskilningur, ef hann heldur, að megi útvatna lagabrot eins og saltkjöt eða eitthvað þesskonar, eða þvo það af eins og blóðbletti úr fötum. Það væri það sama og sakamaður segði við dómarann, þegar hann væri búinn að vera lengi undir rannsókn: Heyrið þjer, herra dómari, finst yður ekki þessi glæpur farinn að verða útvatnaður? Væri ekki betra að sleppa mjer? Hæstv. ráðh. státaði og sagði: „Komið þið bara með landsdóm“. Hann kvaðst fús til þess að láta hengja sig, ef saklaus maður yrði hengdur á undan. Jeg held, að hann ætti að

stinga höfðinu í þá snöru, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) bauð honum upp á, en hún er sú, að fram fari ný rannsókn á kosningasvikunum og báðir leggi við þingmensku sína.

Hæstv. dómsmrh. er svona mikill á lofti af því að hann veit, að hann er í meiri hl. Hann hefir sína vopnuðu riddara og getur því vaðið uppi og sagt með sama rjetti og Brennus, þegar hann kastaði sverði sínu á vogarskálina: „Vei þeim sigruðu". Hann manar að draga sig fyrir landsdóm, af því að hann veit, að flokkur hans hindrar það. „Asnana og vísindamennina í miðið", sagði Napóleon forðum og skipaði liðinu í teningsfylkingu utan um þá. Hann var þá að búa sig undir orustu við Egypta, og þegar þeir svo rjeðust á, ljet hann skjóta í allar áttir. Hæstv. ráðh. hefir sterkan flokk, sem náttúrlega setur hann í miðið, ef til skarar skríður og farið verður fram á, að landsdómur dæmi í máli hans. Og því verður ekki hægt að koma fram landslögum á honum, þó að sekur sje. Það er alveg eins og í fornöld, þegar ribbaldahöfðingjar hjeldu seka menn, svo að ekki var hægt að hafa hendur í hári þeirra.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Íhaldsflokkurinn hefði ætlað að verða vitlaus út af frv. um eftirlit með skeytasendingum togaranna, og vildi með því sýna, að flokkurinn hefði sýnt flátt skap í málinu. En hvernig hefir honum sjálfum farið? Þegar talað er um að gera raunverulegar umbætur í strandvarnarmálinu, efla sjálfstæði yfirmanna á skipunum og hafa þá ánægða, þá er eins og hæstv. ráðh. sje stungið upp í hrútshorn. En hinsvegar ætlar hann að rifna af áhuga, þegar talað er um að banna togurunum að nefna ömmu og gera slíkar hjegómaráðstafanir. Ef þessi framkoma er ekki flátskapur, veit jeg ekki, hvað því nafni á að nefnast.

Hæstv. dómsmrh. tók sjer fyrir hendur að gera eldhúsdag á fyrverandi stjórn. — Það, sem sjerstaklega vakti eftirtekt mína, var hvað hann taldi það ógurlegt brot, að hjer hefði verið leyft samskonar fyrirkomulag á olíuverslun eins og gerist yfirleitt hjá menningarþjóðum. Hæstv. ráðh. ætlaði alveg að ærast yfir olíugeymunum við Skerjafjörð. Hann sagðist hafa verið þar á gangi, en sjer hefði ekki verið hleypt inn í girðinguna. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg fjekk það ekki heldur. — **ÓTh:** Voru fleiri með í förinni? — **Forsrh. TrÞ:** Já, og enn fleiri). Jeg verð að játa það, að mjer þykir vænt um, að fjelagið lætur ekki hvern sem er ganga þar um eins og heima hjá sjer, því að jeg þykist vita, að hæstv. ráðh. hafi ekki farið fram á þetta í embættisnafni, ella hefði þeim að sjálfsögðu verið hleypt inn. Hitt læt jeg vera, þó að öllum sje ekki leyft að valsa þarna innan um nokkur þúsund tonn af olíu, því ekki þarf annað en að fara dálítið óvarlega með eldspýtu, til þess að sjórinn og landið alt hjer umhverfis fljóti í logandi olíu, og það mun varla þykja skemtileg tilhugsun. Jeg vona, að British Petroleum sje jafngætið.

Hæstv. ráðh. ljet í veðri vaka, að hjer væri um einhver dólgsleg ósköp að ræða, þar sem eru Shelldunkarnir við Skerjafjörð, og þetta væri ef til vill undirbúningur undir að halda

hjeðan út herskipum. Satt að segja sá jeg ekki, að hann sýndi fram á nokkuð voðalegt við þetta í sinni afarlöngu ræðu, enda virðist það alls ekki neitt voðalegt, þó að hjer sje farið að versla með olíu á sama hátt og tíðkast annarsstaðar í heiminum. Hæstv. ráðh. vill kannske, að olíuverslunin sje rekin með sama sniði og verið hefir. Það ætti kannske að halda öllu í gamla horfinu, líkt og þegar kolunum var skipað upp í pokum, sem menn voru að burðast með á bakinu. En hann verður að sætta sig við það, að nú eru aðrir tímar, og jeg fæ ekki skilið, að hann þurfi að rifna, þótt olían sje flutt í tankskipum og geymd í stórum geymum. Mjer virðist, sem engin ástæða sje til að amast við fjelaginu fyrir það eða nokkuð annað, svo lengi sem það heldur lög landsins.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ala mætti heilan herskipaflota á olíunni úr þessum dunkum. Jeg verð nú að játa það, að jeg sje ekki, hvað dunkarnir hafa að segja, ef slíkt liggur á bak við. Jeg held, að það dragi lítið um þá, þegar um þesshátta er að ræða. Og jeg býst við, að stórveldunum yrði ekki skotaskuld úr að byggja hjer nokkra geyma, ef þau á annað borð teldu sjer það sæma að rjúfa hlutleysi landsins á ófriðartímum og vildu halda hjeðan út herskipum. Þeim mundi varla vaxa það í augum að koma upp nokkrum tíu potta dunkum, þegar út í það er komið. En jeg skil ekki, af hverju Shellfjelagið er svo hættulegt í þessum efnum, því að jeg veit ekki betur en að því standi margar þjóðir, en ekki nein ein.

Þá fór hæstv. dómsmrh. að sýna þekkingu sýna á olíuspursmálinu og tala um baráttuna um olíuna. En hann sýndi greinilega, að hann þekkir ekkert inn á það mál. Þessi barátta er ekki um að selja olíuna frekar en aðrar vörur, heldur um olíulindirnar. Það er kapphlaupið um þær, sem ætlar að sturla stórþjóðirnar og verða þeim að styrjaldarefni. Allar vilja þær sölsa lindirnar undir sig, hvort sem þær eru nú í Ameríku, Rússlandi, Persíu eða einhversstaðar annarsstaðar. Þessi harða barátta er ákaflega skiljanleg, því að olíunotkun þjóðanna vex hröðum skrefum. Olían er alstaðar að ryðja sjer til rúms og olíuskip að leysa gufuskipin af hólmi. Við Íslendingar eigum stóran skipastól eftir tiltölu, og ef farið verður að knýja hann áfram með olíu í stað kola, verður olíuþörfin mikil. Það er því engin furða, þótt framsýn fjelög komi sjer hjer upp stórum olíugeymum. Því betur standa þau að vígi, þegar breytt verður um. Og mjer virðast framkvæmdir Shellfjelagsins sýna eðlilega útsýni yfir framtíðina.

Jeg ætla ekki að hafa þetta lengra. Aðalatriðið fyrir mjer var að sýna fram á og fá að vita, hvort hæstv. dómsmrh. hefði brotið lög landsins eða ekki. Hann má vita það, að hann er þjónn þingsins, hann er vinnumaður, sem á að hlýða skipunum húsbóndans, en ekki vera svörull og óhlýðinn. En ef hann hefir svo sterkan flokk, að ekki er hægt að reka hann, á hann að minsta kosti að fá skömm í hattinn hjá öllum þeim, sem þekkja sóma sinn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla, að jeg hafi aðeins átt fimm mínútur í hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Reykv. (MJ). Það

voru aðeins tvö atriði, en jeg vil ekki fresta því að kvitta fyrir.

Fyrra atriðið skiftir litlu máli. Það er út af leyfi, sem sótt var um og veitt, til að fá hingað útlenda sjerfræðinga við smíðar. Jeg skal segja það, út af orðum háttv. 1. þm. Reykv., að jeg er ekki viss um, að rjett hafi verið að veita leyfið. Það var mjög vandasamt að skera úr, hvort svo átti að gera eða ekki. Og jeg hafði meiri tilhneigingu til að vera á móti, og hefði neitað, ef beðið hefði verið um að fá að flytja inn almenna verkamenn. Jeg skal játa, að það hafði töluverð áhrif, að fjelagið, sem bað um leyfið, stóð í viðskiftum við stjórnina og keypti olíu og bensínleifar landsverslunarinnar, sem við þannig gátum selt á hagkvæman hátt og allar í einu. Það var leyft að flytja inn sjerfræðinga, og það komu aðeins tveir. En einn mun hafa komið til hins fjelagsins. Jeg játa, að mjer þykir gott að fá aðhald í þessum efnum, þó að jeg hafi meiri tilhneigingu til að vera strangur.

Aðalatriðið, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín, var út af Titan. Hann ásakaði mig fyrir að vefja málið inn í eilífar umsagnir. Nú er um að ræða eitthvert stærsta mál þjóðarinnar, um það, hvort hleypa eigi inn í landið erlendu fjármagni, sem getur vaxið þjóðinni yfir höfuð. Og svo er verið að draga dár að mjer fyrir að vilja leita umsagnar sjerfræðinga um málið og sýna varfærni. Jeg verð að segja það, að mjer finst það ósamboðið manni, sem fer með umboð þjóðarinnar á Alþingi, að draga dár að varfærni í slíku máli. Jeg vil fyrst benda á það, að sjálfsagt er að beita varfærni í slíkum málum gagnvart öllum útlendingum, og ekki síst gagnvart þessu fjelagi, sem vill flytja hingað meira fjármagn en tífaldar árstekjur ríkissjóðs eru. Jeg er altaf varfærinn. Og jeg tel það skyldu mína að vera varfærinn og þykir vænt um, að sá maður situr ekki í þessu sæti, sem hefir skap í sjer til að draga dár að varfærni í slíku stórmáli sem þessu.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hjelt, að það ætti við mig, sem stendur í vísunni:

Jeg þarf ekki að þakka,
jeg fjekk ekki að smakka
utan vatnið tæra o. s. frv.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú bætt úr því með því að framkalla mig, og jeg er honum þakklátur fyrir. En jeg vil minna hv. þm. á vísuna og vona, að hann taki eftir:

Þú mátt ígrunda málsháttinn,
málmalundur viskusljór,
að oft á fundum áleitinn
fær illa sundur rifinn bjór.

Jeg ætla í raun og veru ekki að verða til þess að rífa bjórinn á þessum hv. sessunaut mínum (MJ), að minsta kosti ekki til að byrja með. Því er svo farið, að mjer finst það vera mikil misnotkun á dýrmætum tíma þingsins, að hv. Íhaldsmenn gefi tilefni til þess að vera dag eftir dag með tilgangslaust skvaldur um athafnir stjórnarinnar þennan stutta tíma, sem hún hefir setið að völdum. Jeg álít, að miklu fremur sje tilefni til þess fyrir annan flokk að taka til íhugunar starfsemi fyrverandi stjórnar, því að hún fór með völd nálægt 3/4 hluta ársins sem leið, en einmitt sá flokkur

er svo viti borinn, að hann sjer, að ekki til neins eintómt orðaskvaldur, sem engan árangur ber. Í hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Reykv. var lítið samhengi og fátt, sem máli skifti. Það eina, sem jeg gæti haft ástæðu til að athuga, átti að heita fyrirspurn til mín um afstöðu mína gagnvart gengismálinu, eða öllu heldur verðfestingarmálinu. En jeg verð að segja, að jeg álít, að jeg hafi ekki mikla ástæðu til að fara inn á það mál nú, og allra síst að vert sje að svara þeim fullyrðingum, sem háttv. þm. leyfði sjer að viðhafa. Hv. þm. sagði, að jeg hefði gefið yfirlýsingu um, að jeg væri eindreginn og ákveðinn hækkunarmaður. (**MJ:** Það sagði jeg ekki). Jú. En hv. þm. er kannske ekki altaf ljóst, hvað hann segir. Hvernig á það að vera með þessu óþrjótandi orðagjálfri?

Jeg skal verða við ósk hv. þm. um að skýra frá afstöðu minni til gengismálsins. Jeg kannast ekki við að hafa nokkurntíma, hvorki í ræðu nje riti, látið uppi þá skoðun, að krónan ætti að hækka hröðum fetum. Ef hv. þm. getur bent á nokkur þau ummæli mín, sem sanni þetta, verð jeg að taka því, en jeg er þess fullviss, að svo er ekki. Hinsvegar verður því ekki neitað, að jeg hefi haft sjerstöðu um það mál, en jeg hygg, að jeg hafi litið fullkomlega heilbrigt á það. Jeg hefi sagt það hjer áður, þegar slík mál hafa verið til umræðu, að það ólán, sem orðið hefir af verðfalli krónunnar, væri að miklu leyti sjálfskaparvíti. Ennfremur hefi jeg komið fram með tillögu í þá átt að koma í veg fyrir, að ólánið magnaðist ár frá ári. Þá var það einmitt þessi hv. þm., sem, eins og endranær, lenti þeim megin, sem ver gegndi, af því að honum þótti það vera hreinasta glæpur að takmarka þann innflutning á allskonar óþarfavarningi, sem keyrði fram úr öllu hófi og var að verða hreinasta þjóðarböl. En það mátti enginn bönd leggja á hina marglofuðu frjálsu samkepni. Það fór því svo, að þær ráðstafanir, sem hefðu getað orðið til þess að vinna á móti miklu tjóni, voru drepnar, og átti háttv. 1. þm. Reykv. mikinn þátt í því. Þó að það hljóti í raun og veru að vera öllum nokkurn veginn skynbærum mönnum ljóst, hversu mikið þjóðarböl lággengið var og er enn, er ekki rökrjett að álíta, að ráðið til þess að bæta úr því sje á skömmum tíma að kippa gjaldeyrinum upp í gullgildi. Þesskonar rassaköst mega ekki eiga sjer stað. Það hefir því altaf verið mín stefna að vinna af alefli á móti verðfalli, en varast umfram alt miklar sveiflur. Jeg hefi altaf álitið, að sú gengislækkun, sem varð í ársbyrjun 1924, hafi verið algerlega ástæðulaus og stórkostlegt böl fyrir þjóðina. Enda kom það í ljós, að verðlækkunin hafði verið óeðlileg og að ekki var hægt að halda gjaldeyrinum eins langt niðri og hann var settur. Það hefir aldrei borið á stefnubreytingu hjá mjer, enda hefi jeg ekki haft ástæðu til þess að taka beina afstöðu til gengismálsins. Það, sem fyrir mjer vakir, úr því sem komið er, að orðið hefir hin gífurlega verðhækkun, sem hefir íþyngt atvinnuvegum landsins, er að varna því, að verðfall hefjist á ný. Það má segja, að jeg sje að því leyti ekki lággengismaður. En jeg mun enga leið sjá til þess, að fært sje að vinna að frekari hækkun í náinni framtíð. Af þessum ástæðum hygg jeg, að sam-

starf hafi getað orðið með mjer og þeim, sem álíta, að nú þurfi að varna örum sveiflum eða frekari hækkun. Jeg býst við, að háttv. 1. þm. Reykv. álíti þetta fullkomna skýringu.

Þá taldi hv. þm. það vera mikið hneyksli eða höfuðsynd, að jeg sem fjmrh. hefði framið það ódáðaverk að skipa nýjan formann í gengisnefndina. Hv. þm. brúkar stór orð, en ekki að sama skapi kraftmikil. Hv. þm. er ekki kunnugt um, að eins og á stóð var engin leið til þess, að fyrverandi formaður gengisnefndarinnar gæti haldið áfram þeim störfum, þegar hann var orðinn bankaráðsmaður og yfirmaður hv. 1. þm. Reykv. Honum var sjálfum ljóst, að það gat ekki átt sjer stað, og þá varð að skipa nýjan formann. En þar sem hv. þm. hefir haldið því fram, að hinn nýi formaður væri langfærasti maðurinn, sem völ var á, get jeg ekki annað sjeð en að jeg hafi framið mjög heppilega ráðstöfun.

Jeg ætla að leiða hjá mjer að fara út í hin margvíslegu smáatriði, sem hv. þm. stiklaði á samhengislítið. Það má vera, að aðrir virði hann svars, en ef ætti að taka upp þann sið að hefja langar umræður um hvert einasta atriði, sem fram kemur, mundi það leiða til hinna mestu vandræða.

Jeg þykist nú hafa skýrt hið óttalega fyrirbrigði, sem hv. þm. þótti vera. Hann álítur, að jeg hafi snúist í stórmálum þjóðarinnar. En jeg álít, að þessi ófrjói svilfiskur, sem sífelt er að veita slefu sinni yfir gömul íhaldshrogn, sem aldrei geta frjófgast, ætti að breyta sinni stefnu og haga sjer í framtíðinni eins og mönnum sæmir.

Ólafur Thors: Hæstv. forsrh. kvartaði undan því í gær, að við Íhaldsmenn værum nokkuð daufir við eldhúsverkin. Með þessu skorar hann á okkur að setja nú upp svuntuna, en ef einhverjum skyldi verða á að taka með sjer skörunginn, verður að virða honum það til vorkunnar. Jeg skal reyna að stuðla að því, að hæstv. ráðherra sofni ekki undir minni ræðu, en ef hann sofnar, vænti jeg þess, að hann dreymi ekki vel.

Jeg hafði hugsað mjer að beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. um gengismálið. En jeg bjóst við að geta látið það niður falla, þegar hæstv. fjmrh. fór að skýra deildinni frá sinni stefnu. En þrátt fyrir ræðu hæstv. fjmrh., finn jeg mig knúðan til að bera fram fyrirspurn mína.

Fyrir skömmu beindi jeg því hjer í hv. deild til hæstv. forsrh., hvort væntanlegar væru ráðstafanir frá hans hálfu í sambandi við gengismálið. Þess var að vænta, að hann, sem taldi gengismálið svo miklu þýðingarmeira en önnur mál, að hann kallaði það „mál málanna", mundi nú gera sjerstakar ráðstafanir til að leiða það til lykta. En hverju svaraði hæstv. forsrh.? Hann sagði: „Jeg er ekki fjármálaráðherra". Ef í þessu svari liggur ekki aðeins óviðeigandi tilraun til þess að svara í glettni alvarlegri fyrirspurn um mikilvægt mál, þá verð jeg að ætla, að á bak við það liggi sjerstök merking. En þegar jeg spyr, hver hún sje, er ef til vill best að svara með annari spurningu: Hver er fjármálaráðherra? Þegar það barst um landið, að hv. þm. Str., sem þá var, mundi mynda hina nýju stjórn, má

telja fullvíst, að sá hluti þjóðarinnar, sem fylgdi honum vegna gengismálsins, hafi gengið út frá því sem gefnu, að yfir „mál málanna“ yrði settur sá, sem mest var festingarkempan. En alþjóð fjekk vitneskju um, að Magnús Kristjánsson ætti að gegna þessu vandasama og veglega starfi. Jeg hugsa, að þorri manna hafi litið á þetta sem óskeikulan vott um, að hjer væri mestur festingarmaðurinn í hópi Framsóknarflokksins. Við hinir, sem erum dálítið kunnugir því, sem gerist að tjaldabaki, vorum sammála um, að þingflokkur Framsóknarflokksins væri einhuga fylgjandi verðfestingu, nema einn einasti maður, Magnús Kristjánsson. Nú langar mig til að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann hafi trygt sjer það, að stefna fjmrh. sje, þegar á hólminn kemur, sú sama sem hæstv. forsrh. hefir barist fyrir. Ef svo er ekki, hefir hann svikið sína hugsjón. Hæstv. fjmrh. gaf þær upplýsingar, sem raunar benda á, að hæstv. forsrh. hafi ekki trygt sjer þetta. Hæstv. fjmrh. sagði: „Mig varðar það mestu að varna verðfalli“. Og svo kom hin óvænta skýring: „Af því að þetta er stefna mín, að varna verðfalli, og af því að svo stendur á, að í náinni framtíð sje jeg enga leið til að hækka gjaldeyrinn, þá hefir tekist samvinna milli mín og flokksbræðra minna“. Af þessu verð jeg að ályktа, að hæstv. fjmrh. sje ekki skoðanabróðir hæstv. forsrh. og þorrans af flokksbræðrum hans. En ef svo er, þá tel jeg, að hæstv. forsrh. hafi reynst ótrúr sinni helgustu hugsjón, sem hefir fleytt honum upp í forsætisráðherrastól. Jeg hefi verið milli vonar og ótta í þessu máli, síðan hæstv. forsrh. valdi þann fjmrh., sem nú er. Annað veifið hefi jeg haft ástæðu til að vera vongóður, en oft hefi jeg orðið að líta öðrum augum á. Skömmu eftir að núverandi hæstv. fjmrh. tók við völdum, skipaði hann nýjan formann gengisnefndarinnar þann mann, sem af mestu viti og mestri þekkingu hefir barist fyrir verðfestingu krónunnar. Þetta þótti mjer vera vottur um, að hæstv. fjmrh. hefði aðhylst festingu. Þegar hinn nýi formaður tók við starfi sínu, var hann albúinn til að hefjast handa og berjast með áhuga fyrir festingu. En fyr en varði slokknaði eldurinn. Hver greip í taumana? Formaður gengisnefndarinnar hófst handa um ýmsar ráðstafanir, sem telja varð nauðsynlegar, áður en gengið var til festingar. Úr þessu dró fyr en varði. Var það hæstv. fjmrh., sem var ekki festingarmaður og tók þess vegna í taumana, eða voru það yfirráðherrarnir, jafnaðarmenn, er gerðu það að skilyrði fyrir fylgi sínu, að krónan væri ekki fest? Jeg hefi heyrt það af vörum hæstv. forsætisráðherra, að ástæðulaust væri að fjalla um gengismálið nú, því að „við höfum valdið“. Það er rjett. Hann hefir valdið. En enginn veit, hve lengi það verður. Hitt er staðreynd, að fyrst þörf var á rannsókn í september í haust, þá sýnist sú þörf óbreytt ennþá. Hvað olli þá því, að hún fjell niður svo skjótt?

Hæstv. forsrh. veit, að þó jeg sje ekki fylgismaður hans, er jeg sammála honum um gengismálið. **(Forsrh. TrÞ:** Gleður mig, gleður mig!). Hann veit, að í því máli vil jeg styðja hann, en hinsvegar geri jeg þá kröfu, að hann tefli ekki úr höndum sjer tækifæri til að ráða því farsællega til

lykta. Nú gefst honum slíkt tækifæri. En enginn veit, hvernig sakir standa á næsta þingi. Jeg get ekki aðhylst vel skrifaða grein í „Tímanum“ um, að ennþá sje óvarkárt að stíga síðasta sporið í þessu máli — að breyta myntlögunum, þó jeg hinsvegar telji, að heppilegra sje að leysa málið á annan hátt. Við höfum nú búið við sama verðgildi krónunnar í 2½ ár, og fullvíst er, að verðlagið í landinu hefir nú náð þeirri festu, sem yfirleitt er hægt að vænta. Jeg tel því, að ef á annað borð á að breyta myntlögunum, sje það fyllilega tímabært nú þegar.

Þetta spor getur hæstv. forsrh. stigið, ef hann vill. Með því getur hann trygt úrslit í þessu „máli málanna“, því ef búið er að breyta myntlögunum, verður það ekki aftur tekið. Vanræki hæstv. ráðh. skyldu sína á þessu þingi, sýnir það, að hann ber sjálft málið ekki fyrir brjósti, því hvorki hann nje nokkur veit, hvort hann fer með völdin á *næsta þingi*. — Í slíku stórmáli sem þessu á maður heimting á að fá skýr og greinileg svör, og alþjóð á að fá að vita, hvað inni fyrir býr hjá hæstv. forsrh. og hæstv. stjórn yfirleitt.

Jeg ætla ekki að segja margt við hæstv. forsrh. fram yfir þetta. Jeg ætla aðeins að drepa á tvö atriði, sem umr. hafa gefið tilefni til og snerta hann sjerstaklega.

Hv. 1. þm. Skagf. hjelt því fram, að svo liti út, sem hæstv. forsrh. hefði snúist í sendiherramálinu, eftir að hann tók við stjórn. Hv. þm. benti á, að hæstv. ráðh. hefði á undanförnum þingum mjög skörulega barist gegn því, að sendiherraembættinu í Kaupmannahöfn væri haldið uppi. En nú aftur á móti gerir hæstv. forsrh. og hæstv. stjórn sitt til stuðnings þessu máli, með því að bera fram í fjárlögum fjárveiting til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af sendiherraembættinu leiðir.

Hæstv. forsrh. var ekki lengi að smeygja sjer úr þessari snöru. Hann sagði sem svo: Þetta eru lög í landi hjer. Samkvæmt lögum á að vera sendiherra á þessum stað. Hæstv. forseti Nd. Alþingis úrskurðaði í fyrra, að ekki mætti bera fram till. um að fella niður þessa fjárveitingu af því að lög mæla svo fyrir, að hún skuli standa. — Með þessu áleit hæstv. forsrh. sig hafa vel svarað fyrir sig. Það er nú svo. Við skulum athuga önnur sambærileg atriði í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar. Eru það ekki lög í landi, að vöru- og verðtollur *falli úr gildi 1. jan. 1929*? En þó eru fjárlög fyrir það ár svo úr garði gerð af hendi hæstv. stjórnar, að þessir tekjuaukar eru þar taldir með tekjum ríkissjóðs, sem áætlað er, að inn komi á því ári. Af hverju? Af því að hæstv. ríkisstjórn ætlar að bera fram frumvörp í þá átt að lögfesta þessa tekjustofna áfram. Þessi aðferð þykir mjer alveg eðlileg og rjettmæt. En af því leiðir hitt, að hæstv. stjórn hefði getað farið alveg eins að, ef hún hefði ætlað sjer að vera fyrri stefnu sinni samkvæm: felt niður fjárveitingu til sendiherraembættisins með það fyrir augum að bera fram og fá samþykt á þessu þingi frv. um afnám embættisins.

Nei, sannarlega hefir hæstv. forsrh. snúist í þessu máli.

Jeg skal ekki lengja umr. mikið, þó að jeg minnist á Titanmálið.

Það hafa verið bornar fram fyrirspurnir til hæstv. forsrh. um það, hvort hann ætli sjer að veita sjerleyfið eins og lög standa til frá þinginu í fyrra.

Hæstv. ráðh. hefir svarað á þá leið, að það nái ekki nokkurri átt, að hann fari að kveða upp nokkurn dóm á þessu stigi málsins, þar sem skýrt sje ákveðið í heimildarlögunum, að senda skuli sjerleyfið til umsagnar sjerfræðingum, og væri það nú komið frá einum sjerfræðingnum og væri hjá öðrum, og biði hann nú eftir umsögn hans. Nú vil jeg spyrja, segir hæstv. forsrh.: Hvaða vit er í að vera að leita álits og umsagnar sjerfræðinga, ef ekki á að fara eftir því, sem þeir leggja til um málið? En litlu síðar sagði hæstv. forsrh.: Jeg hefi altaf verið varfærinn maður, og það er ekkert eins hættulegt fyrir hina íslensku þjóð og það að hleypa inn í landið erlendu atvinnufyrirtæki, sem hefir 100 milj. kr. höfuðstól. — Má jeg nú spyrja hæstv. forsrh.: Er það virkilega hans alvara, ef þessi seinni sjerfræðingur, sem hefir málið nú með höndum, segir: jú, jú, veitið þjer bara sjerleyfið, það er alveg óhætt, — ætlar hann þá að veita sjerleyfið, sem hann telur þjóðhættulegast Íslendingum af öllu illu? Ætlar hann að gera það? Jeg spyr. Jeg veit, að hann ætlar ekki að gera það. En þessi svör hans voru alger meiningarleysa. Jeg skal virða það honum til vorkunnar. Því að sannleikurinn er sá, að hvar sem maður lítur í deildina, þá sitja þar fyrir flokksmenn hæstv. ráðherra og þeir krefjast þess af honum, að hann veiti sjerleyfið. En hann ætlar sjer ekki að veita sjerleyfið; en hann þorir ekki á eldhúsdegi að segja það hreinskilnislega, af því að hann er hræddur um, að það kunni að verða til þess, að flokksbræður hans telji sig knúða til að bera á hann vopn á sjálfan eldhúsdaginn.

Skil jeg þá við hæstv. forsrh. í von um, að hann hafi ekki sofnað undir ádrepu minni. — Mun jeg nú víkja máli mínu að hæstv. dómsmrh.

Því er haldið fram, að hann hafi brotið varðskipalög, sem samþykt voru hjer á síðasta þingi. Með því að það er þegar sannað af hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. 1. þm. Reykv. (MJ), væri það að ofreyna þolinmæði háttv. þingheims að leiða að því ný rök. Jeg vil aðeins taka undir með háttv. þm. Vestm. í tilefni af meðferð hæstv. ráðh. á skipstjórum varðskipanna. Jeg veit nú að vísu, að hæstv. dómsmrh. mun segja, að jeg sje að reyna að kaupa mjer hylli þeirra með því að bera hönd fyrir höfuð þeim, í von um, að þeir síðar virði það við mig með því að vera eftirlátssamir og vægir við þá togara, er jeg á þátt í að gera út, en slíkt læt jeg ekki á mig fá. Það vita líka allir, sem um málið vilja hugsa með sanngirni og ofstækislaust, að það er ekki á færi skipstjóranna að sleppa togurum, sem þeir hitta að veiðum í landhelgi, jafnvel þótt þeir væru til þess af vilja gerðir. Þeir standa þar ekki einir að verki, heldur í svo sem 20—30 votta viðurvist, þar sem er öll skipshöfnin. Þótt hæstv. dómsmrh. vildi bera þeim það á brýn, að þeir brjóti þannig lög landsins og bregðist skyldu sinni, þá er það staðreynd, sem ekki verður hrakin, að þeir geta það ekki án þess að upp komist.

Núverandi skipstjórar varðskipanna voru teknir úr þjónustu einkafyrirtækis, þar sem þeir höfðu 12 þús. kr. laun, til þess að gegna þeim trúnaðarstarfa fyrir landið, er þeir nú hafa á hendi. Sá, sem falaðist eftir þeim og fól þeim starfann, var þáverandi dómsmrh. hins íslenska ríkis. Hjet hann þeim sömu launum, sem þeir höfðu í sinni fyrri stöðu, til þess að þeir skyldu einskis í missa við skiftin. Það kann nú að vera, að dómsmrh. hafi þar ofmælt og ekki haft rjett til að gefa slíkt loforð upp á sitt eindæmi. En eins og á stóð, varð ekki hjá því komist, ef hann vildi tryggja landinu starfskrafta þessara manna. Nú óskaði hann eftir, að rjettur aðili, þ. e. Alþingi, yrði aðspurt í þessu máli. Og það varð. Alþingi í fyrra samþykti lög um launakjör skipstjóra og skipverja á varðskipum ríkisins. (**Dómsmrh. JJ:** Það gerði meira; það gerði þá alla að embættismönnum). Alþingi kvað þá upp sinn dóm um siðferðilega skyldu ríkisins til þess að halda skuldbindingar gerðar fyrir þess hönd af ráðherra. Það sagði sem svo: Þótt við viljum ekki í framtíðinni launa samskonar starfsmenn ríkisins svo hátt, þá er þó ekkert því til fyrirstöðu, að þessir menn njóti þeirra kjara, sem þeir hafa gefin loforð fyrir.

Skipstjórarnir eru teknir frá einkafjelagi, þar sem þeir hafa þessi laun. Ráðherra ræður þá til skipstjórnar á varðskipunum og heitir þeim sömu kjörum. Alþingi viðurkennir loforð ráðherra og samþykkir gerðir hans. — Þetta er í sem stystu máli sagan eins og hún gerðist, þar til hæstv. dómsmrh. kemur til skjalanna og svíkur alt, hefir loforð fyrirrennara síns og skuldbindingar Alþingis að engu, brýtur hið einfalda siðferðisboðorð að halda gefin loforð. Síðan hefir hann ofsótt þessa menn utan þings og innan á hinn svívirðilegasta hátt, sem ekki er siðgóðum mönnum sæmandi, síst manni í hans stöðu.

Nú segir hæstv. dómsmrh. sem svo: Þið hafið alt of há laun, miðað við aðra embættismenn. Jeg ætla að færa laun ykkar niður í það, sem háttsettir embættismenn, skrifstofustjórar í stjórnarráðinu t. d., hafa að launum. Þið getið verið fullsæmdir af því og það er nóg handa ykkur.

Við þetta er það að athuga í fyrsta lagi, að þeir hafa alt aðra og betri aðstöðu til þess að afla sjer aukatekna heldur en skipstjórar á varðskipum ríkisins, sem eru við starf sitt bundnir alla tíma. En það er alkunna, að íslenskir embættismenn eru svo illa launaðir — við höfum nú ekki efni á að gera betur til þeirra, — að þeir verða að afla sjer einhverra aukatekna til þess að geta lifað. Þeir lifa á snöpum. En skipstjórunum á varðskipunum er slíkt með öllu ómögulegt.

Þessi meðferð á skipstjórunum er því með öllu ótæk, og það ekki eingöngu vegna þessa. Því að auk þess sem því má ekki fram fara, að ríkið rifti gerðum samningum og brjóti siðferðilegan rjett á sínum borgurum, er framkoma ráðherra gegn þeim ótæk af fleiri ástæðum. Eftir því sem hæstv. dómsmrh. ætlast til, þá eiga launakjör þessara manna að vera verri en nokkurs, er svipaða atvinnu stundar hjer á landi.

Afleiðingin hlýtur að verða sú, að

það verða ekki bestu og hæfustu mennirnir, sem við fáum í þessar stöður. Því er einu sinni svo háttað, að menn eru dálítið eigingjarnir. Hæstv. ráðh. prjedikar að vísu daginn út og daginn inn óeigingirni sína. Jeg veit ekki um það, hve mikið kveður að þessari óeigingirni í hans einkalífi. Það getur vel verið, að hann sje þar öðrum fremri, en hann er eigingjarn stjórnmálamaður, svo mikið er víst.

Afleiðingin af þessum lágu launakjörum er, eins og jeg sagði áðan, sú, að afburðamennirnir líta ekki við slíkum stöðum, heldur sækja annað, þar sem þeir sjá sjer og sínum betur borgið.

Jeg skal sleppa að ræða um þá hlið starfssviðs þessara manna, sem inn á við snýr, en aðeins geta þess, að ef eitthvað kemur fyrir á sjó, þá er jafnan viðkvæðið: senda Óðin, senda Þór. Hvernig sem viðrar skulu þeir jafnan vera viðbúnir, rjett eins og þessi skip hlýddu ekki sömu lögum og önnur skip, — skipshöfnin ódauðleg og skipunum ekki hægt að granda.

Út á við er þeim ætlað að halda uppi með festu og þó varkárni rjetti okkar gagnvart útlendingum. Sjófarendur og jafnvel þeir, sem einhver kynni hafa af sjóferðum, — hæstv. dómsmrh. enda líka —, vita, hvílíkum erfiðleikum það er oft bundið að ákveða með óyggjandi vissu, hvort skip, sem komið er að, sje innan landhelgilínu eða utan. Það þarf mentun og snarræði og einbeitni, ef starf skipherra á ekki að fara út um þúfur. Hver sökudólgur þykist hvergi hafa komið nærri landhelgilínu. Nú eru 4 togarar sektaðir fyrir landhelgibrot, og jafnvissir getum við verið um það, að þegar heim kemur, halda 4 skipshafnir því fram, að þeir hafi verið teknir saklausir og dæmdir ranglega. Málsmetandi menn erlendis hafa tekið okkar svari, er okkur hefir verið borin á brýn rangsleitni og yfirgangur í landhelgigæslunni, af því að þeir vita, að hún er í höndum samviskusamra og hæfra manna, sem hafa næga þekkingu og reynslu á sínu sviði, svo að hægt sje að treysta þeim. En við þurfum ekki að búast við að eiga málssvara, er á þarf að halda, ef ástæða er til þess að ætla, að þessi skilyrði sjeu ekki trygð til fulls.

Jeg ætla, að engar líkur þurfi að því að leiða, að lífsnauðsyn sje landhelgigæslu okkar unga íslenska ríkis, að í þessar stöður veljist sjerstaklega mentaðir, duglegir og vel hæfir menn. En slíkar kröfur samræmast illa lágum launum.

Hjer er á ferðinni frumvarp um skifting dómgæslu og lögreglustjórnar í Reykjavík. Það er komið fram í Ed. Jeg tók svo eftir, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) og hv. 5. landsk. (JBald) hafi báðir lagt til, að launakjör þeirra manna, er fara með þessi vandasömu embætti, sjeu hækkuð að mun. Jeg tel það rjettmætt. En í því liggur viðurkenning þessara þm., flokksbræðra ráðh., á því, að afburðamönnunum sje ekki ætlað að sækjast eftir lágum launum.

Þá ætla jeg að víkja að nokkrum smáatriðum, sem komið hafa fram í umræðunum.

Hæstv. dómsmrh. rjeðst á hv. 1. þm. Skagf. út af strandmálinu. Mun jeg ekki rekja þá sögu, því að hæstv. ráðh. gerði það sjálfur allítarlega. Hann taldi það reginhneyksli, að rík-

isstjórnin krafðist borgunar fyrir veitta aðstoð varðskips við björgun ensks togara, er strandaði hjer við land. Slíkar staðhæfingar eru í sjálfu sjer ákaflega barnalegar. Það er sitthvað, að ríkissjóður, sem gerir út varðskipin til landhelgigæslu, sendi þau til hjálpar nauðstöddum fiskimönnum hjer við land, eða að ríkið sje skyldugt, hvenær sem þess er óskað, að taka skipin af vettvangi til þess að bjarga skipi ókeypis til hagsmuna fyrir útlend vátryggingarfjelög. Það er bæði beint og óbeint tap fyrir ríkissjóð. Því að á þeim tíma, sem til björgunarinnar fer, getur viljað til, að varðskipið hefði tekið sökudólg, sem dæmdur hefði verið til sektar og sektin fallið í ríkissjóð, eða hinsvegar, að sökudólgur noti fjarvist varðskipsins til ólöglegra veiða. Ef þessi venja kæmist á, mundi af því stafa það, að allir sæktust eftir að fá varðskipin sjer til hjálpar, því að það væri langódýrast, ef ekkert endurgjald á að koma fyrir aðstoð þeirra.

Það veður, sem hæstv. dómsmrh. gerir af þessu máli, er því næsta broslegt og með öllu órjettmæt ásökun hans á hendur fyrverandi stjórnar út af gerðum hennar í því.

Sú leið, sem hæstv. dómsmrh. velur til þess að ráða bót á þessu „glapræði" fyrirrennara sinna, er fullkomlega hlægileg. Hæstv. dómsmrh. finnur upp á því þjóðráði, að hans áliti, að gefa björgunarlaunin, eða þann hluta þeirra, er ríkissjóði bar eftir venjulegum reglum, erlendu góðgerðafjelagi. Ef ríkið hafði farið rangt að, þá var ekki hægt að bæta úr því á annan hátt en að bæta órjettinn þeim, er hann þoldi. En ekki með því að hlaupa í að gefa þriðja aðilja rangfengið fje. Jeg býst við, að þetta fjelag, sem hlaut gjöfina, sje alls góðs maklegt. En ef hæstv. ráðh. skyldi þurfa að kaupa sálu sinni frið hjer eftir, þá vildi jeg mælast til þess, að hann ljeti þó að minsta kosti íslensk góðgerðafjelög sitja fyrir sálugjöfunum.

Það er næsta broslegt að heyra hæstv. ráðh. vera að tilfæra ummæli útlendra blaða, sem hann og hæstv. ríkisstjórn hafi fengið send í úrklippum. O, sei, sei. Ætli Lloyd George og Baldwin hafi svo sem haldið langar lofræður, er sagt. (**Dómsmrh. JJ:** Þetta er ljeleg enska hjá hv. þm.). Jeg býst við, að jeg kunni eins mikið í ensku og hæstv. dómsmrh., eins og fleiru. En það kemur ekki málinu við, hvor okkar er fremri að enskukunnáttu. Það kemur málinu við, hverjir það eru, sem þessi lofsamlegu ummæli koma frá. Og það eru nú bara þeir, sem gjöfina þáðu, sem eru að þakka rausnina, og því meiri og innilegri eru þakkirnar, sem gjöfin var óvæntari og óeðlilegri. — Þetta góðgerðafjelag er eitt af þeim fjelögum ytra, sem eru svo og svo rík, en hjer heima eru fjelög starfandi í sama tilgangi, en berjast við fátækt og fjeleysi. Framhjá þeim er gengið. Það er barnalegt að hæla sjer af þessu. Það er vítavert að hafa gert þetta. Má hver þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta, sem vill. Jeg geri það ekki.

Jeg skal ekki eyða orðum að gjöf Thorcilliisjóðsins. En jeg verð að segja það, að það var öldungis ósæmilegt, hvernig hæstv. dómsmrh. hagaði orðum sínum um Oddfellowregluna.

„Þetta danska leynifjelag", á því var hann sí og æ að klifa. Svo var það fyrir honum nokkurskonar uppgötvun, að hv. 1. þm. Skagf. og fyrv. ráðh. skyldi vera meðlimur þessa fjelags. Allur tónninn í ummælum hæstv. ráðherra um þetta var með öllu ósæmilegur. Sjálft orðalagið, þótt ilt væri, var hátíð hjá þessum stráksleg a illkvitnistón, er einkennir alt tal hæstv. dómsmrh.

Hjer er um að ræða góðgerðafjelag, sem er með nokkurri leynd yfir sjer að vísu, og þótt það sje erlent að uppruna, þá er sú deild, er hjer starfar, fullkomlega íslensk. Og ráðstöfun hv. 1. þm. Skagf., er hann gerði sem ráðherra í lok stjórnartíðar sinnar, er í því fólgin, að hann ákveður að þiggja fyrir hönd Thorcilliisjóðsins ekki óverulega gjöf frá Oddfellowreglunni, með því skilyrði, að sjóðnum verði varið til þess að reisa berklahæli fyrir börn og reglan fái nokkurn íhlutunarrjett um stjórn sjóðsins.

Stjórn þessa danska leynifjelags, er hæstv. ráðh. kallar svo, skipa fyrverandi ráðherra og framsóknarflokksmaður Klemens Jónsson og annar merkur borgari þessa bæjar, og þriðji sá, er til skamms tíma hefir einn gætt sjóðsins: skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Hæstv. dómsmrh. umhverfðist allur yfir því, að sjóðnum, sem á að verja til berklavarnahælis fyrir börn, skuli hafa fallið nokkurt fje, er ráðh. telur, að með rjetti tilheyri Vífilsstaðahælinu. Jeg fyrir mitt leyti álít það viðlíka hyggilegt að meta meira berklavarnahæli fyrir börn en Vífilsstaðahælið, þótt þarflegt sje, og hitt, að meta meira sundhöll en spítala, af því að sundhöllin á að skapa heilbrigði og koma í veg fyrir krankleik og minka þannig spítalaþörfina. Það á að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann.

Jeg hefi þegar talað of lengi, en á margt eftir ósagt, sem mig hefði langað til að segja, en ætla þó að sleppa.

Jeg get samt ekki stilt mig um að víta hæstv. dómsmrh. fyrir ummæli hans um Shellfjelagið. Hann sagði frá því með talsverðum fjálgleik, að líkur væru til, að Englendingar ætluðu sjer að koma hjer upp olíustöð fyrir flota sinn. Jeg ætla ekki að orðlengja um, hvaða ástæður sjeu fyrir hendi til þess að gera sjer slíkar getgátur. En jeg verð að halda því fram, að það sje ósæmilegt, að dómsmrh. skuli leyfa sjer að hugsa — bara hugsa — hvað þá segja slíkt, áður en hann hefir athugað, hvort fjelagið hafi með fjárhagslega aðstöðu eina fyrir augum ástæðu til þess að byggja olíugeymana svona stóra; en þeirri spurningu verður ekki svarað fyr en í fyrsta lagi er upplýst, hvað geymarnir þurfi að vera stórir til þess að fullnægja notaþörf dagsins í dag, og þar næst, hvort vextir þess fjár, sem kynni að hafa verið lagt í stofnkostnað umfram þarfir líðandi stundar, eru meiri en sá hagur, er fjelaginu fellur af lægri flutningskostnaði á olíunni, er fæst vegna stærri geyma. Það þarf ekki að vera miklu dýrara að flytja þangað í einu 8000 smálestir heldur en t. d. 5000 smálestir, því leigan er tiltölulega miklu ódýrari á stærri skipum en hinum minni. Ef fjelagið sparar meira á flutningskostnaði en sem svarar vöxtum og tilkostnaði við það

að byggja stærra en þörf er á í svipinn, þá hefir það einnig trygt sjer framtíðarhlunnindi fyrir ekki neitt. Þó hæstv. dómsmrh. sje ekki verslunarfróður, þá ætti hann þó að skilja þetta.

En jafnvel þótt hæstv. dómsmrh. hefði haft meiri ástæðu til að viðhafa þau orð, er hann mælti um þetta, þá væru þau þó alveg ósæmileg fyrir mann, sem er í jafnhárri stöðu og hann er. Orð svona háttsetts manns um, að verið sje að tryggja einu stórveldanna sjerrjettindi hjer á landi, eru beinasta leiðin til þess að gefa öðrum stórveldum kröfurjett til sömu rjettinda. En af þessu stafar þjóðinni hinn ógurlegasti voði. Dómsmrh. gerir leik að því að rjúfa varnargarðinn. Borgarhliðin hefir hann opnað og boðið stórveldunum heim, að þau megi setjast að þeim gæðum, er til þessa hafa verið vöggugjöf íslensks frumburðarrjettar. Hvarvetna annarsstaðar, þar sem maður í svona hárri stöðu hefði sagt slík orð, þá hefði hann orðið að segja af sjer tafarlaust. (**Dómsmrh. JJ:** Ekki þótt götustrákur hefði heimtað það! — **Forseti** (hringir): Ekki samtal). Það gleður mig, að hæstv. forseti finnur ástæðu til að víta dómsmrh. (**Dómsmrh. JJ:** Nei, það er götustrákurinn, sem á er hringt). Já, það er götustrákurinn. Hann á að hætta að grípa fram í, en jeg að halda áfram að tala.

Jeg hefi þá um hríð deilt allfast á hæstv. dómsmrh. og nokkuð á hæstv. forsrh. Það er ekki ástæðulaust, að jeg hefi verið harðorður, því þeir hafa sjálfir skorað á okkur stjórnarandstæðingana að koma fram með ádeilur okkar. En nú vil jeg segja hæstv. forsrh., að „þó eru eftir ótaldar, allra þyngstu klyfjarnar, sem líka á að láta þar".

Jeg verð að beina þyngstu atlögunni að hæstv. forsrh. Hann ber ábyrgð á þeim skugga, sem fallið hefir á íslenskt velsæmi við það að skipa dómsmálaráðherrasætið þeim manni, er nú situr þar. Menn hefði ekki undrað það eins mikið, þó þessi maður hefði fengið annað sæti í stjórninni. En að hann setti hann í þetta sæti, það undrar alla. Og það er vonlegt, því það hefir ekki farið dult með þjóðinni, að þetta er sá grimmasti, ranglátasti og óbilgjarnasti stjórnmálamaður, sem þjóðin hefir átt. Þetta er dómur meira en hálfrar þjóðarinnar um þennan mann, og jafnvel hans eigin fylgismenn bera það ekki af honum. Þeir fara ekki lengra í því en segja: „hann er rjettur á ykkur." Hann getur kannske verið það sem blaðamaður, en hann er ekki rjettur á þjóðina sem dómsmálaráðherra. Hún á sannarlega skilið að eiga betri dómsmálaráðherra. Annars hefir hann nú hvorki reynst betur nje ver en búast mátti við þennan stutta tíma, sem hann hefir setið að völdum. Hann hefir ofsótt borgarana. (**Dómsmrh. JJ:** Já, þjófana). Varðskipsforingjarnir eru engir þjófar. Hann hefir þverbrotið lögin, sólundað fje ríkissjóðs heimildarlaust. Þetta verður þjóðin alt að þola. En þó verður sú raunin, sem þingmenn verða að þola, þessi daglegi vaðall hans, allra þyngst. Aðrir þingmenn gætu ekki komið öllu því orðbragði að á heilu þingi, sem hann kemur fyrir í einni ræðu. Þegar maður kemur af þingfundi, er vanaspurningin þetta: Hvernig var dómsmálaráðherrann?

Og maður verður að svara, að hann hafi hvorki verið betri nje verri en venjulega. Hann er altaf sjálfum sjer líkur. Og þó er það einkum andinn, sem ríkir yfir orðalagi hans, illkvitnin og getsakirnar í garð andstæðinga hans, sem gera ræður hans andstyggilegastar. Við það bætist svo óvarkárnin út á við. Væri óskandi landsins vegna, að sem minst frjettist af því til annara þjóða.

Hæstv. forsrh. hefir gengið í ábyrgð fyrir dómsmálaráðherra með því að gerast formaður hans í landsstjórninni. Á sínum tíma verður hann kraïnn til reikningsskapar á þeirri ráðstöfun. En jeg hygg, að hann verði aldrei maður til að greiða þá skuld, þótt hann sjálfur telji sig vera hinn pólitíska örn, en líki andstæðingum sínum við lambaspörð. En jeg er hræddur um, að þegar rannsókn fer fram á því hreiðri síðar, sem hæstv. forsrh. hefir hafst við í um stund, að þá verði það frekar grátitlingsegg en arnaregg, sem finnast þar. Hæstv. forsrh. verður ávalt pólitískur öreigi meðan ábyrgð á verkum dómsmrh. hvílir á honum. Eina bjargarvonin er, að stjórnin segi af sjer, og það ætti hún að gera sem fyrst. — Vona jeg, að hæstv. stjórn hafi nú ekki syfjað um stund.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer þykir gott að fá tækifæri til að svara hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) strax. Hv. þm. sagði, að jeg bæri ábyrgð á því, að Jónas Jónsson ætti sæti í stjórninni sem dómsmálaráðherra. Já, jeg tek glaður á mig ábyrgð á því, og jeg get sagt það, að það gekk mjög erfiðlega að fá hann til þess að taka sæti í stjórninni. En jeg sótti það fast og setti það meira að segja sem skilyrði fyrir því, að jeg tæki að mjer stjórnarmyndun, að hann tæki þar sæti. Jeg taldi hann svo mikilhæfan mann, að ráðuneytinu væri happ í að mega njóta dugnaðar hans og hæfileika. Að vísu má segja, að ekki sje langt um liðið, en jeg hefi heldur ekki iðrast eftir það. Ber því þessa ábyrgð með ánægju.

Þegar hæstv. dómsmrh. er borinn saman við fyrirrennara hans í þeirri stöðu, þá sjest það greinilega, að hann hefir þennan stutta tíma starfað meira og komið fram fleiri umbótum en allir fyrirrennarar hans hafa gert.

Það er mjög einkennilegt fyrir mig, sem ekki hefi fyr átt að verja stjórn á eldhúsdegi — og jeg hygg, að það hafi ekki komið fyrir neinn ráðherra áður —, að jeg verð að þakka andstæðingunum ummæli þeirra. Fyrst var það hv. 1. þm. Skagf. (MG) með ummælin og líkinguna um hinn djúpvitra guð, þá hv. 1. þm. Rang. (EJ), með traustsyfirlýsingunni til starfsbróður míns (MK), og nú loks hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem jeg verð að þakka ummæli um mig, sem vottaði mjer í ræðu sinni traustsyfirlýsingu og fylgi. Að vísu fylgdu því nokkrar brýningar, en hið gamla er ávalt í gildi, að sá, sem er elskaður, hann er agaður. Þegar litið er til fortíðar gömlu stjórnarinnar í gengismálinu, þá sjest, að hv. þm. hefir með þessari brýningu lýst vantrausti sínu á henni, en fylgi við mig. Jeg tek því ekki illa upp, þótt hv. þm. brýni mig nokkuð um að halda fast við mína stefnu í því máli. Að vísu stendur þessi hv. þm. ekki vel að vígi með slíka brýningu, því á

fjórða ár hefir hann ekki gert annað í þessu máli en að leka niður og beygja sig undir vilja fyrv. stjórnar. Hingað til hefir hann aðeins í þessu máli þorað að sýna vilja sinn í pukri og komist það lengst að þora að greiða verðfestingarfrv. atkv. til 3. umr., en gugnaði þá. Nú fyrst þorir hann að koma skýrt og ákveðið fram í gengismálinu. Get jeg fagnað þeim sinnaskiftum og að hann vill nú styðja mig til heppilegrar úrlausnar á því máli.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði talið gengismálið mikilvægast allra mála. Það er rjett. Og jeg tel það enn vera það fyrir atvinnuvegina. En hitt er ekki neitt aðalatriði, hvort myntlagabreytingin kemur í dag eða á morgun. Aðalatriðið er að tryggja atvinnuvegina fyrir nýjum gengissveiflum, og til þess situr þessi stjórn. Hv. þm. segist hafa búist við því, að mesti gengismaðurinn hefði verið látinn taka sæti í stjórninni. En jeg get sagt honum það, að færasti maðurinn á því sviði, hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), var settur formaður gengisnefndarinnar. Hefir hann lagt á sig mjög mikla vinnu um að leggja fast „plan" fyrir því, hvernig ráða skuli gengismálinu til lykta. Jeg get mint hv. 2. þm. G.-K. á það, að þegar á fyrsta fundi gengisnefndarinnar eftir stjórnarskiftin kom glögglega í ljós hin breytta aðstaða, sem gengisnefndinni var veitt til að tryggja atvinnuvegina. Þetta kom líka glögglega fram á hv. 2. þm. G.-K., því að nú var ljett af honum því fargi, sem fyrv. forsrh. (JÞ) hafði lagt á hann í þessu máli og hann hafði nærri kiknað undir. Hv. þm. hafði því góða aðstöðu til að sjá þær gleðilegu breytingar, sem urðu á starfi gengisnefndarinnar.

Hv. þm. heimtar, að jeg setji tryggingu fyrir framgangi þessa máls. Hvaða tryggingu heimtaði þessi hv. þm., þegar hann lagði sig hríðskjálfandi undir svipu Jón Þorlákssonar í gengismálinu? En jeg get sagt hv. þm., að stjórnin vill gjarnan leggja sitt „mandat" að veði fyrir því, að þessu máli verði komið í höfn. Við höfumst því ólíkt að. Hv. þm. (ÓTh) mátti, meðan fyrv. stjórn sat að völdum, lifa í sífeldri áhyggju um atvinnuveg sinn. En nú má hann vera alveg rólegur. Þetta er svo stór aðstöðumunur, að hann má sannarlega vera glaður.

Þá vjek þessi hv. þm. máli sínu að h/f Titan og sjerleyfi því, er stjórnin hefir heimild til að veita því. Það var nú ekki um að villast, á hvern veg hann vildi brýna mig í því máli, því hann sagði, að enn væri þó sá „töggur" í mjer, að jeg ætlaði að neita því um sjerleyfið. En að jeg vildi ekki svara þessu nú, væri af hræðslu við flokksmenn mína. En jeg mundi neita um það eftir nokkrar vikur. En þetta eru mótsetningar hjá hv. þm., því það væri sannarlega skammgóður vermir að kaupa sjer þannig frið í nokkrar vikur og heldur ólíklegt, að jeg fjelli fyrir þeirri freistingu.

Hið eina miður góðgjarna, sem kom fram í ræðu hv. þm., var það, að hann óskaði þess, að mig dreymdi illa. Hv. þm. hefði þó átt að unna mjer góðra drauma, þegar jeg geri honum svo mikið til þægðar á móti. En jeg vil óska þess, að hann sofi vel og dreymi vel. Hv. þm. veitir ekki af því, eftir alt svefnleysið og

svipuhöggin frá fyrverandi forsrh. (JÞ) í gengismálinu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Síðan jeg tók síðast til máls, hafa verið haldnar margar ræður, en af því ýmsir þeirra eru nú ekki við, sem voru hjer þegar þær fyrstu voru haldnar, þá ætla jeg að byrja á þeim manninum, er síðast talaði, háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh).

Hv. þm. byrjaði á því að tala um, að jeg hefði ákveðið launin of lág handa yfirmönnum varðskipanna. Jeg mun síðar koma nánar að því atriði, en minna nú á það, er jeg sagði í ræðu minni hjer í gær. Jeg lýsti því þá, hve hálaunin væru hættuleg í landi, sem væri fátækt og hefði þegar spent boggann of hátt á þessu sviði. Útgerðarfjelögin eiga hjer höfuðsökina; þau hafa borgað of hátt kaup, sem þau hafa ekki getað fullnægt nema með töpum og skaðað þar með bankana, en hafa sjálf orðið vanmegnug að greiða tekjuskatt, t. d. eins og Kveldúlfsfjelagið, sem hv. þm. er riðinn við. Ekki er sjáanlegt, hvar slíkt lendir, en þeir, sem nú eru státnastir, geta verið orðnir ölmusumenn eftir nokkurn tíma. Jeg bið menn að athuga það, að ekki hafa verið færð nein rök af viti fyrir þeirri kenningu þeirra, að þessir menn þyrftu að hafa að launum 12 þús. kr., þótt þeir haldi því fram, að Jón heit. Magnússon hafi tekið þá frá öðru starfi og heitið þeim 12 þús. kr. launum. Til þess hafði hann enga þingheimild, og er því sú launagreiðsla eiginlega persónulega bindandi fyrir þann ráðherra einan. En jeg sagði, að jeg sæi enga skynsamlega ástæðu til að borga þeim hærri laun en embættismönnum ýmsum, sem sitja í hinum virðulegustu embættum. Ef nokkur ætti að borga samkvæmt því loforði, er Íhaldsmenn tala um, þá væri það helst dánarbú Jóns Magnússonar. Það er eitthvað annað sem þessu veldur, eitthvað persónulegt. (**ÓTh:** Hvað er það?). Það veit jeg ekki. Jeg er ekki nógu heimskur til að geta sett mig inn í hugsunargang hv. 2. þm. G.-K.

Hv. þm. hjelt því fram, að jeg hefði ofsótt skipstjórana á varðskipunum. Þetta gætu lögreglustjórinn og bæjarfógetinn hjer sagt. Jeg hefi lagt til, að laun þeirra yrðu lækkuð að miklum mun. En þeir eru svo vel siðaðir menn, að þeim dettur ekki í hug að semja sig að skrælingjasiðum hv. 2. þm. G.-K., sem ekki kann neina mannasiði, hvorki í orði eða athöfn.

Jeg átti í gær ósvarað hv. þm. Vestm. (JJós), en skal nú víkja nokkuð að honum. Hv. þm. talaði um landhelgimálin, og er þá ekki úr vegi að athuga, hvernig hann og hans flokksbræður hafa umgengist landhelgisjóðinn. Það hefir nú undanfarið starfað nefnd að því að athuga kostnaðinn við ríkisbúskapinn, og hefir við það margt upplýstst. Menn skyldu nú halda, að reikningshald þessa sjóðs væri í góðu lagi, þar sem fyrverandi stjórn setti mann til að annast það með 10 þús. kr. árslaunum, og gegndi þessi maður þó starfinu sem aukastarfi. En þegar nú reikningar sjóðsins eru teknir til athugunar, kemur margt einkennilegt í ljós, og meðal annars það, að þar eru greiðslur, sem engin fylgiskjöl eru með, og sumt stórar upphæðir. Yfirleitt hefir ekki enn reynst mögulegt að fá nokkra

reiðu á um stjórn sjóðsins. Það hefir verið gengið í hann eins og hundar ganga í hrossskrokk; svo freklega hefir bitlingasýkin fengið að njóta sín undir verndarvæng Íhaldsstjórnarinnar. En merkilegasta fjármálafjólan í þessum jurtagarði Íhaldsins er 25 þús. kr., sem stungið hefir verið að hv. þm. Vestm. og engin forsvaranleg grein er gerð fyrir. (**MG:** Þetta er perfidi!). Þetta er satt, og býst jeg við, að ánægja hv. þm. (MG) verði því minni, sem við athugum þetta nánar. Það er kallað, að þetta eigi að vera skaðabætur fyrir að varðskipið „Þór" hafi verið fjarverandi frá Eyjum í þrjá daga. Ættu þá Vestmannaeyjar að fá skaðabætur vegna fjarveru varðskipanna við björgunartilraunir hjá Stafnesrifi nú um daginn? Það sýnir mjög vel heilindi hv. þm. Vestm. gagnvart landhelgimálunum, þegar hann þannig stingur hendinni, í skjóli stjórnar flokks síns, niður í landhelgisjóðinn. Annars er þarna margt fleira athugavert. Einn lögfræðingur hjer í bænum kvittar fyrir 4 þús. kr., sem ekkert fylgiskjal er fyrir; liðurinn ber aðeins heitið: „ýmislegt". Það er nú af minni hálfu verið að skrifa þeim mörgu mönnum, sem fengið hafa fje úr landhelgisjóði og engin grein er fyrir, til þess að fá einhvern botn í þetta mál. Yfirleitt hafa gæðingar Íhaldsins leikið sjer óhindraðir í landhelgi þessa sjóðs. Jeg skal lofa hv. 1. þm. Skagf. því, að jeg skal láta prenta reikning sjóðsins í Stjórnartíðindunum, svo að alþjóð geti sjeð, hvernig honum hefir verið stjórnað. Jeg geri ráð fyrir að geta haldið reikningsfærslu sjóðsins í sæmilegu lagi fyrir 3000 kr. á ári, en Íhaldið komst ekki af með minna en 10 þús., og var þó viðskilnaðurinn á þann veg, sem jeg nú hefi lýst. Jeg veit ennfremur ekki betur en að alt gangi vel á skipunum, þó að skipstjórarnir hafi ekki nema 8000 kr. laun síðan um áramót, en áður 12000. Jeg býst við, að hv. þm. segi, að jeg hafi verið að ofsækja Hjalta Jónsson eða „Hegrann", því að á fyrsta útboði eftir nýár til skipanna lækkaði kolaverðið úr 43 kr. smálest niður í 35 kr. Á nokkurra vikna forða sparaði landið 4000 krónur.

Um húsviðgerð Jóns Magnússonar er þetta að segja. Það mun hafa verið vorið 1926. Þá var von á æðsta starfsmanni landsins hingað til nokkurra daga dvalar. Það hefði mátt gera ráð fyrir, að ráðherrabústaðurinn, sem þá stóð auður, hefði verið notaður til þess að taka á móti þessum tigna gesti. Nei, það var ekki gert, heldur var kostað stórfje til viðgerðar á húsi Jóns heitins Magnússonar, og gisti svo konungur þar þær 3 nætur, sem hann var hjer í bænum, en síðar á árinu var svo eytt 35 þús. kr. í viðgerð og umbætur á ráðherrabústaðnum. Hvað segja menn nú um þessa ráðdeild? Fyrst er eytt 25 þús. kr. í viðgerð á húsi Jóns Magnússonar, hans einkaeign, svo að leigan, sem landið borgar þar, verður um 8000 kr. yfir sólarhringinn. Nokkrum mánuðum síðar 35 þús. í ráðherrabústaðinn, svo að hv. 3. landsk. (JÞ) gæti flutt inn í hann. Já, vel voru heitin þá efnd við Jón heitinn Magnússon. Það lítur út fyrir, að 25 þús. hafi í tíð fyrverandi stjórnar þótt falleg tala, hvort sem hún

var nú greidd hv. þm. Vestm. fyrir að lána landinu „Þór" í þrjá daga eða Jóni Magnússyni fyrir að hýsa konung í þrjár nætur.

Þá talaði háttv. þm. um „Ohm"-strandið og neitaði, að jeg hefði haft rjett til að taka við fjenu og verja því á þann veg, sem jeg gerði. Jeg skal nú, til sönnunar mínu máli, lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, skeyti frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, frá 6. sept. síðastl.:

„Danska stjórnin hefir haldið því fram gagnvart Estlandi, gefnu tilfelli, sem international kutyme, að stjórnarskip taki ekki björgunarlaun og krefst ekki björgunarlauna handa dönskum stjórnarskipum. Ef skipið ekki herskip eiginlegum skilningi, þó ekki talið rjett sleppa tilkalli þess hluta björgunarlaunanna, sem skipshöfninni ber að rjettum lögum, og þá væntanlega rjett að endurgoldin sjeu bein útgjöld til kola og annars, sem eyðst hefir vegna björgunarinnar.

Sendiherra".

Þetta skeyti er mjög skýrt og ákveðið um venju annara þjóða í þessum efnum, en til enn fyllri skýringar skal jeg þó leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hjer annað skeyti, frá Jóni Krabbe skrifstofustjóra í íslensku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn. Það er á þessa leið:

„Marineministeriet kender ikke senere bjærgelönssum for Islands Falk end bjærgning 1908, britisk trawler sænt George for hvilken bjærgelön vilde udgöre 600 sterlingspund, heraf betales Falkens besætning 200 pund medens regeringen renoncerede statens andel 400 pund.

Krabbe".

Menn skyldu nú halda, að jafnþekkingarlaus viðvaningur og hv. 2. þm. G.-K. hefði ekki leyft sjer að tala þannig út í þetta mál án þess að kynna sjer fyrst eitthvað, hvaða heimildir íslenska stjórnin hefði haft til þess að gera það, sem hún gerði. Jú, og þetta er einmitt alveg sjerstakt dæmi um skrælingjaskap mannsins. Jeg þykist vita, að þetta fjesýslusmámenni skilji ekki þetta, en jeg skal benda honum á sambærilegt dæmi til skýringar. Framkoma hans er líkust því og ef negri kæmi til London. Hann hefir ekki hugmynd um annað en að skrælingjaskapurinn sje mannasiðir, og afsökun hans er auðvitað ekki annað en gáfnaleysi hans, vanþekking og mentunarskortur. Sama er um háttv. 2. þm. G.-K. í þessu máli. Það verður ekki móti því mælt, að eina leiðin til að bjarga þessu máli og um leið sóma þjóðarinnar var sú, sem jeg fór. Í þessu sambandi skal jeg benda á það hjer, að það var ekki til sá maður í Noregi, sem ekki fyrirliti íslensku stjórnina í Krossanesmálinu, enda þótt hún styddi norska hagsmuni. Fyrverandi stjórn kunni alls ekki að koma fram gagnvart öðrum þjóðum; hún vissi ekki, hvenær hún átti að taka föstum tökum á glæpamönnum og sýna rögg af sjer, og heldur ekki hvenær hún átti að sýna kurteisi og lipurð til þess að halda sóma sínum og lands síns.

Þá mintist hv. þm. á Shellfjelagið, og skal jeg þá svara þeim báðum, honum og hv. 1. þm. Skagf., í einu. Þessir menn hafa báðir átt mikinn þátt í að drepa landsverslun með steinolíu. Þegar þetta útlenda fjelag snýr sjer til hv. 1. þm. Skagf. sem ráðh.

um leyfi til að fá keypt land og rjettindi hjer, þá leyfir hann það umsvifalaust, og síðan er myndað fjelag, sem hann sjálfur er í, og það kaupir svo landið. Á þessum litla bletti, sem það kaupir, 12000 fermetrum, lætur það svo byggja olíugeyma svo stóra, að þeir rúma meiri olíu en ætla má, að seljist hjer á landi á tveimur árum. Síðan hefir fjelagið kosið heldur að heita íslenskt fjelag og fengið mann til að skrifa sig fyrir 244 þús. kr., en hv. 1. þm. Skagf. og þrír menn aðrir hafa skrifað sig fyrir 2 þús. kr. hlutum hver. Þannig er kallað, að meira en helmingur hlutafjár sje íslenskt fje, eða 252 þús. af 500 þús., og kalla þeir, að þetta hlutafje sje innborgað. En við rannsókn, sem jeg hefi látið gera, hefir komið í ljós, að hjer eru svik í tafli. Hlutafjeð er ekki innborgað, en þeir ætla að fá það að láni hjá útlenda fjelaginu. Það virðist ekki ástæðulaust, sem haft er eftir einum ungum málaflutningsmanni hjer í bænum, að það sje gott að hafa hv. 1. þm. Skagf. í þjónustu sinni og það borgi sig að greiða honum 1500 kr. á mánuði fyrir að vera í stjórn hlutafjelaga og öðrum snúningum.

Hv. 2. þm. G.-K. fyllist vandlætingu yfir því, að menn skuli ekki dást að fyrverandi dómsmrh. (MG) fyrir þá lipurmensku að gerast þannig leppur fyrir útlent stórgróðafjelag. En jeg ætla nú að hrella þennan stjórnanda fjelagsins (MG) með því að segja honum það hjer, að það er ekki víst að hann þurfi lengi að hrósa sigri yfir aðgerðum sínum í þessu máli. Það er til þjóð suður í löndum, sem hefir haft þrótt til að láta „tanka“ heimshringanna standa tóma. Það er hægt að fara svipað að hjer og hreinsa þennan leppskap úr landi.

Þá skal jeg, eins og jeg hafði lofað hv. þm. (ÓTh), víkja nokkuð að honum sjálfum. Hann fór nokkrum orðum um, að það væri óheppilegt, hvað jeg væri harður og óbilgjarn við andstæðinga mína, og að það væri óheppilegt, að útlendar þjóðir frjettu mikið af því, sem jeg segði hjer. Jeg á nú ekki marga óvini, en jeg á andstæðinga, og jeg býst við því, meðan jeg er í þessu sæti, sem jeg nú skipa, að ýmsir verði til að telja mig meira og minna óþarfan sjer og íhlutunarsaman.

Eiríkur heitinn Magnússon, meistari í Cambridge, maður, sem hafði óvenjulega næma rjettlætistilfinningu, sagði einhverntíma, að það hefði verið hamingja sín í lífinu að „mörg illmenni hefðu hatað sig“. Jeg hefi nú líka ástæðu til að halda, að ýmsum úrgangsmönnum þjóðfjelagsins sje illa við mig, og nefni jeg þar til þjófa, landhelgibrjóta, svikara, leppa og sníkjudýr. Tilfinningar þessara óvildarmanna minna munu koma enn ljóslegar fram af því að við höfum áður haft annan mann í sæti dómsmrh., mann, sem ekki verður sjeð, að hafi verið beinlínis „á kanti“ við þetta hyski.

En jeg geri hinsvegar ráð fyrir, að þótt nú um stund verði nokkurt eftirlit haft með þessu fólki og svo fari, að glæpir sannist á glæpamenn og þeir fái sinn dóm, þá telji þjóðin í heild sinni ekki, að það sje ver farið. Til þess er nú einu sinni dómsmrh., sýslumenn og aðrir löggæslumenn, að

gæta þess, að lögbrjótunum haldist ekki uppi sitt framferði. Hinu gæti jeg trúað, að þeim sjálfum, lögbrjótunum, þyki það miður farið, að Íhaldið skyldi ekki verða áfram í meiri hluta, svo að þeir hefðu frið góðan eins og áður var.

Þá heyrðist mjer einhver kvíði hjá hv. þm. (ÓTh) yfir því, að það hefði óheppileg áhrif út á við, sem jeg hefi sagt um landhelgibrjótana. Af því að jeg hefi sagt, að af hverjum 10 íslenskum togurum og hverjum 10 útlendum, sem kæmu í landhelgina, ættu jafnmargir að vera teknir. Jeg skal nú fara nokkrum orðum um, hvernig útlendingar líta á þetta.

Bistrup sjóliðsforingi, sem hefir verið í samstarfi við hv. 1. þm. Skagf., ritar grein í „Nationaltidende“ 10. jan. 1928, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð úr þeirri grein, sem lýsa erfiðleikunum af ágangi þeirrar stjettar, sem hv. 2. þm. G.-K. tilheyrir:

„I Sandhedens Interesse maa det indrömmes, at ogsaa de islandske Trawlere er slemme til at overtræde Loven om Forbud mod Trawlfiskeri paa det islandske Söterritorium. Det forholdsvis ringe Antal af anholdte islandske Trawlere ligger dels i, at de er höjst moderne Skibe, alle forsynede med Radio, hvilket kun i ringe Grad er Tilfældet med andre Nationers Skibe, dels i, at de islandske Trawlere, hvad man maaske vil finde naturligt, i höj Grad holdes underrettede om det danske Fiskeriinspektionsskibs og de islandske Vagtskibes Bevægelser, naar disse forlader eller ankommer til en Havn, og det netop gennem deres Radio; det er ogsaa gennem denne, at de holder hinanden underrettede, naar de ser de nævnte Skibe passere langs Kysten“.

Þetta er þungur dómur eftir meira en tveggja ára reynslu. Hann segir, að það sje mjög lítil tala, sem tekin er af íslenskum togurum í landhelgi og það sje sökum þess, að þeir hafi loftskeytatæki og sjeu aðvaraðir úr landi. Þeim sje sagt, hvenær varðskipin koma í höfn og hvenær þau fara — í stuttu máli alt, sem hægt er að segja um hreyfingar varðskipanna.

Þarna segir maður, sem unnið hefir með háttv. 1. þm. Skagf., einmitt það, sem jeg hefi sagt hjer. Hann reynir að vísu að segja það á sem vægastan hátt, kurteisinnar vegna, en hann lýsir verknaðinum ótvírætt. Og þegar hv. 2. þm. G.-K. ífærður purpuraskikkju blygðunarleysisins, leyfir sjer að láta frá sjer heyra gremjuorð, þegar á að gera landhelgieftirlitið strangara, þá gerir hann ekki annað en að játa sekt útgerðarmanna.

Það er áætlað, að íslensku togarnir hafi stolið 20 þúsund tonnum af fiski úr landhelginni undir Jökli á stuttum tíma. Hv. þm. Snæf. lýsti þessu vel í fyrra, og hefir oft gert, enda er það vitanlegt, að íslensku togararnir hafa verið staðnir að landhelgiveiðum þarna. En hvar voru þá 12 þús. kr. mennirnir? Það hefir ekki nema tvent hindrað þá, annaðhvort að þeim hafi verið skipað annað, eða sleifarlag á landhelgigæslunni. Jeg held, að þetta sjeu ekki yfirsjónir skipstjóranna, heldur er hreint og beint til þess ætlast hjá þessu fólki, að nú skuli þeir mata krókinn og stela úr landhelginni.

Já, mig undrar það ekki, þótt hlaupi reiðiroði í kinnar hv. 2. þm. G.-K., sem er framkvæmdastjóri fyrir útgerðar-

fjelagi og á í þeim togurum, sem staðnir hafa verið að landhelgibroti. En hv. þm. (ÓTh), sem er svo gjarnt á að dæma aðra, má ekki finnast það ósanngjarnt, þótt nokkur orð falli um hans framkomu í opinberum málum og verk hans sjeu látin tala sjálf.

Á fundi, sem haldinn var hjer í bænum fyrir nokkrum dögum, var það mál á dagskrá, sem hv. 3. landsk. hefir verið falið að rannsaka, nefnilega hvort tiltækilegt þætti, að landið reisti síldarverksmiðju. Á þeim fundi kemur hv. 2. þm. G.-K. uppbólginn eins og hann er vanur og fer að sýna fram á, hvað þetta geti verið afarhættulegt fyrir landið. Hæstv. fjmrh. (MK) stóð þá upp og spurði, hvernig það gæti verið, þar sem ræðumaður ætti sjálfur síldarverksmiðju, að hann sem borgari landsins rjeði frá að leggja út í slíkt fyrirtæki.

Nei, þarna kom tvískinnungurinn í ljós. Þar kom gróðamaðurinn eigingjarni í ljós; hann var vondur sonur landsins og hugsaði lítt um fátækt þess, aðeins ef hann gæti krækt í nokkrum krónum fleira. Hann gat hugsað sjer, að þá mundi hann græða minna og síldin ef til vill hækka í verði. Gróðavonin eða óttinn við tap sýnist gera háttv. 2. þm. G.-K. blindan á það, hvað sje heiðarlegt og sómasamlegum mönnum boðlegt. Þessi hv. þm. mátti skoðast sem fulltrúi atvinnuveganna í sambandi við gengismálið. Menn gátu búist við, að hann gæti bent á miljóna króna tap aðeins fyrir þá gengishækkun, sem fyrv. stjórn kom til leiðar.

Þessi hv. þm. er kosinn í gengisnefnd og það er búist við því, að hann geti nú kannske komið viti fyrir ráðherrann og alt muni rjetta við. En viti menn, þá vantar kjarkinn til þess að segja það, sem rjett er; þá er hann of mikið smámenni til þess að koma fram sem maður, þegar hann átti hvað helst að vera það. En svo heimtar hann af okkur, að við leysum gengismálið á svipstundu. Veit hann ekki, að þeir, sem best vit hafa á þessu máli, segja, að þurfi tiltekið árabil til þess að láta sjatna fyrst ólguna í fjármálum landsins. Veit hann í raun og veru svona lítið?

En auðvitað munum við Framsóknarmenn láta það sem vind um eyrun þjóta, hvað þessi hv. þm. segir. Háttv. 2. þm. G.-K. er þm. þess kjördæmis, þar sem mjög lítið er um togara, nema aðeins í Hafnarfirði, en meiri hluti kjósenda lifir á smábátaútveginum, og hagsmunir þeirra bundnir við, að fiskist uppi við land. Maður skyldi halda, að hann væri þessum kjósendum sínum trúr og berðist gegn lögbrotum í landhelgi. En hvað skeður? Hv. þm. á sjálfur skipið, sem er að stela frá kjósendum hans. Skipið hafði breitt yfir nafn og númer, alveg eins og þegar um glæpsamlegt athæfi er að ræða. Hann varð sárreiður við stjórnina af því hún áfrýjaði málinu til hæstarjettar, því að hann hafði sloppið heldur vel í undirrjetti, og út af því að þetta komst upp úthellir hann gremju sinni í Tímanum. Hann segir í þeirri grein, að sjer detti ekki í hug að láta skipstjórann fara, þótt sannaður sje á hann veiðiþjófnaður í landhelgi, af því að þetta sje ágætur veiðimaður; nei, hann heldur manninum.

Það eru líka allar líkur til þess, eins og Ágúst Flygenring og fleiri hafa sagt, að það hafi ekki verið skipstjórinn, heldur útgerðin, sem ráðið hafi.

Svona er trygð hv. þm. við kjósendur sína. Svo þegar kemur fram frv. frá stjórninni til þess að hindra landhelgiveiðar, þá rís þessi hv. þm. upp með vonsku. Hann er aftur sá eigingjarni landhelgiræningi, sem vill ekki, að varðskipin geti notið sín.

Þeir, sem best þekkja til, eins og Bistrup sjóliðsforingi, segja, að það sje vegna loftskeytanna, að svo erfitt er að ná íslensku togurunum, og fyrir þessu loftskeytafrelsi, sem ætlað er til glæpa, berst háttv. þm. með öllu sínu þori.

Jeg ætla nú að skilja við þennan hv. þm. þar, sem nú er komið.

Kem jeg þá að hv. 1. þm. Reykv., en honum mun jeg gera skemri skil, vegna þess að það mál, er hann helst drap á, gagnfræðaskólinn á Akureyri, verður til umræðu hjer eftir fáa daga.

Hann heldur því fram, að brjef það, sem stjórnin sendi norður í haust, þar sem því er heitið, að skólinn fái reglugerð sniðna eftir reglugerð mentaskólans, sje algerlega ólöglegt að öllu leyti.

Til hægðarauka vil jeg minna á tvent.

Jón Magnússon sagði á Akureyri síðasta vorið sem hann lifði, að það væri ætlunin að láta skólann fá rjett til stúdentsprófs 1930.

Nú býst jeg við, að það verði erfitt fyrir hv. 1. þm. Reykv. að halda því fram, að það hafi verið goðgá, sem jeg hefi gert, þegar jeg er einmitt að framkvæma vilja fyrv. flokksbróður hans.

Og enn segir Jón heitinn Magnússon — það er í þingtíðindum 1925. C. bls. 530:

„Eins og kunnugt er, var skipulagi latínuskólans breytt 1904 með stjórnarráðsráðstöfun, og heimildin til slíkrar ráðstöfunar er enn fyrir hendi. Skipulag mentaskólans er nú bygt á reglugerð, en ekki lögum.“

Maður skyldi halda, að hv. 1. þm. Reykv. hefði kynt sjer þetta mál svo, að hann færi ekki að bera fram mótsagnir við það, sem fyrverandi húsbóndi hans hefir sagt.

Nú er það vitanlegt, að um mentaskólann gilda engin lög önnur en launalög kennara, og þau aðeins að nokkru leyti. Alt annað hvílir á reglugerð, sem stjórnin hefir gefið út, meira að segja fimm af kennaraembættunum við skólann líka, sem hvíla á tilkynningu frá stjórnarvöldunum. Nú finst mjer erfitt að setja mig inn í þann hugsunarhátt hv. 1. þm. Reykv., að þá aðferð, sem notuð hefir verið við mentaskólann, megi hvergi nota annarsstaðar. Hinsvegar væri hægt fyrir mig að gerbreyta mentaskólanum með meira rjetti en sá hafði, sem ráðstafaði Thorcillisjóðnum. En úr því að stúdentamentunin íslenska hvílir á vilja stjórnarinnar á hvaða tíma sem er, þá er það ekki nema eðlileg afleiðing, að stjórnin geti gefið hverjum sem er prófrjett. Allir vita t. d., að Jón Sigurðsson útskrifaðist frá privatmanni. Alveg á sama hátt væri hægt fyrir stjórnina að gefa t. d. einum presti í hverjum landsfjórðungi rjett til þess að útskrifa stúdenta eftir vissri reglugerð. Ef það er eftir sömu reglugerð og reglugerð mentaskólans, yrði háskólinn að taka við þeim stúdentum, eins og sjá má á brjefi háskólaráðsins.

Heldur hv. 1. þm. Reykv., að þetta sje markleysa ein? Heldur hann, að

Akureyrarskólinn útskrifi ekki stúdenta í vor, sem háskólinn tekur svo við? Jú, sannarlega, og alt þetta sprikl í hv. þm. er alveg árangurslaust. Málið hefir sinn gang alveg eins og piltarnir í mentaskólanum læra sínar lexíur, þótt það sje ekki skipað með lögum að kenna þýsku, frönsku og latínu í efri bekkjum skólans.

Hv. þm. gat sparað sjer þetta ómak, því að hann þurfti aldrei að láta sjer detta í hug, að gerðust einhver undur og býsn í þessu sambandi aðeins af því að hann mótmælti þessu. Stjórnin gerði það, sem hún gat, og gaf skólanum á Akureyri rjett til þess að útskrifa stúdenta eftir vissu formi. En svo er dálítil forsaga fyrir þessu máli, sem þingið er ekki alveg laust við. Í þessari deild var það ákveðið 1924, að skólastjórinn á Akureyri mætti nota bekkina til framhaldsnáms, ef það kæmi ekki í bága við húsnæði skólans, og þar með var byrjað á þessu námi. Árið eftir tekst svo 1. þm. Eyf. að fá fjárveitingu til þess að halda uppi lærdómsdeild við skólann. Íhaldsstjórnin tók þessa fjárveitingu í fjárlögin, og þar með er viðurkenningin fengin frá þeim flokki líka, þegar þetta er samþ. af öllu Alþingi. Vantaði þá skólann ekkert annað en prófrjettindi, og það var það, sem núverandi stjórn veitti Akureyrarskólanum. Með því móti gaf hún fólkinu tækifæri til að velja, hvort það vildi heldur senda syni sína og dætur í mentaskólann eða skólann á Akureyri, en fyrir norðan er alt að helmingi ódýrara að lifa en í Reykjavík. Jeg held, að jeg verði að hrella hv. 1. þm. Reykv. með því að segja, hvers vegna honum er svo illa við þetta mál. Það er fyrir hans eigin skammsýni, eigingirni og fáfræði.

Þegar Íslendingar áttu sem örðugast og til stóð að flytja fólkið suður á Jótlandsheiðar, lögðust báðir skólarnir niður, bæði á Hólum og í Skálholti. Nokkru síðar er skóli stofnaður aftur í nágrenni Reykjavíkur, en Norðlendingum lofað skóla. Um þetta eru þeir ekki einungis sviknir, heldur er stolið af þeim peningunum fyrir Hólaskóla, því að Hólaskóli átti töluverðar eignir. Um það gætu prófessorarnir í sögu við háskólann í Reykjavík frætt hv. þm. (MJ), hvernig rjettarstaða Reykjavíkur var til stolnu peninganna að norðan.

Ef Reykjavík hefði gert vel við mentaskólann, þá hefði dregist, að þessi krafa um skóla nyrðra hefði komið fram. Einn af kennurum mentaskólans sagði á fjölmennasta stúdentafundi, sem haldinn hefir verið í Reykjavík, að bærinn hefði búið skammarlega við skólann og ekkert gert nema yfirfylla hann. Reykjavíkurskóli hefir enga aðstöðu fyrir útiíþróttir (sport), eins og utanlands er, og ekki heldur að bærinn hafi sagt sem svo: Úr því að við höfum skólann, þá skulum við gera eitthvað fyrir aðkomumenn. Það hefir ekkert verið gert nema að fjefletta þá. Hvernig hafa svo yfirvöldin búið að þessum skóla? Jón Ófeigsson kennari sagði, að af þeim 25 skólum, sem hann hefði heimsótt utanlands, hefði aðeins einn verið ver útbúinn; þetta er hans dómur. Jeg ætla ekki að fara verulega út í það, hvernig búið er að honum að öðru leyti, hvernig hann er yfirfullur og hvernig þar er brotið á móti einföldustu heilbrigðisreglum. Í vetur

eða í haust var verið að setja miðstöð í skólann. Voru ofnarnir þá teknir burt, og svo sátu um 28 manns í hverjum bekk, köldum og með ónýtum gólfum.

Gangarnir í þessum gamla skóla eru svo þröngir, að ekki er hægt að hengja þar frammi yfirhafnir nemenda; alt af þessum 280 nemendum verður að hengja upp inni í skólastofunum hjá þeim, hvernig sem þeir eru til reika. Jeg þekki ekki dæmi til slíkrar meðferðar á mönnum, slíks ódæma skrælingjaskapar, nema ef vera kynni í sögum Tolstoi's, þar sem lýst er meðferð á föngum í Síberíu. En þetta er það djásn, sem hv. 1. þm. Reykv. vill draga allan ungdóm landsins í; sá hv. þm. getur ekki hugsað sjer það, að fólk utan af landi vilji ekki borga helmingi meira hjer fyrir alla aðbúð heldur en það þarf á Akureyri, getur ekki skilið, að fólkið vilji hafa miklu betri skóla en þessi er. Hv. þm. skilur ekki, að menn fyrirlíta hjartanlega meðferð fyrverandi stjórna á þessum skóla, og inn í þessa pælu vill hv. þm. draga sveitafólkið; er þó ekki svo vel, að hann hafi barist fyrir neinum endurbótum þar nje fengið þeim framgengt.

Hjá skólanum er steinhús, sem bókasafnið er geymt í. Er húsið gefið skólanum af ríkum Englendingi, en það hús er lokað fyrir nemendum skólans. Gefandinn ætlaðist til, að þessi gjöf væri til gagns fyrir nemendur skólans, — en til hvers hefir hún orðið? Jeg hitti í haust mentaða konu, sem var farin úr skólanum fyrir 6 árum. Hún spurði mig, hvað væri í þessu húsi. Hún vissi ekki, hvað væri í bókasafnshúsinu. Betra hefði verið að gefa Oddfellowfjelaginu húsið en að fara svona með það, þó að jeg álíti nú ekki, að þeir eigi að hafa Thorcillisjóðinn.

Þó að jeg geri ekki mikið fyrir mentaskólann í Reykjavík, þá er jeg þó sá fyrsti maður í stjórn landsins, sem hefir haft viðburði til að láta nota þennan sal í húsinu. Jeg hefi látið húsameistara athuga skilyrðin fyrir því að gera bókasafnshúsið nothæft. En það er ekki þetta, sem liggur hv. þm. á hjarta, heldur það, að koma keppinautnum fyrir kattarnef. Hv. þm. væri það fagnaðarefni, ef hann mætti halda þessu ástandi óbreyttu.

Stundum, þegar jeg lít á hv. 1. þm. Reykv., mann, sem er sæmilega greindur og veit töluvert, og fer að hugsa um það, hve lítið gagn hann gerir fyrir samtíð sína, þá vaknar hjá mjer spurningin um það, hvernig hafi verið hægt að grafa þetta litla pund í jörðu, og þá finst mjer, að það hljóti að vera af því, hvernig farið hafi verið með hann í mentaskólanum. Þeir, sem hafa haft þá gæfu að sjá, hvernig nágrannaþjóðir okkar fara með sína stúdenta, geta ekki haft nógu sterk orð um það, hvernig farið er með þessa námsmenn hjer, og þá er hv. 1. þm. Reykv. ekki öfundsverður af því að berjast á móti umbótum á uppeldi langskólagenginna manna.

Jeg sagði á fundi hjer í vetur, að það hefði verið skorið úr þessu máli 9. júlí í sumar. Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðismenn og Jafnaðarmenn höfðu unnið að því á undanförnum þingum að fá Akureyrarskóla viðurkendan sem mentaskóla, en við kosningarnar í sumar biðu Íhaldsmenn ósigur, því að þjóðin dæmdi yfir þeim

Stóradóm. Jeg sagði, að í sumar hefði verið dæmt um þetta, þá var dæmdur sá Vopnadómur, er ákvað, að mentaskóli skyldi settur á Akureyri, og þetta verður þáttur í baráttu sveitanna til að verja menningu sína. Skyldi það nú ekki vera hugsanlegt, að þessi vonska, sem hefir verið í sumum háskólamönnum hjer, stafi af blindri gremju yfir því, að á Akureyri kemur upp skóli, sem verður talsvert betri og talsvert meiri aðsókn að úr öðrum landshlutum heldur en að mentaskólanum í Reykjavík? Jeg vil vinna að því að bæta skólann hjer, en jeg skal ekki segja neitt um, hvernig það gengur; það getur vel verið, að hv. 1. þm. Reykv. vilji ekki láta bæta hann. — Þegar Guðmundur Björnson varð læknir við skólann, voru engir hrákadallar í skólanum, og kostaði það hann mikla baráttu að fá þá tekna þar upp, og svona hefir alt þar verið á sömu bókina lært.

Hv. 1. þm. Reykv. mintist í ræðulokin á eitt mál, sem jeg vil nú athuga lítið eitt. Hann las upp ádeilu, gerða í einu bæjarblaðinu, á húsameistara ríkisins fyrir það, að hann hefði ekki tekið lægsta tilboði í sljettun landsspítalans. Jeg þarf nú ekki að svara þessu miklu, því að hv. þm. er ekki nógu kunnugur málinu til þess að geta talað með um það. Gangur málsins er sá, að húsameistari ríkisins bauð þetta út og vildi fá sjertilboð fyrir hverja hæð í sljettun á gólfum og veggjum og sameiginlegt tilboð fyrir alt saman. Þegar tilboðin voru opnuð, — þau voru fjögur alls, en jeg þarf ekki að geta nema tveggja þeirra lægstu —, þá var annað 125 þús., en hitt 119 þús. krónur. Lægra tilboðið var auðvitað tekið, en hinn maðurinn, sem hafði hærra tilboðið, var að reyna að hanga á því, að ein talan væri skrifuð neðan við eitthvert strik á blaðinu og sagði, að þessi skilningur bryti í bága við reglurnar fyrir útboðinu. Þetta var borið undir viðkomandi skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, og svaraði hann því, að það væri ómögulegt að ganga framhjá lægsta tilboðinu, og urðu allir sammála um það. Mjer er sem jeg sjái það fyrir mjer, ef við hefðum ekki tekið lægsta tilboðinu, hvernig hv. þm. (MJ) hefði breitt sig út um óspilunarsemi stjórnarinnar, ef við hefðum tekið næsta tilboði fyrir ofan, sem var 125 þús. krónur. Hv. þm. hefði þá víst haldið langa ræðu um það, að þarna hefðum við kastað burtu sex þúsund krónum. Jeg er hræddur um, að hv. þm. hafi verið kendur illa reikningur í mentaskólanum, ef hann heldur, að 125 þúsund sje lægra en 119 þúsund. Að minsta kosti verð jeg að játa vanþekkingu mína á þeim reikningi. Eitt af því marga góða, sem segja má um húsameistara ríkisins, er það, að hann hefir innleitt hjer útboð á húsum og hefir sparað ríkissjóði mörg hundruð þúsund krónur á því; en það er vitanlega ekki gert með því að taka dýrustu tilboðunum. En þessi grein, sem háttv. þm. var að lesa upp úr, er skrifuð af manni, sem var óánægður yfir því að fá ekki vinnu við þetta verk.

Þá var hv. 1. þm. Rang. (EJ) að spyrja mig um skólamál, og skal jeg svara því strax. Hv. þm. var óánægður yfir því, að jeg hefði ekki hrundið meira áfram skóla þeirra Rangæinga

og Árnesinga austanfjalls. Jeg verð hjer að minna á forsögu þessa máls á þinginu 1926 og minna á það, að jeg átti þá drjúgan þátt í því, ásamt flokksbræðrum mínum, að það var veitt fje til þessa skóla austanfjalls. Það var þá búið að finna stað fyrir skólann, sem sýslunefnd Árnessýslu hafði valið, og jeg, ásamt þingmönnum Árnesinga, útvegaði skólanum 50 þús. kr. lán. Jeg hafði líka átt nokkurn þátt í því að útvega prófastinum í Hruna, síra Kjartani Helgasyni, heiðurslaun, ef hann tæki að sjer forstöðu þessa skóla. En hvað gerist svo í málinu? Það, að þegar jeg og mínir samherjar erum búnir að vinna svona að málinu, þá gerast þau miklu undur, að íhaldsstjórnin og formaður hennar, Jón heit. Magnússon, beittu öllum sínum áhrifum til þess að hindra framgang málsins, og notuðu til þess hjeraðskrit og hvað annað. Húsameistari átti að fara austur til þess að mæla fyrir skólanum, en stjórnin bannaði það. Málið hrundi þannig í grunn og lánið fjell, heiðurslaunin voru feld niður og málið þokaðist langt aftur á bak. Hv. þm. (EJ) getur þakkað þetta Jóni heitnum Magnússyni og öðrum sínum samherjum, að málið strandaði þá, en hv. þm. getur ekki sagt annað en að jeg gerði það, sem jeg gat, og við stóðum þá báðir saman á fundi austur við Þjórsárbrú og reyndum að bjarga málinu. Menn austanfjalls ákváðu að reyna að leita samkomulags enn á ný, og var sjerstök nefnd sett til þess. Árnesingar lögðu til tvo menn í nefndina, Rangæingar tvo, og stjórnin tilnefndi oddamann. En nú get jeg sagt hv. 1. þm. Rang. það, að Eggert heitinn Pálsson hjelt því fram, að það væri ómögulegt fyrir sýslurnar að vinna saman, og meðal annars var það bygt á þessu, að þingið ætlaði að veita Árnesingum fje til skólans. Oddamaðurinn, sem jeg tilnefndi í vetur, hallaði sannarlega ekki á Rangæinga, heldur á sveif með þeim, og átti þátt í að velja stað í þeirri sýslu. Stjórnin hefir ennfremur látið standa í fjárlögum sömu upphæð og verið hefir, til þess að ef bændur austanfjalls geta komið sjer saman um að byrja á skóla, þá sje eitthvert fje til taks, svo að hægt verði að hjálpa þeim.

Jeg þykist nú vita, að hv. þm. muni gera ráð fyrir því, að stjórninni beri skylda til að veita frekari aðstoð til framkvæmda heldur en orðið er, en þessu er nú svona varið, og hv. þm. má ekki halda það, að stjórnin sje blátt áfram skyld til að leggja fram fje í hjeraðsskóla, jafnvel þar, sem menn ekki vilja byggja hann. **(EJ:** Jeg hefi aldrei farið fram á það). Og hjer er líka í mörg horn að líta. Vestfirðingar vilja fá viðbót við Núpsskólann, Borgfirðingar og Þingeyingar sömuleiðis við sína skóla, og öll þessi hjeruð eru talsvert lengra komin með sína skóla heldur en þeir á Suðurlandsundirlendinu. Nú gæti jeg hugsað, að við yrðum sammála um þetta, og hv. þm. getur treyst á atkvæði mitt í þessu máli, því að jeg vil reyna að vinna að því að ýta áfram þessu skólamáli á Suðurlandi, eftir því sem mjer er unt, en jeg vil líka vinna með hinum, og stuðningur stjórnarinnar verður í hvert sinn að fara eftir því, hve mikla framsýni og dugnað hlutaðeigendur sýna í aðgerðum sínum. **(EJ:** Mjer þykir þetta alt sanngjarnt).

Þá kem jeg að hinni miklu píslarsögu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Hann hefir nú gengið hjer um með brotinn fót, eins og hetja sem kemur úr stríði. Jeg hefi mikla samúð með hv. þm. fyrir þessa líkamsveilu hans, en jeg hefi ekki samúð með öllum aðförum háttv. þm. og kjósenda hans.

Jeg held, að jeg verði að láta í ljós mína óblöndnu undrun yfir því, að hv. þm. (JAJ) skyldi leyfa sjer að taka til máls, eins og forsagan að kosningu hans er, og ennfremur leyfa sjer að fara að minnast á Hnífsdalsmálið, því að hv. þm. má vera það ljóst, að um fátt er meira talað á Íslandi en þá frekju og glæpi, sem dregnir hafa verið fram í dagsljósið í hans kjördæmi, og það er ekki vel lagað til að auka hróður þeirra íhaldsforkólfanna á Vestfjörðum hjá góðum mönnum og grandvörum úti um land. Þetta mál hefir ekki, svo að jeg viti, neitt nema ljótar og andstyggilegar hliðar, og það er þetta mál, sem hv. þm. svo leyfir sjer að draga inn í umræður hjer, og þess vegna verður það honum til angurs og frekari sektar, þó að jeg muni, þegar hann kemur inn á þingvöllinn og óskar eftir höggum og slögum, taka miskunnsamlega á honum.

Það var nú samt dálítið meiri völlur á sumum samherjum hv. þm. í sumar, þegar þeir fullyrtu, að það væri enginn blettur á flokksmönnum hans þar; þetta væri alt bannsettum sjómönnunum að kenna, sem hefðu falsað atkvæðin sjálfir. Nei, alt var hreinum hreint í Hnífsdal, það væru glæpamennirnir sjálfir, sem hefðu komið þessu máli af stað, en samherjar hans alveg saklausir.

Hv. þm. sagðist vera ósköp saklaus og óduglegur við undirbúning í sýslunni, aðeins sent nokkra mótorbáta til að hjálpa þeim að komast á kjörstað, sem hefðu átt erfiðast með það. Sagðist hafa skrifað undirkjörstjórnum sýslunnar og beðið þær að halda sjer dyggilega á vegi rjettlætisins. Við skulum nú athuga það, að þetta er annað þingmannsefnið, sem skrifar öllum kjörstjórnunum um það, að vera ekki að brjóta lögin. Það er eins og þingmannsefnið hafi haft sterkan grun um, að þetta gæti komið fyrir. Nú höfum við skýringuna á þessu. Hnífsdalssvikin eru komin upp fyrir kjördag, og það lítur út fyrir, að hv. þm. hafi ekki verið eins trúaður á sakleysi samherja sinna eins og Morgunblaðið var, þegar fregnin barst hingað. En þetta sýnir, að hv. þm. hefir haft ákaflega mikinn grun á sumum samherjum sínum, og það er svo mikil móðgun í því að skrifa þeim svona brjef, að það er nær alveg sama og að ásaka þá um glæp. Hvaða ástæðu hv. þm. hefir haft til þessa, má hann best vita sjálfur, en fyrir þessu höfum við játningu hv. þm. sjálfs.

Þá talaði hv. þm. um einhvern bjána, sem hefði farið að falsa atkvæði. Heldur er nú þetta kuldalega talað um verk, sem verið er að vinna honum til góðs, því að það er auðsjáanlegt, að falsarinn hefir borið mikla velvild til þessa hv. þm., sem ekki getur farið um það vægari orðum en að kalla manninn bjána fyrir að ganga svona langt í því að elska hann og

vinna að hans gagni. Mjer finst þetta lítilmannlega talað um þann, sem hefir lagt sitt líf við hans líf í þessu máli.

Þá segir hv. þm. til sannindamerkis um sína miklu óbeit á þessu öllu, að það hafi verið hann, sem hafi heimtað rannsókn í málinu. Já, menn vita nú, hvernig því var háttað; en það eru að minsta kosti ekki meðmæli fyrir dómsmálastjórn Íhaldsins, ef það hefir verið brennandi ósk frá þessum samherja á Ísafirði, að þá hafi ekki verið tekið meira tillit til þess. Sannleikurinn er sá, að það var ákaflega lítið gagn að þeirri rannsókn, sem gerð var undir ægishjálmi þessarar stjórnar, því að þeir, sem með rannsóknina fóru, höfðu grautað öllu svo vel saman, að það var nær óleysanlegt. Og þegar jeg var að biðja lögfræðinga hjer að fara vestur, þá var svarið altaf það sama: Það er búið að eyðileggja málið. Þetta var sem sje álit allra lögfræðinga, sem jeg talaði við, að fyrsta rannsókn hefði eyðilagt málið, svo mjer finst, að íhaldsstjórnin hafi mjög svo móðgað þennan vin sinn, með því að fara svona að, eða þá að stjórnin hafi álitið, að þetta væri ekki svo alvarlega meint, eða henni hefir fundist beiðnin flutt á þann hátt, að ekki mundi vera mikil áhersla lögð á það, hvort borgarinn á Ísafirði yrði bænheyrður.

Jeg hjelt, að það mundi gleðja hv. þm. N.-Ísf. stórlega, að jeg hefi sýnt þessu máli svo góð skil. En það er nú eitthvað annað en að það hafi komið í ljós hjá honum. Um leið og dómarinn kemur vestur, er reynt á allan hátt að sjá um, að honum verði ekki vært þar. Hann er skammaður eins og hundur í málgagni íhaldsins þar á staðnum, sem eins og allir vita er hv. þm. (JAJ) svo mjög innan handar, að telja má, að öll þessi framkoma sje á hans ábyrgð. Og þegar á að fara að handtaka þessa tvo menn, þá er komið annað hljóð í strokkinn heldur en þegar sjómennirnir voru teknir í varðhald í vor. Þar var ekki um neinn mótþróa eða neina uppreisn að ræða. En þegar taka á hreppstjórann í Hnífsdal, neitar hann að fara í varðhaldið og ber fyrir sig læknisvottorð. Frændur hans, sem eftir sögn hv. þm. voru viðstaddir sjúkrabeðinn, og hafa líklega lesið Passíusálmana yfir Hálfdáni og hans ágæta tengdasyni, neita að veita rannsóknardómaranum þá aðstoð, sem hann óskar eftir til að tryggja sjer nærveru þessara grunuðu manna. Þetta er nú uppreisn nr. 2. Nr. 1 var uppreisn íhaldsblaðsins á Ísafirði. Nr. 3 er uppreisnin í Bolungarvík. Gafst þar, sem víðar, tækifæri til að sjá, hve mjög flokksbræður hv. þm. þyrsti í rjettlætið og fullkomna rannsókn á málinu. Eftir að Pjetur Oddsson hefir framið ofbeldisverkið, sendir hann einu íhaldsblaðinu hjer í Reykjavík skeyti um þetta afrek sitt. Til að láta velþóknun sína í ljós yfir svívirðingu þessari birtir Morgunblaðið mynd af fálkariddaranum, eins og einhverri þjóðhetju — þessum frekasta uppreisnarsegg á Íslandi, sem reynir að stofna hjer til annarar Sturlungaaldar.

Ef nokkur pólitískur glæpur er til, þá er það slíkt framferði. Ekkert er gert til að greiða götu rjettvísinnar, en hinsvegar ekkert látið ógert til að hindra framgang hennar. Jeg býst ekki við, að hv. þm. vilji kalla Pjetur Oddsson bjána, eins og aðra þá, sem hafa verið að vinna að kosningu hans

í samræmi við innræti sitt þar vestra. Jeg efast ekki um, að til kunni að vera góðar hliðar á Pjetri Oddssyni, en það kemur bara ekki þessu máli við.

Þá kemur uppreisn nr. 4. Það er uppreisn hv. þm. í rjettinum. Dómari er fenginn, sem leggur alla orku og hug á það að rannsaka málið til hlítar. Þegar þessi hv. þm. er kallaður fyrir rjettinn, kemur hann þar fram með þvílíkum ofstopa og ósvífni, að þess eru fá dæmi. — Nr. 5 eru blaðaskammirnar um Halldór Júlíusson, sem voru svo freklegar, að annað eins hefir ekki þekst í íslenskri blaðamensku.

Þá kemur nr. 6. Það er það atriði málsins, að hv. þm. skuli hafa getað fengið flokksmenn sína til að taka kosningu hans gilda, þrátt fyrir það, þótt stórfeld glæparannsókn stæði yfir út af kosningunni. Þetta mál hefir verið borið fram af svo miklum ákafa og af svo mörgum mönnum í Íhaldsflokknum, að það hlaut að vera alvarlegt áfall fyrir flokkinn, ef rannsókn leiddi það í ljós, að hjer væri um fals og svik að ræða. Það má því kallast meira en lítið kæruleysi að leggja flokkinn svo í hættu fyrir þingmensku hv. þm. (JAJ). Aldrei hefir það komið fyrir, að jafnsvívirðilegt atferli hafi verið notað nokkrum þingmanni til brautargengis.

Jeg skal benda á það sem dæmi þess, með hvílíkri athygli menn fylgdu þessu máli um land alt, að það tölublað Tímans, sem rithandarsýnishornin voru birt í, hefir selst meira en nokkurt annað blað í Reykjavík fyr eða síðar, og úti um sveitir landsins er það geymt eins og dýrgripur. Ekkert glæpamál hefir nokkru sinni komið fyrir hjer á landi, sem jafnmargir Íslendingar hafa myndað sjer rökstuddar hugmyndir um. Og það er áreiðanlegt, að þær hugmyndir, sem menn hafa myndað sjer um það, eru ekki neitt sjerlega ánægjulegar fyrir hv. þm. N.-Ísf. nje flokksbræður hans.

Jeg get glatt hv. þm. N.-Ísf. með þeirri frjett, að hin fræga rannsóknarstofa í glæpamálum, Scotland Yard, hefir þegar felt úrskurð sinn í málinu, og jeg býst við, að undirrjettardómur og hæstarjettardómur verði byggðir á þeim úrskurði. Það getur vel verið, að hv. þm haldi, að enginn af samherjum sínum sje við málið riðinn, en Scotland Yard er þar í engum vafa.

Líka get jeg skýrt frá því, að fram hafa komið nýjar falsanir, sem ástæða er til að ætla, að nýir menn sjeu við riðnir. Býst jeg við, að Halldór Júlíusson sendi einnig þessa seðla til Scotland Yard, og getur því hinn endanlegi dómur í fölsunarmálinu ekki verið uppkveðinn fyr en þau gögn eru heim komin aftur.

Þrátt fyrir þessa afstöðu hv. þm. N.-Ísf. leyfir hann sjer þó að skora á dómsmrh. að fara í sjerstaka tegund af málaferlum við sig. Jeg geri nú ekki ráð fyrir, að jeg láti hann skipa mjer fyrir um það, í hvaða mál jeg fer, en hann getur verið viss um, að kosningarfölsunarmálinu held jeg til streitu. Jeg hefi líka hugsað mjer að verða við þeim kröfum þingsins að taka upp rannsókn á kosningunni á Ísafirði 1923, og finst mjer, að hv. þm. geti beðið þangað til sú rannsókn er um garð gengin. Vonast jeg eftir, að hægt verði að skiljast svo við þetta mál, að þorsta hans verði svalað.

Hinsvegar er svo langt liðið frá

kosningunni á Ísafirði 1919, að ógerningur virðist vera að rannsaka hana hjeðan af, þótt hún hafi ef til vill verið skáldlegust af öllum kosningum. Getur því hv. þm. verið rólegur út af þeirri kosningu. Einu verðlaunin, sem hv. þm. á skilið fyrir það hámark ósvífninnar að heimta rannsókn í sínu eigin hreiðri eftir það, sem á undan er gengið, eru þau, að hann fái fálkakross, svo að hann standi þjóðhetjunni í Bolungarvík í engu að baki.

Hv. þm. N.-Ísf. beindi þeirri spurningu til mín, hvað gert yrði við kæru hreppstjórans í Bolungarvík til stjórnarráðsins. Jeg get nú ekki sjeð, hvaða greiði honum er í því, að hróflað sje við því máli, þar sem fyrir liggja hin gleggstu skilríki um falsvitnisburð Íhaldsflokknum í vil. Finst mjer, að hann gerist furðu djarfur, er hann spyr að þessu. Vitnin hafa borið það, að þau hafi borið falsvottorð í fyrstu, af því að þau hjeldu, að málstaður Íhaldsins væri í veði. Bolvíkingar eiga ef til vill eftir að bera ábyrgð gerða sinna, og jeg get ekki sjeð, hvernig slíkt fólk getur heimtað rannsókn á dómara, sem það hefir borið falsvitni fyrir.

Hv. þm. sagði, að ef hann hefði eitthvað ofmælt, væri ekki annað fyrir mig en fara í mál við sig. Jeg get sagt honum það, að jeg get farið aðrar leiðir en að fara í mál við hvern negra, sem býður mjer upp á það. Jeg veit, að jeg hefi haft almannadóminn með mjer í þessu máli, en Íhaldsflokkurinn á móti sjer, og jeg er ekki svo illa settur, að jeg þurfi að hreinsa æru mína með málaferlum. Hv. þm. N.-Ísf. kynni að þurfa þess með, en jeg þarf þess ekki.

Þá vík jeg að fyrirrennara mínum, hv. 1. þm. Skagf. Jeg get nú stytt mál mitt vegna þess, að jeg hefi að mestu svarað honum áður. Hefi jeg bent á, hvernig stjórnin fór honum úr hendi, og varð lítið um svör hjá honum, sem vonlegt var. Jeg benti á ráðleysi hans, þegar hann lánaði 15 þús. krónur úr Fiskiveiðasjóði á móti ráðum skrifstofustjóra síns. Skipið, sem þetta fje var lagt í, stendur nú uppi í fjöru sem háðulegt minnismerki yfir þessu stjórnarafreki hv. 1. þm. Skagf. Vil jeg nú spyrja þennan háttv. þm., hvort hann treysti sjer til að leggja við drengskap sinn, að ungur málaflutningsmaður hjer í bæ, sem hann hefir haft mikið saman við að sælda, hafi ekki haft neinn hagnað af þessari ráðstöfun. Það er nefnilega almannarómur, að þessi maður hafi herjað þetta fje út úr þáv. ráðh., og vil jeg nú gefa honum tækifæri til að neita því, ef hann treystir sjer til. (**MG:** Jeg geri það hjer með). Þetta er samt útbreidd skoðun, en nógu slæmt er, að lánstryggingin var svo ljeleg, sem raun var á, þótt hitt bættist ekki við. Úr sjóði þessum hafa aldrei tapast upphæðir, sem neinu hafa numið, nema þetta lán, sem hv. 1. þm. Skagf. kastaði á glæ.

Um Ohm-málið þarf jeg ekki mörgu að svara honum, því að um það hefi jeg þegar svarað öðrum hv. þm. Hann sagði, að úr því að þessi hluti björgunarlaunanna var gefinn, hefði verið nær að gefa hann innlendum mönnum. Jeg fylgdi heimsvenjunni í þessum efnum, þótt hann hafi ekki aðstöðu til að skilja, hvílíku hneyksli hjer var afstýrt.

Hv. þm. rakti sögu Thorcilliisjóðsins og vildi sýna, að gjafabrjefið væri

ekki svo úr garði gert, að það væri bindandi lengur. Auðvitað sjer hver heilvita maður, að á sama stendur, hvort umráðamaður sjóðsins heitir stiftamtmaður, landshöfðingi eða ráðherra. Það er alveg tvímælalaust lagabrot að afhenda einkafjelagi umráð yfir sjóðnum, enda býst jeg við, að stjórnin geri ráðstafanir til þess, að fyllilega verði skorið úr því máli.

Um það, sem gerðist í Barðastrandarsýslu, þarf jeg ekkert að segja. Saga þess máls skýrir sig sjálf. En það getur varla talist nein ósanngirni af mjer að skýra frá því, að hinn ungi lögfræðingur, sem fyrv. stjórn sendi vestur, fór þangað jafnframt í gróðaerindum fyrir sjálfan sig, og þau voru framkvæmd á opinberu uppboði í samráði við sýslumann. Þetta sýnir svo mikla rotnun hjá fyrv. stjórn, sem er meira ámælisverð en hinn ungi maður, sem hjelt, að þetta væri alt gott og blessað, þar sem stjórnin hafði lagt samþykki sitt á það. En það er sannanlegt, að stjórnin leyfði þetta, og háttv. 1. þm. Skagf. sjer auðvitað ekkert athugavert við það. Svo kemur það í ljós ári síðar við nýja skoðun, að sjóðþurð er hjá þessum sýslumanni, ólag á meðferð dánarbúa og í stuttu máli embættisfærslan öll í ólagi. Verð jeg að segja, að þetta kemur sjer, vægast sagt, mjög óþægilega fyrir hv. 1. þm. Skagf. og stjórn hans.

Þá vildi háttv. þm. halda því fram, að jeg hefði eiginlega ekki hrint áfengisvörnunum í neitt betra horf en hann. Háttv. þm. neitaði, að læknar hefðu minkað nokkuð áfengisreceptagjafir sínar fyrir þá sök, að skýrsla Björns Þorlákssonar hefði verið birt. Um þetta munu áframhaldandi skýrslur gefa bestan vitnisburð. Mjer tilheyra aðeins 4 mánuðir af skýrslu þeirri, er birt hefir verið, og eru þeir ekki greindir sjerstaklega frá, svo að lítið verður sjeð af henni. En við skulum sjá til, þegar skýrslan fyrir 1928 kemur. — Hv. þm. hjelt því ennfremur fram, að ekkert hefði minkað drykkjuskapurinn á skipunum. Mintist hann í því sambandi á ferð, sem við vorum samskipa síðastl. haust, og sagði, að þar hafi verið mikið vín um hönd haft. Þetta er rjett, en það var líka áður en settar voru reglurnar til að koma í veg fyrir drykkjuskap á skipunum. Jeg get sagt mönnum eitt dæmi um það, hvernig ástandið var. Í sumar, um það bil, er stjórnarskiftin urðu, átti einn af brytunum á skipum Eimskipafjelags Íslands 400 flöskur af áfengi undir innsigli. Einhver svik komust upp um hann, og var hann rekinn af skipinu. En þá símar hann til skipstjóra og biður hann að kasta fyrir borð vínbirgðunum. Skipstjóra þótti þetta undarlegt, en ætlaði samt að verða við bóninni. Gætti hann þá í flöskurnar, og komst þá upp, að í þeim var eintómt vatn. Það vitnaðist síðan, að brytinn hafði haft meðferðis 400 flöskur af áfengi, ljet innsigla þær, en komst um leynidyr í skápinn, þar sem þær voru geymdar. Tók hann þar vínflöskurnar, en skildi vatn eftir. Sami maður varð uppvís að því að hafa svikið vindlatoll af landinu svo að nam 5 þús. krónum. — Svona var ástandið. Nú hafa íslensk skip ekki leyfi til að hafa neitt áfengi uppi við, meðan þau eru við landið, og útlend skip ekki nema ½ líter á hvern fastan skipverja. Þegar hámarkið nú, nálægt 10 l., er borið saman við „Lag-

arfoss“ áður, sýnist munurinn óneitanlega vera nokkur.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að jeg hefði snúist í áfengismálunum, og taldi því til sönnunar, að jeg hefði ekki sagt upp Spánarsamningnum eða lokað vínbúðunum. Jeg sagði í gær, að það er mín skoðun, að ekki beri að hrófla við Spánarsamningnum, nema því aðeins, að greinilegur meiri hluti þjóðarinnar vilji það. Í fyrra var það yfirlýstur þingvilji, að *ekki* bæri að *leita* nýrra samninga, hvað þá að segja gildandi samningi upp. Þessa yfirlýsingu skoða jeg sem bindandi fyrir mig, þar til ný atkvgr. hefir farið fram. Jeg skal vinna með að því að hrinda af hinu spanska oki, ef þjóðin vill það. En jeg svíkst ekki að þjóðinni. Meiri hlutinn vill ekki endurskoðun, og í þeim meiri hluta er hv. 1. þm. Skagf. og allur flokkur hans. Að þessu leyti stýri jeg í þeirra anda. Þeir vildu ekki heldur loka vínbúðunum, þótt hv. þm. áfellist mig nú fyrir að gera það ekki. Jeg vil þá spyrja hv. þm. að einu: Vill hann og flokkur hans þá í alvöru fara eins að gagnvart Spánverjum og Belgir fóru að gagnvart Þjóðverjum 1914? Ef hann svarar þessu engu eða neitandi, þá getur hann ekkert sagt. Hann hefir ekki rjett til að krefjast neins af mjer. Hann er sjálfur potturinn og pannan í því að gera ómögulegt að ná nýjum samningum fyr en nýr meiri hluti hefir skapast í málinu. Í þessu máli fer eins og oftar: það er sekt hv. 1. þm. Skagf., sem sannast, en ekki mín.

Þá sagði hv. þm. út af varðskipunum, að launalögin hafi verið aðallögin. Þetta er nýstárlegt að heyra. Því að hingað til hafa blöð hv. þm. haldið því fram, að það væru ekki launin, sem mestu máli skifti um, heldur hitt, að skipverjarnir hafi verið skráðir ólöglega. En fyrst það eru aðeins launalögin, sem um er að ræða, þá ræður stjórnin því alveg, hvenær hún framkvæmir þau. Það er alveg hliðstætt dæminu, sem jeg nefndi um fasteignabankann 1921. — Þessi yfirlýsing var annars aðeins merkileg að því leyti, að hún var snoppungur á meginþorra íhaldsblaðanna, sem hafa talið lögskráninguna vera þungamiðju málsins.

Háttv. þm. sagði nú, og hefir það áður komið fram í blöðum hans, að skrásetningin hafi fallið niður af sjálfu sjer. Við þetta er tvent að athuga. Fyrst það, að skipverjarnir voru afskráðir seint og síðarmeir, af öðru skipinu hjer í Reykjavík og hinu á Siglufirði. Nú segir hv. 1. þm. Skagf., að þetta hafi verið óþarft og hafi verið gert á móti hans skapi. En skipstjórarnir ljetu samt sem áður gera það, sem er aðalatriðið, og varla hafa þeir viljað styggja háttv. 1. þm. Skagf. að óþörfu, þar sem hann er þeim svo góður. — Svo er hitt atriðið. Ef lögin upphefja skrásetninguna og hún hefir fallið úr gildi af sjálfu sjer, þá eru allar ásakanir í minn garð hjegóminn einber. Því að það er augljóst, að þá hefir skráningin í september ekki verið gild, og mennirnir eru þá ólögskráðir eftir sem áður. Þá hafa engin lög verið brotin. — Hvernig sem málinu er snúið, hefir hv. þm. eyðilagt sinn málstað. Ef hallast er að því, að það sje lögbrot að hafa mennina skrásetta, þá hafa þeir fyrst verið það vikum og mánuðum saman á ábyrgð hv. 1. þm. Skagf., og síðar stuttan tíma á mína ábyrgð. Jeg hefi nú ekki álit-

ið, að þörf gerðist að hefjast handa gegn hv. þm. út af þessu. En ef flokksbræður hans vilja það endilega, skal jeg ekki hafa neitt á móti því, þótt hann verði dreginn fyrir landsdóm.

Um annríki fyrv. stjórnar síðustu dagana hefir hæstv. forsrh. talað og sýnt fram á, að alt var ólöglegt, sem verið var að hespa af. Jeg á samt bágt með að trúa því, að hv. 1. þm. Skagf., annar eins eljumaður við undirtylluvinnu í skrifstofu, hefði ekki komið því af að skrifa undir fáein veitingarbrjef. Annars er það augljóst, hver gangur þessa máls er. Þetta hefir átt að vera hrekkjabragð frá háttv. þm. Hann hefir búist við, að jeg yrði í nýju stjórninni, og hefir hugsað sem svo, að gaman væri að láta mig framkvæma þessa veitingu, er jeg hafði verið svo mjög á móti. Því lætur hann búa þetta út, vjelskrifa það á hinn fagurlegasta hátt, með 12 þús. kr. launum handa skipstjórunum. Þegar búið væri að skrifa undir þetta, átti að gera árás á nýju stjórnina og segja, að hún hafi svikið hugsjónir sínar. Hennar fyrsta verk hafi verið að snúast í þessu máli. En ef þetta er rjett, að hv. þm. hafi gengið til svona lítilfjörlegur drengjaklókskapur, þá hefir honum mistekist. Eftir látunum við mig út af þessu máli býst jeg við, að hann hafi fengið að líða sitthvað hjá hv. flokksbræðrum sínum. Samherjar hans eiga fullan aðgang að honum í þessu máli. Hann hefir með seinlæti sínu slegið vopnin úr höndum þeirra og gert að verkum, að e. t. v. verður nokkrum sparnaði við komið, sem sumum vinum hv. þm. sýnist ekki um gefið.

Jeg hafði í fyrri ræðu minst á nokkur lögbrot sumra fyrirrennara minna, sem enginn ræðumanna hefir reynt að verja. Þessi 4 voru einna stærst: Frestun laganna um fasteignabankann. Brot Hannesar Hafsteins á lotterílögunum. Brot hv. 1. þm. Skagf. á lögunum um atvinnu við siglingar. Lögbrot allra ráðherra á fyrirmælunum um skrifstofufje sýslumanna. Hugsa jeg, að hv. þm. sjeu ekki svo skyni skroppnir, að þeir sjái ekki, hvað þetta þýðir. Úr því að þeir sjálfir og átrúnaðargoð þeirra hafa leyft sjer að brjóta þýðingarmikil lög, þá er lítil von um sókn af þeirra hálfu gegn mjer, þótt jeg hafi látið haldast það ástand á varðskipunum, sem var, er jeg tók við. Jeg hefi sagt það skýrt og skorinort, hvað mjer hefir gengið til. Úr því að Íhaldið hafði ekki manndáð í sjer til að veita embættin, þá sagði jeg, að hin hættulegu ákvæði laganna skyldu aldrei koma til framkvæmda. En þar á jeg við of há laun skipstjóranna og æfilanga veitingu embætta þeirra. Jeg hefi rökstutt þetta, og þessi viðleitni kemur af því, að jeg geri ráð fyrir, að mikið megi bæta landhelgigæsluna með því að stilla í hóf um eyðsluna, en gera skynsamlegar kröfur til skipverja og yfirmanna.

Jeg býst við, að svo fari um þetta mál sem áfengisvarnirnar og Akureyrarskólann, að menn sjái fljótlega. að breytt hefir um til batnaðar við stjórnarskiftin.

Haraldur Guðmundsson: Nú er orðið langt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, og er margt búið að segja síðan. — Ástæðan til þess, að jeg bað um orðið, var ekki sú, að mig langaði til að

taka þátt í eldhúsumræðunum. Skal jeg þó taka fram, að það er ekki fyrir þá sök, að jeg og flokksbræður mínir sjáum ekki sitthvað, er aflaga fer hjá hæstv. stjórn, og þó enn fleira hjá fyrv. stjórn, er hjer hefir einnig verið dregin fram í eldhúsið. Frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna horfir þannig við um stjórnirnar báðar, þessar eldabuskur þjóðarinnar, að þær líta alt öðrum augum á aðferðir við eldamenskuna en við gerum. En mikill er þó munurinn, hvað hæstv. núv. stjórn hefir reynst fremri fyrirrennara sínum, að síðari eldabuskunni alveg ólofaðri þó. Hlýt jeg að segja, að hún hefir verið svo mikið skárri sinn stutta vistartíma, að hún á fulla sanngirniskröfu á að fá að reyna sig lengur.

Eins og áður er sagt, eru það ekki eldhúsverkin, sem freista mín, heldur var það háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem gaf mjer tilefni til að standa upp. Hann flutti fyrir hv. deild sára kveinstafi út af meðferð hins vonda manns, hæstv. dómsmrh., á honum sjálfum sjerstaklega og kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu yfirleitt. Jeg hefði álitið það skynsamlegast og heppilegast af þessum háttv. þm. að hreyfa ekki þessu máli nú. Það hefði verið mennilegra af honum að reyna að bera harm sinn í hljóði. Í sambandi við kveinstafi háttv. þm. koma mjer í hug orð eins málsnjallasta flokksbróður hans um annan háttv. íhaldsþingmann hjer í hv. deild, að framkoma hans hafi verið mannleg, en ekki stórmannleg. Þessi orð eiga mjög vel við um þennan höfund hinnar nýju Píslarsögu.

Hv. þm. byrjaði á því að skýra frá, að um þingtímann í fyrra hafi hann skrifað nokkrum kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu og spurt þá um kosningahorfur. Hafi þeir talið víst, að hann fengi 300—400 atkvæða meiri hluta. Mjer dettur ekki í hug að bera brigður á þessa frásögn, en jeg sje bara ekki, hvað hún kemur málinu við.

Hæstv. dómsmrh. hefir minst á brjefaskriftir hv. þm. (JAJ) til kjörstjórnanna, þar sem hann brýnir svo mjög fyrir þeim að fylgja bókstaf laganna, því að annars kynnu vondir menn að kæra kosninguna. **(JAJ:** Þetta er slitið út úr samhengi). Ekki af mjer. Jeg segi aðeins orð hæstv. dómsmrh. — Annars benti hæstv. ráðherra á aðra hlið á umsögn hv. þm. um þessar brjefaskriftir. Þær sýna sem sje það, að hann hefir haft nokkurn grun um, að kjörstjórnirnar hefðu tilhneigingu til að hirða lítið um bókstaf laganna. Og mig furðar ekki á þeim grun hans. En jeg hlýt að samhryggjast yfir árangrinum af brjefaskriftum hans, og jeg held jafnvel, að hann ætti að leggja þær niður. Ekki síst, ef þær skyldu bera Hnífsdalsávöxt. **(JAJ:** Jeg skrifaði aðeins í nýjar kjördeildir). Það var þá bagalegt, að hann skyldi ekki koma brjefi til Hnífsdalshreppstjórans líka. Ekki hefði af veitt.

Hv. þm. sagði ennfremur, að hann hefði gert alt, sem hann gat, til að knýja fram frekari rannsókn í málinu. Kveðst hann hafa sent hæstv. landsstjórn skeyti þess efnis, er sýslumaður var farinn í þingaferðir. Jeg leyfi mjer að bera brigður á, að þessi hv. þm. hafi gert það, sem hann gat, til að knýja fram rannsókn í málinu. **(JAJ:** Hægt að sanna það!). Jeg held

nú þvert á móti, að hægt sje að sanna, að það sje ósatt.

Fyrsta sönnunin er sú, sem nú skal greina. Við talningu atkv. hjá yfirkjörstjórn var henni afhent símskeyti frá bæjarfógetanum á Ísafirði, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, skal lesa klausu úr. Þetta símskeyti er útdráttur úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Vatnsfirði, ekki orðrjett eftirrit, heldur eitthvað breytt að orðalagi. Þar segir svo (eftir að fundur hafði verið settur):

„Annar frambjóðandinn, Finnur Jónsson, krafðist þess, að bókað væri svo hljóðandi símskeyti, er borist hafði yfirkjörstjórninni frá sýslumanni, dags. 14. þ. m. á Þingeyri: Vegna rannsóknar svonefnds Hnífsdalsmáls óska jeg, ef hægt er, að kjörseðlum úr þeim hreppum, sem kosið hefir verið utan kjörstaðar í Hnífsdal, verði haldið aðskildum.

Sýslumaður.

Gerði frambjóðandi F. J. kröfu til, að þetta yrði gert. Yfirkjörstjórnin taldi sig ekki geta sint þessari kröfu".

Eins og hv. þdm. sjá, er það eftir ósk annars frambjóðandans, F. J., að símskeytið er bókað. Yfirkjörstjórnin sá ekki ástæðu til að bóka það, og hinn frambjóðandinn, sem nú segist hafa verið fullur af brennandi áhuga fyrir því, að rannsókn málsins hjeldi áfram og gæfi einhvern árangur, hann sjer heldur ekki ástæðu til þess einu sinni að óska eftir, að símskeytið sje bókað. Hann andmælti því og beinlínis, að kjörstjórn yrði við þeim tilmælum að halda atkvæðum, greiddum hjá hreppstjóranum í Hnífsdal, sjerstökum. Og hún varð heldur ekki við þeim. Í kjörstjórn þessari eru einungis fylgismenn þessa hv. þm., og hann fær með andmælum sínum kjörstjórnina til að neita að verða við þessari sjálfsögðu beiðni bæjarfógeta. En ef það hefði verið gert, — ef þessum 20—30 atkvæðum hefði verið haldið aðgreindum frá öðrum atkvæðum, þá hefði það orðið margfalt auðveldara fyrir rannsóknardómarann að grafast fyrir rætur fölsunarinnar. Nú þurfti hann að rannsaka öll utankjörstaðaatkvæðin í sýslunni, en ella þurfti hann aðeins að rannsaka 20—30. Það voru fleiri seðlar, sem komu frá Hnífsdal, en þeir, sem grunur ljek á, að falsaðir hefðu verið. Leynd kosningarinnar var því ekki raskað með þessu. Það hefði mátt leggja öll þessi atkv. í sjerstöku umslagi í atkvæðakassann.

Ef hv. þm. N.-Ísf. kallar þetta að vinna að því, að rannsókn sje framkvæmd og að hún nái tilgangi sínum, þá er það sama og að kalla svart hvítt, vil jeg segja.

Þá er annað. Þegar Steindór Gunnlaugsson, fulltrúi í stjórnarráðinu, sem var sendur vestur til að rannsaka þetta mál, hafði lokið sinni rannsókn, slepti hann föngunum úr varðhaldi og hjelt aftur suður. Ljet hann svo um mælt, að hann sæi ekki ástæðu til að halda föngunum lengur í varðhaldi, jafnvel þó svo kynni að fara, að rannsókn yrði eitthvað haldið áfram, sem hann sjáanlega ekki hefir búist við þá og alls ekki ætlast til. Í raun og veru var það þá alment talið víst, að með þessu væri lokið allri rannsókn.

Mjer er nú ekki kunnugt um, að

hv. þm., sem auðvitað var vel kunnugt um þetta, hafi gert nokkurn skapaðan hlut þá til þess að vinna að því, að frekari rannsókn yrði framkvæmd í þessu máli. Framhald rannsóknarinnar var áreiðanlega gerð að honum fornspurðum og gersamlega án hans tilverknaðar.

Þá er loks að minnast á þriðja atriðið. Þegar hv. þm. mætti fyrir rjetti hjá rannsóknardómara þ. 11. nóv., að jeg ætla, þá kemur hann með skjöl upp á vasann, þar sem hann „úrskurðar", að þessi rannsókn beri á sjer „pólitískan" lit; með öðrum orðum, að þetta sje „pólitísk" ofsókn, — ekki kannske beinlínis á hann sjálfan, heldur á hans flokksbræður. Ef hann kallar þetta að ljetta rannsóknina og hjálpa rannsóknardómara, þá veit jeg ekki, hver orð á að hafa um hans andlega ástand.

Þrír úrskurðir, sem feldir hafa verið á síðasta tíma, eru frægir orðnir. Það er úrskurður Einars sýslumanns Jónassonar í Barðastrandarsýslu, þar sem hann úrskurðar sjálfan sig í embætti, — Pjeturs Oddsonar, þar sem hann úrskurðar, að ekki sje ástæða til að setja mann í gæsluvarðhald, — og síðast en ekki síst úrskurður þessa hv. þm. N.-Ísf., þar sem hann gerir sig að einskonar yfirdómara yfir rannsókninni og úrskurðar, að hún sje „pólitísk" ofsókn. Enginn af þessum úrskurðum er rökstuddur á nokkurn hátt, nema þá helst úrskurður Einars sýslumanns. Allir eru þeir sjáanlega af svipuðum toga spunnir, enda er erfitt að gera mun á skarpleika þessara þremenninga, ef dæma skal eftir úrskurðunum eingöngu. Hugsunarháttur þeirra allra virðist nauðalíkur.

Hv. þm. vildi telja það sönnun þess, að hann hefði reynt að gera eitthvað til þess að rannsókn næði fram að ganga, að hann hefði sent íhaldsstjórninni sáluðu brjef eða símskeyti. Mjer er ekki kunnugt um neinn árangur af því skeyti, nema ef vera skyldi sendiför stjórnarráðsfulltrúans, Steindórs Gunnlaugssonar, er vægast sagt upplýsti lítið. Hann gat einnig um það í sambandi við mótþróann í Hnífsdal gegn handtöku Hálfdáns og fulltrúa hans, að þegar mennirnir komu heim, sem voru viðstaddir í Hnífsdal, þá hafi hann „heimtað" einn þeirra á sinn fund og tekið af honum skýrslu undir eiðstilboð um það, að enginn mótþrói gegn rannsóknardómaranum hefði átt sjer stað. Hvað af skýrslu þessari hefir orðið, skal jeg nú ekkert segja um; en hv. þm. fer alveg villur vegar, ef hann heldur, að hann hafi átt að vera rannsóknardómari í málinu og taka eiðfestar skýrslur af mönnum. Nei, hv. þm. hefir enn ekki verið skipaður rannsóknardómari í Hnífsdalsmálinu, og mitt álit á hæstv. dómsmrh. mundi mikið rýrna, ef hann útnefndi þennan háttv. þm. til þess starfs. Þó að hv. þm. setji á sig valdsmannslegan svip og heimti skýrslur, þá skil jeg ekki, hvað það kemur málinu við. Hann getur náttúrlega gert slíkt sjer til skemtunar, en hann upplýsir málið ekki með þessu.

Jeg drap á það áður, að svo liti út, sem ýmsir þeir menn, sem háttv. þm. kvaðst hafa skrifað og brýnt fyrir að halda kosningalögin, hafi daufheyrst við þessum tilmælum. Jeg hefi í huga mínum verið að leita að ástæðum til þess, að þeir virða svo lítið skrifleg orð þessa hv. þm. um þessi efni. Jeg

hefi við þessa rannsókn fundið eitt atriði, sem mjer sýnist upplýsa mjög skýrt og greinilega. Enginn maður á þessu landi — að undanteknum þeim, sem atkvæðin fölsuðu vestra — hefir greinilegar þverbrotið kosningalögin en einmitt hv. þm. N.-Ísf. Það er ekkert leyndarmál, heldur á allra manna vitorði og skráð í þingtíðindum, að þessi hv. þm. hefir gerst svo ósvífinn og ófyrirleitinn að brjóta kosningalögin, og það á Alþingi í votta viðurvist. Á þinginu 1923 gerðist hann til þess að opna að minsta kosti eitt — jeg ætla tvö — atkvæðaumslag, sem sent var lokað til Alþingis. (**JAJ:** Var það jeg, sem opnaði þau?). Jeg ætla, að hv. þm. hafi opnað þau, að minsta kosti var hann með í ráðum, og einmitt hann skýrði frá því í sameinuðu þingi, hvernig kosið var á þessa miða. Nú er það vitað af öllum, að fullkomin leynd á að hvíla yfir því, hvernig menn kjósa og stór víti liggja við að hnýsast í atkvæði eða skýra frá, hvernig kjósandi notar atkvæði sitt. Hv. þm. hefir orðið til þess að skýra frá því, að nafngreind kona og nafngreindur maður hafi kosið nafngreindan mann. Hann opnaði eða var með í ráðum þegar atkvæðin voru opnuð, hafði framsögu og sagði frá þessu ófeiminn og blygðunarlaust í áheyrn alls þingheims.

Jeg sje ekki, hvernig greinilegar er hægt að brjóta kosningalögin. Mig furðar ekki, þótt kjósendur þessa hv. þm. sjeu seinir til að fylgja bendingum hans um framkvæmd kosningalaga. Hann er þar að kenna siði, sem hann sjálfur hefir virt að vettugi, ef hann áminnir þá um að fylgja lögunum.

Þetta er nú alt um ræðu hv. þm. alment. En hann veittist líka nokkuð að ákveðnum ummælum, sem jeg hafði, er kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu var hjer til umræðu á dögunum. Þarf jeg að svara því nokkrum orðum.

Hann gat fyrst um það, að 1923, þegar þeir Jón Thoroddsen keptu um þingsætið í Norður-Ísafjarðarsýslu, þá hefði sá frambjóðandi að leikslokum sagt, að hann hefði ekki getað óskað sjer drengilegri andstæðing en hann hefði verið. Jeg skal ekki bera brigður á þetta beinlínis, en vil benda á, að hann er hjer einn til frásagnar. Jeg sagði ekkert og ætla ekkert að segja nú um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu 1923, enda mun nóg annað umræðuefni hjer í kvöld.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði sagt í umræðunum um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu, að mjer væri ókunnugt um, að nokkur hafi borið jafnaðarmönnum á brýn 1923, að misfellur hefðu verið á kosningabaráttu þeirra. Þetta hefi jeg ekki sagt; jeg hefi flett gegnum ræðu mína til þess að athuga þetta. Jeg sagði önnur orð svipuð, en annars eðlis þó, sem jeg skal láta hann heyra, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann (þ. e. 3. landsk. JÞ) dirfðist að hafa þau ummæli, að framkoma flokkanna á Ísafirði mundi hafa verið svipuð í kosningunum. Þetta er svívirðilegur áburður á Alþýðuflokkinn. Enginn hefir hingað til þorað að bendla hann við svipuð kosningabrögð og íhaldsmenn hafa gert sig seka í."

Þetta var það, sem jeg sagði, og átti það eingöngu við kosninguna 1927. Mjer er vel kunnugt um, að íhaldsmenn vestra reyndu að telja fólki trú um, að við hefðum 1923 á Ísafirði notað

sömu kosningaklækina og sjálfir þeir. Ljetu þeir t. d. blað sitt Vesturland flytja dylgjur og óhróðurssögur þess efnis. Að þetta er svona, má hv. þm. sannfærast um, því að jeg hafði einmitt áður í einni ræðu minni, þegar rætt var um kosningu hans, tekið fram, að ein af ástæðunum fyrir því, að jafnaðarmenn á Ísafirði 1924 kröfðust rannsóknar á kosningunni 1923, var sú, að íhaldsblaðið á Ísafirði, Vesturland, hafði borið þá brigslyrðum um ósæmilegt framferði í kosningabaráttunni. Þeir kröfðust rannsóknar, svo að hægt væri að hnekkja ámæli, sem þeir vildu ekki liggja undir.

Hitt er rjett, að enginn hefir ennþá þorað að bera jafnaðarmönnum á Ísafirði á brýn, að athæfi þeirra hafi verið neitt svipað því, sem nú má telja sannað um íhaldsmenn vestra. Þessu mun hv. þm. ekki þora að mæla á móti.

Út af þessu fór hann að tala um bletti á kosningabaráttu jafnaðarmanna á Ísafirði 1923 og sagði frá því, hvernig heimakosning hefði farið fram. Geri jeg ráð fyrir, að háttv. þm. sje þetta kunnugt. En hvort hann hefir sagt þar rjett frá, er annað mál. Hann sagði, að annar læknirinn, íhaldslæknirinn, hefði verið svo samviskusamur, að hann hefði fylgst með fulltrúa bæjarfógeta í húsin og grandskoðað kjósendur og að hann hefði vísað tveimur frá til þess að kjósa á kjörstað. Jeg ber ekki brigður á þessa sögu hv. þm.

Til þess aftur á móti að sýna, hvernig var í herbúðum jafnaðarmanna, sagði hann, að hinn læknirinn, sem er jafnaðarmaður, hafi ekki verið svo samviskusamur, heldur hafi hann án þess að líta á sjúklingana gefið vottorð, sem fulltrúi bæjarfógeta hafði með sjer handa þeim, sem kusu heima.

Hv. þm. vildi leggja þetta framferði læknisins nokkuð að jöfnu við brögð þau, sem íhaldsmenn vestra notuðu við síðustu kosningar. Jeg læt hv. þdm. um að dæma um þennan fáránlega samanburð. En til viðbótar skal jeg benda á, að þetta, sem hann taldi lögbrot hjá lækninum, er alls ekkert lögbrot. Í lögunum um heimakosningar eru fyrirmæli um það, að lasleiki eða sjúkdómur, sem hamli mönnum frá að mæta á kjörstað, skuli sannaður með læknisvottorði, en enginn stafur er um það, að læknir eigi að skoða hvern mann um leið og hann neytir atkvæðisrjettar síns.

Jeg get dæmt um það af kunnugleika — og hv. þm. er þetta kunnugt líka —, að hjeraðslæknirinn á Ísafirði er áreiðanlega svo kunnugur í kaupstaðnum, að hann veit nákvæmlega um það, hvernig er heilsufar þeirra manna, sem hann stundar á hverjum tíma. Hv. þm. sagði, að læknirinn hefði gefið vottorð löngu áður og ekki vitað um heilsufarið. Þetta er auðvitað tilhæfulaus fullyrðing, eingöngu til þess gerð að reyna að ófrægja þann mæta mann, sem hjer á hlut að máli. Jeg skora á hv. þm., í stað þess að vera með dylgjur til fjarverandi manna, að tilfæra dæmi þess, að vottorð hafi verið gefið að ástæðulausu.

Ekki vissi jeg, að hv. þm. var svo leikinn í skáldsagnalist, sem sagan um þvottakonuna bar vott um. Hann sagði, að hún hefði staðið við þvottapottinn, og hefði þá verið komið með vottorð um, að hún yrði veik næsta

dag og þyrfti því að kjósa heima strax. Það er gersamlega tilhæfulaust, að þetta hafi átt sjer stað um nokkurn, sem kosið hefir að tilhlutun jafnaðarmanna. Sje þetta ekki tómur skáldskapur, er hv. þm. áreiðanlega að segja frá viðburðum úr eigin herbúðum. (**JAJ**: Jeg ætla að sanna þetta). Við skulum bíða þangað til sönnunin kemur; en hv. þm. sannar ekki með Vesturlandi, því að hann afneitaði því hjer.

Þá get jeg verið hv. þm. (JAJ) þakklátur fyrir það, er hann drap á um ýmsa atburði, sem gerst hafa í sambandi við kosningar í Norður-Ísafjarðarsýslu 1927. Jeg ætla það væri hv. 3. landsk. (JÞ), sem ljet orð falla í þá átt við umr. um kosningarnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, að þær sögur, sem verið væri að segja, væri ekkert að marka, því að sá eini maður, sem þekti til vestra, fengi ekki sæti í deildinni; ef hann væri þar, mundu leiðrjettast þær sögur. Hv. þm. hefir nú fengið að sleppa inn í deildina, en ekki ber mikið á leiðrjettingum frá honum. Hann leiðrjettir ekki, heldur staðfestir. Það skal þakkað. En nú vill svo til, að það þarf ekki hans staðfestingu á þessu. Staðfestingin er hjer á öllum sögunum, sem jeg flutti, nema einni, — það er útdrátturinn úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Vatnsfirði.

Hv. þm. viðurkendi það rjett, að ekki hefði verið samin kjörskrá í þeim kjördeildum, sem jeg mintist á um daginn, og að kjörstjórnin í Hafnakjördeild hefði byrjað kjörfund með því að semja kjörskrá fyrir deildina. Aðeins bar hann það fram til málsbóta, að ekki hafi verið kosið eftir þeirri kjörskrá. Hvað átti þá að gera með hana, ef ekki var kosið eftir henni? Ekki hefi jeg vanist, að kjörskrár væru til augnagamans aðeins.

Út af því, sem hann sagði um hjeraðslækninn á Ísafirði, að hann hefði gefið vottorð án þess að koma heim til manna á kjördegi, vil jeg taka fram, í viðbót við það, sem jeg áður hefi sagt, að til þess liggja sjerstakar ástæður. Eins og jeg áður benti á, er það engin lagaskylda að fara heim til kjósenda á kjördegi; vottorð skal aðeins gefið af kunnugleika. Ástæðan til þess, að þessi læknir, sem er einn sá ágætasti embættismaður, er jeg þekki, og ekki vill vamm sitt vita, ekki fór heim til kjósenda um leið og þeir neyttu þar atkvæðisrjettar síns, er sú, að mikill fjöldi þessara kjósenda stendur í stórri þakklætisskuld við hann. Því miður verð jeg að játa, að talsvert hefir þótt bera á því, að betri borgarar þar vestra, sem hafa þótst eiga hönk upp í hrygg kjósenda, hafa ætlast til launa á kjördegi. Fyrir þessum hjeraðslækni hefir það vakað, að ef hann heimsækti fólk á kjördegi, þá yrði það kannske misskilið og tekið svo, að hann ætlaðist til, að þeir, sem eru í þakklætisskuld við hann, mintust þess, er þeir sæju hann, og kysu honum til geðs. Mjer er kunnugt um það, að ekkert væri fjær skapi þessa manns heldur en ef einhver kjósanda hefði látið það hafa áhrif á atkvæði sitt. Jeg veit, að allir, sem þekkja þennan mann, trúa þessu og skilja það vel. Hvort hv. þm. N.-Ísf. skilur þetta, læt jeg ósagt.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði notað alveg óviðurkvæmileg orð um hreppstjórann í Bolungarvík, nefnilega að

hann hefði gefið falsaða skýrslu. Hann sagði, að hún hefði kannske ekki verið í rjettu formi, en ómögulegt væri að kalla það falsaða skýrslu. Jeg skýt því til hv. þdm., hvað þeim sýnist um það, þegar opinber embættismaður undirskrifar drengskaparvottorð um, að nafngreindur kjósandi hafi kosið í einrúmi, en svo sjálfur upplýsir í rjetti nokkru síðar, að hann hafi sjálfur aðstoðað kjósandann við að kjósa, þ. e. að kjósandi hafi eigi kosið sjálfur. Þetta er falsvottorð og ekkert annað. Hv. þm. segir frá því með mesta alvörusvip, að þessi sami hreppstjóri, sem staðfest hefir fyrir rjetti, að hann hafi gefið falsvottorð, hafi nú kært rannsóknardómarann fyrir, að hann heimtaði tryggingu fyrir nærveru hans. Væri hjer ekki um stórkostlegt alvörumál að ræða, mundi þetta aðeins aðhlátursefni.

Hv. þm. fórust orð á þá leið, að tortrygni kjósenda margra hverra væri orðin geysilega mikil gagnvart þeim, sem stjórnuðu kosningum. Hann tók sem dæmi, að sendur hefði verið mótorbátur inn í Djúp til að sækja konu, sem kaus utan kjörstaðar, og fá hana til að taka aftur atkvæði sitt og láta athuga hjá bæjarfógeta á Ísafirði, hvort það væri óbrjálað. Það er rjett, að fyrir mitt tilstilli var þetta gert. Það taldi jeg sjálfsagt að gera eins og málum var komið.

Hv. þm. (JAJ) sagði, að þegar þetta atkvæðaumslag var opnað, hafi komið í ljós, að á seðlinum stóð nafn Haralds Guðmundssonar, ritað með hennar eigin hendi. Það var ekki tekið sýnishorn af rithönd konunnar. Rannsókn Hnífsdalsmálsins var enn ekki svo langt komin, að okkar mönnum gæti dottið í hug sá leikur að tvífalsa atkvæðaseðla, eins og nú virðist ástæða til að ætla, að gert hafi verið. Menn voru svo einfaldir þá í skrifstofu bæjarfógeta, að úr því að rjett nafn stóð á seðlinum, grunaði þá ekki frekar. Konan tók síðan umslagið og ónýtti seðilinn.

Jeg lít svo á, að það hafi verið beinlínis skylda okkar, sem ekki vorum grunlausir um, að atkvæðinu hefði verið breytt, að ganga til fulls úr skugga um það, hvort svo væri eða ekki, bæði vegna okkar og andstæðinganna. Þess vegna ljet jeg sækja konuna. Jeg get vel skilið, að hv. þm. N.-Ísf. hafi ef til vill þótt það óþörf tortrygni hjá Hnífsdælingunum að vilja ekki láta hreppstjórann geyma atkvæðin. Hefði þessi „óþarfa tortryggni" ekki vaknað hjá mönnunum, þá hefði það óneitanlega orðið notalegra fyrir hv. þm. og flokk hans. Þá hefði aldrei komið til rannsóknar á Hnífsdalsmálinu og hann hefði ekki þurft að vera vonbiðill hjer fyrir utan dyrnar í 14 daga.

Jeg veit ekki, hvort það er gustuk að auka meira á raunir þessa margþrjáða hv. þm. Jeg vil því segja honum það, að jeg er honum alveg samdóma um, að Alþingi hafi farið illa með hann. Alþingi fór illa með þennan hv. þm., þegar það tók kosningu hans gilda; jeg álít, að engum hefði átt að vera meira áhugamál en einmitt honum sjálfum að láta kjósa upp í Norður-Ísafjarðarsýslu, og engum hefði átt að vera meiri greiði gerður en honum með því að láta skörulega rannsókn fara fram út af kosningasvikunum. Það var því sannarlega illa gert við

þennan hrjáða mann, þegar þingið með 1 atkv. meiri hluta samþykti kosningu hans. Það besta, sem hægt var fyrir hann að gera, úr því sem komið var, var að senda hann heim og láta kjósendur dæma um mál hans. Ef hann hefði náð endurkosningu á sæmilegan hátt, hefði hann getað kinnroðalaust tekið sæti hjer í hv. deild, og þá sennilega unað sjer hjer betur en hann nú virðist gera.

Þá vildi jeg segja fáein orð út af tilboði, sem þessi háttv. þm. gerði hæstv. dómsmrh., án þess þó, að jeg vilji fara að blanda mjer inn í deilur þeirra eða bera hönd fyrir höfuð hæstv. ráðh., því að þess gerist heldur engin þörf; hæstv. ráðh. er fullkomlega fær um að svara fyrir sig.

Hv. þm. gerði hæstv. ráðherra einkennilegt tilboð. Mjer skildist það vera á þessa leið: Dómsmrh. skyldi láta rannsaka afstöðu þingmannsins til Hnífsdalsmálsins, og ef þm. sannaðist sekur annaðhvort um brot gegn hegningarlögunum eða kosningalögunum, þá skyldi hann borga allan málskostnað og auk þess leggja niður þingmensku, gegn því, að dómsmrh. legði niður embætti sitt og greiddi allan málskostnað, ef hann (JAJ) reyndist sýkn saka.

Jeg verð nú að segja, að mjer finst slíkt tilboð sem þetta í alla staði ótilhlýðilegt og ósamboðið virðingu Alþingis að flytja það hjer. Ennfremur sýnir tilboð þetta ljóslega, að háttv. þm. (JAJ) er enn ekki farinn að skilja, hvað hafi í raun og veru gerst í Norður-Ísafjarðarsýslu í sambandi við kosningu hans síðastl. sumar, að stórglæpir hafa verið framdir honum til framdráttar. Þetta tilboð, að bjóðast til að leggja niður þingmensku, ef það sannist, að hann hafi gert sig sekan um brot gegn hegningarlögunum, er sú endemisósvífni eða óvitaskapur, að mig undrar stórlega, að slíkt skuli geta komið frá meðalgreindum manni, því að það er beint tekið fram í kosningalögunum, að enginn hafi kosningarrjett eða kjörgengi nema hann hafi óflekkað mannorð. En enginn er talinn hafa óflekkað mannorð samkv. þeim lögum og öðrum, sem sekur er orðinn um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því aðeins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar. Það er því skýrt, að hver sá þingmaður, sem brotlegur gerist gegn hegningarlögunum, er rjett rækur úr þinginu, því að um leið og hann missir kjörgengi sitt, missir hann og þingsætið. Hv. þm. virðist leggja að jöfnu þátttöku í kosningaglæpum og ef fyrirskipuð er rannsókn á einstaka menn án þess full sönnun fáist fyrir sekt þeirra. Hann ætlast til, að hæstv. ráðh. leggi niður embætti, ef rannsókn sannar ekki sekt hv. þm., og býður á móti, ef sekt hans sjálfs sannast, að leggja niður þingmenskuna, sem hann þá hefir mist, ásamt með kosningarrjetti og kjörgengi og æru sinni.

Jeg fæ ekki sjeð nokkra aðra skýringu á þessu dæmalausa tilboði, sje því ætlað að vera nokkuð annað en vottur um ósvífni og fávisku hv. þm., en þá, að hann sje ennþá ekki farinn að skilja, að athæfi það, sem beitt var við kosningu hans, var glæpsamlegt, að það er stórglæpur að falsa atkvæði.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. dómsmrh. hefir gert ítarlegar tilraunir til þess að gera alla þá þingmenn, sem tekið hafa svari varðskipaforingjanna íslensku, á einhvern hátt tortryggilega. Hann hefir t. d. helt sjer með óbótaskömmum yfir hv. 2. þm. G.-K. (Ó-Th) og að nokkru leyti yfir hv. 1. þm. Reykv. (MJ).

Minni aðstöðu ætlaði hann að hnekkja með gamla rógberalaginu, sem honum er orðið svo tamt, þegar hann þarf að ófrægja menn eða málefni. Hann sagði, að jeg hefði dregið mjer allmikið fje úr landhelgisjóði 1926, sem samkvæmt landsreikningnum væri fullar 20 þús. kr. Væri fje þetta fyrir skemdir á veiðarfærum. Sagði ráðherrann þann veg frá þessu, að þeir, sem ókunnugir eru málavöxtum, hefðu mátt ætla, að hjer væri um bitling að ræða, sem fyrv. stjórn hefði stungið að kjósendum mínum eða jafnvel að sjálfum mjer. Ennfremur var á honum að heyra, að jeg hefði ábyrgð á reikningsfærslu landhelgisjóðs. Úr þessu ætlaði svo hæstv. dómsmrh. að gera sjer mat að venju. Hvort sem ráðherrann hefir hjer skýrt villandi frá málavöxtum vísvitandi, sem líklegast er, eða hitt, að hann hafi ekki hirt um að afla sjer rjettra upplýsinga, þá skal nú villu hans hnekt þegar að því er þetta atriði snertir.

Skal jeg nú segja honum og öðrum hv. deildarmönnum rjetta málavöxtu, eins og þeir liggja fyrir í skjölum í stjórnarráðinu, og ráðh. hefði verið innanhandar að kynna sjer, ef hann hefði hirt um að vita rjett.

Svo stóð á í aprílmánuði 1926, að frá Vestmannaeyjum voru reknar af mesta kappi fiskiveiðar í þorskanet, sem lögð voru á sama svæði langt fyrir utan landhelgi. Eftir að Vestmannaeyingar eignuðust Þór, gátu þeir með aðstoð hans helgað sjer svæði þetta og önnur, sem reynst hafa fengsæl, og stundað þar í næði netaveiðar sínar. En svo grandgæfilega verður að vakta svæðið á meðan netin liggja, að Þór má aldrei frá netunum víkja, svo að ekki hljótist tjón af yfirgangi botnvörpunga, sem þeir eru tilbúnir að sýna hvenær sem færi gefst. Þetta er margra ára reynsla þar um slóðir, sem ekki verður móti mælt. Enda segir það sig sjálft, að um meira en lítið tjón geti verið að ræða hjá 80—90 bátum, sem hver fyrir sig hefir um 2—3 netatrossur liggjandi, þegar botnvörpungar fara með botnvörpur sínar um svæðið og svífast einskis.

Sem sagt, þarna á þessu svæði var Þór staddur í aprílmánuði 1926, eða á aðalaflatíma eyjaskeggja. En einmitt þá dagana bárust til Reykjavíkur fregnir um usla og yfirgang botnvörpunga austur með söndum, og var mælst til, að landsstjórnin gerði einhverjar ráðstafanir þar að lútandi. Skipstjórinn á Þór, sem nú er 1. stýrimaður á Óðni, duglegur og áhugasamur maður, vildi gjarnan komast austur með söndum, til að hafa hendur í hári sökudólga, en gat það ekki nema að leggja veiðarfæri eyjamanna í hættu.

Landsstjórnin leitaði mjög fast á stjórn Björgunarfjelags Vestmannaeyja, að hún leyfði Þór að bregða sjer austur með söndum, en björgunarfjelagsstjórnin færðist undan og færði sem rök fyrir því, að eyjaskeggjar mættu ekki við því þá að tapa Þór frá netavörslunni. Að vísu mun þessu

ekki hafa verið harðneitað, en þó gefið fyllilega í skyn, að það gæti valdið skaða á veiðarfærum manna, ef skipið færi. — Skipið var eign Björgunarfjelagsins þegar þetta skeði og gert út á þess kostnað aðallega, með styrk úr bæjarsjóði Vestmannaeyja og nokkrum ríkissjóðsstyrk.

En svo hverfur Þór skyndilega á burt af netasvæðinu og mun hafa verið burtu um 3 sólarhringa. Á meðan þessu fór fram, ljeku botnvörpungar lausum hala um fiskimið Vestmannaeyinga, gerðu stórkostlegan skaða á veiðarfærum og afla, svo að sumir bátarnir töpuðu öllum netum sínum.

Þeir, sem fyrir tjóninu urðu, og margir fleiri, voru sárgramir Þór fyrir að hverfa frá gæslu veiðarfæranna og kendu stjórn Björgunarfjelagsins um.

Af þessu leiddi svo það, að stjórn Björgunarfjelagsins fór þess á leit við landsstjórnina, að veiðarfæratapið yrði að einhverju leyti bætt, en aflatjónið var ekki hægt að meta, þó vitanlegt væri, að netin voru full af fiski, þegar þau voru eyðilögð, því að þetta var þegar aflabrögð stóðu sem hæst.

Landsstjórnin tók vel í að bæta veiðarfæratjón það, sem sannað væri, að hefði af þessari fjarveru Þórs hlotist, og safnaði svo Björgunarfjelagið skýrslum formanna og hafði jeg sem framkvæmdastjóri fjelagsins forgöngu í því að koma skýrslum þessum á framfæri, veita skaðabótunum viðtöku og koma þeim til hlutaðeigenda. — Fyrir þetta vill ráðh. gera mig tortryggilegan, eins og kom fram í ræðu hans. Nú vil jeg enn minna hann á, að Þór var ekki orðinn eign ríkissjóðs í apríl 1926, heldur var það Björgunarfjelag Vestmannaeyja, sem átti hann og hafði að öllu leyti yfir honum að segja, og að skipstjóri fór þessa ferð fyrir ítrekaðar áskoranir landsstjórnarinnar. Þess vegna var það á fullum rökum bygt, að ríkissjóður bætti mönnum veiðarfæratjónið, og ekki síður fyrir það, að Þór tók í þessari ferð 4 togara, en sektir og andvirði upptæks afla og veiðarfæra þeirra námu um 60 þús. kr., er runnu í landhelgisjóð.

Hæstv. dómsmrh. telur það sök á hendur fyrv. stjórn að hafa varið helmingnum af sektarfjenu til þess að bæta veiðarfæratjónið, og hann áfellir mig fyrir að hafa tekið á móti þessum peningum til útbýtingar á milli rjettra hlutaðeigenda. Hann vildi láta Vestmannaeyinga sitja eftir með sárt enni og láta þá bera eina skaðann af veiðarfæratjóninu. Þetta er nú sýnishorn af sanngirni hans og rjettlæti, sem segja má um, að sje á sömu bókina lært og menn eru farnir að venjast hjá honum í mörgum öðrum málum.

Hæstv. dómsmrh. gerði ýmsar tilraunir til þess að dylja sannleikann og villa háttv. deildarmönnum sýn vegna þess er jeg hefi á hann borið fyrir brotin á varðskipalögunum, en þessi flækjuhjúpur hans er svo gisinn, að alstaðar sjer í gegnum; sök hans í því máli, sem jeg tók til meðferðar, verður aðeins enn berari en áður.

Hann sagði t. d., að skipverjarnir væru enn við góða heilsu, þrátt fyrir lögbrotin, sem á þeim hafa verið framin. En þetta er vitanlega ekkert ann-

að en útúrsnúningur manns, sem finnur sig algerlega þrotinn að færa nokkur rök fyrir máli sínu.

Svo fór hann að tína til og vitna í, að ráðherrar bæði fyr og síðar hefðu hitt og þetta gert, sem telja mætti lögbrot, og komst í þeirri leit alla leið upp til Hannesar Hafsteins. Hann vildi láta líta svo út, að sá ráðherra hefði framið lagabrot, þegar hann bar ekki lotterílögin upp fyrir konungi, og það brot væri sama eðlis og hann sjálfur hefði framið með því að stinga varðskipalögunum undir stól. En sá er munurinn, að Hannes Hafstein viðurkendi aldrei, að hann hefði framið lagabrot, en það gerir hæstv. dómsmrh. og stærir sig af. En um leið og hann ber sig saman við Hannes Hafstein, mætti minna hann á hið forna spakmæli: Það, sem Júppíter leyfist, leyfist ekki uxanum.

Honum fórust orð eitthvað á þá leið, að um þetta mál væri orðið dauft og tómt. Hann álítur víst, að blekkingar hans og stjórnarblaðanna, sem beitt hefir verið í þessu máli, hafi dregið hulu yfir lagabrotin. En jeg treysti svo óspiltri dómgreind þjóðarinnar, að hún láti sjer ekki nægja þessar blekkingar, hvorki hæstv. dómsmálaráðherra nje annara samherja hans.

Hann hjelt því fram með miklum drýgindum, að hann treysti almannarómnum í þessu máli sem öðru; hann mundi sýkna sig af þessum lagabrotum. Það má vel vera, að nánustu samherjar hans geri það. En hinu má hann trúa, að óspiltari hluti þjóðarinnar gerir það ekki, og sá hluti er stór, sem betur fer, og ef til vill stærri en hæstv. ráðh. grunar.

Þá beindi hann tvívegis til mín þeirri fyrirspurn, hvað jeg áliti um framkomu fyrv. hæstv. stjórnar í þessu máli, og hvort það væri ekki alt saman gott og blessað. Því er til að svara, að fyrv. stjórn braut ekki lögin, þótt jeg hinsvegar neiti ekki, að óhæfilega langur dráttur hafi hjá henni orðið um að koma þeim í framkvæmd. Tel jeg hana eiga ámæli skilið fyrir dráttinn á að koma málinu í horf, svo að þessum ráðh. veitti ekki eins ljett og raun hefir á orðið að brjóta lögin og halla rjetti skipherra og annara manna á varðskipunum. En fyrv. stjórn gerði alt annað en núv. ráðh. Hún undirbjó málið, og hæstv. dómsmrh. hefir sjálfur lýst yfir því, að hún hafi ætlað sjer að fara eftir lögunum, og hefði þar að auki verið byrjuð að greiða mönnunum laun eftir þeim. Þetta taldi hæstv. ráðherra vera sjer vitanlegt.

Hann sagði líka, hæstv. dómsmrh., að jeg hefði sýnt, að mjer væru landhelgivarnir ekkert kappsmál, úr því að jeg hefði ekki sjeð ástæðu til að taka til máls, þegar frv. hans um loftskeyti á togurum var hjer til 1. umr. Jeg hefi orðið var við, að bæði hann og samherjar hans saka okkur andstæðingana um óþarfa mælgi, þó að síst sitji það á honum, svo að jeg hjelt þá, að hann ætlaðist ekki til, að við stæðum upp í hverju máli, og síst að hann væri beinlínis að ásaka okkur fyrir að halda ekki langar ræður við 1. umr. hvers máls. En svona er þessi dæmalausi dómsmrh. samkvæmur sjálfum sjer. Ef við látum til okkar heyra, andstæðingarnir, þá er kvartað undan því og við sakaðir um óþarfa mælgi, og ef við höfumst ekki að, þá er það líka sakargiftartilefni. Hann vill láta sjer verða

mat úr flestu, jafnvel því, ef andstæðingarnir þegja.

Annars hjelt hann því fram, að við Íhaldsmenn þættumst hafa áhuga fyrir strandvarnamálinu. Þetta er rjett, að því viðbættu, að við höfum áhuga fyrir því og höfum á margan hátt sýnt þann áhuga í verki, bæði hjer á þingi og annarsstaðar. Bygging strandvarnaskipsins og framkvæmd íslenskra strandvarna fór fram meðan fyrverandi stjórn og flokkur hennar fór með völd, og var Íhaldsflokkurinn engu áhugaminni um það en sá flokkur eða flokkar, sem standa að dómsmrh. núverandi. Það skal hinsvegar fúslega játað, að þetta mál hefir aldrei verið flokksmál. Fyrv. stjórn hefir borið gæfu til, og það með stuðningi margra andstæðinga sinna, að þoka strandvarnamálinu vel á veg. Og vonandi verður svo áfram, að flokkarnir standi óskiftir um málið, nema hæstv. dómsmrh. takist að spilla því samkomulagi. Hann hefir nú um langt skeið, bæði í blaðaskrifum og ræðum, verið að reyna að vekja þann grun, að vissir menn og ákveðnir andstæðingar hans væru þessu máli ótrúir og fjandsamlegir, en sem betur fer veit alþjóð, að alt slíkt er fleipur, sem sagt er aðeins út í bláinn og enginn trúir, ekki einu sinni ráðh. sjálfur.

Að því er mig snertir og aðra Vestmannaeyinga, þá held jeg, að við höfum fyllilega sýnt áhuga fyrir þessu máli, og kannske ekki hvað síst fyrir okkar atbeina eru strandvarnirnar komnar í það horf, sem þær eru nú. Virðist því óþarft að bera okkur á brýn tvöfeldni í málinu. Hann sagði líka alldrjúglega, að það ætti eftir að sýna sig, hverjir vildu verja landhelgina og hverjir ekki. Já, það er satt; það á eftir að sýna sig, og þá gefst eflaust tækifæri til í framtíðinni að sjá, hverjir hafa heilastir reynst máli þessu. En þau afskifti, sem hæstv. dómsmrh., síðan hann komst til valda, hefir haft af strandvarnamálinu, eru ekki þann veg, að menn geti vænst, að þessi stjórn muni sjerstaklega skara fram úr í því að koma málinu í viðunandi horf.

Það er ekki nóg til þess að halda strandvarnamálinu vakandi, að vera sífelt að klifa á því, að vissir menn í þjóðfjelaginu vilji koma málinu í hel. Hæstv. dómsmrh. hefir þing eftir þing borið útgerðarmenn þessum sökum, og enn syngur við sama tón hjá honum, að útgerðarmenn vilji alt til vinna að koma strandvörnunum á knje. Út af ummælum hans á síðasta þingi neyddist jeg til þess að skýra frá því, hvað mikið útgerðarmenn hjer í Reykjavík hefðu lagt af mörkum til þess að koma Þór af stað um það leyti er Björgunarfjelag Vestmannaeyja var stofnað. Og það fje, sem skifti tugum þúsunda, ljetu reykvíkskir útgerðarmenn í fyrirtækið af því að þeir álitu eins og Vestmannaeyingar, að björgun og landhelgigæsla gætu og ættu að fara saman. Og svo eru þessir menn eltir á röndum og sakaðir um, að þeir sjeu strandvörnunum yfir höfuð fjandsamlegir, og það af manni, sem aldrei hefir látið eyrisvirði frá sjálfum sjer af mörkum í þessu skyni.

Jeg er ekki með þessu að segja, að ekki kunni eitthvað að vera satt í einstaka dæmum, sem hæstv. dómsmrh. hefir dregið inn í umr. En það er áreiðanlegt, að margt af því er ekki á rökum bygt, sem hann hefir verið að fleipra með bæði fyr og síðar.

Þá má ekki gleyma því, að hæstv. dómsmrh. hefir fengið ágætan liðsmann í þessu máli, þar sem er sjálfur yfirforinginn á danska strandvarnaskipinu, sem fór með landhelgigæsluna síðastliðið sumar. Hæstv. ráðherra var að gæða hv. þdm. á grein, sem yfirforinginn hefir ritað í danskt blað, þar sem hann kvartar yfir því, hve erfitt sje að standa íslenska togara að lögbrotum, vegna þess að skipin sjeu bygð með nýtísku sniði og hafi loftskeytatæki.

Þetta hefði þessi velþekti maður getað sagt sinni stjórn eða fyrir rjetti án þess að skaða álit landsmanna, en mjer finst það óvinsamlega gert í okkar garð að setja slíkt fram í erlendri blaðagrein.

Þetta á þó ekki að skilja svo, að jeg telji, að loftskeyti togaranna eigi að notast í þessu skyni. En hitt fullyrði jeg, að margt, sem sagt er um þetta, eru tómar ágiskanir út í bláinn. Enda mun það vera í fyrsta sinn, að útlendur maður heldur því fram á prenti, að Íslendingar noti loftskeytatækin til þess að greiða fyrir landhelgiveiðum togara sinna. Hitt er annað mál, að slíkum ágiskunum hefir verið haldið á lofti hjer heima, en í því efni mun þó hæstv. dómsmrh. hafa stigið framar en nokkur annar. En hvort foringinn á Fyllu hefir haft sínar upplýsingar frá hæstv. dómsmálaráðherra, eða ráðherrann frá foringjanum, skal ósagt látið. Kannske þeir hafi líka komið sjer saman um þetta og foringinn svo ritað grein sína. Hvernig sem því er varið, hefir ráðh. þótt gott að fá plaggið frá Bistrup.

En undarlega bregður við, þegar maður hefir fyrir sjer skýrslu forseta Fiskifjelagsins, sem birt er í „Ægi", um legudaga danska varðskipsins í höfn árin 1926 og 1927. Sú skýrsla sýnir, að Fylla hefir legið á Reykjavíkurhöfn 68 sólarhringa 1926 og í fyrra 85 sólarhringa, en Hafnarfjörður ekki tekinn með eða aðrar hafnir, sem vitanlegt er þó um, að varðskipið hafði dvöl á. Finst mjer því, að þessi danski foringi hefði átt að liggja færri daga í höfn og reyna fremur að handsama sökudólgana heldur en að rjúka til þegar heim kemur og skrifa þessa ófrægingargrein um okkur, sem hæstv. dómsmrh. hlakkar svo mjög yfir.

Á meðan jeg var í sjútvn. hv. Ed., átti jeg kost á að fara í gegnum öll plögg um kærur yfir landhelgigæslunni, sem borist höfðu frá Englendingum, og síðari ár eru mjer sjerstaklega kunnug slík skjöl, sem komið hafa frá Þjóðverjum. Og í þessum skjölum minnist jeg ekki að hafa sjeð, að haldið sje fram, að landhelgigæsla okkar sje hlutdræg, eða önnur í garð erlendra togara en íslenskra. Í skjölum þessum er þó margt sagt um rjettarfar og annað, og sumt vitanlega alrangt, sem sprottið er af ókunnugleika hlutaðeigenda, en annað, sem hefir við nokkur rök að styðjast, og skal ekki orðlengt um það nú. Hæstv. dómsmrh. hamrar nú á því dag eftir dag á sjálfu Alþingi, að íslensku togararnir sjeu altaf í landhelgi, en þó aldrei teknir.

Ef þessar staðhæfingar verða teknar alvarlega og berast til erlendra manna, sem þykjast þurfa að kvarta yfir landhelgigæslu Íslendinga, þá má búast við, að við bætist ein kvörtun enn, og hún er sú, að við sýnum hlutdrægni í strandvörnunum með því að

sleppa jafnan okkar eigin lögbrjótum. Og það er ekki sjeð fyrir, hvað af slíkum staðhæfingum kann að leiða í framtíðinni.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú í dag rifað seglin svo í þessu máli, að nú heldur hann því fram, að taka eigi hlutfallslega jafnmarga íslenska togara eins og erlenda. Ef hann vildi, gæti hann gengið úr skugga um það í stjórnarráðinu, að á undanförnum árum hafa mörg íslensk skip verið sektuð fyrir landhelgibrot.

En hæstv. dómsmrh. er þetta ekki nóg, enda hefir það jafnan brunnið við hjá honum hjer á Alþingi, að honum þykja togaraútgerðarmenn aldrei verða fyrir nógu miklum fjárútlátum. Ráðherrann hefir sennilega fundið til þess, að hann hefir þegar tekið of djúpt í árinni um togaraveiðar Íslendinga í landhelgi og það, að þeir væru aldrei sektaðir, og hefir því komið með þetta síðasta, að hann vilji, að þeir sæti sektum eins og aðrir, til að breiða yfir fyrri stóryrði sín, og vill nú gjarnan láta þau gleymast. En jeg staðhæfi, að þessi orð, sem jeg hefi nú haft eftir hæstv. dómsmrh., eru rjett eftir höfð, því að jeg skrifaði þau upp eftir honum, enda koma þau heim við tal hans og skrif um íslenska útgerð og íslenska togara fyrr og síðar, sem alt sýnir ljóslega tilhneigingu hans til þess að ganga fram yfir þau takmörk, sem eru fyrir því, sem leyfilegt er eða rjett.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að fyrv. stjórn hefði ekkert gert til þess að hindra lögbrot ísl. togara.

Hvernig á að skilja þetta, þegar það er vitað, að fyrv. stjórn starfaði mjög mikið að því að bæta landhelgigæsluna, og hvernig getur þetta samrýmst þeirri staðreynd, að fyrv. stjórn og þing ljetu byggja nýtt skip til þess að verja landhelgina fyrir *öllum* togurum? Veit hæstv. ráðh. til þess, að fyrv. stjórn hafi lagt svo fyrir við þetta skip, að það skyldi ekki gegna skyldu sinni gagnvart *íslenskum* togurum? — Orð hæstv. ráðh. gefa í skyn, að hann viti eitthvað meira en alþýða manna í þessu efni, og er þá rjett að krefja hann sagna, sem hafi við sönn rök að styðjast, en jeg býst við, að lítið verði úr rausi hans, ef skorað er á hann að reyna að sanna áburð sinn á íhaldsmenn um óheilindi í strandvarnamálinu.

Jeg vil nú benda hæstv. stjórn á það, sem jeg álít vera besta ráðið til þess að hindra landhelgibrot togaranna. Það er að láta varðskipin vera á verði.

Hæstv. stjórn hefir að vísu ekki sparað að láta þau hreyfa sig, en bara ekki til þess að gæta landhelginnar, því að það hefir aldrei kveðið eins mikið að því og síðastliðið haust, að varðskipin hafi verið notuð í allskonar snattferðir, stundum með hæstv. dómsmrh. sjálfan og stundum með hina og aðra gæðinga stjórnarinnar hingað og þangað kringum landið.

Þá leyfði hæstv. dómsmrh. sjer að snúa út úr því, sem jeg sagði um risnu skipstjóranna á varðskipunum.

Jeg benti á þann kotungsbrag, sem væri á því, að skipstjórarnir gætu ekki tekið eins og stöðu þeirra sæmir á móti mönnum, sem sæktu þá heim í embættisnafni, t. d. yfirmönnum annara varðskipa, lögreglustjórum o. s. frv. — Hæstv. ráðh. vildi gera það úr þessu, að jeg ætlaðist til þess, að þeir hjeldu stórveislur. Hann vissi þó vel, að enginn ætlast til þess, en hitt er oft óhjákvæmilegt, að skipstjórarnir geti hald-

ið sig sæmilega, þar sem þeir fara með slíkt embætti, sem er löggæsla fyrir ríkisins hönd, og þar sem skipin eru björgunar- og hjálparskip um leið, þá kemur það oft fyrir. að þau verða að taka við mönnum og halda þá um borð í nokkra daga. T. d. kom það fyrir nú í vetur, að 12 varðmenn, sem áttu að fara í þýska togara, teptust í Óðni í heilan sólarhring við Vestmannaeyjar. Brytinn um borð selur skipshöfninni kost fyrir vissa upphæð á mann á dag og vill auðvitað hafa sína borgun strax.

En hvert eiga þessir menn eða t. d. strandmenn, er skipin kunna að flytja og ekkert hafa nema fötin, sem þeir hafa bjargast í, að snúa sjer um hjálp til þess að greiða matinn fyrir sig, nema til skipstjórans?

En hæstv. dómsmrh. vill ekki hafa svo mikið við þá, að hann vilji, að þeir sjeu þess megnugir að gefa manni málsverð, þegar svo stendur á.

Hann segir, að jeg sje altaf með herskip í huga, þegar jeg sje að tala um þessa varðbáta. Nú veit hann vel, að þar sem jeg var frsm. þeirrar nefndar, er um varðskipalögin fjallaði, þá samdi jeg nál. og tók það þar skýrt fram, að skipin væru varðskip og ekki herskip. Það er eins og vant er hjá þessum hæstv. ráðh.; hann skirrist ekki við að fara með rangt mál til að reyna að hnekkja málstað andstæðinga sinna. Jeg sje nú, að hæstv. stjórn flýr salinn. Jeg hefi það ekki á valdi mínu að halda henni kyrri, en jeg treysti mjer til að láta hana heyra til mín inn í ráðherraherbergið.

Hæstv. dómsmrh. hefir ekki tekist að færa nein rök að því, að laun skipstjóranna á varðskipunum sjeu sambærileg við laun skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu, og þegar jeg benti á, að laun skipstjóranna á skipum Eimskipafjelagsins og strandferðaskipi ríkissjóðs eru þau einu laun, sem sambærileg eru við laun skipstjóranna á varðskipunum, þá var það fangaráð hans í rökþroti að klifa á því, að þau laun væru alt of há. Jeg skal ekkert segja um það, hvort þau eru of há, en hinu verð jeg að halda fram, að meðan hæstv. stjórn lækkar ekki laun skipstjórans á strandferðaskipi ríkissjóðs, þá sje það ranglátt að láta skipstjórana á varðskipunum búa við lægri kjör, eins og er nú sem stendur.

Það er vitanlegt að Eimskipafjelag Íslands gengur út frá því, að skipstjórar þess geti haldið starfinu áfram alt fram að 60 ára aldri, og komi þá á eftirlaun, en samkv. till. stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að stjórnin geti ráðið skipstjóra til 6 ára, en eftir þann tíma vill hún hafa lausar hendur til að segja þeim upp. Það sjá allir, hve mikil sanngirni er í því að ætlast til þess, að bestu og duglegustu menn fáist í stöður fyrir helmingi minni laun en menn í sambærilegum stöðum hafa, og það ekki nema til 6 ára, en svo sje hægt að sparka þeim. Ekki er heldur gert ráð fyrir því, að þessir menn fái laun nema meðan þeir eru í blóma aldurs síns, því að þeim eru ekki ætluð nein eftirlaun, heldur má stjórnin vísa þeim algerlega frá eftir 6 ár, ef stjórninni býður svo við að horfa.

Hæstv. ráðh. sagði, að mínar till. í þessu máli væru „Gullasch"-tillögur, þar væri „Gullasch"-hugsunarháttur á bak við það að vilja, að skipstjórarnir hefðu sæmileg laun. Ef það er

„Gullasch"-hugsunarháttur að krefjast þess, að embættismönnum ríkisins sjeu greidd að minsta kosti lögmælt laun, þá skal jeg kannast við, að jeg hugsi eins og „Gullasch". Með því að ofsækja skipstjórana eins og hæstv. ráðh. hefir gert og láta aðstöðu þeirra og kjör vera sem allra ótryggust, með því er verið að grafa undan hlýðninni á varðskipunum, eins og líka gert er í frv. stjórnarinnar, og stofna þar með landhelgigæslunni í hinn mesta voða.

Þetta skjal, sem hjer liggur fyrir framan mig, er brjef dómsmrh. til skipstjóranna, dags. í des. 1927; er það alveg einstakt í sinni röð. Jeg þori að fullyrða, að aldrei hefir samskonar skjal legið fyrir þessu þingi. Í því er bein yfirlýsing dómsmrh. landsins um það, að hann ætli ekki að greiða þessum embættismönnum þau laun, sem þeim eru ákveðin með lögum, heldur aðeins það, sem *hans* geðþótti býður honum, og það tiltekur hann í þessu merkilega brjefi. Enginn ísl. ráðh. hefir nokkurntíma fyr nje síðar framið slíkt frægðarstykki og þetta. Það má segja um hæstv. ráðh. eins og segir í einu kvæði Ibsens um ungan sjómann, sem komið hafði sextugum öldungi á knje: „Hans fyrsti sigur var þessi þraut, og því bar hann kollinn hátt."

Það er sýnt og sannað, að hæstv. dómsmrh. hefir brotið lög. Þetta hefi jeg og aðrir borið á hann, og hann hefir ekkert haft fram að færa sjer til málsbóta annað en ósannindi og blekkingar og tilvitnanir í það, að aðrir hafi gert sig seka um það sama.

Eins og kolkrabbinn spýtir sortanum til þess að hylja sig og komast undan, eins notar hæstv. dómsmrh. þá aðferð að beita hjer blekkingum og ósannindum til þess að villa mönnum sýn.

Jeg vildi nú, ef hæstv. forsrh. (TrÞ) er svo nálægur, að hann megi heyra mál mitt, gjarnan leggja eina spurningu fyrir hann í sambandi við þá fjálglegu yfirlýsingu, sem hann gaf hjer í hv. deild í gær.

Hæstv. forsrh. sagði: „Hvað sem minni stefnu líður, þá verð jeg að hlýða lögunum." Þetta þótti mjer vel mælt og stinga mjög í stúf við það, sem hæstv. dómsmrh. hefir gert í varðskipalagamálinu. Nú hefir hæstv. forsrh. ennfremur lýst yfir því, að hann skuli með mikilli gleði og ánægju bera ábyrgð á öllum gerðum hæstv. dómsmrh. Nú er það vitanlegt öllum landslýð, að hæstv. dómsmrh. hefir með aðgerðum sínum um framkvæmd varðskipalaganna brotið lög og þar með traðkað vilja þingsins og brotið rjett á starfsmönnum landsins.

Hæstv. forsrh. vill hlýða landslögunum, — en vill hann þá ekki afsala sjer ábyrgðinni á þessu lagabroti? Er honum nokkur gleði eða ánægja í því að bera ábyrgð gerða hæstv. dómsmrh. í þessu máli?

Jeg vona, að svo sje ekki. Jeg vona, að þessi orð hans hafi verið af heilum huga sögð og að honum sje það eins vel ljóst og mjer, hver skylda landsstjórninni ber til þess að hlýða lögum landsins og halda þeim í heiðri; því að það er grundvöllurinn undir löghlýðni landslýðsins.

Jeg ætlaði að minnast hjer á annað mál, sem mjög mikið hefir verið talað um hjer, þótt ekki hafi verið

minst á eitt mjög merkilegt atriði í því sambandi.

Það mál er Shellfjelags-málið. Því hefir verið lýst hjer, að þetta ákaflega volduga olíufjelag hefir nú sett upp nýtísku olíugeyma við Skerjafjörð, og það er vitanlegt, að fleiri stór olíufjelög eru á leiðinni að gera slíkt hið sama. Þetta er vitaskuld leiðin til þess, að þessi vara fari að fást hjer með tilsvarandi verði eins og erlendis, ef hægt er að flytja hana til landsins á nógu stórum skipum. Enda er það vitanlegt, að um leið og Shell tók til starfa hjer, lækkaði olíuverðið um 10—20%, mismunandi eftir tegundum. Þetta mun auðvitað hafa stórkostlegar afleiðingar til bóta á allan bátaútveg landsins, og jeg álít, að allar tilraunir í þá átt að gera hann ódýrari fyrir landsmenn sjeu allra góðra gjalda verðar.

En hæstv. dómsmrh. var ákaflega úrillur út í þetta fjelag í ræðu sinni í gær. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki meiri ástæðu til að óttast verslun Shellfjelagsins en annara fjelaga. Jeg sje ekkert hættulegt við það, að Shellfjelagið, British Petroleum Co. og Standard Oil keppi hvert við annað um olíusöluna og þrýsti verðinu niður.

En hæstv. dómsmrh. tók aðra hlið á framkvæmdum Shellfjelagsins við Skerjafjörð. Hann taldi þær svo stórfeldar, að þar hlyti að búa eitthvað stórpólitískt á bak við.

Hann lýsti því með afar sterkum litum, hvílík geysileg hætta gæti stafað af þessum olíugeymum, sem væru svo stórir, að þeir fullnægðu tvö- eða þrefaldri þörf landsmanna; þeir tækju svo mikið, að það mundi duga landinu til margra ára o. s. frv., og þeir mundu nægja heilum herskipaflota sem olíuforðabúr.

Þessu lýsti dómsmrh. yfir úr *ráðherrastóli* í gær, og það dagblað hjer í bænum, sem styður stjórnina, prentaði í gær með feitu letri fyrirsagnirnar að greinum um þetta, greinum, sem bygðar eru á ummælum ráðherrans.

Ef eitthvað væri nú hæft í þessu, þá er það auðvitað mál, að sumum erlendum þjóðum mundi þykja það allhart, ef Íslendingar færu að leyfa Bretum að byggja olíustöð, sem nægði heilum herskipaflota í stríði.

Einhver frekar gálaus frjettaritari þýska stórblaðsins „Vossische Zeitung“ hjer á landi símar því blaði þá fregn, að hjer væri búið að leyfa Shellfjelaginu að byggja geysistóra olíustöð, sem tæki *18 þús.* smál. af olíu, og benti alt skeytið á, að frjettaritarinn hjeldi, að hjer mundi búa eitthvað á bak við. Út af þeim greinum, sem síðan birtust um þetta mál í „Vossische Zeitung“, átti sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn tal við „Berlingske Tidende“ um málið, og vil jeg leyfa mjer að lesa hjer upp tilkynningu frá sendiherra Dana hjer frá 7. jan. síðastl., sem segir frá því, sem sendiherrann lætur B. T. hafa eftir sjer, með leyfi hæstv. forseta:

„Vossische Zeitung“ hefir birt símskeyti frá Reykjavík, þar sem frá því er skýrt, að bygging olíugeymslustöðvanna á Íslandi standi í sambandi við flotafyrirætlanir Breta. „Berl. Tidende“ hafa í tilefni af þessu haft tal af Sveini Björnssyni sendiherra, og ljet hann í ljós undrun sína út af því, að þetta skyldi geta komið fram, þar sem það væri algerlega rakalaust. Hann segir, að það sje ekki einu sinni far-

ið rjett með stærð olíugeymanna, þar sem sagt er, að þeir taki 18000 smálestir, því að þeir taki ekki nema 16 þús. smálestir, og þar af aðeins helminginn af steinolíu. Þetta skýrist og betur, þegar þess er gætt, að steinolíueyðslan á Íslandi sje um 8000 smál. á ári. Olíugeymarnir muni því brátt verða of litlir, sjerstaklega ef farið verður að nota olíuvjelar í togarana.

„Politiken" hefir flutt leiðrjettingarskeyti frá Skúla Skúlasyni, og fer það í sömu átt og ummæli sendiherrans. Bæði skeytið og ummæli sendiherra hafa verið send til enskra og þýskra blaða".

Þessu lýsir sendiherra Íslands yfir í tilefni af þessu fleipri frjettaritarans í þýska blaðinu um hernaðarfyrirætlanir Breta hjer á landi, til þess að hnekkja þessum söguburði, sem auðvitað gat orðið til þess að vekja tortrygni erlendra þjóða í okkar garð.

Þetta álít jeg sjálfsagt og rjett að gera, og jeg vil álíta, að ef það hefir ekki verið gert beinlínis að undirlagi hæstv. stjórnar, þá hafi það a. m. k. verið gert með hennar ráði og í fullu samræmi við vilja hennar. Því að það er venja, að það, sem sendiherra eins ríkis lýsir yfir í embættisnafni, það er tekið sem yfirlýsing frá stjórn þess ríkis sjálfri.

Nú líður og bíður og er hljótt um málið, þangað til hæstv. dómsmrh. (J-J) stendur upp og lýsir því úr ráðherrastóli á þingi þjóðarinnar, að hjer muni vera um stórhættulegt fyrirtæki að ræða, sem miði til þess að draga úr sjálfstæði Íslands og gera það að stöð fyrir erlendan herskipaflota.

Hann segir alt annað en sendiherrann, þar sem hann (sendih.) hefir lýst yfir því, að geymarnir samsvöruðu neysluþörf landsmanna, en hæstv. dómsmrh. lýsir yfir því, að þeir sjeu svo tortryggilega stórir, að þar hljóti að búa eitthvað á bak við.

Ef hann ætlast til, að tal hans sje tekið í alvöru, — hvorum ætlar hann útlendu stórveldunum að trúa, dómsmálaráðherra Íslands eða sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn?

Við hjer heima vitum, að það er dómsmrh., sem fer með rangt mál, en það vita útlendingar síður. Hefir hæstv. ráðherra gert sjer ljóst, hvað af tali hans um þetta getur leitt? Grýlan, sem frjettaritarinn vakti upp og stórblöðin utanlands fluttu um allan heim, er kveðin niður í bili, þegar sendiherra landsins skýrir frá rjettum málavöxtum. En þegar frjettaritarinn er þagnaður og öfgar hans kveðnar í kútinn, þá tekur dómsmálaráðherra við og byrjar á hinu sama. En er þá ekki alveg eins hætt við, að grýlan verði vakin upp aftur og geti orðið landinu hættuleg? Bæði þetta mál og strandvarnamálið hafa afar næma þýðingu gagnvart erlendum þjóðum, og þær gefa þeim mjög nákvæman gaum. Það vita allir, að ekkert er til, sem kveikir annan eins funa hjá stórveldunum og ef þau halda, að eitthvert ríki sje að búa sig undir ófrið, og ekki síst, ef grunur leikur á, að það hafi aflað sjer góðrar aðstöðu á einhverjum stað, sem hefir hernaðarþýðingu.

Um strandvarnamálið er það að segja, að út af því hafa risið og munu vafalaust rísa óþægilegir árekstrar. Sú verður oftast raunin á, að þeir,

sem teknir eru í landhelgi, telja sig beitta ranglæti, og af þessu geta svo risið erfið mál milli ríkja.

Í þessum málum hefir hæstv. dómsmrh. sýnt frámunalegt gáleysi. — Í strandvörnunum gerir hann alt það, sem hann getur, til þess að veikja aðstöðu Íslendinga út á við. Hann segir það opinberlega, að hjer gangi lögin ekki jafnt yfir alla. Og í hinu málinu, um olíugeymana, tekur hann sjer í munn orð kærulauss frjettaritara, yfirlýsingu, sem erlendis vekur kala til þessarar þjóðar. Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum til að sýna, hve óskaplega slík ógætni ráðherrans getur verið hættuleg þjóðinni.

Jeg er áður búinn að lýsa því, hvernig hæstv. dómsmrh. hefir virt að vettugi yfirlýstan vilja Alþingis í varðskipamálinu og launalagamáli skipverja á þeim. Þegar verið var að tala um Spánarsamninginn hjer í kvöld, margendurtók hann þessi orð: „Jeg er bundinn af vilja þingsins". En í þessu máli finst hæstv. ráðh. hann ekki vera bundinn af vilja þingsins. Hann þykist bundinn af vilja þingsins, þegar það hentar honum og þeim, sem hann vill þóknast, en sú binding nær ekki lengra en honum sýnist. Þegar hann sjer sjer færi til að láta tvo starfsmenn landhelgigæslunnar kenna aflsmunar, þá er hann ekki lengur bundinn af vilja þingsins. Ráðherrann skeytir þar engu um lög eða rjett nje vilja þingsins.

Jeg drap á það áðan, að á borðinu fyrir framan mig lægi plagg, sem er einsdæmi í sögu þjóðarinnar. Það er skjalið frá hæstv. dómsmrh., þar sem hann lýsir yfir því, að hann ætli ekki að hlýða vilja þingsins. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hv. þdm.: Hvað er að verða úr rjettarörygginu í þessu landi? Jeg segi: Því stafar hætta af gerræði þess manns, sem nú skipar sess dómsmálaráðherra. Og sjálfstæði landsins er stórhætta búin vegna ógætni hans. Hann virðist ekki hafa hina minstu hugmynd um þá ábyrgð, sem á honum hvílir í því virðulega embætti, sem hann gegnir. Einnig eftir að hann varð ráðherra, heldur hann áfram að vera það, sem hann áður var — skuggavaldur í íslensku stjórnmálalífi.

Ingólfur Bjarnarson: Það er varla fært, að jeg fari að tefja fyrir í eldhúsinu, svo erfiðlega sem verkin ganga þar nú. En jeg tel mjer skylt að leiðrjetta ranga sögusögn, sem fram kom hjá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um kosninguna í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann sagði, að formaður einnar undirkjörstjórnar í sýslunni hefði komið á kjörfund með 3 kjörseðla í vasanum, og þegar hann átti að gera grein fyrir þessu, hefði hann sagt, að „karlarnir vildu hafa það svona", eða eitthvað á þessa leið sagðist hv. þm. N.-Ísf. frá.

Mjer datt í hug, þegar hv. þm. var að skýra frá þessu, að *ef* allar frásagnir hans um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu færu álíka nálægt sannleikanum og þessi saga, þá væri hann þegar orðinn óþarflega orðmargur hjer í deildinni. En hann talaði mjög hátíðlega um þá kosningu og virtist telja alt, sem þar fór fram, harla gott, þó að hann e. t. v. hafi viljað undanskilja það athæfi, „sem sannaðist um að væri glæpsamlegt".

En jeg verð að gefa þá yfirlýsingu, að saga sú, sem hann sagði úr Suður-

Þingeyjarsýslu, er algerlega röng. Til þess að sýna, hve vendilega sannir atburðir hafa umhverfst í meðferð hv. þm. eða sögumanna hans, skal jeg skýra frá því tilefni, sem jeg ætla, að muni liggja til grundvallar fyrir söguburði hans.

Við kosningu á einum kjörstaðnum í Suður-Þingeyjarsýslu mættu nokkrir kjósendur frá bæ einum, sem sýktur var af skarlatssótt. Nú var verið að reyna að verja sveitina fyrir veikinni, en menn óttuðust, að þessir kjósendur gætu orðið valdir að sýkingu, ef þeir kæmu inn í kjörherbergið. Þá tók kjörstjórnin það ráð að leyfa þeim að kjósa annarsstaðar. Formaður kjörstjórnarinnar, valinkunnur sæmdarmaður, sem engum mun koma til hugar að væna um sviksemi, var valinn til þess að færa þessum kjósendum kjörseðlana fram í bæjardyr, taka við þeim aftur samanbrotnum, eftir að kjósendurnir hefðu útfylt þá, og láta þá í atkvæðakassann, auðvitað í votta viðurvist.

Það er alveg rjett, að þetta er ekki í samræmi við gildandi lög, og því óheimil aðferð, jafnvel þó að það væri gert til þess að forðast sýkingarhættu. En nokkuð stingur þessi meðferð kjörstjórnar í stúf við frásögn hv. þm. N.-Ísf. Það var ennfremur einkennilegt við nefnda kosningameðferð, að umboðsmaður íhaldsframbjóðandans á umræddum kjörfundi hafði ekkert við þetta að athuga. En svo kærði hann þetta löngu seinna. Og þegar yfirkjörstjórn tók ekki kæru hans til greina, kærði hann til stjórnarráðsins og vildi láta ógilda alla kosninguna í sýslunni fyrir þessar sakir. Og jeg veit ekki betur en að þessi mæti maður gerði sjer ferð hingað til Reykjavíkur til þess að fylgja fram þessu máli, þó að uppskeran yrði lítil af þeirri fyrirhöfn.

Nú hafa háttv. þdm. fengið að heyra sannleikann um þær misfellur, sem áttu sjer stað við þessa kosningu í Suður-Þingeyjarsýslu. Veit jeg, að þeir muni sjá, að hjer er aðeins um óverulega formgalla að ræða og alt annað en hv. þm. N.-Ísf. vildi vera láta.

Pjetur Ottesen: Það er nú farið að líða að því, að eldi aftur, og jeg skal heldur ekki tefja umr. lengi. En jeg ætla að leyfa mjer að bera fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. stjórnar.

Fyrst vil jeg þá minnast á það, að á síðasta þingi bar fjvn. Nd. fram till. um að lækka það, sem kallað er „annar kostnaður“ við hæstarjett, en það er sú þóknun, sem gengið hefir til hæstarjettarritara. Í áliti nefndarinnar segir svo:

„Samkvæmt lögum nr. 37, 4. júní 1924, um breyting á lögum um hæstarjett, er ákveðið, að þóknun til hæstarjettarritara skuli ákveðin í fjárlögum. Nefndin hefir borið sig saman við stjórnina um þetta atriði og orðið ásátt um, að þóknun þessi sje hæfilega ákveðin 2500 kr. á ári“.

Þessi till. nefndarinnar var samþykt og tekin upp í fjárlögin. Samkvæmt því hefði hún átt að koma til framkvæmda um síðastl. áramót. Jeg hefi nú kynt mjer, hver muni hafa orðið raunin á um þetta. Og samkv. þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, hefir þetta ákvæði ekki verið framkvæmt það sem af er þessu ári. Í stað 2500 kr. árlegrar þóknunar hafa hæstarjettarritara verið greidd laun síðan á ný-

ári sem svara til 6300 kr. árslauna. Nú vil jeg spyrja: Hverju sætir, að ákvæði síðasta þings um þetta efni eru að vettugi virt?

Í öðru lagi vil jeg spyrja um það, hvort það er rjett, sem heyrst hefir, að ríkisstjórnin hafi á þessum vetri varið 10 þús. kr. til atvinnubóta í Reykjavík, og jafnframt hvort nokkur hæfa sje fyrir því, að einn af þingmönnum jafnaðarmanna hafi fengið að ráða því, hverjum hlotnaðist sú vinna, sem veitt var fyrir þessa peninga.

Þriðja fyrirspurnin er borin fram vegna þess, sem heyrst hefir um það, að starfsmannahald ríkisins hafi talsvert aukist, síðan stjórnin kom til valda. Jeg veit ekki, hve mikil þessi aukning er og hvort hún á að vera til frambúðar eða hvort hún er aðeins til bráðabirgða. Jeg hefi ekki orðið þess var í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir árið 1929, að þar sje gert ráð fyrir launagreiðslum handa þessari aukningu á starfsmannaliðinu. En jeg vildi gjarnan fá upplýsingar um þær ráðstafanir, sem stjórnin hefir gert um þessa starfsmannafjölgun, og hvernig henni er háttað og hvað hún kostar, því að mjer er ekki kunnugt um, að leitað hafi verið álits þingsins um þetta.

Þó að ástæða væri til þess að minnast á fleiri athafnir stjórnarinnar, ætla jeg ekki að gera það, enda búið að drepa á margt af því, sem á dagana hefir drifið síðan stjórnin komst til valda. En það er eitt atriði, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., sem jeg þykist ekki komast hjá að minnast á. Það var þegar hann talaði áðan um gengismálið, þá var svo að skilja á honum, að hann áliti, að stjórnin hefði heimild til að taka upp á ríkissjóðinn eitthvað af því fjárhagstjóni, sem bankarnir kynnu að bíða af því að halda genginu föstu. Og hann bar það fyrir sig, að svo hefði fyrv. stjórn litið á málið 1925. En jeg vil benda hæstv. ráðh. á það, að síðan 1925 hefir verið gerð samþykt um þetta hjer á þingi. Það var á þinginu 1926, að það mál var afgreitt með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin hefði enga heimild til þess að setja fje ríkissjóðs í neina hættu vegna breytingar á genginu.

Til enn frekari sönnunar því, að þetta var vilji þingsins þá, má benda á það, að það voru þá bornar fram tvær dagskrártillögur í málinu. Önnur var frá fjhn. og heimilaði stjórninni að verja fje til að halda genginu föstu. Í hinni var skorað á stjórnina, gengisnefndina og bankana að halda genginu stöðugu án þess að setja þó neitt af fje ríkissjóðs í hættu þess vegna. Sú dagskrártill. var samþykt, og með því hefir þingið látið ótvírætt í ljós vilja sinn í þessu máli. Stjórnin getur því ekki stuðst við fyrri samþyktir, ef hún ætlar að verja fje úr ríkissjóði til gengisfestingar.

Þá skal jeg nú ekki lengja mál mitt meira, en vil að endingu aðeins drepa á eitt atriði, sem þeim hefir farið á milli hæstv. forsrh. og háttv. 1. þm. Skagf. (MG). Hv. 1. þm. Skagf. líkti hæstv. forsrh. við rómverskt goð, sem hafði tvö andlit, og horfði annað fram, en hitt aftur. Mjer skildist, að hv. þm. drægi út úr þessu samlíkingu um fjöllyndi hæstv. forsrh. í stjórnmálum, og notaði hana til að sýna, hver árekstur væri orðinn milli þess, sem

hann hjelt fram áður en hann varð ráðherra, og hins, sem hann framkvæmir nú eða lætur vera að framkvæma. Hæstv. forsrh. tók þessari samlíkingu með miklum fögnuði og taldi, að í eiginleikum þessa goðs lægi önnur þýðing en hv. 1. þm. Skagf. vildi vera láta, og ættu þeir að tákna hinn gerhugula mann, sem skoðaði alt niður í kjölinn áður en til framkvæmda kæmi.

Hæstv. forsrh. tók fegins hendi við þessari samlíkingu. Það er líkast því, sem hæstv. forsrh. hafi síðustu klukkutímana verið drukkinn af þessari líkingu, ekki víndrukkinn, því að við eigum það sameiginlegt að drekka ekki vín, heldur gleðidrukkinn. En jeg hygg, að þegar hæstv. ráðh. fer að athuga þetta nánar, muni hann komast að raun um það, sem allir vita í þessum sal, að hafi líkingin verið valin í þessari merkingu, þá eru það alls ekki nein veruleg „kompliment" fyrir hæstv. forsrh.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil ekki láta hjá líða að svara fyrirspurn hv. þm. Borgf. (PO). Hann spurði að því, hvort stjórnin hefði veitt 10 þús. kr. til atvinnubóta í Reykjavík. Því er til að svara, að í fyrra vetur rjeðist fyrv. stjórn í atvinnubætur í sambandi við atvinnuleysið, sem þá var í bænum. Í vetur bárust mjer skýrslur yfir atvinnulausa menn, og vegna fordæmis þess, sem fyrverandi stjórn gaf, var ráðist í sömu framkvæmdir. Til þeirra var veitt ákveðin upphæð, sem nemur ca. ⅓ af kostnaðinum í fyrra. **(PO:** 10 þús. kr.?). Já, fram úr því fer það ekki, því að vinnan er ákvæðisvinna. Vegamálastjóri var með í ráðum um það, sem unnið var, en hitt var ákveðið í samráði við einn fátækrafulltrúa bæjarins, hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), hverjir nutu vinnunnar. Jeg held því, að hjer hafi það eitt verið gert, sem full nauðsyn var á, og þannig, að allir ættu að geta verið ánægðir. Verkið, sem unnið var, þurfti að leysa af hendi og fátækir, atvinnulausir menn fengu vinnu við það.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um það, hvort heimild hafi verið til þessara framkvæmda eða ekki. Jeg vil aðeins benda hv. þm. Borgf. á það, að hafi fyrverandi stjórn haft vald til að ráðast í atvinnubætur, hefir núv. stjórn það engu síður. Hann verður að sætta sig við, að það er stjórn úr hans flokki, sem gefið hefir fordæmi í þessu efni. Og eigi að kasta steini, hlýtur hann að lenda á fyrv. stjórn.

Hv. þm. fór inn á goðafræðina. Jeg skal nú játa, að það er langt síðan jeg las mína goðafræði og jeg er farinn að gleyma sumu í henni, en svo mikið man jeg, að líkinguna um Janus er ekki hægt að skilja á annan veg en jeg gerði, og því var von, að mjer brygði í brún að fá slík „kompliment" frá andstæðing mínum og kynni honum þakkir fyrir hólið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Háttv. þm. Borgf. beindi til mín tveim fyrirspurnum. Sú fyrri var út af launum hæstarjettarritarans. Eins og menn muna, kom hv. 3. landsk. þm. (JÞ) því fram í fyrra á þinginu með stuðningi íhaldsflokksins, að 2500 kr. væru borgaðar fyrir það starf. Eftir áramótin skrifaði svo dómstjóri hæstarjettar mjer brjef um málið, þar sem hann

lagði til, að sami maður gegndi ritarastarfinu og áður hafði gert það. Vitnaði dómstjórinn í ummæli hv. 1. þm. Skagf. í þessu sambandi, en þau hnigu í sömu átt. Nú var embættið svo illa launað, að þessi maður gat ekki unað við það og hafði í hyggju að sækja um annan starfa. Jeg trúði hæstarjetti um það, að maðurinn væri nauðsynlegur, þar til starfinu yrði öðruvísi skipað, og rannsakaði þetta ekkert frekar. Hækkaði jeg því að nokkru launin fyrir ritarastarfið, en það er einungis bráðabirgðaráðstöfun, sem þingið getur tekið af skarið um.

Síðari fyrirspurn hv. þm. gekk út á það, hvort starfsmönnum ríkisins hefði verið fjölgað. Líklega á háttv. þm. við eftirlitsmenn með vínsmyglun, sem teknir hafa verið og verða látnir starfa fram eftir vetrinum. Nú stendur svo á, að síðan jeg tók við ráðherrastörfum, hefir 9 mönnum verið sagt upp við vínverslunina, en hinsvegar starfa 3½ maður að eftirliti með tollum og áfengi. Einn í Vestmannaeyjum, annar á Austfjörðum, þriðji á Norðurlandi, og sá fjórði á Ísafirði, en hann vinnur upp á tímakaup og telst því ekki nema hálfur maður. Það er rjett hjá háttv. þm., að þetta er aðeins tilraun og fær fyrst gildi, ef sú áfengislöggjöf, sem nú er fyrir hv. Ed., nær fram að ganga. Jeg býst ekki við, að kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, verði talinn mikill. Fastamennirnir fá 250 kr. á mánuði hver, en hinsvegar hefir landssjóður töluvert upp úr starfi þeirra. Á einum mánuði hefir t. d. fengist 2000 kr. í auknum tolli og slatti af tóbaki, sem nam 1100 kr. Það var í Vestmannaeyjum.

Upprunalega eru þessir tollgæslumenn settir af því, að forstjóri Eimskipafjelagsins kvartaði yfir, að hann rjeði ekki við áfengissmyglunina í skipum fjelagsins. „Lagarfoss" seldi t. d. 400 flöskur í einni ferð. Brytinn á honum er nú undir rannsókn. Forstjóri fjelagsins sagði, að þetta væri stórhættulegt, því að ef smyglunin kæmist upp í Englandi, gæti vel svo farið, að skipunum yrði bannað að koma þar við. Jeg er þess fullviss, að aukið eftirlit hefir mikið að segja til að þurka skipin, auk þess hagnaðar, sem meira tolleftirlit hefir í för með sjer fyrir ríkissjóð. Jeg játa, að hjer er að vísu aðeins um tilraun að ræða, en hún er gerð eftir ósk Eimskipafjelagsins, meðal annars, og hefir borið góðan árangur.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal reyna að vera ekki langorður, þó að nógu langur sje hinn nýrunni dagurinn.

Hæstv. forsrh. (TrÞ) fer villur vegar í því, að það sje brot á þjóðræðinu, þó að mál sjeu afgreidd í stjórnarráðinu fram undir stjórnarskifti. Hann mintist á tilskipunina frá 27. ágúst. Hún er auðvitað undirrituð af konungi áður en fyrv. stjórn var leyst frá störfum, en hafi hæstv. ráðh. (TrÞ) annars eitthvað að athuga við undirskriftina, verður að fást um það við konunginn.

Hæstv. ráðh. sagði, að þjóðin hefði lýst vantrausti sínu á Íhaldsflokknum við síðustu kosningar. En jeg vil minna hæstv. ráðh. á það, að miklu færri atkvæði standa þó að baki hans flokki en okkur Íhaldsmönnum, svo að honum væri betra að vera ekki að flagga með þjóðarviljanum í þessu efni.

Þá var það Titan. Hæstv. ráðherra þykist vilja gera eins og jeg hafi stungið upp á í fyrra, að láta sjerfróða menn athuga sjerleyfið. En hæstv. ráðh. hefir misskilið mig, ef hann heldur, að jeg hafi ætlað að láta þá **ráða,** hvort leyfið yrði veitt eða ekki. Jeg ætlaðist til, að þeir væru látnir athuga, hvort gallar væru á uppkastinu frá teknisku sjónarmiði, en alls ekki að gera þá að neinum yfirráðherrum. Því var fjarri, að mjer dytti sú erkiheimska í hug.

Um utanríkismálin hefi jeg fáu við að bæta. Það var rjett, sem jeg sagði, að hæstv. ráðh. hefði tekið sjer aðstoðarmann. Stúlkan, sem var fyrir, fór, og önnur var tekin í staðinn, og hæstv. ráðh. tók sjer aðstoðarmann. Þetta er viðbót.

Um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu má vera, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að hann gæti ekki tekið hana gilda. En jeg býst við, að allir hafi skilið hann svo, að hann ætlaði að greiða atkv. á móti því, að kosningin yrði tekin gild, og engan óraði fyrir því, að hann mundi ekki greiða atkv.

Hæstv. forsrh. talaði mikið um vald sitt. Mjer fanst honum svipa til þeirra þjóðhöfðingja sunnan til á hnettinum, sem halda, að þeir sjeu stórveldi og ráði gerðum sínum að sjerhverju leyti, þó að þeir lúti yfirstjórn annara ríkja.

Þá voru það spörðin. Þar sneri hæstv. ráðh. út úr. Jeg sagði, að hæstv. dómsmrh. hefði verið að tína saman spörð í dómsmálaskrifstofunni. Annars datt mjer ekki í hug, að hæstv. forsrh. færi að fást við bautasteina — hingað til hefir honum verið miklu kærara að fást við spörð.

Jeg held, að jeg geti nú kvatt hæstv. forsrh., en jeg tek það fram, að jeg afsala mjer ekki ódauðleikanum, sem jeg öðlaðist fyrir tilmæli hæstv. dómsmrh.

Hæstv. dómsmrh. fór að tala um landhelgisjóðinn til þess að leiða athyglina frá málinu. Hann sagði, að við Íhaldsmenn hefðum gefið Vestmannaeyingum 25 þús. kr. En svo stóð á, að hingað var símað, að togarar væru á landhelgiveiðum, og Þór var fenginn til að hafa hendur í hári þeirra. Honum tókst það og ríkið fjekk um 60 þús. kr. í sektum. Helmingurinn tæplega af því var svo greiddur fyrir ferðina. Þannig er rjett frá þessu skýrt.

Út af ráðherrabústaðnum vil jeg upplýsa það, að viðgerðin fór fram í samráði við miðstjórn Framsóknarflokksins. Hvað snertir viðgerðina á húsi Jóns heitins Magnússonar, vil jeg segja það, að hann hefði sjálfur borgað hana að miklu, ef hann hefði lifað. Hann var ekki fjesínkur maður. En þegar hann fjell frá, að því er margir hjeldu vegna umstangs út af konungskomunni, þótti rjett og sjálfsagt að greiða kostnaðinn úr ríkissjóði í bili, en enginn efi er á, að þetta verður endurborgað, ef Alþingi vill.

Þá var það hinn enski togari, sem „Óðinn" hjálpaði á Húnaflóa. Þar las hæstv. ráðh. (JJ) sjálfur sönnunina fyrir rjettmæti míns málstaðar, þar sem hann lagði fram skeytið frá Jóni Krabbe. En þar er það beint tekið fram, að skipshöfnin hafi fengið sinn ⅓ af björgunarlaununum, en danska ríkið hafi *gefið eftir* sinn hluta.

Nú vil jeg spyrja: Hvernig getur maður gefið eftir það, sem maður á ekki rjett til? Sem sagt, þar var alveg eins að farið og hjer, nema þar var rjettum hlutaðeiganda gefin upphæðin eftir, en hjer er hún gefin alt öðrum.

Þá kem jeg að olíudunkunum við Skerjafjörð. Jeg get sagt hæstv. ráðh., að jeg kom ekki nálægt því fyrirtæki fyr en nú um áramót. Þessi læknir, sem hæstv. ráðh. var með dylgjur um, hefir verið starfandi hjá fjelaginu suður í álfum í 10 eða 11 ár. Sje jeg ekkert athugavert við aðstöðu hans. — Hæstv. ráðh. var að tala um eitthvert ríki í Suður-Evrópu, með 20 milj. íbúa, sem hefði tekið upp steinolíueinkasölu án þess að bæta olíuhringunum einum eyri, þótt allar þeirra stöðvar yrðu ónýtar. Hann hefir sennilega átt við Spán með þessum ummælum sínum, þótt hann þyrði ekki að nefna hann, til að minna menn ekki enn einu sinni á líkinguna með ráðandi manni þar í landi og dómsmálaráðherra Íslendinga. En jeg get sagt hæstv. ráðherra það, að hann þarf ekki að greiða þessu fjelagi einn eyri í bætur, þótt steinolíueinkasala verði upp tekin. Ef landið sjer sjer þá ekki hag í að kaupa dunkana, þá verða þeir bara að standa auðir.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að íslensku togararnir hefðu stolið 20 þús. skpd. af fiski undir Jökli í fyrra. Mjer þætti fróðlegt að vita, hver hefir vegið þetta fyrir hæstv. ráðh., fyrst hann veit það svo nákvæmlega. Vona jeg, að hann verði svo hreinskilinn að segja, hvaðan hann hefir þetta, því að satt að segja þykir mjer það undarlegt, að hann skuli vita svo nákvæmlega, hve mikið af fiski botnvörpunganna er „illa fengið". En e. t. v. hefir þetta aðeins átt að skiljast sem gamansemi ráðherrans.

Þessu næst spurði hæstv. ráðh., hvort jeg vissi til þess, að ákveðinn lögfræðingur hefði haft hag af láni því, er veitt var úr Fiskiveiðasjóði út á „Stefni". Jeg get lýst ákveðið yfir því, að jeg hefi enga hugmynd um, að neinn lögfræðingur hafi haft nokkurn hag af lánveitingunni. — Ekki var það heldur rjett með farið, að þetta væri í fyrsta sinn, sem lán úr Fiskiveiðasjóði fengist ekki endurgreitt. Það hafði komið fyrir áður.

Um olíugeymana vildi jeg bæta því við, að hæstv. ráðh. fór aldrei út í það, hvers vegna þeir væru svo hættulegir sjálfstæðinu. Jeg er hræddur um, að stórir bryndrekar ættu til dæmis bágt með að sigla inn Skerjafjörð eftir olíu, ef það er eitthvað þess háttar, sem hæstv. ráðh. óttast.

Þá nefndi hæstv. ráðh. enn Thorcilliisjóðinn, og fór þar alveg jafnrangt með og í gær. Hann sagði, að stjórnin hefði afhent Oddfellowum sjóðinn, en sannleikurinn er sá, að þeir hafa gefið sjóðnum 40—50 þús. kr. með nokkrum skilyrðum. Það er sannleikurinn, og alt annað, sem sagt hefir verið um málið, tómar blekkingar. Klemens Jónsson, fyrv. Framsóknarráðherra og æðsti maður Oddfellowreglunnar hjer á landi, leiðrjetti þetta strax í stjórnarblaðinu. Er hastarlegt, að hæstv. dómsmrh. skuli samt sem áður tvíendurtaka þessa röngu skýrslu sína í umræðunum. — Annars geri jeg ráð fyrir, — þótt jeg hafi ekkert umboð til að fullyrða það, — að fjelagið hafi ekkert á móti því að taka við peningunum aftur og láta Thorcilliisjóðinn

einan eftir hjá hæstv. stjórn. En þótt hæstv. ráðherra reyni að bregða fæti fyrir þetta fjelag og starfsemi þess, get jeg fullyrt, að það mun ekki láta aftra sjer frá að halda henni áfram. Þótt hæstv. dómsmálaráðherra vilji vinna Heródesarverk á börnunum, mun Oddfellowreglan halda áfram að reyna að bjarga þeim. Mjer skildist á hæstv. ráðherra, að hann væri að lofa að bera fram till. til þál. um þetta efni í annarihvorri deildinni. Vil jeg þá vona, að hann geri það í þessari háttv. deild, svo að mjer gefist kostur á að svara fyrir gerðir mínar.

Það tekur því varla að minnast meira á Barðastrandarsýslu. Hæstv. ráðh. virðist leggja höfuðáhersluna á að ergja þennan unga lögfræðing í stjórnarráðinu, sem fór vestur. Hann ber honum á brýn, að hann hafi misnotað aðstöðu sína á opinberu uppboði á Patreksfirði. — Að vísu var þessi ungi maður ekki beinlínis sendur vestur. Hann ætlaði vestur hvort sem var í eigin erindum, og þá bað fyrverandi fjmrh. (JÞ) hann að skoða hjá sýslumanni um leið, gegn því að hann fengi greiddan hálfan ferðakostnað. Svona hygg jeg, að þetta hafi gengið til, og get jeg ekki sjeð, að þessi efnilegi ungi maður eigi nokkurt álas fyrir framkomu sína. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að sjóðþurð hljóti þá að hafa verið komin hjá þessum sýslumanni, þar sem hún er svo mikil nú, ári síðar, er skoðað er aftur. En það má leiða rök að því, að á þessum tíma hefir sýslumaður átt í ýmsum stórræðum og lagt stórfje í ýms fyrirtæki, bæði vestra og hjer í bæ. Nemur það sennilega samtals svipaðri upphæð og sagt er, að sjóðþurðin sje.

Hæstv. ráðh. hældi sjer mikið fyrir minkandi receptagjafir í landinu. Jeg sagði áður, að það er ekki sjáanlegt af útkomnum skýrslum, að receptagjafir hafi neitt minkað, síðan hann tók við stjórn. Og eins og hæstv. ráðh. hefir hegðað sjer í umr., þykist jeg alls ekki skyldugur að trúa sögusögn hans um þetta, fyr en lagðar hafa verið fram skýrslur um málið. Annars bera allar skýrslur það með sjer, að receptum hefir altaf farið fækkandi á undanförnum árum, og er ekkert undarlegt, þótt þeirri fækkun haldi áfram. — Mjer var ekki ljóst, hvað það átti að þýða að skýra frá því í umræðunum, að einhver bryti á „Lagarfossi" hefði selt vín. Þótt hæstv. ráðh. sje kröfufrekur til annara, gat hann þó ekki ætlast til þess, að jeg væri altaf með öllum íslenskum skipum að gæta brytanna.

Jeg spurði um snúning hæstv. ráðh. í Spánarsamningamálinu í fyrri ræðu minni, en hann vildi mótmæla því, að nokkur snúningur hefði átt sjer stað. Í fyrra vildi hæstv. ráðh. þó láta endurskoða Spánarsamningana, en nú vill hann það ekki. Í fyrra vildi hann leggja niður vínbúðirnar úti um land, en nú hreyfir hann hvorki legg nje lið til þess. Þetta vil jeg leyfa mjer að kalla snúning. Hæstv. ráðh. vildi raunar skjóta sjer undir atkvgr. um þetta mál í Sþ. í fyrra. En jeg man ekki betur en annar þessara liða, sem hjer er um að ræða, væri þá felldur með jöfnum atkvæðum. Og hygg jeg, að hæstv. ráðh. hafi í einhverju breytt meira á móti vilja síðasta Al-

þingis heldur en þótt hann færi sínu fram í þessu.

Þá koma varðskipin enn. Hæstv. ráðh. hafði það eftir mjer, að launalögin væru aðallögin. Þetta sagði jeg ekki, en hitt sagði jeg, að varðskipalögin gætu ekki gengið í gildi að því er afskráninguna snerti, fyr en launalögin kæmu til framkvæmda. Þá væri fenginn löglegur samningur um launin milli skipverjanna og hins opinbera. — Jeg endurtek það, að afskráningin þurfti ekki fram að fara, en þar fyrir var ekki ólöglegt, að hún færi fram. Og af því að ýmsir hásetanna álitu hana nauðsynlega, var hún látin fara fram. — Hæstv. ráðh. var að gera mjer upp hugsanir um það, hvers vegna jeg hefði ekki skipað í embættin á varðskipunum áður en jeg fór úr stjórninni. Jeg veit líklega eins vel og hæstv. ráðh. um mínar eigin hugsanir, og get lýst yfir því, að fjarri fer, að rjett sje til getið. Jeg hefi þegar áður vísað hæstv. ráðherra á, hvar hann getur fengið áreiðanlega vitneskju um, hvernig á því stóð, að óskipað var í embættin. Hann getur best fengið að vita það hjá sínum eigin skrifstofustjóra. Og jeg er ekki í vafa um, að hæstv. ráðh. hefir fengið að vita sannleikann í málinu fyrir meira en mánuði. — Þá talaði hæstv. ráðh. enn um æfilanga veitingu starfsmannanna eftir lögunum. Jeg held nú, að hann gerði rjett í að lesa lögin áður en hann ber fram svona fullyrðingar, því að í lögunum stendur það skýrum stöfum, að nær öllum starfsmönnunum megi segja upp með 6 mánaða fyrirvara.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. sneri út úr orðum mínum, þegar hann hafði það eftir mjer, að jeg hefði skrifað öllum kjörstjórnum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Jeg sagði, að af því að ómögulegt var að fá eintak af kosningalögunum, þá hefði jeg látið semja útdrátt úr þeim og senda öllum *nýjum* kjörstjórnum í sýslunni. Lagði jeg ríkt á við þær að fylgja lögunum nákvæmlega í öllum greinum. Ætti það ekki að sýnast óeðlilegt, þar sem það er vitanlegt, að mjög víða eru formlegir gallar á kosningum til Alþingis og vitað var fyrirfram, að andstæðingar mínir mundu reyna að kæra kosninguna, ef eitthvað væri aðfinsluvert.

Hæstv. ráðh. segir, að Pjetur Oddsson hafi hótað sýslumanni ofbeldi, ef rannsókn gegn hreppstjóranum í Bolungarvík væri haldið áfram. Þetta er alveg gagnstætt sannleikanum. Pjetur Oddsson og aðrir Bolvíkingar mótmæltu fangelsun hreppstjórans *að ekki meira rannsökuðu máli.* Þannig heimtuðu þeir einmitt frekari rannsókn málsins, en mótmæltu henni ekki.

Hæstv. ráðherra heldur því fram, að uppreisnin í Bolungarvík, sem hann kallar svo, sje mesta pólitíska glæpamálið, sem hjer á landi hafi komið til rannsóknar. Meðan rannsókninni er ekki lokið, kynni jeg betur við, að hæstv. dómsmrh. biði með dóm sinn um málið, jafnvel þótt hann taki sjer dómsvald hjer í þinginu. Hann sagðist hafa haft aðra aðferð við rannsókn þessa máls en áður hafi tíðkast hjer á landi. Menn hjeldu lengi vel, að Halldór Júlíusson hefði sjálfur fengið að ráða rannsóknaraðferðum sínum; en fyrst hæstv. ráðherra lýsir sjálfur yfir þessu, þá er ekki að efa, að hann fari rjett með, og er þá skiljanlegt, að dómarinn

beitti nokkuð annari aðferð en venjuleg er við rannsókn sakamála. Hann heldur því fram, að sú rannsókn, sem bæjarfógeti og Steindór Gunnlaugsson framkvæmdu, hafi verið mjög ófullkomin. Halldór Júlíusson ljet þess þó getið, áður en hann byrjaði rannsóknina í Hnífsdalsmálinu, að hún væri í rauninni óþörf, því að hann gæti dæmt í málinu út frá þeim gögnum, sem fram hefðu komið við fyrri rannsóknirnar. Máske hefir hann ekki haft leyfi dómsmrh. til þess að láta þetta sitt álit í ljós.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr kæru hreppstjórans í Bolungarvík og vjek sjerstaklega að vitnunum tveim, að þau hefðu ekki strax sagt satt. En annað þeirra breytti framburði sínum undir eins, þegar því var bent á eiðinn. Þá sagði það strax satt. Hinu mun aldrei hafa verið bent á eiðstafinn, fyr en það var orðið tvísaga fyrir rjettinum. Jeg vona nú, að hæstv. ráðh. sjái sig um hönd og taki til greina kröfuna um rannsókn gegn rannsóknardómaranum fyrir hið undarlega atferli hans, t. d. það að leggja kjörseðla fyrir vitni og láta þau nota þá sem forskrift, hótanir hans við vitni o. fl.

Hæstv. dómsmrh. segir, að það sjeu ekki aðrir en lítilmenni, sem fari í mál út af blaðaskömmum. Hjerna áður voru þeir Skúli Thoroddsen, Björn Jónsson og fleiri þess háttar menn nógu mikil lítilmenni til að höfða meiðyrðamál. Jeg held, að hæstv. ráðherra mætti þakka fyrir, ef hann yrði nokkurntíma settur á bekk með þeim. Nei, það væri hneyksli að nefna hann, þegar um þá er rætt, nema þá sem mestu andstæðu þeirra að mannkostum og mannviti.

Jeg sá, að hæstv. ráðh. kunni illa tilboði mínu, er jeg gerði honum í kvöld. Jeg skal nú, af því að jeg er altaf samningamaður, draga svo úr því, að hann má halda þingsæti og ráðherrastarfi, þótt jeg vinni málið. Úr því að hann hefir ekki bitið á krókinn, get jeg gjarnan klipið þetta af og látið það eitt eftir standa af beitunni, sem honum ætti að þykja lystugast. Jeg vona, að hann sjái ekki eftir aurunum, sem til þessa fara.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að 6 uppreisnir hefðu verið gerðar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ef satt væri, ætti hann að láta fram fara rannsókn um allar þessar uppreisnir. En hann er að svala rógseðli sínu og því verður ekki neitt úr rannsóknunum. En svívirðilegar og ósannar eru þessar uppreisnarsögur.

Þá vil jeg spyrja hæstv. ráðherra eins. Hann gat þess í gær, að hjá öðrumhverjum útsölumanni Spánarvína væri sjóðþurð. Nú vil jeg vita, hvort útsölumaðurinn á Ísafirði er í þessum fjelagsskap. Mjer kemur það mjög á óvart, ef svo er, og jeg er þess fullviss, að engin sjóðþurð er hjá honum. En hvers vegna hefir hann þá verið sviftur þessu starfi, er enginn veit annað en hann hafi staðið vel í stöðu sinni? Forstjóri áfengisverslunarinnar hefir sagt við mig, að þetta hafi verið einn glöggasti, áreiðanlegasti og besti útsölumaðurinn. Er það ekki enn sem fyr hinn pólitíski rógur samherja dómsmrh., sem leiðir hæstv. dómsmrh. til þess að vinna óhæfuverk?

Hv. þm. Ísaf. (HG) þarf jeg fáu að svara. Hann undirstrikaði flest af því,

sem hæstv. dómsmrh. hafði sagt, og sýnist það ekki hafa mikla þýðingu að endurtaka hjer sömu svörin. Hann spurði þó um það, hvers vegna jeg hefði tekið skýrslur af þeim mönnum, sem dómsmrh. hefir nú sakað um uppreisn og ofbeldi í Hnífsdal. Jeg vildi vita vissu mína um, hvað rjett væri. Hv. þm. (HG) vill bera brigður á, að jeg hafi með símskeyti til dómsmálaráðuneytisins heimtað, að rannsókninni yrði haldið áfram. Þetta er ódrengilegt af honum. Dómsmrh. mun vera búinn að sannfærast um, að jeg skýri rjett frá. Þá gefur hann í skyn, að fulltrúi bæjarfógeta hafi við heimakosninguna á Ísafirði 1923 haft læknisvottorð jafnaðarmanna upp á vasann. Þetta er vísvitandi rangt; honum er kunnugt, að kosningasmalar hans (HG) höfðu þau í höndum og útbýttu þeim til kjósenda jafnóðum og kosið var. Honum er líka kunnugt um, að sumir kjósendur neituðu að nota þessi vottorð og kusu á kjörstað. Ennfremur hlýtur honum að vera ljóst, að sumir hafa kosið heima, sem annars hefðu farið á kjörþing, af því að þessir smalar höfðu vottorðin og jafnvel þrengdu þeim upp á kjósendur.

Þá vítti hv. þm. það, að yfirkjörstjórnin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefði ekki viljað brjóta leynd kosningalaganna með því að halda sjer kosningaseðlum úr þeim hreppum, þar sem utankjörstaðagreidd atkvæði frá hreppstjóranum í Hnífsdal voru í kössunum. Í kosningalögunum er fyrirskipað að hella *öllum* atkvæðaseðlum úr hinum ýmsu kjördeildum í eitt ílát og hrista þá vandlega saman. Bæjarfógetinn hafði líka þann fyrirvara í beiðni sinni „ef fært þykir“. Yfirkjörstjórn áleit sjer þetta óheimilt. Hinsvegar innsiglaði yfirkjörstjórn alla utankjörstaðagreidda atkvæðaseðla úr sýslunni og sendi þá rannsóknardómaranum Steindóri Gunnlaugssyni. Væri vel, ef þessir atkvæðaseðlar hafa ekki síðar farið fleiri manna milli. Á jeg þar við meðferð rannsóknardómarans á þessum sömu seðlum.

Jeg get sagt það, að mjer þóttu það ill tíðindi, ef sönn væru, er jeg frjetti, að beitt hefði verið ofbeldi við lögregluna, þá er fangelsa átti hreppstjórann í Hnífsdal og skrifara hans. Til þess að vita vissu mín fjekk jeg þá alla, sem við voru staddir, til þess að gefa skýrslu um atburðinn, og skrifuðu þeir undir skýrsluna undir eiðstilboð. Er þar tekið fram, að þeir hafi ekki sýnt mótþróa nje haft í hótunum, en aðeins neitað að veita aðstoð sína til handtökunnar. Jeg vissi, að reynt yrði að færa þetta atvik út á verri veg, eins og nú hefir orðið, sbr. ummæli dómsmrh. Annars sýnir það best hug hjeraðsbúa, að enginn þeirra — heldur ekki jafnaðarmenn — vildi aðstoða rannsóknardómarann við fangelsunina, og þegar taka átti jafnaðarmenn í Hnífsdal til þess að fangelsa Eggert og Hálfdán í síðara skiftið, neituðu þeir allir og vildu heldur borga sekt, ef til kæmi.

Um brot það, er hv. þm. telur, að jeg hafi framið á kosningalögunum 1924, þá er því til að svara, að það var ekki jeg, heldur form. kjörbrjefanefndar, sem opnaði kjörbrjefið, og var því ekki mótmælt af öðrum en hv. 2. þm. Árn. (MT). Þessi hv. þm. vill gjarnan aðstoða dómsmrh., en honum tekst það að vonum ófimlega, því efni standa ekki til.

Þá vildi hv. þm. (HG) sverja fyrir, að sagan um þvottakonuna og fiskverkunarkonuna væri sönn. En það er þýðingarlaust, því að þetta er á margra vitorði.

Að kjörstjórnin í Hafnakjördeild fór að semja nýja kjörskrá, er hvorki undarlegt nje óskiljanlegt. Hún vildi með því sýna yfirkjörstjórn, sem hún sendi þessa nýju kjörskrá ásamt umkvörtun um frágang hreppsnefndar á kjörskrá þeirri, sem kosið var eftir, svart á hvítu, hve óvandlega væri frá kjörskránni gengið.

Mjer fanst hv. þm. vanþakka um of gerðir bæjarfógetans á Ísafirði viðvíkjandi atkv. konunnar frá Hraundal. Hann hjelt vitanlega, að kærendur mundu standa við orð sín, ef til rjettar kæmi. Þeir höfðu sem sje kært yfir því, jafnaðarmenn, að atkv. þessarar konu væri falsað, af hreppstjóra Jóni Fjalldal, Sigurði Kristjánssyni eða íhaldsskrifstofunni. Vegna þess að bæjarfógetinn hafði ekki heimtað skriflega kæru af þessum herrum, var ekki hægt að fá þá dæmda fyrir ósvífnina. Háttv. þm. (HG) var ekki kunnugt um, hvort rithönd konunnar hafi verið á atkvæðaseðlinum. En konan kannaðist við það. — Að atkvæðið hafi verið endurfalsað, nær engri átt, því að íhaldsskrifstofan var búin að senda atkvæðið til bæjarfógeta löngu áður en menn gat grunað, að sent mundi verða eftir konunni. Þá gat ekki grunað, að einum degi síðar yrði sent eftir henni og atkvæðið brotið upp. Þessi aðdróttun hv. þm. er svo lubbaleg og ósönn, að furðu gegnir.

Það var nokkur sannleikur í því hjá hv. þm., að mjer sjálfum persónulega mundi ekki hafa verið ógeðfelt að leggja út í nýja kosningahríð í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það var mjer ekki ógeðfelt. En hinsvegar vænti jeg þess, að hv. þm. skilji, að jeg hafi ekki gjarnan viljað ota kjósendum út í kosningar um hávetur eins og háttað er vestur þar, *ef* svo kynni að fara, að jeg fengi ekki þingsætið gagnsóknarlaust, en á því gat leikið vafi, þó margt bendi til, að svo hefði nú orðið. Jeg taldi mjer líka skylt, að kjósendur fengju að sjá, hvort jafnaðarmenn á þingi, með aðstoð dómsmrh., gætu leitt Framsóknarmenn út í hvaða svívirðu sem vera skyldi.

Mjer þykir það undarlegt, að ekki skuli hafa verið hægt að fá jafnaðarmenn í Norður-Ísafjarðarsýslu til þess að kæra kosninguna, og þó mun hæstv. dómsmrh. hafa sagt hv. þm. Ísaf., að sjálfsagt væri að koma með kosningakæru, ef nokkuð ætti að gera í þessu máli. En ástæðan er sú, að þrátt fyrir ofurkapp þeirra, sem vilja gerast foringjar Norður-Ísfirðinga, þá munu kjósendur þar halda sæmd sinni, þó að sje sorfið.

Annars gat hv. þm. þess, að hann væri ánægður með þau 11 atkvæði, sem hann gat fengið til þess að vera á móti því að taka kosninguna gilda. Hann vill telja, að 19 atkv. hafi verið á móti. Reyndar hefir það verið venja hjer á þingi að telja þá, er greiða ekki atkvæði, til meiri hl. En vel má vera, að hv. þm. vilji nú breyta þeirri venju.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en vænti þess, að hæstv. forseti veiti mjer nokkrar mínútur til umráða síðar, ef mjer þætti þörf á vera.

Ólafur Thors: „Þynnast bráðum

gerði fjanda flokkur". Nú er mannfall mikið og fátt orðið vígra manna í deildinni. Sje jeg engan andstæðinga minna nema hæstv. forseta. Hæstv. ráðherrar eru fallnir í valinn eða óvígir orðnir. — Þó bregður þar fyrir hæstv. fjmrh. enn uppi standandi, enda hafa fæst verið á hann borin vopnin. En ef líf leynist enn með þeim hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., vona jeg, að þeir sjeu svo nærri og ekki meira af þeim dregið en svo, að þeir megi heyra mál mitt.

Jeg spurði hæstv. forsrh. að því, hvort hann hefði trygt sjer yfirlýsing hæstv. fjmrh. um, að hann væri ákveðinn verðfestingarmaður, áður en hann bauð honum að skipa þann sess, er hann nú skipar, og hæstv. fjármálaráðherra gaf sjálfur með ummælum sínum ástæðu til þessarar spurningar. Þetta var aðalkjarni málsins í ræðu minni. En hæstv. forsrh. hefir engu svarað þessu höfuðatriði, heldur fjölyrti um ýmsar aðrar, ýmist óskyldar ellegar ómerkilegar hliðar þessa máls. Jeg skal því ekki þreyta þá fáu hv. þm., sem hjer sitja, með því að orðlengja þetta. Þó vil jeg benda á, að eitt markvert atriði kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Hann lagði sem sje ákaflega mikið upp úr þeirri röksemd sjer til varnar, að það væri í raun og veru alveg sama, eins og hann sagði, hvort myntlagabreytingin færi fram degi fyr eða seinna. Ef þetta er alvara hæstv. forsrh., þá er það mála sannast, að honum ber að vinda bráðan bug að því, svo fremi hann vill vera hugsjón sinni trúr, að koma með frv. til breytinga á myntlögunum, eða aðrar þær tillögur, er miða að festingu, því að eins og stendur er það á hans valdi sem stjórnarformanns, að það verði lögfest á þessu þingi, en enga vissu hefir hann fyrir því að skipa forsætisráðherrasess á næsta þingi. Það er því skylda hans, ef honum er hugleikið að koma málinu í höfn, að bera fram frv. það, er jeg var að spyrja um, en fjekk steina fyrir brauð, er hann bjóst til svara.

Fleiri orðum þarf jeg ekki að eyða á hæstv. forsrh. En jeg verð að lýsa vanþóknun minni yfir því, að hann sneiddi hjá aðalkjarna málsins og synjaði svars við þeirri höfuðspurningu, er jeg bar fyrir hann.

Þá sný jeg mjer að hæstv. dómsmrh. — Mjer þótti hann verða illa við raunum sínum, er jeg deildi á hann. Og er hann stóð upp til andsvara, varð minna úr en jeg bjóst við. Það er því síður ástæða til að segja margt, en örfá atriði verð jeg þó að minnast á.

Út af því, er jeg hefi áður sagt um framkomu fyrverandi stjórnar og núverandi í strandmálinu sæla, sagði hæstv. dómsmrh. merkilega setningu. Hann sagði nefnilega, að það hefði aðeins verið hægt með einu móti að bjarga heiðri landsins út á við vegna gerða fyrverandi stjórnar, og þetta eina bjargarráð var það, að falla frá kröfum stjórnarinnar um björgunarlaun. Hví þá ekki að framkvæma það? En þótt merkilegt megi virðast, fer hæstv. núv. landsstjórn ekki að þessu ráði, heldur krafðist hún peninganna, innheimti þá og gaf þá síðan líknarsjóði í Hull. Hvað það hefir bætt úr skák, skil jeg ekki. Ef fjárkrafan var órjettmæt, var annað tveggja að gera, láta hana niður falla, eða, ef það var

ekki hægt, að endurgreiða rjettum aðilja það fje, er ranglega var af honum tekið.

Jeg hefði haft gaman af að vita, hver afstaða hæstv. dómsmrh. hefði verið til þessa björgunarmáls, ef um íslenskan togara hefði verið að ræða. Mundi hann þá hafa neitað að taka björgunarlaun? Jeg held hreint ekki. En ef það er landinu sæmandi gagnvart íslenskum skipum, þá er það eins um útlend skip. Það skiftir ekki máli, hvað Danir gera. Við skulum fara okkar fram og láta þá um sig.

Einn maður hefir hjer í nótt yfirstigið hæstv. dómsmrh. í gorti, og það er hæstv. forsrh., sem öllum þykist þurfa að þakka og snýr öllu til hóls um sjálfan sig. Þessi framkoma hans minnir mig á atburð, sem sagt er, að gerst hafi norðanlands fyrir nokkru. Varð tíðrætt um mont og yfirlæti og deilt um, hverjir væru grobbnastir. Var stofnað til kappmóts og sett dómnefnd. Mættu á þessu grobbmóti Skagfirðingar og Þingeyingar og töldu sig montnasta hvorir um sig. Leiddu þeir saman hesta sína, og mátti vart á milli sjá, hvorir væru fremri í þessari göfugu íþrótt. En svo fór, að dómnefndin úrskurðaði, að Siglfirðingar, sem höfðu þó ekki tekið þátt í kappinu, skyldu hljóta verðlaunin sem montkóngar.

Jeg er nú að leita að einhverjum, sem ekki hafi tekið þátt í umræðum og þó verið grobbnastur í dag, og get helst engan fundið, nema ef vera skyldi, að háttv. þm. V.-Húnv. (HJ) ætti skilið að fá verðlaunin, þótt hann hafi ekki um þau sótt.

Það hefir verið spaugilegt og hin besta skemtun að hlusta á mál hinna hæstv. ráðh. (TrÞ og JJ) og heyra, hve lítilfjörlegum atriðum og ólíklegum þeir hafa getað fundið ástæðu til að stæra sig af.

Út af strandvarnamálinu sagði hæstv. dómsmrh., að togararnir hefðu stolið — eins og hann orðaði það — 20 þús. skippundum af fiski úr landhelgi í vertíðarbyrjun í fyrra. Hvar var varðskipið þá? Hæstv. ráðh. hefir svarað spurningunni sjálfur. Eitt af tvennu, að það hafi brugðist skyldu sinni eða verið hindrað af stjórninni við varðgæsluna, þannig að hún hafi lagt bann fyrir, að togararnir væru teknir. Þetta er algerlega ósæmileg aðdróttun. Þetta vildi jeg víta. Því var jeg bituryrtur. Hver getur sagt, hversu skaðlegt þetta reynist, ef það frjettist eftir hæstv. dómsmrh., að hann drótti að fyrverandi stjórn, að hún hafi hamlað varðskipinu í að gæta landhelginnar? Þetta er vítavert og má ekki eiga sjer stað.

Þá komu nokkur bituryrði í minn garð frá hæstv. dómsmrh. Mjer dettur ekki í hug að lá hæstv. ráðh., þótt hann fyndi ástæðu til þess að sveigja að mjer eftir svo harðvítuglega árás.

Það kemur fyrir, að gleggstu læknar leggja menn á skurðarborðið af því að þeir telja þá sjúka; en er til kemur, finna þeir ekki meinsemdina. Mjer fanst hæstv. ráðh. farast eitthvað líkt, er jeg var lagður undir hníf hans og hann tók að leita að meinunum.

Hæstv. ráðh. fann þrent mjer til foráttu. Í fyrsta lagi, að jeg hefði haldið ræðu, þar sem jeg lagðist á móti síldarverksmiðju. Það hefi jeg

að vísu ekki gert, en þó að jeg hefði gert það, þá væri það með góðri samvisku og fullum sóma.

Næst ámælti hæstv. ráðh. mjer fyrir það, að jeg hefði verið talhlýðinn fyrverandi stjórn í gengismálinu, þótt „Kveldúlfur" skaðaðist við það um miljónir. Það áleit hann óhæfu, að jeg skyldi ekki rísa öndverður, ef „Kveldúlfur" skaðaðist. Jeg reis nú öndverður gegn fyrv. stjórn í þessu máli, ekki *af því* að „Kveldúlfur" skaðaðist, heldur *þrátt fyrir*, að „Kveldúlfur" skaðaðist.

Málið var mjer erfiðara vegna þess, að jeg vildi gæta því meiri varfærni í rannsókn þess, sem skaði „Kveldúlfs" var meiri af hækkuninni. Mjer bar ekki að líta á skaða „Kveldúlfs", heldur heill alþjóðar. Og þegar jeg kvað upp úr með stefnu mína, var það af því rannsókn mín sýndi mjer, að ísl. þjóðin fengi ekki risið undir hækkuninni.

Ekki er nú af miklu að taka, þegar þetta er ein af mínum þrem syndum, að láta ekki eiginhagsmunina ráða.

Þriðja meinsemdin, sem hæstv. dómsmrh. fann í fari mínu, var í sambandi við landhelgimálin. Jeg vil ekki þreyta syfjaða þingmenn á því að ræða það mál nú. Mun tækifæri gefast til þess síðar.

Þó verð jeg að taka undir með háttv. þm. Vestm. (JJós), að það er næsta hjákátlegt, þegar hæstv. ráðh. fer að lesa upp grein eftir danskan varðskipsforingja, sem vegur að hinni íslensku togaraútgerð og landhelgigæslu líkt og hæstv. ráðh. sjálfur. En í þessari grein er ekkert, sem hæstv. dómsmrh. hefir ekki sagt áður, og það margoft og löngu áður. — Það var einu sinni maður, sem var dálítið ósannsögull. Nú kom það fyrir einn góðan veðurdag, að hann laug smávegis, eins og hann oft átti vanda til. Seinna um daginn hittir hann svo einn af borgurum bæjarins, er segir honum söguna, er hann sjálfur hafði skáldað að morgni hins sama dags. Er hann heyrði sína eigin skröksögu af vörum hins ráðvanda borgara, gleymdi hann uppruna hennar og lagði staðfastan trúnað á sína eigin lygi.

Líkt fer hæstv. dómsmrh. Hann hefir um nokkurt skeið haft í frammi slúður um þessi mál. Einhver hefir gerst til þess í einfeldni sinni að trúa honum, og þegar svo ráðherra heyrir sinn eiginn uppspuna afturgenginn, finst honum hjer sje um nýtt og merkilegt atriði í málinu að ræða og hljóti að vera satt.

Önnur hallmæli hæstv. dómsmrh. í minn garð hnigu ekki í aðra átt en þá, að hann var að tala um heimsku mína, uppeldisleysi og götustrákshátt og annað þess háttar.

Jeg minnist þess, án þess jeg ætli að öðru leyti að draga samlíkingu milli mín og Lloyd George, að eitt sinn deildi andstæðingur hans á hann og brigslaði honum um, að hann væri maður ómentaður og uppeldislaus. „Þjer ferst", sagði hann, „að vera að gera þig merkilegan hjer. En jeg man svo langt, að hann faðir þinn heitinn gekk hjer um göturnar með vagn og og beitti asna fyrir vagninn". Lloyd George svaraði: „Mjer þykir gaman, að þetta er rifjað upp fyrir mjer. Vagninn er nú úr sögunni, en mjer þykir vænt um að sjá, að asninn lifir ennþá". — Jeg legg ekki annað út af

þessari sögu en það, að mjer virðist, að ætt asnans muni vera talsvert útbreidd og eitthvað af kynstofninum lifi hjer með hinni íslensku þjóð. Hæstv. dómsmrh. getur skilið það svo sem honum þykir hentast.

Hákon Kristófersson: Þótt nú sje komið að morgni dags og þess mætti þar af leiðandi vænta, að háttv. deildarmenn væru til þess færir að hefja eða halda áfram umræðum, en þar sem þessi umræða hefir nú staðið hvíldarlaust frá því í febrúar og fram í mars, skal jeg lofa því að vera að þessu sinni stuttorður.

Vænti jeg þess, að hæstv. forsrh. geti óáreittur af mjer að minsta kosti gert að ýsunum, sem hann var að draga í fyrri nótt. Það eru sjerstaklega nokkur ummæli hæstv. dómsmrh., sem jeg finn ástæðu til að þakka fyrir. Ekki af því, að jeg álíti þau sjerstaklega þakklætisverð, heldur af hinu, að þau gefa manni von um, að hæstv. ráðh. hafi með árum og aldri horfið frá þeirri skoðun, er hann hjelt fram í hliðstæðu máli og hjer er um að ræða fyrir nokkrum árum

Viðvíkjandi Thorcilliisjóðnum, sem hæstv. dómsmrh. lagði talsvert mikið út af og sagði, eins og rjettlátum manni sæmir, að það hefði verið rangt að ráðstafa honum öðruvísi en gefandi hefði ætlast til, þá skal jeg taka það fram, að jeg tel þetta lofsamleg ummæli. Þessi ummæli mín má þó ekki skoða svo, að jeg álíti, að fyrv. hæstv. stjórn hafi gert neinar þær ráðstafanir, er óheimilar væru viðvíkjandi nefndum sjóði, eins og núv. hæstv. dómsmálaráðherra vill gefa í skyn.

Jeg vona því, að hæstv. dómsmrh. láti sig slíkt aldrei henda, hvorki nú nje síðar, og þá heldur ekki með gjafasjóð frú Herdísar Benedictsen. Það er ánægjulegt að heyra þau ummæli af vörum hæstv. ráðh., að hann álíti algerlega óhæfilegt, að nokkurn tíma komi það fram hjá þingi eða stjórn, að raskað sje ákvörðunum gjafabrjefa dáinna manna. Þetta virðist mjer þakklætisvert hjá hæstv. ráðh., af því mjer er ekki grunlaust um, að hann hafi haft nokkuð aðra skoðun á slíkum efnum, og það ekki fyrir löngu síðan, — viðvíkjandi meðferð Herdísarsjóðsins.

Það, sem kom mjer til að standa upp nú, var ein spurning, sem jeg vildi gera til hæstv. landsstjórnar, þó alveg árásarlausa, og vil jeg þakka fyrirfram, ef hæstv. dómsmrh. svarar henni undanbragðalaust og með hugarfari hins rjettláta manns. Spurningin er sú, hvort það er rjett, sem heyrst hefir, að Björn Þorláksson, uppgjafaprestur frá Dvergasteini, hafi nú um hríð unnið að skýrslum um receptagjafir lækna. Ef þetta er nú rjett, sem jeg hygg vera, þá vil jeg ennfremur spyrja hins, sem af því má draga, hvort skýrslur þessar sjeu ekki gefnar út með styrk af fje ríkisins. Tölurnar eru nú að sjálfsögðu hlutlausar og ekkert við þeim að segja í flestum tilfellum. En svo kemur nokkurskonar eftirmáli við þær, og hann tel jeg vera mjög óviðeigandi. Það er raunalegt, ef þetta er gefið út á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, en jeg tel víst, að svo sje, og muni hún þá

hafa kynt sjer þetta, áður en það kom út á prenti. Þar af leiðandi verður að telja skýrsluna í heild gefna út á ábyrgð stjórnarinnar. Jeg hygg, að í svona skýrslu komi það málinu lítið við, hvort menn hafi einhver líkamslýti eða hvort þeir sjeu hlaupalegir eða ekki. Þó finnur höfundur skýrslunnar sjer sæmandi að fara þannig orðum um Þorvald Pálsson lækni, að hann sje „þó ekki hlaupalega vaxinn". Þá er þar einnig minst á einn merkan hjeraðslækni, Guðmund Guðmundsson í Stykkishólmi, sem er mesti heiðursmaður og af mörgum þektur sem mikilsvirtur embættismaður. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa upp nokkuð af þeim mjög svo óviðeigandi orðum, sem standa í þessari skýrslu um þennan heiðursmann og hljóða þannig:

„Guðmundur Guðmundsson er skólabróðir minn. Jeg þekti hann sem saklausan og góðan pilt. Við erum á líkum aldri. Báðir orðnir gamlir. Og eigum hvorugur eftir langa dvöl hjerna megin. Við þurfum báðir að líta yfir liðinn æfiferil og skoða lífið alvarlega. Vill ekki Guðmundur Guðmundsson nú, er hann stendur með mjer á grafarbakkanum, hugsa um það, hvort hann kunni ekki með sínum tíðu áfengisávísunum að hafa kveikt hjá einhverjum áfengisfýsn og gert þá þannig að ofdrykkjumönnum, að siðferðisþrotum, að reglulegum ræflum og auðnuleysingjum? Reyndar er slík umhugsun sem þessi ekki gleðileg. En fyrir suma er hún þó nauðsynleg — undir lokin". (Hlátur). Menn hlæja! — En slíkt skyldi maður nú lesa með klökkum huga!

Að sjá og heyra slík ummæli sem þessi, er jeg nú las, í opinberri skýrslu, sem líkist helst skriftamálum, lítur nokkuð einkennilega út og getur tæpast talist viðurkvæmilegt. En þar sem þetta, sem hjer er sagt, kemur síðar fyrir almenningsaugu, þá verð jeg að segja það, þó þessi virðulegi maður, sem þetta hefir skrifað, sje hjer ekki viðstaddur, að þá verði hann að sætta sig við það, að þessi ummæli úr tilvitnaðri ritsmíð hans sjeu gerð hjer að umtalsefni. Maður skyldi ætla, að þessi maður, sem þetta skrifar, álíti sig geta frómt úr flokki talað. Ætli ekkert kunni að finnast líka frá hans liðnu árum, sem honum væri holt að minnast — svona „undir lokin"? Það er eins og skýrsluhöfundur sje þarna að ögra Guðmundi lækni með opnu hliði helvítis og álíti sig ef til vill hafa vald til að ýta honum þar inn fyrir hurðina. Jeg verð að víta það, að þetta skuli vera prentað fyrir fje ríkisins og á ábyrgð landsstjórnarinnar. Ef þessi læknir hefði eitthvað til saka unnið, þá var önnur leið til að hegna honum heldur en þessi, að smeygja slíkum ómerkum orðum í opinbera skýrslu. Þegar jeg las skýrslu þessa, kom mjer í hug þessi alkunna vísa: „Fjandi komst hann Kain langt" o. s. frv.

Jeg lofaði að vera ekki langorður og skal efna það. En jeg vona, að hæstv. stjórn svari þessu, og eins hinu, hvort hún hefir, eins og sagt er, launað þennan heiðursmann í sinni þjónustu með 400 kr. á mánuði, og þá um leið, hvað gert er ráð fyrir, að hann verði lengi hjer eftir í þjónustu landsins til að vinna að skýrslusöfnun. Jeg held, ef svo er, að það sje ósamrýman-

legt þeim sparnaði, er hæstv. stjórn hefir þótst ætla að koma fram á starfsmannahaldi ríkisins.

Það kom fram í ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hjelt, að hann taldi, að Íhaldsflokkurinn hefði reiðst svo frv. um loftskeytanotkun á togurunum, að hann hefði ætlað alveg vitlaus áð verða. Jeg vil nú vísa þessum ummælum frá mjer og öðrum íhaldsmönnum sem alveg óviðeigandi. Mjer fjell illa að heyra þetta frá hæstv. ráðherra. — Jeg vona, að hæstv. forseti fari ekki að hringja, þó jeg segi sannleikann. Hvar ætti hann að segjast, ef ekki hjer? (**Forseti BSv:** Forseti hefir ekki hringt!). Mjer sýndist hæstv. forseti rjetta fram höndina í því skyni að hringja. Jeg bið þá auðmjúklega fyrirgefningar, hafi ekki svo verið. Þá sagði sami hæstv. ráðh., að hv. þm. N.-Ísf. hefði fengið flokk sinn til að taka kosningarnar gilda. Þetta á að minsta kosti ekki við mig, og jeg leyfi mjer að lýsa þessi ummæli hæstv. ráðh. algerlega ósönn og ómakleg til allra okkar Íhaldsmanna. Mjer sýndist þegar, að rjettmætt væri að samþykkja kosningu þessa þm. sem annara, sem kosnir voru með miklum meiri hluta, því ekkert hefir komið fram í málinu, sem gæti bent til þess, að hv. þm. N.-Ísf. ætti neinn þátt í kosningasvikum, sem talið er, að fram hafi komið. Hitt er annað atriði, hvort eitthvað hefir komið fram saknæmt við kosningarnar í sumar er leið, sem viðkomandi þm. er algerlega óviðkomandi og gat ekki haft raunveruleg áhrif á úrslit kosninganna.

Þá skal jeg taka það fram viðvíkjandi varðskipalögunum, að jeg átti tal um þau á síðasta þingi og benti þá á, að nokkurt ósamræmi væri á um launakjörin. En mjer blandast ekki hugur um, að þessi lög hafa sumpart verið vanrækt og sumpart brotin. Fyrverandi stjórn hefir vanrækt þau, en núverandi stjórn brotið þau. Á þessu tvennu er mikill munur, en þar sem þegar hefir verið mikið um þetta rætt, þá skal jeg ekki fara lengra út í það nú.

Viðvíkjandi upplýsingum hæstv. dómsmrh. um laun Björns Þórðarsonar hæstarjettarritara hefi jeg nú ekki mikið að segja. Jeg býst við, að honum hafi fundist rjett að verða við þessum tilmælum hæstarjettar, þó þær gerðir hans ríði allmikið í bága við áður uppilátna skoðun hans um þörf á hæstarjettarritara. En jeg vona bara, að ekki komi neitt fleira fyrir síðar af svipuðu tægi. Jeg er því ekki beint að ávíta þetta, en vona, að þetta sje ekki bara af því, að framsóknarmaður á í hlut.

Hv. þm. Borgf. (PO) gat þess, að stjórnin hefði veitt ríflan styrk til atvinnubóta hjer í Reykjavík. Mig furðar nú, ef hæstv. stjórn þarf ekki líka að láta styrk í sama skyni til Ísfirðinga og Akureyrarbúa. Það er varla meiri þörf á þessari hjálp hjer en þar. Þetta er nú máske rangt á litið hjá mjer, en jeg get þó ekki varist því að álíta, að þó hjer sje nú máske lítið um atvinnu, þá hefði þó þessu fje betur verið varið til hjálpar ekkjum þeim og börnum, sem mistu fyrirvinnu sína við hið sorglega slys, sem kom fyrir nú nýlega, heldur en að verja því á þennan hátt.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að kvarta undan því, að jeg hafi ekki fengið svör hjá hæstv. stjórn við þeim spurningum, er jeg bar hjer fram.

Hæstv. forsrh. sagði, að styrk þann, er hann veitti til atvinnubóta nú í vetur, hefði hann veitt samkv. fordæmi frá fyrv. stjórn, er hefði veitt miklu hærri styrk, milli 20 og 30 þús. kr., í sama skyni í fyrravetur. Jeg held nú, að þessi upphæð hafi ekki verið svona mikil, en fullyrði þó ekki um það. En atvikin til þess, að sá styrkur var veittur, eru þau, er nú skal greina: Í fyrravetur samþykti bæjarstjórnin í Reykjavík að leggja fram fje til atvinnubóta, en einskorðaði úthlutun þeirrar vinnu, er framkvæma átti fyrir það fje, við þá menn eina, er sveitfesti áttu í Reykjavík. Þeir, sem áttu sveitfesti annarsstaðar, voru því útilokaðir frá þessari vinnu. Það varð því ofan á, að til þess að þeim væri líknað líka, þá lagði stjórnin þessa upphæð til atvinnubóta handa þeim. Úthlutun þessarar vinnu var svo ekki falin einum manni, heldur fátækrafulltrúunum í Reykjavík. En á þessum vetri hefir ekkert fje verið lagt fram til atvinnubóta frá bæjarfjelaginu hjer, og þetta fje því veitt úr ríkissjóði án þess að bæjarstjórnin teldi þörf á slíkri vinnu nú. Meðferð þessa fjár var svo falin vegamálastjóra, en einn þm. sósíalista látinn velja menn til vinnunnar. Þessi styrkur er því til orðinn fyrir atbeina jafnaðarmanna og ber því á sjer fullkominn pólitískan jafnaðarmenskublæ. —

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um þá heimild, er hann þóttist hafa til að stofna fje ríkisins í hættu til að halda genginu föstu, þar sem hann kvaðst bæði hafa slíka heimild og telja sjer skylt að beita henni, ef á þyrfti að halda, þá hvika jeg ekki frá því, að slík heimild er alls ekki fyrir hendi, nema ný samþykt um þetta fari fram. En ef þetta er nú skoðun hæstv. forsrh., að hann hafi þetta vald og ætli að beita því, þá hefir hann líka alveg skift um skoðun síðan 1926, því þá vorum við sammála um það, að of djarft væri teflt með því að setja fje ríkissjóðs í þá hættu, sem af því gæti stafað að halda genginu föstu. Jeg ítreka það því, að nú liggur ekki fyrir nein þingsamþykt, sem heimilar stjórninni þetta.

Til sönnunar því, að hæstv. forsrh. hafi skift um skoðun í þessu máli síðan 1926, vil jeg benda á, hvaða skilning flm. þeirrar dagskrártillögu, sem gengismálið var þá afgreitt með, lagði í tillöguna, og ummæli tveggja þm. um þetta atriði, þeirra 2. þm. G.-K. og núverandi forsrh. Tillögumaður kemst svo að orði:

„Að endingu skal jeg taka það fram, að það felst ekki í till. minni nein heimild til þess að setja neitt af fje ríkissjóðs í hættu í þessu augnamiði. Hvað sem stjórnin kann að gera í því efni, gerir hún það algerlega á sína eigin ábyrgð". (Alþt. 1926, C. bls. 771).

Hv. 2. þm. G.-K. tekur algerlega í sama streng, þar sem hann í næstu ræðu telur alt of mikla áhættu að gefa leyfi til að verja fje úr ríkissjóði takmarkalaust til að fyrirbyggja lækkun krónunnar. Og í sambandi við þetta álit hv. 2. þm. G.-K. segir svo núverandi forsrh. í ræðu, er hann heldur síðar í sama máli:

„Þá vil jeg vekja athygli á því, sem háttv. 2. þm. G.-K. tók fram og lagði áherslu á, að ekki skyldi kosta neinu til vegna gengisráðstafana. Þetta vil jeg undirstrika, og eins það, að háttv. flm. dagskrárinnar ber þetta sama

fram. Þetta verður því að telja sem ákveðinn vilja deildarinnar, sjerstaklega er menn minnast afgreiðslu þessa máls hjer við 2. umr." (Alþt. 1926, C. bls. 782). — Hjer skýtur því nokkuð skökku við um skoðun hæstv. forsrh. nú og þeirrar, sem hann hafði 1926, og ætla jeg, að með þessu sje fullsannað, að hann hefir skift um skoðun á þessu atriði.

Hæstv. dómsmrh. segir, að það sje samkv. ósk hæstarjettar, að stjórnin hefir brotið ákvæði fjárlaganna með því að greiða hæstarjettarritara hærri laun síðan á nýári en fjárlög heimila. Hann sagði, að þingið hefði í hendi sinni að lækka launin í fjárl. 1929. Já, það veitir víst ekki af því, að þingið geri áminningu um þetta aftur. En það hefir ekki mikla þýðingu, ef áminningar þingsins eru að engu hafðar, eins og hjer hefir átt sjer stað.

Þá gaf sami hæstv. ráðh. svar viðvíkjandi fyrirspurn minni um starfsmannaaukningu ríkisins. Hann sagði, að 3½ starfsmanni hefði verið bætt við í kaupstöðunum, einum í hverjum. Jeg skal nú ekki dæma um það, hvort þessi upptalning er rjett, en jeg skal geta þess, að eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi getað aflað mjer, þá mun vera búið að borga þessum mönnum á 4 mánuðum 4100 kr. En sagt er, að auk þess hafi verið bætt þremur mönnum við tolleftirlitið hjer í Reykjavík, með 300 kr. launum á mánuði. Jeg býst við, að maður megi vona, að hjer sje líka um bráðabirgðaákvæði að ræða. Þá hefir það og komið í ljós, að hæstv. forsrh. hefir líka bætt við manni, einskonar litlum utanríkisráðherra. — Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi fengið upplýsingar viðvíkjandi spurningum mínum, þó jeg búist við því, að þær sjeu ekki vel nákvæmar frá hæstv. dómsmrh.; að því er starfsmannafjölgun viðkemur að minsta kosti, þá hygg jeg, að ekki komi öll kurl til grafar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfáar setningar, sem jeg þarf að segja til andsvara hv. þm. Borgf. Um atvinnubæturnar nú er það að segja, að þær hafa á sjer alveg sama blæ og í fyrra. Það voru fulltrúar verkamanna í fyrra og eins nú, sem báru fram kröfuna um atvinnubætur, og það voru fátækrafulltrúarnir, sem áttu að benda á það í fyrra, hverjir skyldu fá vinnuna, og það er eins nú.

Vegamálastjóri sagði mjer, að hjá sjer hefði verið unnið fyrir 10—20 þús. kr. í fyrra, og hjá húsameistara var líka unnið eitthvað; jeg veit ekki hvað mikið.

Hvað snertir það, sem hv. þm. talaði um skoðanaskifti hjá mjer í gengismálinu, þá hefi jeg áður svarað slíku hjali annara hv. þm. svo rækilega, að jeg undrast, að hann — og einmitt hann — skuli koma fram með slíkt hjer. Annars gefst okkur væntanlega síðar á þinginu tækifæri til að tala frekar um það mál. — Hv. þm. mintist á einkaritara minn í sambandi við starfsmannafjölgun í ráðuneytinu, og er þar til því að svara, að fyrirrennari minn hafði slíkan aðstoðarmann, og er því ekki um neina viðbót að ræða.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það hafa verið bornar fram nokkrar fyrirspurnir til mín, og held jeg, að jeg

muni flestar þeirra, þó jeg hafi ekki skrifað þær hjá mjer. Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer að vini mínum hv. þm. Barð. (HK). Jeg skal taka það fram, að jeg met mikils það traust, sem þessi hv. þm. ber til mín, og viðurkenning hans á minni stefnu að því er snertir Thorcilliisjóðinn. Þá var það skýrsla síra Björns Þorlákssonar, og er mjer sjerstakt ánægjuefni að minnast á hana. Upplestur hv. þm. Barð. tókst mjög vel og hefir væntanlega haft sín áhrif, eins og besti húslestur, enda var þess að vænta, þar sem textinn var eftir prest og prýðilega upplesinn og hátíðlega af stórvini bæði fyrverandi og núverandi stjórna. Það er auðvitað, að þessum manni er greidd dálítil þóknun fyrir sitt starf, enda er það vel metið af goodtemplurum og hófsemdarmönnum, en miður af drykkjumönnum, en hv. þm. talaði ekki af þeirra hálfu hjer, og fer jeg því ekki út í það.

Jeg get bætt því við, að þessu verður haldið áfram, ef ekki verða bráðlega stjórnarskifti, en þegar komið er yfir það versta, verður fyrirhöfnin og kostnaðurinn miklu minni. Áhrifin af þessu eru nú þegar farin að sýna sig, eins og áður hefir verið lýst.

Að því er snertir orðalag skýrslunnar, sem hv. þm. þótti eitthvað óviðfeldið, skal jeg benda á það, að ef til dæmis hv. þm. Barð. gerði skýrslu fyrir stjórnina, sem vel gæti komið fyrir sakir þeirrar miklu vináttu, sem þar er á milli, þá mundi hann auðvitað verða látinn ráða orðalagi þeirrar skýrslu án íhlutunar stjórnarinnar. Um síra Björn er það að segja, að hans fortíð gefur honum rjett til að haga ávörpum sínum þannig til vissra manna, og sama regla ætti auðvitað að gilda um háttv. þm. Barð., sakir þeirrar sjerstöku varfærni og þess rjettlætis, sem lýsir sjer í öllu því, er hann tekur sjer fyrir hendur.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls að þessu sinni, en nú hafa tveir hv. þm. gefið mjer tilefni til að standa upp. Nóttin er nú liðin og kominn bjartur dagur. Íhaldið hefir nú teflt fram flestum sínum mönnum, alt frá kóngi niður í peð, og mun nú mátleikurinn nærri.

Jeg vil byrja með því að segja hv. þm. Borgf. það, að eitt af því, sem jeg get sagt ekki óvinsamlegt um fyrverandi stjórn, er það, að hún ljet stofna til atvinnubóta síðastliðinn vetur og hún virtist hafa góðan vilja á að láta verða meira úr þeim en raun varð á. En vegna þess, að þar gripu inn svipuð öfl og virtust koma fram hjá hv. þm., þá urðu atvinnubæturnar alt of litlar og framhald þeirra fórst fyrir. Það er ekki nema eðlilegt í bæ, sem telur tæpar 23 þús. íbúa, að þröngt verði í búi hjá mörgum á atvinnuleysistímum. Jafnvel bæjarstjórn Reykjavíkur, þ. e. a. s. meiri hl. hennar, sem eru íhaldsmenn og ekki þykja hafa neitt sjerlega næman skilning í þessum efnum, hefir þó talið óhjákvæmilegt að stofna til þessara atvinnubóta. Bæjarstjórnin og ríkisstjórnin ljetu því stofna til vinnu síðastl. vetur, og var unnið fyrir um 20—30 þús. kr. af ríkissjóðsfje. Til þeirrar vinnu komust 67 menn, og jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að fyrir vinnu þessara manna fjekst svo mikið, að ekki var um neitt verulegt tap að ræða reikningslega sjeð, því

grjótmulningur seldist hart nær fyrir kostnaði. En þessar atvinnubætur voru framkvæmdar beinlínis fyrir kröfu verkamanna hjer í bænum.

Nú í vetur var farið fram á atvinnubætur, og var þörfin tvímælalaus. Bæjarstjórnin daufheyrðist við þessum málaleitunum, hvort sem nú því hefir valdið, að hún hafi ekki talið þörf á atvinnubótum, eða hitt, að fje hafi ekki verið fyrir hendi, skal ekki fullyrt. En jeg hygg, að mest hafi ráðið venjulegt skeytingar- og skilningsleysi á þörfum verkamanna. Var þá leitað til hæstv. stj., og varð hún við þessum óskum. Var gert ráð fyrir að láta vinna fyrir 10 þús. kr. Vegamálastjóri, sem hefir umsjón vinnunnar með höndum, lætur þessa menn vinna hvað sem fyrir kemur, moka snjó af vegum o. s. frv. Jeg skýrði hæstv. stjórn frá því, þegar hún bað mig að tilnefna menn í vinnuna, að jeg væri þess mjög ófús að ráða einn útnefningu manna í þessa vinnu. Það er mjög vandasamt og jafnframt óvinsælt verk að dæma um það, hverjir hafi mesta þörf fyrir þessa atvinnuhjálp. Var þá það ráð tekið, að valdir voru tveir kunnir menn til að annast þessa útnefningu ásamt mjer, svo að jeg er ekki einn um þetta.

Jeg býst nú líka við því, að ríkissjóður fái eins mikið fyrir þessa vinnu eins og hann hefir lagt fram til hennar. Að þetta sje pólitískt, get jeg ekki sjeð, enda er það svo um þá 30 menn, sem komist hafa að vinnunni, að þeir eru úr öllum stjórnmálaflokkum. Það er nú orðið svo hjer á hverjum einasta vetri, að tugir og hundruð manna hafa brýnustu þörf fyrir þessa hjálp. Þörfin er orðin svo mikil, að móti þeim kröfum verður ekki gengið að bæta úr brýnustu neyð, til þess að forða þessum mönnum frá að lenda á fátækrasjóðnum, og jafnframt bænum frá auknum sveitarþyngslum. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið frá fátækrafulltrúunum, mun ástandið aldrei hafa verið verra en einmitt nú í vetur hvað styrkbeiðnir snertir. Enda er það svo, að af öllum þeim hv. þm., sem nú hafa gengið til eldhúsverka, hefir enginn annar en hv. þm. Borgf. (PO) haft lund til að gagnrýna þetta.

Þá var hv. þm. Barð. að draga hjer inn í umr. hið sorglega slys, sem orðið hefir, og áleit, að því fje, sem stjórnin hefir varið til atvinnubóta, hefði verið betur varið til styrktar ekkjum þeim, sem mistu menn sína í sjóinn. Út af þessu vil jeg segja það, að hæstv. stjórn hefir nú þegar sýnt lit á að hjálpa einnig hjer, en það hefir engin stjórn gert áður í slíkum kringumstæðum. Bæjarbúar munu einnig sýna það, að ekki þarf að leita bæjarsjóðs nú fyrst um sinn til hjálpar þessu fólki, sem betur fer.

Jeg verð að segja það hjer til hróss fyrverandi stjórnum, að þær hafa stofnað til atvinnubóta, þegar nauðsyn hefir krafið eins og nú, til dæmis stjórn hv. þm. Dal. (SE) 1918. **(SE:** Hvenær hefi jeg ekki staðið með alþýðunni?). Það hefir því miður oftar verið, sem hv. þm. hefir verið á móti hagsmunum alþýðunnar en með. Hinsvegar er þetta auðvitað ekki sjerstaklega þakkarvert, því að það er auðvitað bein skylda hverrar stjórnar að

sjá um, að þegnarnir deyi ekki úr skorti. (**HK:** Það er ekki sjeð þannig fyrir þegnunum úti um sveitirnar). Það hefir komið fyrir með ýmsum hjálparráðstöfunum. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Jeg hefði alls ekki tekið til máls hjer, ef ekki hefði verið gefið sjerstakt tilefni til þess með því að minnast á þetta mál, sem snertir sjerstaklega verkamenn þessa bæjar og jeg hefi haft nokkur afskifti af.

Sigurður Eggerz: Aðeins fá orð. Jeg ætla ekki í þetta tveggja stjórna eldhús og iðrast ekki eftir, þó jeg hafi ekki farið í það. Jeg hefi hlýtt með athygli á umr. hinna stærri flokka. Jeg hefi sjeð, hvernig þeir hafa dregið syndir hver annars fram; hvernig þeir hafa stækkað þær. Jeg hefi aldrei á þingi orðið var við eins mikla úlfúð í ræðum manna. Mjer hefir aldrei sýnst hefnigirnin gægjast eins berlega fram. Og mjer virðist hætta felast í henni. Ef hefnigirnin vex hröðum fetum í hinum stærri flokkum, þá virðist mjer hjer vera nokkur hætta fyrir framtíð þjóðarinnar. Svo gæti farið, að við hver stjórnarskifti yrði sú hugsun mest ríkjandi að ná sjer niðri á andstæðingunum. En þá mundi heildin gleymast. Og þá mundi sú vernd, sem einstaklingarnir eiga í lögum, smáminka. En þessi vernd er einn af hyrningarsteinunum undir þjóðfjelaginu. Alt þetta virðist mjer bending um þá miklu nauðsyn, sem er á því, að frjálslynda stefnan nái hjer meiri tökum, bæði á Alþingi og hjá þjóðinni. Flokkseinstrengingsskapur hefir orðið hemill á þessa stefnu, sem í eðli sínu á djúp ítök í hugum þjóðarinnar.

Ef frjálslyndir menn væru sameinaðir hjer á Alþingi í einum flokki, þannig að skyld öfl þyrftu ekki að vinna hvort gegn öðru, heldur ynnu saman, þá mundu hv. þm. ekki þurfa að hlýða á ýmsar ræður, sem hjer hafa verið haldnar.

Dagurinn í gær, dagurinn í dag — eldhúsdagarnir, með öllum ósköpunum, hafa sýnt mjer ljóslega, hve nauðsynlegt er að sameina öll hin frjálslyndu öfl utan þings og innan.

Þetta er þá mín eldhúsræða — hún logar ekki af þeim eldibröndum, sem varpað hefir verið á glóðina, en hún er full af alvöru.

Haraldur Guðmundsson: Jeg skal nú ekki auka eldana. En hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gaf mjer tilefni til athugasemda. Hann gat þess nú, að hann hefði skrifað öllum nýjum kjörstjórnum brjef og leiðbeiningar um kosninguna. Nú hefðu menn getað haldið, að það hefði mátt treysta þessum ágætu kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu til þess að velja ekki aðra í kjörstjórnir en þá, sem bæru skyn á landslögin, og að þessi brjef hv. þm. því hefðu átt að vera óþörf. Enda virðist engin ástæða fyrir hann til að miklast af árangri þeirra. Þá bar hv. þm. fram nokkuð nýstárlega kenningu hjer. Hann hjelt því fram, að það hefði verið svo fjarri því, að Bolvíkingar hefðu talið rannsóknina nægilega, að þeir hefðu viljað fá meiri rannsókn. Þessi rannsóknarþorsti lýsir sjer á nokkuð einkennilegan hátt, þegar þeir hafa í hótunum við rannsóknardómara um að flytja hann burtu nauðugan. Sje það satt, að þeir hafi ennfremur gefið í skyn, að þeir

mundu ekki hafa harmað það, þótt rannsóknardómarinn hefði fallið niður á milli skipsins og brimbrjótsins fræga, verð jeg að segja, að rannsóknarþorstinn kemur mjer undarlega og óhuggulega fyrir sjónir.

Þá er skýrslan undir eiðstilboð, sem hann í fyrri ræðu sinni kvaðst hafa tekið af einum manna þeirra, sem neituðu að aðstoða rannsóknardómarann við handtöku hreppstjórans. Þótti mjer hann hafa misskilið stöðu sína, er hann „heimtaði" menn á sinn fund og krafðist skýrslna af þeim undir eiðstilboð. Hann hefir nú dregið úr þessum ummælum með orðalaginu á seinni ræðu sinni. Nú sagðist hann bara hafa „náð" í einn manninn. En talsverður munur er á því og hinu, að hann hafi „heimtað" hann á sinn fund, eins og hv. þm. sagði í ræðu sinni. Annars sje jeg ekki, að þetta sje neitt innlegg í málinu. Mjer er ekki kunnugt um, að þessi eiðfesta skýrsla, sem hv. þm. N.-Ísf. tók sjer dómaramyndugleik til að afla, hafi upplýst nokkurn hlut í Hnífsdalsmálinu, sem háttv. þm. þykist hafa svo brennandi áhuga á að upplýsa. Þetta var máske meinlaust hjá hv. þm., en alveg gagnslaust var það áreiðanlega fyrir rannsókn málsins, nema ef það hefir getað orðið einhverjum til ánægju og athlægis.

Þegar talað er um kosninguna 1924 og lögbrot þau, er hjer á Alþingi voru framin í sambandi við hana, er aðstaða hv. þm. N.-Ísf. svipuð og Adams forðum í Paradís. Hann át af eplinu. Því að þótt það væri rjett, að einhver annar hefði rifið upp atkvæðaumslögin, þá er hv. þm. honum algerlega meðsekur í því, og hann skýrði þingheimi frá því, hvern kjósandinn kaus; það sanna þingtíðindin. Sá eini, sem andmælti þessu atferli í kjördeildinni, var núv. hv. 2. þm. Árn. (MT). Jeg geri enda ráð fyrir, að hv. þm. N.-Ísf. hefði varla hlýðnast því að vera frsm. og segja frá þessu, ef honum hefði ekki fundist það gott og blessað. Hv. þm. ber ekki heldur á móti því, að það hafi verið brot á þeirri leynd, er vera á yfir atkvæðum manna, að kjördeildin opnaði þetta umslag í heimildarleysi og skýrði frá innihaldi þess. Hv. þm. afsakar sig með því einu, að hann eigi ekki höfuðsök á þessu. Það er ósannað. Jeg tel hann eiga fullkomlega stærstan hluta af sektinni. Og þetta er alveg óafsakanlegt brot.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði verið að sverja fyrir afskifti af þessari reitakonu og þvottakonu, sem hann talaði um. Jeg er nú miklu kvenhollari en svo, að mjer detti í hug að sverja fyrir kunningskap við konur. En þessari sögu hlýt jeg þó algerlega að neita. Jeg held, að jeg hafi áðan skýrt á skynsamlegan hátt uppruna þessarar sögu, ef hún er þá ekki orðin til aðeins í heilabúi hv. þm. N.-Ísf.

Hv. þm. kvað mig hafa talað af vanþekkingu um rannsókn bæjarfógeta á atkvæðaseðli konunnar, sem sótt var inn í Djúp og ljet bæjarfógeta opna atkvæðaumslag sitt. Þetta er alrangt. Jeg ásakaði bæjarfógeta ekkert nje fann að gerðum hans, skýrði aðeins frá því, að ekki væri sannað, að rithönd konunnar hefði verið á seðlinum. Jeg var einn af þeim, sem fóru þess á leit við bæjarfógeta, að hann fengi leyfi konunnar

til að skoða seðilinn, svo að hann gæti legið fyrir sem gagn í málinu, ef hann þætti grunsamlegur. Jeg sagði einungis, að ekki lægi fyrir neitt sýnishorn af rithönd konunnar, og er því ekki fullsannað, að hjer sje um sama seðil að ræða. — Mitt nafn var að vísu á seðlinum, og því datt mjer fyrst í stað ekki í hug, að hjer væri neitt athugavert. En það, sem síðan hefir upp-vist orðið, sýnir, að vel geta hafa verið þarna brögð í tafli.

Hv. þm. sagðist ekki vilja ota kjósendum sínum út í nýjar kosningar, því að hann geti ekki búist við að verða einn í kjöri. En háttv. þm. fór sjálfur mjög lofsamlegum orðum um hreysti og skapfestu sýslubúa og drap á Skúlamálið í því sambandi, — sagði, að þarna væru karlar, sem ekki ljetu kúga sig. Þá finst mjer hann varla hafa ástæðu til að vorkenna þeim að fara á kjörfund, þótt að vetrarlagi sje. Og varla telja þeir það eftir sjer sjálfir, ef marka má talið um hinn mikla ástarþokka, er þeir eiga að hafa á þingmanni sínum. Jeg sje ekki neitt á móti því, að kosning mætti fara fram aftur í kjördæminu. Ef illviðri væri á kjördag, þá mætti fresta henni. (**JAJ**: Illviðrin standa oft meira en einn og meira en tvo og meira en tíu daga fyrir vestan). Nei, nú held jeg að hv. þm. ætli að fara að kríta nokkuð liðugt.

Hv. þm. spurði, hvers vegna kosningin hefði ekki verið kærð. Um það hefir verið rætt áður, og sýnist óþarft að fara frekar út í það. Þó sagði hv. þm. það nú til viðbótar, að hæstv. dómsmrh. hefði sagt vestra, að ekki væri hægt að ógilda kosninguna nema hún væri kærð. En enginn hefði fengist til að kæra. Þetta eru algerð ósannindi. Jeg átti einmitt tal um það við hinn frambjóðandann úr kjördæminu, hvort ekki mundi rjett að kæra kosninguna, og kom okkur ásamt um, að rjett mundi að gera það ekki. Vitanlega var auðvelt að fá tugi eða hundruð kjósenda til að skrifa undir kæru. — Jeg skal nú endurtaka rökin, sem lágu til þess, að við kærðum ekki. Formgallar voru að vísu margir á kosningunni, en þó var ekki líklegt, að hún yrði ónýtt fyrir þær sakir, vegna atkvæðamunarins. Hinsvegar var Hnífsdalsmálið komið í hendur hins opinbera. Mátti því ætla, að Alþingi væri það mál eins kunnugt og kjósendum vestra. Og auðvitað var Alþingi skylt að taka það mál til athugunar í sambandi við kosninguna, áður en hún væri tekin gild. Jeg hefi áður sýnt ljóslega fram á, að slíkir glæpir eiga að ónýta kosninguna, og fer ekki út í það að sinni.

Háttv. þm. bar á móti því, að ekki hefðu verið nema 22 þm., sem vildu hleypa honum inn. Vildi bersýnilega ásælast þá, sem ekki greiddu atkv. Í því efni get jeg vísað til ræðu þeirrar, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) hjelt um afstöðu sína og þeirra annara, er hjá sátu. Ef hv. þm. N.-Ísf. hefir skilið hann svo, að hann vildi leggja blessun sína yfir kosningu hans, þá er skilningi hans annan veg farið en mínum og flestra annara hv. þdm., þori jeg að fullyrða.

Jeg get ekki annað en glaðst yfir því, hve kennarahæfileikar mínir sýnast vera betri miklu en hv. þm. N.-Ísf. A. m. k. ætla þeir að bera betri ávöxt en kenslutilraunir hans á kjörstjórnunum. — Jeg kendi honum áð-

an nokkurn kafla úr kosningalögunum og stjórnarskránni, og hefir hann mentast svo við það, að hann breytti „tilboði“ sínu til hæstv. dómsmrh. strax í miklu sæmilegri átt.

Mjer þætti ekki eiga illa við að víkja að hæstv. stjórn ofurlitlu eldhússpjalli. Jeg vil aðeins segja, að því fer mjög fjarri, að öll verk hennar lofi hana mikið. En fyrv. stjórn gerir þessa góða. Alt er „relativt“ í þessum heimi, líka hæstv. stjórn. Gleggsta dæmið til samanburðar er afskifti beggja af Hnífsdalsmálinu. Þar sjest munurinn. Jeg nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. stjórn röggsemina í því máli, — þakka henni, að hún fetar ekki í fótspor fyrirrennara síns.

Pjetur Ottesen: Það er náttúrlega ekkert undravert, þótt háttv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) verji aðgerðir stjórnarinnar um fjárveitingar til atvinnubóta, þar sem hann hefir það sjálfur með höndum að útdeila þessu náðarbrauði. Gat hann þess, að í fyrra hefði miklu meira fje verið veitt í þessum tilgangi. En sá er munurinn nú og í fyrra, að þá áleit bæjarstjórn þörf að leggja fram fje frá bænum í þessu skyni, en nú hefir hún ekki sjeð þörf á að veita neitt fje í þessu skyni.

Þá var og fje það, sem landsstjórnin veitti til atvinnubóta, eingöngu ætlað þeim, er sveitfastir voru í öðrum landshlutum, því bæjarstjórn Reykjavíkur hafði með öllu útilokað þá frá því að njóta góðs af þeim atvinnubótum, er hún hafði stofnað til. — Eins og jeg sagði, hefir bæjarstjórn að þessu sinni ekki sjeð ástæðu til að leggja fram nokkurn eyri nú í þessu skyni. En þá hleypur landsstjórnin fram fyrir skjöldu og fær hv. 4. þm. Reykv. 10 þús. kr. til útdeilingar. Athugasemd þess hv. þm. gerir því síður en svo að þvo pólitíska litinn af þessari fjárveitingu. Hún gerir hann einmitt enn skýrari.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það er áður sannað og sýnt, að atvinnubótastyrkur hæstv. stjórnar var ekki pólitískur bitlingur. Bæjarstjórn hefir að vísu ekki lagt fram fje á móti. En það stafar ekki af því, að þörfina vanti. Það stafar af íhaldsþröngsýninni í bæjarstjórn. Jeg hefi það frá fátækrafulltrúunum, að meiri fátækrastyrkur hafi verið veittur nú en í fyrra, þegar atvinnubæturnar voru. Sparnaðurinn af því að leggja ekki út í atvinnubæturnar kemur þannig aftur fram í auknum styrk til fátækraframfæris. M. ö. o.: það er enginn sparnaður að láta ekki vinna. — Jeg skal og benda á það, að áður hefir landsstjórnin hafist handa um atvinnubætur án þess að bæjarstjórn kæmi þar nærri. Það var árið 1918. (**PO:** Það var víst „Hafnarfjarðarvegurinn“, sællar minningar).

Að lokum vil jeg segja það, að það er dálítið broslegt að vera að gera að umtalsefni 10 þús. kr. styrk, sem e. t. v. verður ekki notaður að fullu, til bláfátækra verkamanna, til að seðja hungur kvenna þeirra og barna. Jeg segi, að það sje ósæmilegt af stuðningsmönnum þeirrar stjórnar, sem ljet tugi þúsunda renna til einstakra manna, hreina og beina bitlinga, og það stundum fyrir lítil störf, að vera að gera umtal út af öðru eins og þessu og hefja árás á landsstjórnina fyrir það. Jeg skoða það í raun og

veru árás á verkamennina sjálfa, og því aðeins hefi jeg blandað mjer í þessar umræður.

Hákon Kristófersson: Jeg mótmæli algerlega þeim orðum hæstv. dómsmrh., að jeg sje honum sammála um Thorcilliisjóðinn. En jeg er honum sammála um það, að ekki beri að raska vilja gefendanna að slíkum sjóðum. Jeg lagði áherslu á þetta sakir þess, að nokkur uggur var í mjer um það, að farið yrði að hrófla við gjafabrjefi Herdísar Benedictsen. En nú sje jeg greinilega, að hæstv. dómsmrh. lætur sjer ekki til hugar koma slíka ósvinnu.

Svar hæstv. ráðh. við hinni meinlausu fyrirspurn minni um heiðursmanninn Björn Þorláksson og laun hans var hvorki hrátt nje soðið. Það er ekkert svar að segja, að hann hafi hálf laun á móts við suma starfsmenn í áfengisversluninni. En það er vitað, að gamli maðurinn hefir 400 kr. á mánuði, og er því hálfdrættingur við hina ógurlegu menn á varðskipunum, skipstjórana. Og jeg held, að engum detti í hug, að hann geri fjórðung af því gagni, sem þeir gera, hvað þá helming. — Hæstv. ráðh. gerði gys að upplestri mínum úr „skýrslu“ þessa dánumanns. En jeg bar þetta aðeins fram máli mínu til sönnunar. En af orðbragðinu sýndist hæstv. ráðh. vera sjerlega hrifinn, enda er það svo líkt hans eigin tali, að vart má greina á milli. Það eru t. d. ekki margir dagar síðan hæstv. ráðh. var að minna einn hv. þm. á, að nú væri hann orðinn gamall og væri eins gott að fara að búa sig undir dauðann.

Vona jeg, að hæstv. ráðh. taki mjer ekki illa upp, þótt jeg hafi viljað leiðrjetta sum af ranghermum hins virðulega vinar míns.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er eingöngu vegna langrar og einlægrar vináttu við hv. þm. Barð., að jeg stend nú upp. Það er mjer til innilegrar hrygðar og sárrar sorgar, ef þau orð, sem jeg mælti til hans með djúpri samúð, hafa haft slæm áhrif á hans frábæru stillingu. Jeg finn til mikillar sorgar yfir því, að hann er mjer nú ekki sammála um Thorcilliisjóðinn. Mjer kann þó síðar að verða þörf á slíkum liðsmanni í því máli.

Um vínið og skýrslu Björns Þorlákssonar getum við hugsað í rúminu, því að vær svefn mun brátt yfir falla þingheim, þar sem klukkan er nú átta að morgni. En jeg gladdist yfir upplýsingum hans, bæði að efni og formi, og vona, að jeg eigi eftir að sjá hv. þm. Barð. sannfærast meira og meira um nytsemina af skýrslum hans.

Jeg bið nú minn ágæta vin að taka mjer ekki illa upp þessi orð, sem sprottin eru af velvild og aðdáun á hæfileikum hans og persónu.

Hákon Kristófersson: Það henti aftur minn góða vin, dómsmrh., að fara nýja hringferð kringum málefnið. Jeg sagði áðan, að jeg væri í raun rjettri sammála stefnu hans um Thorcilliisjóðinn, en jeg kannast alls ekki við, að hv. 1. þm. Skagf. hafi hróflað þar nokkuð við vilja gefandans. En ef hæstv. dómsmrh. vill maður heita, verður hann að hafa sömu aðferð gagnvart Herdísarsjóðnum og hann heldur nú fram, að rjett hefði verið að beita gagnvart Thorcillisjóðnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 293, 294, 353).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

Forseti (BSv): Samkv. þingvenju verður fjárlagafrv. skift í tvo kafla til umr. og atkvgr., og verður fyrst tekinn til meðferðar fyrri kaflinn, 1.—13. gr., ásamt brtt. við hann, en síðari kaflinn, 14. gr. til enda frv., eftir að fram hefir farið atkvgr. um þann fyrri.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Jeg get glatt hv. þdm. með loforði um að vera stuttorður, því frekar sem mjög fáar brtt. eru við þann kafla frv., sem fallið hefir í minn hlut að tala um.

Eins og glöggt kom í ljós í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, eru fjárhagsástæður ríkissjóðs og fjárhagsútlit alt annað en glæsilegt sem stendur. Yfirlit það, sem hann lagði fram, sýndi að vísu, að tekjurnar höfðu náð áætlun síðastliðið ár, og vel það. En útgjöldin hafa hinsvegar farið alllangt fram úr áætlun, svo að lausaskuld, allveruleg, myndaðist á árinu, eða um 600 þús. kr., eftir því sem skýrsla hans sýnir. Þessi niðurstaða er ískyggileg, enda ólík því, sem verið hefir undanfarin ár. Reikningsútkoma 4 síðustu ára er þessi:

Árið 1924 var tekjuafgangur full 1½ milj. kr.; 1925 tekjuafgangur fullar 5 milj.; 1926 tekjuafgangur um 300 þús.; 1927 tekjuhalli um 600 þús. kr.

Greiðslur umfram áætlun eru þó langminstar síðasta árið. En af þessu yfirliti sjest, að fjárhagsniðurstaða tveggja síðari áranna er allólík tveggja hinna fyrri. Fróðlegt er að athuga jafnhliða tekjurnar þessi sömu ár. Þær urðu:

Árið 1924: 11,7 milj. kr., 1925: 16,8 milj., 1926: 13,1 milj., 1927: 10,9 milj.

Hafa þær farið lækkandi síðan 1925 og eru stórum lægstar síðastl. ár. Stafar lækkunin bæði af kreppu atvinnuveganna síðustu árin og tollalækkun þeirri, sem gerð var á nokkrum vörum á þingi 1926, þ. e. lækkun vörutolls og verðtolls. Er skiljanlegt, að nokkur bjartsýni kom fram á því þingi, eftir hið mikla veltiár 1925, og mönnum fyndist sem óhætt væri að ljetta álögum af þjóðinni. En tekjurýrnun síðasta árs sýnir ljóslega, að ráðstöfun sú, sem gerð var á þingi 1926 um tollalækkunina, hefir verið mjög ógætileg og að nú verður að grípa til sjerstakra ráðstafana, ef hægt á að vera að halda fjárhag ríkisins í sæmilegu horfi framvegis. Eru þá tveir kostir fyrir hendi, að auka tekjurnar eða þrýsta niður útgjöldunum. Þetta síðarnefnda er ekki hægt að gera með öðru móti en því, svo að nokkru verulegu nemi, að takmarka fjárveitingar til verklegra framkvæmda, sem að vísu má telja fullkomið neyðarúrræði.

Nefndin, eða meiri hluti hennar, var ákveðið þeirrar skoðunar, að eins og horfurnar eru nú og jeg hefi hjer að nokkru lýst, hlyti það að vera fyrsta og brýnasta skylda hennar að stuðla að því, að frv. yrði ekki afgreitt með tekjuhalla. Því marki hef-

ir hún náð, því að eftir till. hennar er kr. 37813,23 tekjuafgangur á frv. Og nefndin væntir þess, að hv. deild fallist á stefnu hennar og styðji hana.

Jeg vil geta þess, að nefndin var í raun og veru sammála um það, að nauðsynlegt væri að hækka til muna fjárveitingar til ýmsra liða 13. gr., brúagerða, símalína og vitabygginga, sem stjórnin hafði orðið að takmarka mjög í till. sínum sökum tekjuvöntunar. En eins og kemur fram í nál., varð ágreiningur um meðferð þessa atriðis. Áleit meiri hl. því aðeins fært að bera fram hækkunartill. við þessa liði, að þingið hnigi að því ráði að auka tekjurnar að einhverju leyti. Hversu brýn og aðkallandi sem þörfin er á því að halda áfram að byggja brýr, vita og nýjar símalínur um landið, þá yrði þó að setja hitt ofar, að gæta þess að stofna ekki til þessara verklegu framkvæmda með aukningu á skuldum ríkissjóðs. Á síðasta ári safnaðist allveruleg skuld. Að vísu er ósjeð enn, hvernig útkoma yfirstandandi árs muni verða. En ef miðað er við afkomu síðastl. árs, með hliðsjón af áætluðum tekjum og gjöldum, er ekki varlegt að búast við betri útkomu fjárlaganna 1928 en 1927. En að stefna til enn frekari skuldaaukningar árið 1929 sýnist meiri hl. nefndarinnar fullkomið óvit. Frestar hann því öllum tillögum um fjárveitingar til aukinna samgöngubóta, þar til sjest, hvort tekjuaukafrv. ná fram að ganga í þinginu.

Brtt. hafa vitanlega komið fram frá ýmsum hv. þm., bæði til hækkunar og lækkunar útgjaldanna. Þær eru raunar ekki með meira móti. En þó er svo, að yrðu þær allar samþyktar, mundi það hafa þau áhrif, að frv. yrði skilað með 157 þús. kr. tekjuhalla. Er einsætt, að slíkt væri slæm niðurstaða, einkum þegar litið er á það, að margt af þessum brtt. er um fjárveitingar og styrki til einstakra manna.

Þá vil jeg snúa mjer að brtt. nefndarinnar. Get jeg þess fyrst, að hún hefir gert nokkrar breytingar við tekjubálkinn. Er útkoma þeirra sú, að tekjuáætlunin hækkar um 300 þús. kr. Háttv. deild furðar e. t. v. á þessu, þar sem nefndin hefir lýst yfir því, að hún vilji fara gætilega. En nefndin þykist hafa farið sæmilega varlega í þessum breytingum. Og hún þóttist þess fullviss, að hækkunartillögur mundu koma fram frá öðrum, ef hún flytti þær ekki. En hún er einhuga um að standa móti allri frekari hækkun tekjuáætlunarinnar, nema ný löggjöf gefi tilefni til hennar.

Skal jeg nú geta einstakra brtt. nefndarinnar og fara um þær nokkrum orðum, hverja um sig.

Nefndin leggur til að hækka fasteignaskattinn um 10 þús. kr., úr 230 þús. upp í 240 þús. kr. Þetta er nokkurnveginn fastur tekjustofn; fer þó heldur hækkandi árlega vegna umbóta á fasteignum, og þá einkum nýbygginga. Síðastl. ár varð þessi skattur 253 þús. kr., og þykir því varlega áætlaður nú.

Tekju- og eignarskattinn vill nefndin hækka um 50 þús. kr., úr 800 þús. upp í 850 þús. kr. Þessi skattur er að vísu allbreytilegur og háður árferði og reyndist tæpl. 800 þús. síðastl. ár. En þess er að gæta, að sá skattur byggist á afkomu ársins 1926, sem var eitt hið erfiðasta ár fyrir atvinnuvegina. Hann er, sem vitanlegt er,

lagður á tekjur undanfarandi árs. Síðan 1923 hefir hann aldrei orðið eins lágur og 1927. Árið 1925 varð hann fullar 2 milj. og meðaltal síðustu 5 ára er 1,1 milj. kr.

Sje árinu 1925 slept, af því að það var óvenjulegt veltiár, er meðaltal hinna 4 síðustu áranna 866 þús., og voru þau þó öll fremur erfið ár. Sýnist því rjettmætt og varlegt að hækka áætlunina upp í 850 þús.

Erfðafjárskatturinn er hækkaður úr 20 þús. upp í 35 þús., eða um 15 þús. kr. Hann er nokkuð breytilegur, en meðaltal síðustu 5 ára er 45 þús. kr.

Útflutningsgjaldið er hækkað um 50 þús. kr., úr 900 þús. upp í 950 þús. Það er breytilegt nokkuð eftir árferði og ekki hægt að byggja á meðaltali margra undanfarandi ára, því að það var hækkað um þriðjung 1925, úr 1% upp í 1½%. Meðaltal þeirra tveggja ára, sem hækkunin hefir verið í gildi, er full milj. kr., og voru þó bæði árin fremur erfið. Áætlunin verður því að teljast gætileg.

Þá hefir nefndin lagt til að lækka áfengistollinn allverulega, eða um 175 þús. kr., úr 500 þús. niður í 325 þús. kr. Reynslan sýnir, að þessi tollur fer minkandi. Síðastl. ár var þessi tekjuliður 230 þús. kr. neðan við áætlun. Kemur það af því, að árin 1925 til 1926 flutti áfengisverslunin inn svo mikið af Spánarvínum, að feykilegar birgðir hlóðust upp í landinu. Dregur það úr innflutningi meðan birgðirnar endast, og hefir komið niður á árinu 1927. Og eftir því, sem forstöðumaður verslunarinnar segir, er útlit fyrir minni innflutning vína 1929 en síðastl. ár. Virðist nefndinni því óvarlegt að áætla tollinn hærri en hún gerði í till. sinni.

Með þessari brtt. á vel við að tala um 11. brtt. Þar leggur nefndin til, að tekjur af víneinkasölunni sjeu lækkaðar úr 400 þús. niður í 300 þús. kr. Víneinkasalan er einn sá tekjuliður, sem mest hefir brugðist frá því, sem áætlað hefir verið undanfarin 2 ár. 1926 var áætlunin 450 þús., en tekjurnar reyndust aðeins 200 þús. 1927 var áætl. 500 þús., en tekjurnar 300 þús. Nefndin harmar það að vísu síður en svo, þó að einkasalan gefi litlar tekjur, að svo miklu leyti sem tekjurýrnunin stafar af minkandi sölu vínanna. En hún telur þá aðferð mjög óheppilega og ámælisverða, sem höfð var 1925 og '26, að nota mikið af tekjum einkasölunnar til þess að auka birgðir hennar, í stað þess að láta þær ganga í ríkissjóðinn. Síðastl. ár mun hafa verið horfið frá þessu, enda hafa tekjurnar reynst 100 þús. kr. hærri en árið á undan. Hefir forstöðumaður verslunarinnar talið sennilegt, að tekjurnar 1929 mundu verða svipaðar og síðastl. ár og nefndin fallist á það.

6. brtt. er um að hækka tóbakstollinn um 150 þús. kr., úr 700 þús. upp í 850 þús. kr. Svo sem kunnugt er, var tóbakseinkasalan afnumin 1926 og tollur á tóbaki þá jafnframt hækkaður. Fyrsta árið eftir að innflutningur tóbaks var óhindraður mátti vænta mikilla tolltekna, um leið og birgðir söfnuðust í landinu, enda varð tollurinn 1,13 milj. kr. það ár. Árið 1927 varð hann hinsvegar nærfelt 950 þús. kr. En það ár má sennilega telja

meðalár um innflutning tóbaks, og er ekki ástæða til að ætla, að úr honum dragi til muna, ef löggjöfin helst óbreytt. Ætti því áætlunin að standast.

Í 7. brtt. er kaffi- og sykurtollurinn hækkaður um 50 þús. kr., úr 1 milj. upp í 1 milj. og 50 þús. kr. Þessi tekjuliður hefir verið nokkuð jafn mörg undanfarin ár og numið nál. 1100 þús. kr. að meðaltali. Jeg skal taka það fram, að áætlun nefndarinnar er miðuð við það, að framlengd verði 25% gengishækkunin á þessum lið, og yfirleitt eru allar áætlanir hennar um tolltekjur miðaðar við það, að 25% gengisviðaukafrv. stjórnarinnar, það sem nú liggur fyrir þinginu, verði samþykt.

Jeg vil geta þess, að einn nefndarmanna, hv. þm. Ísaf. (HG), var ekki samþykkur hækkunartill. nefndarinnar um þennan lið. Vildi fella niður 25% gengisviðaukann.

8. brtt. er um hækkun vörutollsins úr 1 milj. upp í 1 milj. og 50 þús. kr., eða um 50 þús. kr. Vörutollur var lækkaður, og feldur niður á nokkrum vörutegundum, árið 1926. Sama ár var og feldur niður af honum 25% gengisviðaukinn. Tekjuliður þessi hefir því stórlækkað, og þar sem ekki er nema um eins árs reynslu að ræða með hinum nýju tollákvæðum, má máske segja, að áætlunin sje á nokkuð lausum grundvelli bygð. 1927 var tollurinn 1,12 milj. kr., og þar eð það ár verður varla talið meira en meðalár, telur nefndin óhætt að áætla liðinn 1050 þús. kr.

Þá kem jeg að 9. brtt. nefndarinnar, sem gengur út á, að verðtollurinn verði hækkaður úr 600 þús. kr. upp í 825 þús. kr. Um verðtollinn er það sama að segja og verðtollinn, að honum var breytt á þingi 1926, svo að hin breyttu ákvæði um tollinn hafa ekki nema eins árs reynslu að baki, sem sje fyrir árið 1927, en þá reyndist tollurinn að nema 926 þús. Þetta sýnist því sæmilega varleg till., þó að ekki sje nema þessu eina ári á að byggja. Áætlunin er vitanlega bygð á því sama, er jeg nefndi í sambandi við kaffi- og sykurtollinn, að samþ. verði frv. stj. um framlengingu tollsins.

Þá er það 10. brtt. Nefndin leggur til að lækka pósttekjurnar um 25 þús. og byggir þá till. á áætlun póstmeistara. Hann tekur skýrt fram, að minni tekna sje að vænta árið 1929 en undanfarið, því að hvorki sje þá að vænta gengisgróða nje tekna í sambandi við útgáfu nýrra frímerkja, sem hvorttveggja hafi oft áður gefið talsverðar tekjur. Þó að nefndin kunni því hálfilla, að svo lítur út, sem nokkur halli hljóti að verða á póstmálunum 1929, sjer hún sjer ekki annað fært en leggja til, að tekjuáætlun þessa liðs sje færð niður í 450 þús. kr.

Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að hinar mörgu brtt. við tekjubálkinn eru mjög eðlilegar, því að þegar stj. samdi frv., sem varð að gerast fyr en venjulega, var ekki enn hægt að sjá útkomu ársins, og um suma liði, t. d. verðtollinn, vörutollinn o. fl., giltu ný ákvæði.

Þá kem jeg að gjaldabálknum, og þá fyrst að 12. brtt. Hún er aðeins til að ákveða skýrt og ótvírætt, hvaða svæði hvor þessara lækna skuli hafa til yfirferðar, þar sem komið hafði í ljós, að gildandi ákvæði voru tæpast nógu skýr og ákveðin.

Þá er það 13. brtt., sem er aðeins leiðrjetting á prentvillu og þarf því ekki skýringar við.

Þá er það 14. og 15. brtt., báðar viðvíkjandi „Kleppi". Það er nú loksins komið svo langt, að búist er við, að hægt verði að ljúka við viðbótarbygginguna við geðveikrahælið komandi sumar, ef samþ. verður till. nefndarinnar um viðbótarstyrk til byggingarinnar, 50 þús. kr., og er sú brtt. borin fram fyrir tilmæli ríkisstj. Í nál. er allgreinilega skýrt frá, hvernig máli þessu horfir við, svo að varla er þörf á að endurtaka það hjer. Vil jeg aðeins fyrir nefndarinnar hönd ítreka og undirstrika hina afar brýnu þörf, sem á því er, að hælið verði fullgert þegar í sumar, því að úti um alt landið bíður hinn mesti fjöldi sjúklinga eftir því að komast á hælið, og eru stórmikil vandræði samfara geymslu þeirra þangað til. Vil jeg því eindregið vænta þess, að brtt. 15 nái samþykki hv. deildar. En í sambandi við það, að hælið verður bygt svo sem nefndin hjer leggur til, þarf að hækka rekstrarstyrk þess fyrir árið 1929, og leggur nefndin til, að til þess sje varið 50 þús. kr. Er nokkur grein gerð fyrir því í nál., á hverju nefndin byggir þá till., en jeg vil í sambandi við þetta geta þess, að í nál. hefir slæðst inn prentvilla, 40 þús. í stað 50 þús., sem jeg vil leiðrjetta hjer með.

Þá er það 16. brtt. í tveim liðum. Í fyrri liðnum leggur nefndin til, að veittar sjeu 18 þús. kr. til byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða að ⅓, sem sundurliðast þannig: Til Reykhólahjeraðs 7000 kr., til Stykkishólmshjeraðs 8000 kr., til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum 3000 kr. Er gerð grein fyrir þessum till. í nál., og vísa jeg til þess, sem þar er sagt. Jeg skal aðeins taka það fram, að uppdrættir og áætlanir um byggingar þær, sem hjer ræðir um, lágu að vísu ekki fyrir nefndinni. En kostnaðaráætlanir þær, sem nefndin byggir till. sínar á, eru miðaðar við upplýsingar, sem landlæknir gaf nefndinni. Og vitanlega ætlast nefndin til, að ekki verði ráðist í neinar framkvæmdir um þessar byggingar fyrr en öll gögn eru fyrir hendi, sem heilbrigðisstjórnin telur fullnægjandi.

Í síðari lið brtt. leggur nefndin til, að veittur verði 3600 króna styrkur til þriggja læknisfræðikandidata til ársdvalar í sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers. Það mun hafa komið til orða í löggjafnaðarnefndinni frá Dana hálfu, að Íslendingar fengju ókeypis ársdvöl við danska spítala, en íslensku nefndarmennirnir munu ekki hafa tekið því svo, að úr því yrði, og þess vegna komu fram tilmæli frá prófessorunum við læknadeild háskólans um það, að kandidötunum yrði veittur styrkur til spítaladvalar hjer heima. Og eftir ástæðum vill nefndin veita þennan styrk.

Þá er það 17. brtt., sem gengur út á að lækka styrkinn til geitnalækninga úr 2000 kr. niður í 1000 kr. Till. er bygð á umsögn landlæknis, sem tjáði nefndinni, að sjúklingar með þennan kvilla mundu mjög fáir orðnir. Ekki vitað um nema nokkra einstaklinga, aðallega gamalmenni. Er þess getið í nál., að enginn geitnasjúklingur hafi gefið sig fram til lækninga

síðastl. ár. Skildi nefndin landlækni svo. En þetta mun á misskilningi bygt og umsögn hans átt að miðast við þennan vetur. Hefir forstjóri röntgenstofunnar, Gunnlaugur Claessen, skýrt nefndinni frá því, að 6 sjúklingar með geitur hafi verið læknaðir 1927 á röntgenstofunni. Er þetta leiðrjett hjer með. En nefndin telur það engin áhrif þurfa að hafa á till.

Í 18. brtt. sinni leggur nefndin til, að tillagið til sýsluvega verði hækkað um 5000 kr. Vildi nefndin lítils háttar verða við þeim fjölmörgu óskum og kröfum úr ýmsum hjeruðum landsins um að hækka fjárveitingar til sýsluvega. Þarf ekki að fjölyrða um þetta, því að þarfirnar eru svo vel þektar. Jeg vil aðeins taka það fram, að upphæðin svarar hvergi nærri til þess, er beðið er um.

19. brtt. nefndarinnar er aðeins töluleiðrjetting og þarf því engrar skýringar.

Þá er það 20. brtt., um að fella niður tillagið til „Hydrographic Bureau" í Monaco. Nefndin lítur svo á, að þar sem takmarka verður svo mjög framlög til vitabygginga sökum fjárskorts, geti þessi ráðstöfun einnig beðið án mikils baga, enda fjelst vitamálastjóri fúslega á það. Árstillagið er allhátt, 3530 kr. með núverandi gengi. Skýrslur allar, sem stofnunin gefur út og sem helst mætti vænta gagns af, kvað vitamálastjóri einnig auðvelt að fá án þess að gerast meðlimur stofnunarinnar.

Fleiri brtt. liggja ekki fyrir, og jeg mun ekki gera að umtalsefni brtt. einstakra þm. að svo komnu máli.

Hjeðinn Valdimarsson: Á undanförnum þingum hefir verið borin upp till. í þá átt, að skólagjöldin við ríkisskólana fjellu niður, en ekki fundið náð fyrir augum þingsins. Við flm. hugsuðum, að þingið væri nú öðruvísi skipað, og bárum því fram till. Samt virðist fjvn. ekki vera till. neitt sjerstaklega velviljuð, en jeg vona, að deildin reynist betur. Því hefir oft verið lýst, hve erfitt er fyrir fátæka nemendur að stunda hjer nám og hversu mikill baggi fátækum foreldrum er að skólagjöldunum. Nú hafa þinginu borist áskoranir frá foreldrum mentaskólanemenda og fleirum um að kippa þessu í lag. Virðist varla þurfa að orðlengja um það, svo augljóst sem það er, að Alþingi stuðli að því, að til skólanna veljist sem gáfaðastir og færastir piltar, og ekki sem ríkastir eingöngu, en skólagjöldin tálma því, að fátækir piltar, þó að vel gefnir sjeu, geti gengið þessa braut. Það kann að vera, að það sje fult í skólanum, en það á ekki að takmarka nemendatöluna með skatti af kenslunni. Auk þess er þetta lítil upphæð fyrir ríkissjóðinn, þó að piltana eða aðstandendur þeirra dragi um hana, og vona jeg, að brtt. verði samþykt.

Þá er það hjúkrunarfjelagið „Líkn". Meðlimir þess eru í ýmsum stjettum og lifir fjelagið á árstillögum þeirra, samskotum og opinberum styrk. Það hefir hjúkrunarstöð fyrir berklaveika, sem Sigurður Magnússon læknir starfar við endurgjaldslaust. Auk þess hefir það 2 eða 3 hjúkrunarkonur, sem hjúkra fátæklingum hjer í bæ fyrir ekki neitt. Fjelagið gerir mikið gott, enda er það viðurkent með styrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur og ríkissjóði.

Úr bæjarsjóði er því veittur 4000 kr. styrkur og brtt. mín fer fram á, að styrkur ríkisins verði hækkaður úr 3500 kr. upp í sömu upphæð. Hygg jeg, að þessar 500 kr. ættu ekki að vera þyrnir í augum fjvn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg ætla að byrja með að þakka fjvn. fyrir að hafa orðið við þeim tilmælum, sem jeg bar fram við 1. umr. fjárlaganna, um að afgreiða fjárlögin á skemri tíma en venja hefir verið undanfarið. Jeg hygg, að það sje ekki óviðeigandi við þetta tækifæri að beina sömu ummælum til hv. þm. yfirleitt, svo að þeir fari að dæmi nefndarinnar og tefji ekki afgreiðslu fjárlaganna með óþarfa málalengingum. Jeg álít, að í þessu máli sem öðrum beri að varast að tala bæði í tíma og ótíma.

Út af brtt. nefndarinnar hefi jeg ekki mikið að segja. Vil jeg fyrst minnast á tekjubálkinn. Nefndin hefir komið með nokkrar brtt. við hann, sem ekki eru stórfenglegar, en niðurstaðan er sú, að nefndin gerir ráð fyrir hækkun, sem nemur 300 þús. kr. Þrátt fyrir það, að nefndin hafði betri aðstöðu en jeg, þar sem hún hafði betri upplýsingar, hygg jeg, að reynslan ein geti skorið úr um það, hvort nefndin hafi komist nær því rjetta en jeg gerði í upphafi. Það má engan veginn skoða orð mín svo, að jeg sje að finna að brtt. nefndarinnar. Það er fjarri því, enda skal það viðurkent, að nefndin hefir gefið mjer kost á að segja álit mitt um flestar brtt. við tekjuhliðina. En þar sem svo er ætíð um tekjurnar, að aðeins er um áætlunarupphæðir að ræða, skiftir það ekki miklu máli, hvort skakkar þúsundinu til eða frá. Þetta, sem jeg hefi sagt, á í raun og veru einkum við nál. og brtt. nefndarinnar, að því leyti sem hún hefir öll starfað að þeim og orðið á eitt sátt. Það er eiginlega ekki hægt að segja, að það sje verulega mikið, sem á milli ber, en jeg lít svo á, að tveir nefndarmenn hafi tekið sjer sjerstöðu um nokkur atriði. Að því er snertir brtt. þeirra, kemur það auðvitað fyrst til greina, þegar til atkvgr. kemur, hvernig verður á þær litið. Þó get jeg ekki látið hjá líða að lýsa yfir því, að mjer finst þeim hafa verið gjarnt á að láta sparnaðartillögur sínar koma niður — jeg vil ekki segja þar, sem síst skyldi —, en þar, sem það virðist vera ómaklegt, eins og til dæmis gagnvart Laugaskólanum eða Alþýðuskóla Þingeyinga og fjárveitingunni til Björns Jakobssonar leikfimikennara. Þar er ekki um háa upphæð að ræða, en hinsvegar á sá maður þá viðurkenningu skilið, að óviðeigandi er að útiloka hann frá þessum styrk. Enda er það svo, að styrkurinn er ekki beinlínis veittur honum sjálfum, heldur til þess, að hann geti látið enn meira gagn af sjer leiða en hann hefir gert hingað til. (**JS:** Nú er hæstv. ráðherra kominn út í annan kafla). Jeg þykist mega tala alment um það mál, sem hjer liggur fyrir, en læt ekki setja mjer neinar reglur um það, hvar jeg grip niður.

Jeg ætla ekki að víkja frekar að einstökum brtt. og kem jeg þá að brtt. hv. þm. yfirleitt. Það er ekki að undra, þó að allmargar brtt. komi fram. Jeg hefi farið lauslega yfir þær og get í raun og veru ekki sjeð, að neinar af þeim sjeu svo mikilvægar, að þær geti

haft nokkra verulega, almenna þýðingu. Víðast hvar er um smáupphæðir að ræða, sem betur fer. Jeg ætla ekki að fara frekar út í þær að svo stöddu. Síðar gefst mjer væntanlega tækifæri til þess að taka afstöðu til hverrar fyrir sig.

Þó að það sje að vísu gott og blessað, að hv. nefnd hefir gengið frá frv. án tekjuhalla, virðist mjer einnig þurfa að taka til greina við ákvörðun útgjalda, að verða munu allmiklar útgjaldaupphæðir, sem stafa frá sjerstökum lögum. Það er svo margt, sem menn hafa komið auga á, að nauðsynlegt sje að koma fram sem fyrst á sviði verklegra framkvæmda. Það hafa þegar komið fram allmörg frv., sem hafa aukning útgjalda í för með sjer. Jeg skal minnast á nokkur þeirra, þó að mjer sje að svo komnu máli ekki fullkomlega ljóst, hversu mikinn kostnað þau leiða af sjer. Jeg skal fyrst nefna frv. um ríkisrekstur á víðvarpi. Það hefir mikinn útgjaldaauka í för með sjer. En menn mega ekki skilja orð mín svo, að jeg sje að leggja á móti því máli. Það er síður en svo. Jeg bendi aðeins á þetta til þess að sýna, hve margt það er, sem Alþingi þarf að taka tillit til, ekki einungis við ákvörðun útgjaldaliða í fjárlögunum, heldur líka einstakra frv. Þá vil jeg nefna frv. um byggingar- og landnámssjóð, frv. um tilbúinn áburð, frv. um aukna landhelgigæslu, frv. um betrunarhús og letigarð, frv. um stofnun nýbýla, frv. um atvinnuleysistryggingar, frv. um sundhöll í Reykjavík, frv. um veðlánasjóð fiskimanna o. m. fl. Það er eiginlega ekki nóg með það, þó að menn sjái fram á, að þeir eigi í vændum að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum útgjöldum, heldur eru í fjárlögunum sjálfum nokkrir liðir, sem ekki er hægt að áætla nákvæmlega. Af þessu leiðir, að gera má ráð fyrir, að allmikill útgjaldaauki verði fram yfir það, sem áætlað er. Til dæmis var til jarðræktarlaganna áætlað fyrst 50 þús. kr. árlega. Brátt kom í ljós, að það náði engri átt. Útgjöldin voru miklu meiri en það, enda fór svo innan skamms, að upphæðin tvöfaldaðist, og meira en það. En þegar svo er komið, er ekki gott að vita, hvar muni staðar numið. Jeg vil ekki gefa í skyn, að fjenu sje illa varið. Það er öðru nær. En úr því gengið er inn á þá braut, að gefa mönnum fyrirheit um að endurgreiða þeim kostnað, sem þeir hafa af mikilli framtakssemi sinni og dugnaði við ýmiskonar framfaraviðleitni, þá er sjálfsagt að efna þau fyrirheit. Það dugir ekki að segja, þegar reikningarnir koma: Það er ekkert í kassanum. — Það er betra að gera sjer það ljóst fyrirfram, að þessi útgjöld verða að greiðast, og hafa hliðsjón af því við frekari framkvæmdir í fjármálunum.

Annað atriði er það, sem ekki hefir síður reynst erfitt viðfangs, en það er kostnaðurinn við berklavarnalögin. Mjer hefir ofboðið, hvernig sá kostnaður á örstuttum tíma hefir farið hraðvaxandi. Það hefir verið búist við, að hann mundi vera búinn að ná hámarki sínu, þegar breytingar þær, sem gerðar voru á lögunum á síðasta þingi, væru farnar að verka. Enn hefir samt ekki borið á, að þær hafi komið að nokkru liði, og jeg býst ekki við, að þess gæti að mun á þessu ári, og varla á næsta ári heldur. En fari kostnað-

urinn vaxandi, eins og verið hefir, sjá allir, að hann getur orðið svo mikill, að varla verði undir honum risið. En þar sem um slíkt mannúðarmál er að ræða, getur ekki verið að tala um að neita mönnum um þá hjálp, sem þeir þarfnast, ef það eru þurfandi sjúklingar. Það hafa að vísu heyrst raddir um, að í ýmsum tilfellum væri gengið lengra en góðu hófi gegnir um sjúkrahúsvist slíkra sjúklinga, og það hefir verið látið í ljós, að ýmsir góðir læknar muni eiga þátt í því að letja menn ekki til sjúkrahúsveru.

Þar sem kannske er ekki ástæða til að minnast frekar á einstakar brtt. hv. þm., fyr en þeir hafa gert grein fyrir þeim, verður það ekki öllu meira, sem jeg þarf að taka fram nú, enda mun fara best á því, þar sem jeg hefi verið að hvetja menn til að greiða sem mest fyrir afgreiðslu fjárlaganna. En að endingu vil jeg geta þess, að mjer virðist svo, sem komið hafi fram raddir í þá átt að reyna að gera sem mest úr því, hvað stjórnin hafi leyft sjer að ganga langt í takmörkun fjárframlaga til verklegra framkvæmda. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess að gera það landfleygt, að hin núverandi Framsóknarstjórn hefði brugðist vonum manna í þessu efni, þar sem ekki væri mikið framsóknarbragð að fjármálatillögum hennar, einkum að því er snertir verklegar framkvæmdir. En það hefir ekki verið farið nákvæmlega út í það að gera mönnum ljóst, að hve miklu leyti þessar takmarkanir ættu sjer stað og í hverju þær lægju. Jeg viðurkenni ekki, að þetta sje rjett. Jeg hygg, að þessum orðasveimi sje á lofti haldið til þess að reyna að vekja andúð á móti stjórninni og Framsóknarflokknum yfirleitt. Jeg skal geta þess, að til vegalagninga hefir verið gert ráð fyrir álíka miklu fje nú og síðustu undanfarin ár, svo að á því sviði býst jeg ekki við, að ástæða sje til kvartana. Auk þess hefir verið lagt ríflega til viðhalds vegunum, og enn bætist við, að síðastl. ár var varið miklu umfram það, sem veitt var í fjárlögum í þessu skyni, og vel getur farið svo, að sú verði einnig niðurstaðan nú, þó að það sje í sjálfu sjer æskilegast, að sem allra skemst sje farið út fyrir þann ramma, sem markaður er með fjárlögunum. Það, sem gefur tilefni til þeirrar óánægju, sem heyrst hefir, mun vera það, að í fjárlögunum er frá stjórnarinnar hendi ekki beinlínis gert ráð fyrir framlagi til nýrra vita eða nýrra brúa. En auðvitað er ríflega lagt til nauðsynlegs viðhalds og rekstrarkostnaðar þeirra, sem nú eru. Það er hvorttveggja, að eins og allir sjá, eru það fyrst og fremst hin lögboðnu útgjöld, sem ekki er hægt að hliðra sjer hjá og sem verða að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum, og þar sem síðasta ár reyndist svo miklu tekjurýrara en við var búist, er ástæða til að ætla, að svo muni einnig verða um þetta ár. Það er því þýðingarlaust að gera ráð fyrir háum upphæðum í þessu skyni, því að fyrst verður að gera sjer grein fyrir, hvernig fjenu verði náð. Jeg og fleiri hafa litið svo á, að ekki væri hægt að veita svo mikið fje í fjárlögum hvers árs, að það væri í rjettu hlutfalli við framfaraþrá almennings. Þess vegna þótti nauðsyn til bera að veita heimild í brúalögunum til að taka lán til slíkra hluta og til opinberra bygginga. Þetta hefir lítið verið

notað, en til þess að friða menn, sem hafa áhyggjur út af þessum málum, skal jeg geta þess, að það er opin leið til að hrinda hinum verklegu framkvæmdum áfram, með því að hagnýta sjer þá lánsheimild. Mjer finst, að það ætti að vera öllum ljóst, að svo margskonar framkvæmdir bíða úrlausnar á þessu landi, að ekki er hægt að ætlast til, að fje verði veitt til þeirra allra af fjárlagatekjum hvers árs. Núverandi kynslóð hefir, eins og kunnugt er, ekki tekið mikið að erfðum frá undanfarandi kynslóðum um ýmsar nauðsynlegar umbætur. Nálega á öllum sviðum hefir verið vanrækslа um verklegar framkvæmdir fram undir síðustu aldamót. Ef um þesskonar framkvæmdir er að ræða, sem hafa varanlegt gildi, þá er það ekki með öllu ósanngjarnt, að næstu ættliðir beri að einhverju leyti nokkuð af þeim kostnaði, sem fer í mannvirki, sem reist eru með komandi tíma fyrir augum.

Jeg vil taka það skýrt fram, að það eru sjerstaklega tveir fjárveitinganefndarmenn, þeir hv. þm. Borgf. (P-O) og hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem hafa nokkra sjerstöðu og virðast ekki hallast að þeirri skoðun að taka lán til brúabygginga eða annara framkvæmda.

Jeg vænti þó þess, að niðurlagsorð þeirra í nál. fjvn. sje ekki fullkomlega alvarlega meint; þeir hafi aðeins viljað láta það koma skýrt í ljós, að þeir væru ekki ánægðir fyr en meira fje væri fyrir hendi til framkvæmda.

Þessir ágætu sparnaðarmenn og búhöldar hljóta að sjá fram á, að það er ekkert snjallræði, ekkert heillaráð, sem þeir benda til í aths. sinni. Allra síst ættu þeir að verða til þess að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla, ef annars er kostur. Jeg býst heldur ekki við, að sú sje meining þeirra, heldur hafi þeir verið að gera að gamni sínu.

Jeg vil benda þessum hv. þm. á það, að vænlegasta ráðið til að komast að því takmarki, sem þeir keppa eftir að ná, er það, að taka nú vingjarnlega í þau tekjuaukafrv., hvort heldur eru frá stjórninni eða einstökum þm., sem borin eru og borin kunna að verða fram á þessu þingi. Ef þeir snúast að því ráði, hygg jeg, að úr muni rætast um fjárframlög til þeirra framkvæmda, sem þeir bera helst fyrir brjósti.

Jón Sigurðsson: Eins og tekið hefir verið fram og öllum mun kunnugt, skrifuðum við hv. þm. Borgf. undir nál. fjvn. með fyrirvara.

Það mun nú þykja hlýða að gera nokkra grein fyrir þessum fyrirvara frekar en gert er í nál., og það því fremur, sem annað stjórnarblaðið í höfuðstað landsins hefir gert hann að umtalsefni og skipað okkur í flokk fjárglæframanna þessa lands. Því frekar er og ástæða til þess, þar sem hæstv. fjmrh. hefir gert fyrirvara okkar að umtalsefni í síðustu ræðu sinni.

Fyrirvari okkar hv. þm. Borgf. er svo til kominn, að hv. meiri hl. fjvn. hefir samkv. tilmælum hæstv. stjórnar lýst því yfir, að hann mundi beita sjer á móti auknum samgöngubótum, þar til sjeð yrði, hvernig færi um tekjuaukafrv. stjórnarinnar. — Við Íhaldsmenn í fjvn. höfum ekki getað aðhyllst þessa stefnu. Tekjuaukafrv.

stjórnarinnar eru svo skamt komin, að tæplega verður sjeð um afdrif þeirra fyr en í þinglok.

Þegar litið er yfir fjárlagafrumvarp hæstv. stjórnar, rekur maður strax augun í það, að þar er miklum mun minna ætlað til verklegra framkvæmda og samgöngubóta heldur en í núgildandi fjárlögum. Til nýbygginga — jeg á þar við verklegar framkvæmdir til samgöngubóta, vega, brúa, vita, lendingabóta og slíks — eru áætlaðar 810 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, en í stjfrv. 515 þús. kr. Það er með öðrum orðum tæpum 300 þús. kr. minna, sem hæstv. stjórn vill veita til þessara samgöngubóta. Allar þessar framkvæmdir verða að teljast bráðnauðsynlegar. Af þessari upphæð eru sveitirnar sviftar 200 þús. kr. Ef sveitabændur víðsvegar á landinu væru spurðir, hvers þeir óski helst, að fje sje veitt til úr ríkissjóði, þá mundu þeir nær undantekningarlaust svara: vegir, brýr, símar! Fyrir þessu er sjerstaklega áhugi í sveitunum. Og það er næsta eðlilegt; samgöngur á sjó hafa umskapast svo algerlega á síðustu 50 árum, að fáa mun hafa órað fyrir slíkri breytingu. Sjest það best, ef samgöngurnar nú eru bornar saman við samgöngurnar umhverfis land í kringum 1850, þegar sending hjeðan úr Reykjavík varð fyrst að bregða sjer til Kaupmannahafnar til þess að komast sem greiðlegast í hendur viðtakanda úti á landi. Öðru máli er að gegna um samgöngurnar í sveitunum. Í ýmsum sveitum eru enn notaðir sömu götutroðningarnir og sömu flutningatækin og fyrir 1000 árum. Þetta eru staðreyndir, sem við allir þekkjum.

En kröfur tímans aukast og margfaldast ekki síður á þessu sviði en öðrum. Er þá undarlegt, að sveitamenn krefjist dálítilla umbóta og úrlausnar á þeim örðugleikum, sem þeir eiga við að stríða hvað samgöngur snertir? Þarf nú nokkurn að furða, þótt bændur fari að verða óþolinmóðir og krefjist þess, að samgöngubótum á landi verði hraðað af alefli, svo að þeir geti lifað og starfað sæmilega, eftir því sem sá tími, er þeir eru uppi á, gerir kröfu til? En stjórnin hefir ekki orðið við þessum tilmælum, eins og þegar er sýnt.

Jeg gæti þó skilið afstöðu hæstv. stjórnar, ef hún liti svo á, að alt væri að sökkva fjárhagslega. Jeg mundi ekki ámæla henni, þótt hún gripi til slíkra neyðarúrræða í því skyni að forða landinu frá fjárhagslegu hruni. Þá verður ýmislegt að gera, sem ekki er sársaukalaust, en stjórnin virðist ekki líta þannig á. Samtímis því, sem hæstv. stjórn sker niður fjárveitingar til svo sjálfsagðra hluta sem vega, brúa, síma o. fl., sje jeg, að hún ber fram fjölda af lagafrv. um heimild fyrir fjárveitingum til ýmsra framkvæmda, sem hljóta að baka ríkissjóði útgjöld, sem nema margfaldri þeirri upphæð, sem feld er niður. Jeg skal nefna nokkur dæmi: letigarður 100 þús. kr., til sundhallar 100 þús., til byggingar fyrir opinberar skrifstofur 170—200 þús. kr., til byggingar nýs strandferðaskips 700 þús., og auk þess er óumflýjanlegt, að af því stafi talsverður tekjuhalli, líklega um 200 þús.

kr. á ári. Jeg hefi nefnt nokkurt hrafl af því, sem hæstv. stjórn ætlar að láta framkvæma. Það er alls engin tæmandi upptalning — hæstv. fjmrh. (MK) nefndi ýmislegt fleirá og jeg nefni þetta aðeins sem dæmi.

Jeg skal taka það fram, að hjer er aðeins um heimild að ræða. En samkvæmt venju er litið á fjárveitingar til verklegra framkvæmda aðeins sem heimild. Stjórnir hafa litið svo á, að þær væru ekki meira bindandi en svo, að heimilt væri að fella þær niður að öllu eða nokkru leyti, ef fje væri ekki fyrir hendi. Það er því enginn eðlismunur, heldur formsmunur, á miljónatillögum hæstv. stjórnar, sem hún ber fram í heimildarlagaformi, og á fyrirhuguðum till. okkar hv. þm. Borgf. um auknar verklegar framkvæmdir í fjárlögum. Og enn má benda á, að hæstv. stjórn hefir ekki þótt ástæða til með þessu að tilskilja, að því aðeins yrði í þessar stórframkvæmdir ráðist, að tekjuauki fengist. En þegar hún er beðin að verða við sanngjörnum kröfum okkar sveitamannanna, þá er afsvar á reiðum höndum nema tekjuauki komi til skjalanna.

Enn má benda á það, að ef áætlað væri, að tekjur ríkissjóðs yrðu líkar og árið 1927, sem alment er viðurkent, að hafi verið eitt hið tekjurýrasta fyrir ríkissjóð, og því hægt með fullum rjetti að taka það til samanburðar í þessu tilfelli, þá er áætlunin samt svo varleg, að tekjuafgangur verður talsvert á 9. hundr. þús. kr.

Það er að vísu rjett, að landsstjórnin þarf jafnan að hafa talsvert fje handa í milli til ýmsra útgjalda, sem ekki standa í fjárlögum, bæði vegna hækkandi útgjalda, sem ekki verður gert ráð fyrir, og einstakra laga, er útgjöld hafa í för með sjer.

Ef einhver tekjuafgangur verður, sem ekki þarf til þess að greiða það óumflýjanlega, þá krefst jeg þess, að sá tekjuafgangur verði notaður til samgöngubóta.

Við háttv. þm. Borgf. höfum þrátt fyrir þennan ágreining ekki flutt neinar brtt. við frv. að þessu sinni. Er við sáum undirtektir nefndarmanna, vildum við heldur doka við og sjá til, hvort ekki næðist samkomulag við meiri hlutann.

Við höfum hugsað okkur að setja þau skilyrði með útgjaldatill. þeim, er við legðum fram til samgöngubóta, að þær kæmu því aðeins til framkvæmda, að fje væri fyrir hendi, til þess að tryggja, að þessar framkvæmdir yrðu látnar sitja fyrir ýmsum öðrum framkvæmdum, sem hæstv. stjórn hefir verið að sækja um heimild fyrir, af því að við álítum þær svo miklu meira áríðandi.

Jeg þykist þá hafa gert grein fyrir afstöðu okkar tveggja fjvn.manna. Vænti jeg, að mönnum sje það ljóst hjer eftir, hafi þeim ekki verið það áður, að hvorki sjeum við, eins og segir í stjórnarblaðinu, landráðamenn nje þeir fjármálaafglapar og glæframenn, að um fram alt verði að slá okkar spiltu kenningar niður. Hv. deild mun á sínum tíma fá tækifæri til að fella sinn dóm.

Sigurður Eggerz: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna, á þskj. 353, VI. lið, að við 13. gr. B. II. a. 2. komi nýr liður: Vesturlandsvegur (frá Dalsmynni að Fellsenda) 10000 krónur.

Þessi viðbót er ekki nýr gestur hjer á hinu háa Alþingi, því samskonar till. hefir verið samþykt áður hjer á Alþingi og stóð í síðustu fjárlögum. Þáverandi þm. Dal. (Jón Guðnason) gerði þá ítarlega grein fyrir þörfinni. Get jeg vísað til þess nú, því jeg geri ráð fyrir því, að margir hv. þm. muni eftir því. Í síðustu fjárlögum voru veittar til þessa 10000 kr. Eini gallinn á þessu er sá, að vegamálastjóri er enn ekki búinn að mæla og áætla þennan veg. Jeg mæltist að vísu til þess, að hann gerði það síðastliðið sumar, en tími vanst þá ekki til þess. En nú mun verða hafist handa um þetta svo fljótt sem verða má, ef til vill strax í aprílmánuði, ef tíð leyfir. En þó þessi rannsókn hafi enn ekki farið fram, þá er engin ástæða til að vera móti þessari fjárveitingu, því jafnvel þótt rannsóknin sýndi það, að ekki væri hægt að leggja veg yfir Bröttubrekku, þá er þó þörf á að leggja veg inn Bjarnadal, og mundi sá vegur koma að notum fyrir því. Dalamenn hafa einmitt óskað eftir því, að á þessum vegi væri byrjað frá Dalsmynni, svo bæði Mýrasýslubúar og Dalamenn myndu hafa gagn af byrjuninni. Þörfin á að koma Dalasýslu í vegasamband er brýn. Þáverandi þm. Dal. gat þess í fyrra í ítarlegri ræðu, að samband Dalamanna við vegakerfið væri sama nú og það hefði verið frá landnámstíð. Samgöngur á sjó eru líka mjög takmarkaðar, þó þær sjeu skárri nú en áður var. En aðalatriðið fyrir Dalamenn er að fá veg inn fyrir Bröttubrekku. Dalir eru landbúnaðarhjerað og vel fallnir til ræktunar. Landbúnaður hefir því skilyrði til að aukast þar að stórum mun. En lyftistöngina vantar: samgöngur, vegi. Þegar þessi vegur er kominn þarna vestur yfir, þá munu fljótlega æðar frá honum kvíslast út yfir meginhluta sýslunnar, nothæfir fyrir bíla. Það er því að vonum, að Dalamenn þrá þennan veg. Hann á að tryggja þeim samgöngur með afurðir þeirra. Og þeir hafa alls ekki óskað eftir því, að byrjað sje Fellsendamegin á veginum, heldur þvert á móti, að byrjað sje hjá Dalsmynni. Höfuðatriðið er að fá veg yfir Bröttubrekku, eða líklega þar nálægt. Jeg skal geta þess, að þótt yfirlit vanti yfir þennan væntanlega veg, þá hefi jeg þó talað við vegamálastjóra um þetta, og hann hefir sagt mjer, að ekki væri örðugur nema 5 km. kafli. Er það yfir Bröttubrekku, eða þar sem vegurinn verður ákveðinn yfir Skarðið. En þar sem þessi leið er mjög slæm á vetrum, þá er þörfin mikil að leggja þarna veg sem allra fyrst. — Hjer er ekki farið fram á nema litla upphæð, en þar sem hagur ríkissjóðs er þröngur nú, þá þótti rjett að gera ekki harðar kröfur til hans.

Það er best að vera hreinskilinn og segja frá því, að sumir hafa talið þetta pólitískan veg. En það er ekki satt. Allir vegir eru ópólitískir í eðli sínu, því öllum pólitískum flokkum er umferð um vegina jafnheimil. En ef til væru pólitískir vegir og einhverjir ættu skilið að fá þá, þá væru það sjálfsagt þeir, sem skara fram úr, og á hina pólitísku Bröttubrekku hafa engir sótt fastara en Dalamenn. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. dm. greiði eingöngu atkv. vegna nauðsynjar þessa

máls og að þeir skilji það, hvert nauðsynjatriði þessi vegur er, því að ef Dalamenn fá þennan veg, þá verða þeir líkt settir og efri hluti Borgarfjarðarhjeraðs með að koma vörum sínum á markað. Vona jeg því, að þar sem áhugi er að vakna fyrir landbúnaði, bæði úti um land og hjer á Alþingi, þá reiði þessari litlu fjárveitingu vel af. Samgöngurnar verða ávalt einhver helsta stöng landbúnaðarins.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer eina brtt. við fjárlagafrv. og skal fara nokkrum orðum um hana, þótt um hana hafi að vísu verið rætt á undanförnum þingum og þá sýnt fram á þörfina fyrir þessa símalínu: Ögur•um Æðey að Sandeyri. Það hefir gengið svo til undanfarin ár, að togarar hafa ásótt mjög fiskimiðin í Jökulfjörðunum; sömu togararnir hafa komið þangað ár eftir ár. En þar sem síma vantar, þá er ekki hægt að láta vita um ránsferðir þessara skipa. Stundum hafa varðskipin legið á Ísafirði, þegar þessir ræningjar hafa verið að verki í Jökulfjörðum. Væri því auðvelt að aðvara varðskipin, ef sími væri, en nú er meira en dagleið, ef landleið er farin, og sjóleiðin oft ófær bátum til næstu símastöðva. Togararnir eru þarna ávalt í vondum veðrum. Þarna er ágætt haustútræði, og fiskaðist þar t. d. vel síðastl. haust, enda komu þessir skaðræðismenn þá ekki. Þessi haustafli er aðallífsuppihald þessara fátæku hreppsbúa.

Þá eiga og íbúar Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppa afarerfitt með að ná í lækni. Væri mikill vinningur að geta símað til læknis á Arngerðareyri eða Hesteyri. Snæfjallahreppur hefir mikil óþægindi af símaleysi. Þar er útræði gott, en verður stundum að leggjast niður vegna vöntunar á beitu. Þeir, sem betur standa að vígi og eru í símasambandi við síldveiðistaðina — vesturfirði Djúpsins —, kaupa upp alla beitu, svo að þessir einangruðu menn verða ávalt útundan. Erfiðleikar íbúa þessara hreppa til að ná í lækni munu dæmafáir. Dæmi eru til þess, að 6 menn á bát voru í 20 klukkutíma að ná lækninum. Þetta er eins og allir sjá afarerfitt ástand.

Nú er svo komið, að ekki er eftir að leggja nema 3 línur af þeim, sem ákveðnar voru með símalögunum frá 1913, og er þessi lína ein þeirra. En nýjar línur, sem ekki voru í þeim lögum, hafa síðar verið teknar inn og varið til þeirra hundruðum þúsunda króna. Það er því ekki undarlegt, þótt þeir vestur þar sjeu orðnir óþolinmóðir að bíða eftir þessari línu. Landssímastjóri lofaði líka ákveðið, að þegar Barðastrandarsíminn væri búinn og línan frá Vík til Hornafjarðar vel á veg komin, þá kæmi þessi lína næst. Núverandi landssímastjóri hefir og látið uppi sama álit, að þessi sími væri einn af þremur, sem næst stæði. Hinir Vík til Hornafjarðar og loftskeytastöðvar milli Grímseyjar, Flateyjar og Siglufjarðar. Jeg get máske skilið, að stjórnin þykist hafa sínar ástæður fyrir því að taka ekki upp till. þessara starfsmanna sinna, en jeg vona, að hæstv. Alþingi líti frekar á nauðsyn þeirra landsmanna, sem hjer eiga hlut að máli, og láti ákvarðaðar línur, sem búið er fyrir löngu að lofa, ná fram-

gangi, þótt svo virðist að öðru leyti, sem lítið hafi verið farið eftir símalögunum frá 1913.

Landssímastjóri gat þess í sumar við hjeraðsbúa vestra, eftir að hafa athugað staðhætti og allar ástæður, að hjer teldi hann einna brýnasta nauðsyn nýrrar símalínu, og kvaðst hann mundu leggja það til, að fjárveiting til hennar yrði tekin upp í fjárlög fyrir 1929. Þetta hefir hann og gert. Hið sama hafði fyrverandi landssímastjóri látið í ljós. Fyrv. atvmrh. hafði og lofað að taka upp í fjárlagafrv. 1929 fje til lagningar þessarar línu.

Línan milli Ísafjarðar og Ögurs er nú svo, að gömlu sæsímarnir eru orðnir mjög ljelegir og samband til dæmis við Borðeyri mjög slæmt. Um kostnaðinn er það að segja, að áætlað er, að línan frá Ísafirði til Ögurs kosti um 33 þús. kr. og þaðan til Sandeyrar um 32 þús., eða báðar línurnar samtals um 65 þús. kr.

Þá vil jeg geta þess, að mjer þykir mjög leitt, að ekki skuli vera áætlað neitt í fjárlagafrv. til nýbyggingar vita. Jeg tel það brýna nauðsyn fyrir okkur að taka upp fjárveitingu til þessa. Útlendingar eru, sem vænta má, næsta óánægðir með það að þurfa að greiða það hæsta vitagjald, sem þekkist í nokkru landi, en fá lítið í aðra hönd. Sú þjóð, sem hjer á mestra hagsmuna að gæta af útlendum þjóðum, mun líka hafa kvartað um þetta og farið fram á, að annaðhvort yrði vitagjaldið lækkað eða bætt yrði úr þeim skorti á vitum, sem hjer er.

Þetta er aðeins ábending til háttv. fjvn., og vænti jeg, að hún sjái ástæðu til að leggja til, að bygður veri minst einn stórviti 1929.

Till. vitamálastjóra ganga í þá átt, eins og kunnugt er, að bygðir verði tveir vitar, annar vestanlands og hinn norðanlands, á næsta ári, og að næst verði viti bygður á Seley vestra. Það er gert ráð fyrir, að bygging þess vita taki ein tvö ár, enda er hjer um stóran landtökuvita að ræða.

Jóhann Jósefsson: Jeg skal fúslega taka til greina tilmæli hæstv. fjmrh. um að viðhafa sem minsta mælgi og málalengingar um fjárlagafrv. yfirleitt. Jeg vona þó, að hann afsaki, þó að jeg mæli hjer nokkur orð vegna þeirra brtt., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram og hjer liggja fyrir, því að það er nauðsynlegt hverjum þm. til þess að geta skýrt tilgang sinn með till.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram þá ósk Vestmannaeyjabæjar, að Alþingi mætti þóknast að veita 20 þús. kr. til þess að koma upp röntgen- og ljóslækningum við hið nýja sjúkrahús Eyjanna. Þessu sjúkrahúsi hefir verið komið upp mest fyrir forgöngu eins manns, Gísla J. Johnsens konsúls. — Auk hans hafa nokkrir einstakir menn og sjóðir lagt fram nokkurn fjárstyrk, og lítilsháttar upphæð kom frá útlöndum, en sjálfur hefir hann að sögn lagt langmest fram. Byggingunni hefir þannig verið komið upp með fjárframlögum úr Vestmannaeyjum eingöngu, þegar frá eru talin þau fáu þúsund, sem Englendingar lögðu til, án þess að leitað væri til ríkissjóðs.

Jeg geri nú ráð fyrir, að hv. þdm. sjeu sammála um, að þetta sje nokkuð einstakt í sinni röð og gott, þegar þess háttar stofnanir komast upp fyrir dugnað einstaklinga án þess að

ríkissjóður þurfi nokkuð að leggja til, þó vitanlegt sje, að slíkt hefir áður komið hjer fyrir; en það er sjaldgæft. Jeg vona nú einnig, að jeg megi treysta því, að Alþingi líti svo á, að þetta sje svo mikilsvert, að vert sje að taka tillit til þess, að þeir, sem hlut eiga að máli, hafa forðað ríkissjóði frá miklum útgjöldum. Því að vitanlega er reglan sú við sjúkrahúsbyggingar hjer á landi, að ríkissjóður leggi fram að minsta kosti ⅓ kostnaðar við bygginguna.

Bæjarsjóður hefir nú lagt fram 30 þús. kr. í reiðu peningum, og hann kemur auk þess til að kosta miklu meira til við ýmislegt, sem stendur í beinu sambandi við spítalann, t. d. að afla vatns, sem er mjög erfitt, og svo að leggja sjerstakt skólpræsi frá spítalanum alla leið út í sjó. Bærinn lagði einnig til heppilega lóð, sem einstakur maður átti rjett á. Það mun því ekki of í lagt, að bæjarsjóður leggi þarna beint til um 50—60 þús. króna.

Hvað byggingin hafi kostað uppkomin, get jeg ekki sagt um með vissu, en húsameistari ríkisins og landlæknir telja, að hún muni hafa kostað um 160 þús. kr., og sumir telja nokkru meira. Það, sem bæjarstjórnin fór fram á, var því aðeins ⅓ þeirrar upphæðar, sem ríkissjóður annars hefði orðið að leggja til, ef farið hefði verið eftir venju í þessum efnum.

Jeg sje nú af áliti hv. fjvn., að landlæknir hefir gefið nefndinni ráð og talið röntgenlækningastofu nauðsynlega, en ljóslækningastofu ekki, af því að slík stofnun væri til í Vestmannaeyjum. Jeg skal nú ekki neita því, að hún sje til, en hún er einstaks manns eign og því miklu dýrari fyrir almenning en ef hún væri í spítalanum, sem rekinn er af bænum. Rekstur stofunnar einnar úti í bæ verður líka altaf dýrari en ef hann kæmi inn í rekstur spítalans í heild. Auk þess er annars að gæta, og það er, að margir sjúklingar eru þannig á sig komnir, að ekki er hægt að flytja þá milli húsa.

Jeg verð að lýsa því hjer yfir, að bæði mjer og öðrum úr þessu kauptúni hefir fundist þær heldur stjúpmóðurlegar till. landlæknis í þessu máli. Við höfum vænst þess, að það starf, sem hjer hefir verið unnið og jeg hefi lýst, mundi verða metið á þann veg, að fjárveitingavaldinu mundi vera ljúft að verða við óskum bæjarstjórnarinnar um þetta.

Hv. fjvn. hefir nú lagt til, að veittur sje venjulegur styrkur til röntgentækja; jeg býst við, að hún geri ráð fyrir, að þau kosti 9 þús. kr. Mjer finst nú, að hv. fjvn. og þingið í heild ætti að taka svo mikið tillit til þess, að hjer hefir, sjerstaklega fyrir dugnað eins manns og svo hjeraðsbúa, verið ljett svo mikilli byrði af ríkissjóði, að vert væri viðurkenningar, og með það fyrir augum hefði jeg getað vænst þess, að þessari málaleitan væri vel tekið.

Jeg hefi nú leyft mjer að bera fram brtt. við 12. gr. 15. b, um að fyrir 18000 komi 35000, með það fyrir augum, að viðbótin gangi til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum. Það má vera, að það sje yfirsjón af mjer að taka þetta ekki fram sjerstaklega í till., en verði hún samþ., er auðvelt að bæta aths. um það við við 3. umr.

Jeg vænti, að hv. þdm. sýni þessu máli meiri velvilja en hv. fjvn. hefir

gert og örvi með því einstaka menn og hjeruð til þess að koma upp svo þörfum stofnunum, sem hjer er um að ræða, án þess að leitað sje styrks úr ríkissjóði.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram aðra brtt. undir IV. lið, um 6 þús. kr. til styrktar mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi, og til vara 5000 kr. Samskonar till. flutti hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hjer í þessari hv. deild í fyrra, og jeg aðra nokkru lægri í Ed., en þær náðu því miður ekki fram að ganga. Að því er snertir greinargerð fyrir þessu nægir að vísa til þess, sem hv. 1. þm. N.-M. og jeg færðum fram á síðasta þingi. Jeg sje því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta, en það er öllum vitanlegt, að þeir menn, sem verða fyrir þeirri óhamingju að missa limi, hafa fæstir nokkur tök á því að fá sjer gervilimi, og það er auðsætt, að það ætti að vera til hagsbóta fyrir þjóðfjelagið að gera þessa menn vinnufærari og afkomufærari en ella og gera þeim um leið lífið bærilegra og lífsbaráttuna. Þjóðfjelagið hefir sjálft hag af því um leið og það hjálpar einstaklingunum.

Það hefir komið fyrir, að þinginu hafa borist beiðnir frá einstökum mönnum um styrk í þessu skyni, en jeg tel, að rjettara sje að veita hæfilega upphæð í einu lagi, sem stjórnin hafi til umráða, og að viðkomandi menn sæki svo um styrkinn til hennar.

Það er sennilegt, að allar ástæður verði betur athugaðar, ef stjórnin hefir úthlutunina á hendi en ef teknar eru beiðnir frá einstökum mönnum og bornar fram á Alþingi. Þm. hafa yfirleitt ekki tíma til að kynna sjer eins allar ástæður eins og stjórnin ætti að hafa.

Auðvitað er þá sjálfsagt, að umsóknunum fylgi vottorð bestu manna, svo sem presta, yfirvalds eða lækna, þar sem mælt sje með styrknum. Jeg vænti nú, að þrátt fyrir það, að till. okkar hv. 1. þm. N.-M. náðu ekki samþ. í fyrra, að Alþingi sjái sjer fært að veita einhverja dálitla fjárhæð til þess að bæta kjör þessara manna og gera þá um leið nýtari borgara í þjóðfjelaginu. Enda er oftast svo ástatt fyrir þeim sjálfum, að þeir eru þess ekki megnugir að kaupa sjer gervilimi. Og þó að samskota sje oft leitað, þá er það ekki nærri altaf, og það sýnist viðfeldnara, að þessir menn gætu átt von á einhverjum styrk, öðrum en sveitarstyrk, þegar þeir verða fyrir þessum slysum.

Þá vil jeg taka undir ummæli hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) að því er vitana snertir. Mjer finst það ákaflega óviðfeldið, að ekkert fje sje veitt til að auka og bæta vitakerfi landsins. Það er langt frá, að það sje eins fullkomið eins og í nágrannalöndunum, og er þó óvíða eins mikil þörf á fullkomnu vitakerfi eins og hjer. Vitanlega er ekki hægt að heimta alt af ríkissjóði, en jeg álít, að aldrei megi falla niður að veita eitthvað til þessa máls og stöðugt verði að vinna að því að koma á og viðhalda sem fullkomnustu vitakerfi á ströndum landsins.

Hjeðinn Valdimarsson: Mig langar til að beina til hv. fjvn. fyrirspurn út af einum útgjaldalið fjárl. Í 8. gr. er borðfje konungs ákveðið 60 þús. kr.

Jeg heyri, að hingað til hafi þetta borðfje verið greitt, ekki með 60000 íslenskum krónum, heldur með 60000 dönskum krónum. Ef svo er, þá vil jeg spyrja, með hvaða heimild þetta hafi verið gert og hvers vegna upphæðin hafi ekki verið greidd í íslenskum krónum. Í sambandslögunum er ákveðið, að hvort ríki ákveði greiðslur sínar til konungs og konungsættar. Þetta hefir Alþingi síðan gert með lögum nr. 18 1919, um konungsmötu. Þar segir svo: „Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfje kr. 60000 á ári". Þar sem hjer er um íslensk lög að ræða, er auðvitað gert ráð fyrir, að einnig sje um íslenskar fjárhæðir að ræða. Ef það er rjett, sem fram kemur í landsreikningnum 1926, að fjárhæð þessi hafi verið greidd í dönskum krónum, þá hlýtur það að vera gert í algerðu heimildarleysi, en mismunurinn á þessum fjárhæðum nemur um 14000 ísl. kr.

Þá er önnur fyrirspurn út af 10. gr. III. í fjárlagafrv. Eru það ýmsar veitingar til utanríkismála, og nema þeir liðir samt. 84000 kr. Aðalliðirnir eru laun sendiherra í Kaupmannahöfn, kostnaður við sambandslaganefnd o. fl., og er þetta alt talið í íslenskum krónum. Af þessari upphæð eru laun sendiherra föst upphæð, 20000 kr. Mjer hefir verið skýrt frá því, að þessar upphæðir hafi einnig verið greiddar í dönskum krónum, og vildi jeg því leyfa mjer að bera fram þá fyrirspurn, hvort ætlunin sje að greiða þetta enn í dönskum krónum eða ekki, og eins, með hvaða heimild fráfarin stjórn hefir gert það. Til hvers eru fjárlög, ef hægt er að greiða ákveðnar fjárveitingar með alt öðrum upphæðum en löggjafarvaldið ákveður?

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt mál, því að mjög litlar aths. hafa verið gerðar við till. fjvn. Get jeg verið þakklátur fyrir hennar hönd fyrir þær móttökur, er till. hennar hafa fengið. En það eru nokkrar till. á þskj. 353 frá einstökum þm., sem jeg þarf að gera grein fyrir fyrir hönd nefndarinnar. Skal jeg þá leyfa mjer að byrja á 1. till., sem er frá háttv. 2. þm. Reykv., hv. þm. Ísaf. og hv. 4. þm. Reykv., um að skólagjöld falli niður. Eins og hv. 1. flm. till. drap á, hafa samskonar till. komið fram áður á undanförnum þingum, en ekki náð samþykki. Jeg get strax lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að meiri hluti hennar leggur á móti þessari till. Mjer fanst hv. flm. sjerstaklega byggja á því, að fátækum nemendum væri íþyngt með þessum skólagjöldum. Þetta er ekki rjett, þar eð skólagjöldin munu gefin eftir, þegar fátækir nemendur eiga í hlut. Til grundvallar skólagjöldunum liggur aðstöðumunur utan- og innanbæjarmanna. Það kostar utanbæjarmenn svo miklu meira að koma sínum börnum í gegnum skólann, að það er ekki nema sanngjarnt, að sæmilega stæðir borgarar bæjanna greiði skólagjald fyrir börn sín, þau er skóla sækja innanbæjar. Má til skýringar þessu benda á hina geipilegu húsaleigu, er utanbæjarnemendur verða að borga hjer í Reykjavík t. d. Þetta er svo auðskilið mál og einfalt, að óþarfi er að fara um það mörgum orðum. En jeg legg áherslu á það, að ekki sje rjett að

skoða skólagjöldin hindrun fyrir fátæka nemendur í bæjunum, þar sem ekki er ætlast til að heimta af þeim skólagjald, nje heldur mun það gert. Mun jeg svo ekki fara fleiri orðum um þessa till., en held fast við skoðun meiri hlutans, að þessi till. eigi ekki fram að ganga.

Næsta till. á sama þskj. er frá hv. þm. Vestm., um að hækka styrkinn til sjúkraskýla um 17 þús. kr.

Fyrir nefndinni lá beiðni frá bæjarstjórn Vestmannaeyja um að fá greiddan kostnað við að koma upp röntgen- og ljóslækningatækjum við hinn nýreista spítala í Eyjum. Þessari beiðni fylgdu sundurliðaðar áætlanir um kostnað við að koma upp þessum tækjum, kr. 20000.00, sem farið er fram á í erindi bæjarstjórnar, að ríkið kosti að öllu.

Hv. þm. lagði mikla áherslu á það, hvað ríkið slyppi vel við að borga til þessa spítala, og það er líka höfuðástæðan hjá hv. þm. fyrir því, að ríkið sleppi þeirri meginreglu þarna, sem hingað til hefir ætíð gilt, að ríkið greiði ⅓ af byggingarkostnaðinum. Hann tók það fram, að það væri alveg einsdæmi, að bygður væri spítali án þess að ríkið legði neitt fram. (**JJós:** Jeg sagði *því nær* einsdæmi). Það mætti þó benda á Akureyrarspítalann, sem bygður var upphaflega algerlega af einstakra manna gjöfum og án nokkurs tillags úr ríkissjóði. Hinsvegar var síðar bætt við spítalann og þá til þess veitt ⅓ framlag frá ríkinu, og eins þegar komið var upp ljóslækningatækjum þar síðar.

Hv. flm. talaði um það, að rjett væri, að ríkið tæki tillit til þeirrar fórnfýsi, sem almenningur hefði sýnt, svo og líka hve bæjarsjóður Vestmannaeyja hefði lagt mikið fram til byggingar spítalans, bæði með beinu fjárframlagi og með því að leggja til lóð undir hann.

Jeg held nú, að spítalalóðir sjeu hvergi taldar með í kostnaðinum, þegar framlag ríkisins hefir verið ákveðið. Landlæknir hefir upplýst fyrir nefndinni, að bænum hafi verið gefinn þessi spítali uppkominn með því ákveðna skilyrði frá gefandans hendi, að bæjarsjóður gerði ekki kröfu til styrks frá ríkinu, og gat nefndin ekki annað skilið en að bæarinn hefði gengið að því. Með það fyrir augum virðist nokkuð óviðfeldið, að krafist sje framlags nú frá ríkinu til byggingarinnar.

Að öðru leyti áleit landlæknir mjög nauðsynlegt að koma upp röntgentækjum við spítalann og lagði til, að ríkið greiddi þar sinn venjulega hluta, en hinsvegar væri ekki þörf á ljóslækningatækjum að sinni, þar eð þau væru til í Eyjum, mjög góð. Nefndin áleit því sanngjarnt að ganga ekki lengra en að greiða ⅓ af kostnaði við þessi röntgentæki. Hinsvegar vil jeg geta þess um þá kostnaðaráætlun, sem fyrir nefndinni lá um það, hve mikið tækin mundu kosta, að mjer hefir verið sagt, að sú áætlun sje í allra hæsta lagi. (**JJós:** Hver hefir sagt það?). Einn af prófessorum við háskólann hefir sagt, að hægt væri að fá ágæt tæki miklu ódýrari. — Af þessum ástæðum öllum hefir nefndin ekki getað fallist á að mæla með þessari till.

Þá kemur 3. brtt., frá háttv. 2.

þm. Reykv., um hækkun á styrk til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar. Nefndin vill að sjálfsögðu viðurkenna, að starf þessa fjelags er bæði mikið og gott, en hinsvegar lítur hún svo á, að styrkur sá, sem fjelagið nýtur frá ríkinu, sje tiltölulega mikill, samanborið við það fje, sem fjelagið hefir frá bæjarsjóði Rvíkur. Og án þess að draga úr hinu góða starfi fjelagsins vill nefndin benda á það, að víða úti um land eru smærri fjelög, sem hafa sömu stefnuskrá og vinna í sömu átt og einskis styrks njóta úr ríkissjóði. Niðurstaða nefndarinnar er því sú, að meiri hlutinn telur ekki fært að hækka styrkinn frá því, sem verið hefir og ákveðið hefir verið í fjárlagafrv.

Þá kemur 4. brtt., frá hv. þm. Vestm., að ríkissjóður leggi fram 6000 kr., og til vara 5000 kr., til styrktar þeim mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi. Það væri sjálfsagt mjög æskilegt, ef hægt væri að hjálpa sem flestum af þeim mönnum, sem verða fyrir slysum og hverskonar veikindaóláni, en nefndin telur, að slíkt mundi ríkinu ofvaxið og sjer ekki fært að taka þessa menn, er hjer um ræðir, umfram aðra hvað þetta snertir.

Jeg vil um leið taka það fram, að ríkið hefir árlega lagt fram lítilsháttar styrk til þess að hjálpa þessum mönnum, þar sem ákveðnum manni er veittur styrkur til þess að smíða gervilimi. Og er það ofurlítill ljettir fyrir þá menn, er þá þurfa að fá, því að með því móti eru þeir þó til í landinu og verða þannig ódýrari.

Hinsvegar er hætt við því, þótt þessi till. yrði samþ., að örðugt reyndist að skifta þessari upphæð svo, að allir þessir menn fengju hjálp. Nefndin hefir því ekki sjeð sjer fært að mæla með þessari till.

Þá kemur 6. brtt., frá hv. þm. Dal., um að veitt sje fje til svonefnds Vesturlandsvegar, 10000 kr. Nú er, eins og hv. flm. gat um, þetta vegarstæði alveg órannsakað. Vegamálastjóri hefir talað við nefndina viðvíkjandi þessari till. Telur hann órannsakað, hvar og hvernig vegur þessi á að liggja. En það muni nú gert, þegar tími vinnist til.

Eins og sjest á nál., hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að bera fram við þessa umr. hækkun á styrk til verklegra framkvæmda, þótt hún hinsvegar viðurkenni, að þörf væri á að leggja miklu meira fram en frv. gerir ráð fyrir. Af þeim ástæðum hefir meiri hl. nefndarinnar lagt það til, að till. þessi næði ekki fram að ganga að þessu sinni. (**SE:** Í fyrra var nefndin með því að leggja fje fram til þessa vegar. Er það af pólitískum ástæðum, að hún er núna á móti því?). Hjá nefndinni er alls ekki um nokkra pólitík að ræða í þessu efni, aðra en þá, að sjá hvað verður um tekjuhækkunina, áður en hún ræður til hækkunar verklegra framkvæmda yfirleitt.

Þá kemur 7. till., frá hv. þm. N.-Ísf., um að hækka tillag til nýrra símalagninga um 65000 kr., og sje þeirri hækkun varið til lagningar á símalínu frá Ísafirði til Ögurs o. s. frv.

Í þessu sambandi vil jeg leyfa mjer að skýra frá till. landssímastjóra um byggingu á nýjum símalínum árið 1929 og í hvaða röð hann ætlast til, að þær verði bygðar. Hann hafði ekki gert sjer von um, að stjórnin gæti máske tekið allar till. hans til greina,

en óskaði eftir því, að þær væru teknar í þeirri röð, sem hann setur þær, ef ekki væri hægt að fullnægja þeim öllum.

1. till. hans er, að veittar verði til suðurlandslínunnar 125000 kr. 2. til línunnar frá Akureyri að Víðimýri 130000 kr. 3. til byggingar á loftskeytastöðvum í Grímsey og Flatey 60000 kr. 4. til línunnar milli Ísafjarðar, Ögurs og Snæfjallastrandar, þeirrar, er hjer um ræðir, 65000 kr. og 5. til línu frá Þjórsá til Þykkvabæjar 18000 kr.

Alls nema þessar upphæðir 398000 kr. Nú er það vitanlegt, að eftir till. stjórnarinnar á að veita einar 150000 kr. til þessara framkvæmda, svo það hrekkur skamt til þess að fullnægja öllum þessum kröfum. Eins og deildin veit, hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að bera fram till. til hækkunar á framlagi til nýrra símalagninga við þessa umræðu, en telur sjálfsagt, ef tekjuauki fæst, að hækka þá tillagið til þessara framkvæmda. En sökum þess, að nefndin getur ekki borið fram hækkun á þessum lið að svo komnu, verður hún að leggja á móti því, að þessi till. hv. þm. N.-Ísf. verði samþ., heldur verði hún að bíða ásamt öðrum eftir því, hvort tekjuaukafrv. verða samþ. eða ekki En jeg geri hinsvegar fullkomlega ráð fyrir því, að ekki sjeu miklar líkur fyrir, að þessi till. verði tekin framar en till. landssímastjóra gera ráð fyrir, þó liðurinn verði hækkaður síðar.

Þá kom fram fyrirspurn frá hv. 2. þm. Reykv. út af því, hvort borðfje konungs væri heldur greitt í dönskum eða íslenskum krónum. Þetta kom til athugunar og orða í nefndinni, og var það öllum nefndarmönnum vitanlegt, að upphæð þessi hefir undanfarið altaf verið greidd í dönskum krónum, og leit nefndin svo á, að ekki gæti annað komið til mála en að þeirri venju væri haldið áfram að greiða upphæðina í dönskum krónum, enda sú ráðstöfun samþ. á hverju þingi undanfarið. (**HG:** Var nefndin sammála um þetta?).

Í nefndinni var talað um þetta, og má vera, að einn nefndarmaður, hv. þm. Ísaf. (HG) hafi haft aðra skoðun á þessu atriði, en það mun ekki hafa komið neitt til atkvæða. En nefndin leit svo á, að þar sem þetta hefir verið þannig framkvæmt um mörg ár, mætti líta svo á, að þetta væri heimilað með venjunni, því aldrei hefir þessu verið andmælt á Alþingi, svo að jeg muni. Sama má segja um launin til sendiherra. Í nefndinni kom það fram, að þau myndu hafa verið greidd í dönskum peningum, en nefndin tók þó enga afstöðu til þessa atriðis. Hitt atriðið, um borðfje konungs, kom, eins og áður er sagt, til orða, en meiri hl. nefndarinnar var þeirrar skoðunar, að það ætti ekki við að færa upphæðina niður í íslenskar krónur.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg get ekki þakkað hv. meiri hl. nefndarinnar fyrir undirtektirnar undir tillögur mínar. Hv. frsm. (IngB) vildi sjerstaklega benda á, að það væri slíkur aðstöðumunur milli sveitapilta og bæjarpilta, að það afsakaði, að bæjarpiltar greiddu skólagjald, en sveitapiltar ekki. En nú er ekki sagt með því, að pilturinn sje úr sveit, að

hann þurfi að vera fátækur, nje með því, að pilturinn sje úr bænum, að hann hafi ráð á því að greiða þetta gjald. Það getur eins vel verið, að efnaður sveitapiltur sleppi, en fátækur bæjarpiltur verði að borga skólagjaldið. Það er aðeins hægt að veita undanþágu frá skólagjaldi þeim nemanda, sem er sjerlega vel gefinn og mjög fátækur, en ef annaðhvort er ekki, t. d. piltur vel gefinn, en hann er ekki öreigi, þó fátækur sje, eða pilturinn er bláfátækur og greindur vel, en þó ekki framúrskarandi, þá fær hann ekki slíkar undanþágur skólagjalda. Mjer er t. d. kunnugt um, að í mentaskólanum eru ýmsir piltar, sem eiga gersamlega efnalausa foreldra, sem borga þessi skólagjöld. En svo er fleira að athuga í þessu efni. Segjum t. d. að maður, sem á fleiri börn, láti 2—3 þeirra ganga í skóla; þótt hann hafi ráð á að borga fyrir eitt af þeim, þá getur það verið honum ofurefli að greiða fyrir þrjú. En það sýnist svo, sem ekki sje hægt að taka neitt tillit til þess, þótt um fleiri börn sje að ræða frá sama manni.

Í sambandi við þetta vildi jeg benda hv. þingdeild á ummæli í brjefi frá rektor mentaskólans í Reykjavík, dags. 5. nóv. f. á. Hann skýrir fyrst frá þeim mun, sem er á skipun þessara mála hjá frændþjóð vorri Dönum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Danmörku, þar sem efni fólks eru miklu meiri, er skólagjald miklu lægra en hjer og nær jafnt til nemenda úr sveitum sem úr kaupstöðum, og er það líka miðað við tekjur manna".

Þetta er ekki gert hjer, heldur aðeins tekið tillit til þess, hvar menn búa.

„Þannig gjalda þeir, sem hafa 4050—5000 kr. í tekjur, 3 kr. á mánuði fyrir eitt barn í miðskólanum, en 4 kr. á mánuði fyrir 1 nemanda í lærdómsdeildinni. Ef menn ekki hafa þær tekjur, er skólagangan kauplaus".

Hjer mun það vera nær sanni, að borgaðar sjeu 17 kr. á mánuði í skólagjöld, án tillits til þess, hvaða tekjur menn hafa.

Eftir þeim dæmum, sem rektor skólans tekur, eru skólagjöldin miklu minni í Danmörku, ekki nema fjórðungur á við það, sem þau eru hjá okkur, og falla niður þegar tekjurnar eru fyrir neðan 4000 kr.

Þessum órjetti og skatti á námsáhuga unga fólksins ætti að ljetta af þegar í stað. Það er hægt að gera í fjárlögum, þar sem ekki er neinn annar lagastafur fyrir þessum skatti.

Skólagjöldin eru í stjfrv. áætluð 15 þús. kr., en eftir því, sem rektor gefur upp, hafa þau orðið 24 þús. kr. í mentaskólanum einum, svo að auðsætt er, að skatturinn er æðimikið þyngri en sjest af því fjárlagafrv., sem hjer liggur fyrir.

Jeg ætla svo að láta útrætt um þetta í bili, aðeins að benda á það, sem hv. þm. er kunnugt, að skólagjöldin ná ekki eingöngu til mentaskólans, þó að þau verði mest þar, með því að nemendur þurfa að greiða þau í 6 ár samfleytt, eða 900 kr. alls, heldur líka til sjómannaskólans, Flensborgarskólans og gagnfræðaskólans á Akureyri.

Mjer þótti leitt, að hv. nefnd gat ekki fallist á hina litlu aukningu á styrknum til hjúkrunarfjelagsins Líkn-

ar, svo að styrkur ríkisins yrði í samræmi við styrkinn frá bænum. Hinsvegar skil jeg varla, að hv. deild láti sig draga um þessa litlu upphæð til hjúkrunar berklaveikra utan spítala, þar sem öllum er kunnugt um, hversu miklu fjelag þetta fær áorkað með tiltölulega litlu fje.

Þá gat háttv. frsm. þess, að fjvn. hefði rætt það nokkuð, að konungsmatan væri greidd í dönskum krónum, en ekki íslenskum, og virtist viðurkenna, að þetta væri lögleysa, enda sjest enginn lagastafur fyrir því. En vegna þess að fráfarandi stjórn hefði gert þetta líka, með venjulegu lagaleysi og heimildarleysi, þá væri sjálfsagt að halda því áfram. Jeg kann ekki við þetta. Ef það væri vilji þingsins að greiða þessa upphæð í dönskum krónum, þá ætti að breyta lögunum frá 1919, og eins að geta um það í fjárlagafrv., innan striks, að hjer væri um danskar krónur að ræða, sem þá yrðu 72000 krónur íslenskar. Jeg verð að líta svo á, að meðan ekki er til nein samþ. frá þinginu í aðra átt, sje ekki heimilt að greiða meira en 60000 íslenskar krónur.

Sama er að segja um laun sendiherra. Mörgum mundi þykja undarlegt, ef með þegjandi samþykki fjvn. mætti breyta sjerhverri upphæð í fjárlögum, jafnvel þó að ákveðin væri með sjerstökum lögum. Það væri þá jafneðlilegt, að fjvn. samþykti, að einhver af þeim upphæðum, sem hjer standa, væri greidd í sænskum, norskum eða jafnvel austurrískum krónum. Yrðu þá áætlanir fjárlaga ærið óábyggilegar — og hvað er orðið um þingræðið, ef ákvarðanir þess í lagaformi gilda ekki móti baktjaldamakki fjvn.? Jeg þarf ekki að taka það fram, að mjer fyrir mitt leyti þykir fyllilega nóg sú upphæð til konungsmötu, sem er lögákveðin.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki mikla ástæðu til að þakka hv. fjvn. Hún hefir brugðist mjög illa við því erindi, sem jeg bar fram, og jeg verð að segja það, að það kom mjer ákaflega óvart að heyra þær undirtektir, af þeirri ástæðu, að samskonar fjárveiting var veitt í fyrra, og jeg sje, meira að segja, að háttv. frsm. hefir greitt atkvæði með henni, að viðhöfðu nafnakalli. Þessi vegur var ekki fremur rannsakaður þá en nú, og hafi verið hægt að greiða atkvæði með þessari fjárveitingu í fyrra, áður en rannsókn var framkvæmd, þá er það alveg eins hægt nú. Annars sagði vegamálastjóri nýlega í samtali við mig, að hann byggist jafnvel við að geta rannsakað þetta vegarstæði nú þegar í apríl, sem sýndi það um leið, að hann hafði áhuga á þessu máli.

Jeg skildi það svo, þegar þetta mál var samþykt hjer á þingi í fyrra án þess að rannsókn hefði farið fram, þá væri þar með sagt, að fjvn. hefði þann skilning á málinu, að það væri nauðsynjamál, sem ekki mætti bíða eftir rannsókn; og það fanst mjer mjög eðlilegt. Ennfremur skildi jeg þetta svo af því, að í nefndinni eiga þeir menn sæti, sem vilja gera mjög mikið fyrir landbúnaðarhjeruðin, og hjer er um landbúnaðarhjerað að ræða. Allir, sem þekkja aðstöðuna nokkuð, vita, að hjer er verið að bæta úr mjög sárum órjetti, sem þetta landbúnaðarkjördæmi hefir orðið fyrir, og þó að mörgum hjeruðum hafi verið hjálpað,

þá hefir ekkert verið gert til þess að útvega þessu kjördæmi þær samgöngur, að það geti fengið markað fyrir sínar afurðir.

Jeg fer að halda, að það sje ekki mjög mikils virði alt þetta, sem verið er að tala um að lyfta undir landbúnaðinn, þegar það eru nær eintómir landbúnaðarmenn, sem eiga sæti í þessari nefnd og vita, að þeir geta hjálpað sýslunni með að umbreyta öllum hennar hag með því að leggja fje til þessa vegar.

Jeg get ef til vill ekki talað um þetta með öðrum eins sannfæringarkrafti eins og fyrirrennari minn, en mig furðar á, að það skuli ekki enn óma í eyrum hv. fjvn. þær mjög rökföstu og snjöllu ræður, sem hann hjelt í fyrra um þetta mál, og mjer þykir það mjög undarlegt, að þeir menn, sem greiddu atkvæði með þessari fjárveitingu í fyrra, áður en nokkur rannsókn hafði farið fram, skuli svo skyndilega breyta um skoðun og ætla að leggja fjárveitinguna niður. Það getur vel verið, að það takist að draga þennan sjálfsagða styrk til þessarar sýslu; það getur vel verið, að hv. þd. takist að neita kröfum þessa kjördæmis, en það koma dagar á eftir þessum degi, og þó að reynt verði að setja einhvern þröskuld í veginn fyrir hennar áhugamál, þá skal það ekki standa lengi. Þetta er svo mikil rjettlætiskrafa, að hún hlýtur að sigra, þótt hún sigri kannske ekki nú. Jeg skal veita því eftirtekt, hvernig atkvæðagreiðslan fellur um þessa tillögu, og þá er gaman að sjá, hve mörg „já“ frá því í fyrra verða að „nei“um.

Jeg segi, að jeg vilji ekki trúa því, að það geti komist að pólitík í þessu máli. En ef alt of mörg „já“ verða að „nei“um, þá fer einnig mína saklausu sál að gruna, að hjer sje eitthvað merkilegt á ferðum. En jeg segi það, að ef það á áð verða pólitískur sigur að eyðileggja möguleika þessa kjördæmis, þá ætla jeg að óska þeim mönnum til hamingju, sem eiga þann sigur; það verður „Pyrrusar“-sigur, og það sýnir líka, hvað einlægnin við landbúnaðarhjeruðin er mikil.

Jeg þykist nú hafa gert grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, og ef það reynist svo, að alt of mörg „já“ frá í fyrra snúast upp í „nei“ við þessa atkvgr., þá skal jeg fara að veita betur eftirtekt þeim, sem þar standa að verki.

Það er ein brtt. hjer, sem mig langar til að minnast á. Það er fyrsta brtt., um að skólagjöldin skuli falla niður. Jeg lít svo á, að það sje mjög rjettlát tillaga, og ef ekki er hægt að ganga svo langt að fella þau alveg niður, þá væri rjett að koma með brtt. þess efnis, að aðeins þeir efnuðustu skuli greiða skólagjöld.

Það er rjett hjá hv. flm. (HjV), að það er mikil harðýðgi í því að haga svo til, að fátæk heimili skuli ekki geta notið sinnar góðu aðstöðu hjer til þess að láta börn sín fara í þennan skóla, og jeg álít, að það sje mjög mikið miskunnarleysi, sem er fólgið í því, að fátækir menn geti ekki fengið að njóta mentastofnana landsins. Satt að segja finst mjer það vera sláandi dæmi upp á þröngsýni, að leggja hömlur á það, þegar búið er að koma upp dýrum skólum, að fátækir menn geti komið börnum sínum í skólana.

Jeg vona, ef þessi tillaga nær ekki fram að ganga, að þá verði komið með

brtt. í þá átt, að aðeins þeir efnaðri skuli greiða skólagjald.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Jeg vildi víkja nokkrum orðum til hv. 2. þm. Reykv. (HjV) út af því, sem hann sagði um skólagjöldin. Hann virtist telja það galla á þeim, að auðmenn úti um landið slyppu að fullu og öllu við þau. Dæmi geta máske verið til þess, að það sje rjett. En jeg hefi áður bent á hinn mikla aðstöðumun utan- og innanbæjarmanna í þessu efni. Hv. þm. var að tala um, að efnuðum borgurum í Reykjavík veittist erfitt að kosta 2—3 börn sín í skóla og greiða fyrir þau skólagjöld. Ef svo er, hversu erfitt mun þá ekki mönnum úti um land veitast þetta, þótt efnaðir teljist, að kosta uppihald fleiri barna sinna hjer í Reykjavík í einu, jafnvel þótt ekki bætist skólagjöld við? **(HjV:** Þess vegna eiga skólagjöld að leggjast niður). Jeg get gengið inn á, að skólagjöldunum megi kannske breyta að einhverju leyti, en það vil jeg fullyrða, að þeim sje svo hagað í framkvæmd, að fátækum nemendum sjeu gefin þau upp að einhverju eða öllu leyti.

Jeg hygg, að hv. þm. (HjV) fari ekki alveg rjett með, þegar hann segir, að skólagjöldin hafi verið 24 þús. kr. síðasta ár við mentaskólann. **(HjV:** Jeg hefi fyrir mjer brjef rektors). Í yfirlitsskýrslu fjmrh. yfir fjárhag ríkissjóðs 1927 segir, að þau hafi verið 15 þús. kr. árið 1927, og samkv. landsreikningunum 23,6 þús. 1926, 26 þús. 1925 og 15,5 þús. 1924. Og eru þessar tölur vitanlega miðaðar við alla skólana. Virðist því vera allmikill munur á skólagjöldunum frá ári til árs, og bendir það til þess, að ekki sje farið eftir algerlega föstum mælikvarða um álagningu þeirra og að misjafnlega mikil eftirgjöf sje veitt. Mætti sennilega bæta um tilhögun þeirra að einhverju leyti, en ekki get jeg fallist á, að rjett sje að fella þau niður. Alþýðuskólarnir hafa orðið að byggja tilveru sína að miklu leyti á skólagjöldum, og því getur það ekki talist sjerlega hart, þótt efnaðir bæjarmenn greiði skólagjöld fyrir börn sín, t. d. við mentaskólann.

Um borðfje konungs er það að segja, að sú venja hefir gilt í 10 ár, að það væri greitt í dönskum krónum, og sá nefndin ekki ástæðu til að bregða þeirri venju. Um fjárveitinguna til sendiherrans í Kaupmannahöfn var ekki tekin afstaða í nefndinni, hvort greiðast skyldi í dönskum krónum eða ekki, en það kom fram, að svo hefir verið gert að undanförnu.

Jeg hefði viljað víkja nokkrum orðum að hv. þm. Dal. (SE), en geymi það, af því að jeg sje, að hann er ekki viðstaddur.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vildi koma með örstutta aths. viðvíkjandi 13. gr. Vegamálastjóri hefir lagt til, að lagaður yrði vegarspotti yfir svonefndan Hvolsvöll í Rangárvallasýslu. Hjer er um stuttan en mjög fjölfarinn veg að ræða, sem verður með öllu ófær í rigningum á haustin, til ærins farartálma. Jeg verð að láta óánægju mína í ljós yfir því, að stjórnin hefir ekkert fje ætlað til þessa, enda þótt hún hafi þá afsökun, að margt fleira varð að bíða af slíkum framkvæmdum meðan ekki var sjeð um nýjar tekju-

lindir. Jeg vil þó vona, að hún geti tekið vegarspotta þennan upp í fjárlög á þessu þingi. Vegurinn er stuttur og fremur kostnaðarlítil aðgerð, því að vegurinn liggur um valllendi, en ekki mýri. Vil jeg beina þeirri áskorun og ósk til stjórnarinnar, að hún taki þetta sem fyrst til athugunar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er rjett, að þessi vegarspotti var eitt af því marga, sem stjórnin varð að fella niður, og jeg skal fúslega játa, að undir eins og stjórnin fær meira fje til umráða, þá stendur þessi vegarspotti einna næstur. Hjer er um mikinn farartálma að ræða í miðju hjeraði. Jeg tel líka fulla nauðsyn á, að Strandasíki verði brúað, og var í haust talað um. að svo yrði gert, en þá var þegar búið að eyða of miklu í brúagerðir.

Jeg vil svara hv. þm. Dal. því út af Vesturlandsveginum, að hann varð að bíða eins og margt annað, sem stjórnin hefði fegin viljað hrinda til framkvæmda, og skal jeg geta þess í sambandi við það, sem hann sagði um afstöðu neia og jáa, að síst skal standa á stjórninni að veita fje til bættra samgangna, þegar sjest, að hún hefir fje til þess.

Út af þeim ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (HjV), að engin samþykt væri fyrir því að greiða konungsmötuna í dönskum krónum, skal jeg geta þess, að þetta hefir verið samþ. í landsreikningnum ár eftir ár, og býst jeg við, að allar stjórnir hefðu skoðað það sem samþykt.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg get ekki sjeð, að þótt borðfje konungs hafi verið greitt í dönskum krónum undanfarið, að það leiðrjetti að nokkru leyti það lagabrot að greiða fjárhæð í dönskum krónum, sem ákveðin er í íslenskum krónum í fjárlögum. **(MG:** Þetta er samþykt í landsreikningum). Jú, landsreikningarnir eru samþ., en þar er hvergi gerð grein fyrir gengismismun á konungsmötum sjerstaklega, heldur er alt fært í sameiginlegri upphæð yfir gengismismun, án þess að sjáist, að greitt hafi verið 14—15 þús. kr. meira en rjett er til konungsmötu. **(MG:** Yfirskoðunarmennirnir hafa sjeð það). Já, þeir hafa sjeð það, en þeir hafa ekki gert aths. um það. Alþingi á hjer að ráða, en ekki þeir, Enda er það einkennilegt, ef hjer ætti að taka þessar 60 þús. kr. út úr fjárlögum og greiða þær í dönskum krónum, fremur en aðrar upphæðir.

Þá vil jeg svara hv. frsm. nokkrum orðum. Hann dró í efa, að jeg færi rjett með, hve skólagjöld hefðu verið mikil síðasta ár. Jeg hefi hjer fyrir mjer brjef rektors frá 5. nóv. 1927, þar sem svo segir:

„Í skólagjöld fyrir síðasta skólaár er innkomið 23875 kr.; þar frá dragast 4200 kr. endurgreiddar efnalitlum og efnilegum nemendum, svo að eftir verða 19675 kr. Enn hafa ekki allir nemendur greitt gjald fyrir umliðið ár; jeg býst þó ekki við, að meira fáist inn en 225 kr. í viðbót við það, sem komið er, svo að alls fengist þá nettó í skólagjöld 19900 kr."

Þetta er síðasta árið, sem reikningar eru komnir yfir. Yfirlitsskýrsla fjmrh. er ekki endanleg fyrir 1927. En mjer til undrunar kemur það, sem þar stendur, ekki heim við landsreikningana. Sýnist þar, að mentaskólanem-

endur hafi ekki greitt nema 21 þús. kr. í skólagjöld síðasta ár, en þeir hafa greitt í alt 23 þús. (**MG:** Það, sem fram yfir er, hefir verið innborgað síðan um áramót). Svo kann að vera. En þetta sýnir, að skólagjöldin nema meiru en 15 þús. kr. á ári og að þau eru allþungur skattur á fróðleiksfýsn ungra manna.

Sigurður Eggerz: Jeg vil þakka hæstv. forsrh. fyrir bendingar hans og dreg hjer með till. mína til baka í því trausti, að henni verði vel tekið við næstu umræðu.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. mótmælti brtt. minni um fjárveitingu til sjúkrahúss í Vestm.eyjum, af því að þar væri vikið frá grundvallarreglunni um styrk til sjúkrahúsa, og auk þess hefði gefandi sjúkrahússins sett það skilyrði, að ekki mætti leita því opinbers styrks. Hvað fyrra atriðinu viðvíkur, þá er það aðeins formsatriði, sem fjvn. skýtur sjer undir. Jeg hefi sýnt fram á, að hjer er ekki að ræða nema um ⅓, sem ríkissjóður er að öðru leyti skyldur að greiða. En síðara atriðið er rangt. Gefandi setti að vísu þetta skilyrði í fyrstu, en því var neitað af bæjarstjórn, og er hún því ekki á neinn hátt bundin við það. Bæjarstjórnin vildi einmitt ekki afsala sjer þessum rjetti. Brtt. mín er því fullkomlega leyfileg gefandans vegna. Jeg er satt að segja hissa á, að fjvn. skuli geta lagst á móti þessari brtt. eftir þann undirbúning, sem mál þetta hefir fengið. Einskis eyris hefir verið krafist úr ríkissjóði fyr í þessu skyni, og jeg held, að það geti síður en svo ýtt undir menn að ganga of langt í slíkum kröfum, þótt brtt. verði samþ. Hjer hafa borgararnir lagt á sig meira en þeim bar skylda til. Jeg held, að hv. frsm. hafi ekki heyrt rjett, er hann sagði, að jeg hefði sagt, að þetta væri einsdæmi. Jeg sagði, að fá dæmi myndu vera til þess, að sjúkrahúsi hefði verið komið upp án nokkurs styrks úr ríkissjóði.

Um hina till. mína, að veita mönnum styrk til að fá sjer gervilimi, sagði hann, að erfitt myndi reynast að fullnægja þeim beiðnum, er fram kæmu. Jeg er þess fullviss, að hv. frsm. hefir verið það erfið skylda að mæla á móti þessari brtt. Því að það er vitanlegt, að enda þótt öllum þurfandi mönnum verði ekki sint í einu, þá kæmi þetta smátt og smátt allmörgum mönnum að liði, sem þurfa að fá sjer gervilimi. — Jeg skal gjarnan játa, að örlítil hjálp er í styrk þeim til gervilimasmiðs, er hv. frsm. nefndi, fyrir þá menn, sem þurfa að fá sjer limi hjer á landi. En þetta er ekki til mikillar hjálpar fyrir þá, sem fjevana eru og vantar annaðhvort fót eða hönd. Vona jeg fastlega, að hv. þd. fallist ekki á till. nefndarinnar í þessu máli.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Jeg sje, að hv. þm. Dal. (SE) er nú kominn í deildina, og vildi því segja við hann nokkur orð. Hann hjelt mjög volduga ræðu út af till. fjvn. um Vesturlandsveginn. En á þeirri ræðu var sá galli, að hún var að mestu leyti bygð á misskilningi. Hv. þm. var hræddur um, að sumir þdm. hefðu breytt skoðun um það mál síðan í

fyrra, og gat þess sjerstaklega um mig, að jeg hefði þá greitt Vesturlandsveginum atkvæði við nafnakall. En jeg hefi þegar áður tekið það fram, að jeg hefi alveg sömu skoðun um þetta mál nú og jeg hafði í fyrra, en jeg vísaði í afstöðu fjvn. alment til ýmissa verklegra framkvæmda, sem hún er í sjálfu sjer fylgjandi, en vantar fje til að framkvæma. Þetta er aðalástæðan og nær eina ástæðan, sem mælir móti bæði Vesturlandsveginum og fjölda annara framkvæmda. Raunar tók jeg jafnframt þessu upp nokkur önnur mótmæli, svo sem ónógan undirbúning, sem hv. þm. talaði um sjálfur, en fyrir mjer var það ekkert höfuðatriði. — Jeg held, að besta ráðið fyrir hv. þm. Dal. til að fá fje í þennan veg sje að leggjast á eitt með okkur, sem fá viljum samþykt tekjuaukafrv. á þessu þingi, svo að meira fje fáist til verklegra framkvæmda. Mjer skildist hv. þm. vera með einhverjar heitingar um það að taka sjerstaklega vel eftir, hvernig þessu máli reiddi af framvegis. Get jeg sagt honum, að jeg óttast þær ekki hið minsta.

Um skólagjöldin hefi jeg í raun rjettri engu við að bæta. Jeg var ekki beinlínis að rengja hv. 2. þm. Reykv. (HjV) um það, að hann færi rjett með. Jeg hjelt, að hann ætti við árið 1927, en nú er upplýst, að svo var ekki. Annars er það ekkert undarlegt, þótt ekki beri saman skýrslu rektors og landsreikningnum. Hann er gerður fyrir almanaksárið, en skýrslan vitanlega fyrir skólaárið.

Þá talaði hv. þm. Vestm. (JJós) enn um spítalann í Vestmannaeyjum. Mjer skildist, að hann teldi bæinn eiga kröfu á að fá ⅓ hluta af kostnaðinum. (**JJós:** Jeg sagði, að þetta væri ekki nema ⅓ af því, sem skylt væri að leggja fram úr ríkissjóði). En mig furðar mjög á því, að bæjarstjórn skuli ekki hafa lagt málið fyrir á þeim grundvelli. Hún gefur engar skýrslur um það, hvað hún hefir lagt fram. Hv. þm. upplýsti, að hún hefði lagt fram 30 þús. kr. í peningum, lóð og eitthvað fleira. En það yrði samtals að nema 60 þús. kr., ef bærinn ætti að eiga kröfu til 20 þúsunda. En málið lá alls ekki svo fyrir, heldur var aðeins farið fram á, að ríkið legði fram 20 þús. kr. til röntgen- og ljóslækningatækja. Nú er það svo, að landlæknir, sem allir verða að játa, að nokkurt tillit verður að taka til í þessu máli, álítur ekki þörf á nýrri ljóslækningastofu í Vestmannaeyjum í bili. (**JJós:** Jeg hefi áður lýst því, að landlæknir hefir skýrt hv. nefnd villandi frá). Um það er jeg ekki fær að dæma, en skýrsla hans var alveg skýlaus, og fjvn. hafði ekki annað áreiðanlegra að halda sjer að. Hv. þm. talaði um það, að ekki væri annað en formið eitt, sem hægt væri að hafa á móti því, að landið legði spítalanum til þessi áhöld. En í svona málum verða menn að halda sjer við ákveðnar reglur. Ef þeim er slept, er ekki að vita, hvar lendir.

ATKVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 294,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 294,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 294,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 353,I feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, GunnS, HG, HjV, JÓl, JörB, MJ, SE, SÁÓ, BSv.

nei: ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JS, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ.

Tveir þm. (LH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 294,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 294,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 294,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 294,7 samþ. með 19:3 atkv.
— 294,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 294,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 294,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 294,11 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

6.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 294,12 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 294,13 tekin aftur.
— 294,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 294,15 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 353,II feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, SE, Á-Á, EJ, HK, BSv.

nei: IngB, JS, JörB, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV.

Tveir þm. (LH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 294,16.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 294,16.b samþ. með 15:6 atkv.
— 353,III.a. samþ. án atkvgr.
— 353,III.b samþ. með 14:12 atkv.
— 294,17 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 353,IV (aðaltill.) feld með 16:8 atkv.
— 353,IV (varatill.) feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, GunnS, HStef, HG, HK, HjV, JJós, JÓl, JörB, SE, SÁÓ, Á-Á, BSv.

nei: HJ, IngB, JAJ, JS, MG, MJ, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ.

Tveir þm. (LH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 353,V tekin aftur.

12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 353,VI tekin aftur.
— 294,18 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 353,VII.a feld með 14:4 atkv.
— 353,VII.b tekin aftur.
— 294,19 samþ. án atkvgr.
— 294,20 samþ. með 16 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg skal lofa hv. þm. því að vera ekki lengi. Eiginlega gæti jeg látið nægja það, sem nál. segir um þennan kafla, en það mun þykja viðeigandi að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Hækkunartill., sem nefndin hefir komið með, nema alls 10675 krónum, svo að hækkunin á öllum liðum mun verða 168775 kr. Aðalhækkunin stafar af auknum styrk samkv. jarðræktarlögunum.

Þá er 1. till. Það er 21. till., um ýms gjöld til kirkjumála. Eins og getið er um í nál., var nefndinni ekki fyllilega ljóst, hvernig átti að verja þessu fje, þó að hún hefði óljóst hugboð um, að því ætti að verja til póstprestsins svokallaða. En vegna þess að nefndin hafði ekki löngun til að taka upp þennan lið, síst svo óákveðinn, þá ákvað hún að fella hann niður; mætti þá koma honum ákveðnari inn í fjárlögin síðar, ef hv. þm. hafa áhuga fyrir því. Og nú sje jeg brtt. frá hæstv. forsrh. um þetta, og verður

þá hægt að tala nánar um þetta bráðlega.

Brtt. nr. 22, 23 og 24 vil jeg taka allar sameiginlega, og nefni þá fyrst 24. brtt., sem er aths. viðvíkjandi styrk til verklegs náms í bændaskólum, að í stað „6 vikur á ári“ komi: 8 vikur, og fyrir „12 kr.“ komi: 18 kr. Þessi brtt. er í samræmi við skoðun margra manna um verklegt nám í bændaskólum. Hjer er líka farið eftir till. skólastjóra á Hvanneyri, sem hann sendi nefndinni í brjefi, þar sem hann fer fram á þetta sama, en gerir þó ráð fyrir 9 vikum. En nefndin sá ekki fært að fara lengra en þetta. Ennfremur leggur nefndin til að veita 3 króna styrk á dag fyrir nemanda, og er það í fullu samræmi við verkkenslu þá, sem Búnaðarfjel. Ísl. heldur úti hjá einstökum mönnum. Í aths. við þessa breytingu hefir nefndin fallist á það, að jarðyrkjukenslustyrkurinn til beggja skólanna hækki að nokkrum mun. Þar af leiðandi verður nokkur breyting á þessu. Auðvitað kemur það dálítið einkennilega fyrir, að þessi liður til Hvanneyrarskólans er af nefndinni lækkaður um 450 kr.; en þannig stendur á því, að 800 kr., sem skólastjóri á Hvanneyri lagði til að veita til kennara við þetta verklega nám, eru feldar burtu. Nú hagar þannig til, að skólastjóri hefir þá námsmenn með góðum kjörum, og fær þar að auki alla þeirra vinnu sjálfur, þannig að honum er reiknað það upp í afgjald jarðarinnar. Sýndist því nefndinni ekki nema sanngjarnt, að hann kostaði verkstjórana. Er það og í fullu samræmi við verkkenslu Búnaðarfjelagsins. Styrkurinn til piltanna hækkar því um 350 kr., úr 1650 kr. upp í 2000 kr. Að sama skapi hækkar styrkur til verkkenslu í Hólaskóla úr 1000 kr. upp í 1450 kr.

25. till. er um laun fræðslumálastjóra, að þau lækki úr 5800 kr. í 5560 kr., sem er aðeins leiðrjetting.

Þá kemur 26. till., um prófdómara, Þennan lið leggur nefndin til að hækka úr 4000 kr. upp í 10000 kr., og er það eftir þeim upplýsingum, sem fengist hafa um þennan lið, því að sennilega hefir hann farið langt fram úr þeirri upphæð, sem lagt var til í frv. Ástæðurnar til þess, að þau útgjöld voru hækkuð svo mjög á síðasta ári, eru aðallega þær, að við síðustu breytingar á fræðslulögunum hefir þeim börnum fjölgað mjög mikið, sem taka þátt í prófum, fleiri prófdómendur hafa verið skipaðir og laun prófdómenda og prófara hafa hækkað að miklum mun.

Næst er 27. till., að liðurinn um kenslubækur fyrir barnaskóla falli niður. Nefndin viðurkennir þó þörfina fyllilega; en vegna þess, hve útgjöldin hafa aukist mikið til þessara mála í fjárlagafrv., leggur nefndin þetta til, sökum þess að þetta má frekast bíða.

Þá er 28. till., um að reisa nýja hjeraðsskóla, þar sem nefndin leggur til, að ríkissjóðstillagið hækki í helming kostnaðar. Lítur nefndin svo á, að þetta sje eitthvert mesta nauðsynjamál fyrir sveitirnar. Eins og við vitum, eru flestir skólar í kaupstöðum, og stendur til að auka þá að miklum mun samkv. þeim frv., sem liggja fyrir þinginu. En til þess að koma með eitthvað til jafnvægis móti kaupstaðaskólunum, þá hefir nefndin lagt til að styrkja sveitaskólana meira en verið

hefir. Vonast jeg til, að hv. þm. fallist á þessa brtt.

29. brtt. er í fullu samræmi við þá síðastnefndu; hún fer fram á að hækka byggingarstyrk til húsmæðraskóla á Laugum.

Þá kemur 30. brtt., sem er styrkur til Sigurbjargar Sveinsdóttur til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur. Þessi stúlka er 27 ára gömul og hefir verið blind svo að segja alla sína æfi, en er mesta efnisstúlka að öllu öðru leyti, hefir með mjög lítilli tilsögn lært að lesa bæði íslensku og dönsku á bækur fyrir blinda menn. Eru því fullar líkur fyrir því, að hún geti stundað þetta nám í Danmörku sjer til mikils gagns. Þetta fje, sem lagt er til að veita nú, var upphaflega veitt í fjárlögum 1921; en þá veiktist stúlkan og gat því ekki notað það. Þetta er því ekki annað en endurveiting.

Þá er 31. till., þar sem nefndin leggur til, að sundlaugastyrkur hækki úr 4000 kr. í 10000 kr. Þetta er gert til samræmis við það tillag, sem farið er fram á úr ríkissjóði til sundhallar í Reykjavík.

32. brtt., um náttúrufræðifjelagið, er eiginlega aðeins leiðrjetting, þar sem hafði misritast fyrirsögn.

33. brtt. er nýr liður: Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans, 300 kr. Þetta fjelag er stofnað til þess að efla menningarsamband milli Færeyja og Íslands, og þó að upphæðin sje ekki há, álít jeg, að hún geti gert sitt gagn. Færeyingar eru eina þjóðin sem þykist hafa ástæðu til að líta upp til okkar Íslendinga, og jeg held við ættum að meta það út af fyrir sig og láta þá njóta þess. Auk þess eru þeir eina þjóðin, sem stendur okkur svo nærri, að líkur eru til, að geti komist í svo náið samband við okkur, að hún geti lært að verulegu leyti það mál, sem við tölum. Getur bókmentum okkar orðið það styrkur að fá í viðbót við okkar fáu lesendur þær 20 þúsundir, sem Færeyingar munu nú vera.

35. brtt. er leiðrjetting og 36. sömuleiðis.

Þá kemur 37. brtt., nýr liður um alþýðufræðslu Stúdentafjel. Nefndin lítur svo á, að starf það, sem Stúdentafjelagið hefir haft með höndum undanfarin ár, sje svo mikilsvert, að ekki sje rjett að fella þennan lið að fullu niður. Það hefir yfir svo góðum kröftum að ráða, að ekki er nema sjálfsagt að nota þá að einhverju leyti í þjónustu uppfræðslunnar í landinu. En væri styrkurinn hinsvegar alveg feldur niður, mætti líta svo á, að þjóðin óskaði ekki eftir afskiftum Stúdentafjelagsins af þessum málum, og það tel jeg illa farið.

Þá er 38. till., um styrk til hinnar íslensk-dönsku orðabókar, 4000 kr., að því tilskildu, að ríkissjóður Dana leggi fram 8000 kr. Það kom beiðni um margfalt hærri styrk, sem nefndin gat ekki tekið til greina. En hún lítur svo á, að hjer standi dálítið öðruvísi á með þennan hluta styrksins. Því mun hafa verið lofað, að ríkissjóður Dana legði fram 25 þús. kr. móti 15 þús. frá landssjóði til orðabókarinnar. Var upphaflega gert ráð fyrir því, að kostnaður við orðabókina yrði greiddur að fullu, eftir því sem þá var álitið að þetta mundi kosta. En nú vantar einmitt þessar 12 þús. króna til þess að greiðslu verði lokið að fullu eftir þá gerðum samningum. Nú hefir ríkis-

sjóður Dana lofað 8 þús. kr. með því skilyrði, að landssjóður legði fram 4 þús. Þar sem þetta er uppfylling á áður gefnu loforði, finst nefndinni sjálfsagt að gera þessa till. Þar að auki stendur svo á, að þessar 12 þús. kr. voru teknar að láni hjá orðabókarsjóði, og verður tæpast komist hjá að greiða honum þá skuld. Þessi upphæð á að liggja á vöxtum hjer í landi og kaupa fyrir verðbrjef, svo að sanngirni mælir með því að draga þessar 8 þús. inn í landið.

40. brtt. er um jarðræktarlögin, að upphæðin hækki úr 140 þús. í 260 þús. kr. Þetta er bygt á þeirri útkomu, sem breytingin á jarðræktarlögunum 1926 hafði í för með sjer. Styrkupphæðin hefir sífelt farið hækkandi, og mun hjer síst reynast of hátt áætlað, þegar til kemur.

41. brtt. er um dýralækna, að fyrir 10000 komi 17000, sem ekki er annað en leiðrjetting samkv. launalögunum. Með 42. brtt. vill nefndin orða liðinn svo: Til þess að rannsaka búfjársjúkdóma, enda sjeu skýrslur birtar um árangurinn, 4000 kr. Nefndin vill aðeins tryggja landsmönnum það, að um leið og búið er að rannsaka einhverja búfjársjúkdóma, verði rannsóknirnar birtar á prenti, svo að hlutaðeigendur geti haft not af þeim.

Þá er 43. brtt., um bryggjugerð og lendingarbætur, að fyrir 15 þús. komi 12 þús. Með því að ekki lágu fyrir umsóknir um styrk nema frá Skálum á Langanesi, 10 þús. kr., og frá Flatey á Skjálfanda, 1800 kr., þá virðist þetta fyllilega nægja.

44. brtt. eru tveir nýir liðir, hinn fyrri um styrk til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá (lokastyrkur), alt að 17500 kr.

Meiri hl. nefndarinnar samþ. þessa till., enda þótt þingmenn virðist nú vera orðnir þreyttir á sífeldum styrkveitingum til þessa fyrirtækis. 1925 var gefið eftir lán til þessa fyrirtækis, sem þá átti að vera lokaveiting; svo kom viðbótarveiting 1926; 1927 hefir komið einhverskonar lokaviðbótarveiting, og nú kemur viðbótarlokaveiting 1928. Þeir, sem í fjvn. voru í fyrra, segjast hafa gefið einhvern ádrátt um, að þennan styrk skyldi veita á þessu þingi, og töldu sig þannig loforði bundna samkv. þeim orðum, sem þá höfðu fallið. Um þetta get jeg vitanlega ekkert borið, en þetta mun hafa verið samþ. á þessum grundvelli.

Þá er b-liður 44. brtt.: til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að 7 þús. kr. Gerðahreppur fór fram á hærra tillag, en vegna þess að venja hefir verið að veita ekki nema ⅓ kostnaðar til lendingarbóta, gat nefndin alls ekki lagt til hærra en þetta. Aftur á móti vissi hún, að með því hlutfalli gæti ekki orðið af þessu verki, vegna þess að efnahagur hreppsins leyfir það ekki. Jeg þarf ekki að lýsa ástandinu þarna; hv. þm. er það kunnugt frá fyrri árum og eins af nál. Hagur manna er svo bágborinn, að ekki er nokkurt viðlit fyrir þá að kosta þetta verk að stærra hlutfalli en þessu. Hinsvegar mundi þessi lendingarbót bæta mjög aðstöðu þessarar sveitar til að sækja sjóinn, sem er mjög fiskisæll þarna, þegar til næst; en lendingarleysi hefir mjög hamlað þeim frá sjósókn.

Þá er 45. brtt., sem er ferðakostnaður og skrifstofufje leiðbeinanda við húsagerð, að fyrir 1000 kr. komi 2000. Maður sá, sem nú hefir með höndum starf þetta, sótti til Alþingis bæði um aukinn styrk til skrifstofuhalds og til leiðbeininga, og þar að auki um hækkun launa. Maður þessi hefir mjög lág laun í sjálfu sjer, en mikla ómegð; og jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að launin sjeu óforsvaranlega lág, þó að nefndin hafi ekki getað orðið við að hækka þau. Það er algerlega ómögulegt fyrir hann að vinna sjer nokkuð inn með aukastörfum, eins og margir aðrir starfsmenn geta, með því að alt, sem hann vinnur sjer þannig inn, gengur til þess opinbera. Aftur á móti sá nefndin, að ef skrifstofukostnaður yrði ekki hækkaður, kæmi starf hans ekki að fullu liði. Því eftir því sem byggingar aukast í landinu, og þá sjerstaklega ef frv. um byggingar- og landnámssjóð kemst í gegnum þingið, þá er jeg sannfærður um, að ekki verður hægt að komast af með einn mann til þessara starfa, heldur verður að bæta öðrum við. Það liggur því í hlutarins eðli, að nota þarf starfskrafta þessa manns eftir því, sem föng eru á.

Þá er 46. brtt., nýr liður: Til vatnsrenslismælinga 2000 kr. Upphæð þessi hefir staðið í fjárlögum áður, og nú lagði vegamálastjóri mjög eindregið með því, að hún yrði tekin upp aftur. Telur hann mælingar þessar munu koma að miklu gagni fyrir væntanlegar vatnavirkjanir.

Þá er 47. brtt., um að hækka styrkinn til stórstúkunnar um 2000 kr. og nema burtu ákvæðið um, hvernig hún skuli verja hluta af honum. Þó að sumum þyki það ekki glæsilegt fyrir fjárhag ríkissjóðs, að mikið sje unnið að bindindisstarfsemi, þar sem tekjur hans af vínsölunni minka við það, þá sjer nefndin sjer þó ekki annað fært en verða að einhverju leyti við óskum stórstúkunnar, þar sem hún er alls góðs makleg fyrir starfsemi sína, og leggur því til, að styrkurinn til hennar verði hækkaður um þessar 2000 kr.

Þá kemur 48. brtt., nýr liður: Til Þorleifs Jónssonar póstmeistara 1200 kr. Hann hefir í hyggju að láta af starfi sínu um næstu áramót. Þar sem hann er þegar orðinn gamall maður og hefir lengst af gegnt ábyrgðarmiklu starfi með litlum launum, og lífeyrir sá, sem hann fær úr lífeyrissjóði, hrekkur honum engan veginn til framfæris, sá nefndin sjer ekki annað fært en verða við beiðni hans að nokkru leyti.

49. og 52. liður eru aðeins tilfærsla.

Þá hefir nefndin tekið upp nýjan lið, til Friðriks Jónssonar pósts 300 kr. Hann er þegar orðinn gamall maður og ætlar að láta af starfi sínu. Er því ekki nema sanngjarnt, að hann fái þennan litla lífeyri.

50. liðurinn kemur af sjálfu sjer, þar sem styrkþeginn, Hans Hannesson póstur, er dáinn.

Þá er síðasta brtt. nefndarinnar. nýr liður: Alt að 30 þús. kr. lán til Mjólkurfjelagsins Mjallar í Borgarnesi. Lánið veitist til 20 ára, með 5% vöxtum, og sje trygt með ábyrgð hluthafeigandi sýslufjelaga. Fjelag þetta hefir þá einu mjólkurniðursuðuverksmiðju, sem til er á landinu. Fyrirtækið hefir átt við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Það var stofnað á erf-

iðasta tíma, og hefir svo auk byrjunarörðugleikanna orðið fyrir því tjóni, að verksmiðjan brann til kaldra kola, einmitt þegar fjelagið virtist vera að komast úr mestu kreppunni. Fengu fjelagsmenn þá um 40—50 þús. kr. minna í brunabætur fyrir hana en hún hafði kostað þá. Varð þeim því tjónið af brunanum alltilfinnanlegt.

Sje nú hægt að spara mikið af því fje, sem gengur út úr landinu fyrir þessa vörutegund, með því að styðja verksmiðju þessa, þá er mikið unnið, auk þess, sem hún hjálpar bændum til þess að fá markað fyrir mjólkurframleiðslu sína.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þessar brtt. og læt bíða að tala um brtt. einstakra þm., þar til þeir hafa sjálfir mælt með þeim.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 293, 294, 353, 374).

Magnús Guðmundsson: Jeg á hjer örfáar brtt., sem jeg ætla að fara fáeinum orðum um. Það er þá fyrst brtt. XVII á þskj. 353, um 2000 kr. framlag úr ríkissjóði upp í kostnað við Steinstaðalaug í Skagafirði, sem við þm. Skagf. flytjum saman.

Ástæðan til þess, að við berum fram þessa brtt. er sú, að nú má telja víst, að hækkað verði framlag ríkissjóðs til sundlauga úti um land úr 1/5 upp í helming kostnaðar, í samræmi við þá upphæð, sem þetta þing mun samþykkja til sundhallar hjer í Reykjavík.

Það stendur svo á um þessa sundlaug, að hún var endurbygð á síðastl. sumri, og mun því vera svo að segja einasta sundlaugin á landinu, sem bygð er á þessum tímamótum, þegar hlutfallinu er breytt úr 1/5 í helming kostnaðar. Jeg veit ekki betur en að þessi endurbygging laugarinnar hafi kostað 16—17 þús. kr., svo að þótt veittar væru 4 þús. kr., yrðu þeir, sem þann kostnað bera, ver úti en þeir, sem hjer eftir vilja byggja sundlaugar. Jeg vona því, að hv. dm. virðist þetta sanngjörn krafa.

Þá eru tvær brtt. við 18. gr. Önnur er um lífeyri eða eftirlaun til Guðjóns Guðlaugssonar. Hann er nú kominn á áttræðisaldur og er fluttur hingað til Reykjavíkur fyrir nokkrum árum, en var, eins og kunnugt er, um langt skeið einhver mesti atkvæðabóndi þessa lands. Hann átti sæti hjer á þingi um nokkur ár, og var þá talinn bæði af andstæðingum sínum og samherjum einhver mikilhæfasti þingmaður. Hann hefir verið einhver mesti brautryðjandi úr bændastjett. En hjer þarf jeg ekki að nefna verk hans; þau eru hv. þm. svo kunn. En jeg get aðeins bent á stofnun ræktunarsjóðsins, sem hann átti mikinn þátt í, og gaddavírsmálið. Hann hefir nú keypt sjer býli hjer í nánd við Reykjavík, og hann er enn svo mikill ræktunarmaður, að hann getur ekki látið vera að leggja alt, sem hann getur, til ræktunartilrauna. Jeg vona því, að hv. þdm. sjái ekki eftir þessum styrk til hans.

Þá er brtt. XXIII á þskj. 353, um 300 kr. styrk til Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar.

Hann er nú dáinn fyrir nokkrum mánuðum, en þar sem þingið fann

ástæðu til þess að styrkja hann vegna langvarandi heilsuleysis, þá finst mjer líklegt, að þingið vilji nú styrkja ekkju hans, sem lifir hann með 6 eða 7 börnum, sumum kornungum.

Magnús Jónsson: Jeg ætla stuttlega að gera grein fyrir brtt. þeim, sem jeg flyt á þskj. 353.

Það er þá fyrst 9. brtt. á því þskj. Hún er orðuð svo, að ekki er von, að menn geri sjer í fljótu bragði grein fyrir, hvað í henni felst.

Þar stendur aðeins: „Til kenslu í söng 1200 kr.“ Þetta er svo til komið, að stúdentar í guðfræðideild háskólans hafa farið fram á það, að söngkennara einum hjer í bænum væri veittur þessi styrkur til þess að hann geti kent þeim söng. Í guðfræðideild háskólans hefir farið fram kensla í tóni og sálmasöng. Stúdentar hafa lært tónlögin og iðkað sálmasöng. Þeirri kenslu hefir verið misjafnlega uppi haldið, því að það er í raun og veru ekki svo mikið, sem menn þurfa að læra í þessu til þess að geta rækt starf sitt. En það, sem þessi brtt. fer fram á, er fólgið í því að kenna mönnum að beita röddinni rjett og gera hana sem hljómmesta og fegursta.

Nú stendur svo á, að völ er á ágætum söngkennara, Sigurði Birkis, til þess að kenna þetta. Hann hefir notið ágætrar kenslu í söng og hefir orð á sjer fyrir að vera fyrirtaks söngkennari. Þegar litið er á það, hvernig starf prestanna er metið, að bæði er litið á það, hvernig þeir eru í stól og hvernig þeir eru fyrir altari, þá er eðlilegt, að mikið sje leggjandi upp úr því, að þeir hafi lært alt, sem til hvorstveggja þarf. Nú miðar nálega öll guðfræðikenslan að öðrum þessum þætti í starfi prestsins í kirkjunni, en þá virðist ekki fjarstæða að fara fram á nokkurn styrk til þess að rækja einnig kenslu í hinu atriðinu.

Þess vegna er söngkenslan í guðfræðideildinni mjög áríðandi þáttur í undirbúningi stúdentanna undir prestsstarfið.

Auðvitað gerir sú kensla engan ósöngvinn og raddlausan mann að góðum söngmanni, en fyrir hina, sem geta sungið, er hún mjög æskileg. Það er naumast fyr en nú, þegar Sigurður Birkis settist að hjer í bænum, að völ er á góðum söngkennara.

Nú hafa nokkrir stúdentar úr guðfræðideild brotist í því að kaupa sjer tímakenslu í söng hjá þessum kennara. Og það er þeirra reynsla frá þessum söngtímum, sem verður til þess, að farið er fram á, að Alþingi veiti þennan styrk. Jeg vil nú mæla með þessari beiðni, því að hún er stúdentunum í guðfræðideild til stórhagræðis og er í raun rjettri námsstyrkur til þeirra. Söngkennarinn, Sigurður Birkis, hefir boðist til þess, ef hann fær þennan styrk, að láta þá hafa kenslu í söng fyrir miklu vægara verð en hann tekur annars fyrir tíma, bæði af því að hann hefir áhuga fyrir þessari kenslu og af því að þetta eru að nokkru leyti fastar tekjur fyrir hann.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þessa brtt., en vona, að hv. fjvn. leggist ekki á móti henni svo fast, að hv. þdm. treystist ekki til að greiða henni atkv.

Þá á jeg og 22. brtt. á sama þskj.,

um 3000 kr. byrjunarstyrk til þess að rita og styðja að útgáfu ítarlegrar sögu Íslands. Jeg skal geta þess þegar, til þess að villa engan, að þetta er aðeins fyrsta fjárveiting af mörgum, sem vafalaust mundu fylgja á eftir í þessu sama skyni.

Það er dálítið undarlegt, að ekki skuli vera til nein sæmilega fullkomin Íslandssaga. Það eru að vísu til tvö mikil sögurit, kirkjusaga Finns biskups Jónssonar, rituð á latínu, og Árbækur Espólíns. En bæði þessi rit eru nú úrelt og enda ófáanleg í bókaverslunum fyrir löngu. En frá síðari tímum eru ekki til nein sögurit, nema annarsvegar stuttar og ófullkomnar kenslubækur fyrir alþýðuskóla og hinsvegar nokkur vísindarit um einstök tímabil, sem hafa að bjóða ítarlegri og sjerstakari fróðleik og eru líka dýrari en svo, að almenningur geti notið þeirra.

Jeg ætla nú ekki að fara út í skraddaraþanka um nauðsyn þess að eiga sögu okkar skráða, en jeg held, að flestum muni finnast það varla vansalaust fyrir okkur, sjálfa söguþjóðina, að hún skuli engin til vera.

Við getum litið til frændþjóða okkar í þessu efni. Norðmenn hafa fyrir löngu skráð sína sögu, og Danir eiga mjög gott og skilmerkilegt rit, „Danmarks Riges Historie", og eru nú víst að gefa út 2 Danmerkursögur stórar.

Menn kunna ef til vill að segja, að okkar saga sje slík eymdarsaga, að þess vegna sje ekki ástæða til að halda henni á lofti. Jeg vil segja, að okkar saga sje svo stórmerkileg, að það sje full ástæða til að halda henni á lofti. Hún er að vísu engin landvinninga saga, því að Íslendingar hafa yfirleitt gert lítið að því að leggja undir sig lönd og bý og brytja niður blámenn og berserki.

En sagan um það, hvernig þjóðin hefir nú samt hjarað hjer á hala veraldar og geymt menningu sína gegnum allar eymdir og basl, sú saga held jeg, að sje ekki ómerkileg. Það hefir og verið sagt, að Íslendingar hafi gaman af sögum og sögnum, svo að þeim ætti þá ekki að þykja leiðinlegt að lesa sína eigin sögu. Enda ættum við Íslendingar síst að amast við sagnaritun, því að það er einmitt hún, sem við erum frægir fyrir um allan heim — og ekkert annað. —

Jeg veit, að það muni aðallega verða tvenskonar örðugleikar á þessu verki. Annarsvegar eru örðugleikarnir á því að fá söguna vel *ritaða*, og hinsvegar á því að fá hana *gefna út* í svo ódýrri útgáfu, að allur almenningur geti eignast hana. Því að jeg vil leggja áherslu á það, að bókin verður að vera við alþýðu hæfi, um leið og hún er ítarlegt fræðirit.

Jeg hygg, að vel sje hægt að fá bókina sómasamlega skrifaða, með því að skifta niður verkinu milli þeirra manna, sem lærðir eru í sögunni, og þá má fá nóga menn, sem prýðilega rita.

Hitt atriðið, hvernig hægt er að koma slíku verki út svo ódýru, að allur almenningur geti eignast það, er mjög einfalt mál. Það þarf að styrkja útgáfuna með fje, og því ríflegar sem það er gert, því ódýrari verður bókin.

Það hefir verið ráðgert, að bókin verði 10 bindi og hvert bindi 25—30 arkir; verður því farið fram á 10 sinnum þessa fjárupphæð í þau tíu ár, sem bókin er að koma út. Ef þessi styrk-

ur, sem hjer er farið fram á, væri veittur, mætti vænta þess, að sáttmálasjóður háskólans sæi sjer fært að leggja eitthvað á móti, og ætti þá að vera hægt að selja hvert bindi á 10 krónur í ljereftsbandi, svo að allir þeir, sem vilja og óska, geti eignast bókina.

Þeim, sem hugsa, að það sje óþarfi að hafa þessa Íslandssögu svona stóra, get jeg sagt það, að því fer svo fjarri, að hjer sje um langa Íslandssögu að ræða, í samanburði við efnið, sem um er ritað, en ritið verður bæði miklu gagnlegra og skemtilegra með því að hafa frásögnina lausa við allan flaustursbrag, en á hinn bóginn verður líka að sneiða hjá því skeri að gera hana óaðgengilega sakir of mikillar lengdar. Menn geta sannfærst, að saga þessi er ekki ýkjalöng, ef þeir athuga, að hinu mikla ritverki Páls Eggerts Ólasonar, sem er í fjórum stórum bindum, verður hjer þjappað saman í eitt bindi, ekki stórt. Af þessu sjest, að ekki á að teygja lopann, en orðið hefi jeg var við vantrú á því, að hægt yrði að skrifa bókina vísindalega, þar sem plássið yrði ekki meira en þetta. Ef ritið hinsvegar yrði haft styttra, yrði það vart annað en þurt registur viðburða og ártala.

Náttúrlega má segja, að ekki sje tímabært að veita þetta fje, á meðan ekkert fjelag er myndað í þessum tilgangi; en það er varla von, að slíkt fjelag sje myndað fyrr en fjeð er fengið. Og ef þessi fjárveiting verður samþykt, má ganga að því vísu, að nokkrir áhugamenn taki höndum saman og kjósi framkvæmdarnefnd til að hrinda þessu áfram, en kenslumálaráðuneytið ætti að hafa umsjón með styrknum og greiða einungis styrk fyrir þau bindi, sem út eru komin. Enda er ekki að því komið, að þessi fjárveiting sje handbært fje, þar sem þessi fjárlög eru fyrir árið 1929.

Jeg hefi gert ráð fyrir, að sáttmálasjóður sæi sjer fært að veita t. d. 2000 kr. fyrir hvert bindi, svo að styrkurinn yrði 5000 kr. alls á hvert bindi, og færi fyrir ritlaun, landsuppdrætti, myndir og annan aukakostnað, svo að útgefendur þyrftu aðeins að sjá fyrir prentun, pappír og öðrum vanalegum kostnaði. Jeg vil ekki þreyta með því að fjölyrða meir um þetta, en jeg er þess fullviss, að verði þetta gert, mun bæði Alþingi og sáttmálasjóður hafa sóma af. Slíkt rit sem þetta verður lesið upp til agna af 1—1½ kynslóð, enda kemur það til með að bera af hinum mörgu ómerkilegu bókum, sem nú eru gefnar út, og standa út úr eins og áður gerðu Árbækur Espólíns og kirkjusaga Finns biskups.

Þá er enn brtt. frá mjer. Hún er í þrem liðum og eru tveir hinir fyrri út af orðabók Sigfúsar Blöndals. Fjvn. hefir bætt við þriðja liðnum út af orðabókinni og gert grein fyrir honum í nál., en hann gengur út á, að veittur verði 4000 kr. styrkur til orðabókarinnar, að því áskildu, að Danir greiði 8000 kr. Styrkurinn er greiðsla til orðabókarsjóðsins á láni, sem veitt var úr honum til þess að hægt væri að greiða til fulls kostnað við útgáfu bókarinnar samkvæmt fyrirfram gerðum samningi. En ríkjunum báðum ber siðferðileg skylda til að greiða þessar upphæðir. Mínar brtt. eru í raun og

veru náskyldar till. fjvn., munurinn aðeins sá, að fjvn. leggur til, að borgað verði úr ríkissjóði það, sem beinlínis hefir staðið í samningum, en jeg legg til, að borgað verði það, sem sjálfsagt og sanngjarnt er að borga, nefnilega uppbót til Gutenbergprentsmiðju fyrir aukakostnað við prentunina og Jóns Ófeigssonar fyrir vinnu við bókina. Saga málsins er á þá leið, að þegar farið var að prenta orðabókina, voru gerðir samningar við Gutenberg um prentunina, eins rýmilegir og prentsmiðjan sá sjer fært, og við Jón Ófeigsson um prófarkalestur. Samningarnir voru gerðir út í bláinn og engin vissa, hve bókin yrði stór eða dýr, en þeir voru gerðir í því trausti, að ríkin tvö stæðu á bak við og myndu ekki þröngva kosti þeirra, er að bókinni ynnu.

Það, sem skifti máli fyrir Gutenberg, var það, að í samningunum var ekki gert ráð fyrir neinni aukaþóknun fyrir breytingar á próförkum, svo sem þó er venja til. Það var gert ráð fyrir, að breytingarnar yrðu ekki miklar, en svo fór, að þegar fyrsta próförk var sett, var hún send til ýmissa fræðimanna, er gerðu sínar tillögur, sem svo Jón Ófeigsson vann úr og færði inn á prófarkirnar. Varð þetta til þess, að próförkunum var með öllu umsteypt, og hafði það geipilegan aukakostnað í för með sjer fyrir prentsmiðjuna. Hjer við bættist svo það, að laun prentara hækkuðu á tímabilinu, svo að prentsmiðjan beið mikinn halla, sem hún reiknar sjer miklu meiri en þeirri uppbót nemur, er hjer er farið fram á. (**HG:** 33 þús. kr.). Já, það stendur heima. Í minni till. er gert ráð fyrir 20 þús. kr. uppbót. Jeg vildi ekki fara lægra og finst þetta sanngjörn krafa, þó að ekki sje hún lagaleg. Það er kunnugt, að prentsmiðjan leysti verk sitt snildarlega af hendi, svo að hliðstætt prentþrekvirki er ekki hjá okkur, að Guðbrandsbiblíu undantekinni, sem var snildarverk á sínum tíma. Satt að segja bjóst jeg ekki við, að hægt væri að prenta bókina hjer heima með svo góðum frágangi. Auk þess, sem nú er talið, situr prentsmiðjan með mikið eftir af letri; það varð að hafa einar átta arkir undir í einu, og er varla hægt að hugsa sjer slíka leturmergð, auk þess sem erfitt er að taka „typurnar" sundur aftur, og mun jafnvel ekki lokið enn.

Samningurinn, sem Jón Ófeigsson gerði, var miðaður við 4 kr. á klukkustund. Er sú borgun miðuð við tímakenslukaup, og er það sannarlega ekki ofborgun fyrir annað eins verk. Nú reyndist vinna sú, er Jón Ófeigsson leysti af hendi, meiri en við var búist, svo að hann fjekk ekki nema sem svarar 2 kr. fyrir tímann, og fer hann því fram á, að sjer verði veitt uppbót, sem nemi því, að hann hefði fengið 3 kr. fyrir klukkustundina. Mín tillaga gengur út á, að hann fái 10000 króna uppbót, sem skiftist í fjórar greiðslur, en uppbótin til Gutenbergs skiftist niður í fjórar greiðslur, sem hver sje 5000 kr., eða 20 þús. kr. alls. Er þetta gert, svo að það sje aðgengilegra fyrir ríkissjóð.

Jeg vildi óska, að Alþingi væri svo víðsýnt og svo stórmannlegt að borga þetta möglunarlaust, og jeg er viss um, að orðabókin verður einn af stærstu bautasteinunum, sem síðari kynslóðir sjá yfir moldum okkar kynslóðar. Það eru tvö slík mál, sem jeg

hefði viljað styðja af alefli; hitt voru landmælingar Generalstabens, er því miður fjellu niður og voru mikið menningarmál.

Um 3. lið þessarar seinni till. minnar, sem fjallar um styrk til Barða Guðmundssonar, hefi jeg lítið að segja annað en mæla hið besta með henni. Jeg býst við, að allir kannist við nafnið, og jeg segi það hiklaust, að maðurinn er að mínu viti frábær í þessari grein og hefir mikla og góða hæfileika til sagnfræðiþekkingar. Jeg kyntist Barða í mentaskólanum, og var það óvenjulegt um hann, að hann hafði ekki aðeins lagt stund á sögurit þau, sem kend eru þar í skólanum, heldur hafði hann einnig lesið mörg stór sagnfræðirit, t. d. Fornbrjefasafnið, Munk, Keyser, Maurer o. fl., enda hefi jeg aldrei þekt annað eins „fenomen" í sögu. Jeg skal ekki spá neinu um það, hvað úr hæfileikum Barða verður, þegar hann hefir lokið prófi, en hann fer þá illa með góðar gáfur, ef ekki verður mikið úr honum. Barði er svo einhæfur, að honum ætlaði að ganga erfiðlega að ljúka stúdentsprófi vegna áhugaleysis á stærðfræði, en það eru oft einhæfustu mennirnir, sem skapa stærstu verkin og merkilegustu.

Faðir Barða mun vera sæmilega efnaður maður, enda hefir hann styrkt son sinn mikið. Sjálfur er Barði kvæntur og á við erfiðan hag að búa. Hann er nú að lesa undir próf og jafnframt að semja ritgerð um tímatal til forna; mun hann hugsa til þess að hljóta doktorsnafnbót samtímis því að hann lýkur embættisprófi. Barði hefir sent mjer ritgerð eftir sig um kafla úr sögu Svíþjóðar, og er þar sumt svo skarplega ritað og rökfast, að vart mun það haggast, þó að á ný sje það rannsakað. Jeg spái engu um það, hvort þessar 1200 kr. koma að gagni, en hæfileikar Barða eru svo ótvíræðir, að sjálfsagt virðist að veita styrkinn.

Jeg hefði ef til vill viljað drepa á fleiri till., en úr því að svo mjög hefir teygst úr þessu fyrir mjer, vil jeg ekki tefja aðra þm. með því að tala lengur.

Pjetur Ottesen: Jeg og hv. 2. þm. Skagf. (JS) höfum komið með 4 brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Þrjár af þeim eru um að fella niður liði, sem nema 17000 kr., en sú fjórða um að setja ákvæði um ráðstöfun á sjerstakri fjárveitingu. Vil jeg gera grein fyrir þessu með nokkrum orðum. Er það þá fyrst till. um að fella niður styrkinn til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga. Á síðasta þingi kom fram till. um að veita 11000 kr. byggingarstyrk fyrir húsmæðraskóla á Laugum í sambandi við unglingaskólann þar. Till. var feld, en kemur nú aftur í sömu mynd, nema hvað fjvn. hefir lagt til, að styrkurinn til unglingaskóla miðist við ½ byggingarkostnaðar í stað ⅔ áður, og er því hlutfalli og fylgt hjer, en það hefir þau áhrif, að styrkurinn hækkar úr 11000 kr. upp í 13000 kr. Um húsmæðrafræðsluna er ekki nema alt gott að segja, ef hún er rekin „praktiskt" og lögð áhersla á að kenna efnasamsetningu fæðutegundanna og hagnýtingu þeirra. Jeg er og henni meðmæltur og skal ekki neita, að mikið verk er að vinna á þessu sviði. En það er með þessa skóla sem aðra, að mikið kostar að koma þeim upp og reka þá, og því ríður á, að alt sje vel íhugað áður en ráðist er í framkvæmdir.

Kostnaðurinn til skólahalds í landinu vex með ári hverju og er orðinn hár útgjaldaliður. Til skólabygginga er varið miklu fje, en meira þó til rekstrar skólunum, eftir að þeir eru komnir upp. Því fanst mjer og háttv. 2. þm. Skagf., að nauðsynlegt væri áður en veitt er fje til byggingar húsmæðraskólans á Laugum, að athugað yrði, hvað gerlegt væri að reisa marga slíka skóla, og það því fremur, sem fram hafa komið till. um að hækka styrkinn frá ríkinu, en því fleiri skólar, sem reistir eru, því meiri verður auðvitað rekstrarkostnaðurinn, ef á að halda þeim í sæmilegu horfi, og varla getur þingið verið þekt fyrir að kippa að sjer hendinni þá, því að það er sama og að leggja skólana niður.

Það bar á góma í fjvn., að ekki væru nein lög til um fyrirkomulag alþýðuskólanna. Þess er þó að gæta, að till. allar miðast við þá skipun, sem er á þessum skólum nú, og sömuleiðis allar framkvæmdir á byggingum nýrra alþýðuskóla, svo að það virðist komið fast skipulag á það, hvernig alþýðuskólunum skuli haga, þó að ekki sje til nein löggjöf um þetta efni. Um húsmæðraskólana gegnir alt öðru máli, þar er alt á meira reiki. Svo vil jeg benda á það, að auk þeirra skóla, sem nú hafa húsmæðrakenslu á hendi, var samþ. á þingi 1917 frv. til laga um húsmæðraskóla á Norðurlandi, sem fyrirhugað var að reisa í Eyjafirði. Jeg býst við, að hæstv. núverandi fjmrh. hafi átt þátt í flutningi þess frv. — Á því þingi var gert ráð fyrir, að byggingarstyrkur yrði veittur til skólans strax og dýrtíðinni ljetti. Það hefir ekki verið gert enn, og hafa þó komið fjárbænir úr Eyjafirði á undanfarandi þingum í þessu augnamiði. Önnur framkvæmd í þessu efni er sú, að koma á stofn húsmæðrafræðslu í sambandi við skólann á Laugum. Í þriðja lagi er till. um húsmæðraskóla á Hallormsstað. Hjer er því um að ræða 3 skóla með ekki miklu millibili. Okkur virðist því vakna sú spurning, hvort gerlegt sje kostnaðar vegna að reisa svo marga slíka skóla og hvar sje heppilegt að reisa þá til þess að vænta megi góðs árangurs. Og jafnframt ber á það að líta, hvað ríkissjóður treystist til að leggja fram á móti viðkomandi hjeruðum og hve mikils fjár er hægt að afla þeim til rekstrar, eftir að þeir eru teknir til starfa. Því að það leiðir af sjálfu sjer, að skólana verður að styrkja með allverulegum fjárframlögum. Óðruvísi geta þeir ekki náð tilgangi sínum. Þetta er nauðsynlegur grundvöllur, sem við þurfum að leggja fyrst, áður en ráðist er í einstakar framkvæmdir. Það verður að koma á þessi húsmæðrafræðslumál föstu skipulagi. Með því að ekkert liggur fyrir í því efni, leggjum við hv. 2. þm. Skagf. til að fella þessa styrkveitingu niður nú að þessu sinni.

Önnur brtt., sem jeg þarf að minnast á, er við 15. gr., XX. brtt. á þskj. 353, styrkur til hljómsveitar Reykjavíkur. Þessi hljómsveit nýtur nú samkvæmt gildandi fjárlögum 1800 kr. styrks, en er tekin upp í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar með 2200 kr. hækkun, eða 4000 kr. styrk. Við flm. brtt. getum ekki sjeð ástæðu til að hækka þennan styrk svo mjög. Till. okkar er á þá leið, að hann verði lækkaður aft-

ur niður í 2000 kr., og er hann þó 200 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

Þriðja brtt. okkar er einnig við 15. gr. og fer fram á það að fella niður styrk til Björns Jakobssonar, 4 þús. kr. til íþróttakenslu.

Árið 1926 var á þingi borin fram till. um að veita þessum sama manni 6 þús. kr. styrk til þess að halda íþróttaskóla í Þingeyjarsýslu. Nú er að vísu farið fram á lægri fjárupphæð, en hinsvegar er styrkurinn ætlaður til íþróttakenslu, en ótiltekið hvar. Og ekkert er tekið fram um það, hvernig henni skuli haga. Það er ekkert minst á þessa fjárveiting í aths. við fjárlagafrv. nje gerð önnur grein fyrir þessu. Þessi maður er, svo sem kunnugt er, kennari við mentaskólann og starfar að leikfimikenslu þar. Jeg geri ráð fyrir, að ekki sje meiningin, að hann haldi því embætti og fái þennan styrk að auki, heldur sje svo til ætlast, að hann láti af embætti og gefi sig óskiftan við þessari íþróttakenslu. Þar sem ekkert er um þetta sagt neinstaðar, enda vitað, að þetta er sett óhugsað og út í loftið, þá sjáum við ekki ástæðu til að veita þennan styrk, og það því síður, sem styrkur til ungmennafjelaganna hefir verið hækkaður til eflingar íþróttum.

Fjórða brtt. er við 16. gr. Upp í 16. gr. hefir hæstv. stjórn tekið nýjan lið um 4000 kr. til steinsteypukenslu. Jeg get vel fallist á, að æskilegt sje, að almenningur fái leikni í því að steypa steina í hús, það því fremur, sem framtíðarlausnin á vandamálum okkar í byggingum hlýtur að verða sú, að alment verði farið að byggja úr steini. Mikil vanþekking hefir til þessa ríkt í þessu efni meðal manna og hafa landsmenn beðið af því mikið tjón. En það er ekki gerð nein grein fyrir því í frv., hvernig þessari kenslu skuli haga. Því höfum við, jeg og hv. 2. þm. Skagf., gert till. um, að þessi kensla fari fram við bændaskólana og unglingaskólana, þar sem því verður við komið. Við bændaskólana mun altaf hægt að fá menn, sem geti haft þessa kenslu á hendi, og í sumum tilfellum einnig við unglingaskólana.

Jeg hefi þá stuttlega gert grein fyrir þessum 4 brtt. okkar hv. 2. þm. Skagf. Það hefði verið ástæða til þess að vísu að minnast á fleiri liði, en bæði fer til þess tími og þó öllu frekar hitt, að ekki er til að dreifa svo mikilli athygli hjer í þessari háttv. deild nú sem stendur fyrir því, sem menn hafa fram að bera, að eyðandi sje tíma og fyrirhöfn í það.

Þó eru 2 eða 3 brtt. frá fjvn., sem jeg get ekki látið hjá líða að minnast á. Fjvn. fer fram á hækkun á styrk til Stórstúku Íslands úr 10 þús. kr. upp í 12 þús. kr. Háttv. frsm. hefir þegar gert grein fyrir þessu, og þarf jeg því ekki að bæta nema örlitlu við. Stórstúkunni hefir undanfarið mikið orðið ágengt í útbreiðslu bindindis, og tala þeirra, sem gengist hafa undir merki goodtemplarareglunnar, hefir ár frá ári aukist stórkostlega. Til dæmis skal jeg lesa upp fjelagatölu reglunnar 4 síðustu árin:

Árið 1925 voru meðlimir reglunnar samtals 6467, árið 1926 7000, árið 1927 8586 og loks árið 1928 10685.

Þetta er engin smáræðis viðbót á svo skömmum tíma. Það er gleðilegt, að þeim mönnum fjölgar, sem vilja

helga því starfi krafta sína að útrýma drykkjubölinu hjer á landi.

Á það hefir verið bent, hve útsala Spánarvína hafi minkað síðastl. 3 ár bæði hjer í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Yfirlit yfir þann samdrátt vínsölunnar er á þá leið, að í Reykjavík var selt árið 1925 fyrir 1 milj. kr., árið 1926 fyrir 816 þús. kr. og árið 1927 fyrir 582 þús. kr. Þetta er næstum því helmings lækkun. En í Vestmannaeyjum er lækkunin hraðstígari, sem sjá má af því, að árið 1925 er selt fyrir 196 þús. kr., árið 1926 fyrir 146 þús. kr. og loks árið 1927 aðeins fyrir 62 þús. kr. Vínsalan hefir með öðrum orðum minkað þar um ⅔. Það er bersýnilegt, að hjer eru margir og mikilvirkir kraftar að starfi. Eftir því sem starfið er meira og grípur yfir stærra svæði, því meira fje útheimtist til þess. Mjer finst, að sú minsta viðurkenning frá Alþingi til stórstúkunnar fyrir vel unnið verk, sem hún mun og halda áfram að auka og endurbæta, sje það, að hækka styrkinn til hennar upp í 12 þús. kr.

Enn er brtt. við 22. gr., um að heimila stjórninni að lána úr viðlagasjóði mjólkurfjelaginu Mjöll í Borgarfirði 30 þús. kr. til þess að koma fyrir sig fótum um mjólkurniðursuðu. Jeg hefi litlu við að bæta það, sem stendur í glöggri greinargerð með nál. fjvn., enda hefir og hv. frsm. (BÁ) prýðilega gert grein fyrir nauðsyn þessa máls. Þetta mun vera eina fjelagið í landinu, enn sem komið er, sem bygt er á þeim grundvelli eða hefir með höndum niðursuðu á mjólk og byrgir þannig upp aðra hluta landsins með innlendri mjólkurframleiðslu, er ekki eiga kost á að framleiða næga mjólk sjálfir. Eins og nú er komið ræktun landsins, er hægt að sjá öllum landsmönnum fyrir nægri mjólk með þessu móti. En þetta er einasta leiðin til þess, að því verði komið í verk, því að með niðursuðu má geyma mjólkina óskemda um lengri tíma og senda hvert á land sem vill. Þetta er ekki aðeins hagsmunamál fyrir landið í heild, það er auk þess metnaðarmál og það er sjálfstæðismál.

Jeg vil aðeins benda á að lokum, að komnar eru fram 3 brtt. um endurgreiðslu á fje, sem lagt hefir verið til vegagerða. Þetta á rót sína að rekja til þess, að tekin var upp í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar eftirgjöf á láni, sem veitt var til Flóavegar í Árnessýslu. Jeg á þátt í einni þessara brtt., á þskj. 353,XXXVI, sem er um það að endurgreiða Borgarfjarðar- og Mýrasýslu fjárframlag sýslnanna til Borgarfjarðarbrautar. Jeg þarf ekki að mæla með þeirri brtt., því að háttv. aðalflm. (BÁ) mun gera grein fyrir henni, þegar hann tekur næst til máls.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi segja fáein orð, bæði til skýringar einstökum liðum í fjárlagafrv. og til þess að svara ræðu hv. þm. Borgf. (PO). Það vill svo til, að hann mintist á tvö eða þrjú atriði, sem jeg átti þátt í að koma inn í stjfrv. Jeg kem þá fyrst að húsmæðrafræðslunni. Það er öllum kunnugt, að mjög lítið hefir verið gert til þess að efla hana til þessa. Dálítil byrjun í þá átt er hinn litli skóli á Staðarfelli, sem settur var af stað í fyrra. Jeg geri ráð fyrir, að hann haldi áfram með líku sniði og nú, ekki mjög stór. Jeg býst við, að forstöðukonan álíti nóg áskipað að

hafa þar 15—20 námsmeyjar. Það segir ekki mikið fyrir heilan fjórðung.

Blönduósskólinn má kallast hafa verið ríflega styrktur, og tel jeg það ekki eftir. Sá skóli er að vísu með nokkuð öðru sniði en reglulegur húsmæðraskóli, því að hann er bóklegur að miklu leyti.

Jeg hefi átt talsverðan þátt í að breyta hlutfallinu, sem hv. þm. (PO) mintist á. Jeg álít, að á næstu árum þurfi að koma á stofn húsmæðrafræðslu í sambandi við unglingaskóla í sveitum og koma upp skólaeldhúsum í kaupstöðunum. Þó að hjer í Reykjavík geti 24 stúlkur á vetri — þar af margar utan af landi — fengið húsmæðrafræðslu, þá hefir það nauðalítið að segja fyrir bæinn.

Eftir því sem áhugi og skilningur vex í þessum efnum, hlýtur að draga nær því, að Reykjavík fái sína vinnustofu í matargerð, án heimavistar, eins og nú er. Jeg hugsa mjer þetta stórt skólaeldhús, þar sem 100—150 stúlkur nytu kenslu á vetri í matreiðslu og hreinlæti. Þannig yrði það í stærri kaupstöðunum. Það er þegar komin byrjun til þessa á Ísafirði. Í sveitum er auðvitað ekki að tala um annað en heimavistarskóla. En það segja mjer konur, sem best vit hafa á þeim málum, að ekki sje æskilegt, að heimavistarskólar í hússtjórn sjeu mjög stórir. Því verður ekki neitað, að þessi tilraun á Staðarfelli sje tiltölulega mjög ódýr fyrir landið. Þessi 3000 kr. styrkur til Staðarfellsskólans er ekki stór. Jeg er sannfærður um, að hann þyrfti að vera 4000 kr. Borinn saman við hann er Blönduósskólinn miklu kröfuhærri.

Mín meining er sú, að vinna að því að koma upp 2—3 mismunandi stórum skólum. Húsmæðradeildin á Laugum verður mjög lítil, áætlað að hún taki aðeins 14—15 nemendur. Í öðru lagi á að leggja fram ofurlítinn styrk til þess að efla dálítinn vísi til húsmæðrafræðslu á Austurlandi.

Þriðji staðurinn er í Eyjafirði. Það mál stendur á gömlum merg og verður væntanlega leyst á næstu 2—3 árum.

Jeg vil skjóta því til hv. þm. Borgf., að það er síst of mikið gert fyrir húsmæðrafræðsluna í þessu landi.

Á Suðurlandi rís sennilega upp alþýðuskóli, hvort sem það nú verður eftir eitt eða fleiri ár; og alþýðuskólinn í Borgarfirði á að taka miklum stakkaskiftum á næstunni. Það stendur sem sje til að auka og bæta Hvítárbakkaskólann og helst flytja hann á einhvern „heitan stað“ í hjeraðinu. Jeg vil spyrja háttv. þm. Borgf., hvort hann haldi, að það verði of mikið, ef t. d. við Borgarfjarðarskólann starfi sjerstök húsmæðradeild með svo sem 15 námsmeyjum. Mín trú er sú, að ekki veiti af því. Þetta kemur hægt og hægt og þörfin verður meiri og meiri og augu manna uppljúkast fyrir því æ betur.

Það er óreiknanlegt það tjón, sem þjóðfjelagið hefir beðið fyrir vankunnáttu á þessu sviði. Og til þessa hefir verið mjög lítið gert af þjóðfjelagsins hálfu til þess að hjálpa til að koma í veg fyrir, að þjóðin bíði fjárhagslegan skaða og heilsuspilli af því, að húsmæður eiga ekki völ á nægilega góðri fræðslu, áður en þær takast á hendur sitt vandasama verk á heimil-

unum. Þær hafa ekki haft aðra mögu-leika en þann, er jeg hefi þegar um getið í Reykjavík.

Mjer finst ekki lítið í það varið, að nú er verið að byrja nýja leið í þess-um uppeldismálum kvenna.

Það er nægilega erfitt fyrir hjeruð-in, ef þau eiga að leggja fram helm-ing kostnaðar til ungmenna- og hús-mæðraskóla. Engum ætti að vera um það kunnara en einmitt háttv. þm. Borgf., hve erfitt hefir verið að halda Hvítárbakkaskólanum uppi og hve mikið einstakir menn í hjeraðinu hafa á sig lagt í peningalegu tilliti til þess að standa straum af honum. Af því ætti hann að geta ráðið, hve miklum erfiðleikum þetta líka er bundið ann-arsstaðar.

Jeg lít svo á, að unglingaskólarnir sjeu nær því að hæfa þörfum þjóðar-innar heldur en búnaðarskólarnir. Þar er verið að leita eftir fyrirkomu-lagi, sem við megi una, en hjer hefir þjóðin reynslu, sem hún vill byggja á. Á næstu 3—4 árum ætti að vera hægt að reisa skóla á 4 stöðum í landinu. Mest er þörfin á skóla á Suðurlands-undirlendinu. Ef Borgfirðingar og Mýramenn hallast að því að selja Hvítárbakka og flytja skólann upp í hjeraðið að einhverjum hvernum, væri þar annar skólinn. Og svo eru Núps-skólinn og Laugaskólinn, fyrir utan Eiða, sem nú standa föstum fótum. Jeg hugsa ekki hærra en þetta, að hægt væri að grípa inn á þessum 4 stöðum.

Jeg legg alveg að jöfnu húsmæðra-fræðsluna og unglingafræðsluna. Hús-mæðrafræðsla er aðeins dálítil nauð-synleg viðbót við unglingafræðsluna. Verkleg kensla ætti að vera meiri við unglingaskólana, smíðar o. s. frv.

Háttv. þm. (PO) var ekki ánægður með steinsteypukensluna, eða öllu heldur, að ekkert er tekið fram í frv. um það, hvernig henni skuli haga eða hvar hún skuli fram fara. Jeg ætla að nota tækifærið til þess að skýra það mál.

Halldór skólastjóri á Hvanneyri hefir um nokkurt skeið verið að hugsa um að koma á hjá sjer við skólann kenslu í steinsteypu. Hefir hann ver-ið að ráðgast við þá Guðmund pró-fessor Hannesson og Guðjón húsa-meistara Samúelsson, en ekkert hefir enn orðið úr framkvæmdum.

Jeg hefi líka haft mikla trú á nyt-semi slíkrar kenslu og ljet gera til-raun á Laugum í vetur. Aðstaðan er þar yfirleitt góð, og ljet skólastjórinn þar byggja torfhús, sem er hitað upp með hveravatni. Þarna steypa pilt-arnir daglega, og verða það alls yfir veturinn um 2000 steinar. Jeg lofaði skólastjóranum, að ríkissjóður skyldi leggja til sementið, komið í næsta kaupstað.

Þetta hefir gengið ágætlega, og ef vel gengur næsta vetur, ættu þeir að geta komið sjer upp leikfimihúsi úr steinum, er nemendur steypa sjálfir.

Með þessu er fundin upp ný leið til þess að byggja upp alþýðuskól-ana hjer á landi, og á þennan hátt geta skólarnir sjálfir smátt og smátt aukið nauðsynleg húsakynni sín, og jeg get sagt háttv. þm. Borgf. það, að jeg er þess fullviss, að ef Borgfirð-ingar flytja skóla sinn á einhverja hverajörð, þá muni þeir nota þetta ráð til þess að koma sjer upp skóla smátt

og smátt, landinu að kostnaðarlitlu. Þannig ættu skólarnir að geta risið upp ár frá ári, eins og klaustrin áður fyr, sem munkarnir bygðu að mestu leyti sjálfir. En nú ætti það að verða svo, að nemendurnir reistu skólana. Og sú reynsla, sem þegar er fengin, sýnir, að þetta er meira en draumsýn, því hún bendir einmitt eindregið í þá átt, að þetta muni auðveldlega takast.

Jeg hefi þegar rætt um þetta á fjölmennum fundi á Akureyri og sömuleiðis á fundum, sem haldnir voru í stúdentafjelagi Reykjavíkur í haust og sem aðallega snerust um uppeldismál. Á báðum þessum stöðum fjekk þetta mál góðar undirtektir, og sjerstaklega var því vel tekið af hinum háskólagengnu mönnum.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er það ætlun mín, að sem flestir skólar verði bygðir þannig upp og stækkaðir, svo sem búnaðarskólar, Eiðaskólinn, Hvítárbakkaskólinn, Suðurlandsskólinn væntanlegi og gagnfræðaskólinn í Reykjavík, og jeg er að því leyti mótfallinn brtt. háttv. þm. Borgf., að jeg álít það ávinning fyrir þetta mál, að þessi verklega kensla fari sem víðast fram og komi þannig að mestum notum. Og þá fyrst álít jeg þetta komið í gott horf, þegar steinsteypa og trjesmíðar eru orðnar nokkurskonar heimilisiðnaður.

Þá kem jeg að brtt. þeirri, er 3 hv. þm. Alþýðuflokksins bera fram, þess efnis, að Slysavarnafjelagi Íslands verði veittar 10 þús. krónur. Um þetta er í sjálfu sjer ekkert nema gott að segja, en jeg vil aðeins taka það fram, að við væntanlega byggingu nýs strandvarnarskips mun verða lagt töluvert í kostnað við björgunartæki, sem á því eiga að verða, því þau skip, sem við höfum nú, eru ekki þannig úr garði gerð, að þægilegt sje að koma fyrir fullkomnum björgunartækjum á þeim. Og hvað Slysavarnafjelag Íslands snertir, þá er það ungt og óreynt, og því ekki vert að fara sjer að neinu óðslega með fjárveitingar til þess, fyr en það hefir sýnt í verkinu, hvað það megnar.

Þá hafa þeir háttv. þm. Borgf. og háttv. 2. þm. Skagf. lagt til, að lækkaður yrði um helming styrkur til Hljómsveitar Reykjavíkur. Það er nú að vísu svo, að hinn venjulegi styrkur til hennar er í raun og veru nægilegur. En vegna hátíðarinnar 1930 stendur dálítið sjerstaklega á með þetta, og það er fyrir eindregin tilmæli Þingvallanefndarinnar, að stjórnin hefir hækkað þennan styrk, og jeg geri ráð fyrir, að hann verði fljótlega lækkaður aftur, þá er hátíðin er um garð gengin.

Háttv. þm. V.-Ísf. hefir mælt með styrk til dr. Bjargar Þorláksdóttur, til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna. Um þetta er ekki nema gott eitt að segja og jeg lít svoleiðis á þetta mál, að hjer sje aðallega að ræða um viðurkenningu til þessarar konu fyrir dugnað hennar, en geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikil áhrif á andlegt líf hjer á landi, hvort þetta áframhald af doktorsritgerðinni kemur út eða ekki. En þessi kona hefir sýnt svo mikinn dugnað með því að leysa þetta af hendi, auk þess að hafa verið í hjónabandi í 20 ár og orðið að gegna þeim störfum, sem af því leiða, að mjer finst ekki

nema sanngjarnt, að hún njóti þessa styrks í viðurkenningarskyni í 2 ár til þess að ljúka við þessa bók.

Loks kem jeg að liðnum um íþróttakensluna, sem háttv. þm. Borgf. getur ekki verið mjer sammála um, og vil jeg því segja fáein orð um þetta mál. Það kom til umræðu hjer í þessari hv. deild fyrir 2 árum, en var þá felt með litlum atkvæðamun. Síðan hefir þessi leikfimikennari unnið sjer og landi sínu slíkan orðstír, að slíkt hefir varla komið fyrir síðan í fornöld. Jeg á þar við för hans með leikfimiflokka sína til Noregs og Svíþjóðar.

Jeg býst við, að mörgum sje ókunnugt um það, að Björn Jakobsson hefir með elju og ástundun fundið upp nýtt leikfimikerfi, sem þykir bera af þeim kerfum, sem áður hafa verið notuð, og æft flokka sína svo vel, að þeir, sjerstaklega kvenflokkurinn, þykja bera af leikfimiflokkum annara landa.

Nú finst mjer, að háttv. þm. Borgf. ætti að meta slíka afburði að verðleikum og síst lasta það, er þessi maður vill yfirgefa rólegt og vel launað embætti hjer í Reykjavík og setja á stofn íþróttaheimili uppi í sveit í sambandi við einhvern alþýðuskólann, því það þarf ekki frekar að vera við Laugaskólann en einhvern annan skóla. Háttv. þm. ætti og að vera það umhugað um sveitirnar, að hann ætti ekki að hindra þær í því að njóta þeirra hollu áhrifa, sem íþróttir hafa á heilbrigði manna, en öllum, sem vit hafa á því, ber saman um það, að þær sjeu mjög til þess að auka heilbrigði. T. d. sagði Guðmundur Björnson landlæknir í ræðu nýlega, að eitt af því meinlegasta fyrir Íslendinga væri það, að hjer væri enginn íþróttaskóli til.

Jeg býst nú ekki við, að þessi skóli yrði mjög stór. Sennilega tæki hann 12—14 nemendur, en þangað mundu þeir fara, sem læra vildu íþróttir til fullnustu og sem hingað til hefðu orðið að leita til annara landa. En fyrir íþróttalíf í landinu mundi það hafa ákaflega mikla þýðingu að hafa slíkt höfuðsetur, þar sem hægt væri að fá fullkomna mentun í þeim greinum, enda má segja, að ekki veiti af því, því það er bæði skömm og skaði, hvað t. d. margir menn í snjóahjeruðum kunna illa á skíðum, eins og það getur þó verið nauðsynleg íþrótt, jafnframt og hún er skemtileg. Úr þessu mundi íþróttaskóli bæta. Og það er víst, að heilsufar mundi alment fara mjög batnandi, ef unglingarnir lærðu strax að leggja meiri rækt við vetraríþróttirnar.

Að síðustu vil jeg geta þess, í tilefni af ræðu háttv. þm. Borgf., að sveitunum er ekki með nokkru meiri óleikur gerður en með þeim hugsunarhætti, sem kemur fram í tillögum þessa hv. þm., sem sje að klípa, naga, spara, svelta og skera alt við neglur sjer, sem kemur við andlegri vinnu þar. Það er ekki með þessum hugsunarhætti, sem hægt er að byggja upp sveitirnar.

Gunnar Sigurðsson: Jeg á eina smábrtt. við 16. gr. og þarf því ekki að vera langorður. Bóndi nokkur að nafni Kristján Jónsson býr í Auraseli. Sá bær er svo settur, að hann stendur á dálítilli grænni flöt milli stórvatnanna tveggja Þverár og Affalls, en þessi vötn eru, eins og mörgum er kunnugt, mjög oft ill yfirferðar. Með miklum dugnaði reisti hann sjer bú þarna á

eyðijörð, en hefir ætíð síðan varið mjög miklum tíma í að fylgja mönnum yfir þessi slæmu vötn, er liggja þarna beggja megin, og sjaldnast tekið borgun fyrir, þó fátækur væri. Nú er þessi maður orðinn 70 ára og hefir nú haft þessa leiðsögu yfir vötnin um 30 ár, og finst mjer því sjálfsagt að sýna honum þennan viðurkenningarvott, og vona jeg fastlega, að háttv. deild verði svo höfðinglynd, að hún samþ. þetta, enda er hjer ekki um mikla upphæð að ræða.

Þá kem jeg að annari brtt., er jeg á við 23. gr., sem fer í þá átt, að Rangárvallasýslu verði endurgreiddur ⅓ kostnaðar við byggingu Holtavegarins, er fór fram árin 1922—'24, að upphæð kr. 40811.61. Eins og allir vita, þá hefir sýslan svo sem engar samgöngur á sjó og hefir því orðið að kosta miklu til þjóðvegarins og viðhalds á honum, auk þess sem hún hefir meira að segja orðið að leggja fje til vega í Árnessýslu og að halda við fjallabaksveginum austur í Skaftártungu. Í þetta hefir hún orðið að leggja svo mikið fje, að öll önnur vegamál hafa orðið útundan og eru nú í hinni mestu óreiðu. Eftir langa mæðu fengust loks úr ríkissjóði ⅔ hlutar þess fjár, er þurfti til að byggja upp þennan vegarspotta, en í raun og veru ætti ríkið alveg að byggja hann, því það eru svo miklu fleiri en sýslubúar, sem um hann fara. T. d. er hann mjög mikið notaður af Reykvíkingum. Má varla minna vera en að þessi vegur sje bygður og haldið við sem þjóðvegi, og það því fremur, sem vegurinn er á mjög slæmri undirstöðu, mýrum og votlendi, og örðugt mjög með aðflutning á ofaníburði. Með því nú að stjórnin hefir tekið samskonar beiðni frá Árnesingum inn í fjárlagafrv., vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að verða við þessari beiðni, svo Rangárvallasýsla geti nú komið öðrum vegamálum sínum í viðunanlegt horf. T. d. er nauðsynlegt að fá góðan veg til Safamýrar, sem er einhver frjósamasti bletturinn á þessu landi, en sökum þess, hve ilt er að komast þangað, deyr þar árlega út gulstararengi, sem ekki er slegið, svo tugum þúsunda hesta skiftir. En eins og jeg hefi áður tekið fram, vona jeg, að háttv. deild sjái sjer fært að samþykkja þetta.

Magnús Torfason: Jeg hafði nú hugsað mjer að taka ekki til máls núna, en forlögin hafa hagað því svo, að jeg kemst ekki hjá því. En úr því að jeg stend upp, þá er það ein brtt., sem jeg vildi mæla á móti, enda þótt jeg sje ekki vanur að spilla fyrir þeim till. annara, sem til bóta mættu horfa. Þessi brtt. er sú 22. á þskj. 353, og er þess efnis, að veittar verði 3000 kr. til að rita og styðja útgáfu ítarlegrar sögu Íslands.

Jeg vil strax lýsa því yfir, að saga hefir alla tíð verið mitt yndi og eftirlæti, og það er ekki af því, að jeg sje í sjálfu sjer á móti þessari hugmynd, að jeg mæli á móti brtt., því jeg hefi ætíð vonast eftir því, að við fengjum góða Íslandssögu og býst við, að fáir þm. gleddust meira við það en jeg. En það fæst ekki með þessari tillögu. Sú kynslóð, sem hefir verið uppi á undan okkur, hefir aðallega haft það með höndum að draga fram frumefni og frumrit sögunnar, en það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að við get-

um fengið góða sögu, að þau sjeu vel kunn. Margir okkar bestu manna hafa slitið sjer út á þessu. Menn, sem hafa verið svo ritfærir og skrifað svo skemtilega, að þeir hefðu verið kjörnir til þess að rita almenna sögu. Þessar rannsóknir hafa að mestu leyti kæft hina hlið þessa máls, og erum við ekki enn komnir af þessu stigi. Það er svo margt órannsakað ennþá og mikið af frumritum, sem ennþá eru ekki komin í ljós. Nú hefir gæfa þessa lands gefið okkur mann, sem heldur áfram starfi hinna gömlu garpa og sem vinnur svo mikið, að slíks eru fá dæmi, en þó hann verði öllum sínum kröftum til að draga fram í dagsbirtuna það, sem enn er órannsakað, mundi hann alls ekki komast yfir það. Það hefir lítið verið gert að því að rita sögu landsins í hinum ýmsu greinum, og höfum við þó haft launuð embætti til þess, en þetta held jeg stafi af því, að gögnin hafa ekki verið fyrir hendi. T. d. hefir hv. þm. haft það embætti, sem sjerstaklega er ætlað til að skrifa kirkjusögu. En eins og við vitum, hefir furðu lítið komið í ljós frá honum. Hann hefir ritað laglegar ritgerðir, en svo er það ekki meira. Nú vita allir, að hv. 1. þm. Reykv. er hinn ritfærasti maður og er mjög ljett um að rita, en samt er árangurinn ekki meiri. Tel jeg það sanna mál mitt. Jeg ætla ekki að fara að gerast neinn hæstarjettardómari í máli þessu, því að þótt jeg hafi kynt mjer nokkuð sögu landsins, tel jeg mig ekki hafa rjett á að dæma hjer um. En jeg hefi leitað álits bestu manna í þessu efni, og þeir eru mjer mjög sammála. Þess vegna geri jeg þessa athugasemd. Mjer er svo ant um, að hin almenna saga, sem hjer um ræðir, verði svo vel úr garði gerð og svo myndarlega til hennar stofnað, að jeg vildi síst, að flanað væri að útgáfu hennar. Það mál þarf fullkominn undirbúning.

Mjer er að vísu kunnugt um, að nokkrir menn hafa skrifað á pappírsblað og skorað á Alþingi að veita fje til þessa verks, en það er langt frá fullkomlega undirbúið fyrir því. Og þegar okkar besti sagnaritari hefir ekki fengist til að vera með á þessu áskorunarskjali, þá virðist mjer það einmitt benda til þess, að honum hafi ekki fundist vera nógu vel athugað, hvað ætti að gera í þessu efni.

Það minsta, sem jeg gæti hugsað mjer, væri að stofna fjelag með sjerstakri stjórn, sem beitti sjer fyrir þessu verki. — En um þetta verk á engin ritnefnd að fjalla, og enginn á að hafa neitt um það að segja, nema ef vera kynni, að hæstv. dómsmrh. ætti að gera það, þótt það verði ekki sjeð á till., að hann eigi að hafa neinn rjett til slíks. Nú vil jeg spyrja, — hvað líður vísindafjelaginu íslenska, sem stofnað var hjer á árunum og lítið hefir heyrst til, og hvers vegna tekur það ekki verk þetta sjer fyrir hendur? Þetta er þó vísindaverk og mundi auka stórum orðstír þess, ef vel tækist.

Jeg held, að till. þessi sje of fljótt fram komin; jeg held það hefði verið betra að geyma hana þangað til að minsta kosti eitt af handritunum væri fram komið, svo sýnt væri, að það væri að minsta kosti byrjað á verkinu. Nú er auðvitað gott til þess að vita, að okkar ungu sögumenn treysta sjer til slíks vandaverks, en jeg álít, að það væri þó miklu betra,

ef það sæist, að byrjað væri á því. Það er eitt leiðinlegt við þetta fyrirtæki; það virðist kenna dálítils bitlingakeims af því. En það veit jeg, að hv. flm. (MJ) væri ekkert meiri andstygð en það, að annað eins verk og þetta bæri blæ bitlingasýkinnar.

Þá hafa þeir hv. þm. Borgf., hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Rang. borið fram till. um endurgreiðslu á fje, sem lagt hefir verið til vega í þeirra kjördæmum. Mjer er kunnugt, að hv. þm. Borgf. hóf fyrstur máls á þessu, að minsta kosti í mín eyru, og setti það einmitt í samband við eftirgjöf á láni til endurbyggingar Flóaveginum, sem stjórnin hefir sett í fjárlagafrv. Þess vegna stend jeg upp, að þessi till., sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. standa að, er ekki í neinu samræmi við þá eftirgjöf, sem stjórnin hefir tekið upp í frv., og skal jeg sanna það með nokkrum orðum.

Endurbygging Flóavegarins komst fyrst í fjárlög 1919, fyrir 1920—'21. Þá voru veittar til þessa 25 þús. kr. hvort árið, og átti sýslan að greiða þá fjárhæð að þriðja hluta. Þetta kom þá ekki fram sem beiðni frá sýslunni, heldur sem hreint og beint valdboð frá Alþingi. — Jeg er ekki að segja þetta Alþingi til ámælis, en ástæðan til þessa hefir verið sú, að það hefir verið gert „fyrir óumflýjanlega nauðsyn alls Suðurlandsundirlendisins", og kom þá þetta valdboð, er dýrtíðin stóð sem allrahæst. Þegar svo var komið, var sýnilegt, að sýslan gat ekki, fjárhags síns vegna, risið undir viðhaldi og endurbyggingu þessa vegar. Hvað var þá annað rjettara en að ljetta viðhaldinu af sýslunni þá þegar? Það var hreint og beint rökrjett afleiðing af því, að umferðin var svo afarmikil, að viðhald vegarins var miklu meira en á nokkrum öðrum vegi landsins. Ennfremur voru bifreiðarnar þá komnar til sögunnar og þurfti að byggja vegina alt öðruvísi og miklu betur en áður. Afleiðingunum af þessu átti auðvitað að taka strax 1919, en það var dregið þangað til 1924. Með öðrum orðum, þessi sýsla, svo og Rangárvallasýsla, verða að endurbyggja sína vegi sem bifreiðavegi; hinar sýslurnar allar sleppa við það. Því stendur þarna alt öðruvísi á um viðhald vegarins en um aðra vegi landsins.

Hitt er það, að þessar 160 þús. kr., sem lagðar voru fram, dugðu ekki til að byggja þennan veg, enda er því ekki lokið enn í dag. Landssjóður hefir ekki enn þann dag í dag haft orku til þess að endurbyggja þennan veg, og þetta var þó þessari sýslu ætlað að gera.

Þó tekur út yfir allan þjófabálk, að einir 5 hreppar í Árnessýslu nota þennan veg, en Rangæingar allir, svo og Skaftfellingar og Reykvíkingar nota þennan veg líka. Það náði því ekki nokkurri átt, að þetta væri gert.

Nú skal jeg skýra frá því, að það eru alt að tvö ár síðan jeg hafði hugsað mjer að bera fram till. um, að lánið yrði eftir gefið. Vissi jeg, að stóð líkt á fyrir austan ána, þótt ekki væri það að öllu leyti, því að Holtabrautina nota fáir aðrir en Rangæingar, en hinsvegar nota allir Flóaveginn, sem þurfa að fara yfir Árnessýslu austur á Rangárvelli eða lengra. Jeg sneri mjer þá til oddvitans, en hann sagði í svari sínu, að sýslunefnd væri ekki samþykk þessu, enda væri hann ekki áfram um að fá slíka eftirgjöf.

Jeg veit ekki, hvort þessi skoðun er rjett, en jeg sje, að hv. þm. Rang. eru ekki á sömu skoðun og sýsluoddvitinn, enda held jeg, að þeirra skoðun sje miklu rjettari.

En það er annað við þeirra till. að athuga eins og hún er nú; hún er ekki samþ. af sýslunefnd og þar af leiðandi ekki þær skýrslur fyrir hendi, sem þyrftu að vera í þessu máli. Hvað Flóaveginn snertir, hefir Árnessýsla borgað 4000 kr. af þeirri upphæð, sem farið er fram á að gefa eftir, svo ef þetta ætti að vera sambærilegt, þyrfti að draga eitthvað frá till. þeirra Rangæinga. En aftur á móti hvað Mýramenn og Borgfirðinga snertir, þá er þeirra till. að engu leyti sambærileg. Ef þeir eiga að fá eftirgjöf, þá eigum við Árnesingar líka að fá eftirgefnar þær kr. 21491,13, sem jeg hefi farið fram á á þskj. 374, og skal jeg nú reyna að færa þeim orðum mínum nokkurn stað.

Það er þá frá því að segja, að á árunum 1912—1923 var varið úr sýslusjóði Árnessýslu kr. 30357,26 til viðhalds Flóavegarins. Á sama tíma, eða frá 1910—1923, er varið til viðhalds Eyrarbakkabrautinni kr. 38790,00. Samtals nema þessar tvær upphæðir kr. 69147,26.

Til samræmis við till. hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. hefði jeg átt að fara fram á uppgjöf á helmingi þessarar upphæðar, en jeg hefi ekki gert það. Jeg hefi látið nægja að taka árin 1919—'23. Á þeim árum eru til viðhalds Flóavegarins veittar kr. 13887,26 og til Eyrarbakkabrautarinnar kr. 29095,00. Samtals nema þessar upphæðir kr. 42982,26, og þar af er óskað eftir, að helmingurinn verði endurgreiddur, eða kr. 21491,13.

Að jeg takmarka mig við þessi ár frá 1919—'23, er vegna þess, að þá er dýrtíðin svo langmest og verður þá að verja svo miklu fje til viðhalds á veginum, jafnframt því sem afar miklu er varið til endurbyggingar vegarins.

Af þessu vona jeg, að sjeð verði, að þessi krafa mín er miklu eðlilegri og sanngjarnari en krafa hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. — Jeg segi þetta án þess að jeg sje að mótmæla því, að þeirra krafa verði tekin til greina, en jeg vænti þess, að þeir sjái, að þeir verða að greiða þessari till. minni atkv. sitt.

En það er líka önnur ástæða til þess, að jeg tel kröfu Árnesinga svo miklu sanngjarnari, og hún er sú, að það er ekki langt frá því, að varið sje 35 þús. kr. árlega til Borgarnesbátsins. (**PO**: Það er flutningur á norðan- og vestanpósti). Já, við höfum nú austanpóst líka, en fáum ekki slíkan styrk. Og ætli Borgfirðingar og Mýramenn njóti ekki góðs af Borgarnesbátnum líka? Hv. þm. Borgf. má eiga það, að hann dregur fram hlut síns kjördæmis manna best, og nú fer hann fram á, að varið verði ærnu fje í að gera akfæran veg um Borgarfjörð, með ferju yfir Hvalfjörð til viðbótar. (**PO**: Það er til þess að auka samband Akureyrar og Reykjavíkur). Í þessum sýslum munu menn þó betur staddir með samgöngur, því að bæði Borgfirðingar og Mýramenn fá sínar nauðsynjar með mótorbátnum alveg heim að túnum sínum. Það þætti okkur Árnesingum matur, ef við gætum far-

ið þannig að. Jeg er ekki að segja þetta til þess að spilla fyrir till. þm. Borgf. og Mýr., heldur aðeins til að sýna, að krafa Árnesinga er svo miklum mun sanngjarnari en krafa Borgfirðinga, svo og til þess að sjáist, að jeg vil ekki láta brenna við hlut Árnesinga í þessu efni.

En svo má líka líta dálítið almennari augum á þetta en hjer hefir verið gert. Eins og menn vita, er Borgarfjarðar- og Mýrasýsla vel á vegi stödd; þar er búsæld mikil og eru þar einhver blómlegustu hjeruð landsins. Fyrir það eiga þeir mikið lof skilið. En um Árnessýslu er öðru máli að gegna. Hún var áður ein af blómlegustu sýslum þessa lands, en nú er af sem áður var, því að nú er sýslan sokkin í skuldir.

Menn kunna að segja, að það sje Árnesingum sjálfum að kenna, en hvernig sem á er litið, þá eru hvergi til vinnusamari menn en í Árnessýslu, enda hafa þeir jafnan staðið framarlega í öllum framförum. Þessi óáran getur því ekki verið fólkinu að kenna, heldur utan að komandi ástæðum. Í einu orði sagt, Árnessýsla er sokkin niður í framfaraskuldir. Við þessu væri ekkert að segja, ef framfarirnar væru að sama skapi gagnlegar og til var stofnað og samsvöruðu því verði, sem fyrir þær hefir verið gefið. En það er ekki því að heilsa. Það er ekki nema eðlilegt, að þessi verkfræðingastjett í landinu sje ekki eins örugg og menn höfðu gert sjer vonir um. Hitt kann að vera, að hún sje eins og við mátti búast. Það er til gamalt máltæki, sem segir: „Ung er ný tínan“, og þessi stjett er svo ung, að það væri merkilegt, ef eitthvað færi ekki aflaga hjá henni, meðal annars af því, að hún hefir ekki aflað sjer þekkingar á íslenskum staðháttum, til þess að áætlanir hennar væru eins ábyggilegar og þyrfti að vera.

Það er alkunnugt, að í Árnessýslu hefir verið ráðist í þrjú hin stærstu mannvirki til þrifnaðar landbúnaði hjer á landi, Flóaáveituna, Skeiðaáveituna og Miklavatnsmýraráveituna. Allar þessar áveitur hafa kostað of fjár, en þó ekki orðið að því gagni, sem búist var við og til var ætlast. Mistök verkfræðinganna hafa komið þar harðar niður en nokkursstaðar annarsstaðar, svo að beinlínis má svo að orði kveða, að sýslan hafi verið notuð sem tilraunadýr í þessum efnum. Jeg ætla að lofa háttv. deild að sjá til sannindamerkis eina af máttarstoðum Miklavatnsmýrarstíflunnar, sem var fyrsta mannvirkið. Stíflan var bygð á sandi í bókstaflegum skilningi þess orðs, en til styrktar höfðu verið reknar nokkrar máttarstoðir eins og þessi hjerna. (Hjer sýndi þm. fjöl eina, h. u. b. 3 fóta langa, 6 þuml. breiða og þumlungsþykka, oddhvassa í annan enda). Þessa spýtu hefir rekið upp úr ánni og er hún til minja um fráganginn á stíflunni. Verður manni að ætla, að eigi hafi það komið að minna haldi, er Ögmundur heitinn í Auraseli skar fresskettina í Þverá, en mannvirki, sem gerð eru af slíkum efnum. (**PO**: Þetta er brotinn girðingarstólpi). Þessi spýta er tekin með vottum úr ánni.

Vona jeg, að menn sjái, að það er fullkomin sanngirniskrafa, að fram nái að ganga eftirgjöf sú, er hæstv. stjórn hefir tekið upp í fjárlagafrv.

á láninu til Flóavegarins, og að sú krafa sje ekki sambærileg við kröfu Mýramanna og Borgfirðinga.

Haraldur Guðmundsson: Jeg verð nú að biðja hv. deild velvirðingar á því, að jeg get ekki lagt fram jafnáþreifanleg sönnunargögn og sá hv. þm., er seinast talaði, heldur verð jeg að bjargast við orðin ein.

Þótt jeg hafi skrifað undir álit fjvn., gat jeg þess þegar í nefndinni, að jeg teldi mig hafa óbundnar hendur, bæði um fjárlagafrv. stjórnarinnar og brtt. einstakra þm., og mun það koma í ljós við atkvgr. um einstaka liði, og hefir þegar gert.

Vil jeg þá fyrst minnast nokkuð á 27. brtt. fjvn., við XIII. lið 14. gr. B., þar sem nefndin leggur til, að feldur sje niður 1500 kr. styrkur til útgáfu kenslubóka fyrir barnaskóla. Jeg er nefndinni hjer með öllu ósammála. Fjárveiting þessi mun hafa verið tekin upp í fjárlagafrv. eftir tillögum fræðslumálastjóra, og er með öllu óverjandi að fella hana niður, ekki síst nú, er skipuð verður sjerstök fræðslumálanefnd, því að vitanlega kemur starf hennar að sáralitlu gagni, nema hún hafi yfir einhverju fje að ráða. Nauðsyn á að styrkja þessar útgáfur er afarmikil, því að mörgum fjölskylduföður er erfitt eða jafnvel ókleift að sjá börnum sínum fyrir nægum kenslubókum, svo dýrar sem þær nú eru. Jeg get því ekki orðið samferða nefndinni í þessu máli.

Þá á jeg 5 brtt. á þskj. 353. Þótt mjer þyki leiðinlegt að bera meðnefndarmönnum mínum illa söguna, verð jeg að játa, að þær fundu ekki náð fyrir augum þeirra. Mun það þó fremur stafa af umhyggju fyrir þröngum fjárhag ríkissjóðsins en af því, að þeir hafi ekki kunnað að meta nauðsyn till. minna. Vona jeg nú, að hv. deild reynist nefndarbetrungur.

1. till. *mín*, sem er XII. brtt. á þskj. 353, er í tveim liðum og fer fram á að styrkja tvo menn, Hannibal Valdimarsson og Andrjes J. Straumland, til að kynna sjer starfshætti og kenslufyrirkomulag í enskum alþýðuskólum. Þekki jeg báða þessa menn að góðu. Hannibal Valdimarsson hefir lokið ágætu prófi við kennaraskóla í Danmörku. Hann hefir mikinn áhuga á barna- og alþýðufræðslu og vill nú kynna sjer kenslustarfsemi í hinum svonefndu frjálsu skólum í Englandi, þar sem meiri áhersla er lögð á að kenna börnunum að hugsa og starfa sjálfstætt en að láta þau læra námsgreinarnar utan að í belg og biðu. Hygg jeg, að oss væri ekki vanþörf á að kynnast kensluaðferð þeirri.

Andrjes J. Straumland hefir fengist við barnakenslu í 8 ár og gerir ráð fyrir að gera hana að lífsstarfi sínu. Þessir menn eru báðir svo vel að sjer alment, og í enskri tungu sjerstaklega, að þeir geta áreiðanlega haft full not kenslunnar strax í upphafi.

Þar sem fræðslumálunum hefir tiltölulega nýlega verið komið í fast horf, er hin fyllsta þörf á því, að menn kynnist nýjum aðferðum og skoðunum, er þau mál varða. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar eru ætlaðar 3 þús. kr. til utanferða barnakennara. Geri jeg ráð fyrir, að sú fjárveiting sje tekin upp eftir till. fræðslumálastjóra. Jeg hygg, að upphæð þessi nemi h. u. b. 1% af því fje, sem veitt

er til barnafræðslunnar, og verður því ekki sagt, að of ríflega sje skamtað. Öll sanngirni mælir með því, að bætt sje við þessa upphæð, og það er best gert á þann hátt að styrkja þessa tvo menn, sem jeg hefi getið um. Þeir eru báðir snauðir menn, annar giftur, en hinn hefir fyrir móður að sjá. Þótt hærri upphæðin, 2000 kr., yrði samþ., myndu báðir verða að leggja fram fje úr eigin vasa, og það fje yrðu þeir að taka til láns. Eru þó laun barnakennara ekki svo rífleg, að þeir geti staðið straum af háum lánum. En þótt hv. deild geti ekki fallist á hærri upphæðina, vona jeg, að lægri upphæðin, 1200 kr., nái samþ. hennar. Það er sami styrkur og stúdentum hefir verið veittur til náms erlendis. Þótt það sje gott og nauðsynlegt, er ekki síður þörf á því, að þeir, sem starfa að alþýðufræðslu, hljóti sem bestan undirbúning.

Þá á jeg XIV. till. á þskj. 353, um hækkun á styrk til kvenfjelagsins „Óskar" á Ísafirði úr 4000 kr. upp í 8000 kr. Því verður ekki neitað, að Vestfirðir hafa yfirleitt verið allmjög afskiftir um fje úr ríkissjóði, eins og jeg drap á í umr. um gagnfræðaskólann á Ísafirði. Kvenfjelag þetta hefir haldið uppi húsmæðrakenslu undanfarið í allstórum stíl. Hefir húsmæðraskóli þess verið hinn eini á Ísafirði og sóttur af öllum Vestfjörðum. Hafa verið haldin tvö námsskeið, í 4 mánuði hvort, á vetri. Síðasta ár voru þar 24 námsmeyjar. Þrátt fyrir það, að sparlega var á haldið, varð kostnaður við skólahaldið 1926—'27 15060 kr. Af þeirri upphæð nam tillag ríkissjóðs 3500 kr., tillag Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar 1000 kr., skólagjöld 8000 kr., en úr sjóði kvenfjelagsins voru lagðar 2560 kr. Auk þess greiddi fjelagið halla frá fyrra ári að upphæð 3500 kr. Það liggur í hlutarins eðli, að fátæku kvenfjelagi er um megn að leggja fram slíkar upphæðir. Hinsvegar er ilt fyrir Ísafjörð og Vestfirði í heild, ef skólinn yrði að leggjast niður. Vænti jeg því, að háttv. deild geti fallist á að styðja þessa till. mína, ekki síst þar sem jeg sje, að bæði hæstv. stjórn og fjvn. hafa opin augun fyrir ágæti húsmæðrafræðslunnar á öðrum stöðum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 11 þús. kr. til húsmæðraskóla í Þingeyjarsýslu, og fjvn. tekur svo vel í þetta, að hún hækkar styrkinn upp í 13 þús. kr., eða úr $^2/_5$ í helming kostnaðar. Þess má og geta, að skóli þessi á Ísafirði er tiltölulega ódýr; skólagjaldið mun nú vera 75 kr. á mánuði og þar í falið húsnæði, fæði og kenslugjald.

Þá er XVIII. brtt. á þskj. 353, um að hækka styrkinn til leikfjelagsins á Ísafirði úr 600 kr. upp í 1000 kr. Þarf jeg ekki langan formála fyrir þeirri brtt. Nægir að benda á, að leikfjelagi Akureyrar eru ætlaðar 1000 kr. Get jeg ekki sjeð, hvaða ástæða er til að gera því hærra undir höfði en leikfjelagi Ísafjarðar; aðstaða þeirra beggja er jöfn, og sama má segja um gagnsemi þeirra fyrir andlegt líf kaupstaðanna. Það myndi vera leikfjelaginu á Ísafirði hin mesta hvöt til að spjara sig, ef það fengi jafnháan styrk og leikfjelagið á Akureyri. Hjer er um svo litla upphæð að ræða, að jeg trúi ekki, að hv. deild neiti um þetta lítilræði.

Þá kem jeg að XXI. brtt., sem fer fram á, að Gunnari Hallgrímssyni sje veittur styrkur til utanfarar til að búa sig undir kenslu í fiðluleik og stjórn hljómsveitar. Þessi maður hefir haldið uppi lúðrasveit á Ísafirði um nokkur ár og lagt stund á og kent fiðluleik. Ef hans nyti ekki við, myndi Ísfirðingum ókleift að afla sjer hinnar fyrstu mentunar í fræðum þessum, nema að kaupa rándýra kenslu í Reykjavík. En það er tilfinnanleg vöntun í lífi bæjarins, ef hljómleikar þurfa að leggjast niður með öllu, en svo fer, ef þessa manns nýtur ekki við. En þessi maður er svo skapi farinn, að hann vill afla sjer meiri fræðslu, ef hann á að halda áfram að kenna öðrum. Hann hefir notið kenslu hjá kennurum í Reykjavík með ærnum kostnaði og hefir ágæta vitnisburði frá þeim. Verður honum ekki sýnd makleg viðurkenning fyrir það, sem hann hefir á sig lagt, á annan betri hátt en þann, að veita honum tækifæri til að menta sig enn betur. Er þó sá styrkur, sem hjer er farið fram á, aðeins lítill hluti af kostnaði þeim, sem af utanförinni leiðir. Þessi maður hefir meðmæli frá leikfjelaginu á Ísafirði, sem telur, sem rjett er, að mikið skorti á leiksýningar, ef hljóðfærasláttur verður að leggjast niður. Einnig hefir hann meðmæli lúðrasveitarinnar og organleikarans á Ísafirði, Jónasar Tómassonar, sem er einn okkar álitlegustu söngstjóra og sönglagasmiða. Þetta er lítil upphæð og það hefir áður komið í ljós, að fjvn. kann vel að meta gildi hljómlistar, þar sem hún hefir hækkað tillag til hljómsveitar Reykjavíkur. Þá kom og fram brtt. frá einstökum þm. um fjárveitingu til Páls Ísólfssonar, sem jeg skal játa, að er alls góðs maklegur. En ef svo ljós nauðsyn er á að styrkja list þessa hjer í Reykjavík, þá hlýtur sú sama nauðsyn að gilda um Ísafjörð. Gunnar þessi er, eins og aðrir þeir, sem jeg ber hjer fyrir brjósti, alveg efnalaus og myndi þurfa að fá fje að láni til viðbótar, þótt hann fengi þennan litla styrk, en fái hann ekki styrkinn, er honum ókleift með öllu að komast utan og afla sjer þeirrar aukinnar kunnáttu í list sinni, sem honum er nauðsynleg og bæjarfjelaginu líka.

Jeg mun láta þetta nægja að sinni og ekki tefja tímann lengur.

Ólafur Thors: Jeg hefi leyft mjer að bera fram, ásamt tveim öðrum þdm., eina brtt. við þennan hluta fjárlagafrv. Hún er um 2000 kr. árlegan styrk til frú Guðrúnar Egilson, og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð. Jeg þarf ekki að hafa mörg orð um þessa brtt. Aðeins skal jeg skýra hv. deild frá því, að efnahagur þessarar konu er mjög þröngur og hún á 5 börn í ómegð, og einnig tvær dætur 16—17 ára. Þörf hennar er því mjög brýn. Hún er ekkja Gunnars Egilsonar erindreka, manns, sem fyrir vitsmuna sakir skaraði fram úr flestum öðrum Íslendingum. Ekkja hans er þess mjög verðug, að ríkissjóður greiði henni þessa upphæð árlega fyrir margt það, er hann hefir gert fyrir landið. — Jeg vona, að hv. þdm. sjái hina ríku þörf og sjái sjer fært að greiða brtt. atkv., þótt farið sje fram á nokkru hærri upphæð en venja er til, þegar líkt stendur á. Þó eru til fordæmi fyrir

slíkri fjárveitingu sem þessari, síðast frá Alþingi í fyrra. Jeg ætla ekki að rökstyðja till. frekar, en reiði mig á góðvild hv. þdm.

Einar Jónsson:* Það er ekki vegna þess, að jeg sje í hjarta mínu svo ánægður með alla liði fjárlagafrv., að jeg er að þessu sinni ekki viðriðinn nema eina brtt. Venjulega sárnar mjer, þegar jeg sje Alþingi skera mjög við neglur sjer framlög til vega, brúa, síma og annara verklegra framkvæmda. Því hefi jeg reynt að fá nokkra lagfæringu á því, sem allra erfiðast er Rangárvallasýslu, vegunum, ásamt hv. samþm. mínum (GunnS). Berum við fram brtt. á þskj. 353, XXXV, við 23. gr. II, um að endurgreiða Rangárvallasýslu ⅓ kostnaðar við endurbyggingu Holtavegarins, sem gerð var á árunum 1922—'24, að upphæð kr. 40811,61. Það hvatti okkur til að fara þessa á leit, að sjá það, sem komið er inn í fjárlagafrv. frá Árnesinga hálfu. Þetta er svo hliðstætt, að ef Árnessýsla á nokkurt tilkall til að fá uppgjöf á því, sem hún á vangreitt til endurbyggingar Flóavegarins, þá á Rangárvallasýsla sannarlega kröfu til að fá hluta af kostnaðinum við endurbyggingu Holtavegarins endurgreiddan. Ef nokkur er munur á aðstöðunni, þá eiga Rangæingar betra skilið fyrir það, að þeir hafa lagt að sjer að greiða þann kostnað, sem Árnesingar hafa ekki greitt af hendi ennþá. Það, sem Rangæingar eru búnir að borga, eru meira en 40 þús. kr., því að kostnaðurinn af endurbyggingu vegarins var alls meira en 120 þús. kr., og tillag Rangæinga nákvæmlega ⅓ hluti. En allur kostnaður af endurbyggingu Flóabrautarinnar var ekki mikið meiri en þessi ⅓ hluti Holtavegarins. — Það hvatti okkur ennfremur til að bera fram þessa brtt., að vegamálastjóri áleit þetta svo hliðstætt, að ef samþykkja ætti eftirgjöfina til Árnesinga, — sem jeg hefi ekki neitt á móti —, þá hlyti hið sama að ganga yfir Rangæinga. Og þess er að gæta, að þessir vegir, þó einkum Holtavegurinn, voru á sínum tíma afhentir sýslufjelögunum í mjög ljelegu standi. Því varð að endurbyggja þessa vegi miklu fyr en ella hefði orðið, ef þeir hefðu verið forsvaranlega afhentir.

Jeg skal ekki fullyrða, hvort það er af því, að Rangæingar hafi meiri löngun til að standa í skilum en Árnesingar, að þeir hafa gert það í þessu máli. Jeg býst heldur við, að það sje af því, að þeir hafa farið aðra leið. Þeir hafa sem sje stofnað hjá sjer sýsluvegasjóð, sem hefir gert þeim greiðslurnar hægari. Það hefir Árnessýsla ekki gert, og yfirleitt altof fáar sýslur. Þó að peningarnir hafist gegnum sýslusjóðslög, sem samþykt eru heima í sýslunni, þá eru það í raun og veru sömu útgjöld frá bændanna hálfu, hvort sem þeir fást á þann hátt eða einhvern annan. En jeg vil samt segja, að sýsluvegasjóðurinn hefir orðið til þess, að Rangæingar hafa nú fram að þessu reynt það, sem mögulegt er að láta sjer takast að standa í skilum. Og frá vegamálastjóra hálfu er þeim hrósað fyrir skilsemi.

Jeg ætla nú að vænta þess, að hv. þdm. verði það sanngjarnir, að þeir sjái, að krafa okkar þingmanna

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Rangæinga á fullan rjett til að verða tekin til greina, svo framarlega sem það atriði sitji kyrt í fjárlögunum, sem Árnesingum er að þessu leyti til góðs.

Jeg er ekki að fara nákvæmlega út í afstöðu Rangæinga að þessu sinni, en vænti þess fastlega, að hv. þdm. þyki sjálfsagt að samþ. till.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg á litla brtt. við 14. gr. B. XVIII. 2. um það, að laun Ólafs Pálssonar sundkennara hækki úr 1500 krónum í 3 þús. Styrkur til þessarar sundkenslu er bundinn því skilyrði í fjárlögum, að kenslan fari fram tvo mánuði að vorinu og einn að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis. Kenslan stendur nú alt árið, og eru það tveir menn, sem hafa hana á hendi, synir sundgarpsins mikla, Páls Erlingssonar, þeir Ólafur og Jón. Þeir eru um það bil hálfþrítugir báðir og hafa um langan tíma stundað þessa kenslu fyrir mjög lítið kaup. Þeir hafa á sumrin byrjað kl. 7 á morgnana og skiftst á þangað til kl. 11 á kvöldin, en verið þarna myrkranna á milli á veturna, og hafa því auðsjáanlega ekki getað stundað annað starf en þetta.

Bærinn hefir lagt nokkurt fje til þessarar sundkenslu og nú á síðustu fjárhagsáætlun var tillagið hækkað upp í 3600 kr. Þessi till. mín er um það, að ríkið hækki tilsvarandi tillag sitt til sundkenslunnar úr 1500 kr. upp í 3000; þá mundu árslaun hvors þessara manna verða 3300 kr. Er ekki hægt að kalla það mikil árslaun hjer í Reykjavík fyrir sjerfróða menn, eins og sundkennarar verða að vera. Þess skal getið, að annar þessara bræðra fór nýlega til útlanda til þess að kynna sjer nánar sundkenslu, og var mjög vel látið af honum þar, sem hann kom; enda er nokkurnveginn víst, að þeir kunna allar þær sundgreinir, sem til eru.

Til dæmis um það, hve mikið hjer sje um sundkenslu í sundlaugunum, ætla jeg að taka fram, eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, að þar eru rúmir 200 sundnemendur á hverju ári úr ríkisskólunum einum; úr mentaskólanum 80—90, sjómannaskólanum 50—60, úr kennaraskólanum um 20, og samvinnuskólanum, sem líka nýtur ríkisstyrks, 30—40. Þar að auki allmargir úr verslunarskólanum, sem einnig nýtur ríkisstyrks. Allir þessir nemendur fá ókeypis kenslu. Auk þess er kent um 200 karlmönnum og kvenmönnum öðrum og 100 börnum, svo að fullnuma verða á ári hverju fyrir tilstuðlan þessara sundkennara um 500 manns. Af þessum fjölda eru minst 100 manns utanbæjarmenn, sem læra sund meðan þeir dvelja hjer um stundarsakir. Þeir, sem eru ekki í ríkisskólum, eiga að vísu að borga 4—5 kr. fyrir kenslu, en það gjald gefur sama sem engar tekjur til þessara manna. Og jeg hygg, að þessar tölur, sem jeg hefi sýnt, sanni nægilega, að það verk, sem á þessum sundkennurum hvílir, er mikið, og væri ekki ofborgað þótt ríkissjóðsstyrkur hækkaði upp í 3000 kr. Til dæmis um aðsóknina að laugunum má geta þess, að í sumar sóttu hana daglega um 300—400 manns. Kenslan gæti raunar verið ennþá meiri en

hún er nú, því að rúmið er nokkuð takmarkað. Þegar sundhöllin kemur upp, mun hægt að kenna enn fleirum. En mjer fyndist það heppilegt, að á þessu sama þingi, sem ákvörðun er tekin um að koma upp sundhöll, þá væri rjettur hlutur þessara manna. En það hefir legið við — og liggur enn við — að þeir fari af landi burt, ef þeir fá ekki þau laun, að þeir geti á þeim lifað, einhleypir og á besta aldri.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjerna till. á þskj. 353, 10. till. Hún er viðvíkjandi tveimur stúdentum, sem áður hafa haft styrk til háskólanáms erlendis.

Eins og jeg hefi sagt tvisvar áður í þessari hv. deild, þá má ganga út frá því sem sjálfsögðu, að þeir stúdentar, sem fá styrk á þessum lið, eigi að halda honum í fjögur ár. Og það má skoða það sem algerð svik, ef sá styrkur, sem einu sinni er kominn inn, er feldur niður innan fjögurra ára. Af þessari ástæðu ber jeg fram tvo menn, sem áður hafa hlotið þennan styrk; en vegna samkomulags við fjvn. og frekara umtals við nokkra þm., mun jeg að þessu sinni taka till. aftur, en bera hana á ný fram við 3. umr. málsins.

Þá á jeg ásamt þremur öðrum hv. þm. 19. brtt. á sama þskj. Hún er um það að styrkja Pál Ísólfsson orgelleikara til þess að veita kirkjuorgelleikurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum.

Það er öllum kunnugt, að mjög er ábótavant í þessum efnum og skortir mjög tilsögn. Og það verður vart meira nauðsynjaverk unnið í þeim greinum en að öllum orgelleikurum og barnakennurum, sem hingað koma árlega til bæjarins til söngnáms, verði gefinn kostur á að sækja ókeypis kenslustundir til hins ágætasta listamanns. Það er áreiðanlegt, að hjer er mikið starf að vinna, og ef á að leggja fulla alúð við það, þá er það svo mikið, að þessi ágæti listamaður getur ekki annast það án þess að fá sjerstakan styrk frá hinu opinbera. Ennfremur munu flestir orgelleikarar og barnakennarar utan af landi vera svo illa efnum búnir, að ekki er hægt að búast við, að þeir sæki tíma hjá góðum orgelleikurum, nema þeim sje gefinn kostur á þeirri kenslu fyrir lítið verð — eða ókeypis, eins og hjer er farið fram á. Auk þess, sem hjer er unnið mikið nauðsynjaverk gagnvart nemendunum, þá hygg jeg, að Alþingi megi vera ánægt yfir að fá hjer tækifæri til þess að styrkja ágætan listamann, þannig að honum verði lífið bærilegt í þessum bæ.

Þá er jeg og aðalflm. till. um það, að dr. Björgu Þorláksdóttur verði veittur styrkur til þess að vinna að framhaldi sálfræðirannsókna sinna, 2 þús. kr. í tvö ár, fyrri veiting nú á næsta ári. Hún telur, að það muni taka um tvö ár að ljúka við hið mikla ritverk, sem hún byrjaði á, er hún varð doktor, og að það sje tvöfalt meira verk nú eftir en það, sem hún lauk í upphafi. Það munu allir dást að dugnaði þessarar íslensku sveitastúlku, sem kemur fyrst til Kaupmannahafnar og lýkur stúdentsprófi, dvelur þar alllangan tíma, en verður að lokum doktor við einn frægasta og elsta háskóla álfunnar, háskólann í

Sorbonne. Þó að ekki væri fyrir annað en þennan dugnað, sem hefir leitt af sjer doktorsnafnbót við Sorbonne-háskóla, þá ætti þessi kona skilið að fá styrk til þess að ljúka því verki, sem byrjaði svo glæsilega. Jeg býst við, að dugnaður þessarar konu yfirleitt sje svo viðurkendur, að hv. þdm. muni verða till. hlyntir. Það er ekki einungis doktorsritgerðin eða það áframhaldandi starf, sem hún ætlar nú að vinna, sem ætti að styðja að þessari fjárveitingu, heldur engu síður hitt, að hún hefir um 20 ára skeið unnið engu síður en maður hennar að hinni miklu íslensk-dönsku orðabók, sem öllum landsmönnum er nú kunn. Þetta mikla verk, sem unnið var fyrir litla sem enga borgun, það ætti að gefa henni fullan rjett til þessa tveggja ára styrks, sem hjer er fram borinn.

Þá á jeg till. á þskj. 374, um rafveitulán til Flateyrarhrepps. En þá till. mun jeg af sjerstökum ástæðum taka aftur við þessa umræðu og bera fram aftur við 3. umræðu.

Áður en jeg sest niður, vil jeg minnast nokkrum orðum á till. fjvn. um að fella niður kenslubókastyrk, sem stjórnin tók upp í sitt frv. Hún tók í frv. tvær fjárveitingar til barnafræðslunnar, sem nú hafa legið niðri um nokkurt skeið; annað var utanfararstyrkur til barnakennara, 3 þús. kr., sem sennilega mun verða veittur þremur mönnum árlega, 1 þús. hverjum, með vissum skilyrðum. Auk þess tók hæstv. stjórn þennan kenslubókastyrk upp aftur, sem einnig hafði legið niðri um skeið. Það er mikil þörf á þessum kenslubókastyrk, og jeg vildi óska þess, að hv. deild legði ekki sitt lið þeirri till. að fella hann niður. Eins og kunnugt er, þá er ástandið ekki gott um kenslubókakost í barnaskólunum. Eitt af þeim frv., sem nú hafa hlotið samþykki þingsins, er frv. um fræðslumálanefndir. En þær eiga að hafa það fyrir sitt annað höfuðstarf að styðja að því, að bókakostur í barnaskólum verði betri en nú er. Þær eiga að hafa á hendi löggilding kenslubóka; en löggilding kenslubóka fylgir og hitt, að nefndin geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að fá góðar kenslubækur, þar sem þær vantar, en það er mjög víða í okkar barnafræðslu. En til þess að útvega nýjar, góðar bækur hefir fræðslumálanefndin ekki annað vald en þetta, ef hún fengi umráð yfir nokkrum kenslubókastyrk. Jeg vil þess vegna segja það hjer síðastra orða, að jeg óska þess eindregið, að þessi till. nefndarinnar verði feld.

Sveinn Ólafsson: Jeg mun vinna mjer fremur ljett verk í þetta skifti og ekki fara í liðsbón. Jeg þykist ekki þurfa þess, af því að jeg að þessu sinni á ekki neinar brtt., sem lúta að fjárbeiðnum eða auknum útgjöldum. Að vísu er nafn mitt tengt við eina brtt. í þeim kafla fjárlaganna, sem liggur fyrir, 34. till. á þskj. 353, en þar er aðeins um að ræða ábyrgð á láni, sem Búðahreppur ætlar að taka og hefir lengi áformað að taka vegna rafveitu þeirrar, sem til stendur að koma þar á.

Tvisvar sinnum áður hefir þessi ábyrgðarheimild verið veitt, 1920 og 1923, en í hvorugt skiftið notuð, vegna þess að bygging var þá of dýr

og alt, sem til þurfti, með því ókjaraverði, að hreppurinn sá sjer ekki fært að nota hana. Nú er verðlagið á þessum hlutum, eins og líka að nokkru leyti á vinnu, það fallið, að tiltækilegt getur verið að ráðast í þetta. Vatnsfallið, sem nota á, er nærri og tiltölulega vel lagað til notkunar.

Jeg ætla þó ekki að þessu sinni að óska eftir atkvæðum um þessa till.; jeg ætla af sjerstökum ástæðum að taka hana aftur til 3. umr.

Mjer þykir tilefni til, áður en til atkv. er gengið um till. þær, sem fyrir liggja, að taka fram, að jeg mun í þetta skifti styðja þær till. einar, sem ekki lúta að mjög freklega aukinni eyðslu á ríkisfje. Og það geri jeg vegna þess, að þótt jeg viðurkenni margar af þeim frambærilegar, þá vil jeg fyrst sjá hilla undir afgreiðslu einhverra tekjuaukafrv.

Jeg vildi taka það fram um 26. till. á þskj. 353, að mjer hefði þótt betur við eiga, að hún hefði verið tekin aftur til 3. umr. Jeg vil sem sje ekki viðurkenna að fullu kröfur þær, sem komið hafa fram, hvorki frá prentsmiðjunni, sem orðabókina prentaði, nje heldur frá manni þeim, sem prófarkirnar las, — kröfur um aukna greiðslu fram yfir það, sem um var samið; — jeg vil ekki viðurkenna þær á þann hátt, sem gert er í brtt., en jeg vil hinsvegar leggja lið mitt til, að einhver uppbót verði veitt. Mjer þykir meira en verðugt að veita útgefendum bókarinnar einhverja viðurkenningu.

Um 23. till. á þskj. 353 vil jeg taka undir þau orð, sem fjellu nýlega hjá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Mjer finst það makleg viðurkenning fyrir þessa konu, að hún fái þennan styrk.

En á þessu sama þskj. eru tvær tillögur, sem jeg finn sjerstaka ástæðu til að vara við; það er 35. og 36. till. Af sama toga er spunnin ein till. á þskj. 374. Það eru eftirgjafir á lánum eða uppbót á kostnaði, sem hlutaðeigandi sýslufjelög hafa lagt í á sínum tíma vegna vegagerðar. Jeg sje ekki betur en að það muni hver á fætur öðrum koma með þvílíkar kröfur, ef þetta verður samþ., og að hvert einasta sýslufjelag á landinu hafi hliðstæðan rjett við það sýslufjelag, sem hjer á hlut að máli. Þær till. tel jeg mjer því ekki fært að styðja. Mjer mundi vera mjög óljúft að koma með slíkar till. fyrir mitt hjerað, en jeg veit vel, að það hefir engu minni rjett til þessara eftirgjafa.

Þetta var það helsta, sem jeg vildi segja í þessu efni; að öðru leyti mun jeg við atkvgr. sýna, hvernig jeg lít á þær einstöku till.

Sigurjón Á. Ólafsson: Fyrir 25. brtt. á þskj. 353 er jeg skráður ásamt hv. 2. þm. Reykv. (HjV). Það er utanfararstyrkur til Björns Björnssonar gullsmiðs, til þess að kynna sjer myndlist, teiknilist og listiðnað nágrannaþjóðanna, 2500 kr.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hafa lesið umsóknina, sem liggur fyrir frá þessum manni, en jeg get þá í fáum dráttum skýrt frá, hvað hjer er um að ræða.

Björn hefir sótt um styrk til þess að kynna sjer þær listgreinir, sem jeg nefndi. Hann hefir verið kennari við iðnskólann hjer í Reykjavík, einnig

kent við kennaraskólann; þar að auki hefir hann starfað mikið fyrir heimilisiðnaðarfjelag Íslands. Hann hefir kent listteikningu sjerstaklega. Þessi maður er að dómi þeirra manna, sem þekkja hann best og gefa honum vottorð, sjerlega listhneigður maður og hefir lagt sig mjög eftir þeim fræðum, er jeg áður nefndi, svo að hann er orðinn afburða vel hæfur í þeim efnum. En nú er það svo, að hann mun þurfa að fá sjer frekari fræðslu í þessum efnum heldur en kostur er á hjer, og því hefir hann hugsað sjer að ferðast til útlanda, til þess að kynna sjer allar nýjungar á þessu sviði, sem sjá má af vottorði þeirra, sem mæla með honum; en það eru alt mikils metnir menn, þeir dr. Páll Eggert Ólason, Einar Jónsson myndhöggvari, Gísli Guðmundsson gerlafræðingur, Helgi Eiríksson skólastjóri iðnskólans og Lúðvík Guðmundsson skólastjóri á Hvítárbakka. Þessir menn gefa þau vottorð, að Björn sje frábærum hæfileikum gæddur á þessu sviði og mæla mjög fastlega með nefndum styrk honum til handa. Björn hygst að ferðast til Parísar og Þýskalands, og sjerstaklega tekur hann það fram, að hann vilji kynnast öllum þjóðlegum listiðnaði á Norðurlöndum. Er enginn vafi, að slíkt ferðalag mundi bera mikinn ávöxt; því að eins og kunnugt er, er mikill áhugi hjá Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands um að beita sjer fyrir því, að hjer gæti myndast þjóðlegur iðnaður. En til þess að nám í þessum efnum komi að notum, þarf einhver að vera til að kenna; og teikning er þá sem frumatriði þeirrar kenslu.

Við iðnskólann er það svo, að þar læra menn úr öllum stjettum, menn sem alls ekki eiga samleið í þeim fræðigreinum, sem þar eru kendar, Einn vill læra þetta og hinn hitt. Þess vegna þarf maður sá, sem kensluna hefir á hendi, að vera svo fjölhæfur, að hann geti kent hverjum nemanda það, sem er við hans hæfi og honum best hentar. Maður sá, sem hjer er um að ræða, er fátækur, og eina leiðin til þess, að hann geti komist þessa ferð, er sú, að Alþingi samþykki þennan ferðastyrk handa honum. Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þessa tillögu.

Þá er jeg, ásamt fleirum flokksmönnum mínum, flutningsmaður að brtt. XXIX á þskj. 353. Er þar farið fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til Slysavarnafjelags Íslands. Jeg verð að byrja á því að biðja hv. dm. afsökunar, þó að jeg geri fyllri greinargerð fyrir till. þessari en venja er til um slíkar tillögur. Liggur þar tvent til, fyrst það, að upphæð þessi er nokkuð há, og í öðru lagi, að fjelag þetta er ekki ennþá orðið svo kunnugt almenningi sem skyldi, en mikil nauðsyn er, að till. nái fram að ganga.

Jeg hefi nú átt tal um till. þessa við ýmsa þingmenn, og hafa sumir tekið henni vel, en aðrir virðast ekki skilja nauðsyn hennar til hlítar. Er jeg því ráðinn í að láta hana ekki koma til atkvæða við þessa umræðu, til þess að hv. þm. gefist kostur á að kynna sjer hana betur. En eigi að síður vil jeg leyfa mjer að skýra tilgang hennar nú við þessa umræðu.

Eins og mörgum hv. þm. mun eflaust kunnugt, var í síðastliðnum janúarmánuði stofnað hjer fjelag, sem heitir Slysavarnafjelag Íslands. Var

þörfin fyrir að hefjast handa í þeim málum orðin svo brýn, að ekki mátti lengur dragast. Af öllum þeim, sem farast af slysum hjer á landi, drukna í sjó 4/5. Til samanburðar má geta þess, að í Svíþjóð er það ekki nema 1/3 af þeim, sem af slysum farast, sem drukna í sjó, og í Noregi 1/2. Eru því tiltölulega flestar druknanir hjá okkur af Norðurlandaþjóðunum. Þetta hefir lengi verið mikið áhyggjuefni margra hugsandi manna, og þess vegna bundust ýmsir menn hjer í bæ, sem áhuga hafa á því að reyna að draga úr þessum tíðu slysum, fjelagsskap í því augnamiði að vinna að umbótum á þessum sviðum.

Þeir menn, sem tekið hafa forystu þessa fjelagsskapar, eru allir þjóðkunnir menn og fullir áhuga á því að láta eitthvað gott af sjer leiða í þessum málum. En hjer strandar á því sama skeri, sem ýmsar framkvæmdir vilja stranda á; það er peningaleysið, því að það er hjer sem annarsstaðar, að peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gera skal, að allmiklu leyti.

Iðgjöld til Slysavarnafjelagsins eru ekki nema 2 kr. fyrir mann á ári. Þau mega til að vera svo lág, til þess að hægt sje að fá allan þorra fólks, karla og konur, í fjelagið. Fyrir iðgjöldin er því ekki mikið hægt að gera. Það er því einróma álit fjelagsstjórnarinnar, að svo framarlega sem fjelagið eigi eitthvað að geta gert þessum miklu nauðsynjamálum til framgangs, þá þurfi Alþingi að leggja því til eitthvert fje. Menn munu nú kannske margir spyrja: — hvað á fjelag sem þetta að gera með fje? Því er fljótsvarað. Fjelagið þarf að hafa fastan starfsmann, mann, sem hefir sjerþekkingu á þessum sviðum, því að verkefnin eru mörg, og slíkan mann hefir fjelagið einmitt trygt sjer.

Starf hans verður fyrst fólgið í því að kynna sjer staðhætti kringum land. Er það því fyrst til að byrja með rannsóknarstarf. Og þegar ákveðnar tillögur liggja fyrir, koma framkvæmdirnar. Ennfremur mun þeim sama manni falið að ferðast um landið að stofna fjelagsdeildir og fræða fólkið um þessi mál.

Þá vil jeg geta þess, að fjelag þetta hefir þegar gert ráðstafanir til þess að fá línubyssu frá útlöndum; ennfremur hefir það skrifað út og gert ráðstafanir til að fá fataefni, sem svo er gert, að það ver menn fyrir kulda í sjó, og getur því í sumum tilfellum forðað mönnum frá druknun.

Þetta kann nú að þykja lítils virði, en þess ber þá að gæta, að þetta eru aðeins byrjunartilraunir.

Það fyrsta, sem fjelag þetta þarf að hefjast handa með, er að fá hingað björgunarbát. Og jeg vænti, að þeir atburðir, sem hjer hafa nýlega orðið, megi verða til þess, að það verði ekki látið líða á löngu, þangað til það verður framkvæmt að fá hingað góðan björgunarbát; enda er þegar hafinn undirbúningur frá fjelagsins hálfu um það mál.

Verkefnin, sem fyrir liggja á þessu sviði, eru óneitanlega mörg, og má í því efni benda til nefndarálits frá nefnd þeirri, sem skipuð var af fiskiþinginu 1925 til þess að gera till. um þessi mál. Er nefndarálit þetta prentað í Ægi og er í 12 liðum. Er þar fyrst bent á, að hafa þurfi eftirlit með

skipasmíðum hjer á landi. Ennfremur þurfi að hafa eftirlit með kaupum erlendra skipa, sem hingað eru fengin. Þá þurfi og að hafa eftirlit með útbúnaði skipa, svo sem björgunartækjum o. fl. Einnig þurfi að taka til athugunar vita, veðurspár, útvarp og miðunarstöðvar. Alt þetta er í áttina til þess að varna slysum, og jeg lít svo á, að það eigi að vera sameiginlegt áhugamál allrar þjóðarinnar að vinna að framgangi þessara mála, ekki aðeins með því að leggja fram fje, heldur líka með því að koma með góð og viturleg ráð, sem mættu verða til þess að draga eitthvað úr því mikla mannfalli, sem við svo að segja árlega verðum fyrir.

Það er mín persónulega skoðun, að það sje íslenska ríkið, sem fyrst og fremst eigi að starfa að þessum málum. Hjá öðrum þjóðum er það svo, að björgunarstarfsemin er beinlínis rekin af ríkjunum sjálfum, eða þá styrkt af þeim. Englendingar voru í þessum málum, sem mörgum öðrum, brautryðjendurnir. Þeir stofnuðu líknarfjelag í þessu skyni 1824. Næstir þeim voru Hollendingar; þeir stofnuðu sama ár tvö „prívat" fjelög í sama tilgangi. Í Belgíu er fjelag frá 1832, sem kostað er af ríkinu. Þá hafa Bandaríkin kostað alla björgunarstarfsemi hjá sjer alt frá því 1848. Í Danmörku hefir það líka verið gert frá 1852, og nú eru útgjöld danska ríkisins til þessara mála hartnær 1 milj. króna. Hjá Norðmönnum byrjaði þessi starfsemi 1854, og nú er þar björgunarstarfsemi rekin af fjelagi, sem nær yfir alt landið, og styrkt af ríkinu með allríflegri fjárupphæð. Í Svíþjóð er björgunarfjelag frá 1855, kostað af ríkinu, og sömuleiðis fjelag frá 1907, sem tekið hefir upp björgunarstarfsemi. Í Frakklandi eru tvö fjelög og bæði styrkt af ríkinu. Annað stofnað 1873. Í Þýskalandi er fjelag frá 1865. Á Spáni er fjelag frá 1880, styrkt af ríkinu. Og sömuleiðis í Japan, Portúgal og Lettlandi.

Jeg hefi talið þetta upp hjer til þess að sýna fram á, að við Íslendingar virðumst vera mjög aftarlega í þessum menningar- og mannúðarmálum. Við höfum hafið þessa starfsemi nú, og má ekki seinna vera. Vænti jeg því, að hv. þm. sjái, að hjer er ekkert smámál á ferðinni, heldur þvert á móti, eins og landlæknir okkar telur, eitt hið mesta vandamál, sem við eigum nú við að stríða. Jeg verð því að vona, að Alþingi sýni því velvild og skilning.

Mjer þykir leitt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera staddur hjer í deildinni, því að honum verð jeg að víkja nokkrum orðum. Jeg skal þá fyrst þakka honum fyrir undirtektir hans um það, að nýja varðskipið skuli vera útbúið með nýtísku björgunaráhöldum, sem hægt er að koma við á slíku skipi, enda þótt jeg búist við, að hjá því geti björgunarstarfsemin ekki orðið nema aukastarf, því að ekki er hægt að ætlast til þess, að það geti altaf verið til taks, þegar slys ber að höndum.

Erlendis er björgunarstarfsemin aðallega með tvennu móti. Fyrst og fremst með skipum, og í öðru lagi frá stöðvum í landi. Er slík björgunarstarfsemi öllu almennari. Gæti því verið gott að fá þetta nýja varðskip sem hjálp í viðlögum, því annað getur það í raun og veru ekki orðið.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að fjelag þetta hefir ærið að starfa, ef það hefir fje og kraft til þess að vinna að þessum málum, og þó að jeg hafi talað hjer aðallega um sjóslys, þá mun það líka taka til athugunar slys, sem verða í vötnum og ám og hverskonar slys, sem fyrir kunna að koma, og varnir gegn þeim. Það er því ekki aðeins fjelag, sem starfar við sjávarsíðuna, heldur einnig jafnt til sjávar og sveita. Það verður því líka fjelag bændanna og yfirleitt allra landsmanna.

Læt jeg svo úttalað um þetta mál að sinni, og eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, tek jeg XXIX. till. á þskj. 353 aftur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um till. þær, sem hjer liggja fyrir, hvorki þær, sem komið hafa frá einstökum þingmönnum, eða nefndinni. En jeg verð að segja það, að á meðan ekki er viss von um, að tekjuaukafrv. þau, sem fyrir þinginu liggja, verði samþykt, tel jeg rjett að greiða atkvæði á móti þeim öllum, sem einstakir þm. flytja.

Um 44. brtt. hv. fjvn. vil jeg taka það fram, sjerstaklega þó að því er snertir a.-liðinn, til brimbrjóts í Bolungarvík, að í stjórnarráðinu liggja fyrir nýjar upplýsingar um þessi mál. Vil jeg því beina þeirri ósk til nefndarinnar, að hún taki tillöguna aftur til 3. umr., svo hægt verði að athuga þessar nýju upplýsingar, áður en gengið verður til atkvæða um hana.

Þá á jeg sjálfur brtt. á þskj. 353, VIII. Jeg hefi borið slíka till. fram fyr, og hefir hún þá náð fram að ganga. Þessi starfsemi hefir verið mjög vinsæl úti um land, og vænti jeg því, að till. verði samþykt.

Þá er 35. og 36. brtt. á þskj. 353, um endurgreiðslur upp í vegagerðarkostnað. Um þessar till. hefir nefndin leitað álits vegamálastjóra, og hefi jeg engu við það að bæta, sem hann segir.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Þegar umræðurnar hófust um þetta mál hjer í gær, gerði jeg grein fyrir því, hvernig jeg teldi rjettast að snúast við því, eins og nú standa sakir, og að því er snerti störf fjvn., þá gæti jeg fallist á, að þau væru í flestum tilfellum vel af hendi leyst, enda þótt jeg sje mótfallinn sumum till. hennar.

Til þess nú að flýta fyrir og tefja ekki tímann um of, hefi jeg hugsað mjer að fara ekki að ræða einstakar till. eða svara einstökum þm., enda þótt jeg hafi skrifað hjá mjer kjarnann úr ræðum þeirra. Í þess stað ætla jeg aðeins að benda á, hverjum till. jeg hefði greitt atkv., ef jeg hefði átt atkvæðisrjett í deildinni, og hverjum jeg hefði lagst á móti.

Af till. fjvn. eru fáar, sem jeg tel miður fara. Þó tel jeg vafasamt, að styrkurinn til hafnabóta komi að tilætluðum notum. Þá hjelt jeg, að búið væri að ganga frá styrknum til orðabókarstarfseminnar, og því væri ekki ástæða til þess að koma með þessa till. nú. Þetta eru þær till. hv. fjvn., sem jeg álít ekki heppilegar.

Þá hefði jeg fremur kosið, að styrkurinn til Hydrographic Bureau hefði fengið að standa. En undarlegast finst mjer, að nefndin skyldi finna ástæðu til að leggja til, að styrkurinn til út-

gáfu kenslubóka fyrir barnaskóla skuli falla niður.

En af þeim brtt. einstakra hv. þm., sem jeg tel rjett, að nái samþ., skal jeg nefna fáeinar. Jeg býst ekki við að þurfa að geta um efni þeirra, þar sem hv. þdm. hafa þskj. fyrir framan sig og geta því fylgst með röðinni.

Það verður þá fyrst fyrir mjer XVI. brtt. á þskj. 353, sem jeg álít, að fylsta sanngirni mæli með, að verði samþ. Þá er það XIX. brtt. á sama þskj., um styrk til Páls Ísólfssonar, og mundi jeg telja það miður farið, ef hún yrði ekki samþ. Ennfremur vil jeg benda á XXIII. brtt., sem er í raun og veru lítilsháttar viðurkenning til þess rithöfundar, sem þar getur, enda geri jeg fastlega ráð fyrir, að hún verði samþ.

Sama er og um XXVI. brtt. að segja, að jeg álít, að mikil sanngirni mæli með því að samþykkja hana, að minsta kosti að því er snertir staflið-ina b. og c.

Þá vil jeg benda á XXXI. brtt., og þó að segja megi, að það kunni að vera varhugaverð stefna, sem upp sje tekin með henni, þá sje jeg ekki, að hjá því verði komist að veita viðkomandi ekkju einhvern styrk.

Að lokum er það XXXIII. brtt., sem jeg tel sjálfsagt að samþ., enda er þar um litla upphæð að ræða.

Þá eru þær upptaldar, brtt. einstakra hv. þdm., sem jeg mundi hafa ljeð liðsinni, hefði jeg átt atkvæðisrjett í þessari hv. deild. Af þessu má sjá, að það eru æðimargar brtt., sem jeg get ekki á neinn hátt gefið meðmæli mín, og sjerstaklega á jeg þó við þær till., sem fara fram á eftirgjöf ýmsra lána.

Jeg get búist við, að slíkar till. sjeu fram komnar meðfram vegna þess, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar var tekin upp eftirgjöf á láni Árnessýslu til Flóavegarins. En þó öll sanngirni mæli með, að Árnessýslu verði gefið eftir þetta vegalán, þá finst mjer, að varla geti komið til mála að samþ. nú að þessu sinni tvær síðustu brtt. á þskj. 353, og sama er að segja um báðar till. á þskj. 374.

Það hljóta allir að sjá þann mikla mismun, sem er á þessum till. og þeirri lánseftirgjöf, sem í frv. stjórnarinnar stendur, þegar borin er saman notkun veganna og viðhaldskostnaður þeirra. Þá verður og að líta á það, að þegar samþ. voru lögin um, að sýslur tækju að sjer viðhald akbrauta, óraði engan fyrir hinni miklu umferð bíla, sem eykst nú með hverju árinu og gerir Árnessýslu erfitt um viðhaldskostnaðinn.

Jeg býst nú við, að hv. tillögumenn þessara eftirgjafa muni halda því fram, að líkt sje ástatt um þá vegakafla, sem þeir bera fyrir brjósti, og Flóaveginn. En svo er þó ekki, því að Flóavegurinn er langfjölfarnastur allra vega austanfjalls. (**GunnS:** Þetta er gersamlega rangt!). Að minsta kosti er áreiðanlega ekki eins mikil umferð bíla um Rangárvallasýsluveginn eins og þann, sem Árnessýsla hefir staðið straum af. En þó svo væri, að umferðin væri jafnmikil austan Þjórsár eins og utan hennar, þá vil jeg benda þeim hv. þm. Rang., sem að XXXV. brtt. á þskj. 353 standa, að það er talsvert öðru máli að gegna fyrir stjórnina, þegar lagt er fyrir hana mál vel undirbúið af viðkomandi hjeraðsbúum, heldur en þegar þm. bera fram

í metnaðarskyni till. á Alþingi, af því að þeir sjá, að aðrir hafa fengið einhver hlunnindi. Þess vegna vildi jeg leyfa mjer að beina því til þessara hv. þm., að þeir legðu ekki mikið kapp á till. sína nú að þessu sinni. Enn er málið ekki nægilega undirbúið fyrir hv. þdm. til þess að átta sig á því. Þess vegna hygg jeg, að öllum væri fyrir bestu, að málið biði næsta þings og þá tekið upp, er komin væru fram þau rök, er hjeraðsbúar gætu fært fyrir því, að sanngjarnt væri að endurgreiða sýslunni þennan vegakostnað.

Sama hygg jeg, að gæti átt við XXXVI. brtt. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að hv. þdm. þyki ekki þessar till. nægilega undirbúnar eða rökstuddar til þess að þeir sjái sjer fært að leggja þeim liðsinni með atkv. sínu. Enda gæti jeg búist við, ef svona lítið undirbúnar till. fengju áheyrn, að samskonar óskir víðsvegar frá mundu streyma inn í þingið.

Annars kæmi mjer ekki á óvart, að út af þessum ummælum mínum og því, að jeg hefi ekki tekið liðlegar í þessar till., hefjist umr. um þær að nýju. En þó að ekki verði hjá þeim komist, verða þær þó ekki til þess að breyta skoðun minni á málinu, sem þegar er ákveðin, og heldur ekki vænti jeg, að þær umr. breyti svo skoðun hv. þdm., að meginþorri þeirra sjái sjer fært að ljá till. þessum fylgi.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. En hins vænti jeg, að meginþorri háttv. þdm. sje svo sanngjarn og láti sjer skiljast, að það sje ekki mikil ástæða til að taka liðlega undir útgjaldatill. á meðan ekki er sjeð fyrir um, hver afdrif bíða hinna ýmsu tekjuaukafrv. Og það því síður, þar sem fram er komin yfirlýsing frá hv. minni hluta fjhn. Ed. og formanni Íhaldsflokksins, að ekki sje þörf á neinum tekjuauka. Eftir þessu að dæma virðist hann og flokkur hans ekki þess fýsandi, að ríkissjóður fái þær tekjur, sem hann óhjákvæmilega þarf til þess að fyrirbyggja halla á þjóðarbúinu.

Þessi skoðun formanns Íhaldsflokksins hefir smámsaman verið að gera vart við sig, þegar þessi tekjuaukafrumvörp hafa komið til umræðu. En samt sem áður hefði maður nú síst búist við andstöðu úr þessari átt, af því að ástandið á þessu ári, sem hann sleppir fjármálastjórninni, er ekki í neinu sjerstöku himnalagi, þar sem skýrt hefir verið frá, að mikið vanti til, að tekjur og gjöld standist á og margar kröfur og óskir komið fram um aukin fjárframlög til þess að atvinnuvegirnir geti blómgast og verði reknir eftirleiðis án tekjuhalla.

Annars furðar mig á þeirri andúð, sem bólað hefir á gegn nauðsynlegum tekjuauka handa ríkissjóði, því jeg lít svo á, að það eigi að vera helgasta skylda hvers einasta þm. að fara mjög varlega í að stofna til aukinna útgjalda án þess að sjá ríkissjóði jafnhliða fyrir tilsvarandi tekjuauka.

Gunnar Sigurðsson: Það er aðeins stutt aths. út af ummælum hæstv. fjmrh. (MK) um Holtaveginn.

Jeg skil vel, að þeir hv. þdm., sem ekki eru kunnugir austanfjalls eða aðstöðu vegamálanna þar, geti verið í vafa um rjettmæti brtt. okkar þingmanna Rangæinga um endurgreiðslu á nokkrum hluta af kostnaði við að endurbyggja Holtaveginn.

En eins og jeg hefi áður tekið fram, er Rangárvallasýsla miklu ver komin en Árnessýsla, einkum þó að því leyti, að Holtavegurinn hefir orðið að tiltölu margfalt dýrari en Flóavegurinn, sem stafar meðfram af því, að sækja verður ofaníburð langar leiðir að með ærnum kostnaði, og undirstaða vegarins er hin versta, foræðismýrar og flóar, en undir öllum Flóaveginum er hraun og ofaníburður svo að segja við hendina.

Auk þess er umferð bifreiða austur um Rangárvallasýslu orðin svo mikil og eykst með hverju árinu, en af þeim flýtur aftur gífurlegur viðhaldskostnaður á hverju ári á sýsluvegum Rangárvallasýslu, sem eru langir og viðhaldsfrekir, svo sem t. d. Fljótshlíðarvegurinn og Fjallabaksvegurinn, eða öðru nafni Landvegurinn.

Hjer er því um fylstu sanngirniskröfu að ræða, og þó að ekki hafi verið um þetta sótt af sýslunefndinni, þá hefir það ekkert að segja. Það geta allir líka getið sjer þess til, hvort sýslunefndin samþykki ekki slíkar kröfur, sem hjer er farið fram á.

Sannleikurinn er sá, að Rangárvallasýsla hefir ekki verið eins ágangsfrek í kröfum sínum gagnvart ríkissjóði eins og Árnessýsla. Við höfum reynt að standa í skilum um framlög til vegagerða, en það hefir Árnessýsla ekki gert. Hjer stendur því eins á að öðru leyti en því, að Rangárvallasýsla hefir að fullu staðið í skilum, en Árnessýsla ekki. Það er því prófsteinn í atkvgr. um þetta mál á hv. deild, hvort hún vill ganga inn á þá braut að verðlauna vanskil með forgangsfríðindum.

Jeg fyrir mitt leyti tek ekki tillöguna aftur og læt skeika að sköpuðu, hvernig um hana fer. Ef hún fellur nú, mun hún borin fram á næsta þingi. Og hún verður borin fram, þangað til hún sigrar — þangað til menn sjá og skilja, hverri rangsleitni er hjer verið að beita, sem jeg reyndar vona, að menn skilji þegar á þessu þingi.

Einar Jónsson:* Hv. samþm. minn (GunnS) hefir að nokkru leyti leyst mig frá því að tala langt mál. Þó kemst jeg ekki hjá því að svara þeim tveim hv. þm., sem orðið hafa til þess að andmæla því, að Rangárvallasýslu yrði endurgreiddur dálítill hluti af þeim kostnaði, sem hún lagði út til endurbyggingar Holtavegarins. En þeir, sem mælt hafa á móti þessu, voru þeir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og nú að lokum hæstv. fjmrh., og furðar mig, satt að segja, að þessir menn, sem jafnan hafa kynt sig að samviskusemi og rjettdæmi, skuli hafa orðið til þess.

Enda grunar mig fastlega, ef hv. 1. þm. S.-M. vildi gera sjer það ljóst, við hvílíka einangrun í samgöngum Rangæingar hafa að búa, þar sem vitanlegt er, að sýslan hefir aldrei nein not af strandferðum eða öðrum skipaferðum, að hann sje svo sanngjarn maður að viðurkenna, að Rangárvallasýsla eigi ekki að verða útundan, heldur beri að styrkja hana á þann eina hátt, sem hægt er, en það er að ljetta undir með vegagerðum hennar. Og þó að hann beiti sjer mjög fyrir bættum samgöngum á sjó, bæði í sínu kjördæmi og víðar, þá ætti það ekki að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

hindra hann í að styðja þær sýslur í samgöngubótum á landi, sem engin not hafa af strandferðum. Enda finst mjer, að samskonar kröfur — um bættar samgöngur landsmanna — eigi að vera jafnrjetthár frá öllum sýslum landsins.

Jeg býst líka við, að hægt sje að fullyrða og færa sönnur fyrir, að hvergi muni meiri bílaumferð en á vegum Rangárvallasýslu, og þó einkum á Holtaveginum. En þessi mikla umferð verður til þess að spilla vegunum, svo að viðhaldskostnaður eykst með hverju ári.

Á þessum vegum er ekki aðeins að ræða um umferð bíla í þarfir hjeraðsbúa, heldur þeysir þarna um fjöldi fólks, sem er að skemta sjer, ekki aðeins við að skoða fagra og merkilega staði, eins og Heklu, Fljótshlíð og Þórsmörk, heldur til að skoða hjeraðið yfir höfuð. Og þessar bílaumferðir eru orðnar ótakmarkaðar og margfaldast með hverju árinu. Hjer er ólíku saman að jafna og strandferðum. Skipin, sem sigla fram með ströndum Austfjarða, spilla ekki þeim vegum, er þau fara um. Sjórinn er altaf hinn sami, en vegir okkar Sunnlendinga vaðast út og verða á stundum lítt færir, þegar bílaumferðin er sem mest. Þessi krafa Rangárvallasýslu, sem borin er fram í XXXV. brtt. á þskj. 353, er því mjög sanngjörn, enda trúi jeg ekki fyr en jeg tek á, að hv. þdm. fallist ekki á hana.

Jeg veit ekki, hvort jeg ætti að tefja tímann með að minnast lítillega á sýsluvegi Rangæinga, sem eflaust eru þyngri byrði þessari sýslu en sýsluvegir í öðrum sýslum landsins. En eins og landið kostar miklu fje til strandferða í ýmsum landshlutum, þá hljóta þeir, sem engin not hafa slíkra samgöngubóta, að eiga heimting á, að komið sje upp hjá þeim nothæfum póstvegum.

En það tekur ekki langan tíma, þó að jeg minnist á þá löngu sýsluvegi, er Rangárvallasýsla verður að standa straum af.

Það er þá fyrst Fjallabaksvegur, sem liggur frá miðjum Holtaveginum upp í Landsveit, og þaðan austur að fjallabaki og niður í Skaftártungu. Þetta er langur sýsluvegur, ófullkominn á köflum, veðst út í vætutíð og er þá mjög spilt af bílaumferðinni. Þá er það Fljótshlíðarvegur, sem verður einna harðast úti vegna hinnar miklu umferðar austur í Fljótshlíð og Þórsmörk; þá er Þrasabraut, vestarlega í Holtunum. Allir þessir vegir verða sýslunni mjög kostnaðarsamir, vegna þess að þeir eru svo ófullkomnir og þola ekki hina stanslausu umferð bílanna. Þá er það Árbaugsvegur fram í Þykkvabæ, Oddhólsbraut á Rangárvöllum og Affallsvegur fram í Landeyjar, auk allra hreppaveganna, sem margir eru langir og erfiðir.

Allir þessir vegir eiga sammerkt um það, að alstaðar er erfitt um ofaníburð og bygging þeirra og viðhald því ærið þungur baggi á sýslunni og hjeraðsbúum.

Það var rjettilega tekið fram af hv. samþm. mínum, að það er mikill munur að bera ofan í Holtaveginn eða Flóaveginn, þar sem hraun er undir honum öllum og ofaníburður víðast hvar nærtækur.

Að lokum vil jeg taka það fram, að

jeg tel sanngjarnt, að Árnessýsla fái sínum kröfum framgengt, og svo munu fleiri álíta. En þá get jeg ekki skilið, að hæstv. fjmrh. skuli standa á móti því, að Rangárvallasýsla verði sömu ívilnunar aðnjótandi.

Aðstöðumunur sýslnanna er aðeins sá, að Rangárvallasýsla hefir reynt að standa við sínar skuldbindingar, en það hefir Árnessýsla ekki gert. Hún hefir reynt að skulda alt, sem hún átti að leggja fram. Og ef það verður nú ofan á að sleppa henni við að greiða skuldir sínar, en ívilna Rangárvallasýslu ekki í neinu, þá verður ekki annað sjeð en að þingið með því gangi inn á þá braut að ala upp í mönnum óskilsemi og að virða að vettugi skuldbindingar sínar. — Báðar sýslurnar hljóta að hafa rjett til þessarar ívilnunar, og Rangárvallasýsla þó ekki síður.

Og þó að hæstv. fjmrh. telji kröfu Rangárvallasýslu rjettlægri af því að engar óskir liggja fyrir um þetta frá sýslunefnd eða hjeraðsbúum, þá skiftir það engu máli. Krafan er jafnrjetthá og sanngjörn fyrir því, enda væri ekkert hægra en að síma strax austur, og mundi þá fljótt fást samþ. allra Rangæinga til þessa.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Háttv. þm. eru nú búnir að gera grein fyrir brtt. sínum við fjárlagafrv., og á þar við hið fornkveðna, að hverjum þykir sinn fugl fagur. En þar sem það hefir orðið niðurstaða nefndarinnar að skjóta þá fugla alla í sama skotinu, þá get jeg verið stuttorður, og það því fremur, sem þessar brtt. eru flestar gamlir kunningjar frá nefndinni og áður hefir verið um þá rætt þar.

Jeg ætla þá að fara nokkrum orðum um afstöðu nefndarinnar til hinna einstöku liða, og ætla að byrja á brtt., sem eru á þskj. 353.

Það er þá fyrst brtt. VIII, frá hæstv. forsrh. (TrÞ). Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki getað fallist á þessa till. og leggur því til, að hún sje feld. Nefndin er þó ekki óskift um það, og hefir því óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur.

Þá er brtt. X, sem flm., hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), hefir tekið aftur.

Um IX. brtt. hefir nefndin klofnað, og hefir því óbundnar hendur, þegar til atkvgr. kemur um hana.

Þá er XI. brtt., frá háttv. 2. þm. Reykv. og fleirum, um skólagjöld. Leggur nefndin til, að hún sje feld.

Þá er XII. brtt. Nefndin er öll á móti henni, nema hv. þm. Ísaf. (HG), sem á sjálfur sæti í nefndinni. Nefndin viðurkennir að vísu þörfina á því, að barnakennarar fari utan, enda er gert nokkuð til þess að fullnægja þeirri þörf, þar sem ætluð er í fjárl. upphæð til þessa. En þar sem þessi fjárveiting er ákveðin, þá álítur nefndin sjálfsagt, að menn snúi sjer beint til hæstv. kenslumálaráðherra og fræðslumálastjóra, sem er ráðgjafi hans um þau mál; því að ef þingið á í hverju einstöku tilfelli að úrskurða, hverjir skuli njóta þessa styrks, þá er hætt við, að úrskurður þess geti orðið nokkuð af handahófi vegna ókunnugleika þess á verðleikum umsækjenda. Það er hætt við, að þar komi fram sami tvískinnungurinn og nú á sjer stað um námsstyrkinn til stúdenta erlendis. Til þeirra er veitt ákveðin upphæð, en menn leita samt unnvörpum til þingsins um meira. Og það fer

oft svo, að slíkar fjárveitingar eru samþ. annað árið, en feldar hitt. Þetta álít jeg, að sje stúdentum meir til tjóns en góðs, því að með þessu leiðast menn, sem vonlegt er, til þess að byrja ákveðið nám, en verða svo að hætta, er þeir standa uppi með tvær hendur tómar og hafa verið sviftir styrknum.

Þá er brtt. XIII, frá háttv. 2. þm. Reykv. og fleirum, um skólagjöldin. Hún sætir auðvitað sömu forlögum og hin fyrri.

Þá er brtt. XIV, frá hv. þm. Ísaf., um hækkun styrks til kvenfjelags á Ísafirði. Þótt nefndin hafi nokkra tilhneigingu til að hækka slíka styrki, þá þykir henni hjer alt of langt gengið, og leggur því til, að brtt. þessi sje feld.

Þá er XV. brtt., frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf., sem báðir eiga sæti í nefndinni. Leggur nefndin til, að hún sje feld, en hefir þó óbundnar hendur við atkvgr. að því leyti, sem þessir tveir háttv. þm. hafa þar sjerstöðu.

Jeg leyfi mjer annars að vísa til þess, sem hæstv. kenslumrh. (JJ) sagði um þetta mál, þar eð það fellur mjög saman við álit meiri hlutans.

Þá er XVI. brtt., frá háttv. 2. þm. Reykv., um hækkun styrks til Ólafs og Jóns sundkennara Pálssona. Þótt nefndin viðurkenni að vísu, að starf þessara manna sje þarft og gott, en laun þeirra hinsvegar lág, þá álítur hún, að það sje meir fyrir Reykjavík en landið í heild, og ætti því styrkur frekar að koma frá Reykjavíkurbæ en Alþingi. Nefndin leggur því til, að þessi brtt. verði feld.

Þá er XVII. brtt. á sama þskj., frá hv. þm. Skagf. báðum, til sundlaugar að Steinsstöðum í Skagafirði. Um þessa brtt. hefir nefndin klofnað, og hefir því óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur. Mjer finst ekki ástæðulaust, að þingið ljeti rannsaka, hve margir teldu sig hafa rjett til samskonar veitinga, ef þessi yrði samþykt áður en það er ákveðið; því að vitanlega eru takmörk fyrir því, hve langt megi ganga í slíkum samþyktum, er þannig verka aftur fyrir sig.

Þá er XVIII. brtt., frá hv. þm. Ísaf., og legst öll nefndin á móti henni nema hv. flm.

Þá er XIX. brtt., frá mörgum hv. þm., um styrk til Páls Ísólfssonar. Um hana hefir nefndin klofnað, og hefir því óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur.

Þá er brtt. XX, um að lækka styrkinn til hljómsveitar Reykjavíkur um helming, úr 4000 kr. niður í 2000 kr. Sú brtt. er frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Um hana er það að segja, að nefndin hefir að vísu óbundnar hendur við atkvgr., en allir nefndarmenn, að undanteknum þessum 2 hv. flm., eru á móti henni. Líta þeir svo á, að þessi hljómsveit sje nauðsynlegur liður í þeim undirbúningi, sem verður að gera undir árið 1930, og vilja halda fast við hærri upphæðina.

Þá er brtt. XXI, frá hv. þm. Ísaf. Er nefndin öll á móti henni, nema hv. flm. sjálfur. Rök hv. flm. í ræðu hans fyrir þessari fjárveitingu, þar sem hann bar þennan styrk saman við styrkinn til Páls Ísólfssonar og hljómsveitarinnar, eru alls ekki frambæri-

leg. Það er fyrst og fremst hjeraðsmál Ísafjarðarkaupstaðar, að þar verði komið upp smáhljómsveit, og það er alls ekki sambærilegt við þá nauðsyn, sem landinu er á því að eiga góða hljómsveit 1930, og sem liggur til grundvallar fyrir styrkveitingunni til hljómsveitar Reykjavíkur. Ekki fæ jeg heldur skilið, að þessi maður sje sambærilegur við Pál Ísólfsson. Það er þess að gæta um þann mann, að hann er maður, sem hefði verið innan handar að setjast að erlendis og vinna sjer þar fje og frama, en sest í þess stað að hjer á landi og helgar landinu krafta sína. Hann er sá maður, sem langfærastur er um að auka og efla hljómlistarmenningu hjer á landi, og því ber landinu sjerstök skylda til að sjá um, að hann geti notið krafta sinna og lifað hjer sómasamlega.

Þá er brtt. XXII, frá háttv. 1. þm. Reykv. (MJ), um styrk til útgáfu nýrrar Íslandssögu. Meiri hl. nefndarinnar leggur á móti þessari brtt. — Nefndin viðurkennir auðvitað þörfina á þessu verki, en flestir nefndarmenn álíta, að enn sje fullmikið á reiki um framkvæmd þess, svo að tæpast sje rjett að taka afstöðu til þess nú og ákveða að leggja út í það. Annars get jeg vísað til ræðu hv. 2. þm. Árn. (MT) í þessu efni, því að hann talaði mjög frá brjósti þeirra manna í nefndinni, sem harðast mæla á móti þessari veitingu.

Þá er brtt. XXIII, frá nokkrum hv. þm., um 2000 kr. styrk til dr. Bjargar C. Þorláksdóttur. Meiri hl. nefndarinnar er á móti þessari veitingu, en nefndin hefir þó að nokkru leyti óbundnar hendur um hana.

Þá er XXIV. brtt., um að fella niður styrkinn til Björns Jakobssonar, frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Um þessa till. hefir nefndin óbundnar hendur, en jeg get vísað til þess, sem hæstv. kenslumálaráðherra (JJ) sagði um þessa veitingu í dag.

Um brtt. XXV hefir nefndin óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur.

Þá kem jeg að brtt. XXVI á þessu sama þskj. Hún er frá háttv. 1. þm. Reykv., og eru tveir fyrstu liðir hennar um uppbótargreiðslur fyrir vinnu að íslensk-dönsku orðabókinni sælu. Eins og jeg gat um í framsöguræðu minni í gær, hefir nefndin tekið upp nokkurn hluta þess styrks, sem farið var fram á. Eins og jeg áleit það sjálfsagt, eins er jeg algerlega á móti því, að meira sje greitt. Jeg vil engan veginn mótmæla því, að prentsmiðjan hafi skaðast, en jeg fæ ekki sjeð, að ríkið verði krafið þeirrar fjárhæðar, sem hjer er farið fram á. Það er prentsmiðjunnar að gera ekki samninga út í bláinn, og ef hún hefir gert það, þá verður hún að reka sig á það, að það er hægra sagt en gert að fá bætur fyrir það eftir á, alveg jafnt hjá ríkinu og einstökum mönnum.

Um upphæð þá, sem farið er fram á til Jóns Ófeigssonar kennara, verður að segja eitthvað svipað. Jeg veit það vel, að ekki þarf lengi að leita til þess að finna mörg verk, sem eru betur borguð en það mikla starf, sem hann hefir sjálfsagt unnið við orðabókina. En það er nú yfirleitt svo um bókmentastörf hjer á landi, að þau eru fremur unnin til frægðar en fjár. Það er svo um flest stórvirki, sem unnin hafa verið í bókmentastarfsemi allra þjóða, að það er áhugi manna,

sem hefir hrundið þeim fram, en ekki það, að menn geti vonast eftir, að þau geti nokkurntíma orðið þeim, sem vinna þau, fjeþúfa eða gullnáma. Þetta er að vísu raunalegt, en það verður svo að vera.

Jeg get um þetta vitnað til þess mikla þrekvirkis, sem þau Björg Þorláksdóttir og Sigfús Blöndal hafa leyst af hendi með samningu þessarar orðabókar, fyrir svo litla borgun, að það skýtur ekki skökku við, þótt aðrir, sem unnið hafa að bókinni, fái ekki meira en þeir höfðu samið um við þau fyrir sína vinnu. Það er að vísu leiðinlegt, að Alþingi skuli ekki geta orðið við beiðni þessara manna, en það er ómögulegt að búast við að fá slík verk sem þessi eins vel launuð og þau verk önnur, sem arðvænleg þykja.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ríkissjóður hefði tekið að sjer að greiða kostnað við útgáfuna. Jeg vil benda hv. þm. á það, að ríkissjóður hefir aldrei gert það, og jeg vil fullyrða, eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um málið, að ríkissjóður hefir fullnægt því, sem hann tókst á hendur í þessu máli. Annars var það svo, að ríkissjóður Dana tók að sjer $^5/_8$ útgáfukostnaðar og ríkissjóður Íslands $^3/_8$, en hjer er farið fram á, að allar eftirstöðvar útgáfukostnaðarins greiðist úr ríkissjóði Íslands.

Þá er það c-liður brtt. XXVI, um 1200 kr. lokastyrk til sögunáms handa Barða Guðmundssyni. Um þessa brtt. er nefndin skift, og hefir því óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur.

Þá kemur brtt. XXVII á sama þskj., athugasemd um steinsteypukenslu, frá hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf. Um það hefir nefndin líka óbundnar hendur að því leyti sem þessa hv. þm. snertir. Skal jeg ekki ræða um það, með því líka að hæstv. kenslumálaráðherra hefir gert grein fyrir því.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. Rang. á sama þskj., XXVIII. liður, sem nefndin hefir klofnað um og hefir því óbundin atkvæði.

Þá er brtt. á sama þskj., XXIX. liður, sem hefir verið tekin aftur, og get jeg því leitt hjá mjer að ræða hana.

Þá er brtt. XXXI á sama þskj., frá þrem hv. þm.: „Til Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð, 2500 kr.“. Meiri hl. nefndarinnar legst á móti þessari tillögu, þar sem henni þykir, að hjer sje farið fram á of háa upphæð, sem geti skapað bæði örðugt og hættulegt fordæmi.

Þá er sama að segja um brtt. XXXII, frá hv. 1. þm. Skagf. (MG) og 2. þm. G.-K. (ÓTh); um hana hefir nefndin óbundnar hendur. Jeg skal segja það fyrir mitt leyti, að jeg hefi tilhneigingu til að vera með þessari fjárveitingu, en hefi ekki leyfi til að segja neitt ákveðið um það frá nefndarinnar hendi.

Þá er brtt. XXXIII, frá hv.1. þm. Skagf., „til Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar, 300 kr.“. Nefndin hefir lagst á móti þessari till., eða að minsta kosti meiri hl. hennar. Þó að okkur detti ekki í hug að efast um það, að ekkja þessa manns hafi fulla þörf fyrir þennan styrk, þá verður maður því miður að segja það sama um margar ekkjur, bæði hjer á landi og annarsstaðar, og þótt svo vilji til, að menn, fyrir meira og minna hæpn-

ar ástæður, komist inn í fjárlög, þá getur Alþingi þó ekki gengið inn á þá braut að taka ekkjur þeirra inn í fjárlögin að þeim látnum.

Þá er brtt. XXXIV, sem hefir verið tekin aftur, og get jeg því leitt hjá mjer að ræða hana.

Þá kem jeg að lokum að brtt. á sama þskj., XXXV og XXXVI, og brtt. II á þskj. 374. Jeg ætla að taka þessar brtt. og ræða þær í einu lagi. Nefndin hefir óbundnar hendur um þessar brtt., og það, sem jeg ætla að segja um þær, segi jeg frá sjálfum mjer.

Jeg verð að líta þannig á, að allar þessar brtt., sem hjer liggja fyrir, sjeu að meira eða minna leyti hliðstæðar við tillögu, sem komist hefir inn í 22. gr. fjárlagafrv., um eftirgjöf á láni til Flóavegarins. Því hefir verið haldið fram af ýmsum hjer, að um nokkuð ólíkar ástæður væri að ræða með tilliti til þessara vega, en jeg sje ekki annað en að það sje algerlega rjett, sem hv. þm. Rang. hafa haldið fram um Holta- og Flóaveginn, og að Rangæingar hafi staðið við það, sem þeim bar, en Árnesingar ekki, og jeg sje enga ástæðu til að fara að hegna mönnum fyrir það, að þeir standa í skilum.

Um brtt. okkar hv. þm. Borgf. verð jeg að segja það, að jeg lít mjög svipað á hana. Á öðrum staðnum er talað um endurbyggingu, en á hinum um viðhald, og jeg sje ekki betur en að þetta falli svo saman, að erfitt sje að kveða á um það, hvort um endurbygging vegar eða viðhald sje að ræða. Það kemur oft fyrir, að þarf að endurbyggja vegi, og hvað Flóaveginn snertir, þá stafar endurbygging hans af því, að það var trassað að halda honum við, og ef trassað verður í mörg ár að halda Borgarfjarðarbrautinni við, þyrfti að endurbyggja hana líka. Þess vegna efast jeg um, hvort það er rjett að gera svo mikinn mun á því, hvort um viðhald eða endurbyggingu er að ræða. Jeg skal segja það strax, að jeg ber þessa brtt. fram af ásettu ráði, ásamt hv. þm. Borgf., af því að jeg þóttist sjá, hvaða dilk það mundi draga á eftir sjer, ef farið verður að samþykkja annað eins og farið er fram á í 22. gr. fjárlaganna. Fjöldi hjeraða kemur þá á eftir með sama rjetti, og þess vegna er best, að hv. þm. sjái það strax, á hverju þeir mega eiga von, ef þetta verður samþykt, svo að þeir geti stemt á að ósi.

Mjer þykir leitt, að háttv. 2. þm. Árn. (MT) er hjer ekki við, af því að jeg vildi svara honum ofurlítið ýmsu því, sem hann nefndi til samanburðar Borgarfjarðarbrautinni og afstöðu þeirra og Árnesinga til þessa máls. Jeg sje ekki annað en að hjer sje um hliðstæður að ræða. Jeg hefi hjer minst á, hve líkt getur verið um endurbyggingu og viðhald, eftir því, hvernig á stendur. Hv. þm. (MT) talaði um, að á þessum vegi væri svo mikil umferð, því að þar væru ekki aðeins Rangvellingar á ferðinni, heldur líka Skaftfellingar og fjöldi af Reykvíkingum og margt manna úr öðrum hjeruðum. Sama er að segja um Borgarfjarðarbrautina, þar eru ekki aðeins innansveitarmenn á ferðinni, heldur líka fjöldi af Norðlendingum og mesti sægur Reykvíkinga, og jeg verð að segja það, að jeg hefi farið um báða þessa vegi og aldrei

sjeð slíkan mannfjölda á austurvegunum eins og á Borgarfjarðarbrautinni, svo að jeg álít, að þessar tvær sýslur hafi fyllilega eins mikinn rjett eins og Árnessýsla.

Jeg get ekki fært fram tölur um það, hve miklu er búið að verja til viðhalds á þessum vegi, en ef farið væri út í það, þá væri það áreiðanlega ekkert smáræði.

Þá var hv. þm. (MT) að minnast á styrkinn til Borgarfjarðarbátsins, sem sýslan fengi fram yfir Árnessýslu. En jeg skal minna hv. þm. á það, að Árnessýsla á líka sinn Borgarfjarðarbát, þar sem er Hellisheiði, sem varið er mörgum tugum þúsunda til, bæði með snjóplóginum, sem hefir verið keyptur eingöngu með tilliti til þessa vegar, og sífeldum snjómokstri; jeg er ekki viss um, að það sje minni tilkostnaður heldur en til Borgarfjarðarbátsins. Annars sagði hv. þm., að Árnessýsla væri að sökkva í framfaraskuldir, og býst jeg við, að rjett væri fyrir hv. þm. að minnast þessa, ef síðar meir yrði farið fram á styrk til frekari framkvæmda í þessari sýslu, úr því að framkvæmdirnar virðast ætla að verða steinn um háls henni, sem dragi hana lengra og lengra niður í skuldafenið. Annars virðast mjer röksemdir hv. þm. í þessu máli ekki ósvipaðar höfuðröksemd hans hjer í dag — sem var götótt spýta úr Miklavatnsmýraráveitunni.

Þá er ein brtt. fjvn., á þskj. 294, það er 44. brtt., a-liður, til brimbrjóts í Bolungarvík. Hæstv. atvmrh. hefir óskað eftir, að þessi brtt. yrði tekin aftur til 3. umr., vegna upplýsinga, sem hann óskaði eftir að gefa nefndinni viðvíkjandi því máli. Þetta hefir verið borið undir nefndina, og hefir hún orðið ásátt um að verða við þessari beiðni hæstv. ráðh.

Man jeg svo ekki eftir að þurfa að tala meira um það, sem hjer er til umr., að sinni.

Magnús Jónsson: Jeg skal reyna að vera ekki heldur mjög langorður. En jeg gleymdi því áðan, þegar jeg talaði, að minnast á eina brtt., sem jeg hefi flutt, sem sje að veita Þorleifi Jónssyni póstmeistara nokkru hærri uppbót á lífeyri heldur en nefndin mælir með. Jeg get að vísu vísað til nál. og framsöguræðu hv. frsm. (BÁ), því að ástæðurnar eru alveg þær sömu, aðeins á nú að bera það undir hv. deild, hvort ekki sje ástæða til að veita nokkru ríflegri styrk. Þess er að gæta, að þessi maður starfaði um alllangt skeið við pósthúsið hjer með mjög litlum launum. Það liggur fyrir skýrsla um það, að hann hafi fyrstu fimm árin starfað með 1500 kr. launum og síðan með 2000 króna launum á ári. Hann hafði altaf ákaflega mikla fjárhagsábyrgð, þar sem hann annaðist allar póstávísanir án þess að hafa nokkurt mistalningarfje. Jeg vil líka geta þess, að þótt hann um tíma væri ekki talinn með fátækustu mönnum, en ríkur var hann aldrei, þá hafa efni hans gengið mjög til þurðar síðustu árin. Að vísu á hann hjer eina húseign, en á henni kvað hvíla mikil skuld. Jeg vildi því skjóta því til hv. nefndar, hvort henni þætti það of mikið að bæta þennan 1000 kr. lífeyri upp með 2400 kr. Jeg hygg, að það mundi ekki mælast illa fyrir eða verða eftir talið.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var heldur

að mælast til, að jeg tæki aftur brtt. mína út af uppbót á greiðslu fyrir prentun orðabókar Sigfúsar Blöndals, af því að hann kvaðst ef til vill geta fylgt minni upphæð, en ekki þessari allri. Jeg sje ekki ástæðu til þess. Hv. þingdeild greiðir atkv. um þessa upphæð, og þá tapast ekkert við það að bera fram lægri upphæð til 3. umr., ef þessi þykir of há. Jeg vil þó geta þess, hvers vegna upphæðin er svona há. Það er vegna þess, að hvor aðilinn telur sig þurfa að fá miklu meira til þess að geta heitið skaðlaus. Gutenberg fór fram á að fá 30000 kr. og Jón Ófeigsson 15000 kr., svo að það getur ekki talist nein ósvífni að fara fram á þetta hjer.

Jeg vil í þessu sambandi þakka hæstv. fjmrh., sem lagði heldur gott til með þessu máli, að minsta kosti a- og b-liðum tillögunnar. Hv. nefnd hefir tekið frekar vingjarnlega í þessa brtt. mína, og jeg viðurkenni þau rök, sem hv. frsm. (BÁ) hefir borið fram, svo sem það, að prentsmiðjan og Jón Ófeigsson hefðu ekki átt að gera samninginn, nema með því að vera viss um að geta staðið við hann. En hjer var um svo mikla óvissu að ræða, að enginn maður gat gert um þetta samning af nokkru viti, og það var meira af áhuga fyrir því að koma verkinu áfram, að það var ekki alveg stöðvað. En að því er snertir uppbótina til Jóns Ófeigssonar, þá vil jeg benda á það, að honum var hægt að fá alla sína vinnu greidda, ef hann hefði aðeins unnið þá umsömdu fjóra tíma á dag, en þá hefði staðið miklu lengur á prentuninni, og þá hefði hann líka fengið sína fjóra tíma borgaða miklu lengur. En hann hafði svo mikinn áhuga á starfinu, að hann vildi ekki tefja það. Það er sorglegur sannleikur, sem hv. frsm. sagði, að menn, sem vinna hjer að slíkum störfum, verða að gefa mikið af sínu verki. Jeg býst ekki við, að nein þjóð á Norðurlöndum kunni að meta slík störf nema Svíar; þeir greiða prófessorum sínum eins há laun og bankastjórum, þeir meta andlegu störfin eins hátt og hin, en án þess þó að kasta nokkurri rýrð á þau, sem meira eru verkleg.

Það voru ummæli hv. 2. þm. Árn. (MT), sem eiginlega komu því til leiðar, að jeg stóð upp að þessu sinni. Hv. þm. fann ástæðu til að leggjast allþunglega á móti tillögu minni um styrk til þess að styðja að útgáfu ítarlegrar sögu Íslands. Mjer virtist koma fram svo merkilega mikill áhugi hjá hv. þm. á móti þessari tillögu minni, sem annars er nú ekki neitt sjerlegt stórmál, að hv. þm. skyldi fara að þykja nokkur nauðsyn á að standa upp til þess að berjast á móti henni, alveg eins og það væri einhver sjerlegur voði þarna á ferðinni.

Hann taldi þá ástæðu helst til þess, að ekki væri enn hægt að rita hina íslensku sögu, að ennþá væri verið að draga fram í dagsljósið heimildir, og fyr væri ekki hægt að fara að rita en því væri lokið. En það er, eins og gefur að skilja, óendanlegt verk að prenta allar heimildir. Dr. Jón Þorkelsson vann sjerstaklega að því að safna ýmsu slíku, því að það var miklu fremur hans upplag að safna og gefa út heldur en að rita. Það væri í sjálfu sjer nauðsynlegt að koma út heimildarritunum, en við getum vel þurft að bíða eftir því í ein 100 ár, því að heimildarritin eru svo mikil, að það

má heita gersamlega ófært verk að koma þeim öllum út, og ef maður ætlar að vinna þetta verk, þá er ómögulegt að bíða eftir því, að allar heimildirnar komi á prent, enda óþarft. Það er t. d. að segja um frændþjóð okkar Norðmenn, að þeir eru vitaskuld langt frá því að vera búnir að draga fram í dagsljósið allar sínar heimildir. En þeir hafa ekki sjeð ástæðu til að fresta sagnaritun fyrir því. Þeir, sem síðar koma, geta þá bætt um verkið, ef þá eru fram komnar nýjar heimildir. Margir hafa skrifað ágæt verk frá þeim árum, sem engar heimildir eru prentaðar frá; það er aðeins meira verk að leggjast í söfnin og plægja í gegnum þau heldur en að fara eftir prentuðum heimildum. Það dettur víst heldur engum í hug að halda því fram, að þessi Íslandssaga eigi að vera slíkt verk, sem hægt væri að búa að um aldur og æfi, og einmitt þess vegna hefir verið hugsað að láta fleiri menn skrifa, fela hverjum einstökum manni stutt tímabil, og jeg ljæ því ekki eyru, að ekki verði hægt að rita þessa sögu vel sómasamlega, einkum ef margir menn vinna verkið. Dr. Páll E. Ólason skrifaði Menn og mentir siðaskiftaaldarinnar, Jón heitinn Aðils prófessor skrifaði sögu Skúla Magnússonar og sögu einokunarverslunarinnar. Þetta eru svo góð verk, að vel er viðunandi, enda þótt ekki væri búið að draga fram heimildirnar áður. Það, sem hjer er um að ræða, er það, að settur sje kraftur á verkið, þannig, að menn gangi saman að því að skrifa söguna, svo að þeir menn, sem fróðleik unna, geti beinlínis slegið upp því, sem þeir óska, og fengið að vita um það, sem hjer hefir gerst.

Hv. 2. þm. Árn. kvaðst hafa leitað álits bestu manna um þetta, en jeg veit aðeins ekki, hverjir þessir bestu menn eru. Það voru 17 áhugamenn um íslenska sögu, sem skrifuðu undir þessa áskorun, og jeg veit ekki, hve margir menn eru hjer í Reykjavík, fyrir utan þessa 17, sem hafa sjerstakan áhuga á því máli. Jeg býst því helst við, að það sje sá eini, sem ekki vildi vera með okkur, dr. Páll E. Ólason, sem hv. þm. (MT) hefir sótt vísdóm sinn í, því að jeg veit ekki um neinn annan sagnfræðing, sem jeg gæti hugsað mjer, að væri á móti þessu máli. Líka taldi hv. þm. það vera heldur til andstöðu við þetta mál, að ekki væri búið að stofna sjerstakan fjelagsskap um þetta, og taldi Vísindafjelagið íslenska eiga að hafa forgöngu. Þetta er góð og þörf uppástunga, en það er nægur tími til að lagfæra það, því að þetta gildir fyrst fyrir árið 1929, og þá er nægur tími til stefnu. En það er gott að taka þessa bendingu til greina. Það væri sjálfsagt gott, að Vísindafjelagið gengist fyrir þessari söguritun og útgáfu.

Hv. þm. sagði, að sjer fyndist einhver bitlingakeimur að þessari brtt. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. á við með því. Jeg vil ekki binda þetta verk við neina bitlinga, og að minsta kosti er jeg ekki með þessari tillögu að mælast til neins bitlings handa mjer sjálfum. Auðvitað færi það eftir því, sem nefndin rjeði menn til starfsins, hvort jeg kæmi þar nálægt eða ekki. Annars býst jeg varla við, að jeg hefði tíma til þess, svo hlaðinn störfum

sem jeg hefi verið undanfarið. Mun jeg svo ekki eyða meira af tíma þingsins til að mæla með þessari till.

Þá vildi jeg mæla hið besta með utanfararstyrknum til Björns Björnssonar. Jeg þekki þennan mann og veit, hve listfengur hann er, og tel víst, að styrkur þessi kæmi að miklu gagni.

Jeg vil mæla á móti því, að styrkur verði lækkaður til Hljómsveitar Reykjavíkur. Verður að gera svo vel við hana, að hún geti komið sómasamlega fram 1930, svo að vjer þurfum ekki að sækja slíka sveit til annara þjóða, oss til minkunar.

Ein brtt. er það, sem jeg er ekki sammála nefndinni um. Það er 31. brtt., um að hækka styrk til sundlauga og sundskýla úr ⅓ upp í ½. Þetta er ekki í samræmi við lögin um sundhöllina í Reykjavík, því að þar er um yfirbygða sundlaug að ræða, en hjer aðeins sundlaugar með sundskýlum. Munurinn er sá, að yfirbygðu laugina er hægt að nota alt árið í kring, en hinar ekki nema nokkurn hluta árs. Vil jeg beina því til hv. nefndar, að hún lagi brtt. sína þannig, að styrkur eftir þessum hlutföllum verði aðeins veittur til byggingar yfirbygðra sundlauga.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vildi svara hv. frsm. (BÁ) nokkrum orðum út af sundkennurunum í Reykjavík. Hann bar þá einu ástæðu fram gegn brtt. minni, að búast mætti við, að bæjarstjórn Reykjavíkur sæi um þetta.

Ef litið er til liðsins um sundkennara í XVIII. lið í 14. gr., þá eru þessi rök ekki góð fyrir háttv. framsögumann. Þar eru ætlaðar 1500 krónur til sundkenslu við opinbera skóla í Reykjavík. Er ætlast til, að sundið sje kent tvo mánuði á ári aðeins, vor og haust, en reynslan hefir orðið sú, að tveir kennarar hafa kent sund alt árið í kring, og því gert miklu meira en fjárlögin krefjast. Það myndi því síst of langt gengið, þótt greiddar væru úr ríkissjóði 3000 kr. í stað 1500 kr., eins og till. mín fer fram á. Reykjavík er sundmiðstöð alls landsins; þar eru flestir opinberir skólar og þangað leita allir, sem læra vilja sund til hlítar. Er því mikils um vert fyrir allan landslýð, að sundkensla sje í besta lagi í Reykjavík. En úr því að fjvn. vill ekki ljá þessu máli fylgi sitt, skora jeg á hv. deild að bregðast svo vel við, að þessir ágætu kennarar þurfi ekki að hröklast af landi brott.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer heyrðist hæstv. forsrh. (TrÞ) óska þess, að fjárveitinganefnd tæki til athugunar fjárveitinguna til brimbrjótsins í Bolungarvík. Kom mjer þetta á óvart, vegna þess, að Alþingi veitti í fyrra 17500 kr. til brimbrjótsins, og hefði að sjálfsögðu ekki verið byrjað á neinum framkvæmdum, ef ekki hefði verið búist við ríkisstyrk til að ljúka verkinu.

Mjer heyrðist á hv. frsm., að nefndin væri hlynt þeirri uppástungu hæstv. forsrh. að fresta að taka ákvörðun um þessa fjárveitingu. Jeg treysti því þó, að nefndin fari ekki að bregða loforðum síðasta þings og sjái fram á nauðsyn málsins. En ef nefndin treystir sjer ekki til að mæla með fjárveit-

ingunni, mun jeg síðar taka upp till. nefndarinnar, ef hún mót von minni gugnar og hættir við að bera tillöguna fram.

Pjetur Ottesen: Jeg vil svara hæstv. dómsmrh. nokkrum orðum út af ræðu hans í dag, þar sem hann mintist á húsmæðrafræðsluna við Laugaskólann. Kom hann þó lítið inn á aðalrök mín á móti málinu eins og það liggur fyrir, nefnilega þau, að nauðsyn sje á að komast niður á heildarskipulag í þessum efnum. Virtist hann skilja mig svo, að jeg væri á móti því að hækka hlutfallið úr ⅖ upp í ½. Það er ekki rjett. En um leið og þetta er gert, verður þingið að athuga, hve mikið fjármagn er unt að láta af hendi í þessu skyni, því að ekki dugir eingöngu að líta á það, að málefnið er gott, heldur einnig fjárhag ríkissjóðs. Jeg get fallist á, að heppilegt sje, að komið sje upp slíkum húsmæðraskólum við alþýðuskólana. En komið hafa fram fleiri till. um húsmæðraskóla, t. d. í Eyjafirði og víðar. Það, sem gera þarf, er að koma heildarskipulagi þessara skóla á fastan grundvöll. Árangurinn af starfi skólanna fer eftir því, hve vel er hægt að tryggja fjárhagslega afkomu þeirra, og það verður auðvitað því erfiðara, sem þeir eru fleiri.

Jeg er nokkuð kunnugur því frá Hvítárbakkaskólanum, hve erfitt það hefir reynst.

Þá er það steinsteypukenslan. Eftir því, sem hæstv. ráðherra lýsti hugsun sinni í því máli, fjellu skoðanir hans mjög saman við skoðanir mínar og hv. 2. þm. Skagf. Hann talaði í þessu sambandi um gagnfræðaskólana, bændaskólana og alþýðuskólana. En samt sem áður lýsti hann sig andvígan till., og furðaði mig stórum á því.

Jeg dreg það ekki í efa, að hæstv. dómsmrh. hafi lýst Birni Jakobssyni og kennarahæfileikum hans rjett. Það kom fram, að hann ætlaði að nota þessa fjárveitingu, sem hjer um ræðir, til að stofna íþróttaskóla á Laugum, eins og tilætlunin var 1926. Mjer dettur ekki í hug að efast um, að gott myndi leiða af starfi hans þar. En það gagn yrði fyrst og fremst fyrir nemendur skólans, eins og skiljanlegt er. Hæstv. ráðh. sagði, að veljast myndu úrvalsmenn af öllu landinu á íþróttaskólann. En ólíklegt þykir mjer, að menn sæki skóla á svo afskektum stað vegna íþróttanámsins eingöngu.

Um skíðaferðir er það að segja, að þær eru alltíðar í snjóahjeruðum og menn hafa þar leikni á skíðum til „praktiskra“ nota. Hinu skal jeg ekki bera á móti, að þeir gætu öðlast meiri leikni við góða kenslu.

Hitt leiðir af sjálfu sjer, að ef ríkissjóður tekur að sjer að kosta íþróttakensluna á Laugum, eða hvar sem væri í einstökum unglingaskóla, þá verður það til þess, að fram koma kröfur um samskonar stuðning frá öðrum skólum. Hæstv. ráðherra sagði það óheillahugsunarhátt hjá okkur að vilja fella niður þessa fjárveitingu. Jeg hefi þegar gert grein fyrir því, að það, sem fyrir okkur vakir, er ekki annað en fjárhagsleg öryggisráðstöfun. Þá sagði hæstv. ráðherra, að því stærra sem hugsað væri, því meiri yrði ávinningurinn. Talaði hann um, að stórhugur Thor Jensens og sona hans

ætti erindi upp í sveitirnar. Stórhugur er vitanlega altaf góður, og jeg er ekki viss um, að það sje hann, sem bændur vantar yfirleitt. En þeir verða yfirleitt að slá af stórhug sínum til að samræma hann fjárhagslegri afkomu sinni, og þeim einum kemur stórhugurinn að notum, sem kunna þá list. Þar er rótin að öryggi landbúnaðarins.

Hv. 2. þm. Árn. (MT) hjelt langa ræðu um eftirgjöf á fjárveitingu til Flóavegarins og kom með ýms gögn máli sínu til sönnunar. En með því að hv. þm. hefir að mestu haldið sig utan gátta síðan, mun jeg geyma aths. við ræðu hans til 3. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Borgf. (PO). Jeg tel það alveg vafalaust, að margir menn úr ungmennafjelögum landsins myndu sækja íþróttaskóla að Laugum, sem starfaði 8—9 mánuði ársins. Ungmennafjelögin hafa undanfarin ár sent menn á íþróttaæfingar í Reykjavík, sem nú hafa lagst niður fyrir aðstoðarleysi frá bænum. Til skýringar skal jeg taka það fram, að gert er þarna ráð fyrir fullkominni íþróttastofnun, en ekki einungis leikfimikenslu við Laugaskóla, þótt hún sje höfð í sambandi við hann einungis af „praktiskum" ástæðum. En aðstaðan á Laugum er í raun og veru engu betri fyrir slíka stofnun heldur en á hverri annari hverajörð, t. d. í Borgarfirði eða á Suðurlandi, nema ef til vill að því leyti, að þar eru meiri snjóalög að vetri til. Það er ekki gert ráð fyrir, að skólinn verði mjög stór, búist við, að 12—14 menn myndu taka námskeið á vetri. Nú er það svo, að flestir okkar leikfimikennarar hafa stundað nám sitt í Danmörku, en með tíð og tíma myndu þeir geta stundað nám sitt þarna. Ennfremur vil jeg skýra það, að sparast mundi dálítið, þótt ekki muni það miklu, ef Björn færi frá mentaskólanum. Hann hefir nú full kennaralaun, en ef maður yrði ráðinn í hans stað, myndi mega komast af með tímakennara. Þó ætla jeg ekki að fara að mæla sjerstaklega með þessu vegna sparnaðarins.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg þarf lítillega að svara þrem hv. þm.

Hv. 2. þm. Reykv. mintist á sundkensluna í Reykjavík. Þar hefi jeg ekki getað orðið sannfærður um, að upphæð sú, er Alþingi veitir til hennar, sje hlutfallslega of lág á móti því, sem bærinn veitir. Jeg verð því að halda fast við það, að bærinn borgi launauppbót þá, sem þeir bræður fara fram á.

Þá var það hv. 1. þm. Reykv., sem kom með aths. um sundlaugarnar. Vildi hann gera það að skilyrði fyrir styrk, að sundlaugarnar væru yfirbygðar. Nefndin hefir komið með brtt. við þann lið um, að á eftir „sundlaugar" komi: og sundskýli. Fann nefndin ekki ástæðu til að taka þetta nánar fram, en átti við, að gera mætti skýli yfir laugarnar. **(MJ:** Ekki hús við laugarnar?). Nei, en nefndin fann ekki ástæðu til að greina á milli Reykjavíkur og sveitanna og lækka styrkhlutfallið, þótt þær gætu ekki komið sjer upp jafnfullkomnum laugum og Reykjavík. Flestir sveitamenn verða að láta sjer nægja að gera lægri kröfur til eins og annars heldur en Reykvíkingar, og svo verður um þetta,

og er ekki rjett að láta þá gjalda þess, heldur styrkja þá hlutfallslega jafnt.

Þá er það hv. þm. N.-Ísf. Hann fann að því, að nefndin skyldi taka aftur til 3. umr. till. um brimbrjót í Bolungarvík. En nefndin bíður einungis eftir frekari upplýsingum. Vil jeg því ekki ræða það mál frekar nú. Hann hafði við orð að taka till. upp, nema nefndin óskaði, að hann gerði það ekki. Um það hefir nefndin engar óskir, en það hlýtur hann að skilja, að hann gerir málinu ekkert gagn með því að fara að taka hana upp við þessa umr. í trássi við nefndina.

Hannes Jónsson: Jeg hefi ekki borið fram neinar brtt. við þessa umr., og það fer nokkuð eftir atkvgr. um brtt. nefndarinnar, hvort jeg kem með brtt. við 3. umr. Jeg skal ekki fjölyrða um brtt., en vildi víkja nokkrum orðum til hv. fjvn. út af brtt. á þskj. 353, XXXV. og XXXVI. lið, og á þskj. 374, II. lið. Jeg er dálítið hissa á þeim hv. nefndarmönnum, sem koma með þessar brtt., því mjer skilst, að þeim sje ekki fylsta alvara með að fylgja þeim fram. Ástæðan til þess, að þessar brtt. hafa komið fram, mun vera 22. gr. 5. liður í frv., sem þeir vilja feigan. En þá hefði verið hreinlegra miklu af nefndinni að flytja brtt. við þann lið og leggja til, að hann verði lækkaður eða feldur niður. En það er augljóst, að ef þær brtt., sem þeir hafa stutt, ná fram að ganga, þá koma aðrir á eftir og krefjast þess sama fyrir sín hjeruð. Jeg mun því greiða atkv. á móti þessum brtt. Enda hygg jeg þær ekki á rökum bygðar. Að vísu hefi jeg ekki enn sett mig inn í það, hvort ákvæði 22. gr. 5. í frv. hefir við rök að styðjast. En þó hygg jeg, að þar sje öðru máli að gegna en með brtt. Jeg get búist við, að hinar örðugu ástæður Árnesinga rjettlæti það að halda henni, en fella þó brtt. En það er fráleitt að fara inn á þá braut að endurgreiða landshlutum vegakostnað, hvar sem vera skal. En hafi þeir hugsað sjer að koma á samræmi með þessu, þá lá nær að fella aftan af 22. gr. En nú stendur gr. óhögguð, ef brtt. verða feldar. Háttv. flm. kunna að hafa hugsað, að það gerði ekkert til, þótt brtt. kæmu til atkv. við þessa umr., og vilja sjálfsagt fá þær samþ. En þetta er nokkuð mikil ljettúð. Svo gæti farið, að fram kæmu fleiri brtt. sem þessar um margfalt hærri upphæðir, nákvæmlega jafnrjettmætar. Væri ekki hægt að fella þær, er þessar væru samþyktar.

ATKVGR. um 14.—25. gr.

Brtt. 353,VIII feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HK, JJós, JÓl, JS.

nei: MG, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JAJ, BSv.

Brtt. 294,21 samþ. með 22:2 atkv.
— 353,IX samþ. með 15:9 atkv.
— 353,X tekin aftur.
— 353,XI tekin aftur.
— 294,22 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 294,23 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 294,24 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 294,25 samþ. án atkvgr.
— 294,26 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 294,27 samþ. með 15:12 atkv.
— 353,XII.a (aðaltill.) feld með 15:5 atkv.

Brtt. 353,XII.a (varatill.) feld með 17:8 atkv.
— 353,XII.b (aðaltill.) feld með 18:4 atkv.
— 353,XII.b (varatill.) feld með 17:7 atkv.
— 294,28 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 353,XIII tekin aftur.
— 353,XIV feld með 18:6 atkv.
— 353,XV feld með 17:9 atkv.
— 294,29 samþ. með 16:8 atkv.
—. 294,30 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 353,XVI.a—b samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HjV, JJós, JÓl, JörB, LH, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BSt, GunnS, BSv.
nei: HStef, HJ, HK, IngB, JAJ, JS, MG, MT, PO, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, EJ.
Brtt. 294,31 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 353,XVII tekin aftur.

14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 294,32 samþ. án atkvgr.
— 294,33 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 353,XVIII feld með 15:7 atkv.
— 353,XIX samþ. með 17:7 atkv.
— 353,XX feld með 16:5 atkv.
— 353,XXI (aðaltill.) feld með 15:4 atkv.
— 353,XXI (varatill.) feld með 15:7 atkv.
— 294,34 samþ. án atkvgr.
— 353,XXII feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÁÁ, BSt, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, BSv.
nei: ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, PO, SÁÓ, SvÓ.
Brtt. 294,35 samþ. án atkvgr.
— 353,XXIII samþ. með 18:5 atkv.
— 353,XXIV feld með 17:9 atkv.
— 294,36 samþ. án atkvgr.
— 353,XXV feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HjV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, MJ, BSv.
nei: PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JS, LH, MG, MT.
Brtt. 294,37 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 294,38 samþ. með 19:2 atkv.
— 353,XXVI.a feld með 16:7 atkv.
— 353,XXVI.b feld með 14:11 atkv.
— 353,XXVI.c samþ. með 21:4 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 294,39.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 294,40 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 294,41 samþ. án atkvgr.
— 294,42 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 294,43 samþ. með 16:3 atkv.
— 294,44.a tekin aftur.
— 294,44.b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 294,45 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 353,XXVII feld með 16:10 atkv.
— 294,46 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 353,XXVIII samþ. með 16:4 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 353,XXIX tekin aftur.
— 294,47.a samþ. með 15:9 atkv.
— 294,47.b samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, IngB, J-

AJ, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE.

nei: SvÓ, TrÞ, HStef, HJ, HG, HK, HjV, JJós, JÓl, SÁÓ.

BSt, EJ, BSv greiddu ekki atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 294,49 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 294,50 samþ. án atkvgr.

— 353,XXX feld með 14:8 atkv.

— 294,48 samþ. með 26 shlj. atkv.

— 294,51 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 294,52 samþ. án atkvgr.

— 353,XXXI samþ. með 16:9 atkv.

— 353,XXXII samþ. með 20:2 atkv.

— 353,XXXIII samþ. með 15:6 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

21. gr., með tölubreytingum samkv. atkvgr., samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 294,53 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 374,I tekin aftur.

22. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 353,XXXIV tekin aftur.

— 353,XXXV feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, ÓTh, PO, SE.

nei: TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, MG, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, BSv.

Brtt. 374,II feld með 16:5 atkv.

— 353,XXXVI feld með 17:7 atkv.

23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

25. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 383, 435, n. 437, 450).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 450. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Forseti (BSv): Með því að brtt. við fjárlagafrv. eru að þessu sinni mjög margar, verður umr. um þær skift í tvent, og verða fyrst ræddar brtt. við fyrri kaflann, 1.—13. gr.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Þó að allmargar brtt. væru gerðar á ýmsum liðum fjárlagafrv. við 2. umr., breyttist niðurstaðan ekki mikið frá því, sem fjvn. hafði lagt til. Tekjuafgangurinn hækkaði um 11 þús. kr. En nú liggja fyrir yfir 100 hækkunartill., og nema þær, eftir því, sem jeg hefi lauslega áætlað, um 850 þús. kr.; þar af nema hækkunartill. fjvn. 365 þús., stjórnarinnar 225 þús. og hækkunartill. einstakra þm. 260 þús. kr. Hjer er því um stórmiklar hækkunartillögur að ræða, og reynir nú mjög á varfærni háttv. þdm. um afgreiðslu þeirra.

Til skýringar hækkunartill. nefndarinnar og til að gera það ljóst, að hún ætlast ekki til, að þær eigi raunverulega að orsaka tekjuhalla á fjárlögunum eins og þau verða afgreidd endanlega, vil jeg vísa til þess, sem jeg ljet um mælt fyrir hönd meiri hl. við 2. umr., að því aðeins treystum við okkur til að hækka fjárveitingar til ýmsra verklegra framkvæmda —

brúagerða, símalagninga o. fl. —, að þingið samþ. að einhverju leyti tekjuaukafrv., er fyrir þinginu liggja. Þetta var ekki sjeð við aðra umr., og þess vegna bárum við engar hækkunartill. fram þá, þó að við teldum þær nauðsynlegar. Enn er að vísu ekki til fulls sjeð um afdrif tekjuaukafrv. En eftir meðferð þeirra í hv. Ed. þykist nefndin mega treysta því, að þingið samþykki einhvern tekjuauka, meiri eða minni. Þess vegna sjer hún nú fært að bera fram till. um hækkun nokkurra liða 13. gr., alls 320 þús. kr. Gerir hún það með það fyrir augum, að síðar, þegar betur sjást úrslit um tekjuaukafrv., megi hækka tekjubálkinn, svo að unt verði að afgreiða fjárlögin án tekjuhalla, en það vill meiri hl. nefndarinnar halda fast við.

Að vísu má að sjálfsögðu hlaða svo á útgjaldahliðina, að erfitt verði að ná þessu marki. Er hætt við, að svo færi, ef allar þær brtt., sem fyrir liggja, yrðu samþ. En nefndin er fyllilega þeirrar skoðunar og vill undirstrika það, að þær tillögur, sem hún ber fram við þennan kafla, eigi að sitja fyrir og hafi mestan rjett á sjer. Og hún væntir stuðnings hv. deildar til þess að svo megi verða. Hinsvegar treystir hún á varfærni deildarinnar gagnvart hækkunartill. einstakra hv. þingmanna.

Jeg skal þá víkja að brtt. nefndarinnar, hverri fyrir sig. Skal jeg taka það fram, að ein þeirra er aðeins um lagfæringu á prentvillu, og því sjálfsögð. Sú fyrsta eiginlega brtt. er við 13. gr. b, 3. lið, um brúagerðir. Leggur nefndin til, að fjárveitingin til brúa sje hækkuð úr 100 þús. upp í 200 þús. krónur.

Eftir að hafa kynt sjer till. vegamálastjóra, kom nefndinni saman um, að ekki mundi mega ætla minna til brúagerða en 200 þús. kr. árið 1929, eins og vegamálastjóri hefir farið fram á í tillögum sínum. Til brúagerða er ætlað í yfirstandandi fjárlögum 190 þús. kr., en á síðastliðnu ári var eytt 45 þús. kr. umfram það, er stóð í fjárlögum þess árs, svo ekki er eftir nema 145 þús. kr., ef þessi fyrirframeyðsla er tekin af veitingu þessa árs. Nú liggja fyrir margar nauðsynlegar og þegar ákveðnar brúabyggingar, sumar mjög dýrar. Þannig er áætlað, að Hvítárbrúin muni kosta um 150 þús. kr., auk þess undirbúnings, sem þegar er gerður og kostað hefir 35 þús. kr. Vegamálastjóri lagði fyrir nefndina lista yfir þær brýr, sem mjög væri aðkallandi að byggja. Nemur kostnaðurinn við þær samtals nokkuð yfir 400 þús. kr. Þótti nefndinni auðsætt, að ekki væri hægt að komast af með minni fjárveitingu til brúagerða en 200 þús. kr., miðað við þær skýrslur, sem fyrir lágu, til þess að mæta hinum mest aðkallandi þörfum, og leyfir sjer því að leggja það til.

Þá hefir nefndin leyft sjer að bera fram till. um að hækka fjárveitinguna til fjallvega upp í 25 þús. kr. — Þessi liður er að vísu hækkaður í frv., samkv. till. vegamálastjóra, upp í 20 þús. kr. úr 12 þús. kr., sem áður hefir verið veitt til fjallvega. Ástæður fyrir þessari hækkun eru þær, að ætluð er ríflegri upphæð til vegarins um Mývatnsheiði og Laxárdalsheiði og búist við auknum aðgerðum á fjallvegum til Þingvalla, vegna væntanlegrar hátíðar 1930. En fyrir nefndinni lá, auk þessa, beiðni um fjárveiting til

að gera akfæran vegarkafla af sýsluveginum á Svalbarðsströnd upp á þjóðveginn, sem nú er verið að byggja yfir Vaðlaheiði. Áður hefir ríkissjóður lagt fram nokkurt fje til fjallvegarins yfir Steinskarð. En þar sem nú er ákveðið, að þjóðvegurinn liggi út á Steinskarð, er aðeins um það að ræða að fá lagðan akvegarspotta, er tengi saman hinn væntanlega þjóðveg og sýsluveginn, sem liggur eftir Svalbarðsströnd. Er hin mesta nauðsyn fyrir hjeraðsbúa austan Vaðlaheiðar, að þessi vegarspotti sje gerður akfær, þar eð þeir hafa sláturhús á Svalbarðseyri og flytja alla sína aðalþungavöru þaðan. — Hefir vegamálastjóri ákveðið að láta athuga komandi sumar, hvar hentast mundi að leggja þennan vegarspotta og hvað það mundi kosta. Nefndin er hlynt því, að vegargerð þessi komist sem fyrst til framkvæmda, og með það fyrir augum leggur hún til, að fjallvegafjeð verði hækkað upp í 25 þús. kr.

Miðað við þau líkindi, sem nefndin þóttist hafa um aukning ríkistekna, leyfir nefndin sjer að bera fram af nýju aukið tillag til akfærra sýsluvega. Hefir hún sömu ástæður fyrir sig að bera í því efni og áður, sem sje hina stórmiklu nauðsyn hjeraðanna og kröfur um aukið framlag frá ríkinu til sýsluveganna, sem hjeruðin leggja fram helming á móti. Gangi brtt. fram, verður þessi liður jafnhár og í núgildandi fjárlögum, 40 þús. kr.

Nefndin leggur til að hækka fjárveitinguna til nýrra símalagninga upp í 300 þús. kr. En hún treystir sjer ekki til að verða við till. setts landssímastjóra, sem leggur til að veita alls 398 þús. kr. Býst nefndin við, að hægt verði að fullnægja þrem fyrstu tillögum hans, sem sje: 1) tillag til Suðurlandslínunnar, 2) bygging línu frá Víðimýri til Akureyrar og 3) bygging loftskeytastöðva í Grímsey og Flatey með móttökustöð á Akureyri. Og þó áætlun landssímastjóra um kostnað við þetta þrent sje 315 þús. kr., væntir nefndin, samkv. upplýsingum frá landssímastjóra, að nokkuð kunni að sparast á Suðurlandslínunni, sökum hagkvæmra kaupa á efni, svo 300 þús. kr. kunni að nægja. Vill nefndin benda á hina miklu nauðsyn þess, að línan frá Víðimýri til Akureyrar sje ekki látin bíða lengur, bæði sökum þess, hvað síminn er ofhlaðinn vestan við Akureyri á sumrin, vegna Siglufjarðar, og hins, að með því fæst einnig stórum betra og tryggara símasamband á vetrum, þar eð línustæðið er svo miklu betra á Öxnadalsheiði en Heljardalsheiði, þar sem síminn liggur nú. Einnig má minnast þess, að nefndar loftskeytastöðvar hafa þegar tvisvar staðið í fjárlögum áður, svo sanngjarnt virðist, að þær sjeu ekki látnar bíða lengur.

Þá leggur nefndin til að setja inn nýjan lið: Til byggingar nýrra vita 60 þús. kr. Í till. sínum til stj. fer vitamálastjóri fram á, að reistir verði tveir nýir vitar árið 1929, Hornviti og Tjörnesviti, og áætlar, að bygging þeirra muni kosta 87 þús. kr. Nefndin viðurkennir hina fylstu þörf á því, að haldið sje áfram að bæta vitakerfið eftir föngum ár frá ári, en treystir sjer þó ekki að leggja til, að hærri upphæð sje veitt að þessu sinni en 60 þús. kr.

til þessara hluta, er notuð sje eftir því, er stjórnin telur mesta nauðsyn bera til. Telur nefndin sennilegt, eftir því, sem fram hefir komið, að Hornvitinn verði látinn sitja fyrir, enda þessi upphæð að nokkru leyti miðuð við það.

Fyrir nefndinni lá erindi um 500 kr. styrk til að koma upp leiðarljósi við Vestrasund svonefnt á Akranesi. Er mikil nauðsyn á þessu, þar sem Syðrasund er svo grunt um stórstraumsfjöru, að stærstu vjelbátar, er til fiskjar ganga, fljóta þar ekki, en verða að fara um Vestrasund. Nefndin mælir með því, að af liðnum 13. gr. E. 2. a. — til uppsetningar leiðarljósa — megi verja alt að 500 kr. til þessa verks.

Þá er lokið þeim till., sem fjvn. ber fram, og læt jeg bíða að lýsa afstöðu nefndarinnar til annara brtt., þar til flm. hafa mælt fyrir þeim.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil votta hv. fjvn. þakklæti mitt fyrir það, að hún hefir hækkað framlög til verklegra framkvæmda, en þó þykir mjer hún ekki hafa tekið nóg tillit til vegamálanna í hækkunartillögum sínum. Sá liður er útundan hjá hv. þm.

Magnús Stephensen landshöfðingi sagði einu sinni, að hann sundlaði, er hann heyrði miljón nefnda. Nú er sá tími liðinn. En jeg vil minna á í þessu sambandi, að hann var sá maður, er allra manna best skildi, hvaða þýðingu vegir hafa. Þó þektu menn þá ekki jafngóð farartæki og bifreiðar. Jeg hefi jafnan haldið því fram, að samgöngur á landi væru undirstaða landbúnaðarins. Landið á að rækta frá sjónum með nýtísku samgöngum. Jeg hefi því flutt nokkrar brtt. í þessa átt.

Hv. fjvn. hefir lagt til, að tillagið til akfærra sýsluvega væri hækkað upp í 40 þús. kr. Jeg og hv. þm. Mýr. leggjum það til, að það verði hækkað upp í 50 þús. kr. og til vara 45 þús. kr. Vona jeg, að hv. þm. skilji, að það borgar sig, að stjórnin hafi frjálsar hendur um þennan lið og leggi fram það fje, sem sýslunefndir beiðast, þar sem ríkissjóður greiðir einungis helming kostnaðar við vegalagninguna.

Þá er það 12. brtt., sem jeg er meðflutningsmaður að, um fjárveitingu til Fjallabaksvegar, eða öðru nafni Landvegar í Rangárvallasýslu. Mjer þykir verst, að hæstv. atvmrh. skuli ekki vera viðstaddur, því frá honum lá fyrir loforð um, að fje skuli lagt fram til þessa vegar, sem hefir beðið svo lengi. Jeg var svo bjartsýnn, að jeg trúði hæstv. stjórn vel til að standa við það, en sje heldur ekkert á móti að koma fram með þessa tillögu. Fyrv. atvmrh. mun geta vitnað um, að þessu var og lofað í hans stjórnartíð, og því ber hann till. fram með okkur þm. Rang. Það liggur því fyrir bæði loforð fyrv. stjórnar um fjeð og loforð núverandi hæstv. atvmrh. um að standa við það. — Vegur þessi liggur af Holtaveginum og alla leið austur í Skaftártungu. Rangárvallasýsla hefir viðhald hans alla leið inn á afrjett. En nú er neðri hluti hans orðinn svo bágur, að það má ekki koma skúr úr lofti, svo hann verði ekki ófær, og það jafnvel fyrir gangandi menn. Það er jafnvel betra að fara utan við hann í rigningatíð. Það hafa því verið rann-

sökuð ný vegarstæði, en útkoman orðið sú, að álitið er heppilegast að taka upp gamla veginn og leggja hann þar í sama farið.

Haraldur Guðmundsson: Jeg á eina litla brtt. á þskj. 435, V. till., um að veita Unni Ólafsdóttur dálítinn styrk til að leita sjer bóta erlendis við andlitsskemdum. Jeg vildi biðja hv. þm. að sýna þessari till. velvild og skal nú greina frá ástæðum til þess, að hún er komin fram. Þessi kona mun vera fyrsti sjúklingurinn, sem radiumlækningar hafa verið reyndar á í Kaupmannahöfn.

Hún hafði valbrá í andliti, fjekk ekki bætur, en hlaut í þess stað slæm brunasár, sem ekki hefir tekist að lækna til þessa. Hún hefir farið utan margsinnis og lagt mikið fje í kostnað. En nú eru þessar lækningar komnar á það stig, að læknar hjer fullyrða, að ef hún færi utan, myndi hún nú fá fullkominn bata. Þar sem svona sjerstaklega stendur á, vona jeg, að hv. þm. greiði þessari till. atkv. sitt. Á þessari stúlku hafa verið gerðar tilraunir, hún hefir verið nokkurskonar tilraunadýr — eins og annar hv. þm. komst að orði í öðru sambandi — á þessu sviði. Hún hefir varið öllum sínum efnum í þetta, svo að ekki eru líkur til þess, að hún komist utan, ef henni verður synjað um styrkinn. Læknarnir Gunnlaugur Claessen og Maggi Júlíusson Magnús mæla mjög með þessari styrkbeiðni hennar og telja fullar horfur á, að hún læknist alveg. En ef ekki verður undinn bráður bugur að þessu, ágerast skemdirnar, svo vonlaust er um bata síðar. — Jeg vænti velvilja hv. þdm. til þessarar till. og ætla ekki að þreyta menn með lengri ræðu.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru fáein orð um brtt. á þskj. 435 um að hækka styrkinn til ferjunnar á Hrosshyl upp í 250 kr. Eins og hv. þdm. muna, þá afgreiddi þessi hv. deild í fyrra þennan lið með 300 kr. styrk, og ætla jeg, að það hafi verið samþykt með eitthvað um 20 atkv. Jeg hefi þegar tvisvar sinnum lýst hjer í þessari hv. deild aðstöðunni við þessa ferju og skal ekki þreyta menn á að endurtaka það. Hefir enginn með rjettu getað hnekt þeim ástæðum. En hv. Ed. sá það ráð til viðreisnar fjárhagsins að lækka þann styrk niður í 150 kr. Var það meðal annara helstu bjargráða, sem sú deild sá í fyrra til hjálpar fjárhag landsins. En nú ætla jeg, að fjárhag landsins hafi farnast svo vel síðan í fyrra, að jeg taldi mjer óhætt að fara fram á, að styrkurinn yrði hækkaður um 100 kr. Jeg vogaði ekki að fara fram á 300 kr., eins og þessi hv. deild veitti í fyrra. Verður það að teljast hart, ef fátækur barnamaður, sem gerir það af greiðasemi að gegna tafsömum ferjustörfum um hásláttinn, á að gjalda þess, að hv. Alþingi sýnir sig svo smásálarlegt að telja eftir þennan litla styrk. — Þótt hann fengi þessar 300 kr., væri honum vissulega betra að sinna engri ferju, ef hann lítur aðeins á eiginn hag. En hann er svo mikill drengskaparmaður, að jeg er viss um, að hann heldur áfram að sinna ferjunni, þótt hann fái ekki einn einasta eyri. Og þá hefir Alþingi maklegan sóma

af því, að níðst sje á þessum fátæka bónda.

Jeg ætla ekki að minnast á fleiri af þeim brtt., er hjer liggja fyrir, en þarf þó að geta um eina, sem enn er ekki útbýtt, en bráðlega má teljast von á í deildina. Jeg er meðflm. að henni ásamt hv. þm. Ísaf. (HG), og er hún þess efnis, að Einari Markússyni verði bætt nokkuð laun þau, er hann hefir. Förum við fram á 1000 kr. hækkun, en nú eru launin 4500 kr. Þeir, sem til þekkja í Reykjavík og vita, hvað fjölskylda þarf sjer til viðurværis, fara nærri um, hve skamt þetta hrekkur. Við þetta bætist svo, að hann er búinn að vinna fyrir landið síðan fyrir aldamót, — jeg hygg, að hann hafi fyrst komið í þjónustu þess nálægt 1892. Síðan 1910 hefir hann unnið í stjórnarráðinu og hjá ríkisfjehirði. Hann er svo lágt launaður, að hann hefir margoft sagt mjer, að hann treysti sjer engan veginn til að bjargast við það. Þætti mjer mikil sanngirni í því, ef hv. þd. sæi sjer fært að verða við þessari litlu hækkun á launum hans.

Einar Jónsson: Jeg er meðflm. að tveim brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. Mun jeg fara um þær báðar nokkrum orðum, þótt einn meðflm. minna hafi þegar talað fyrir annari. Jeg varð ekki var við, að hann mintist á hina, styrkinn til þjóðvegarins yfir Hvolsvöll, sem er á þskj. 450,I. Jeg bið hv. þd. vel að muna, að hjer er um þjóðveg að ræða, en ekki sýsluveg eða aukaveg. Brtt. er fram borin eftir meðmælum vegamálastjóra, sem vildi hafa þessa upphæð í fjárlögum, þótt hæstv. stj. hafi ekki sjeð sjer fært eða þóknast að taka hana upp í frv. Jeg hugsa, að deildin minnist þess, að um þennan veg var nýlega beint spurningu til hæstv. atvmrh. (TrÞ), og svaraði hann þá því, að hann væri því fylgjandi, að vegurinn væri lagður. Að vísu ætti jeg nú að geta sætt mig við loforð vegamálastjóra og hæstv. ráðh., en finst þó betra, að þetta sjáist svart á hvítu í fjárlögum. Það er eðlilegt, að hv. þdm. geti ekki dæmt um nauðsyn þessa vegar af eigin raun, því margir þeirra hafa aldrei farið þarna um. En þar sem bæði vegamálastjóri og hæstv. atvmrh. álíta, að um brýna þörf sje að ræða, vænti jeg, að hv. deild ljái brtt. lið sitt. — Jeg skal játa, að mikill tekjuhalli í fjárlögum er mjer altaf ógeðfeldur. En þó sárnar mjer minna að sjá hann, ef fjeð gengur til verklegra framkvæmda heldur en ef það fer til þeirra hluta, er jeg álít miður nauðsynlega. Jeg sje ekki ástæðu til að fara um brtt. mörgum orðum, en bið menn að íhuga, hversu afskaplega mikil umferð er á þessum stað. Þótt þeir hafi ekki farið þar sjálfir, munu þeir þó hafa heyrt um það og hafa áreiðanlega skilning á því. Síðan ferðalög fóru að tíðkast í Fljótshlíð og Þórsmörk, er bifreiðaumferðin svo mikil, að hún gerir veginn alveg ófæran í bleytu. Upphleyptur vegur er þarna eiginlega ekki, heldur nokkurskonar moldarbraut. Annars verður, auk langferðamanna, öll austursýslan og Skaftfellingar að fara þarna yfir. — Hjer er farið af stað með þá upphæð, sem vegamálastjóri áleit óumflýjanlega og hina minstu, sem komið gæti til mála, að nægði, sem sje 10 þús. kr.

Þá er brtt. á þskj. 435, sem við þm.

Rang. flytjum ásamt tveim hv. þdm. öðrum, um styrk til Fjallabaksvegar. Mjer var bent á það, að ýmsir mundu hafa misskilið þessa brtt. vegna nafnsins á veginum. En hann heitir Fjallabaksvegur alt frá Holtaveginum, upp Holt og Landhrepp, austur afrjetti til Skaftafellssýslu. — Hjer er að nokkru leyti farið fram á endurveitingu, því að árið 1926 hafði landsstjórnin athugað veginn og heitið 12 þús. kr. styrk til að gera við hann. En af sjerstökum mistökum var þetta fje aldrei tekið. Jeg skal ekki segja, að krafan um þessa greiðslu sje að öllu leyti sjálfsögð, en sanngjörn hlýtur hún að teljast, þar sem bæði landsstjórn og vegamálastjóri höfðu fallist á hana 1926. Þessar 12 þús. kr., sem farið er fram á, munu að vísu vera alt of lág upphæð til að gera veginn færan, en sýslan mun leggja fram nokkur tillög á móti, enda þótt hún hafi bæði marga og langa sýsluvegi aðra um að hugsa. Að vísu er til í Rangárvallasýslu sýsluvegasjóður, og gerir hann nokkru hægara að hlynna að vegunum. En allir sjá, að útgjöld einstaklinganna í sýslunni verða hin sömu, hvort sem þau fara gegnum sýsluvegasjóð eða ekki. — Sá hluti af Fjallabaksvegi, sem sýsluvegur nefnist, er nálægt 36 km. Hefir hann stundum verið svo á sig kominn að undanförnu, að Landmenn hafa ekki getað farið hann. Hafa þeir orðið að taka á sig þann krók að fara austur yfir Ytri-Rangá á brúnni og upp Rangárvelli, en þar er þurrara og greiðara að fara eftir sandinum í vætutíð. Hafa þeir svo orðið að fara yfir Rangá aftur ofar óbrúaða, til þess að komast yfir á Land. En það má heita ógerningur að ríða Rangá í vatnagangi, og vöð á henni eru svo slæm, að illfært er eða ófært með vöruflutninga yfir hana. Þess vegna er Landhreppi afarmikil nauðsyn á að fá veginn lagfærðan.

Af því að jeg veit, að svo margir hv. þdm. vilja fegnir gera sem mest fyrir verklegar framkvæmdir, ekki síst fyrir vegina, mun jeg nú láta staðar numið og treysti því, að þeir greiði þessu atkvæði.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefi fáu einu við að bæta nál. samgmn., sem prentað er á þskj. 437. Nefndin hefir álitið fært að lækka styrkina til nokkurra flóabáta, einkum hinna stærri, t. d. til Borgarnesbátsins um 3500 kr., til Djúpbátsins um 3000 kr., til Skaftfellings um 1000 kr., til Flateyjarbáts um 1000 kr., og einnig suma hina smærri styrki í samræmi við þetta. Nefndin telur þetta fært sakir þess, að hún álítur, að útgerðarkostnaður hafi lækkað töluvert á síðastl. ári og muni sennilega fremur lækka á þessu ári. — Hinsvegar hefir orðið að hækka styrkinn til Eyjafjarðarbátsins um 7 þús. kr. Þetta stafar af því, að undanfarin ár hefir bátur þessi fengið styrk úr póstsjóði, en nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi því, sem liggur fyrir þinginu, að hann verði ekki greiddur. Því er óhjákvæmilegt að hækka sem því svarar styrk til bátsins af því fje, sem ætlað er til flóabátaferða, ef á annað borð á að halda bátnum út. En á því sýnist vera full nauðsyn. Við Eyjafjörð er ekkert gagn að Esjuferðum, og segjast hjeraðsbúar ekki kæra sig neitt um, að hún komi þar á aðrar hafnir en Akureyri. Vit-

anlega hafa þeir þeim mun meiri not af ferðum Eyjafjarðarbátsins, sem þær eru tíðari og með fleiri viðkomustöðum en strandferðirnar. Á síðastl. ári hefir báturinn, auk ferða sinna um Eyjafjörð, farið a. m. k. 7 ferðir til Skagafjarðar og álíka margar til Húsavíkur, og jafnvel alla leið til Kópaskers. Nefndin vill benda á til athugunar eftirleiðis, að hún telur rjett, að póstferðastyrkur flóabáta sje greiddur úr póstsjóði eins og áður var. Áður var það svo, að Faxaflóabáturinn og Djúpbáturinn fengu nálega allan sinn styrk úr póstsjóði, en póstmeistari hefir nú um langan tíma felt niður alla póstferðastyrki til þeirra báta, sem styrks njóta af ríkisfje til mann- og vöruflutninga, þótt þeim jafnframt sje gert að skyldu að annast allar póstferðir á því svæði, sem þeir sigla um.

Eins og venja er til, vill samgmn. setja það skilyrði fyrir styrkveitingum, að viðkomur verði ekki færri og farkostur ekki lakari en síðastl. ár.

Eitt, sem samgöngumálanefnd hefir þótt á bresta nú sem fyr, er það, að útgerðir ýmsra bátanna hafa ekki sent atvinnumálaráðuneytinu skýrslur um ferðir skipanna eða reikninga yfir rekstur þeirra í tæka tíð, og nokkrir jafnvel alls ekki. En nefndin hlýtur að leggja mikla áherslu á að fá að sjá bæði reikninga og ferðaáætlanir bátanna og gjaldskrár, svo að þeir nefndarmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum á hverju því svæði, sem bátarnir fara um, hafi nokkurn kost þess að kynna sjer, til hvers styrkurinn gengur og hve brýnar þarfirnar eru.

Eins og í nál. segir, er ætlast til þess, að Borgarnesbáturinn fari minst 8—9 ferðir til Breiðafjarðar og Djúpbáturinn fari 3—4 ferðir til Vestur-Ísafjarðarsýslu. Ennfremur, að Eyjafjarðarbáturinn fari a. m. k. 3 ferðir til Grímseyjar og jafnframt fari hann ekki færri ferðir en síðastl. ár til Húsavíkur og Skagafjarðar og einhverjar ferðir til Norður-Þingeyjarsýslu. Um Flateyjarbátinn er rjett að taka það fram, að ætlast er til, að hann fari einhverja aukaferð til Dalasýslu, ef hann hefir tíma til, jafnframt því sem hann á að halda uppi ferðum um Austur-Barðastrandarsýslu.

Jeg vil geta þess, að í nál. eru nokkrar prentvillur, en jeg hygg, að hv. þdm. geti lesið allar í málið, nema þá, að Rauðasandsbátnum eru ætlaðar 500 kr., *en á að vera 300 kr.*

Þá vil jeg minnast á 2 brtt. frá sjálfum mjer. Sú fyrri er um 2000 kr. styrk, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, til vegar yfir sandgræðslusvæðið í Bolungarvík. Það er mikið nauðsynjamál að flýta sandgræðslunni í Bolungarvík. Hjeraðsbúar hafa nú þegar unnið mikið að henni og ríkissjóður lagt fram nokkurn skerf í styrk til girðingarinnar. Nú er svo komið, að sandfokið er hætt, og í sumar sem leið mun einhver heyfengur hafa náðst að þessu svæði, en þar var áður ekki stingandi strá. Land þetta liggur ágætlega við ræktun, er að mig minnir um 400 dagsláttur að stærð og er rjett hjá kauptúninu. Teknir hafa verið einstakir blettir og borið á þá þang og fiskiúrgangur, og hefir helst sprottið þar upp úr, sem eðlilegt er. En það er mjög erfitt að koma áburðinum um sandinn, sakir þess, hve laus hann er. Á veturna,

meðan ísar eða snjór er yfir, er aftur á móti ekki hægt að ná þara eða þangi, vegna sífeldra brima, sem bera alt slíkt úr fjörunni aftur. Á vorin er mest um þangið, og einmitt þá er hægast að fá fiskúrganginn. En þá er illfært um sandinn, nema vegurinn fáist.

Hv. fjvn. hefir ekki getað sint kröfum Norður-Ísfirðinga um símalínu frá Ögri til Sandeyrar á Snæfjallaströnd, um Æðey. En það er vafalaust, að óvíða er önnur eins þörf á síma eins og þarna. Jeg lýsti því nokkuð rækilega við 2. umr. og mun ekki endurtaka það nú. Jeg vil aðeins segja, að atvinnuvegir íbúa Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppa líða mjög við það að fá ekki símann. Læknisleysið verður helmingi tilfinnanlegra þar, sem slíkar vegalengdir eru, þegar jafnframt er símalaust. Þess eru jafnvel dæmi, að það hafi orðið mönnum að líftjóni. — Jeg vona, að hv. deild geti litið með velvild á þessa brtt., bæði vegna hinnar miklu þarfar, og eins vegna hins, að ekki eru eftir ólagðar af línum þeim, sem voru ákvarðaðar með símalögunum 1913, nema þessi og tvær smálínur. En mörg hundruð þúsund krónur hafa verið lagðar í nýrri viðbætur hjer og þar um landið, og sem ekki stóðu í símalögunum frá 1913. Bæði landssímastjóri og fyrv. atvmrh. hafa gert till. um að taka þessa línu í fjárl. 1929.

Jón Ólafsson: Jeg flyt hjer eina brtt. með tveim hv. þdm. öðrum. Það er styrkur til bóndans á Ásólfsstöðum til að reisa gistihús á bæ sínum. Í rauninni er það þó ekki alveg rjett orðað, því að tilgangurinn er í raun rjettri sá, að hann geti húsað bæ sinn svo vel, að hann geti veitt móttöku sem flestum af þeim gestum, er þar ber að garði á sumrin. Víða hjer á landi er tilfinnanlegur skortur á góðum húsakynnum í þjóðbraut, en óvíða þó meiri en þarna. Mjer er sagt, að stundum sje það svo sum sumrin, að það sjeu aðeins sárfáar nætur, sem húsbændur eða heimafólk kemst í rúm sín fyrir útlendum og innlendum næturgestum. Hin mikla umferð á þessum stað stafar af því, að Þjórsárdalur hinn forni er ½ dagleið frá Ásólfsstöðum, þannig, að það tekur einmitt tímann myrkranna milli að fara í dalinn þaðan að heiman og þangað aftur.

Það er mjög vandræðalegt, að það skuli í jafnfögrum dal vera algerlega ómögulegt að hýsa gesti, sem ber að garði, innlenda og útlenda, sem leggja leið sína þarna um og þurfa nauðsynlega að fá gistingu. Mjer er kunnugt um, að líkt stendur á um fleiri staði, en um þennan stað má fullyrða það, að þar verður afskaplega fjölfarið 1930, þegar allur sá mannfjöldi, sem búist er við, fer að hreyfa sig um landið. Það, sem við fyrst og fremst höfum að sýna, tel jeg vera okkar náttúrufegurð, og ættum við að sjá sæmd okkar í því, að aðbúnaður okkar gesta geti orðið viðunandi á þessum fegurstu stöðum. Þetta er ekki hægt að kalla neitt tildur, sem tjaldað er til einnar nætur, eins og búist er við á sumum sviðum í undirbúningnum undir hátíðina.

Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg myndi fús að fylgja fleiri till. um styrk til húsabóta þar, sem þyrfti að bæta húsakynni í þessu augnamiði. Á síðasta þingi bar jeg fram till. um

einn slíkan stað, sem fjekk ekki náð fyrir augum þessarar hv. deildar; hún var um að hjálpa bóndanum á Laugarvatni til að byggja. Það er einn af þessum fögru og fjölsóttu stöðum. Jeg vona því, að hv. deild sjái sjer fært að bæta þessum litla styrk við þann styrk, sem ætlaður er til að halda slík gistihús fyrir ferðamenn.

Ólafur Thors: Jeg hefi leyft mjer að bera fram þá brtt. við þennan kafla fjárlaganna, sem er VII. liður á þskj. 435, um það, að fjárveiting til Kjalarnesvegarins hækki úr 10000 kr. upp í 20000 kr. Jeg vil mega beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir vilji hlýða örstutt á rök mín fyrir þessari brtt.

Svo er mál með vexti, að vegamálastjóri hefir gert tillögur um það, að til þessa vegar verði veittar í fjárlögunum 1929 22 þús. kr. Hæstv. stjórn hefir tekið aðeins upp 10 þús. kr., lækkað fjárveitinguna frá till. vegamálastjóra um 12 þús. kr. Hæstv. stj. hefir ekki gert aðrar breytingar á till. vegamálastjóra, nema þá að fella niður 10 þús. kr. veitingu til þess að leggja veg yfir hinn svokallaða Hvolsvöll. En auk þessa hefir hæstv. stjórn lagt til að veita 8 þús. kr. til Hólmahálsvegar, án þess að vegamálastjóri hafi gert þá till.

Kjalarnesvegurinn er, eins og menn vita, í tölu þjóðvega, og hefir nú að dómi þeirra hjeraðsmanna, sem hjer eiga hlut að máli, svo miklu þýðingu fyrir hjeraðið, að þeir hafa boðist til að leggja fram ¼ kostnaðar til að lengja hann, þó að hann ætti samkv. venjunni að vera lagður og haldið við að öllu leyti á ríkissjóðs kostnað. Gegn þessu framlagi hreppsbúa hefir verið lagt fram á árunum 1926—'27 um 40 þús. kr.

Fjárveiting sú, sem í fjárlögum 1928 var veitt til þessa vegar, hefir að nokkru leyti verið notuð til þess að vinna að vegarlagningu ársins 1927, og er því ekki eftir nema óverulegur hluti þeirrar fjárveitingar. En jeg hygg, að mikill nauður reki til, að á þessu ári komist vegurinn að svokölluðum Ártúnsmelum; ef hann kemst þangað, tekur við sjálflagður vegur 1½ km. Upphæðin, sem óeydd er af fjárveitingunni fyrir 1928, er sennilegast það lítil, að ekki muni nægja til að koma veginum svo langt; þyrfti því að taka eitthvað af því fje, sem er veitt í fjárlögum 1929, til þess að vegurinn gæti náð þangað. En ef fjárveitingin yrði einar 10 þús. kr., er það sýnilegt, að svo að segja ekkert yrði eftir til þess að halda veginum áfram 1929.

Vegamálastjóri hefir gert till. sína um 22 þús. kr. í fjárlögum 1929 til vegarins til þess að koma veginum á mörk Kjalarness og Kjósarhrepps. Og ef svo mætti verða, er vegur 37 km. frá Reykjavík; þaðan eru þá eftir ólagðir 12 km. að Laxá í Kjós.

Um nauðsyn þessa vegar hefi jeg haft tækifæri að ræða fyr í hv. deild og skal því ekki fjölyrða nú, enda eiga svo margir bændur sæti í þessari hv. deild, sem munu skilja, að hjer er um verulega nauðsyn að ræða. Fyrst og fremst er það nauðsynlegt fyrir íbúa þessara hreppa að ná sæmilegri aðstöðu til þess að koma afurðum sínum daglega á Reykjavíkurmarkað. Og þegar ekki er nema um herslumuninn að ræða, þá þykist jeg hafa fulla ástæðu til að leggja fast

að hv. deild um að kippa ekki að sjer hendinni um fjárframlög, sem í raun og veru hafa verið ætluð, að jeg ekki segi lofuð. Annars er það um nauðsynina að segja, að hún lýsir sjer best í því, að hreppsbúar hafa boðist til að leggja fram þetta fje, ¼ kostnaðar. En þegar það tilboð var gert, var það fyrsta tilboð af slíku tægi um vegi, sem annars eru þjóðvegir.

Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að leiða athygli aðeins að því, að auk þess, sem hjer er um að ræða nauðsyn þessara hreppa, þá liggur málið þannig fyrir, að þessi vegur er aðeins liður í Norðurlandsveginum. En nú er fyrirhugað, að sá vegur skuli lagður á vissu árabili. Og jeg hygg það sje enginn hagur fyrir ríkið að draga óeðlilega úr þeim framkvæmdum, eftir því sem þær eru fyrirhugaðar í till. vegamálastjóra.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að úr því að hv. fjvn. hefir tekið upp þá stefnu að mæla með verklegum framkvæmdum að verulegum mun, þá láti hún ekki þessa menn, sem hjer eiga hlut að máli, eina verða útundan og vonsvifta, og þá síst þegar fjvn. og hæstv. stjórn hafa gengið svo langt að taka upp í fjárlög vegi, sem ekki hafa verið áætlaðir af sjálfum vegamálastjóra.

Jeg hefi ekki borið fram fleiri brtt. við þennan kafla fjárlaganna, en jeg vil leyfa mjer að fara örfáum orðum um tvær aðrar till.

Önnur er á þskj. 435,XV, frá hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), um það, að Ólafi Sveinssyni vitaverði sje veittur 800 kr. styrkur til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita.

Þessi maður hefir með óvenjulegri elju unnið að því að koma akvegi suður að þessum vita, en sá vegur er fyrir ýmissa hluta sakir alveg bráðnauðsynlegur. Jeg vil ekki taka fram fyrir hendur hv. flm., en get þó ekki látið tækifærið ónotað meðan jeg er að tala að mæla mjög eindregið með þessari till.

Þá er það næsta till., nr. XVI, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) flytur með tveimur öðrum hv. þm., sem jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um. Eins og hv. 1. flm. hennar mintist á, þá fer hún fram á að veita byggingarstyrk til að reisa gistihús á Ásólfsstöðum. Jeg hygg, að fyrir þinginu í fyrra hafi legið einhver slík málaleitun, og mundi jeg sjálfsagt hafa greitt atkv. gegn henni, ef hún hefði komið til atkvæða. En svo varð það mitt hlutskifti á síðastl. sumri að koma á þessar slóðir. Jeg hefi að vísu ekki farið mjög víða um Ísland, en þó átt kost á að sjá einstök af fegurstu hjeruðunum; og jeg verð að segja, að jeg hefi hvergi sjeð jafnstórfenglega og tignarlega náttúrufegurð eins og á þessum slóðum í sumar, er jeg reið inn Þjórsárdal og hafði beljandi jökulvatnið við fætur mjer, en Heklu í fjarsýn. Mjer blandaðist ekki hugur um það, að þessi staður mundi verða tíðsóttastur á næstu árum af erlendum ferðamönnum. En það er alls ekki á færi bóndans þarna að veita þær viðtökur mörgum ferðamönnum, sem íslenskum sóma sje samboðið og íslenskri höfðingslund. Jeg gisti tvær nætur hjá þessum bónda, sem hjer á hlut að máli. Þær móttökur, sem jeg fjekk og aðrir þeir, er mjer gistu sam-

tímis, voru í öllu þær, sem bestar eru og mest í samræmi við íslenska gestrisni. En hitt duldist mjer ekki, að þennan stað sækir sá straumur ferðafólks, að það eru engin tök fyrir nokkra gestrisni að mæta þeim straum, nema bætt verði húsakynnin. Jeg man, að aðra nóttina, sem jeg hafðist þar við, varð svo að segja hver einasti heimamaður að ganga úr rúmi og sofa í hlöðu, til þess að ekki þyrfti að úthýsa ferðamönnum. Er alveg ótækt, að slíkt verði hlutskifti heimamanna allajafna, að geta ekki fengið að hvíla í rúmi sínu eftir erfiði dagsins. En hitt er þó kannske ennþá verra út á við, ef ferðamenn fá það svar, að engan sje hægt að hýsa, ef enginn er fyrir. Er ekkert við slíku að segja, ef margir aðkomumenn eru, en það er leiðinlegt, ef til dæmis útlendinga ber að garði á svo víðfrægum slóðum og þeir fá það svar, að því miður sje ekki hægt að taka á móti þeim, jafnvel þótt engir gestir sjeu komnir. En þó að þessi bóndi hafi tekið á móti mörgum ferðamönnum, er það miklu meira af góðum vilja en getu.

Jeg gerist til þess ótilkvaddur að bera fram mín eindregnu meðmæli með þessari till. Menn mega trúa því, að að fráskildum Þingvöllum mun ekki annar staður hjer á landi, sem verður eins fjölsóttur og þessi, bæði af erlendum og innlendum ferðamönnum. Jeg vona, að hv. fjvn. og þingdeild líti á það, að hjer er um að ræða sóma landsins og að sú fjárveiting, sem hjer er farið fram á, er ekki nema krækiber í ámu hjá þeim upphæðum, sem við erum að ræða um hjer í deildinni.

Jóhann Jósefsson: Það eru tvær brtt., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram við þennan kafla fjárlaganna, og eru að vísu báðar breytingar frá till., sem jeg flutti við 2. umr. Hv. frsm. (IngB) lýsti yfir því við 2. umr. að því er snerti framlag ríkissjóðs til Vestmannaeyjaspítala, að ekki væri nema sjálfsögð sanngirni að miða styrkinn við það, sem bærinn leggur fram, en hann fann það aðallega að till. minni, að hún væri ekki að forminu til rjett fram borin; — það ætti að miða það við framlag, sem hjeraðið legði af mörkum, og leggja til ⅓ af því. Þetta var aðalforsendan. Jeg hafði lýst yfir því, að framlag bæjarsjóðs til spítalans muni verða í alt nær 60 þús. kr. En vegna þess, að jeg hefi ekki reikninga í höndum fyrir því, þá vil jeg ekki í þetta sinn halda málinu lengra fram en það, að fara fram á ⅓ af þeirri upphæð, sem vitanlegt er, að bæjarsjóður hefir þegar tekið á fjárhagsáætlun sína, en það eru 30 þús. kr. Sú upphæð er samningsbundin. Jeg hefi því borið fram þessi tilmæli bæjarstjórnar á þeim grundvelli, að greiddar verði 10 þús. kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar upp í þann byggingastyrk, sem bærinn hefir þegar lagt til sjúkrahússins. Vona jeg, að hv. fjvn. og hv. deild verði við þessari sanngirniskröfu, og að háttv. frsm. finni ekki á till. nýjan formgalla, er verði henni að falli.

Þá hefi jeg undir sama lið borið fram till. um styrk til þeirra manna, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Hún fjell með jöfnum atkv. í hv. deild við 2. umr., og get jeg mjer til, að einhverjum hafi þótt of langt gengið í

fjárframlagi; hefi jeg því minkað fjárupphæðina um 1000 kr. frá því, sem áður var. Jeg tel óþarft að rökstyðja þörfina fyrir þessari fjárveitingu, af því að bæði á síðasta þingi í báðum deildum og nú við 2. umr. voru leidd rök að því, hve mikil nauðsyn bæri til, að menn, sem fyrir slíkum slysum verða að missa limi, eigi í einhvern stað að venda um hjálp til þess að fá sjer gervilimi. Jeg veit það vel, að hjer er ekki um svo stórfelda hjálp að ræða, að komið geti öllum að liði í einu, en svo er líka háttað um margt, sem hið opinbera styrkir. Sje sú venja tekin upp, að leggja eitthvað lítið af mörkum í fjárlögum í þessu skyni, þá verður af því áframhaldandi hjálp til þeirra, sem styrk þurfa. Og þjóðfjelaginu er áreiðanlega hagur að því, að menn eigi kost á því að gera sig svo færa, sem unt er, til þess að heyja lífsbaráttuna áfram.

Þá vildi jeg undirstrika það, sem hv. þm. Ísaf. (HG) sagði viðvíkjandi brtt. undir V. lið. Það er svo um þessa konu, að hún hefir orðið mjög hart úti vegna tilrauna, sem gerðar hafa verið til þess að lækna þann sjúkdóm, sem hún er fædd með, en þær tilraunir hafa mistekist. Er útlit fyrir, ef hún fær ekki hjálp til þess að leita sjer lækninga, að hún muni þola miklar þjáningar af því, hvernig þessar tilraunir hafa tekist. Jeg álít, að það standi svo sjerstaklega á fyrir þessari konu, að það sje vert fyrir háttv. þdm. að greiða till. atkv.

Bernharð Stefánsson: Jeg á alls enga brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og ekki ætla jeg heldur að tala um fjárlögin alment, enda þótt það sje leyfilegt við þessa umr. Jeg þarf því ekki að vera margorður; en jeg finn sjerstaka ástæðu til að tjá háttv. fjvn. þakkir fyrir eina till. hennar. Það er till. um að hækka tillag til nýrra símalína um helming, úr 150 þús. upp í 300 þús. kr. Jeg hefi sjerstaka ástæðu til að þakka þessa breytingu, þar sem mjer er kunnugt um, að það er ætlun hæstv. stj. og landssímastjóra að nota þessa viðbót meðal annars til þess að leggja símalínu frá Víðimýri í Skagafirði norður til Akureyrar. Liggur þá sú lína að nokkru leyti um mitt kjördæmi, og er því til mikilla hagsbóta fyrir það, þó að landssíminn sjálfur hafi sennilegast enn meira gagn af, þar sem knýjandi nauðsyn má telja, að þessi lína verði bygð, vegna sambandsins um Norðurland til Austurlandsins. Þegar landssíminn var bygður 1906, var það svo, að í fyrstu ætluðust verkfræðingar til þess, að línan lægi um Öxnadalsheiði. Af því varð þó ekki, og verð jeg að telja það misráðið. Er gott til þess að vita, að eiga nú von á þessari línu, þó seint sje.

Annars vil jeg taka það fram, að mjer er ánægja að sjá till. hv. fjvn., því þó till. hennar miði að hækkun á útgjaldaliðum fjárlaganna, þá er þess að gæta, að þær hækkanir eiga að ganga til bráðnauðsynlegra framkvæmda í landinu og eru því ekki eyðslueyrir í eiginlegum skilningi. T. d. hefir tillag til brúa verið hækkað um helming, og er fyllsta þörf á því. Svo er um fleira.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar. Tilgangur minn með því að

kveðja mjer hljóðs var aðeins sá, að tjá hæstv. stj. og hv. fjvn. þakkir fyrir það fyrirheit, sem jeg tel, að gefið hafi verið um, að símalína yrði bygð á næsta ári frá Víðimýri um Öxnadalsheiði til Akureyrar. Jeg tek þetta sem ákveðið loforð, og sje það ekki rjett skilið, þá vænti jeg, að það verði leiðrjett. Verði það ekki gert, tel jeg það staðfestingu á því, að fjenu eigi að verja til að byggja þá línu, er jeg gat um.

Sigurður Eggerz: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 435,VIII, sem að vísu er ekki ný, þar sem hún lá einnig fyrir við 2. umr. fjárlaganna. Talaði jeg þá fyrir henni, en tók hana því næst aftur til 3. umr. vegna tilmæla frá hæstv. forsrh. (TrÞ). Jeg skal ekki taka upp aftur nú það, sem jeg sagði þá, enda hefir verið talað fyrir þessari till. á þingi áður. En jeg vil þó benda á það, að vegalengdin frá Breiðabólsstað að Dalsmynni er 16 km., og sá örðugi kafli af leiðinni er aðeins 5 km. Ef þessi vegur er lagður, þá er þar með fengið vegasamband í Búðardal og Hvammssveit, og með lítilli lagfæringu út Fellsströndina að Staðarfelli. Sömuleiðis í Saurbæinn með lítilli fyrirhöfn. Ef þessi vegur frá Breiðabólsstað að Dalsmynni yrði lagður, myndi bráðlega svo að segja öll Dalasýsla komast í beint vegarsamband við Reykjavík. Með þessu væru opnaðir nýir möguleikar fyrir þetta hjerað, sem eingöngu er landbúnaðarhjerað og hefir öll skilyrði fyrir mikla framleiðslu: duglega bændur, lifandi af áhuga, og ágætt land til ræktunar. Og besta lyftistöngin fyrir margfalda framleiðslu eru samgöngubætur sem þessar. Þá mundu og verðmæti jarða þar aukast stórkostlega.

Sumum hefir komið til hugar að fara aðra leið: Leggja veginn um Laxárdal til Borðeyrar og koma honum þannig í samband við Holtavörðuveg. En sú leið frá Dalsmynni að Búðardal er talin að vera um 100 km., en vegurinn frá Dalsmynni til Búðardals 37 km. Væri því um 63 km. lengri leið að ræða. Sjá allir, um hve mikinn mismun hjer er að ræða. Ef Bröttubrekkuvegurinn verður lagður, stendur Dalasýsla líkt að vígi og Mýra- og Borgarfjarðarsýsla með að ná til Reykjavíkur, því þá er leiðin opnuð að Borgarnesi sem hafnarstað fyrir hjeraðið.

Jeg geri ráð fyrir því, að öllum hv. þdm. sje það ljóst, að þó hjer sje aðeins beðið um 10 þús. kr., þá er þetta stórt mál fyrir hjeraðið, sem hefir svo mjög verið vanrækt á undanförnum árum og sem hefir sýnt svo mikla þolinmæði, þótt það hafi verið sett á hakann.

Þar sem fje það, sem um er beðið, getur þýtt margfaldar fjárupphæðir fyrir hjeraðið, sem nýtur ávaxtanna af því, og landið í heild sinni jafnframt, þá er ekki rjett að vera of hógvær í slíkum kröfum. Jeg vona því, að háttv. deild sjái, að hjer er um mikið sanngirnismál að ræða. Og þó þessi fjárbeiðni væri vegin á vogaskálum móti hverri annari, sem hjer liggur fyrir, þá efast jeg um, að nokkur þeirra yrði þyngri á metunum en einmitt þessi.

Lárus Helgason: Jeg á hjer enga brtt., sem jeg þarf að mæla fyrir, en jeg vildi aðeins minna á það, hvort

ekki væri rjett að ganga nú þegar til atkvæða. Jeg sje ekki, hvaða þýðingu það hefir fyrir hv. þm. að vera að mæla hjer fyrir till. sínum yfir tómum bekkjum. Mjer skilst a. m. k., að það muni vera tilgangslaust að tala, þegar enginn hlustar.

Pjetur Ottesen: Jeg á hjer enga brtt., sem jeg þarf að mæla fyrir, en þótt fátt sje af mönnum hjer nú í deildinni, þá sje jeg þó a. m. k. þann hv. þm., sem jeg vildi víkja nokkrum orðum að, en það er hv. frsm. samgmn. (JAJ). Þessi nefnd hefir nú skilað áliti sínu um meðferðina á því fje, sem veitt er til samgangna á sjó eða til flóaferða. Eftir till. nefndarinnar á styrkurinn til þessara ferða að lækka nokkuð á sumum stöðum. Mjer skildist á hv. frsm., að þessi lækkun stafaði af því, að útgerðarkostnaður hefði yfirleitt lækkað. En mjer er ráðgáta, hvernig hann fer að samræma þessar till. samgmn. þessari ástæðu, þar sem styrkurinn hefir ekki verið lækkaður nema sumstaðar. Jeg býst við, að lækkun útgerðarkostnaðarins komi jafnt niður á öllum, og fæ því ekki sjeð annað en að þessar röksemdir eigi annaðhvort alstaðar við eða þá hvergi. Að vísu vil jeg ekki fortaka, að einhver önnur rök kunni að liggja fyrir þessu, en hv. frsm. gat ekki um þau.

Þegar talað er um lækkun á útgerðarkostnaði báta, þá þarf líka að taka tillit til flutningsþarfarinnar á hverjum stað. Sumir þessir styrkir hafa verið hækkaðir áður, til þess að fjölga ferðunum. Og eftir því, sem styrkurinn er ríflegri, eftir því eiga ferðirnar að geta orðið fleiri. Og þegar útgerðarkostnaðurinn lækkar, þá ættu bátarnir að fullnægja betur flutningaþörfinni, og er þess víðast full þörf. Jeg sje t. d. ekki, hvaða ástæða er til þess að láta styrkinn til Lagarfljótsbátsins standa óbreyttan, en lækka við Hvalfjarðarbátinn, Flateyjarbátinn og Djúpbátinn. Aftur eru Rauðasandsbáturinn og Mýrabáturinn látnir halda óskertum styrk. Þetta sýnist því vera handahófsverk hjá nefndinni, að grípa niður hjer og þar og lækka þessa styrki um 100—200 kr. eða meira á sumum, en láta aðra halda óskertum styrk. Felli jeg mig illa við það.

Til Borgarnesbátsins hefir styrkurinn verið lækkaður um 3500 kr. Jeg get búist við, að af því leiði óhagstæðari samgöngur fyrir Borgfirðinga og einnig fyrir Breiðfirðinga, sem þessi bátur (Suðurlandið) hefir einnig flutt fyrir. Líkt má segja um Djúpbátinn, sem ferðast einnig um Vestur-Ísafjarðarsýslu, nema sá styrkur hafi verið of hár áður. Þessar aths. vildi jeg gera við till. samgmn. og vildi gjarnan fá skýringar hennar á því, hvernig hún fer að samræma till. sínar við lækkandi útgerðarkostnað, þar sem lækkunin samkv. till. hennar kemur ekki niður á nema fáum bátum.

Þá vill nefndin, að atvinnumálaráðuneytið gangi ríkt eftir því, að skýrslur sjeu lagðar fram um starfsemi þessara báta. Jeg get sagt það um Hvalfjarðarbátinn, að hann hefir int full lögskil af höndum í þessu efni. Jeg tel sjálfsagt, að þessari reglu sje fylgt, og styrkurinn þá feldur niður, ef ekki koma skýrslur, reikningar og áætlanir í tæka tíð. Það er sjálfsagt að fylgjast vel með í þessu, og

jeg tel það skyldu hins opinbera að gera það.

Þá vil jeg lítilsháttar minnast á eina brtt. á þskj. 435, XVI. lið. Jeg ætla að vísu ekki að leggjast svo mjög á móti þeirri till. Hún er um það að veita 4 þús. kr. styrk til að reisa gistihús á Ásólfsstöðum. Auk þess er farið fram á að fá 10 þús. kr. lán í sama skyni. Mjer skildist, að ekki væru færð fram rök fyrir þessu önnur en þau, að hjer væri um gististað handa skemtiferðafólki á sumrin að ræða. En víða hagar svo til hjer á landi, að erfitt er að taka á móti fólki á fjallabæjum, er liggja við heiðavegi. Með styrk af opinberu fje hefir nokkuð verið gert til að bæta úr þessari þörf, en þó á örfáum stöðum. Í Borgarfirði er um einn þann stað að ræða, er svona stendur á. Það er efsti bærinn í Lundarreykjadal, sem liggur við Uxahryggjaveg, sem er mjög örðugur, en allfjölfarinn fjallvegur. Verða menn oft fyrir hrakningi á þeirri leið, og getur þá stundum riðið á lífi manna, að hægt sje að veita þeim góðar viðtökur, er þeir koma þannig hraktir af fjallinu. Það er ástæða til að styrkja þá bændur, sem þannig eru settir, til að hafa sæmilega aðstöðu til að taka vel á móti slíkum langferðamönnum. En mjer finst það horfa nokkuð öðruvísi við, að leggja fram fje úr ríkissjóði til að byggja yfir það fólk, sem aðeins ferðast sjer til skemtunar þegar best og blíðast er. Og mjer finst, að þetta fólk, sem venjulega ferðast í stórhópum, hafi góða aðstöðu til þess að hafa með sjer tjöld og annan aðbúnað, og þurfi ekki að setjast upp á bæi, sem eiga erfitt með að veita gistingu. Jeg held því, að þeir staðir, þar sem illa er hýst við erfiða fjallvegi, eigi að ganga fyrir um stuðning í þessu skyni af hálfu hins opinbera. — Mjer var falið að leita styrks til byggingar á einu slíku býli, en þar sem jeg fjekk engar undirtektir um það í fjvn., taldi jeg tilgangslaust að bera það fram. En verði þetta samþykt, tel jeg víst, að jeg muni bera fram brtt. um það, er fjárlögin koma hingað aftur til einnar umr. Mjer finst það leiða af sjálfu sjer, ef bæði er veittur styrkur og lán til að byggja yfir skemtiferðamenn, þá muni einnig samþ. styrkur til að byggja upp á bæjum, þar sem riðið getur á lífi manna um viðtökurnar. — Jeg mun svo ekki minnast á fleiri till. og má því stöðva umr. mín vegna. (**ÓTh:** En ekki mín vegna!). En jeg vildi þó gjarnan fá áður upplýsingar hjá hv. frsm. samgmn. um samræmið milli styrksins til flóabátanna.

Lárus Helgason: Eftir að jeg hafði litið á álit samgmn., var jeg að hugsa um að kveðja mjer hljóðs. En jeg var nærri hættur við það, vegna þess hve fátt var af þm. í deildinni. En nú eru þeir orðnir fleiri, og mun jeg því segja nokkur orð.

Jeg get tekið undir það með háttv. þm. Borgf. (PO), að mjer virðist eins og honum, að hv. samgmn. hafi mistekist að útbúa þessi plögg sín og að ástæður hennar fyrir breytingum þeim, er hún hefir gert, sjeu ljettvægar. Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, þá er sú ástæða mjög óviðfeldin, sem frsm. nefndarinnar, háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), bar fram fyrir því, að lækkaður hefði verið styrkurinn á sumum bátunum, sú, að útgerðarkostnaður-

inn hefði lækkað, þar sem sumir bátarnir halda fullum styrk. Jeg er nú ekki víða kunnugur staðháttum kringum landið, en jeg þekki þó aðstöðu eins bátsins vel, sem sje „Skaftfellings". Jeg hafði mælst til þess við hv. nefnd, að hún legði til, að þessi bátur yrði tekinn út úr tölu flóabáta vegna sinnar sjerstöku aðstöðu. Hann fer ekki um firði og flóa, heldur meðfram brimströndinni, þar sem allra erfiðast er um flutninga á öllu landinu. Hann annast flutninga í Vestur-Skaftafellssýslu allri, nokkru af Austur-Skaftafellssýslu og talsvert fyrir Rangárvallasýslu líka, og sum árin til Eyrarbakka að nokkru. Þetta er hin brimasama og hafnlausa strönd Suðurlandsundirlendisins, og allir hljóta að viðurkenna, að þarna er erfiðara um flutninga en á nokkrum stað öðrum á landinu. Það er ómögulegt fyrir menn á þessu svæði að hafa nokkur veruleg not af öðrum skipum, svo sem strandferðaskipum ríkisins. Þessi bátur verður tímum saman að liggja í Vestmannaeyjum og bíða byrjar. Ef hann hefði betri lendingarstaði við að búa en hann hefir, þá gæti hann farið aðrar ferðir til að afla tekna, en hann verður alt árið að vera bundinn við að fullnægja þörfum þessara hjeraða sem unt er. Enda hefir svo farið, þrátt fyrir talsverðan styrk, að hagur bátsins hefir farið síversnandi. Síðastliðið ár varð auk þess að skifta um vjel í honum, og kostaði það 20—30 þús. kr. Þetta alt finst mjer, að háttv. samgmn. ætti að athuga, þar sem henni var gert þetta kunnugt. Jeg get ekki betur sjeð en að þótt þörf sje á að bæta við báta, eins og í Eyjafirði, þá sje ekki rjett að grípa til þess að taka styrk af þessum bát eða öðrum slíkum og bæta á aðra. Nei, rökrjett afleiðing af því, ef bætt er við báta, er, að þá verður um leið að bæta við styrkinn til flóabátanna. Það þýðir ekki að segja við heil hjeruð: Þið fáið ekki meira en þetta. Hvaða sanngirni er í slíku? Þau eiga heimtingu á að fá sanngjarnan styrk til samgöngubóta, þó afskekt sjeu, og síst að draga úr honum fyrir það. Að finna upp á slíku, að lækka styrk til báts, sem á við þetta að stríða, sem jeg nú hefi lýst um „Skaftfelling", og sem öllum er kunnugt, að er rjett, það hygg jeg verði erfitt fyrir nefndina að finna nokkur rök fyrir. Háttv. nefnd hefir bent á, að senda beri ferðaáætlanir bátanna til stjórnarráðsins og gjaldskrá. Það er mikið rjett. En hvað þýðir að senda áætlanir báts eins og „Skaftfellings", sem verður að grípa hvert tækifæri, þegar veður og sjór ekki hamla? Þetta var þó gert fyrsta starfsár bátsins, en hætt við það í samráði við stjórnarráðið. Áætlanir hafa ekkert að þýða á stað eins og þarna, og okkur dettur ekki einu sinni í hug að búa til neina slíka áætlun.

Jeg vænti annars, að hv. nefnd geti gefið betri upplýsingar en hún hefir þegar gefið um þetta, hvað hún ætlast fyrir í þessu máli, og lýk máli mínu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg á hjer brtt. við 13. gr., á þskj. 435, um 800 kr. styrk til Ólafs Sveinssonar vitavarðar, til að fullgera akveg að Reykjanesvita. Það var svo, að þegar þessi maður tók við vitavarðarstöðunni á Reykjanesi, var eiginlega enginn mannavegur út á Reykjanes. En hann

hefir nú rutt veginn, og er nú hægt að komast með vagna og á síðastliðnu sumri hefir verið gerð tilraun með bíla, sem ekki er hægt að reikna með fyr en umbætur á veginum hafa átt sjer stað. Nú er þarna mjög afskektur staður og því þörf á vegi bæði vegna þess og einnig vegna annara ástæðna. Að sumarlagi er á Reykjanesi ágætis verstöð. Þar er gnægð af lúðu og fleirum tegundum fiska skamt undan landi, en hinsvegar lítt mögulegt að koma aflanum frá sjer. Vegna þessa veiðiskapar gæti það verið mikilsvert atriði fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð að geta haft beinar samgöngur við Reykjanes á landi, og þar með flutt nýjan fisk daglega til bæjanna. Auk þess er þetta tilvalinn skemtistaður til sumardvalar fyrir þá menn hjer í bænum, sem hafa viku leyfi frá verslunar- og skrifstofustörfum og öðrum skyldum störfum. Útlendingar eru þegar farnir að venja komur sínar þangað vegna hinnar sjerkennilegu náttúru, sem þar er. Reykjanes er því tilvalinn skemtistaður fyrir fjölda fólks. Ennfremur má benda á, að ferðastraumur útlendinga myndi mjög aukast þangað, ef bílvegur væri kominn, því þar er sjerkennileg náttúrufegurð, auk þeirrar kyrðar, sem ríkir á jafnafskektum stað. — Þetta eru þá aðalástæðurnar til þess, að jeg tel mjög nauðsynlegt, að þessi vegur verði fullgerður.

Vitavörðurinn hefir þegar fengið styrk úr ríkissjóði til þessa, og sje jeg á brjefi vegamálastjóra, að búið er að styrkja hann með 1200 kr., og kveðst hann, ef hann fái þessar 800 kr. í viðbót, muni geta lokið verkinu. Ólafur Sveinsson er mjög duglegur maður og á einnig tvo drengi, sem aðstoða hann við þessa vegargerð. Við eigum framtakssemi hans mikið að þakka, því að hann hefir þegar lagt mikla vinnu í að rækta og prýða jörðina, og mun óhætt að segja, að þar sje nú miklu búsældarlegra en áður en hann kom þangað, og er það auðvitað hagur ríkissjóðs, sem á jörðina, að henni sje sómi sýndur.

Um XVII. brtt., frá samgmn., vil jeg segja það, að jeg tel þessa skiftingu á styrknum mikið handahófsverk. Við, sem erum nýir í nefndinni, höfum ekkert við að styðjast í þessu efni. Það er aðeins einn maður í nefndinni, sem þar hefir verið áður, og býst jeg við, að hann styðjist við fyrri ára venjur og stefnu. Við höfum reynt að fá reikninga bátanna, en ekki fengið. Það eina, sem fyrir nefndinni lá af slíkum reikningum, var uppkast að rekstrarreikningi fyrir Flateyjarbát. Jeg skal taka það fram, að jeg greiddi alls ekki atkv. með þessari áætlun með tilliti til þessa. Jeg álít, að það megi alls ekki koma fyrir framvegis, að ekki liggi fyrir nefndinni öll nauðsynleg gögn um ferðaáætlanir, fargjöld, rekstur og eignir þessara báta. Það eru engar smáupphæðir, sem um er að ræða, og Alþingi á fulla heimtingu á að fá að sjá, hvernig því fje er varið, sem það lætur af hendi til samgöngubóta og flóabáta, sem eru engar smáupphæðir.

Það er alveg rjett hjá hv. þm. V.-Sk. (LH), að það þýðir ekkert að vera að setja ferðaáætlun um þennan bát. En hann er þó einn af þessum bátum, sem styrktir eru af ríkinu til að halda uppi og greiða fyrir samgöngum, og sje jeg því ekki ástæðu

til að taka hann sjerstaklega út úr flóabátaflokknum, enda þótt telja megi, að hann hafi nokkra sjerstöðu, með tilliti til þeirra hafna, sem hann á að koma á.

Ólafur Thors: Hv. þm. Borgf. (P-O) gerðist til að andmæla till. þeirri, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og fleiri flytja hjer um 4000 kr. styrk til Páls Stefánssonar á Ásólfsstöðum til þess að reisa gistihús. Mjer kom það nú í sjálfu sjer ekki á óvart, þó að hann andmælti þessu, því að hann er vanur að leggjast fast á móti þeim greiðslum úr ríkissjóði, sem hann telur óþarfar. Í rauninni er ekkert við því að segja. Hinir eru nógu margir, sem ekki gæta meira en svo hófs. Mjer kom það sem sagt ekki á óvart, þótt þessi hv. þm. (PO) hefði á móti till., en mjer komu á óvart þær ástæður, sem hann færði fram gegn till. Háttv. þm. var að tala um afdalabæi og blandaði þar ólíku saman. Að vísu er það mjög nauðsynlegt, að endurbygðir sjeu hrörlegir sveitabæir, bæði í afdölum og annarsstaðar. En jafnt í slíkum afdalabæjum, og ekki síður, er tekið vel á móti gestum, þá sjaldan þá ber að garði. Það er nefnilega hægt þar að afsala sjer lífsþægindum til þeirra, sem koma, af því að það kemur svo sjaldan fyrir. Hitt liggur í augum uppi, að það er fjarstæða, úr því að menn haldast við æfilangt í þessum hrörlegu bæjum, að halda, að nokkur lífshætta sje því samfara að vera þar næturgakir. Þá taldi hv. þm. þetta óþarfa kostnað vegna gesta; þeir gætu haft með sjer tjöld. Það mundi nú lítt stoða að skipa þeim slíkt. Hitt væri öruggara fyrir hv. þm., að þurka Þjórsá, fela Þjórsárdalinn o. s. frv. Hinsvegar er ekki hjer um það að ræða, eins og hv. þm. vildi vera láta, að byggja yfir útlendan ferðamannastraum, heldur hitt, að byggja yfir íslenskan þjóðarsóma með því að sjá svo um, að ekki þurfi að úthýsa innlendum og útlendum gestum. Hv. þm. veit vel, að það er ekki á færi fátæks bónda að halda uppi þjóðarsómanum í þessu efni, og jeg vona, að hann, sem sjálfur er höfðingi, meti nú íslenska höfðingslund og fylgi okkur að máli um þessa tillögu.

Jón Ólafsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) hefir nú tekið fram flest það, sem jeg vildi sagt hafa. Það kom fram hjá hv. þm. Borgf., að hann teldi þörf á þessu allvíða, en hann þyrði ekki að fara fram á styrk í þessu skyni. Mjer kemur það nú einkennilega fyrir, ef hv. þm. Borgf. hefir ekki kjark til að flytja fram hvað það, sem hann telur rjett. Jeg hefi ekki litið svo á hingað til, að hann væri svo miklu ódjarfari öðrum mönnum.

Hv. þm. var að minnast á Gilstreymi undir Uxahryggjum, en þó að þar sje fjölfarið, þá er þar ekki eins fjölfarið eins og fram í Þjórsárdal. Þessi staður, Ásólfsstaðir, er endastaður Sprengisandsvegarins, og þegar komið er þá leið niður í Hreppa, er þetta eini bærinn, sem hægt er að gista á. Nú er hjer einnig um að ræða einhvern hinn fegursta stað á landinu og mjög merkan í sögunni, sem er Þjórsárdalurinn. Sjer þar enn bæjarrústir eftir hina fornu bygð. Fjöldi manna hefir hug á að komast þangað, en alt

strandar á því, að þeir geta ekki fengið gistingu, svo sæmileg sje. Þegar ferðafólk kemur aftur eftir 18 stunda ferð ofan úr dalnum, þykist það hafa fulla þörf á góðum móttökum og það vill ekki leggja upp með óvissu um að geta fengið þær.

Að því er snertir útlendinga, þá eigum við líka að vinna að því, eins og margar aðrar þjóðir gera, til dæmis Norðmenn, að hæna þá að landinu og fá þá til að heimsækja það og skilja hjer eftir meira og minna af fje sínu. Nú er allmikið gert að því að fara upp í Arnarfell hið mikla og skoða þar óbygðir, og ætti það heldur að styðja að því, ef ferðamönnum væri sjeð fyrir góðum hvíldarstað.

Jeg verð að endurtaka það, að jeg er hissa á hv. þm. Borgf., að þora ekki að fara fram á styrk til þessa bónda, sem hann mintist á. Mjer finst hann þó skilja vel, hvað fátækir bændur hafa erfiða aðstöðu til að taka á móti gestum. Jeg get lofað hv. þm. Borgf. því að fylgja honum að málum, ef hann skyldi fá kjark til að bera fram styrkveitingu til hjálpar þessu býli, sem mun vera Gilstreymi í Lundarreykjadal.

Hannes Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nál. samgmn. með fyrirvara. Vil jeg skýra frá, í hverju hann liggur, og er þar fljótt frá að segja, að jeg er samþykkur nefndinni um þá fjárupphæð, sem hún leggur til, að verði varið til styrktar flóabátunum, en jeg lít svo á, að skifting styrksins á milli þeirra sje ekki að öllu leyti rjett. Vil jeg þá sjerstaklega minnast á Flateyjarbátinn og Djúpbátinn; jeg álít, að þeir hafi meiri styrk en rjett væri í hlutfalli við aðra. Þetta vil jeg aðeins láta koma fram í umræðunum.

Hvað það snertir, sem segir í nál., að rjettast væri að telja til útgjalda póstmálanna um 30 þús. kr., sem ganga til nokkurra báta, en telja það ekki með þessum styrk, þá álít jeg, að það sje mjög vafasamt. Það, sem helst mælir með þessari skiftingu, er, að með því mundi nánara aðgreindur í landsreikningunum kostnaður vegna póstmálanna og flóabátanna. En á hitt er að líta, að með því fyrirkomulagi, sem nú er haft, er hægra um alt eftirlit með því, að ekki sje misskift heildarstyrk til þessara báta. Auk þess get jeg ekki sagt um, hvort þessi upphæð, sem hjer er nefnd, sje sennileg eða ekki; jeg get vel búist við, að hún sje óþarflega há.

Af þeim tveim bátum, sem jeg nefndi, vil jeg þó sjerstaklega taka það fram um Flateyjarbátinn, að styrkur hans hækkaði geysimikið á síðasta ári frá því, sem áður var, og jeg hefi ekki fundið neina skynsamlega ástæðu til þess.

En hvað Skaftfelling snertir, þá finst mjer hans upphæð það minsta, og hefði jeg því gjarnan viljað láta hann hafa sömu fjárveitingu og áður. Jeg hefi sjeð reikninga hans fyrir síðastliðið ár, og eftir þeirri útkomu, sem þeir reikningar sýna, þá er afkoma hans mjög slæm, en ferðir hans eru á hinn bóginn mjög nauðsynlegar og ómögulegt að komast af án þeirra. Auðvitað má segja slíkt hið sama um hina bátana, en það er þó kannske fremur hægt að komast af án þeirra. Þessar ferðir Skaftfellings eru að mínu áliti helst strandferðir, og væri því rjettast að draga hann hjer út úr

og hafa hann með strandferðum, eða sem sjer stakan lið í fjárlögunum.

Jeg hefi ekki getað sjeð það neinstaðar, hvað þessir flóabátar hafa mikinn styrk frá sýslufjelögum þeim, sem hjer eiga hlut að máli. Virðist sjálfsagt, að þau styrki slíkar ferðir, og þyrfti að koma þar á meira samræmi en jeg hygg, að nú eigi sjer stað.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta; jeg vildi aðeins skýra frá því, í hverju fyrirvari minn liggur.

Benedikt Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer að segja fáein orð í sambandi við nál. samgmn.

Þessu nál. var útbýtt á fundi í dag, svo að hv. deildarmenn hafa haft mjög lítinn tíma til að átta sig á þeim tillögum, sem hv. nefnd leggur fram.

Jeg mun nú ekki hlutast til um tillögur hennar að öðru leyti en því, sem við kemur mínu hjeraði.

Undir 13. lið er talinn „Eyjafjarðarbátur, með 3 viðkomum í Grímsey, enda sigli hann og til Húsavíkur og Skagafjarðar".

Ef þetta ætti að vera endanleg tillaga, sem þingið ætti að fallast á, þá gæti jeg alls ekki samþykt hana, því að gagnvart mínu hjeraði er svo til hagað, að það er alveg afskorið með þessari tillögu. Það hefir altaf verið ákveðið, að Eyjafjarðarbátur skyldi ganga um Norður-Þingeyjarsýslu, til Þórshafnar og jafnvel að Skálum. Þess vegna kom mjer það mjög á óvart, þegar jeg sá, að hann átti aðeins að ganga til Húsavíkur. En þetta kann að vera af því, að það sjeu ókunnugir menn, sem nefndina skipa (**JAJ:** Nei.), og vil jeg benda þeim á, að Húsavík er ekki á Langanesi, heldur vestan við Tjörnes.

Jeg hefi hjer áætlun bátsins, sem fór þessar ferðir í fyrra, og mun vera í ráði að semja við þann sama bát aftur, en það er mótorbáturinn „Unnur", og þegar jeg aðgæti ferðirnar árið sem leið, þá sje jeg, að hann hefir farið 6 ferðir til Norður-Þingeyjarsýslu á tímabilinu frá 25. maí fram til 9. september, en þar á móti gengur báturinn til Skagafjarðar alla mánuði ársins, og sömuleiðis til Húsavíkur.

Nú mun jeg ekki vera svo kröfuharður að heimta það, að báturinn gangi vetrarmánuðina til Norður-Þingeyjarsýslu, því að það er um langan veg að sækja. En jeg verð að gera þá kröfu, að báturinn komi við á þeim sömu höfnum og verið hefir undanfarið ár. Jeg æski ekki annars en að ferðum bátsins verði hagað nokkurnveginn á sama hátt og áður. Þó verð jeg að bæta því við, að jeg hefi fengið ósk um það frá mönnum vestanvert við Þistilfjörð, sem eiga langt til kaupstaðar, að báturinn komi svo sem þrisvar á sumri í Viðarvík, sem er vestanvert við Þistilfjörð innanverðan. Þangað koma engin skip, en á hinn bóginn lítill krókur að koma þar við fyrir þau skip, er fara milli Raufarhafnar og Þórshafnar. Jeg vildi því óska þess, að nefndin gengi svo frá málinu, að báturinn kæmi við á þessum stað þrem sinnum á sumri að minsta kosti.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja um þetta og býst við, að hv. nefnd taki þessu vel og ráði hjer bætur á,

svo að af misskilningi einum saman verði ekki svo illa frá gengið, að heil sýsla missi þess, sem hún hefir áður haft; jeg er viss um, að það er ekki tilgangur nefndarinnar.

Hvað það snertir, að styrkur til þessara báta hafi verið lækkaður að því leyti, að póststjórnin sje hætt að heimila fje til þeirra, þá þykir mjer sú ráðstöfun ekki skynsamleg nje sanngjarnleg.

Það lækkar að vísu útgjöld til póstmálanna, en þó er jeg ekki viss um, að rjett sje að haga því svo. Menn mega ekki láta það villa sig, þótt styrkurinn til þessa báts sje nokkuð hár, því að hann sparar mjög póstferðir á landi. Báturinn gengur einnig alla leið vestur á Skaga; ekki aðeins til Skagafjarðar, eins og í nál. segir. Vil jeg mælast til þess, að styrkurinn til hans verði ekki lækkaður.

Þá á jeg brtt. á þskj. 435, I, við 12. gr. 9, um 2000 kr. styrk til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar. Hjer er farið fram á, að tekin sje upp samskonar fjárveiting þeirri, sem samþykt var á Alþingi í fyrra. Þessi læknir sendi þá rækilega umsókn, og eftir nákvæma athugun þótti Alþingi sjálfsagt að verða við óskum hans. Þá voru honum ekki aðeins veittar þessar 2 þús. kr., heldur jafnframt gefnir eftir vextir af viðlagasjóðsláni, er hann hafði fengið til lækningastofunnar. Nú hefir þetta hvorttveggja verið felt niður af fjárlagafrv. hæstv. stjórnar, og veit jeg eigi gerla, hvað veldur. Sennilega hefir henni virst þetta óþarft, en fyrst þingið fjellst á að hjálpa lækninum svo vel í fyrra, getur það ekki gert minna nú en brtt. mín fer fram á. Í fyrra hafði hann eindregin meðmæli landlæknis og bæjarlæknis með umsókn sinni, og eru um það ástæður allar óbreyttar. Þá vil jeg og geta þess, að á þessum lækni hvílir sú skyldukvöð að kenna sína fræðigrein við læknadeild háskólans. Þótt hann geri læknana að vísu ekki sjerfræðinga í nuddlækningum, gefur hann þeim þó skilning á þeirri íþrótt, svo að þeir geta leiðbeint fólki því, er til þeirra leitar úti um landið, um hvort það eigi að fara til Reykjavíkur eða annað og leita sjer lækninga hjá sjerfróðum mönnum. — Vænti jeg, að hv. þd. sje ljóst, að nokkuð hart er farið að þessum lækni, ef nú á að fella niður með öllu styrk þann, er hann hefir í gildandi fjárlögum. Veit jeg, að það mælist illa fyrir, og hefi jeg því leyft mjer að bera fram brtt. þessa.

Jeg er viðriðinn nokkrar fleiri brtt. ásamt öðrum hv. þdm., en þeir munu málavöxtum kunnugri en jeg og munu tala fyrir þeim till. Aðeins vil jeg mæla eindregið með till. um styrk til húsabóta á Ásólfsstöðum. Það kemur langferðamönnum oft illa, sem koma af öræfum, er bæirnir eru svo illa hýstir og hrörlegir, að ekki er þar gisting að fá, og mikil skapraun gestrisnum sæmdarmönnum, er þar búa, að geta ekki sýnt gestum sínum þá rausn, sem höfðingsskap þeirra er samboðin.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Það er ekki af venjunni brugðið, þótt samgmn. fái nokkrar hnútur. Það er alvanalegt, einkum þegar hún vill eitthvað gera til þess að draga úr kostnaðinum. Þá finna menn best þörfina, sem alstaðar er fyrir flóa-

bátaferðir. En annars heyrast oft raddir um það, að þær sjeu ekki svo nauðsynlegar og að vel mætti bæta þær upp með öðru, að miklu eða öllu leyti.

Hv. þm. Borgf. (PO) byrjaði með að vísu hógværum ákúrum til nefndarinnar og taldi víst, að ekki fengist lækkaður styrkurinn til bátanna frá því, sem nú er. En samgmn. áleit, að með minkandi útgerðarkostnaði ætti að minka styrkurinn frá því opinbera. Það skal að vísu játað, að hingað til hafa styrkirnir verið svo litlir, að ýmsir flóabátanna hafa verið í sífeldri fjárþröng. Hv. þm. talaði um ósamræmi í lækkununum. Það er rjett, að þar kennir nokkurs ósamræmis, en varla verður mjer fyrir mitt leyti borin á brýn hlutdrægni eða hreppapólitík í því efni, þar sem Djúpbáturinn, er næstur stendur mínu kjördæmi, er færður mest niður. Lækkunin á honum er 3000 kr. Við aðra báta nemur lækkunin í flestum tilfellum 5—10%, nema til Hornafjarðarbátsins. Úr því hjeraði berast sífeldar kvartanir um samgönguleysi, og vildi nefndin sýna hjeraðsbúum velvild með því að láta styrkinn standa í stað. Lagarfljótsbáturinn stendur og í stað eftir till. samgmn. En til þeirra ferða var fyrir skömmu keyptur nýr bátur og betri en hinn fyrri. Þess ber og að gæta, að vörur þær, sem flytjast eiga með honum, verður fyrst að flytja alllanga leið á landi, og eykur það mjög kostnaðinn. — Styrkur til Flateyjarbátsins er lagt til, að lækki um 1000 kr. Hv. þm. Borgf. hefir litið skakt á þetta atriði, er hann taldi, að þessi styrkur væri að till. nefndarinnar óbreyttur. Auk þess, sem sá bátur á að hafa á hendi ferðir um Austur-Barðastrandarsýslu, er honum ætlað að annast siglingu til vesturhluta Dalasýslu, með viðkomum í Salthólma og Skarðsvík, þegar hann hefir tíma til. Þess má og minnast, að í þessum ferðum var áður ljelegur bátur, sem aðeins sigldi milli Flateyjar og Barðastrandar. En 1926 var keyptur nýr bátur, sem fullnægir betur þörfum hjeraðsins. Var áreiðanlega í það ráðist meðfram eða eingöngu vegna loforðs um aukinn styrk.

Þessu næst talaði hv. þm. um Borgarnesbátinn og hjelt, að það mundi draga úr þeim notum, sem Borgfirðingar og Breiðfirðingar hafa af honum, ef styrkur til hans væri lækkaður. En það er nú komið á daginn, að í ár hefir verið samið við forráðamenn þessa báts um að halda uppi ferðunum, einmitt fyrir þá upphæð, er samgmn. leggur til, 31500 kr. Þó á hann að fara einni ferð fleira til Breiðafjarðar en áður. Þetta sýnir, að þegar útgerðarkostnaðurinn lækkar, má jafnframt lækka styrkinn. — Jeg get, út af orðum hv. þm., skýrt frá því, að Hvalfjarðarbáturinn hefir sent skýrslu um ferðir sínar og áætlanir. Er ljóst, að hann gerir mikið gagn. En það er í samræmi við annað, að styrkur til hans er lækkaður um 10%. — Styrkir til Rauðasandsbáts og Mýrabáts eru svo litlir, að ekki þótti tiltækilegt að sníða af þeim.

Hv. þm. V.-Sk. (LH) mæltist til þess við nefndina, að styrkur til „Skaftfellings“ yrði feldur niður af flóabátastyrknum og settur á strandferðirnar. En eins og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) tók fram, er þessi bátur einstakra manna eign og hjeraðsbúar einir ráða áætlunum hans. Hann er

því háður alveg sömu reglum og aðrir flóabátar, og því ekki ástæða til að taka hann einan út úr. Það er auðvitað rjett, að ekki er hægt að gera alveg fastar áætlanir um ferðir þessa báts, vegna hafnleysisins austur þar, en einmitt af þessum orsökum getur báturinn síður talist strandferðaskip. Enda siglir hann víðar en austur í Skaftafellssýslur. Jeg hefi t. d. sjeð hann í flutningaferð vestur á Ísafirði. Er ekkert nema gott um það að segja, að flóabátarnir afli sjer þannig nokkurra aukatekna á þennan hátt, því langt er frá því, að ríkissjóðsstyrkurinn ásamt fargjöldum og farmgjöldum nægi til að sjá útgerðinni borgið. Það má fullyrða um bátana alment, að fjárhagur þeirra er þröngur.

Það var eðlilegt, að háttv. 4. þm. Reykv. fyndi til þess, að lítið liggur fyrir samgmn. um þessar ferðir. Fæstir bátarnir senda skýrslu fyr en seint og síðar meir, — sumir aldrei. T. d. fæst ekki stafur frá Eyjafjarðarbátnum um það, hvað hann aðhefst. Þó hefir nefndin á fyrri þingum lagt áherslu á að fá þá skýrslu. Fyrir síðastl. ár hafa aðeins borist skýrslur frá 4 bátum: Borgarnesbátnum, „Skaftfellingi", Hvalfjarðarbátnum og Djúpbátnum. En það er alveg sýnilegt, að erfitt er fyrir þá, sem ekki hafa fylgst með þessum málum árum saman, að átta sig á, hvernig skifta beri styrknum, þegar lítil gögn liggja fyrir.

Hv. þm. V.-Húnv. (HJ) þótti styrkirnir til Flateyjarbátsins og Djúpbátsins vera sjerstaklega háir. En menn verða að muna, að Flateyjarbáturinn er eina samgöngubótin, sem Austur-Barðastrandarsýsla nýtur. Þar koma engin strandferðaskip og þar eru engir þjóðvegir. Svipað má segja um Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar eru engir þjóðvegir eða aðrar samgöngubætur á landi, og auk Djúpbátsins engar samgöngubætur á sjó, nema „Esja" kemur stöku sinnum í Bolungarvík. Samt er þetta ein af stærstu og fjölmennustu sýslum í landinu. Hjer stendur og svo á, að þótt styrkurinn væri lækkaður á þessum stað, gæti það ekki orðið til neins sparnaðar, því að þá yrði póstsjóður að halda uppi ferðum. Báturinn hefir nokkrar viðkomur í Vestur-Ísafjarðarsýslu; væri ekki hátt áætlað, að hann fengi 3 þús. kr. fyrir þær, og 10—12 þús. kr. má ætla honum fyrir póstferðirnar. Þegar þetta er dregið frá styrkupphæðinni, sjá menn, að ekki er mikið eftir til samgöngubóta fyrir heila sýslu. Síst getur það talist mikið, þegar í engri sýslu landsins eru jafnörðugar samgöngur, nema í Austur-Barðastrandarsýslu einni.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) saknaði upptalningar á viðkomustöðum Eyjafjarðarbátsins. En þetta stafar af þeim eðlilegu ástæðum, að aldrei hefir komið nokkur stafur frá aðstandendum þess báts. Nefndin hefir alls ekki sjeð áætlanir bátsins, og gat því illa vitað um ferðir hans til Norður-Þingeyjarsýslu. En það er skýrt tekið fram í nál., að styrkirnir eru bundnir því skilyrði til allra bátanna, að ferðir verði ekki færri nje farkostir lakari en síðasta ár. Þetta virðist mjer, að ætti að nægja til þess að tryggja ferðir bátsins til Norður-Þingeyjarsýslu. Enda er engin leið að telja upp alla viðkomustaði bátanna í nál. Samgmn.-menn eru því samþykkir, að báturinn hafi viðkomur á Kópaskeri og Raufarhöfn, og taki jafnvel upp viðkomu á

Þistilfirði, og það þegar á þessu ári. Annars hefir ekki enn tekist að ná samkomulagi við Eyjafjarðarbátinn um ferðir hans á þessu ári. Stafar það af því, að í fjárlögum fyrir 1928 er ekki gert ráð fyrir nema 6 þús. króna styrk til bátsins. En þar sem póststjórnin hefir nú felt niður styrk til bátsins vegna póstferðanna, er nauðugur einn kostur að greiða honum aukinn flóabátastyrk úr ríkissjóði.

Annars er ekki til þess ætlast, að altaf sje farið *nákvæmlega* eftir þeim tillögum, sem í nál. eru nefndar, heldur verður að greiða það, sem nauðsyn krefur, ef um óhjákvæmilegar ferðir er að ræða, en það telur nefndin vera um allar þær bátaferðir, er í nál. greinir.

Eftir því sem jeg fjekk upplýsingar um í dag, sparar Eyjafjarðarbáturinn póstsjóði um 8500 kr. útgjöld. Því að auk þess sem hann hefir með höndum póstferðir um Eyjafjörð, heldur hann jafnframt uppi póstferðum milli Siglufjarðar og Kolkuóss. Sparar hann landpósta á þessu svæði og á að rjettu lagi að fá þóknun fyrir það úr póstsjóði.

En það er bæði erfitt og dýrt fyrir bátana að vera bundnir við póstferðirnar. Þær falla sjaldnast saman við aðrar þarfir hjeraðanna.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um álit nefndarinnar.

Magnús Guðmundsson: hv. frsm. samgmn. (JAJ) kvartaði yfir því, að lítið lægi fyrir af reikningum og skýrslum flóabátanna. En jeg get frætt hv. þm. á því, að reikningar bátanna eru ætíð heimtaðir af þeim, þegar samið er við þá, því þó þeim sje ætlaður ákveðinn styrkur, þá er venjulega farið eftir því, hvað þeir þurfa mikið til þess að geta haldið uppi ferðum. Þannig hefir það t. d. verið með Borgarnesbátinn o. fl. Það er vitanlegt, að fjelag það, sem heldur úti Borgarnesbátnum, er mjög illa stætt, og hefir því styrkurinn til þess ætíð verið miðaður við það, að fjelagið gæti haldið áfram. Og hafi eitthvað átt að draga úr þeirri upphæð, þá hefir viðkvæðið verið: Ef við fáum þetta ekki, verðum við að hætta að halda uppi ferðum. Á þennan hátt er stóllinn oft settur fyrir dyrnar, þegar um óhjákvæmilegar ferðir er að ræða. Þá er það einnig Djúpbáturinn, sem altaf hefir verið illa stæður. Af honum hafa altaf verið heimtaðir reikningar hans. Skaftfellingur hefir stundum sýnt sína reikninga oft á ári, en það hefir stafað af því, að hann hefir verið svo illa stæður, að hann hefir þurft að fá fyrirframgreiðslur. Aðferðin við Hornafjarðarbátinn hefir verið sú, að sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefir verið afhent fjeð, og hefir hún svo ráðstafað því, og fæ jeg ekki sjeð, að önnur aðferð sje þar betri. Hvað Rangárvallasýsluferðirnar frá útlöndum snertir, þá hefir þar verið um að ræða hreinan „akkorðs"-samning við Eimskipafjelag Íslands. En eftir því sem Eimskipafjelagið hefir tjáð mjer, hefir það tapað talsvert miklu á þessum ferðum. Um Hvalfjarðarbátinn hafa venjulega verið gerðir samningar um ákveðinn ferðafjölda fyrir hinn ákveðna styrk, en reikninga hefir ekki verið krafist, af því að ekki hefir þótt ástæða til þess. Við Eyjafjarðarbátinn

hefir líka verið gerður „akkorðs"-samningur, og hefir aðferðin verið sú, að eigendur hans sendu áætlun sína til stjórnarráðsins og tækju svo þær ferðir, sem stjórnin óskaði eftir, inn í áætlun sína. Annars er ekkert á móti því, að heimtað verði, að hann sýni reikninga sína. Að hann á að fá hærri styrk núna en áætlað var í fjárl. í fyrra, stafar af því, að þegar fjárl. voru til meðferðar í fyrra, var ekki kunnugt um annað en að hann hjeldi áfram þeim styrk, er hann hafði úr póstsjóði.

Jeg vona nú, að hv. frsm. samgmn. sjái af þessu, sem jeg hefi sagt, að það er ekki rjett, að lítið liggi fyrir af reikningum flóabátanna.

Jeg get tekið undir með hv. 1. þm. N.-M. (HStef), er hann sagði, að þetta væri í raun og veru alt strandferðir og því væri sá styrkur, er bátarnir fengju í þessu skyni, rjettast settur undir þann lið fjárl., sem ætlaður er til strandferða. En vitanlega skiftir það ekki máli, hvort póstflutningar þeir, er bátarnir annast, eru greiddir beint úr póstsjóði eða ekki. En ef það er gert við einn, þá er sjálfsagt að gera það við alla.

Um Ísafjarðarbátinn er það að segja, að honum hefir undanfarið ekki verið ætlað fje af þeirri upphæð, sem varið er til póstflutninga. Það var að vísu svo allra fyrst, en svo var því breytt. Það er því ekki nema í samræmi við þetta, að hækka hefir orðið styrkinn til Eyjafjarðarbátsins, þar sem af honum var tekinn sá styrkur, er hann hafði til póstflutninga.

Jeg vil benda á, eins og jeg mun hafa gert áður hjer á þingi, að það er ekki rjett að birta í opinberu nál., hvað ætlast er til, að hver einstakur bátur fái. Þetta gerir stjórninni miklu erfiðara fyrir, er hún semur við hina einstöku báta. Hlutaðeigendur segja þá: Þetta vildi samgmn., að við fengjum. Og þó það sje óþarflega hátt, vilja þeir fá það fyrir því, en sje það of lágt, segja þeir: Við getum ekki rekið bátinn með svo litlum styrk; við verðum að fá hann hærri. — Þetta alt gerir aðstöðu stjórnarinnar mjög örðuga, og því held jeg, að miklu rjettara væri, að samgmn. gæfi ekki út neitt nál. um þetta, en sendi stjórninni tillögur sínar. Jeg hefi áður bent á þessa leið og vonast til, að menn sjái, að hún er sú heppilegasta í þessum efnum.

Annars verður þessi liður altaf áætlunarliður, og gerir ekki mikið til, hvort þar munar 1 eða 2 þús. Bátana verður að styrkja, svo þeir geti haldið ferðum uppi, því án þeirra verður alls ekki komist af. Og það er alveg ástæðulaust af nefndinni að vera að klípa af einstökum bátum 500 kr. eða svo, því það verður hvort sem er altaf samningsatriði við stjórnina. Að síðustu vona jeg, að samningar takist með Eyjafjarðarbátinn og við hann verður að hækka. Og ef hv. þm. vilja fara í gegnum umr. um það mál frá í fyrra, þá munu þeir sjá, að honum hefir verið ætlaður lægri styrkur en hægt er að komast af með. En það stafaði af þeirri ástæðu, sem jeg hefi áður nefnt.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer ásamt fleirum þm. till. um, að veittar verði 1500 kr., og til vara 1000 kr., til Unnar Vilhjálmsdóttur kenslukonu til þess að leita sjer lækninga við

taugaveiklun. Hún var fyrst skólastýra á Vopnafirði, fór síðan til Akureyrar og kendi þar um hríð og gat sjer góðan orðstír. Svo varð hún fyrir því óhappi að fá mislinga og upp úr þeim þessa taugaveiklun, sem hefir gert henni ómögulegt að gegna störfum sínum. Fyrir ári síðan fór hún til Svíþjóðar til þess að leita sjer heilsubótar og dvelur þar nú í heilsuhæli. Læknar þar telja, að henni muni geta batnað, ef hún geti dvalið þar á annað ár, því þó batinn fari sjer hægt, þá sje hann þó öruggur.

Nú er efnum þessarar konu svo háttað, að ef hún fær ekki styrk, verður hún að hverfa strax heim. En það hljóta allir að sjá, hvílík hætta það er fyrir taugaveiklaða konu að fara undan læknishendi áður en batinn er fenginn. Mjög líklegt, að það verði til þess, að hún fái aldrei bata. Þörfin er því skýr, en upphæðin hverfandi lítil. Styrkur sá, sem hún fær úr lífeyrissjóði barnakennara, er svo lítill, að hann kemur að litlu gagni. Þessi fjárveiting verður ugglaust ekki langvarandi.

Vona jeg svo, að hv. deild samþykki þetta og skal jeg geta þess, að vart mun koma aftur til fjárveitingar í þessu skyni.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf að svara hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) nokkrum orðum út af því, að þeir veittust töluvert að mjer, vegna þess að jeg sagði, að nær væri að styrkja þá menn til að koma sjer upp sæmilegum húsakynnum, sem byggju við fjallvegi, heldur en þá, er yrðu fyrir átroðningi af skemtiferðafólki um hásumarið. Virtust þeir hneykslast mjög á því, að jeg skyldi leyfa mjer að gagnrýna skoðun þeirra á þessu máli. Hv. 2. þm. G.-K. vildi halda því fram, að það væri ekki svo mikil þörf á því að hafa stór húsakynni á þeim bæjum, sem væru við fjallvegi, því þó þar bæri mann að garði, þá væri þar aldrei nema um einn og einn að ræða og kæmi mjög sjaldan fyrir, að taka þyrfti á móti mörgum í senn. En jeg vil leyfa mjer að segja hv. þm. það, að bæði á þessum stað og mörgum öðrum, sem við fjallvegi eru, er það alltítt, að marga beri að garði í einu, og ekki ósjaldan, að þeir sjeu þá bæði blautir og kaldir og yfirleitt illa til reika. Verður þá heimilisfólkið að sætta sig við að ganga úr rúmi og vaka oft og tíðum alla nóttina við að þurka vosklæðin, svo gestirnir geti fengið klæði sín þur og þrifuð daginn eftir. Svona er nú ástandið. Háttv. þm. var í þessu sambandi að tala um það, að nauðsynlegt væri að byggja yfir íslenska þjóðarsómann. Jeg held hann ætti þá fyrst að snúa sjer að því að líta eitthvað eftir sæluhúsunum íslensku, sem eiga að vera athvarf manna, sem bæði eru blautir og kaldir, eins og oft vill verða á ferðalögum hjer á landi á vetrinn. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. þm. hafi ferðast það mikið, að hann þekki sæluhúsin og viti, hve vistleg þau eru og hve mikil þægindi þau hafa að bjóða. Þar veitti áreiðanlega ekki af að gera þjóðarsómanum hærra undir höfði. — Nei, það er nú eitthvað annað en að það sje verið að hugsa um það. En þegar farið er fram á að byggja yfir fólk, sem bregður sjer upp í sveit-

irnar á sumrin til þess að skemta sjer, — jú, það er sjálfsagt, því það er svo nauðsynlegt, að þetta fólk, sem baðar sig í sólskininu og sveitasælunni allan daginn, eigi athvarf í góðu gistihúsi að þessu dagsverki loknu! Þarna á að byggja yfir þjóðarsómann!! Og jeg verð að segja það, að af því að mjer finst, að þessi hugsunarháttur eigi sjer oftlega alt of djúpar rætur hjer í þinginu, þá þorði jeg ekki að bera fram lítilsháttar beiðni um styrk til húsabóta, sem sennilega hefði í sárfáum tilfellum orðið skemtiferðafólki að liði, — heldur hröktum langferðamönnum. Og jeg held, þó að hv. 3. þm. Reykv. hjeti mjer sinni góðu aðstoð, þá muni þetta eiga sjer of djúpar rætur hjer til þess að hún dugi.

Hv. 3. þm. Reykv. var líka að tala um það, hvað nauðsynlegt væri að geta hýst og tekið á móti skemtiferðafólki, og talaði í því sambandi um fornmenjar og náttúrufegurð af mikilli hrifningu. Jafnframt skýrði hann frá því, hvað það væri mikilsvert og hvílíkur búhnykkur það væri og hvílíkt silki þjóðin gæti spunnið úr því að laða til sín ferðamenn, og gat þess, hvað gert væri t. d. í Noregi til þess. En hjer er alt öðruvísi ástatt. Þar er það svo, að hótel er við hótel, en hjer er ekki um slíkt að ræða. Þessir ferðamenn mundu ekki gera annað hjer en að valda töfum og truflunum um mesta annatímann, þegar öllum ríður lífið á að afla sem mestra heyja, svo jeg hygg mjög vafasamt, hversu mikla aukningu á þjóðarauðnum það mundi hafa í för með sjer, þó fleiri væru teygðir hingað. Svo er það ekki fleira, sem jeg þarf að svara þessum þm.

Þá vildi jeg segja fáein orð út af ræðum tveggja hv. þm. úr samgmn. Um aðra er nú svo farið að vísu, að sú till., sem hún fjallaði um, hefir verið tekin aftur, svo ekki er ástæða til að fara frekar út í það. En hitt var það, er hv. þm. V.-Húnv. (HJ) var að tala um, að rjett væri að áskilja, að þau hjeruð, sem nytu styrks til bátaferða, legðu fram fje á móti ríkissjóðstillaginu. En þetta er fjárhagslega alveg sama; því eftir því sem styrkurinn er hærri, eru far- og farmgjöldin lægri, og svo þvert á móti. Svo þetta kemur alveg í sama stað niður. Þá skal jeg og benda á það í sambandi við það, sem sami hv. þm. sagði til varnar því, að styrkurinn til Lagarfljótsbátsins var ekki lækkaður, nefnilega að báturinn væri nýr, að jeg held, að hann hafi fengið ríflegan styrk úr ríkissjóði árið 1926 eða '27, að upphæð 5 þús. kr., að því er mig minnir, og stóð sú styrkveiting einmitt eitthvað í sambandi við það, að kaupa ætti nýjan bát eða nýja vjel í bátinn. Jeg held, að jeg muni þetta rjett, en annars þori jeg ekki að fullyrða þetta, því jeg hefi ekki slegið því upp.

Jeg þarf svo ekki að tala frekar um þetta, því jeg býst við, að hvað snertir þá báta, er við koma mínu kjördæmi, þá hafi stjórnin óbundnar hendur til þess að veita þeim nauðsynlegan styrk úr ríkissjóði, þó þessi till. verði samþ. Líka skal jeg geta þess, að lækkun á styrk til Borgarnesbátsins gæti orðið þess valdandi, að hann yrði að fara færri ferðir, og mundi það þá bitna á Breiðafjarðarferðunum.

Sigurður Eggerz: Jeg get vel skilið, að sú nefnd, sem átti að gera till. um

styrk til flóabátanna, hafi átt örðugt með að gera svo öllum líkaði, og skal jeg því alls ekki deila um það við hana. En jeg vil leyfa mjer að snúa mjer til hæstv. stj. og leggja mikla áherslu á það, hvaða þýðingu það hefir fyrir Dalamenn, að Borgfirðingar fái nægilegan styrk til báts síns. Undir honum eru nefnilega samgöngurnar vestur í Dali komnar. Samgöngur á landi vestur í Dalasýslu eru svo slæmar, að nauðsynlegt er að styrkja bátaferðir ríflega vestur þangað. Jeg hygg, að rjettast sje að láta bátsstyrkinn halda sjer, því að þó að nú hafi verið samið um 7—9 ferðir, ber þess að gæta, að þörf er á fleiri ferðum.

Jeg vil eindregið styðja tilmæli hv. þm. Borgf. um, að stj. taki til greina óskir hans um, að nægilegt fje verði veitt til þessara ferða. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg vil aðeins, vegna þekkingar minnar á högum Vestur-Skaftafellssýslu, taka undir með hv. þm. þeirrar sýslu um það, að nauðsynlegt sje, að „Skaftfellingur" fái ríflegan styrk. Jeg var í 6 ár sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu og kyntist örðugleikunum þar á sviði samgöngumálanna. Þá var byrjað að tala um byggingu þessa báts, og hann hefir sannarlega gert mikið gagn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hafði ekki ætlað að tala nú, en það hafa komið fram nokkur ummæli út af áliti samgmn., sem jeg ætla að víkja að síðar. En úr því að jeg stóð upp, skal jeg geta þess um þær till., sem nú liggja fyrir, að þeim er svo farið, að mjög er erfitt að gera upp á milli þeirra. Í flestum tilfellum hafa hv. flm. töluvert til síns máls. En þar sem till. eru fram komnar, geri jeg ráð fyrir, að hv. flm. þeirra sjeu staðráðnir í því að styðja að því, að tekjuaukafrv. nái fram að ganga. Það er ekkert vit í því að ætlast til, að till. verði samþ., nema um leið sje sjeð fyrir því, að það fje, sem til þarf, sje fyrir hendi. Jeg skal geta þess, að þó að svo fari, að meira eða minna af þessum till. nái samþykki, læt jeg það afskiftalítið, því að það kemur fyrst til álita, þegar fjárlögin koma til umr. í hv. Ed., hvernig hin endanlegu úrslit verða. Verði mistök á þeim tekjuaukafrv., sem fyrir liggja, mun jeg gera alt, sem í mínu valdi stendur, til þess að útrýma þeim tekjuhalla, sem verða kann á fjárlögunum. Vænti jeg því, að hv. dm. skilji, að ekki er enn útsjeð um forlög hinna ýmsu liða á fjárlögunum.

Þá ætla jeg að minnast ofurlítið á samgöngumálin. — Mjer finst gæta ósamræmis í nál., þar sem ákveðið er þrengra svæði en verið hefir, sem Eyjafjarðarbátnum er ætlað að fara um, en hinsvegar stendur á öðrum stað, að styrkurinn sje veittur með því skilyrði, að ferðirnar sjeu þær sömu og áður. Hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir bent á það, að óheppilegt sje, ef till. háttv. nefndar um afmarkað svæði, sem bátnum sje ætlað að fara um, sje tekin bókstaflega, því að einmitt í Norður-Þingeyjarsýslu er þörfin allra brýnust, þar sem hún er vegalaus og hefir litlar samgöngur á sjó. Það kann að vera, að þessu megi breyta í Ed., en svo óheppilega vill

til, að fyrir liggja tvennskonar tillögur frá báðum deildum, sem ekki er fult samræmi á milli. Hinsvegar er óhjákvæmilegt að binda ekki ferðir bátsins við afmarkað svæði, eins og nál. gerir.

Í þessu sambandi er rjett að minnast á, að það má heita furðulegt, að yfirpóstmeistari hefir tekið upp þá aðferð að draga til baka styrk, sem þessum báti hefir verið greiddur að undanförnu úr póstsjóði. Það er þegar búið að skýra það nægilega hjer, hve mikið hefir sparast á póstferðum á landi með þessum ferðum sjóleiðina. Að fella niður þann styrk þýðir ekki annað en að fá betri útkomu á póstreikningunum. Það má segja, að það sje að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. En þar sem samgmn. bæði fyr og nú hafa stefnt að því takmarki að einskorða styrkinn við 100 þús. kr., er erfitt við það að eiga, eins og allir sjá, þar sem einmitt hafa komið til sögunnar nýjar fjárveitingar, eins og til dæmis til Flateyjarbáts. Jeg hygg, að við megum ekki láta okkur vaxa í augum, þó að styrkurinn fari fram úr þeirri venjulegu upphæð, því að það sparast þá á öðrum liðum. En á því er enginn vafi, að póstmeistari gæti fallist á, að samskonar styrkur væri lagður fram eins og verið hefir, beinlínis af pósttekjunum. En Norður-Þingeyjarsýsla má ekki verða útundan. Það er atriði, sem jeg álít, að þurfi að athuga, þar sem upplýst er, að samningar hafi enn ekki tekist um Norðurlandsferðirnar, einmitt af þessari ástæðu. En eins og orðið er áliðið tímans, má ekki lengur dragast að kippa því í lag, hvort styrkurinn skuli greiddur úr póstsjóði eða í fjárlögunum. Jeg verð að segja, að mjer finst það furðu sæta, ef samgmn. getur ekki fengið þau skjöl frá undanfarandi árum, sem nauðsynleg eru, áætlanir og reikninga. Jeg skal ekkert um segja, hve mikið hún hefir gert til þess, en jeg skil ekki annað en að takast megi að fá skjölin. Það er orðið svo langt um liðið frá áramótum, að mönnum er engin vorkunn að hafa gert upp reikningana og staðið reikningsskap á gerðum sínum á liðnu ári.

Jeg vænti þess, að hv. samgmn. sjái um, að þetta ósamræmi verði lagað, úr því að þessi tregða frá yfirstjórn póstmálanna hefir valdið því, að samningar hafa ekki náðst um Norðurlandsbátinn. Annars gæti þetta orsakað glundroða í framtíðinni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefir verið rætt mikið um nál. samgmn., en af því að jeg er við það riðinn, ætla jeg að segja nokkur orð. Aðalgagnrýning hv. 1. þm. Skagf. (MG) beindist að því, að slíkar kröfur, sem fram hafa komið, sjeu ekki rjettmætar. Áður en jeg fer inn á það, skal jeg taka það fram, að jeg get verið hv. þm. sammála um, að það sje rjettasta fyrirkomulagið, að stjórnin hafi úthlutunarrjett á styrknum. Hún er því kunnugust, hvar þarfirnar eru mestar. Hinsvegar get jeg fallist á, að óþarfi sje að krefjast þess af samgmn., að hún búti styrkinn milli hinna einstöku umsækjenda. En þessi hluti fjárlaganna liggur nú fyrir og það er verkefni nefndarinnar að segja, hvort henni þykir þetta nóg eða ekki. En til þess að geta skapað sjer rjetta hugmynd, hafa nefndarmenn ekkert að byggja á, ef ekki liggja fyrir skýrsl-

ur um hag, rekstur, flutninga- og fargjöld og áætlanir bátanna. Annars er alt, sem nefndin gerir, fálm út í loftið. Við tveir, sem erum nýir hjer á þingi og höfum aldrei í samgmn. setið, höfðum ekkert að byggja á. Við hugsuðum sem svo: Ef við viljum fara sem næst því, sem stjórnin vill, hvað eigum við þá að gera? Ef við viljum fylgja nefndinni og fara eftir gömlum siðvenjum, höfum við ekkert að byggja á. Þetta kemur bersýnilega í ljós hjá hinum margumtalaða Eyjafjarðarbát. Þar hefir óviljandi verið nefnd Húsavík í staðinn fyrir Þórshöfn, af því að ekki er einu sinni til áætlun um, hvaða svæði báturinn á að annast.

Um hina smærri báta þarf jeg ekki að tala. En jeg get ekki mælt með því, að til gufuskipa eins og Suðurlands leggi ríkissjóður fram 30 þús. kr. án þess að nokkur vissa sje um það, hvernig fyrirtækið er rekið. Það mun þó ekki tilætlunin, að ríkissjóður greiði hluthöfum þess skips arð. Um Djúpbátinn hefi jeg ekki annað fyrir mjer en það, sem hv. þm. N.-Ísf. (J-AJ) sagði, að hagur hans sje slæmur; við höfum ekkert annað að byggja á en hans eigin orð, og hann mun vera einn af eigendum þess báts. Jeg hefi því skrifað undir nál. með fyrirvara og tek því enga ábyrgð á till. nefndarinnar. Jeg vil helst hallast að till. hæstv. stj. og láta svo kylfu ráða kasti, hvort komast má af með þá upphæð eða ekki.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Um till. nefndarinnar þarf jeg ekki að segja margt. Jeg minnist þess ekki, að beint hafi verið til hennar öðru en þakklæti, og verð jeg að telja henni það til inntekta. En jeg þarf að lýsa afstöðu nefndarinnar til brtt. hv. þm. Mun jeg taka þær í þeirri röð, sem þær eru á þskj. 435. Fyrstu brtt. gat meiri hl. nefndarinnar ekki aðhylst, og leggur því á móti henni. Hv. flm. till. (BSv) fann það til, að lækningastofunni hefði áður verið greiddur styrkur, og þar með hefði hún fengið viðurkenningu fyrir því, að hún væri góðra gjalda verð. Einnig benti hann á, að Jón Kristjánsson læknir hefði haft á hendi kenslu, sem vert væri að borga. En í umsókn læknisins kemur ekkert fram um það atriði. Það hefir eitthvað verið minst á, að læknanemar gætu fengið lánaða lækningastofuna til tilrauna, og það er það, sem háttv. flm. mun eiga við. Hinsvegar leit meiri hl. nefndarinnar svo á, að að lækningastofunni væri mikil aðsókn, en allar lækningaaðgerðir þar borgaðar ærnu verði, svo að miklar líkur eru til, að stofan geti borið sig styrklaust, einkum þegar þess er gætt, að þingið gaf lækninum eftir í fyrra 3—4 ára vexti af 20 þús. kr. og veitti honum auk þess 2000 kr. styrk.

Þá kemur 3. brtt., sem er við 12. gr. 15. d., um 10 þús. kr. til sjúkrahúss í Vestmannaeyjum. Þetta er sama till., sem flutt var við 2. umr., að öðru leyti en því, að upphæðin hefir verið færð niður um helming. Hv. flm. (JJós) tók það fram, að hann hefði þótst færa styrkbeiðnina í það form, sem nefndinni mundi nægja, og vænti þess, að nefndin gæti nú tekið hana til greina. En nefndin getur ekki sjeð, að umsóknin hafi breytst neitt, nema að því leyti, að upphæðin hefir verið færð niður. Öll skjöl og

skilríki, sem fyrir lágu, eru óbreytt frá því, sem var. Bæjarstjórnin hafði sótt um að fá greidd ljóslækningatæki að öllu leyti. En hv. þm. hefir breytt þessu þannig, að hann óskar eftir 10 þús. kr. til spítalans, og er það þriðjungur af því, sem Vestmannaeyingar hafa þegar tekið upp í áætlun sína til spítalans. En um þetta liggur ekkert fyrir. Nefndin efar ekki, að rjett sje frá skýrt, en vill halda fast við þá gömlu reglu, að styrkur sje ekki veittur, nema fyrir liggi ákveðin gögn um kostnað og því um líkt. Nefndinni finst því fremur ástæða til að halda fast við þetta, sem þessi bygging og fyrirkomulag spítalans yfirleitt virðist nokkuð leika á tveim tungum. Fyrir nefndinni lágu upplýsingar, sem komu í mótsögn hver við aðra. Landlæknir upplýsti, að bæjarstjórnin hefði þegið spítalann að gjöf með því skilyrði, að ekki yrði krafist framlags úr ríkissjóði. Þessu hefir hv. þm. neitað og nefndin efar ekki, að hann skýri rjett frá. Hún hefir lagt til að kaupa tækin eftir till. landlæknis, en vill ekki ganga lengra.

Næsta till. er við 12. gr. 15. m., um styrk til manna, er þurfa að fá sjer gervilimi. Brtt. sama efnis var flutt við 2. umr. af sama hv. þm. (JJós), en nú hefir upphæðin verið færð niður. Jeg skal ekki fjölyrða um þessa till. Afstaða nefndarinnar er sú, að hún leggur á móti henni.

Þá er næst 4. brtt., við 12. gr., sem fer fram á styrk til lækningaferðar til útlanda, og næstu 2 brtt. eru sama eðlis, — 4., 5. og 6. brtt. lúta allar að því að veita ákveðnum mönnum styrk til þess að leita sjer lækninga erlendis. Jeg get í einu lagi lýst afstöðu fjvn. til þessara styrkbeiðna allra, og hún er í sem fæstum orðum sú, að meiri hl. nefndarinnar leggur á móti þeim. Það er auðvitað ekkert ánægjulegt að þurfa að daufheyrast við slíkum beiðnum. En meiri hl. lítur svo á, að veikindatilfelli lík þessum geti orðið svo mörg, að ógerlegt sje að leggja út á þá braut, að ríkissjóður greiði einstaklingum lækningakostnað að meira eða minna leyti. Þótt segja megi, að hjer standi sjerstaklega á, þá eru þau tilfelli svo mörg, að erfitt mundi reynast að gera upp á milli, og því hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að mæla með þessum brtt.

Við 13. gr. B. II. a. 1. er brtt. frá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) um 10 þús. kr. hækkun á framlagi til Kjalarnesvegar. Hv. þm. mintist á, að hæstv. stj. hefði lækkað til mikilla muna till. vegamálastjóra, og þótti honum það ekki heppilegt. Jeg ætla ekki að svara fyrir hæstv. stjórn. Hún mun svara fyrir sig. En meiri hl. fjvn. leit svo á, að í samanburði við ýmsar aðrar till. um styrk til vegamála væru þessar 10 þús. kr., sem hæstv. stj. ætlar til þessa vegar, sæmileg upphæð og treystist ekki til þess að mæla með þessari hækkun.

Hv. flm. talaði mikið um þörf þessa vegar. Það er ekki hægt að bera á móti því, að hún er mikil. Það er mikið rjett, að þessum hreppi — mjer skilst það vera einn hreppur, sem um er að ræða — er nauðsynlegt að komast í daglegt samband við Reykjavík vegna afurðasölu. En á það ber að líta, hvaða aðstöðu fleiri hreppar úti um land hafa, og ekki er hægt að bæta úr samgönguþörf þeirra allra til fulls. Jeg vil og minna á, að fyrir

utan veginn, sem hreppsbúum er kappsmál að fá, hafa þeir líka styrk til bátaferða upp í Hvalfjörð, og ætti það að koma þeim að nokkru liði.

8. till. er frá hv. þm. Dal. (SE) um að veita fje til Vesturlandsvegar svonefnds, 10 þús. kr., og til vara 8 þús. kr. Samkv. því, er jeg sagði áður um afstöðu fjvn. til fjárveitinga til verklegra framkvæmda, þar sem nú er fengin nokkurn veginn föst vissa um auknar tekjur, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að varatill. verði samþykt.

10. brtt., frá háttv. 2. þm. Rang. (GunnS) og háttv. þm. Mýr. (BÁ), er um akfæra sýsluvegi, að fjárveiting til þeirra verði 50 þús. í stað 35 þús. kr. Um þessa brtt. get jeg verið fáorður. Meiri hl. fjvn. hafði þegar í stað tekið afstöðu til þessa liðs með brtt. sinni, sem næst er í röðinni (XI), og vill halda sjer við 40 þús. krónur.

Þá er 12. brtt., nýr liður við 13. gr. um 12 þús. kr. til Fjallabaksvegar í Rangárvallasýslu, frá hv. 1. þm. Rang. (EJ) og fleirum. Fyrir nefndinni lágu engar skýrslur nje gögn um veg þennan, og hafði hún því ekki hugmynd um, hverskonar vegur þetta væri. Hjelt hún helst, að það væri hálfgerður öræfavegur. En hv. þm. (EJ) hefir nú upplýst, að þetta er sýsluvegur. Fer þá um veiting til hans sem annara sýsluvega. En mjer skildist á hv. 2. þm. Rang., að vegurinn lægi alla leið austur í Skaftártungu. Ekki getur hann verið sýsluvegur alla þá leið. En það er um afstöðu nefndarinnar að segja, að hún er á móti því, að þessi vegur sje styrktur sjerstaklega. Að svo miklu leyti sem um sýsluveg er að ræða, hlýtur hann að lúta sömu lögum og aðrir samskonar vegir. Og nefndin leggur ekki til, að til hans verði veitt meira fje úr ríkissjóði en lögboðið er.

Hvað það snertir, að hæstv. stjórn og vegamálastjóri hafi lofað þessu tillagi til þessa vegar, þá veit jeg ekki, hvaða heimild hann hefir til þess að ráðstafa fje til vegamála. Hann hefir aðeins tillögurjett í þeim efnum. Umsögn hans vantar, og þar sem þessari brtt. var fyrst útbýtt í dag, hafði fjvn. ekki tækifæri til þess að bera þetta undir vegamálastjóra. En jeg lít svo á, að slíkt loforð, sem hv. þm. (EJ) hermir upp á hann (þ. e. vegamálastjóra), sje alls ekki bindandi.

13. till. á sama þskj. (435) er frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), um 2000 kr. til vegar um sandgræðslusvæðið í Bolungarvík, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Mjer skilst af ræðu háttv. flm. í dag, að ekki sje ástæða til að segja margt um þessa brtt. Þessi vegur hlýtur að skoðast sem sýsluvegur, og er þá sjálfsagt hægt að fá helming kostnaðar við hann af því fje, sem ætlað er til sýsluvega. Það er að minsta kosti mikil von til, að viðkomendur geti fengið hinn umbeðna styrk þannig. Ekki kannske þegar allan í einu, en hann hlýtur þó að fást. — Nefndin er því einhuga um, að ekki komi til mála að samþykkja till., og leggur á móti henni.

14. brtt. á sama þskj., frá hv. 1. þm. Árn. (JörB), fer fram á að hækka um 100 kr. lítilsháttar styrk til ferju á Hrosshyl í Þjórsá. Þetta er örsmá upphæð, sem ekki er ástæða til þess að eyða mörgum orðum að. Meiri hluti nefndarinnar sá ekki fram komnar

neinar þær upplýsingar, sem sýndu, að nauðsynlegt væri að breyta þessum lið.

Þá er 15. brtt., frá háttv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), um 800 kr. styrk til Ólafs Sveinssonar vitavarðar til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita. Nefndin er á móti þessu. Hún telur ekki rjett að veita fje til sjerstakra vega svo að segja út í loftið. Hjer mun vera um hreppaveg eða sýsluveg að ræða. Nefndin vildi ekki leggja með þessum styrk án þess vegamálastjóri mælti með honum. Bar hún því styrkbeiðnina undir vegamálastjóra, og sá hann sjer ekki fært að mæla með henni.

16. brtt. á sama þskj. er flutt af þremur hv. þm. og fer fram á 4000 kr. styrk til Páls Stefánssonar, bónda á Ásólfsstöðum, til þess að reisa gistihús. Nefndin hefir að vísu óbundnar hendur um þessa till., en meiri hl. er á móti henni. Taldi hann það skapa óþægilegt fordæmi, ef veita ætti styrk til bygginga í þessu augnamiði. Tvær eða þrjár sviplíkar beiðnir lágu fyrir fjvn. Þótt hún vildi gera upp á milli þeirra, þá er það ekki svo þægilegt. Það er ekki nema eðlilegt, að fleiri beiðnir slíkar komi úr öllum áttum. Fyrir slík gistihús er mjög mikil þörf víða um land, og væri runnið á vaðið, þættust margir hafa rjett til meiri og minni styrks hjá ríkinu í sama skyni.

Loks er 19. brtt. á sama þskj. um hækkun á fjárframlögum til nýrra símalagninga, frá hv. þm. N.-Ísf. (J-AJ). Álit og till. meiri hl. að leggja á móti þessari breytingu stafa eingöngu af þeirri ástæðu, að hann sá sjer ekki fært að leggja til meiri hækkun en þegar er gerð. Það er alls ekki meining nefndarinnar, að þessi nýja lína, sem brtt. bindur hækkunina við, sje ekki ákjósanleg, heldur hitt, að hún getur ekki lagt til, að meira verði veitt til símalagninga að sinni.

Jeg held jeg hafi þá minst á flestar brtt., er fyrir liggja við þennan kafla fjárlaganna. Hvað snertir till. um styrk til bátaferða, frá hv. samgmn., hefi jeg ekkert að segja frá fjvn. Hún hafði ekki nál. hv. samgmn. í höndum fyr en fundi var slitið.

Brtt. 450, frá hv. þm. Rang. (EJ, GunnS) og háttv. 3. þm. Reykv. (J-Ól), um að veita 10 þús. kr. til vegar yfir Hvolsvöll, var fyrst útbýtt á fundi, og hafði nefndin ekki tíma til þess að taka afstöðu til hennar og hefir því óbundin atkv.

Þá er að síðustu till. á þskj. 454, um að veita starfsmanni ríkisins launauppbót. Nefndin hefir heldur ekki tekið þessa till. til álita, því að henni var fyrst útbýtt á fundi. Hefi jeg því ekkert um hana að segja frá nefndinni. En frá eigin brjósti get jeg sagt það, að jeg tel varhugavert, er endurskoðun launalaganna stendur fyrir dyrum, að fara að taka ákveðna afstöðu um einstaka embættismenn.

Þá hefi jeg minst á till. allar og lýst afstöðu fjvn. til þeirra og læt þar með lokið máli mínu.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að jeg hefði fyrir hönd samgmn. tekið aftur allar till. hennar. Þetta er fjarstæða ein. Hitt sagði jeg, að ekki væri til þess ætlast, að stjórnin væri svo fast bundin við tillögur nefndarinnar, að ekki mætti frá þeim víkja í einstökum tilfellum. Það getur oft komið

fyrir, að grípa verður til hækkunar. Ekkert annað en þetta átti að felast í orðum mínum, er jeg mælti fyrir till. samgmn. um bátaferðir.

Til rökstuðnings þessari skoðun nefndarinnar nægir að benda á eitt dæmi. Djúpbáturinn ætlaði einu sinni að hætta að annast póstferðir á Ísafjarðardjúpi. Stórtap varð á rekstri bátsins — jeg ætla þetta hafi verið 1923 —, svo að þeir, sem gerðu hann út, sáu sjer ekki fært að halda uppi þessum póstferðum lengur. En þá fengust þeir með 1000 kr. viðbót við styrkinn til þess að halda áfram. — Í slíkum tilfellum sem þessu er nauðsynlegt, að stjórnin hafi óbundnar hendur og geti tekið til sinna ráða, ef út af ber.

Það hefir verið kvartað undan því, að orðalagið í nál. um ferðir bátanna væri ónákvæmt. Þetta hefir verið tekið fram bæði af háttv. þm. N.-Þ. og hæstv. fjmrh. Í nál. er beinlínis sagt, að það sje skilyrði fyrir fjárstyrk, að ferðir sjeu ekki strjálli, viðkomustaðir ekki færri og farkostur ekki lakari en undanfarið. Fæstir þessara báta senda ferðaáætlanir og nefndinni er ókunnugt um viðkomustaði þeirra. Stjórninni er sett það í sjálfsvald, hvaða skilyrði hún setur. Þegar þetta, sem jeg fyr taldi, er haft í huga, þá er það fullkomin bending til hennar, hvers hún skal gæta í samningum við bátana.

Einar Jónsson: Jeg vona, að jeg þurfi ekki að tefja umr. mikið. Jeg mun ekki blanda mjer inn í aðrar brtt. en þær, sem jeg er við riðinn. Að þessu sinni eru aðeins tvær brtt., sem nafn mitt stendur við, og hefi jeg áður gert grein fyrir þeim. En jeg er knúður til þess að segja fáein orð út af afstöðu hv. fjvn. til þeirra.

Um brtt. á þskj. 450 hefði jeg helst kosið, að háttv. nefnd hefði verið einhuga. Nú upplýsir hv. frsm. (IngB), að nefndin hafi ekki haft tækifæri til þess að taka afstöðu til hennar

Ef ekki kemur til atkvgr. í kvöld, þá óska jeg eftir, að hv. fjvn. taki hana til athugunar. Þetta hlýt jeg að telja alveg sjálfsagt, eftir því sem vegamálastjóra og atvmrh. hafa farist orð. Jeg vil einnig óska þess, að í hvert skifti og beiðni kemur fram frá Rangæingum um fjárframlög til vegagerðar, að hv. þdm. minnist þess, að Rangæingar eru útilokaðir frá öllum strandferðum, þó sýslan að sjálfsögðu leggi fram sinn skerf, sem aðrar sýslur, til að bera uppi kostnaðinn við strandferðirnar.

Þá er önnur till., sem jeg ber fram, 435,XII., ásamt þeim hv. 1. þm. Skagf. (MG), hv. 2. þm. Rang. (GunnS) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), en það er, að nýr liður bætist við 13. gr. fjárlagafrv., 12000 kr. til Fjallabaksvegar í Rangárvallasýslu. Það er ekki nema sanngjarnt, að jeg skýri það fyrir hv. þdm., hver þessi vegur er, einkum þar sem mjer heyrðist hv. frsm. vera því ókunnugur og hefi orðið þess var frá fleiri hv. þm., að nafn vegarins væri villandi, þó jeg hafi að vísu skýrt frá því áður. Vegur þessi heitir Fjallabaksvegur. Nafnið getur að vísu blekt menn til að halda, að hjer væri eingöngu um fjallveg að ræða. En svo er þó ekki. Vegur þessi liggur frá aðalflutningabrautinni móts við Meiri-

tungu í Holtahreppi og er talinn sýsluvegur að Galtalæk í Landmannahreppi. Fjallvegur er hann svo rjettnefndur þaðan, yfir Landmannaafrjett og austur í Skaftafellssýslu. Þessi sýsluvegarkafli er því tengiliður frá aðalþjóðbrautinni við fjallveginn, sem liggur austur í Skaftafellssýslu. Hann er því mikið notaður af Skaftfellingum og eins af skemtiferðafólki á sumrum, er þar fer um til að skoða Heklu og hina fögru Landsveit. Eins og hann er nú, þá má heita, að hann sje ófær, þrátt fyrir þungt viðhald. Nú má telja það sem loforð frá vegamálastjóra og bæði fyrv. og núv. hæstv. stj., að lagt verði fram fje til viðgerðar á þessum vegi. Vona jeg, að hv. frsm. fjvn. heyri þetta og leggist ekki móti þessari sjálfsögðu sanngirniskröfu, sem ekki er af neinni eigingirni sprottin, heldur fullri þörf. Jeg er líka nærri viss um það, að ef hv. fjvn. hefði kynt sjer þetta mál nógu rækilega, þá hefði hún lagt til, að þessi fjárveiting væri samþykt. Þótt fjvn. geti ekki sint öllum fjárkröfum, þá er nær að bægja frá sjer allskonar bitlingum, og láta þá annað bíða, svo sem letigarðinn og sundhöllina, en veita heldur fjeð til bráðnauðsynlegra framkvæmda á verklegum sviðum. Jeg hefi hjer í höndum brjef frá þeim landskunna heiðursmanni Eyjólfi Guðmundssyni í Hvammi á Landi. Brjef þetta hefir legið hjá vegamálastjóra, og jeg get ásakað mig fyrir það að hafa ekki náð í það fyr og komið því til fjvn. Brjef þetta er nú svo langt, að jeg vil ekki þreyta menn á að lesa það upp, þar sem nú er orðið framorðið, þótt brjefið sje raunar vel þess vert. En með leyfi hæstv. forseta vil jeg þó lesa úr því nokkur orð: „Það er öllum, sem hjer þekkja til, kunnugt, að vegur þessi var í fyrstunni gerður vel akfær og kostnaðurinn við það greiddur úr sýslusjóði og einum fámennum hreppi (þ. e. Landmannahreppi), sem í þann tíma vann það til að gera ca. 20 km. akfæra af þessum vegi, gegn því, að sýslan kostaði þann part af honum, sem liggur í Holtahreppi. Þótti þetta þá rösklega gert af ca. 30 bændum, enda mun það eins dæmi hjer í Rangárvallasýslu, að nokkur einn hreppur hafi lagt á sig önnur eins gjöld í vinnu og peningum til vegagerðar eins og Landmenn lögðu þá á sig". — Af þessu sjest, að Landmenn eru þess fyllilega verðir, að þeir sjeu styrktir, þar sem þeir hafa lagt mjög mikið á sig vegna þessa vegar. Þá skal jeg lesa hjer annan stuttan kafla úr sama brjefi.

„Klemens Jónsson, fyrv. ráðherra og þingmaður Rangæinga, mun hafa komist að þeirri niðurstöðu, að í raun rjettri væri hjer um þjóðveg að ræða, hvað sem nafni á honum liði, og mun hafa flutt frumvarp til laga þess efnis, að hann yrði tekinn í þjóðvegatölu. Þessi rjettláta og sjálfsagða krafa fjekk þó ekki nægilegt fylgi í hinu háa Alþingi, að líkindum, eins og áður er sagt, vegna ókunnugleika þingmanna. En upp úr þessu hafðist þó það, að fyrverandi atvmrh. og samgöngumálaráðherra Magnús Guðmundsson hjet 12 þúsund króna styrk til vegarins 1926".

Þar sem vitnað er til Magnúsar Guðmundssonar ráðherra, þá er frá því að segja, að hann reið eftir þessum vegi sumarið 1926. Sá hann þá með eigin augum þörfina fyrir aðgerð

á veginum og hjet að veita til þess 12 þús. kr. En þessi styrkur var aldrei hirtur. Mun það hafa stafað af því, að oddviti sýslunefndarinnar, sem er að vísu að mörgu leyti gegn maður, áleit, að með hinum nýstofnaða sýsluvegasjóði væri vegamálum sýslunnar komið í svo gott horf, að ekki þyrfti að taka þessa upphæð. Þetta er því í raun og veru endurveiting, en ekki ný krafa. — Þegar bæði vegamálastjóri og ráðherra hafa mælt með þessum styrk, þá skil jeg ekkert í hv. deild, ef hún legst á móti þessum litla styrk. Jeg mun þó ekki verða óvinur neins, þótt svo færi, að styrkur þessi yrði feldur, en mjer þætti það miður.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla ekki að fara að andmæla hv. frsm., þótt hann hafi ekki getað aðhylst þær brtt., er jeg hefi borið fram, og mun því ekki fara fleiri orðum um það. En jeg vildi leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf. um till. mína o. fl. um styrk til Páls á Ásólfsstöðum. Hv. þm. bar þetta saman við heimili á fjallajörð í Borgarfirði, sem jeg þekki vel, sem þyrfti að taka á móti gestum. Jeg veit nú, að þetta er satt, og þyrfti sjálfsagt að rjetta þessum bónda hjálparhönd, svo hann geti tekið á móti gestum. En samt sem áður er umferð miklu minni þarna en í Þjórsárdal. Að vísu er sú umferð mest á sumrin, en eigi að síður koma menn oft hraktir og kaldir úr þessum ferðalögum, og er þá ekki nema á þennan eina bæ að flýja, Ásólfsstaði. Það má nærri geta, hversu þægilegt það er fyrir húsráðendur, sem eru afargestrisnir, að eiga að taka á móti slíkum hópum og hafa ekki nema þröng og ófullkomin húsakynni. Að vísu fer það svo, að gestunum líður þarna framar öllum vonum, vegna hinnar miklu alúðar, sem í það er lögð að láta þeim líða sem best. En nærri má geta, hvort bóndinn, sem er höfðingi í lund, finnur ekki til þess, að geta ekki veitt gestunum þau þægindi, er hann mundi helst kjósa. En slíkt er ekki hægt í litlum og ljelegum húsakynnum.

Eins og jeg tók áður fram, er þarna stöðug umferð, og ekki hvað síst af útlendingum, sem eru að skoða landið og kynna sjer sögu þess og eiga leið um Þjórsárdal. Er ekki vansalaust fyrir land og þjóð, að ekki sje hægt að taka sæmilega á móti þeim á þeim stöðum, sem eru neyddir til að taka á móti þeim. Vona jeg því, að þingið sjái sóma sinn í því að veita þessa litlu fjárhæð og að hv. þm. Borgf. og aðrir hv. þdm. sannfærist um það, að hjer er ekki verið að skapa neitt fordæmi, því óvíða mun standa líkt á og á þessum stað.

Forseti (BSv): Þar sem ekki hafa fleiri kvatt sjer hljóðs, er umr. um þennan kafla fjárlagafrv. lokið. Síðari kaflinn verður tekinn til meðferðar á næsta fundi og þá ræddar brtt. við hann, en atkvgr. um brtt. við báða kafla fer fram í einu lagi að lokinni umr.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 12. mars, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Brtt.

nefndarinnar við þennan kafla fjárlaganna eru ekki margar og eru því fljótskýrðar.

Fyrst er þá XXXI. brtt. á þskj. 435, um að hækka tillagið til unglingaskólanna. Er þetta gert að bón fræðslumálastjóra. Telur hann þurfa að bæta við upphæðina, ef unglingaskólarnir eigi að geta notið þess styrks, er ákveðið hefir verið, að þeir fengju. Hefir nefndin fallist á það.

XXXV. brtt. á þskj. 435 er um það, að hækkaður verði styrkur til kvenfjelagsins Óskar. Hefir kvenfjelag þetta haldið uppi verklegum húsmæðraskóla síðan 1910. Hefir skólanum verið haldið uppi í 4 mánuði á hverjum vetri, kenslugjald hefir verið 75 kr. og skólinn verið sóttur frá Steingrímsfirði til Stykkishólms. Síðastliðinn vetur voru þar 24 nemendur. Skólinn hefir notið 3500 kr. styrks frá því opinbera, en 6500 kr. frá fjelaginu. Nefndin hefir fallist á, að það væri sanngjarnt að hækka styrkinn.

Því næst er XXXIX. brtt., þar sem nefndin leggur til, að veitt verði fje nokkurt til umbóta á Hólakirkju. Kirkjubyggingin er merkileg og forn, bygð árið 1756, og er af sumum talin ein hin merkilegasta bygging þessa lands. En nú hefir hún gengið úr sjer, og ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á henni, hafa valdið skemdum á innra útliti hennar. Nú hefir sú stefna verið tekin upp að endurbæta hana og breyta henni á þann hátt, að hún komist aftur í sitt forna horf. Nefndin lítur svo á, að þetta sje stórþörf ráðstöfun og hefir fallist á að veita 1000 kr. til þessa verks.

Þá leggur nefndin til í XLI. brtt. að veita 1200 kr. til Þorkels Jóhannessonar. Þorkell er að undirbúa rit mikið um atvinnusögu Íslendinga. Í hana vantar ennþá mikilsverðan kafla, en heimilda til hans hefir Þorkell hugsað sjer að safna fyrir þetta fje. Hann ætlar að ferðast um landið, safna örnefnum og skoða rústir og lesa úr þessu sögu atvinnuvega vorra til sjós og sveita. Af þessum brunni má vafalaust ausa miklum fróðleik viðvíkjandi íslenskri atvinnusögu, landbúnaðar-, fiskiveiða- og verslunarsögu. En margt af þessum fróðleik er hætt við að glatist, ef ekki er undinn bráður bugur að rannsóknum. Örnefni gleymast, rústir eru jafnaðar við jörðu. Þorkell fjekk dálítinn styrk síðastl. ár og starfaði í sumar í Þingeyjarsýslu. Gerir hann ráð fyrir að geta lokið starfinu á 10—12 árum. Hann hefir lofað að útvega viðbótarstyrk annarsstaðar að, ef ríkið veitir þennan. — Nefndin lítur svo á, að þetta sje mjög þarft verk og telur nauðsynlegt að sporna við, að örnefni og fornar menjar falli með öllu í gleymsku, en telur hinsvegar ekki fært að rita um atvinnulíf þjóðarinnar án þess að slíkum gögnum sje safnað.

Þá er það XLVIII. brtt. Nefndin leggur til, að veittar sjeu 2000 kr. til dr. Jóns Stefánssonar til mynda í Íslandssögu hans. Dr. Jón hefir undanfarin ár verið að semja Íslandssögu á ensku. Verður hún stærri en nokkur sú Íslandssaga, sem út hefir verið gefin. Aðalábersluna leggur hann á að draga fram þá þætti sögunnar, sem snerta viðskifti Íslendinga og Englendinga. Nefndin telur viðeigandi að veita þennan styrk til að koma í bókina litmyndum nokkrum íslenskum, sem geymdar eru í konunglega bóka-

safninu í Kaupmannahöfn og eru frá 14. öld. Eru þær af búningum, vopnum og ýmsu öðru og gefa góða hugmynd um líf manna á þeim tímum. Þær eru prýðilega gerðar, teiknaðar af Magnúsi Þórhallssyni í Víðidalstungu. Tvívegis áður hefir verið veitt fje til þessarar sögu. Er áreiðanlega ekki of miklu til kostað, því það getur komið landinu að miklu liði, að stór og voldug þjóð, eins og Englendingar, fái þannig tækifæri til að kynnast sögu þess. En nafn dr. Jóns er full trygging fyrir því, að verkið verði svo úr garði gert, að verðlaunavert sje. Þess má og geta, að dr. Páll Eggert Ólason mælir mjög með þessari styrkbeiðni.

Í LVIII. brtt. fer nefndin fram á, að veittur sje 1200 króna styrkur til dýralæknisnáms. Það hefir ekki blásið byrlega fyrir dýralæknunum hjer á þessu þingi; en það má gera ráð fyrir, að þó fallið verði frá að hafa jafnmarga fasta dýralækna og nú eru, þá aukist þó þörf fyrir þá frá því, sem er. Nú eru einungis 4 lærðir dýralæknar hjer á landi, og þar af eru 2 aldraðir. Þurfum við því að vera viðbúnir, ef einhver fjelli frá.

Þá er LX. brtt., og er fyrri liður hennar um styrkveitingu til Sláturfjelags Suðurlands, til að reisa niðursuðuverksmiðju, og ætla jeg til hægðarauka að taka með LXXXI. brtt., um heimild til að lána sama fyrirtæki 70 þús. kr. í sama tilgangi. Fjelagið hefir um nokkurt skeið starfað að niðursuðu og hefir fengið mikla reynslu í því efni. Þeir, sem að fjelaginu standa, eru ekki í vafa um, að niðursuða eigi mikla framtíð fyrir sjer. Það er afar mikilsvert framfaraspor, ef hægt er að gera lakasta hluta kjötsins að góðri verslunarvöru með þessu móti. En ýmislegt úrgangskjöt má nota í kæfu og líka t. d. kjöt af eldra fje, sjóða niður og selja sem kjöt. Því meir sem salan á frosnu kjöti eykst, eftir því verður meiri nauðsyn á að koma slíku kjöti í verð, því eins og kunnugt er, þá selst ekki í Englandi annað en úrvalskjöt frosið. Auk kjötsins hefir verið reynd niðursuða á fiski, laxi og rjúpu. Má einkanlega gera sjer miklar vonir um rjúpuna. Þessi ágæta vara hefir hingað til verið litlu betri verslunarvara en síldin. Með það tvent er eins háttað. Það berst svo mikið á markaðinn í einu, að því verður ekki undan komið. En með því að sjóða hana niður væri hægt að dreifa markaðinum, svo að hún berist ekki öll að í einu; hækkaði það verð hennar og yrði að því mikill tekjuauki. — Sláturfjelagið hefir orðið brautryðjandi í kjötsölunni hjer á Suðurlandi. Það hefir einu sinni áður fengið lán úr viðlagasjóði, 40 þús. kr., og er það nú að fullu borgað. Fyrir fáum árum var stjórninni veitt heimild til að veita því viðlagasjóðslán til að koma upp sútunarverksmiðju. Þetta var aldrei notað, því að þegar farið var að hugsa málið betur, sá fjelagið, að þar var ekki um svo arðvænlegt fyrirtæki að ræða sem búist var við í fyrstu. Sýnir það ljóst, að forgöngumenn fjelagsins flasa ekki að neinu. — Fjelagið fór fram á hærri styrk, en nefndinni þótti ekki annað fært en skera hann niður um helming. Lánsupphæðina hefir hún aftur á móti látið standa eins og fjelagið fór fram á.

Í síðari till. undir sama tölul. leggur nefndin til, að styrkurinn til Sam-

bands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga sje hækkaður úr 4700 kr. upp í 6000 kr. Fjelag þetta starfar að endurlífgun heimilisiðnaðar og vinnur að því af áhuga og krafti. Nefndin hefir átt kost á að kynnast nokkuð starfi fjelagsins, með því að athuga það, sem unnið hefir verið á námsskeiði, sem haldið hefir verið í vetur. Sá hún, að þar hefir verið myndarlega að verið. — Þess skal getið, að beiðni kom frá Hvítárbakkaskóla um styrk í sama skyni. En nefndinni kom saman um að hafa allan styrkinn á sama lið, og getur þá skólinn fengið styrk af því fje, er fjelagið úthlutar.

LXX. brtt., fyrri liður, er um styrkveitingu til innflutnings sauðnauta. Sauðnaut eru okkur að vísu óþekt, en þeir, sem hafa kynt sjer eðli þeirra og lífsskilyrði, gera sjer vonir um, að gagn mikið verði af þeim hjer. Það eru harðgerðar skepnur, sem lifa norður í Grænlandsóbygðum. Vil jeg benda á, að öll okkar húsdýr, hestar, kýr og sauðfjenaður, er kynjað úr suðlægum löndum og heitum. En sauðnautin hafa alist upp og vanist við erfið lífskjör; yrðu þau því ljett á fóðrum. Þau eru að stærð mitt á milli nauta og sauða, spök og eru líkur til, að þau mundu verða mjög meðfærileg. Vigfús Sigurðsson Grænlandsfari hefir sótt um styrk til að flytja þau hingað inn. Nefndin hefir litið svo á, að gera beri einhverjar ráðstafanir til að flytja þau inn, en leggur það hinsvegar á vald stj., á hvaða hátt það verði gert, hvort það verði gert með því að senda menn til að sækja þau, eða þau verði keypt.

Seinni liður þessarar brtt. fer fram á, að veittur verði styrkur til flugnáms. Nú hefir Eggert Vilhjálmsson Briem lokið fyrrihlutaprófi í fluglist. Langar hann til að fullnuma sig enn frekar og taka seinni hlutann líka. En það er dýrt nám; kostar líklega um 10 þús. kr. Nefndin sá sjer ekki fært að mæla með svo háum styrk, en leggur til, að veittar verði 5000 kr. Það er ekki vafi á, að flugferðir komast á hjer á landi innan skamms. Er því mikilsvert fyrir okkur að fara að undirbúa okkur, og virðist sjálfsagt að styðja að því, að íslenskir menn nemi fluglist.

Í LXXVII. brtt. fer nefndin fram á að bæta tveim ljósmæðrum við þann flokk, sem í 18. gr. er talinn.

Þá er það LXXXIX. brtt. Í 23. gr. frv. er heimild til að greiða Sambandi íslenskra samvinnufjelaga halla þann, er verða kann á sölu frysts kjöts. Nefndin leggur það til, að einungis verði greiddur helmingur hallans. Þessi kjötsala er nú komin í það gott horf, að lítil hætta er á, að halli verði nokkur að ráði. Telur nefndin því óhætt að draga úr styrknum.

Í 2. lið a. í sömu brtt. er farið fram á, að stjórnin fái heimild til að ábyrgjast 250 þús. kr. lán til hafnarbryggju á Siglufirði. Þetta er eiginlega einungis tilfærsla. Í hafnarlögunum 1914 er Siglufirði veitt ábyrgð fyrir 150 þús. kr. láni og í fjárlögum árið 1927 120 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. En eins og allir vita, þá hefir verið lítið fje til í viðlagasjóði, og varð það því að samkomulagi að fella lánið niður, en auka ábyrgðarheimildina. Nefndin hefir fallist á þetta og telur sjálfsagt að taka þessu boði.

Í b.-liðnum leggur nefndin til, að stjórninni heimilist að kaupa jörðina

Bakkasel í Öxnadal. Bakkasel stendur uppi í óbygðum og er nauðsynlegt að halda þar bygð við lýði vegna póstferða. Getur það riðið á lífi manna. Nú eru líkur til, að bygð leggist þar niður, ef ekki eru gerðar skjótar ráðstafanir. Akrahreppur á nú jörðina; keypti hana til að ná í afrjettarland. Undanfarið hafa verið veittar 700 kr. til að halda þar uppi bygð, og hefir þó gengið illa að fá menn til að búa þar. En nú eru hús jarðarinnar komin að falli, og er ekki hægt að tryggja þar bygð áfram, nema hið opinbera byggi upp húsin. Fullyrða má, að verð jarðarinnar verði það lágt, að ekki verði veruleg útgjöld að þessu. Nefndin hefir ekki getað sjeð annað en að þetta sje alveg hliðstætt Fornahvammskaupunum og að það verði ekki komist hjá þessu.

Þá hefi jeg farið nokkrum orðum um allar brtt. nefndarinnar við þennan kafla fjárlaganna. En sjálfur á jeg og nokkrar brtt., sem jeg skal mæla nokkuð fyrir.

LXXX. brtt. á þskj. 435 er viðkomandi tryggingum „Mjallar". Svo hagar til, að í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum eru 18 hreppar. En einungis 3—4 þeirra geta notið viðskifta við Mjöll. Þótt fyrirtækið sje þarft og fullkomlega nauðsynlegt að halda því uppi, þá er ekki víst, hvort samþykki beggja sýslunefnda fæst til þessarar ábyrgðar. Er afleitt að láta málið stranda á því, ef fengist gæti önnur ábyrgð jafngóð. Það gæti staðið á einu atkv. í annari sýslunefndinni. Í sýslunefndum er oft reipdráttur og metningur um mál, sem eru minni en þetta. En hjer á hv. Alþingi verður að líta stærri augum á málin og bregða ekki fæti fyrir þjóðþrifafyrirtæki að ástæðulausu. Vona jeg, að hv. deild taki þessa brtt. til greina í því trausti, að stjórnin flani ekki að því að veita lánið nema gegn fullkominni tryggingu.

Þá á jeg ásamt háttv. þm. Borgf. XXXIII. brtt. á sama þskj., um að veita 1000 kr. til aukningar á bókasafni Hvítárbakkaskóla. Er það stórþörf fjárveiting. Hverjum skóla er það nauðsynlegt að hafa gott bókasafn til afnota, og ekki síst þeim skólum, þar sem fræðslunni er svo hagað, að sjálfsnám er aðallega stundað, svo sem er nú á Hvítárbakka.

Að XLII. brtt. á þskj. 435 er jeg aðalflm., en þrír aðrir hv. þm. hafa og gerst meðflm. Er hún um að veita Guðmundi Kamban 2400 kr. styrk. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Kamban; hann er svo kunnur, ekki einungis hjer, heldur og um allan bókmentaheim Norðurlanda. Hann hefir brotist áfram af dugnaði og þeim hæfileikum, að nú er hann kominn í sess helstu rithöfunda Norðurlanda. Hann hefir ritað mörg verk, sögur og sjónleika aðallega. Hafa leikrit hans fengið hina bestu dóma erlendra listdómenda og verið sýnd í öllum helstu leikhúsum Norðurlanda. Kamban er þegar búinn að ná viðurkenningu, og það er ekki lengur þráttað um, að hann er merkilegt skáld. En hann hefir ekki fengið viðurkenningu frá fósturjörðinni. Hann hefir aldrei fengið listamannastyrk, þótt fjöldi manna, sem minna voru verðir, hafi fengið hann. Nú langar hann til að semja skáldrit frá 14. öld. En til þess þarf hann að afla sjer heimilda. Þarf hann að koma upp til þess, bæði til að lesa

hjer í bókasöfnum og eins til að rannsaka sögustaði. Hann hefir nýlega orðið fyrir áfalli nokkru, heilsubilun, og hlotið við það kostnað mikinn. Og ef Alþingi verður ekki við þessari styrkbeiðni, mun hann ekki geta framkvæmt verkið. Jeg álít, að nú sje fyllilega tími til kominn, að hann fái viðurkenningu frá fósturjörðinni, en það verður ekki betur gert en með því að veita þennan styrk umyrðalaust. Jeg get ímyndað mjer, að sumum hv. þm. sárni það, að fara að samþykkja þetta á sama tíma og verið er að skera niður verklegar framkvæmdir. En jeg held líka, að mönnum sje holt að minnast þess, að maðurinn lifir ekki af einu saman brauði, og það hefir verið styrkur þessarar þjóðar, að hún hefir getað litið upp úr askinum við og við. Og í þessu sambandi vil jeg minna á það, að naumast mundu Norðmenn á sínum tíma hafa getað betur varið fje en til þess að styrkja þá Ibsen og Björnson, og fátt orðið þeim meiri álitsauki en verk þessara manna. En þótt jeg ætli ekki að fara að gera neinn samanburð á Kamban og þeim, þá er hjer þó um mann að ræða, sem mjög hefir orðið til sóma bókmentum þessarar þjóðar og haldið nafni þessa lands á lofti meðal erlendra þjóða. Og það er ilt, ef í viðbót við þennan sjúkleika hans verður nú sparkað í hann hjeðan að heiman, því auk þess, sem það mundi gera þetta verk, sem hann hefir með höndum, óframkvæmanlegt, þá mundi það og brjóta niður kjark hans og vonir, þegar hann fyndi slíkan kulda leggja móti sjer hjeðan að heiman, einmitt þegar honum ríður mest á að fá hlýjar kveðjur frá ættjörðu sinni.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi ekki gerst hlutsamur um afgreiðslu fjárlaganna, en er þó dálítið riðinn við þennan kafla, sem nú er til umræðu, þar sem jeg er flm. að 2 till. — Um aðra þeirra mun jeg þó ekki ræða að sinni, því það eftirlæt jeg aðalflm. þeirrar till. En till. sú, er jeg vil minnast á, er á þskj. 435, LXVI, við 16. gr. 39, nýr liður: Til Gunnars Jónssonar, Fossvöllum, styrkur til húsabóta, til að geta veitt ferðamönnum gistingu, 5000 kr.

Hjer hefir nú þegar, við fyrri hl. umræðunnar, verið allmikið rætt um hinar almennu ástæður fyrir slíkum styrkjum sem þessum, í sambandi við aðra samskonar fjárbeiðni. Menn hefir heldur ekki greint á um þörfina, þótt menn hafi greint á um, hvort ætti að sinna slíkum fjárbeiðnum. Jeg mun því ekki ræða um hinar almennu ástæður fyrir þörfinni á slíkum styrkjum, heldur aðeins lýsa staðháttum á þessum stað og hinum sjerstöku ástæðum, en þær eru í stuttu máli þessar.

Þessi bær er á krossgötum við fjölfarna vegi. Hann er við þjóðveginn frá Austfjörðum til Norðurlandsins og er undir Smjörvatnsheiði — þjóðvegurinn liggur þó ekki yfir hana —, sem er ein með lengstu og allra hæstu heiðum hjer á landi og mjög illviðrasöm. Er mönnum því oft þörf á góðri aðhlynningu, er þeir koma af henni. Framhjá þessum bæ liggur líka vegur til Möðrudalsheiðar, ekki þó svo að skilja, að hann standi við heiðina, heldur liggur vegurinn frá og til heiðarinnar, fyrst eftir Jökuldalnum. — Þarna er því vegur í fjórar áttir, auk þess sem bærinn liggur við hina torfærustu heiði, sem áður er sagt.

Þarna er líka símstöð, og sækir að henni stórt svæði, sem eykur umferðina að mun. Verða bæði langferðamenn og símanotendur, sem eru langt að komnir, að gista þarna; auk þess þurfa langferðamenn einatt að fá fylgd og hesta. Bóndinn, sem nú er þarna, er úrræðagóður og hjálpsamur um að útvega hesta og fylgd og margvíslegan beina annan, sem með þarf. Híbýlin, sem voru allgóð á sínum tíma, eru nú nær fallin. Langt er þarna til næstu bæja, að undanteknum einum, en þar eru ekki úrkostir til að taka á móti hinum mikla ferðamannastraum, enda liggur ver við umferðinni. Bóndinn á Fossvöllum er nú orðinn roskinn og er fátækur barnamaður, sem hefir alið upp fjölda barna. Telur hann sig ekki geta bygt upp vegna fátæktar og neyðist því til að leita burt. Er vansjeð, þótt nýr bóndi fengist, að hann yrði fær um að byggja upp, svo nægði til að veita þann beina og aðstoð, sem altaf verður þörf á á þessum stað. Væri mjög bagalegt allri umferð, ef gisting og önnur aðstoð fjelli þarna niður. Þessi till. er því eingöngu borin fram til samgöngubóta, en ekki vegna bóndans sjálfs. Hygg jeg, að ekki sje minni nauðsyn að veita nokkurn fjárstyrk til þessa heldur en til ýmislegs annars, sem í fjárlögum stendur. En jeg skal þó ekki fara út í samanburð á því. Jeg hefi þá gert nokkra grein fyrir þessari till. Vænti jeg þess, að háttv. þdm. samþykki þessa till. mína, ef samskonar till., styrkur til byggingar á Ásólfsstöðum, sem er við fyrri kafla fjárlagafrv., verður samþykt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal vera stuttorður, enda á jeg ekki margar brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Það er þá brtt. á þskj. 450, að lagðar verði fram til vegar yfir Hvolsvöll 10 þús. kr. Þar sem hæstv. atvmrh. hefir tekið vel í það, að þetta verði veitt, ef tekjuaukafrv. verða samþykt, þá tel jeg víst, að þetta fáist. Ástandið nú er það, að þegar rigningar ganga, þá stöðvar þessi kafli algerlega umferð um Suðurlandsundirlendið.

Þá er það LVI. till. á þskj. 435, sem jeg á ásamt hv. 1. þm. Rang. (EJ), um að hækka sandgræðslustyrkinn úr 40 þús. kr. upp í 50 þús. kr. og að 15 þús. kr. af þessu sandgræðslufje sje varið í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti. En á þskj. 458 höfum við lækkað þessa kröfu um 5000 kr. En fyrir sandgræðsluna er bráðnauðsynlegt að fá skýli þarna fyrir frægeymslu, verkfæri o. fl. Það er líka örðugt að halda þarna við girðingum án þess að hafa mann til að líta eftir þeim. Þetta er því sjálfsögð sanngirniskrafa.

Þá er það LXI. till. á sama þskj., að Dýraverndunarfjelaginu verði veittar 1000 kr. Áður stóð í fjárlögum styrkur til þessa fjelags, en fyrv. stjórn feldi hann niður. Tel jeg það illa farið. Slík mannúðarfjelög eru alstaðar annarsstaðar styrkt af opinberu fje. Þetta fjelag hjer hefir mikið gert að því að hvetja menn til að fara vel með skepnur, sem er þýðingarmikið, bæði frá fjárhagslegu og mannúðarsjónarmiði sjeð. Ef landsmönnum hefði verið innrætt þetta fyr á öldum, þá er

jeg viss um, að afkoma landsmanna hefði orðið betri. Það vita allir, hver munur er á afurðum kvalinna og velfóðraðra skepna. Þetta fjelag hefir stofnað hæli fyrir dýr, bæði hunda og hesta, Hefir sveitamönnum, sem hingað ferðast, komið það vel. Þá hefir það og haldið úti blaði. Fjárhagsafkoma þess er ekki góð. Því er farið fram á, að það fái þennan litla styrk. Vona jeg, að hv. deild sjái sóma sinn í að samþykkja hann.

Þá er brtt. XCI á þskj. 435, uppgjöf á láni og endurgreiðsla til Holtavegarins. Það hefir nú verið margsýnt fram á það, að sýslunni var um megn að greiða ⅓ af endurbyggingu Holtavegarins. Þetta hefir stöðvað allar framkvæmdir í vegagerð innansýslu síðan, enda þótt sýslan leggi á sig stórútgjöld í rentur og afborganir á þessu gjaldi. En hún hefir ávalt staðið í skilum með vexti og borgað af láninu. Og þar sem við höfum nú fært þessa upphæð niður um 4 þús., vona jeg, að hugur hv. þdm. verði með þessu. Ef þetta verður samþykt, þá getur sýslan farið að snúa sjer að öðrum nauðsynlegum vegarköflum, svo sem vegi niður að Safamýri, þessu blómlega slægjulandi, en sem er illfært að nú vegna vegarleysis. Sömuleiðis yrði endurbygður Fjallabaksveða Landvegurinn öðru nafni, sem er í mikilli niðurníðslu. Þetta mundi verða gert á næstu árum með hálfu framlagi frá sýslunni, ef þessari ósanngjörnu kröfu um ⅓ framlag til Holtavegarins verður ljett af henni.

Sveinn Ólafsson: Það mun nú tæpast vera fundarfært, ef litið er á tölu þm. þeirra, sem í sætum eru. En af því hv. frsm. og aðrir þeir, er talað hafa, hafa orðið að sætta sig við það að tala yfir tómum stólum, þá verð jeg víst að sætta mig við það líka. (**H-Stef:** Þeir eru ekki allir tómir). Mjög margir eru auðir. Jeg á 3 brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., en átti enga við þann fyrri. Af þessum brtt. er þó ekki nema ein, sem snertir mitt kjördæmi, og er þar ekki um útgjöld að ræða, heldur áhættulausa ábyrgð. Jeg hefði líklega ekki takmarkað mig svo, ef jeg hefði vitað fyrir, að svo margar og stórfeldar útgjaldatill. hefðu verið væntanlegar sem þskj. 435 sýnir. Jeg hefði þá mint á ýmsar óuppfyltar þarfir míns hjeraðs, sem jeg hefi gengið framhjá. Þetta ber þó ekki að skilja svo, að jeg telji, að vel hafi verið sjeð fyrir þörfum þessa hjeraðs undanfarið, nje heldur, að jeg álíti það ekki eins rjetthátt og ýms önnur hjeruð; þvert á móti. Þetta hjerað er eitthvert tekjumesta hjerað landsins fyrir ríkissjóð, og hefir verið svo frá því um 1880, en þó afarlítið fyrir það gert. Jeg þykist því fara hæversklega í sakirnar, þegar jeg ekki krefst eyris framlags með brtt. til hagsbóta fyrir þetta stóra og tekjumikla hjerað.

Þetta er þá orðinn nokkurskonar inngangur að því, sem jeg vildi sjerstaklega sagt hafa. Jeg mun þá víkja nokkrum orðum að brtt. mínum á þskj. 435. Kem jeg þar fyrst að XLVI. lið og fer þess á leit, að til bókaútgáfunnar „Lýðmentunar" á Akureyri verði veittur 1500 kr. styrkur. Á síðasta þingi var líka farið fram á fjárveitingu vegna þessa fjelags, en þá mishepnaðist að koma henni fram. Útgáfufyrirtæki þetta hefir nú starfað um nokkurn tíma og gefið út þrjú al-

þýðleg rit, mjög myndarleg. En sölu á þeim er enn ekki komið lengra en svo, að ekki hefir fengist inn nema sem svarar ⅓ af útgáfukostnaðinum. Það hefir nú ekki gengið greiðlegar en þetta, fremur en vant er hjer á landi. Þessi þrjú rit, sem Lýðmentun hefir gefið út, eru æfisaga Rousseaus, Ferðir Vilhjálms Stefánssonar og Himingeimurinn eftir Ágúst Bjarnason. Þessi rit eru orðin landskunn og útbreidd víða um sveitir landsins, þótt ekki hafi meira komið inn við sölu þeirra en fyr var getið. Nú hefir þetta fjelag á prjónunum nýja bók, sem það mun gefa út í ár; er það æfisaga Gandhis, indverska spekingsins, en auk þess er í undirbúningi útgáfa fleiri bóka. Styrkur sá, sem hjer er farið fram á að veita þessu fjelagi, er ekki nema helmingur þess, er fjelagið óskaði eftir að sjer yrði veitt. En þó svo sje, þá vænti jeg þess, að því mætti verða talsvert lið að því að fá þessa upphæð. Vænti jeg, þar sem svo höglega er stilt til um kröfurnar, að þessu verði vel tekið, og því fremur, sem fjelag þetta hefir ekki notið neins styrks undanfarin ár til bókaútgáfunnar.

Næst er þá að minnast á brtt. LII á sama þskj. Óska jeg þar eftir námsstyrk til Agnars J. Norðfjörðs, til hagfræðináms, 1000 kr. Hann stundar sem stendur nám við háskólann í Kaupmannahöfn. Jeg skal taka það fram um leið, að samskonar styrkir, sem farið er fram á á þessu sama þskj., nema samtals 18200 kr. Hjer er því um marga menn að ræða og þetta ekki nema $^1/_{18}$ af þeirri upphæð allri. — Um þennan mann má þess geta, að hann tók stúdentspróf hjer í Reykjavík á síðastl. vori og fór næstl. sumar utan til náms. Af vangá sótti hann ekki um námsstyrk áður en hann fór og varð því of seinn að leita styrksins þess lögmælda. Þess vegna er þess nú óskað, að þingið veiti honum nokkra úrlausn. Jeg vil hjer um leið minnast þess, að maður þessi varð fyrir því óhappi að fatlast frá námi mjög lengi í 5. og 6. bekk vegna heilsuleysis. Gerði það honum mjög örðugt fyrir um námið. En nú hefir hann yfirstigið þetta heilsuleysi og er fullfrískur. Þessi maður er mjer að vísu lítið kunnur, en mjer eru kunnir foreldrar hans og þekki jeg þau að góðu einu, en veit, að efni þeirra eru mjög takmörkuð. Er því lítils eða einskis styrks að vænta frá þeim til að kosta námið. Eftir því sem jeg veit best, þá er Agnar bæði efnilegur og reglusamur maður og því líklegur til að komast að settu marki, ef stuðningur fæst. Hjer er farið fram á að veita ýmsum styrk, sem áður hafa verið styrktir, og því haldið fram af forsvarsmönnum þeirra, að fyrst og fremst beri að hlynna að þeim. En mjer finst það naumast rjett að setja suma hjá, en láta aðra njóta styrks árum saman.

Þá kem jeg síðast að XCII. brtt. á þskj. 435, við 23. gr. fjárlaganna; þar fer jeg fram á, að ríkið taki ábyrgð á 80 þús. kr. láni til rafveitu í Búðahreppi. Þessi ábyrgðarupphæð — og þó nokkru hærri — hefir tvisvar verið veitt áður, 1921 og 1923, að jeg ætla, en í hvorugt skiftið verið notuð, af því að of dýrt þótti að ráðast í fyrirtækið. Efni og vinna var svo dýr á þeim árum, að óráðlegt

þótti að byggja. Nú eru góðar líkur fyrir því, að lán fáist til þessa, ef ábyrgð ríkissjóðs fæst fyrir því. Enn er ekki að fullu ráðið, hvaða vatnsfall verður notað. Er um tvö að ræða. Annað er í landi, er ríkið á, og hefir fengist leyfi til að nota það. Hitt vatnsfallið rennur um lönd einstakra manna og er álíka langt frá kauptúninu, en líkur eru minni til þess, að það verði notað. Bæði eru þessi vatnsföll, að því er jeg hygg, álitleg til virkjunar fyrir svo sem 400—500 hestafla stöðvar. Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða um þessa till. frekar. Hún er gamall gestur hjer á þingi, sem hv. þm. margir munu kannast við frá fyrri tíð. Og mjer finst hún svo sjálfsögð og eiga svo mikinn rjett á sjer, að jeg ætla ekki að svo komnu að trúa öðru en hún verði samþykt. Hinsvegar legg jeg ekki svo mikið upp úr henni, að jeg ætli að fara að bjóða nein hrossakaup hennar vegna.

Jeg gæti í raun og veru látið máli mínu hjer lokið. En af því að jeg er staðinn upp, finst mjer rjett að víkja nokkrum orðum að till., sem fyrir liggja. Jeg ætla þó hvorki að ámæla einstökum þm. nje heldur slá hv. fjvn. gullhamra fyrir það, sem frá þeim er komið. En jeg get sagt það hreinskilnislega, að jeg er með hvoruga fyllilega ánægður. Auðvitað lítur hver sínum augum á silfrið. Jeg get fylgt mörgum af till. hv. fjvn., en þó ekki undantekningarlaust öllum. En það er eitt, sem jeg hlýt að benda á, og það eru tvennskonar brtt. við 22. og 23. gr. fjárlaganna.

Í 22. gr. standa eins og vant er lánsheimildir úr viðlagasjóði. Að þessu sinni er farið fram á 250 þús. kr. í brtt. umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hinsvegar er við 23. gr. farið fram á eftirgjafir á gömlum lánum úr viðlagasjóði, sem svarar 70 þús. kr.

Jeg fullyrði, að á undanförnum árum hafi kröfurnar um eftirgjöf á lánum úr þessum sjóði farið vaxandi ár frá ári, og þykir mjer það illu spá, ef gengið verður inn á það að taka allar slíkar kröfur til greina. Það getur leitt til þess, að miklu af viðlagasjóðslánum verði breytt í bitlinga. Þegar búið er að veita þessi lán og velta þeim um nokkur ár, stundum með eftirgjöfum vaxta, þá er farið að kvarta um getuleysi til þess að endurgreiða lánið, og niðurstaðan verður sú, að það er gefið upp. Jeg verð að segja það sem mína skoðun, að fullkomin frágangssök er að ganga að flestum þessum kröfum, sem gerðar eru um eftirgjafir, vegna þess fordæmis, er það skapar. Það má gera ráð fyrir, að þessar kröfur vaxi ennþá hröðum fetum, þegar búið er í stórum stíl að opna gáttina fyrir þessum eftirgjafastraum. Og jeg veit, að það verður erfitt að stífla þann straum.

Það er líklega óþarft að fara um þetta fleiri orðum, og mun jeg láta við svo búið sitja. Enda mun ekki rjett að tefja tímann um of, því að margir eiga enn eftir að mæla fyrir sínum brtt. En mjer fanst jeg mega til að hreyfa þessum örfáu varnaðarorðum út af þessu eftirgjafafargani.

Hjeðinn Valdimarsson: Mínar brtt. við fjárlögin eru bæði fáar og lágar. Sú fyrsta er XXVII. á þskj. 435, um styrk handa Oddi Guðjónssyni stúdent, sem tekið hefir fyrir að stunda

hagfræðinám við háskólann í Kiel. Þessi ungi maður er hjeðan úr bænum og lauk stúdentsprófi hjeðan úr mentaskólanum síðastl. vor með hárri einkunn. Hann er talinn efnilegur námsmaður og hefir fengið meðmæli frá prófessorum við háskólann í Kiel, sem hann stundar nám við. Hafa þau legið fyrir hv. fjvn., þótt ekki hafi hún tekið tillit til þeirra frekar en annara námsmanna.

Nú má teljast fulláskipað í öllum fræðigreinum bæði af mönnum, sem þegar hafa lokið námi, og stúdentum, sem eru á leiðinni að ljúka námi. Það sama er hægt að segja um hagfræðina, ef miðað er við ríkisembættin, því að það er í raun og veru ekki nema eitt, hagstofustjóraembættið, er krefst hagfræðimentunar að lögum. En nauðsynlegt er einnig, að aðstoðarmaður hagstofustjóra sje hagfræðingur, svo að þá eru 2 embætti í þessari grein í hagstofunni. Það er þó nauðsynlegt að hafa fleiri menn í hverri fræðigrein en þarf til þess að fylla embættin, og á þetta við hagfræði umfram allar aðrar fræðigreinar. Nóg er til að gera. Það hefir sýnt sig, að þeir, sem hafa lokið prófi í hagfræði, hafa fengið nóg að gera hingað til, og jeg hygg, að frá þjóðfjelagsins sjónarmiði sje það síður en svo þarflaust, þótt þessi ungi efnilegi hagfræðingur væri styrktur til náms. En hann hefir litla von um að fá klofið námskostnaðinn styrklaust.

Þá er brtt. XLVII. Þar er jeg flm. ásamt hv. þm. Mýr. (BÁ). Sú brtt. er um það, að Birni K. Þórólfssyni meistara verði veittur 1500 kr. styrkur til þess að skrá skjöl um íslensk mál í söfnum í Kaupmannahöfn.

Meðal þeirra, sem íslensk fræði stunda, er Björn meistari Þórólfsson kunnur orðinn fyrir áreiðanleik og samviskusemi. Hann hefir reynst hjálplegur þeim, sem fengust við að rannsaka, hvaða skjöl skyldi flytja til Íslands og hver eftir verða. Hefir hann aflað sjer mikillar þekkingar á skjölum, er íslensk mál varða og í söfnum liggja í Kaupmannahöfn. — Meðmæli með þessari styrkveiting fylgja frá Hannesi Þorsteinssyni, Finni Jónssyni, Boga Melsted og Sigfúsi Blöndal. Ljúka þeir allir lofsorði á vísindamannshæfileika hans og hafi hann getið sjer orð sem efnilegur fræðimaður. Þess skal getið, að í ráðhússafninu í Kaupmannahöfn, sem ekki hefir verið rannsakað af íslenskum mönnum, mun vera ýmislegt í skjölum og skrám, er snertir verslunarsögu Íslands. Eins mun vera í ríkisskjalasafninu. Þar mun ýmislegt fólgið, sem enn hefir ekki verið fram dregið í ljós sögunnar. Það er tvímælalaust bráðnauðsynlegt verk að skrá fyllilega íslensk skjöl í söfnum í Kaupmannahöfn, bæði þau, sem þegar eru kunn, og þau, sem enn kunna að felast þar. Minni greiðsla til þess verks en 1500 kr., eða til vara 1000 kr., er ekki frambærileg. En það er of lítið.

Brtt. 435,LXXXV er um eftirgjöf á námslánum. Árið 1924 var samþyktur liður í fjárlögum um 20 þús. kr. til þess að veita íslenskum stúdentum námslán úr viðlagasjóði. Nokkuð margir námsmenn hafa fengið lán af þessu fje. Tveir af þessum mönnum fara þess á leit, að þeir fái eftirgefna kröfu um endurgreiðslu á lánum, sem þeim hafa verið veitt. Annar þessara

tveggja, Brynjólfur Bjarnason, varð veikur á námsárum sínum og gat því ekki lokið námi, og hefir verið og er heilsuveill síðan. Hinn, Finnur Jónsson málari, er að vísu ekki veikur, en mjer er kunnugt um, að hans högum er svo háttað, að ekki er við því að búast, að hann geti greitt lánið.

Þegar þessi lánveitingaheimild til íslenskra stúdenta var samþykt, var ekki búist við því, að lánsfjeð fengist alt aftur. Það var gert ráð fyrir, að talsvert af því mundi tapast. Jeg hygg því rjettara að strika þessar upphæðir út, þar sem ganga má út frá, að lánþegum reynist ekki kleift að standa skil á þeim.

Þá er till. frá mjer og háttv. 1. þm. Reykv. (MJ) um skólagjöld, XXX. liður á sama þskj. Við 2. umr. var feld till. frá okkur jafnaðarmönnum um að fella niður skólagjöld við ríkisskólana. Nú viljum við hv. samþm. minn (MJ) fara fram á að gera þau nokkru sanngjarnari, þannig að í stað 150 kr. komi 10 kr. á mánuði hjá þeim, sem ekki er eftirgefið skólagjaldið; sjeu fleiri nemendur á framfæri sama manns, greiðist 5 kr. fyrir annan, en fyrir þá, sem þar eru fram yfir, greiðist ekkert skólagjald. Með þessu móti lækkar skólagjaldið úr 150 kr. niður í 90 kr. á ári, ef gert er ráð fyrir 9 mánaða kenslu árlega. Við sjáum ekki ástæðu til að færa niður þann tekjulið, sem byggist á skólagjöldunum, fyrir því. Eftir upplýsingum fást yfir 15 þús. kr. jafnvel með þeirri lækkun, sem við förum fram á. En það er sú upphæð, sem fjárlagafrv. reiknar með.

Auk þessarar lækkunar, sem nemur ekki alllitlu, er annað hagræði fólgið í till. okkar, sem sje það, að skólagjöld skuli greidd mánaðarlega, í stað þess, sem nú er, í byrjun hvers skólaárs. Þótt ekki sje hærri upphæð en þetta, eiga margir erfitt með að snara henni út í einu, en geta hinsvegar frekar staðið sig við að greiða 10 kr. mánaðarlega. Það er að vísu nokkru meiri fyrirhöfn við innheimtu skólagjaldanna, sem stafar af mánaðarlegri greiðslu. En ekki munar það svo miklu, að setjandi sje fyrir sig.

Þar sem svo litlu munaði, að nægilegur atkvæðafjöldi fengist með till. um niðurfelling skólagjalda — hún var feld með 15:13 atkv. —, vona jeg, að betur fari fyrir þessari, og þykist jeg vita, að margir hv. þm. muni vilja greiða atkv. með þessari miðlunartillögu, þótt þeir hinsvegar vildu ekki með öllu missa þann tekjulið, er skólagjöldin skapa, þótt lítill sje.

Síðasta brtt. mín, sem jeg þarf að gera grein fyrir, er LXX. á þskj. 435. Hana flytja allir þm. Reykjavíkur. Þar er farið fram á 2000 kr. styrk til Sjúkrasamlags Reykjavíkur til þess að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög. Þessi till. kom fram á þingi í fyrra og var samþ. í Nd., en feld niður aftur í hv. Ed. Sjúkrasamlag Reykjavíkur ætlar sjer að koma á stofn landssamlagi fyrir öll sjúkrasamlög, sem nú starfa. En þau eru 8, önnur en sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem er þeirra öflugast og hefir um 2000 meðlimi. Það er mjög lítið í samanburði við það, sem gerist erlendis, þar sem sjúkrasamlög eru orðin útbreidd. Það er nauðsynlegt, að eitthvað sje gert til útbreiðslu þessarar fjelags-

starfsemi, og það er tilætlunin, að gert sje fyrir þennan styrk. Þeir, sem álíta, að sjúkratryggingar eigi að komast á með venjulegum hætti, frjálsum samtökum án íhlutunar ríkis, eru þess hvetjandi, að gerður verði út einskonar regluboði til þess að vekja áhuga manna í þessu efni og stofna ný sjúkrasamlög. Þessi till. er ekki á neinn hátt kjördæmismál fyrir Reykjavík sjerstaklega, því að einmitt þau hjeruð, sem ekki hafa nú sjúkrasamlag, geta helst á henni grætt. Jeg vil geta þess, að það er einn stór agnúi á því að hafa ekki samband milli samlaganna. Menn, sem eru í sjúkrasamlagi einhversstaðar, flytjast úr einum stað í annan. En þeir geta ekki gengið í það samlag, sem fyrir er á staðnum, nema þeir bíði svo og svo langan tíma til þess að öðlast rjettindi þar. Ef landssamband væri milli allra sjúkrasamlaga, gætu meðlimir þeirra tafarlaust fengið öll sömu rjettindi og í sínu eigin samlagi, hvar svo sem þeir eru staddir, ef þar er sjúkrasamlag fyrir. Tilgangur sjúkrasamlags Reykjavíkur er að koma á slíku landssambandi, samskonar og tíðkast erlendis. En samskonar sambandi yrði síðar komið á milli íslenska landssambandsins og landssambanda Norðurlandaþjóðanna hinna, sem nú hafa slíkt samband sín á milli.

Jeg vona, að háttv. þm. vaxi ekki þessi litla upphæð, 2000 kr., í augum, þegar um svo þarft og sjálfsagt mál er að ræða.

Einar Jónsson: Jeg ætla að minnast á nokkrar brtt., sem jeg er viðriðinn, og þó sjerstaklega eina, sem að vísu er skýrð mjög greinilega í skjali, sem útbýtt hefir verið, en jeg býst tæplega við, að hv. þm. hafi gefið sjer tíma til að lesa, því að skjalið er langt. Það er um fyrirhugaða byggingu á sandgræðslusvæðinu í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Þannig er þetta mál til komið, að á þinginu í fyrra var afgreidd till. um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti og Keldum með rökstuddri dagskrá þess efnis, að það yrði athugað, á hvern hátt ríkissjóði yrði aflað tekna af þessu sandgræðslusvæði eins og þá var. Stjórnin leitaði umsagnar stjórnar Búnaðarfjelags Íslands um það, hver ráð ætti að hafa í þessu efni. Og þetta skjal, sem ekki er tölumerkt, en jeg býst við, að hv. þm. kannist við, þótt jeg ætlist ekki til, að þeir hafi lesið það, er ávöxtur þeirrar málaleitunar.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands leggur það til í þessu skjali, að árið 1929 verði reist bygging á þessu svæði, sem gert er ráð fyrir að kosti 26 þús. kr. Við þm. Rang. þorðum ekki að fara fram á það við þingið að gera ráð fyrir, að reist verði svo dýr bygging. En hinsvegar sáum við, að þótt út í minna væri farið, mundi það samt verða sandgræðslunni mikilsvert.

Þannig hefir verið ástatt undanfarið á sandgræðslusvæðinu, sem menn hafa miklar vonir um, að verði landinu að notum, að þar hefir ekki einu sinni verið hægt að setja inn verkfæri verkamanna; þar hefir ekkert skýli verið af neinu tægi. Það hefir ekki verið hægt að hýsa grasfræ, þegar það ráð var tekið að safna grasfræi á haustin á Reykjum á Skeiðum, heldur verður að flytja það niður á Eyrarbakka, til þess að fá húsrúm fyrir það

yfir veturinn, og flytja það síðan aftur til baka á vorin, þangað sem það er notað. Þetta er bæði óhentugt og kostnaðarsamt. En þótt ekki sje lagt út í eins stóra byggingu og bæði sandgræðsluvörður og búnaðarfjelagsstjórnin álíta hentugast og æskilegast, þá ætti að vera mikil bót að og mætti komast af með minna. Jeg vona, að hv. þm. taki eftir, að við hv. 2. þm. Rang. og jeg höfum borið fram á þskj. 435 till. um 15 þús. kr. veittar í þessu skyni. En við nánari athugun sáum við, að það mundi verða æðimikil bót, þótt ekki fengist meira en 10 þús. kr. Við höfum því borið fram brtt. við þessa till. okkar um að lækka það, sem við förum fram á, niður í 10 þús. kr.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. verði hlyntir þessu, er þeir gæta að nauðsyn þessa máls, og því fremur, ef þeir hefðu tíma til þess að lesa till. Búnaðarfjelags Íslands. Það ætti að vera fljótlegt fyrir þá hv. þm., sem viðstaddir eru, að fletta upp síðustu síðu á þessu skjali og sjá, hvað Búnaðarfjelag Íslands leggur til. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öllu athuguðu leyfum vjer oss að leggja til:

1) að á næsta ári verði reistar hinar umræddu byggingar í Gunnarsholti og til þess áætlaðar kr. 26000,00.
2) að árið 1930 verði reistar hinar umtöluðu byggingar á Stóruvöllum og til þess áætlaðar kr. 18000,00.
3) Þá er byggingar eru fullgerðar í Gunnarsholti og Stóruvöllum, þá verði komið þar upp kúabúi, sem starfrækt sje fyrir fje sandgræðslunnar".

Að þessu athuguðu vona jeg, að okkar hóglegu till. verði vel tekið. Jeg býst við, að margir verði mjer samdóma í því, að svo sje fjárhagnum best varið að verja honum sem mest til verklegra framkvæmda. Að verja stórfje til gamans, ef svo mætti segja, þótt bak við gamanið megi benda á eitthvert gagn, er hjegómi á móti því að verja fjenu til þeirra fyrirtækja, sem kallast verklegar framkvæmdir, svo sem vitar, brýr, símar, vegir o. s. frv., sem fólkið getur alls ekki lifað án. — Annars þýðir ekki að ræða það frekar. Ræður breyta yfirleitt ekki miklu um afstöðu manna, síst þegar fáir eru viðstaddir til að hlusta á þær.

Þá höfum við þm. Rang. í sameiningu borið fram brtt. 435,XCI, um atriði, sem felt var við 2. umr. með 14: 14 atkv. Það háttalag var að okkar áliti svo fjarstætt allri sanngirni, að við getum ekki við unað. Jafnframt því, sem hv. deild fellir eftirgjafar- og endurgreiðslukröfu Rangárvallasýslu, sem fólst í okkar till., samþykkir hún samskonar kröfu frá Árnesinga hálfu um eftirgjöf á láni til Flóavegar þar í sýslu. Það nær ekki nokkurri átt að samþykkja annað og fella hitt, því að jafnt er á komið um hvorttveggja. Höfum við lækkað till. nokkuð, í von um, að hún fái því frekar fundið náð fyrir augum háttv. þm. Um Rangárvallasýslu stendur þannig sjerstaklega á, að hún hefir engin not strandferða. Það mælir því öll sanngirni með því, að hún nyti þeim mun meiri styrks til samgöngubóta landleiðis en aðrar sýslur.

Þá er í þriðja lagi hinn margumtalaði Hvolsvallarvegur, sem jeg meðal annars mintist á fyrir nokkrum dög-

um, og síðast var minst á í dag af hv. samþm. mínum (GunnS). Jeg hefi áður lýst ástandinu á þessum vegarspotta, og skal því ekki fara að endurtaka það nú, sem jeg hefi um hann sagt, en aðeins taka það fram, að þetta er ákvarðað eftir till. vegamálastjóra, svo hægt verði að komast þarna nokkurnveginn hindrunarlaust.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deildarmenn með því að fara að tala um aðrar till., en jeg vænti þess, að þeir sýni till. mínum alla sanngirni.

Bernharð Stefánsson: Jeg flutti enga brtt., þegar fjárlögin voru til 2. umr., og ekki heldur við fyrri hluta þeirra nú. En við síðari hlutann hefi jeg leyft mjer að koma fram með tvær brtt. Þó er ekki nema önnur þeirra til hækkunar; það er XXV. brtt. á þskj. 435, um 1200 kr. styrk til Jóhanns Sveinssonar, til þess að stunda háskólanám í uppeldisfræði. Mjer vitanlega hefir enginn Íslendingur tekið háskólapróf í þessum fræðum. Það má vel vera, að einhverjir hafi stundað nám í fræðum þessum, en það hefir áreiðanlega enginn Íslendingur lokið prófi í þeim.

Jeg vænti þess fastlega, að öllum sje það ljóst, að full þörf sje á, að einhver ungur og efnilegur maður leggi stund á þessi fræði og ljúki prófi í þeim. Hjer á landi eru einmitt tvö embætti, sem sjerstaklega ættu að vera skipuð lærðum uppeldisfræðingum. Á jeg þar við fræðslumálastjóraembættið og kennaraembættið í uppeldisfræði við kennaraskólann. Það stendur nú að vísu svo á, að í fræðslumálastjóraembættinu er ungur maður, og er því að sjálfsögðu óþarfi að fara að sjá honum fyrir eftirmanni; en það stendur öðruvísi á um hitt embættið, sem jeg nefndi. Það skipar nú aldraður maður, sem sje skólastjórinn sjálfur, og má því búast við, að ekki líði á löngu, þangað til þörf verði fyrir færan mann í þessa stöðu.

Þá er á hitt að líta, hvort maður þessi muni vera hæfur til þess að fá styrk í þessu skyni. Þess er þá fyrst að geta, að hann byrjaði nám í kennaraskólanum hjer og lauk þaðan prófi með góðum vitnisburði. Var hann svo við barnakenslu og unglingakenslu um hríð, hvorttveggja með góðum árangri. En hugur hans hefir jafnan staðið til þess að afla sjer frekari þekkingar í uppeldisfræði, og til þess að búa sig ennþá betur undir það, braust hann í að lesa undir stúdentspróf og lauk því á síðastliðnu ári. Stundar hann nú nám við heimspekideild háskólans og býst við að ljúka þar prófi í vor.

Þegar piltur þessi byrjaði að lesa undir stúdentspróf, var hann kominn yfir 20 ára aldur; vildi hann því eðlilega eyða sem stytstum tíma í námið. Gekk hann því undir prófið eftir tiltölulega mjög stuttan námstíma, en var þá svo óheppinn að hafa verið lasinn um skeið, og var það altaf meðan á prófinu stóð. Þessi óhepni hans, að vera lasinn meðan á prófinu stóð, ofan á það, að hafa varið stuttum tíma til námsins, varð þess valdandi, að hann hlaut ekki nema III. einkunn við prófið. En eins og kunnugt er, eru stúdentar með svo lágri einkunn úti-

lokaðir frá að fá hinn almenna stúdentastyrk. Sá hann sjer því ekki til neins að sækja um hann.

Jeg vona nú, að hv. deildarmenn sjeu vaxnir upp úr þeim gamla hleypidómi, að meta verðleika manna eftir prófum þeirra, því að reynslan er margbúin að sýna, að próf manna eru enginn mælikvarði fyrir manngildi þeirra, heldur líti þeir á hitt, að maður þessi hefir fengið mjög góðan undirbúning í þessum fræðum, þar sem hann hefir fyrst og fremst lokið kennaraprófi og auk þess fengist við kenslu um nokkurt skeið, og alstaðar með góðum árangri. Þá skal jeg taka það fram, að sá maður, sem best mun dómhæfur í þessum efnum, sem sje sjera Magnús Helgason skólastjóri, hefir gefið Jóhanni bestu meðmæli. Segir hann þar, að hann telji Jóhann Sveinsson sjerlega vel til þess fallinn að leggja þessi fræði fyrir sig. Meðmæli þessi liggja öllum þm. til sýnis í lestrarsal þingsins.

Af framansögðu vænti jeg, að öllum hv. þdm. sje það ljóst, að það, sem hjer er farið fram á, er ekkert annað en það, að þessi maður njóti jafnrjettis við aðra stúdenta að því er stúdentastyrkinn snertir, þó að hann vegna óhappa næði ekki þeirri einkunn, sem er skilyrði fyrir hinum venjulega stúdentastyrk.

Þá hefi jeg leyft mjer að flytja aðra brtt. á þskj. 435, ásamt háttv. 1. þm. Skagf. (MG). Hún er undir tölul. LXXXIII og fer fram á að veita 40000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að koma upp tunnuverksmiðju á Siglufirði, ef fje er fyrir hendi, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar. Jeg flutti svipaða tillögu á síðasta þingi, nema hvað þá var farið fram á hærri upphæð, og auk þess átti það að vera til þess að endurbæta tunnuverksmiðju á Akureyri.

Jeg get því látið mjer nægja nú að vísa til þeirra ástæðna, sem jeg færði þá fram með því máli.

Það er vitanlegt, að það er eitt hið mesta böl þjóðarinnar, hve arðberandi vinna stendur hjer stuttan tíma úr árinu. Þess vegna er það mikið nauðsynjamál, ef hægt yrði að koma því svo fyrir, að fólk það, sem áður hefir aðeins haft vinnu yfir sumarið, gæti líka fengið vinnu yfir veturinn. Slík iðjugrein sem þessi væri einmitt vel til þess fallin að vera atvinnuvegur á vetrum fyrir það fólk, sem stundar síldarvinnu á sumrin.

Í öðru lagi er á það að líta, hve mikill sparnaður það væri fyrir þjóðina í heild sinni að þurfa ekki að borga út úr landinu öll þau vinnulaun, sem greidd eru fyrir tunnusmíði, og jeg færði einmitt rök fyrir því í fyrra, að væru allar síldartunnur, sem notaðar eru hjer, smíðaðar hjer heima, myndi sparast í vinnulaunum fyrir þjóðina um 700 þús. kr. Jeg vænti því, að menn sjái, að hjer er hið mesta nauðsynjamál á ferðinni, og jafnframt, að það hlýtur að vera áhættulaust að veita stjórninni þessa heimild, sem hjer er farið fram á, því að hún á að meta tryggingarnar, og jeg veit, að hún lætur ekki lánið nema þær sjeu nægilega góðar.

Till. mín í fyrra um þetta efni fjekk sæmilegar undirtektir; hún fjell að vísu hjer í Nd. með 1 atkvæðis mun, en þar sem nú er farið fram á miklu lægri upphæð, vænti jeg, að till. verði samþykt.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, get jeg ekki látið hjá líða að tjá hv. fjvn. þakkir fyrir till. nr. 89 á þskj. 435, a-lið, þar sem farið er fram á að veita stjórninni heimild til þess að taka ábyrgð á alt að 250 þús. kr. láni til hafnarbryggju á Siglufirði. Eins og hv. frsm. (BÁ) tók fram, er hjer ekki um neina nýja kvöð að ræða á hendur ríkissjóði, heldur er þetta aðeins tilfærsla. Annars hefi jeg engu við það að bæta, sem hv. frsm. tók fram; hann skýrði málið vel og rjettilega. En jeg vil aðeins bæta því við, að sumir kaupstaðir aðrir hafa fengið háa styrki til þessara hluta, og er ekki langt á að minnast, er Ísafjarðarkaupstaður fjekk 60 þús. kr. styrk í þessu skyni. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur aðeins lánsheimild. Jeg býst því ekki við, að um mótstöðu gegn till. þessari geti orðið að ræða.

Þá vil jeg ennfremur þakka háttv. fjvn. fyrir b-lið þessarar sömu till., að heimila stjórninni að kaupa jörðina Bakkasel með Gili í Öxnadal, ef viðunandi samningar nást við núverandi eigendur. Er þetta gert til þess að tryggja það, að haldið verði þarna uppi sæmilegum gistingastað fyrir ferðamenn. Sem nákunnugur maður á þessum slóðum get jeg upplýst það, að alt, sem hv. frsm. sagði um þetta mál, var nákvæmlega rjett, og jeg hefi engu við það að bæta, heldur vil jeg tjá honum og nefndinni þakkir fyrir tillöguna.

Lárus Helgason: Jeg á hjer tvær brtt. á þskj. 435. Hin fyrri er undir XXXVI. lið, um 2500 kr. styrk til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Það stendur svo á, að í mörg undanfarin ár hefir verið starfandi kvenfjelag í Vík í Mýrdal og látið mikið eftir sig liggja. Það hefir 5—6 síðastl. ár gengist fyrir handavinnunámsskeiðum þar í þorpinu. Hafa þau staðið yfir í 6 mánuði, en verið tvískift þannig, að hvort þeirra hefir staðið yfir í 3 mánuði, og hafa verið á því 16 námsmeyjar. Fleiri hafa ekki komist að vegna húsnæðisleysis. Nú stendur svo á, að fjelag þetta getur að líkindum fengið gott húsrúm með sæmilegum kjörum; hefir það því hugsað sjer að bæta við námsskeiðin húsmæðrafræðslu, og til þess að það geti orðið, er fjelaginu bráðnauðsynlegt að fá þennan styrk, sem hjer er farið fram á.

Það hlýtur nú öllum að vera skiljanlegt, að þar, sem jafnafskekt er og þarna, er það bráðnauðsynlegt að þurfa ekki að senda unglingana langt í burtu til þess að afla sjer þeirrar fræðslu, sem þeir nauðsynlega þurfa til undirbúnings undir lífið. Það meðal annars er til þess að draga þá frá sveitunum. Hjer er því verið að stíga spor í þá átt að halda fólkinu sem mest kyrru í sveitunum.

Eins og jeg tók fram áðan, hafa námsskeið þessi verið vel sótt, en sökum húsnæðisskorts hefir ekki verið hægt að hafa þar fleiri nemendur í einu en 16. Jeg vænti því, að hv. deildarmenn greiði till. þessari atkv.

Hin till. mín er á sama þskj., undir LXII. lið. Hún fer fram á að veita Álftveringum 1500 kr. styrk til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm. Það hagar svo til þarna, að kvísl þessi rennur norð-

austan við Álftaver, og það er langt síðan farið var að hlaða garða meðfram henni, til þess að verja engjar manna fyrir spjöllum hennar vegna. En svo þegar Katla gaus síðast, hljóp svo mikill vöxtur í kvísl þessa, að hún eyðilagði garðana á stórum köflum og flutti möl og sand á engjar þessara manna. Hafa þeir því bygt garða þessa að nokkru leyti upp aftur og reynt að halda kvíslinni í skefjum, en það hefir orðið þeim svo kostnaðarsamt, að þeir standa í töluverðum skuldum vegna verksins, og þess vegna er farið fram á að fá þennan litla styrk, til þess að ljetta undir með þeim.

Jeg vænti nú, að hv. deildarmenn líti með sanngirni á þetta mál og taki jafnframt tillit til þess, að menn þessir urðu fyrir miklum fjárhagslegum áföllum af Kötlugosinu 1918, svo miklum áföllum, að efnahagur þeirra hefir hvergi nærri rjett sig við ennþá. Jeg þykist nú hafa skýrt þessar till. mínar svo, enda þótt í stórum dráttum sje, að hv. deildarmnn hafi getað áttað sig á þeim, svo að þeir geti greitt atkv. um þær.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á aðeins eina brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. undir LIX. lið á þskj. 435. Jeg verð að segja, að mjer voru það nokkur vonbrigði, að hv. fjvn. skyldi ekki sjá sjer fært að taka upp þennan lið, með því að ef ekki er haldið áfram með að treysta og fullgera viðbót öldubrjótsins í Bolungarvík, getur það, sem þegar hefir verið unnið, orðið að meira eða minna leyti ónýtt. Jeg þykist þó sjá, að hjer hafi valdið nokkru um álit vitamálastjóra, sem mun líta svo á, að ekki hafi verið unnið eins tryggilega og hann hafi ætlast til. Jeg verð í þessu sambandi að hafa hjer nokkurn formála til að skýra fortíð þessa máls.

Það er þá fyrst að geta þess, að jafnan hefir verið mikill ágreiningur milli vitamálastjórnarinnar og hreppsnefndarinnar um fyrirkomulag á byggingu öldubrjótsins í Bolungarvík. Upphaflega var öldubrjóturinn átta metra breiður, en þegar verkfræðingarnir komu til, var framhaldið haft mjórra, og til þess, meðal annars, rekja hjeraðsbúar þau óhöpp, sem orðið hafa. Það er líka svo, að enginn, ekki einn einasti þeirra verkfræðinga, sem hafa haft framkvæmd verksins með höndum, hefir komið til Bolungarvíkur og sjeð, hvílíkan feiknakraft brimið hefir á þessum stað, þegar það fer hamförum. Það hafa líka orðið sífeldar bilanir, og auk þess hafa kostnaðaráætlanir verkfræðinganna farið mjög fram úr áætlun. Þess er því tæplega að vænta, að hjeraðsbúar treysti þeim í blindni. Til þess að nefna aðeins síðasta dæmið, skal jeg geta þess, að árið 1922 var bygð 15 metra löng framlenging og áætlað, að hún mundi kosta 32 þús. kr. En þegar verkinu var lokið, varð kostnaðurinn ekki 32, heldur 58 þús., og þar af varð hreppurinn að greiða 32 þús. og það, sem verra var, að eftir fyrsta stórbrimið var mikið af þessu verki eyðilagt.

Jeg skal ekki fara út í einstök atriði þessa máls, en það er víst, að verkið hefir orðið bæði ríkissjóði og ekki síst hjeraðsbúum dýrara en það hefði þurft að vera. Þessi framlenging frá árinu 1922 hefir altaf verið að bila og árið 1926 varð hreppurinn

að kosta stórfje til viðhalds á henni. Seint á árinu 1926 stóð til boða kaup á steinnökkva nokkrum, og var leitað álits vitamálastjóra og taldi hann það hið mesta þjóðráð að kaupa nökkvann og nota hann við framlengingu öldubrjótsins. Voru kaupin síðan ráðin með einróma samþykki vitamálastjóra. Landsbankinn hljóp undir bagga með hjeraðsbúum um lán, og var nökkvinn keyptur fyrir eitthvað innan við 20 þús. kr.

Nú voru till. vitamálastjóra þær, að steypa skyldi lag innan á nökkvann beggja megin og auk þess skilrúm tvö eða þrjú.

Nú er það svo, að þessir nökkvar, sem eru bygðir á stríðsárunum, eru mjög rambyggilega bygðir, því þeir eru dregnir af öðrum skipum og þurftu því að vera sjerlega sterkir. Þessi skip eru bygð eða steypt á stálgrind mikilli og steypuefnið er granitsteypa, en eins og menn vita, er hún margföld að styrkleika á við venjulega steinsteypu. Hreppsnefndin áleit ekki þörf á að fjölga skilrúmum í nökkvanum og taldi nóg að steypa innan á þá hlið hans, sem snýr að brimáttinni, eins meters þykt lag. — Hreppsnefndin þóttist hafa rekið sig á mikil mistök í framkvæmd verkfræðinganna, og því var það, að hún leyfði sjer að koma fram með till., sem voru nokkuð á aðra lund en till. verkfræðinga, til fjvn. Nd. á síðasta þingi. Till. hreppsnefndarinnar voru á þá leið, eins og jeg hefi áður getið, að steypa innan á aðra hlið nökkvans og ennfremur, að steypt yrðu og varpað út stórum björgum til að hlífa öldubrjótnum fyrir briminu og svo væntanlegum hafís, sem altaf má búast við, að komi þar að landi. Það er alveg víst, að það er ekki svo lítil áreynsla, þegar brimið skellur á garðinn beinan, eins hár og hann nú er, en með því að varpa út af nökkvanum 100—200 8—10 smálesta steinum, skellur brimið á þeim og þeir hlífa við mesta þunganum af briminu.

Hjer í Reykjavík er ekki mikið brim á við það, sem á sjer stað vestra, en jeg sje þó ekki betur en að við hafnargarðana hjer sje varpað niður miklu grjóti til hlífðar garðinum, og jeg er sannfærður um, að í því er miklu meira öryggi en þó garðurinn hjer væri hafður sterkari. Hinsvegar var talið nauðsynlegt að reka niður trjestaura þeim megin við öldubrjótinn, sem skip liggja, til þess að forðast níðslu á garðinum. Hreppsnefndin áleit, að nokkuð mætti að skaðlausu spara af því, sem áætlun vitamálastjóra gerði ráð fyrir. Til dæmis taldi hreppsnefndin augljóst, að óþarft væri að steypa í botn nökkvans, en til þess var áætlað 14 þús. kr. Ófyrirsjáanleg útgjöld fram yfir verkstjórn og þess háttar voru talin 4 þús. kr. En þeir, sem kunnugir eru, telja þetta óþarft.

Jeg get hugsað mjer, að vitamálastjórninni hafi ekki þótt það neitt óánægjulegt að geta bent á missmíði í þessu verki, sem unnið var á síðastl. sumri, því að vitanlega höfðu hjeraðsbúar verið allberorðir og djarforðir um mistök verkfræðinganna.

Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, er það ljóst, að það, sem óumflýjanlegt er að gera, er að varpa niður nógu mörgum 8—12 smálesta þungum steinum við ytri hlið nökkvans, að steypa eins meters þykt lag ofan á nökkvann — þar er nú 8 þuml. þykt lag — og

svo að tengja steinnökkvann tryggilega við öldubrjótinn gamla.

Landsbankinn, sem lánaði fje til kaupa á þessum nökkva, eins og jeg gat um áður, lánaði það með það fyrir augum, að Alþingi stæði við loforð sitt frá síðasta þingi um alls 35 þús. kr. styrk til þessa verks. Það er nú ekki að undra, þótt menn sjeu hræddir um skemdir á þessu mannvirki, þar sem það, sem unnið var 1922, hefir enn skekst til muna og menn telja víst, að ef steinnökkvinn hefði ekki verið settur niður í sumar er leið, þá væri gamli öldubrjóturinn að miklu eyðilagður.

Jeg er sannfærður um, að hreppsnefndin hefði aldrei ráðist í þetta verk, ef ekki hefði verið talið fullvíst, að ríkissjóður legði fram helming kostnaðar, eða 35 þús. kr., til þess að fullgera verkið.

Einn af fyrirrennurum mínum hefir sagt, að hausar og hryggir hafi verið látnir í gamla öldubrjótinn, og hygg jeg, að hægt sje að færa sönnur á, að svo hafi verið gert. Á því átti vitamálastjórnin enga sök, heldur sá maður, sem hún fól forstöðu verksins á þeim tíma. Engan mun því undra, þótt slík hrákasmíð hafi ekki staðist hin geigvænlegu átök Ægis.

Nokkrir verkfræðingar hafa látið það álit sitt í ljós, að þeir óttist, að steinsteypan í nökkvanum muni jetast af sjó. Jeg hefi fyrir nokkru átt tal við norskan mann, sem vissi til, að steinnökkvi af líkri gerð og þessi hafði verið notaður á brimastað í Noregi.

Steinnökkvi þessi hafði verið notaður sem geymsluhús og fyrir báta að leggjast við, og sagði Norðmaðurinn, að þrátt fyrir það, þótt steinnökkvinn hefði staðið þarna lengi og fyrir miklu brimi, sæist hvergi á honum.

Jeg vil einnig leyfa mjer að benda á steinnökkvann á Ísafirði, sem ísrek hefir mætt mjög á, og sjer þó ekki á honum hið minsta. Virðist þessi steypa (granítsteypa) afarsterk. Ef steinnökkvinn er ramlega festur við gamla öldubrjótinn og aldan fellur ekki óbrotin á þennan 57 metra langa og 3 metra háa beina steinvegg, heldur verði varpað 100—200 10 smálesta járnbentum steinsteypusteinum út af austurvegg hans, þá óttast jeg ekki um öryggi hans.

Hreppsfjelagið hefir tekið á sig mjög þunga byrði og allir lagt sitt ítrasta fram til þess að tryggja þetta verk, enda er það í raun og veru eðlilegt. Lífsafkoma hreppsbúa byggist á, að þetta verk reynist vel. Menn eru búnir að sjá þess sorglegan vott, hve mikið þessi verstöð hefir oft orðið að láta af hendi sökum brimlendingarinnar. Jeg held, að það hafi síðast verið 1907, að 7 menn fórust þar í lendingunni, en 8 mönnum tókst að bjarga fyrir áræði og karlmensku þeirra, er að björguninni stóðu. Síðan 1866 munu hafa farist í lendingunni í Bolungarvík um 40 manns. Jeg er hræddur um, að hreppurinn sjái sjer ekki fært að tryggja þetta verk svo sem nauðsynlegt er, ef ríkisvaldið nú kippir að sjer hendinni. Það skal að sjálfsögðu játað, að ríkissjóður hefir hlaupið vel og drengilega undir bagga um þetta verk og altaf verið góður til fjárframlaga, en þó hygg jeg, að víða hafi af ríkisins hálfu meira verið lagt

fram hlutfallslega til lendinga- og hafnabóta, og skal það þó síst eftir talið.

Hitt þætti mjer ekki gott fyrir hreppsbúa og ekki vansalaust löggjafarvaldinu, ef það skildi við þessa hafnarbót hálfgerða. Með 17500 kr. styrk frá ríkissjóði og jöfnu framlagi frá hreppnum álítur hreppsnefnd, að hægt sje að búa um þetta verk alveg örugglega. Að sjálfsögðu geta enn sem fyrr komið fyrir þau óhöpp, að enn þurfi ríkisstyrk, ef svo ólíklega fer, að verkið ekki reynist fullörugt.

Jeg á svo ekki fleiri brtt. á þskj. 435, en út af till. tveggja hv. þm. vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 435, XXXVII, aukastyrkur til Reykjalaugar á Reykjaströnd og Steinstaðalaugar. Jeg tel það vissulega þarft og gott verk að styðja þetta mál, en hv. fjvn. hefir ekki tekið til greina neinar umsóknir, sem fyrir hafa legið í þessu skyni frá öðrum hjeruðum. Jeg hafði sent til hv. fjvn. umsókn frá ungmennafjelagi Bolvíkinga um styrk til þess að fullgera sundlaug þar. Fyrir nokkrum árum var í Bolungarvík bygð sundlaug, en varð ekki fullgerð, og er nú í ráði að ljúka við hana og byggja yfir laugina. Nú má búast við, að sagt verði, að þessi styrkveiting sje ekki þörf, þar sem mjög vönduð sundlaug er í Reykjanesi, og þurfi ekki tvær sundlaugar við Ísafjarðardjúp.

Í Bolungarvík stendur svo á, að ekki er hægt að synda í sjó, sökum þess að þar er nálega altaf brim við land. Ekkert vatn er þar heldur nærri, svo að Bolvíkingar hafa orðið að leiða vatnið úr ánni, og er ráð fyrir gert að hita síðan laugina upp með einskonar miðstöð. Jeg hefi ekki borið fram brtt. við fjárlagafrv. um styrk til þessa verks, en vil spyrja háttv. nefnd, hvort þeim 10 þús. kr., sem ætlaðar eru til sundlaugabygginga í fjárlögum fyrir 1929, sje ráðstafað á annan hátt, eða hvort nefndinni hafi borist beiðnir, sem hún telur sjer skyldara að sinna en beiðni þeirra Bolvíkinga.

Ef svo er ekki, mun jeg snúa mjer til heilbrigðismálaráðuneytisins í þessu skyni og reyna að fá einhvern styrk, sje þessari upphæð ekki þegar ráðstafað.

Magnús Guðmundsson: Á frv. því, er hjer liggur fyrir til umræðu, hefir hæstv. stj. gert þá breytingu, að hún hefir strikað út styrk til íslenskrar orðabókar, en í stað þess sett mann þann, er um það verk átti að annast, í 18. gr. fjárlaganna með 1000 kr. eftirlaun. Þessi maður var á sínum tíma tekinn úr embætti til þess að vinna að þessu verki. Hann er bláfátækur og er hingað kominn til þess að vinna að þessu svo lengi sem heilsa og kraftar leyfa. Jeg var því mótfallinn í byrjun, að á verki þessu væri byrjað með svo litlum kröftum, en úr því þessi maður hefir verið tekinn úr embætti vegna þess, finst mjer ekki rjettlátt að fara nú að svifta hann styrknum. Þar að auki á hann lagalega kröfu til mikils hluta þessara eftirlauna, að minsta kosti 500—600 kr. Jeg hefi að vísu ekki athugað, hve lengi hann hefir þjónað í sínu embætti, en býst þó við, að þetta muni láta nærri, samanborið við aðra presta. Jeg hefi því komið fram með þá brtt. að færa þennan styrk í sama horf og hann áð-

ur var, vegna þess að mjer finst það ósanngjarnt af því, sem á undan er gengið, að svifta hann því fje, er hann þarf til þess að lifa af, enda er mjer ekki kunnugt um, að starfskraftar hans hafi þrotið svo, að hann geti ekki sint þessu starfi sem áður. Jeg sje, að útbýtt er brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (HjV) að setja mann þennan á 3500 kr. eftirlaun, sem mundu að viðbættri dýrtíðaruppbót nema 5000 kr. Verði till. þessi samþ., þykja mjer verk þessa manns vera álitin lítils virði, ef þau vega ekki upp á móti þeim mismun, sem er á brtt. minni og háttv. 2. þm. Reykv., því að verði brtt. hv. 2. þm. Reykv. samþ., er maður þessi ekki skyldugur til að vinna að þessu starfi, þótt hann kunni að halda því áfram sökum þess, hve þetta starf er honum hjartfólgið. Hinsvegar ef fjárveitingin er á sínum gamla stað, er hann skyldugur til þess að vinna að þessu máli.

Þá kem jeg að þeirri brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mintist á, um aukastyrk til Reykjalaugar á Reykjabraut og Steinstaðalaugar.

Svo stendur á um þessar sundlaugar, að þær voru fullgerðar á síðasta ári og njóta því ekki góðs af þeirri hækkun á framlagi til sundlaugabygginga, sem samþ. hefir verið á þessu þingi. Það er því till. okkar hv. þm. V.-Húnv., að þessar laugar verði einskonar milliliðir, þótt það fje, sem farið er fram á, að ríkið veiti, sje ekki nálægt því helmingur kostnaðar, því að önnur laugin mun hafa kostað um 17 þús. kr. og hin 8—9 þús. kr.

Jeg bar þessa till. fram við 2. umr., en tók hana þá aftur, og get jeg vísað til þess, er jeg þá sagði till. til frekari stuðnings. Út af ummælum háttv. þm. N.-Ísf. vil jeg taka það fram, að jeg get ekki sjeð, að sú laug, er hann nefndi, geti fengið styrk af því fje, sem veitt hefir verið til sundlaugabygginga 1929. Jeg hefi aldrei vitað til þess, að fjvn. hafi ráðstafað þessu fje, enda ekki hægt að vita, hvaða laugar verði bygðar á þessu og þessu ári. Annars mun frsm. að sjálfsögðu upplýsa þetta.

Þá er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og það eru allar þessar eftirgjafir á lánveitingum úr viðlagasjóði, sem munu nema um 200 þús. kr. Má eflaust gera ráð fyrir, að eitthvað af þeim verði samþ., þótt það verði ekki allar, en þá virðist mjer vanta gjaldlið í fjárlögin til þess að greiða þessi lán, ef ekki á að láta þau ganga á viðlagasjóð. Mun og hafa verið venja að hafa gjaldlið í fjárlögunum fyrir þessi gjöld, og eru því vantalin þau gjöld, er svara lánum þessum, ef ekki á að ganga á viðlagasjóðinn, svo hann verði uppjetinn eftir nokkur ár.

Vildi jeg biðja hæstv. stjórn eða hv. frsm. að upplýsa þetta atriði.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 435. Hún er þess efnis, að Sigurði Greipssyni í Haukadal verði veittur nokkur styrkur til þess að standast kostnað af íþróttaskóla þeim, er hann bygði þar á síðastl. sumri. Eins og kunnugt er, hefir Sigurður lagt stund á íþróttir bæði hjer og erlendis og hvarvetna getið sjer hinn besta orðstír. Þá hefir hann einnig verið glímukonungur landsins um nokkurra ára skeið. Nú lætur að líkum, að hann er ekki efnaður maður, svo ungur sem hann er og hefir varið

mörgum árum til þess að nema ýmsar íþróttir og ætíð kostað sig sjálfur. Nú á síðastliðnu sumri færðist hann það í fang, sem vera mun efnahag hans ofvaxið, að byggja íþróttaskóla, sem kostaði um 12 þús. kr. Samkvæmt því, sem áður hefir tíðkast um styrki, þykir mjer það sanngjarnt, að ríkið veiti Sigurði nokkurn styrk, eða 3000 kr. — til vara 2500 kr. Sigurður hefir nú starfað í þessum skóla í vetur, og var haldið námsskeið frá veturnóttum til loka janúarmánaðar. Var þá rúm það fullskipað, er hann hafði yfir að ráða, og sóttu 12 manns þetta námskeið. Nú stendur yfir annað námskeið til vors. Jafnframt íþróttakenslunni hefir hann haldið uppi kenslu í bóklegum fræðum og hafði kennara sjer til aðstoðar til þess að annast hana. Alt þetta krefur mikilla fjármuna, og vona jeg, að hv. deild kunni að meta þetta starf, þótt meiri áhersla hafi verið lögð á íþróttakenslsluna, og það því fremur, sem sú stefna virðist vera uppi með þinginu að styrkja þá menn, sem hafa það starf með höndum.

Enn ríkari hvöt ætti að vera hjer til að styrkja þennan mann, þar sem fyrirfram er fengin trygging þess, að hann er prýðilega að sjer ger um marga hluti og hefir góð skilyrði til að kenna, og þar sem hjer er bæði um karlmensku- og drengskaparmann að ræða, þá er jeg ekki í nokkrum vafa um það, að auk þess sem hann getur veitt nemendum sínum góða tilsögn, muni hann einnig hafa góð áhrif á hugsunarhátt þeirra til dáða og drengskapar, og einmitt í þeim efnum ætti að leggja sjerstaka áherslu á kenslu ungra manna, á menningarhliðina.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram, ásamt hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og hv. þm. N.-Þ. (BSv), beiðni um lán til byggingar til handa Páli Stefánssyni, bónda á Ásólfsstöðum, til að reisa gistihús. Hjer er aðeins um lán að ræða. Sá styrkur, sem farið er fram á, að honum verði veittur, hrekkur ærið skamt til þeirra framkvæmda að koma upp sæmilegum híbýlum. Bygging á þessum stað þarf að vera allrúmgóð, og þar sem þarf um langa leið að flytja alt efni til hennar, má nærri geta, hvort það krefur ekki mikilla fjármuna. Og þar sem mjer er ekki kunnugt um, að nokkrir hv. þm. dragi í efa nauðsyn þessarar byggingar, þá vona jeg, að menn sjái, að það er ekki síður nauðsynlegt að styrkja þennan mann með láni til að koma upp slíkri byggingu. Það var við umr. um fyrri kafla fjárlaganna gerð ítarleg grein fyrir allri afstöðu þarna, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það nú.

Loks á jeg eina brtt. á þskj. 450. Hún er þess efnis, að laun aðstoðarmannsins í efnarannsóknarstofunni verði hækkuð upp í 6000 krónur, en til vara 5600 krónur. Hann hefir nú, svo sem kunnugt er, aðeins 4000 kr. Þess skal getið til samanburðar, að aðstoðarmenn hjá vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa hvor um sig 5600 kr. Hann er við þetta starf bundinn, og forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar hefir gefið sitt álit og meðmæli með þessari umsókn og telur starf aðstoðarmannsins alveg bráðnauðsyn-

legt í þágu efnarannsóknarstofunnar. Það hefir einnig mikla þýðingu í þessu máli, að maðurinn getur ekki haft aðra sýslan með höndum, og það lætur nærri, að maður, sem hefir nýlokið námi, hefir fjölskyldu og getur ekki annað starfað vegna annríkis, getur ekki komist af með einar 4000 kr. á ári. Hann hafði sent umsókn til þingsins; sú umsókn hefir legið hjá fjvn., og þótt hún hafi ekki sjeð sjer fært að taka hana upp, þá ætla jeg, að hún muni samt vera því frekar vinveitt, að laun hans verði hækkuð. Aðstoðarmaðurinn getur þess, að ef hann hefði getað haft aukastörf með höndum, þá myndi hann hafa tekið þau að sjer, en slík aukastarfsemi myndi verða til þess að rýra tekjur þeirrar stofnunar, sem hann vinnur við, en hann er ófús til þess. Tel jeg því rjettara að hækka laun hans, svo að hann geti gefið sig allan og óskiftan við starfi í þágu efnarannsóknarstofunnar.

Nú má gera ráð fyrir, að þessi starfsemi aukist allmikið, þar sem mjög hefir aukist rannsókn á fóðurefnum til skepnufóðurs, og eftir því sem jeg veit best til, þá mun Búnaðarfjelagið hafa í hyggju að gera mun meira að slíkum rannsóknum í framtíðinni, auk þess sem búast má við, að rannsókn á matvælum o. fl. aukist, eftir því sem tímar líða. Mjer sýnist því, að það sje annaðhvort að leggja þennan starfa niður, eða gera manninum mögulegt að lifa við þessa sýslan; en forstöðumaður stofunnar hefir látið svo um mælt, að það væri ómögulegt að komast af án þess að hafa aðstoðarmann við þessa stofnun. Jeg skal ennfremur geta þess til samanburðar, að aðstoðarmenn vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa, þegar þeir eru á ferðalögum úti um land, sína dagpeninga, auk þess sem þeir starfa þannig, að þeir eiga hægra með að vinna sjer inn aukatekjur, og þó má gera ráð fyrir, að þeir hafi um 6000 kr. á ári, en þessi aðstoðarmaður hefir aðeins 4000 kr. Þessi greiðsla, fyrir svo mikið starf, er náttúrlega gersamlega ófullnægjandi, og jeg vona, að hv. deild sýni þá sanngirni við manninn, að hún þó að minsta kosti geti fallist á varatillögu mína.

Haraldur Guðmundsson: Jeg vildi að þessu sinni mæla með fjórum smábrtt., sem jeg á á þskj. 435, og einni á þskj. 454.

Það kann nú að vera, að hv. þd. finnist það vera að bera í bakkafullan lækinn að auka á þær beiðnir um námsstyrki, sem aðrir hv. þdm. hafa borið fram hjer í deildinni. En jeg hefi nú samt leyft mjer að gera þetta, því að þrjár af þessum brtt. mínum eru um námsstyrki til ungra, efnilegra manna.

Það er þá fyrst á þskj. 435, brtt. XXIII., styrkur til Gísla Guðmundssonar til að nema rafmagnsfræði í Þýskalandi, 1200 kr. Þessi maður lauk stúdentsprófi í vor með ágætum vitnisburði, en hefir ekki lánast að komast í tölu þeirra stúdenta, sem styrks njóta til náms erlendis, og hefir hann því leyft sjer að sækja um, að þingið veitti honum styrk. Hann les, eins og áður er sagt, rafmagnsfræði, og sjerstaklega um notkun allskonar rafmagnsvjela, en það er mesta nauðsyn á, að menn afli sjer sem fullkomnastrar þekkingar á hverskonar vinnuvjelum. Þessi maður er talinn ágæt-

lega vel gefinn og hið besta mannsefni; vænti jeg því, að hv. þdm. sjái sjer fært að samþykkja þessa brtt.

Þá er önnur brtt. mín á sama þskj. nr. XLIV, um styrk til Eggerts Guðmundssonar til listanáms í Danmörku. En upphæðin hefir misprentast hjer, 1200 krónur í staðinn fyrir 1000 kr.; vænti jeg að hæstv. forseti taki það til athugunar. Það stendur mjög sjerstaklega á með þennan mann. Öllum, sem þekkja hann, kemur saman um að hann sje óvenjulega listfengur. Hann leggur sjerstaklega stund á myndagerð, en hefir auk þess töluvert iðkað dráttlist og er mjög efnilegur í þeirri grein. Hann hefir alt sitt líf unnið algenga erfiðisvinnu, en jafnframt því notað allar tómstundir sínar til að iðka þessar tvær listir, það er málaralist og myndgerðarlist. Hann hefir notið tilsagnar hjá þeim tveim mönnum, sem færastir eru til að kenna þær hjer, Ríkarði Jónssyni og Einari Jónssyni, og hefir hann bestu meðmæli frá þeim báðum. Síðastliðið haust hafði hann sýningu á myndum sínum, og kemur öllum saman um, að hjer sje að ræða um mjög efnilegan listamann. Vil jeg leyfa mjer að benda á það, sem Einar Jónsson segir, að hann hafi ekki sjeð efnilegri sýningu hjá nokkrum byrjanda, að hann sje frjór í hugsun og alveg óvenjulega sýnt um að velja sjer verkefni. Einar Jónsson telur hann búinn óvenjulegum listhæfileikum. Það ber líka öllum saman um, að hann sje sjerlega ástundunarsamur og reglusamur. Jeg álít, að maður, sem býr við þröngan kost og vinnur fyrir sjer með erfiðisvinnu og hefir tekist að komast svo langt, sýni það ljóslega og sanni, að hann sje gæddur óvenjulegum listhæfileikum, sem vert sje að hjálpa honum til að fullkomna.

Þá er þriðji námsstyrkurinn, sem jeg ber fram, brtt. II. á þskj. 454, til ungfrú Maríu Markan. Mjer vitanlega er nú engin íslensk stúlka, sem stundar söngnám erlendis, önnur en hún. Hún hefir lært það, sem hægt er að læra hjer heima, sungið nokkrum sinnum opinberlega og hlotið einróma lof; nú rjeðist hún í að fara til Þýskalands í haust til að afla sjer frekari þekkingar og hefir fengið og sent hingað mjög lofsamleg ummæli kennara, sem hún nýtur þar tilsagnar hjá. Sigfús Einarsson hefir gefið henni meðmæli, þar sem hann tekur stórmannlega til orða og segir, að hún sje ágætt efni í framúrskarandi sönglistarkonu, segir, að þar fari saman einhver hin fegursta rödd, sem hann hafi heyrt í íslenskri konu, hún beiti henni vel og með miklum skilningi, sje sjerstaklega sönghneigð og hafi óvenjulega mikið vit á söng. Jeg ætla, þar sem aðeins er farið fram á 1200 kr., að það væri mjög misráðið af hv. deild ef hún sæi sjer ekki fært að styrkja þessa stúlku.

Að þessu sinni er jeg ekki einn um fleiri brtt., en meðflm. að allmörgum, sem jeg vona, að hv. deild taki vel.

Auk þessa á jeg hjer eina brtt., nr. LXXII á þskj. 435, um að veita gamalmennahælinu á Ísafirði 1000 króna styrk. Það orkar ekki tvímælis, að einhver hin allra ríkasta skylda hins opinbera, jafnt þjóðfjelaga sem bæjarfjelaga, er að sjá þeim, sem lagt hafa um langa æfi fram mikið starf

til að vinna gagn þjóðfjelagi sínu, fyrir sæmilegri vistarveru í ellinni. Nú er komið svo í flestum nágrannalöndum vorum, að bæjarfjelögin víðast hvar hafa reist og rekið heimili fyrir gamalt fólk. Er það að sumu leyti gert af fjárhagsástæðum, en þó líklega engu síður af því, að mönnum er það skiljanlegt, að gamla fólkinu fellur best að umgangast menn á sínu reki, menn, sem líta svipuðum augum á lífið og það sjálft. Menn geta gert sjer það í hugarlund, þegar um gamalt fólk er að ræða, sem á fáa að og er holað niður á misjöfn heimili, þar sem það ekki á kost á að umgangast neitt af sínum jafnöldrum, að því muni líða misjafnlega vel, eins og oft vill verða, þegar slíkum einstaklingum er komið fyrir á mannmörgu heimili. Mjer vitanlega er ekki nema eitt gamalmennahæli til hjer á landi enn sem komið er, og það er gamalmennahæli Ísfirðinga. Það er prýðileg stofnun. Nú þætti mjer vel á því fara, að ríkissjóður vildi styrkja þetta hæli með 1000 krónum. Það er aðeins viðurkenning; getur ekki kallast styrkur, þegar tekið er tillit til þess, að verudagar í hælinu síðastliðið ár voru um 7000. Mjer finst, að þessi upphæð muni ríkissjóðinn ekki miklu; hún svarar til 14 aura uppbótar á hvern verudag. Auk þess býst jeg satt að segja við, að sparnaður ríkissjóðs við það, að Ísafjörður hefir reist þetta gamalmennahæli, nemi fast að því 1000 krónum. Með breytingu á fátækralögunum frá 1921 var ríkissjóði gert að greiða nokkurn hluta af sjúkrahúskostnaði fátæklinga. Mjer er kunnugt um, að margt af þessu gamla fólki, sem í gamalmennahælinu er, gæti hvergi annarstaðar verið en í sjúkrahúsi, ef það ætti ekki þarna hæli, og þyrfti þá ríkissjóður að borga sinn hluta af kostnaðinum. Jeg býst við, að þetta framlag nemi einu sinni ekki eins miklu og ríkissjóður þyrfti að greiða í meðlag með þessu gamla fólki. Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. með lengri tölu að sinni.

Auk þessarar tillögu á jeg ennþá eina, sem jeg ber mjög fyrir brjósti, það er síðasta tillagan á þskj. 435, um að heimila ríkisstjórn að ganga í ábyrgð fyrir lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga. En þar sem fram er komin brtt. við hana og jeg gjarnan vildi eiga tal við hv. meðnefndarmenn mína í fjvn. um þetta, mun jeg geyma mjer að tala um hana.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það mun fara fyrir mjer eins og fleirum, sem tala yfir nær tómum þingbekkjum, að það verða aðeins orð fyrir áheyrendurna og Alþingistíðindin.

Jeg á við þennan kafla fjárlaganna fjórar brtt. Sú fyrsta er XXIV. brtt. á þskj. 435, um námsstyrk til Hólmfreðs Franzsonar. Hjer er um ungan, efnalausan námssvein að ræða, sem hefir ráðist í það, að loknu stúdentsprófi, að komast til annara landa og fullnuma sig í þeirri fræðigrein, sem hann mun ekki hafa átt kost á að læra hjer, eðlisfræði. Það er sagt um þennan pilt af kennurum hans, sem hafa gefið honum vottorð, að hann sje mjög góður námsmaður og sjerlega reglusamur. En svo vildi til, þegar hann ætlaði að sækja um styrk til þessarar utanfarar, að hann átti keppinauta, og það munaði örlitlu, að hann gæti náð í styrk. Samt rjeðist hann í að ferðast að heiman fjármunalaus í

annað land, og það er að minsta kosti fullkomið álit þeirra manna, sem hafa gefið honum vottorð, að ef hann fái ekki styrk, þá verði hann að hætta námi á komanda vori. Vandamenn hans eru mjög fátækir. Hann stundar þetta nám sitt við skóla í Hamborg, og mun njóta einhvers lítilfjörlegs styrks hjá frænda sínum þar, sem kemur fram sem húsaleigustyrkur. Þessi piltur er af útlendum ættum, en stjúpi hans, sem er útlendingur, á þarna frænda, sem reynir að styrkja hann að einhverju leyti.

Maður veit, að sú regla hefir oft verið hjer, að Alþingi styrki unga og efnilega pilta til náms, og jeg vænti, að svo fari að þessu sinni, þar sem um ekki stærri upphæð er að ræða en 1200 kr. Þetta nám er þannig vaxið, að það er ekki hægt að taka próf í því hjer heima, og í öðru lagi er bent á það, að hjer sje aðeins einn maður til á landinu með því háskólaprófi, en þetta bendir alt til, að öll þörf sje á, að hjer komi nýr maður, sem verði fær í þeim fræðum, og virðist því hjer vera tilefni til að styrkja þennan unga og efnilega mann, svo að hann geti haldið áfram á námsbraut sinni.

Næsta brtt. mín er nr. LIII á sama þskj. Jeg mælti nokkuð fyrir henni við 2. umr., og skal jeg þess vegna vera miklu stuttorðari um hana nú. Hún fjell þá með jöfnum atkvæðum, en er hjer borin fram 500 kr. lægri. Jeg álít þess vegna ekki þörf að fara mörgum orðum um hana nú; vil aðeins geta þess, að ef hún kynni að hafa þótt fullhá þá, þá vona jeg, að hún finni nú náð fyrir augum hv. þm., þegar hún er þessu lægri.

Þriðju brtt. á jeg hjer á sama þskj.; það er LXVIII. brtt., og verð jeg að vera nokkru fjölorðari um hana. Það er til Odds Valentínussonar, beiðni um 1000 kr. styrk til að kaupa vjelbát. Þessi maður er orðinn nokkuð við aldur og mun mörgum þeirra kunnur, sem ferðast hafa vestur um land, því að hann hefir gegnt og gegnir hafnsögumannsstörfum á sunnanverðum Breiðafirði, en þar er um mjög mikið hættusvæði að ræða, og skiftir ekki litlu, að til þess starfa veljist virkilega kunnugir og djarfir menn. Nú er það svo, að alt fram á þennan dag hafa opnir bátar verið notaðir við hafnsögu þar vestra, og oft hefir þessi maður orðið að leggja út í hann „svartan“ með sín segl og árar, þegar skip hefir borið þar að.

Nú bendir hann á í umsókn sinni, að hentara muni að nota vjelbát til hafnsöguferðanna. Yrði það til þess, að hægt væri að verða fljótari til og að síður þyrfti að byggja á mannafla við hafnsöguna. Með þeim hætti yrði og hafnsögumanni gert kleift að hafa önnur störf sjer til uppeldis. Nú er hann bundinn við hafnsögustarfið alt árið og skyldur að vera til taks hvenær sem er. Hafnsögugjöldin eru lág, og engin hafnsöguskylda hvílir á skipum á þessum leiðum.

Þetta á við hafnsögumannsstarfið í Stykkishólmi. En ennfremur hefir maður þessi haft á hendi leiðsögu um Breiðafjörð, að Króksfjarðarnesi og víðar. Segja mjer svo fróðir menn, að þetta sje ekki á færi annara en hinna kunnugustu manna.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefir samþykt að veita manni þessum

500 kr. styrk til mótorkaupa, að því tilskildu, að ríkissjóður leggi fram helmingi hærri upphæð. Báturinn mun kosta um 3 þús. kr. með vjel.

Jeg lít svo á, að sú hlið þessa máls sje ekki síst mikilsverð, að á þennan hátt er líf manna betur trygt en áður, með því að hafnsögubáturinn sje fleyta, sem fær er í flestan sjó. Jeg vænti því þess, að deildin vilji kynna sjer þessa umsókn. Hún mælir með sjer sjálf.

Síðari brtt. er um styrk til Slysavarnafjelags Íslands. Jeg sje, að nú liggur fyrir brtt. frá hæstv. atvmrh. um sömu upphæð, stíluð til slysavarna. Get jeg fallist á, að aðalatriðið sje, að upphæð þessi sje veitt til slysavarna, og það því minna atriði, hvort hún er veitt Slysavarnafjelaginu. Býst jeg þó við, að fjelag þetta hafi aðalstarfsemina í þessum efnum með höndum eftirleiðis, og geri því ráð fyrir, að það njóti þessa styrks að mestu eða öllu leyti. En þar sem jeg hefi gert grein fyrir fyrirætlunum og starfssviði fjelagsins við 2. umr., get jeg sparað mjer það hjer.

Með stofnun þessa fjelags er í raun-inni fyrsta sporið stigið til slysavarna hjer á landi. Vænti jeg þess, að menn skilji betur og betur með ári hverju, hvílík nauðsyn er á að styrkja þessa starfsemi í ríkum mæli.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 13. mars, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Pjetur Ottesen: Jeg á við þennan kafla frv. 3 brtt., og eru allar á þskj. 435.

Hin fyrsta er undir tölulið XXII, við 14. gr. B. II. b., og er hún um að veita Bjarna stúdent Sigurðssyni 1200 kr. til náms í húsgerðarlist. Í yfirstandandi fjárlögum er honum veitt sama upphæð til þessa náms. Eiginlega eru það upptök þessa máls, að árið 1926 varð þessi maður afskiftur, er deilt var utanfararstyrk stúdenta. Bar það að með nokkuð undarlegum hætti, svo sem jeg lýsti allítarlega í fyrra í hv. þd., og var það margra álit, að hann hefði ranglega verið afskiftur. M. a. leit minni hl. úthlutunarnefndarinnar svo á. Þegar svo var komið, þótti þessum manni ilt að geta ekki haldið áfram leiðina að því marki, er hann hafði sett sjer, þ. e. að nema húsgerðarlist. Fjekk hann stuðning nokkurra manna, er þektu hann, og komst utan. Hann dvelur nú í Svíþjóð og nemur þar húsgerðarlist. Að hann rjeðist í að fara þangað, var fyrir eindregin tilmæli húsameistara ríkisins og Guðmundar Hannessonar prófessors. Þeir litu svo á, að þar væri mest hægt að fá af hagnýtri þekkingu í þessum efnum. Hvort piltur þessi getur haldið áfram náminu úr þessu, fer alt eftir því, hvort hann fær þennan styrk eða ekki, því að hann á engan að, sem fær er um að veita honum fjárhagslegan stuðning. Hann verður því að hætta námi, ef Alþingi daufheyrist við beiðni hans.

Í sambandi við þetta vil jeg benda á, að einmitt þessi fræðigrein, húsgerðarlistin, er mjög mikilsvarðandi fyrir okkur, því að það er þjóðarnauðsyn að bæta húsakynnin í landinu, og hve vel tekst að leysa það mikla nauðsynjamál, veltur ekki hvað minst á því, hve miklum hagnýtum kröftum lands-

menn hafa sjálfir á að skipa einmitt í þessum efnum. Og einmitt nú, þegar verið er að afgreiða lög frá þinginu, sem hafa það í för með sjer, að miklu meira fje verður varið til húsabygginga en verið hefir, þá liggur það í augum uppi, að það ríður ekki alllítið á því fyrir okkur að fylgjast vel með öllum nýungum á þessu sviði, til þess að geta hagnýtt okkur það í þeim, sem okkur má að gagni verða og er við okkar hæfi. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þessa till., en vænti þess, að hv. deildarmenn sjái, að hjer er um þjóðnauðsynjamál að ræða.

Þá er önnur brtt. mín, við 16. gr., að inn í greinina bætist nýr liður: Til þess að koma upp rafmagnsstöð í Reykholti til ljósa, með afli úr Skriflu, enda verði stöðin eign staðarins. Eins og kunnugt er, er kominn mikill rekspölur á það hjer á landi að nota vatnsafl til þess að framleiða rafmagn, og eru staðhættir til þess nokkuð víða. En hinsvegar hagar þó svo til mjög víða, að því verður ekki við komið. Aftur á móti er notkun hveraorku á þennan hátt óþekt hjer á landi, en kunnáttumenn á þessum sviðum fullyrða, að hægt sje að beisla hana og nota hana í þessum efnum á sama hátt og fossaflið.

Nú nýlega hefir verið gerð rannsókn á hvernum Skriflu í Reykholti og áætlun um að nota hann á þennan hátt, og hefir kostnaðurinn við virkjunina og leiðslur verið áætlaður 3000 kr. Er því hjer farið fram á, að ríkissjóður greiði ⅔ þeirrar upphæðar, en presturinn ætlar að leggja fram ⅓, og þá á virkjunin með leiðslum og öllu tilheyrandi að verða eign staðarins. Í áætluninni er gengið út frá því, að stöðin þurfi að framleiða ¾ kw. orku, og það er miðað við það, sem þarf til ljósa, því að til eldunar og upphitunar er hverahitinn notaður. Þó að maður sá, sem gert hefir áætlun þessa, sje ekki sjerfræðingur, þá mun mega treysta því, að þetta takist, því að áætlunin er gerð í samráði við „Bræðurna Ormssyni“, sem eru alþektir kunnáttumenn á þessum sviðum. Þetta er fyrsta tilraunin til þess að nota hverahita á þennan hátt, og því í fyrsta sinn, sem farið er fram á styrk í þessu skyni, en kröfunum mjög í hóf stilt, þar sem ekki er farið fram á að fá meira úr ríkissjóði en ⅔ kostnaðarins, þótt stöðin eigi að verða eign staðarins, sem eins og kunnugt er, er eign ríkisins.

Þá er þriðja brtt. mín á sama þskj. Hún er við 22. gr. síðustu málsgr., þar sem stjórninni er heimilað í fjárlagafrv. að gefa Árnessýslu eftir svokallað Flóavegarlán, sem talið er vera kr. 40868,98. Það var nokkuð rætt við 2. umr. fjárlagafrv. um þessa eftirgjöf og aðrar tillögur um eftirgjafir og endurgreiðslur, sem þá komu fram, því að þessi till. um eftirgjöf á Flóavegaránu, sem stjórnin hafði tekið upp í fjárlagafrv., hafði það eðlilega í för með sjer, að fram komu till. um hliðstæðar endurgreiðslur. En þær náðu ekki fram að ganga, og varð ekki annað sjeð af þeim atkvgr., sem þá fóru fram, en að þdm. sjeu yfirleitt andvígir slíkum eftirgjöfum. Af hálfu þeirra manna, sem báru þessar brtt. fram við 2. umr., voru færð skýr rök fyrir því, að þar væri ekki um neinn eðlismun að ræða, samanborið við Flóavegarlánstillögu stjórnarinnar, og ekki væri hægt, ef gera ætti hjeruð-

um landsins nokkurnveginn jafnhátt undir höfði, að samþ. eftirgjöfina á Flóavegarláninu, en neita öðrum hjeruðum um hliðstæðar eftirgjafir eða endurgreiðslur. Þannig horfði þá málið við eftir 2. umr. Jeg hefi nú borið fram till. um, að gefinn skuli aðeins eftir helmingur af þessu Flóavegarláni. Upphæð þess er nú orðin 50667 kr. með vöxtum, í stað þess, sem það var talið 40860 kr. í frv. Jeg veit nú ekki, hvort meint er með till. í stjfrv. að gefa eftir alt lánið eins og það raunverulega er orðið, eða skilja eftir 10 þús. kr., þ. e. vextina, sem safnast hafa, og láta sýsluna standa skil á þeirri upphæð. Um það væri gott að fá upplýsingar.

Hvað þessa till. mína snertir, þá býst jeg nú raunar við, að það hefði verið meira í samræmi við vilja háttv. deildar, að hún hefði gengið í þá átt að fella eftirgjöfina niður með öllu. Að jeg ekki bar fram slíka till., var af þeirri ástæðu, að í till., sem vegamálastjóri hefir gert til fjvn., leggur hann til, eða telur ekki ósanngjarnt, að helmingur lánsins eins og það er tilfært í stjfrv. sje eftir gefinn. Miða jeg því till. mína við þessa till. vegamálastjórans og fer fram á, að ekki sje eftir gefinn nema helmingur lánsins, eða kr. 20434,49. Skal jeg svo ekki að svo vöxnu máli fjölyrða frekar um þennan lið till., en vel má vera, að tilefni gefist til þess síðar að tala frekar um hann.

Þá er b-liður þessarar till.; þar er farið fram á að hnýta aftan við málsgreinina nýrri málsgrein, svo hljóðandi:

„Eftirgjöfin er bundin því skilyrði, að samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Árnessýslu um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega um Flóaáveitusvæðið.“ — Eins og menn eflaust muna, voru samþykt lög á þinginu 1926 sem nokkurskonar viðauki við lög frá 1917 um Flóaáveituna. Í lögum þessum var ákveðið að leggja vegi um Flóaáveitusvæðið, og jafnframt, að ríkissjóður legði fram helming í þá vegi, sem væru sýsluvegir, en ¼ í aðrar framkvæmdir. Nú hefir, eins og kunnugt er, starfað nefnd, skipuð af stjórninni til þess að gera tillögur um þessi Flóaáveitumál, og hún hefir fyrir nokkru skilað áliti sínu, sem aðallega fjallar um það að koma á stofn nýtísku mjólkurbúi á þessu svæði. Og samkv. þeim till., sem hún ber fram til stjórnarinnar í þessu máli, er gert ráð fyrir, að vegagerðarkostnaðurinn á þessu svæði nemi alls 236 þús. kr. Af því ber ríkissjóði samkvæmt lögum frá 1926 að leggja fram helming, eða 118 þús. kr. Hinn helmingurinn skiftist þannig, að áveitufjelagið á að leggja fram helming hans, eða 59 þús., sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður láni því, en sýslan og hreppar hinn hlutann, sem skiftist þannig á milli þeirra, að sýslan leggur fram 15 þús. kr., en hrepparnir 44 þús. kr. Þannig er þetta þá fyrirhugað í till. Flóanefndarinnar.

Nú hefir þetta mál verið tekið fyrir á sýslufundi í Árnessýslu, og hefir hann samþykt, að sýslan skuli leggja fram þessar 15 þús. kr. á móti hreppunum og að upphæðin greiðist á þremur árum. En hún setur skilyrði um það, hvað af vegaköflunum skuli teljast aðallínur og hvað aukalínur, og eru till. hennar í því efni alveg í samræmi við till. Flóanefndarinnar. En svo setur sýslunefndin annað skilyrði.

Það hljóðar svo: „— — að vegir þessir sjeu afhentir sýslunni vel „púkkaðir", nægilega háir og yfirleitt í fullkomnu standi sem bifreiðavegir". — Það er því skilyrði frá hennar hendi fyrir því að sýslan taki að sjer viðhald þessara vega, að þeir sjeu vel „púkkaðir". En að „púkka" vegi er ný aðferð og dýr, sem aðeins er höfð við fjölförnustu þjóðvegakafla. Verði því að gera Flóavegina á þennan hátt, verður kostnaðurinn við byggingu þeirra miklu hærri en gert er ráð fyrir í áætlun þessari, og sú hækkun kemur eðlilega mest fram á ríkissjóði bæði hvað framlag og lán snertir. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mun vegamálastjóri hafa gert ráð fyrir að „púkk"-leggja aðalálmuna, eða 12,8 km., en byggja aðrar álmur vegarins með venjulegu móti.

Það er nú augljóst, að með þessu skilyrði, sem sýslunefnd Árnessýslu setur, er gerð tilraun til þess að leggja á ríkissjóð miklu þyngri bagga en gert er undir öðrum kringumstæðum. Mjer hefði því fundist vel við eiga, ef það verður ofan á, að eitthvað verði gefið eftir af þessu Flóavegarláni, þá verði jafnframt reynt að ná samkomulagi um þetta atriði hvað viðhaldið snertir.

Jeg minnist svo ekki að hafa fleira um þetta að segja nú, en jeg vænti, að hv. deildarmenn geti verið mjer sammála um það, að þessi samþykt þarna austur frá bendi í þá átt, að full þörf sje á fyrir stjórnina að hafa vaðið fyrir neðan sig í viðskiftunum við Árnesinga.

Hvað snertir eina till. enn, sem nafn mitt er bundið við, þá mun jeg geta lýst því yfir fyrir hönd okkar flm., að við munum taka hana aftur, vegna þess að komið hefir fram till. frá hv. þm. V.-Ísf., sem við getum sætt okkur við.

Ásgeir Ásgeirsson: Um XXVIII. brtt. á þskj. 435 þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum. Hv. deildarmönnum mun kunnugt um ungan og efnilegan mann, að nafni Magnús Jónsson. Hann lauk stúdentsprófi síðastl. vor, með því að lesa tvo bekki á einum vetri. En sökum þess fjekk hann ekki svo hátt próf, að hann gæti orðið aðnjótandi hins almenna stúdentastyrks, er honum að dómi kennaranna hefði áreiðanlega verið veittur, ef hann hefði, eins og venja er, lesið einn bekk í einu. Hann er nú kominn til Parísar og les þar franska tungu, og jeg vænti því, að háttv. deildarmenn greiði atkv. með þessum litla styrk handa honum, því að það getur ekki talist rjett að láta hann gjalda þess, að hann hefir gert það á einu ári, sem aðrir gera á tveimur.

Þá er 54. brtt. á sama þskj. einnig frá mjer. Hún er um 1000 kr. námsstyrk til Guðlaugs Rósinkranssonar. Hann hefir dvalið tvö ár í Stokkhólmi við nám og stundað það af hinum mesta dugnaði og fengið ágætan vitnisburð. Mun hann nota vel þann styrk, er hann hlýtur.

Svipað má segja um styrkinn til Ólafs Kristjánssonar til að halda uppi kenslu í esperanto. Hann hefir sýnt hinn mesta áhuga á því að útbreiða þekkingu á þessu máli; hann hefir kent það fjölda manna, og oft fyrir litla borgun.

Þá er 40. brtt. á sama þskj., sem við hv. þm. Ísaf. (HG) flytjum saman. Hún er þess efnis, að Guðmundi Hagalín rithöfundi verði veitt staða við bókasafnið á Ísafirði. Um þetta er fordæmi, þar sem Davíð Stefánssyni skáldi frá Fagraskógi var veitt bókavarðarstaða við amtsbókasafnið á Akureyri. Þetta tel jeg, að sje fyrirmynd, sem sje þess verð, að henni sje fylgt, og þegar hjer er fetað í fótspor þeirra góðu manna, sem settu Davíð Stefánsson í öndvegi bókmenta á Akureyri, þá er þess að vænta, að hv. þdm. verði ljúft að fylgja þessári till. Guðmundur Hagalín hefir sýnt það, að hann er þess maklegur, að honum sje gert kleift að setjast að á Vestfjörðum. Þar er ætt hans og þaðan eru sögur hans, og þar mun hann halda áfram að rita, aðeins með betri aðstöðu en hann hefir haft hingað til. Með þessari till. er tvent gert í einu. Annarsvegar er almenningi í þessu hjeraði látin í tje leiðbeining um bækur, og hinsvegar er ungum og efnilegum rithöfundi hjálpað svo, að honum ætti að vera nokkurnveginn lífvænlegt, en það mun tæpast vera að öðrum kosti.

Þá er ein till., sem snertir kjördæmi mitt. Hún er um alt að 25 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til byggingar rafstöðvar á Flateyri, ef fje er fyrir hendi. Á Flateyri er rafstöð, rekin af einstökum mönnum, en nú hyggst hreppurinn að taka hana að sjer. Get jeg fullvissað hv. þdm. um það, að þarna er nóg reynsla fyrir hendi um rekstur, svo að menn þurfa ekki að vera hræddir um, að hreppurinn sje hjer að ana út í neina vitleysu. Það er ekki fastákveðið enn, hvort notað verður vjelaafl eða foss, sem er 3—4 km. frá kauptúninu, en um það verður farið eftir umsögn sjerfróðra manna. — Jeg vona, að hv. deild láti Flateyrarhrepp njóta sömu rjettinda og aðrir hreppar hafa áður notið í þessu efni. Mun ekki ástæða til að vantreysta hæstv. stj. til þess, að hún veiti ekki lánið, nema nægileg trygging sje fyrir hendi af hreppsins hálfu.

Auk þessara brtt., sem jeg hefi nú getið, er nafn mitt ekki á mörgum brtt., en jeg vildi þó einnig minnast lítið eitt á 33. brtt., frá hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Mýr. (BÁ), um 1000 kr. styrk til aukningar á bókasafni Hvítárbakkaskólans. Jeg býst við því, að bókasöfn geri hvergi meira gagn en einmitt við alþýðuskólana, en það er enn svo um flesta eða alla unglinga- og alþýðuskóla vora, að bókasöfn þeirra eru mjög ófullkomin, og jeg veit, að þau muni vaxa hægt, ef styrkur er ekki veittur til þeirra.

Jeg leyfi mjer því að mæla með brtt. minni á þskj. 468 við þessa till. þessara hv. þm. Sú till. mín fer lengra en brtt. þeirra, og þakka jeg þeim því fyrir, að þeir hafa fallist á till. mína og hafa lýst yfir fylgi sínu við hana.

Magnús Torfason: Jeg á eina till. af þessum um 110 brtt., sem fram hafa komið í þetta sinn.

Það er 87. brtt. á þskj. 435, þess efnis, að stj. heimilist, að undangenginni rannsókn af hálfu Búnaðarfjelags Íslands um það, hvort Miklavatnsmýraráveitan hafi orðið að notum fyrir allar þær jarðir, sem skyldaðar eru til að greiða áveitukostnaðinn, að færa niður viðlagasjóðslán það, sem veitt

hefir verið til að koma á áveitunni, að rjettri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki hafa haft hennar not.

Þetta lán var upphaflega 20 þús. kr., en nú eru eftir af því rúmar 14 þús. kr.

Við mælingar og athuganir á áveitunni, sem fram fóru á árinu 1924 og gerðar voru út af því, að áveitan hafði ekki reynst líkt því eins vel og við var búist í fyrstu, kom það fram, að ýmsir ágallar höfðu verið á stofnun áveitunnar, og er það ekki tiltökumál, þegar þess er gætt, að þessi áveita er sú langfyrsta áveita í stórum stíl, sem gerð er hjer á landi. Því að þessi áveita er svo stór, þótt hún jafnist ekki á við Skeiða- eða Flóaáveituna, að hún mundi vera kölluð stórfyrirtæki í öðrum löndum.

Það hefir oft viljað brenna við hjer á landi, að fyrirtæki fá ekki eins góðan og rækilegan undirbúning og þyrfti, sjerstaklega þau, sem eru brautryðjandi á sínu sviði, og svo var það um þessa áveitu.

Það kom í ljós við þessar mælingar, sem jeg hefi þegar getið, að hallinn á áveitusvæðinu er mun minni en búist var við. Þess hafði ekki verið gætt, þegar áveitan var bygð, að sandur mikill berst í áveitustokkana og verður hallinn við það enn minni. Líka virðist hafa orðið skekkja í hallamælingunum vestast á áveitusvæðinu. Landið er þar á parti mun hærra, og það hefir farið svo, að ekkert vatn hefir náðst á það.

Eins og kunnugt er, hefir áveitan yfirleitt gengið illa, og hafa margar lagfæringar verið gerðar á henni frá því fyrsta. En þeir góðu og mætu menn, sem þarna eiga hlut að máli, hafa nú samt, þrátt fyrir alla þessa annmarka á áveitunni, borgað áveituskattinn eins og fyrir þá hefir verið lagt, enda hefi jeg gengið ríkt eftir, að hann væri greiddur. Og það, að þeir hafa gert það möglunarlítið, kemur af því, að þeir vonuðu fastlega, að það mundi takast um síðir að gera áveituna svo úr garði, að hún kæmi að gagni. En eins og jeg hefi skýrt frá, kom það í ljós við mælingar í hitteðfyrra, að mikill hluti af áveitusvæðinu getur engin not haft af áveitunni. Af skýrslu, sem gerð var um þessar athuganir, sem þá fóru fram, sjest, að það er hjer um bil ⅓ af öllu áveitusvæðinu, sem vatn nær ekki til að gagni. Áveitusvæðið alt var upphaflega áætlað um 2000 ha., en af þessari skýrslu sjest, að það eru rúmlega 1300 ha., sem vatn nær til frá áveitunni. Nú eru menn þarna bundnir fjelagsskap og samþyktum um áveituna og greiðslur til hennar, en þegar þessi vandkvæði komu í ljós á áveitunni, varð það að vandræðum fyrir áveitufjelagið. Þeir, sem ekkert vatn hafa fengið, segjast vera lausir allra mála og geta, eins og skiljanlegt er, ekki greitt neitt fyrir það, sem þeir hafa ekki fengið. En hinir, sem fá vatn, vilja að vonum ekki borga fyrir hina, sem ekkert hafa fengið, því að það er ekki hægt að ætlast til þess af þeim, að þeir fari að borga fyrir syndir annara, *en það eru syndir áveituvísindanna, sem þarna er um að ræða*. Því er það, að jeg hefi mælst til þess, að ríkið taki þátt í þessari greiðslu, eftir að Búnaðarfjelagið hefir skorið úr um það, hvaða land hefir fengið

vatn frá áveitunni og hvað ekki. Og reglan á að vera: Ekkert vatn — engin borgun. Því það nær ekki átt að stofna til slíkra fyrirtækja sem þessara einungis til þess að þyngja hag bænda og fyrirtækin verði þeim til niðurdreps, sjerstaklega þegar þess er gætt, að hjer stendur svo á, að af áveitusvæðinu, sem sjerstaklega verður útundan, er ⅓ allra jarðanna kirkjujarðir og fátt um sjálfseignarbændur.

Til forna var þarna ágætt útræði og höfðu bændur af því miklar tekjur, en eftir að botnvörpungar komu til sögunnar, hefir það lagst niður, svo að menn hafa ekki tekjur af því lengur. Sneru bændur sjer þá að landbúnaði og hafa síðan stundað hann af hinum mesta dugnaði og atorku. Hefir sumum þeirra að vísu tekist að efnast svo á honum, að þeir eru nú a. m. k. miklu betur stæðir en áður, en þó eru margir, sem enn eru mjög fátækir menn. Jeg vænti því, að hv. þdm. líti svo á, að það sje ekki nema rjettmætt, að þeir fái þetta lán fært niður eftir því, hve landið hefir haft mikil eða lítil not af áveitunni.

Það þarf ekki að fara út fyrir fjárlög til þess að finna dæmi þessa. Jeg leyfi mjer aðeins að minna á brimbrjótinn í Bolungarvík. Til hans hefir nú undanfarið verið veitt eitthvað á hverju ári, ýmist bætt við eða þá gefið eftir. Og af hverju? Auðvitað af því, að þingið hefir litið svo á, að þar sem verkið hafi farið svo illa úr hendi hjá þeim, sem áttu að vera milligöngumenn milli landssjóðs og þeirra, sem fyrirtækið áttu að nota, þá bæri ríkinu skylda til að bæta fyrir mistök þeirra, svo að saklausir hreppsbúar sypu ekki seyðið af fákænsku verkfræðinganna og hefðu stórtjón af fyrirtækinu, í stað þess að hafa þess not. Jeg vona, að það verði að minsta kosti enginn bóndi hjer á þingi á móti þessari till.

Þá neyðist jeg til þess að víkja fáeinum orðum að hv. þm. Borgf. (PO) út af brtt., sem hann ber fram út af uppgjöf á Flóavegarláninu.

Jeg verð að segja það, að í þessu máli á jeg afarerfitt með að skilja hugsanaferil hv. þm. (PO), sem jeg þó altaf hefi talið einn af skynsamari mönnum á þessu þingi. Og jeg skil ekki, að þetta geti komið af öðru en því, að frá því að þessi hv. þm. sá þessa till. fyrst, hefir hann gert sjer mjög títt um hana og virðist helst ekki hafa sjeð annað. Í stuttu máli: hann hefir starað á hana eins og naut á nývirki. En það er víst, að annaðhvort hefir hann starblínt nokkuð fast á till., eða hann hefir ekki af öðrum ástæðum getað lesið, eða kannske ekki kært sig um að lesa skýrslu vegamálastjóra rjett. Hv. þm. sagði, að þessi brtt. væri sambærileg við þær brtt., sem snertu eftirgjöf á lánum til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. En það mál snýr alt öðruvísi við, sem jeg skal nú sýna með tölum.

Í skýrslu þessari sjest, að Árnessýsla hefir á árunum 1910—1922, 13 árum, varið til vega alls 164115 kr., en á árunum 1906—1921, 18 árum, hefir Gullbringu- og Kjósarsýsla varið til sama 70400 kr., Rangárvallasýsla 30300 kr., Borgarfjarðarsýsla 23400 kr. og Mýrasýsla 22100 kr. Með öðrum orðum: allar þessar 4 sýslur saman verja ekki líkt því eins miklu fje í þessu skyni og Árnessýsla ein. Þetta ætti þegar að nægja til þess að sýna,

að Árnessýsla er ekki sambærileg við aðrar sýslur í þessu efni.

Vegamálastjóri gerir þá líka annan samanburð, sem mundi eiga að draga eitthvað úr, en verður, þegar hann er skoðaður nánar, til þess að *auka* sanngirniskröfu þessarar till. stjórnarinnar.

Hann reiknar það út, hvað það fje, sem sýslan ver til vega, er mörg % af öllum gjöldum sýslunnar, sýsluvegagjöldum og sýslusjóðsgjöldum til samans. Hann fær út, að Gullbringu- og Kjósarsýsla ver 62%, Rangárvallasýsla 44%, Borgarfjarðarsýsla 48% og Mýrasýsla 56%, *en Árnessýsla 65%*. Hún verður þar hærri en allar hinar, en þó munar ekki miklu á henni og Gullbringusýslu, sem hefir 62%. En þess ber að gæta, að þessi samanburður er ekki á rjettum rökum bygður, og það er ekki á rökum bygt, að þessi prósenttala ætti að hafa áhrif á eftirgjöfina.

Það getur komið til mála, að það ætti enga þýðingu að hafa hvað eftirgjöfina snertir, hve mikil eru önnur útgjöld sýslunnar en sýsluvegagjaldið, en því hærri sem þau eru, því meiri sem þyngsli sýslunnar eru, því lægra verður auðvitað það brot eða %, sem sýsluvegagjaldið er af öllum útgjöldunum. Og það, að Árnessýsla hefir ekki ennþá hærri prósenttölu, er einmitt vegna þess að hún svarar miklu hærra sýslusjóðsgjaldi en hinar sýslurnar, sem bornar eru saman. Árnessýsla hefir á þessu tímabili greitt í sýslusjóðsgjöld um *270 þús.* kr., Gullbringusýsla 115 þús. kr., Rangárvallasýsla 70 þús. kr. og Borgarfjarðarsýsla þaðan af minna. Enn kemur það fram, að Árnessýsla er langhæst. Allar þessar sýslur hafa ekki varið jafnmiklu til sýslusjóðsgjalda og hún ein.

Hún hefir kúgað sig um framlög til vega, en á þó engan bílfæran sýsluveg sæmilegan enn þann dag í dag, og er það vegna þess, að alt það fje, sem fram hefir verið lagt til vega, hefir farið til viðhalds þeirra landsvega, sem þar eru. Ennfremur er þess að gæta, að þessi skuld er hreint valdboð, og stendur því öðruvísi á með hana en aðrar skuldir.

Jeg er ekki í neinum vafa um það, að það, að sýslunni var gert þetta að skyldu, varð til þess, að þessu gjaldi til viðhalds þjóðbrautum var ljett af 3 árum seinna. Hún ein af öllum sýslum landsins var kúguð til viðhalds veganna, og það einmitt á þeim tíma, þegar dýrtíðin var mest. Það er því óhrakið, og að jeg hygg óhrekjanlegt, að Árnessýsla er að þessu leyti ekki sambærileg við neina sýslu nema Rangárvallasýslu að nokkru, enda hefi jeg þegar sagt það áður, að Rangárvallasýsla á mikla sanngirniskröfu um eftirgjöf á miklum hluta sinnar vegaskuldar. (**PO:** Hv. þm. (MT) greiddi þó atkv. á móti henni). Hún var of há, en síðan hefir tillagan verið færð niður, og því greiði jeg atkvæði með henni.

Þegar þetta alt er athugað, verður ekki hægt að leggja mikla áherslu á það, sem vegamálastjóri segir um þetta mál. Það er líka alveg óhætt að treysta því, að fjmrh. landsins hefði ekki tekið upp þennan lið, ef krafan væri ekki sanngjörn. Það er víst, að honum er ekki um eftirgjafir og mundi ekki hafa tekið hana upp nema hún ætti fyllsta rjett á sjer. En það er

rjett eins og hv. þm. Borgf. vilji gera vegamálastjóra að einhverskonar yfirfjármálaráðherra hjer í landi. En því fer mjög fjarri, að honum komi nokkuð við, hve miklu fje þingið ver til vega o. þvíl. Hann á aðeins að sjá um, að því fje, sem veitt er, sje vel varið til framkvæmda. En hann er vissulega engin fjárveitingaforsjón. Því er heldur ekki að leyna, að tillögur hans í þessu máli eru talsvert fáránlegar. Hann hefir hætt sjer út á þann hála ís, sem hann hefði ekki átt að fara út á. Hann hefir sem sje lagt það til, að farið verði að setja reglur um Flóaáveituna hjer í þessum fjárlögum. Þetta nær vitanlega engri átt. Hann ætlar samþykt þá, sem sýslufundurinn gerði um veg yfir Flóann. En það kemur ekki öðrum við en sýslunefndinni og þeim, sem að Flóaáveitunni standa. Og þetta var samþ. með hverju einasta atkv. í sýslunefndinni, þar á meðal sýslunefndarmannsins úr Flóanum. Það eina, sem menn e. t. v. geta fundið að þessari tillögu, er, að það er gert að skilyrði, að vegurinn sje „púkkaður". En það ætti nú ekki að vera dauðasynd hjá okkur, sem vitum, hvað það er að fá vonda vegi og eiga að halda þeim við, þó að okkur detti í hug að fara fram á að fá „púkkaða" vegi. Þessu skilyrði verður heldur ekki haldið til streitu, ekki af því, að ósanngjarnt sje að „púkka" veginn, heldur af því, að vegamálastjóri telur það ekki gerlegt fyr en eftir mörg ár, vegna þess, að vegurinn þarf að síga áður, eins og gerist um mýrarvegi. En þetta ætti að sýna hv. þd., hve mikla erfiðleika Árnesingar eiga við að stríða í vegagerð. Ofaníburðinn vantar algerlega, og hefir jafnvel verið talað um að breyta stefnu vegarins vegna þess. En háttv. deild ætti að sjá, að ekki þarf að sletta sjer fram í skifti sýslunefndar Árnessýslu og Flóaáveitunefndarinnar, þegar af því, að þeim hefir ávalt komið vel saman. Vegamálastjóra mun þykja upphæðin lítil. Og það er satt, að hún er það. En við treystum okkur ekki til að leggja fram meira að svo stöddu. En jeg get lýst því yfir, að Árnesingar munu á næstunni gera sjer sýsluvegasamþykt. Með öðru móti fáum við ekki borið þær álögur, sem Flóavegirnir leggja á okkur.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að þreyta hv. þdm. á að tala fyrir öðrum brtt. en þeim, sem jeg er 1. flm. að. Flestar þessar brtt. eru hinar sömu og við 2. umr., aðeins lækkaðar. Jeg get því að mestu leyti leitt hjá mjer að fara um þær frekari orðum en jeg gerði þá.

Fyrst vil jeg minnast á eftirlaunaviðbót Þorleifs Jónssonar póstmeistara. Jeg legg til, að þau verði færð upp í 2000 kr. Mundi hann þá fá alls um 3000 kr. með því, sem honum ber úr lífeyrissjóði. Ætla jeg, að ekki sje ósanngjarnt að veita þessum aldraða heiðursmanni slíka viðurkenningu eftir langt starf.

Þá kem jeg að brtt. okkar hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) um styrkinn vegna orðabókar Sigfúsar Blöndals, þ. e. uppbótina til prentsmiðjunnar Gutenbergs og Jóns Ófeigssonar kennara, vegna tjóns af útgáfunni. Mjer kom ekki á óvart, þó að till. um þetta efni væri feld við 2. umr., því að þá tók jeg upp þá upphæð alla, sem farið var fram á af hlutaðeigendum. Nú hefi

jeg fært styrkinn til prentsmiðjunnar niður í 2500 kr. og styrkinn til Jóns Ófeigssonar niður í 2000 kr. Vænti jeg nú, að hv. deild telji sjálfsagt að samþykkja þessa tillögu.

Þá á jeg 2 brtt. á þskj. 435 ásamt öðrum þingmönnum Reykv., um styrki til Íþróttasambands Íslands. Í frv. stj. voru því ætlaðar 2500 kr. En það starf, sem sambandið hefir með höndum, er svo mikið, að óhjákvæmilegt er, að eitthvað af því leggist niður, ef þessi upphæð verður ekki hækkuð. Af verkum þess skal jeg aðeins nefna, að það hefir gefið út glímubók og sundbók, sem geyma nauðsynlegar leiðbeiningar og reglur um þessar hollu og gagnlegu íþróttir. Veit jeg, að glímubókin a. m. k. er flestum kunn og hefir orðið til mikils gagns, og er nauðsynlegt og sjálfsagt að greiða fyrir því, að Í. S. Í. geti haldið áfram að gefa út slíkar bækur. Nú munu vera um 100 fjelög í sambandinu. Hvert þeirra greiðir 10 kr. árstillag, og sjá allir, að þær 1000 kr., sem fást með því móti, muni hrökkva skamt til nauðsynlegra útgjalda. Nú gefur Íþróttasambandið út blað, og má telja víst, að tillagið fari í þá útgáfu. Er þá ekkert eftir til annara útgjalda. Nú vil jeg minna á það, að ef hjer eiga að verða nokkur veruleg hátíðahöld 1930, þá er það alveg víst, að íþróttasýningar verða einn aðalliðurinn í þeim. Tvö meginatriðin á skemtiskránni munu verða og eiga að verða íþróttasýningar og sönglist, þ. e. söngur eða hljóðfæraleikur. En engin von er til þess, að Í. S. Í. geti undirbúið íþróttasýningarnar, svo að í nokkru lagi sje, ef það fær ekki hærri fjárupphæð til umráða en gert er ráð fyrir í frv. stj. Jeg veit ekki, hvort hrifningin af væntanlegum hátíðahöldum 1930 hefir ennþá náð til allra hv. þm. En eitt er víst, og þarf enginn að ganga þess dulinn, að það ár verðum við heimsóttir af mörgu stórmenni erlendu. Er ekki vansalaust fyrir þing og þjóð að hafa ekkert boðlegt þeim gestum til skemtunar. Ættu því þeir hv. þm., sem ant er um heiður landsins við þetta tækifæri, ekki að sjá í þessa upphæð. Í. S. Í. hefir sjálft farið fram á að fá 10 þús. kr., og er ekki frekt í farið af okkur flm. brtt., að taka upp helminginn af þeirri upphæð.

Hin brtt., sem jeg mintist á og ætla að gera grein fyrir um leið og þessari, er um að veita Í. S. Í. 15000 kr. til að senda fimleikaflokk á alþjóðaíþróttamót í Calais. Í. S. Í. hefir nú tvisvar gengist fyrir því að senda menn til olympisku leikanna. Og þó að þar hafi verið saman komnir frægustu atgervismenn hvaðanæfa að úr heiminum, hafa Íslendingarnir getið sjer hinn besta orðstír. Er það einkum vegna þess, að þeir hafa getað sýnt þar íslenska glímu, því að henni er hvarvetna vel tekið erlendis. En á þessu ári er ekki hægt að koma íslensku glímunni að á leikunum. Svo er háttað, að þeirri reglu er fylgt að taka ekki upp meðal kapprauna íþróttir, sem færri þjóðir en 6 taka þátt í. og er því íslensk glíma þar útilokuð. En auk hinna eiginlegu kapprauna eru venjulega sýndar 2 íþróttir, sem ekki er kept í, og þær valdar til skiftis. Nú hefir íslenska glíman komist tvisvar sinnum að, og því ekki von til þess, að hún komist enn að í þetta sinn, en þá er í raun og veru farið

það, sem við Íslendingar getum lagt til olympíuleikanna. En í sumar á að halda alþjóðaíþróttamót í Calais á Frakklandi, og er það haldið til minningar um 50 ára afmæli alþjóðasambands íþróttamanna, og verður því vafalaust mikil þátttaka í því og valið lið. Nú er spurningin um það, hvort við höfum nokkurn íþróttaflokk, sem líklegur sje til að verða okkur þar til sóma. Jú. Jeg ætla, að svo sje, og á jeg þar við kvenfimleikaflokkinn, sem fór til Noregs og Svíþjóðar síðastliðið sumar. Sömuleiðis fór karlmannaflokkur til Norðurlanda og gat sjer góðan orðstír. En sjerstaklega hlaut kvenflokkurinn mikið lof. Jeg hefi sjeð mjög margar blaðaúrklippur, einkum norskar, og sýnast blöðin varla hafa þótst eiga nógu sterk orð til að hrósa þessum íslensku stúlkum. Þau segja, að þær hafi tekið Oslo með áhlaupi o. s. frv. Nú mætti e. t. v. segja, að þessi ummæli blaðanna væru skrum og hefði gestrisni og frændrækni nokkru ráðið um þau. Jeg held raunar, að svo sje ekki. En jeg tek þó miklu meira mark á fimleikasýningu, sem haldin var í Gautaborg, og ummælum sænsku blaðanna um frammistöðu fimleikaflokkanna þar. Þessi sýning var haldin til minningar um hið mikla skáld og íþróttafrömuð Ling. Í henni tóku þátt auk Finna, sem orðlagðir eru fyrir fimleika, bæði Svíar, Danir og Norðmenn. En við hliðina á finsku fimleikamönnunum vakti íslenski kvenflokkurinn langmesta athygli. Til þess að finna orðum mínum stað, langar mig til að lesa upp kafla úr grein í Göteborgs-Posten, sem fjallar um sýninguna. Jeg geri þetta ekki til að skemta hv. deild með upplestri, því að jeg kann ekki að lesa sænsku, en ummælin eru mikils verð vegna þess að greinin öll er skrifuð af fullri gagnrýni, að því, er sjeð verður. En það, sem jeg ætla að lesa, hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Men aftonens sensation låg på helt annat håll. Från den aristokratiska sagaön Island, det nordligaste broderlandet, hade kommit en dametrupp, som gav Lingveckans vid sidan av Finlandstruppens otvivelaktigt märkligaste uppvisning.

Truppen tågade in i ljusa vårliga dräkter och publiken hade med jubel hälsat Islands vackra flagga. Truppens ledare trädde fram och höll et litet anförande, genomandat av den mest anspråkslösa blygsamhet. Han talade bland annat om, att det avlägsna landet icke haft tillräcklig beröring med yttervärlden för att känna de moderna riktningarna inom gymnastiken och framhöll, att isländingarna kommit mera för att lära än att visa. Och så började en fullt originell vidunderligt vacker uppvisning, som skulle lägga hela världen för dessa isländska damers fötter, om de utsträckte detta sit första framträdande utanför Island till en turné“.

Því næst kemur lýsing á framkomu flokksins, þar sem segir svo:

„Långa serier av de mest fulländade rytmiska rörelser, där varje detalj var utarbetad till ett skönhetsmoment och där varje del av kroppen efterhand togs i anspråk, följde med den mest absoluta precision. Armrörelserna i denna isländska gymnastik hade en helt underfull grace, allt flöt så lugnt, så jämnt och så vackert, som om en skaparvilja satt mjukaste

liv i en samling konstens mästerverk. Och vi tala ibland om vacker balansgång. Man har ingen aning om, vart denna gymnastikgren kan nå, om man inte sett dessa isländingar! Publiken hölls i andlös beundran under hela uppvisningen, och entusiasmen när denna härliga trupp med en strålande hälsningsattityd marscherade ut, kände inga gränser. Jämte finländarna hade inga så mycket at lära oss som dessa underbara isländskor".

Hv. þdm. geta sjeð, að fyrst svona er ritað um flokk frá Íslandi á stað, þar sem fjöldi ágætustu fimleikamanna er saman kominn, þá verður okkur áreiðanlega sómi að að senda þann flokk á hvaða íþróttamót sem er í heiminum. Í sambandi við þessa till. skal jeg geta þess, að í fjárlögum 1920 voru Í. S. Í. veittar 12 þús. kr. til að senda menn til olympíuleikanna. Þessi fjárveiting var ekki notuð af sjerstökum ástæðum. Þess var nefnilega óskað af stjórninni, að glímumennirnir færu ekki hjeðan á þeim tíma, sem leikarnir stóðu yfir, því að þeirra var þörf hjer heima. Þetta fje rann því til ríkissjóðs aftur. Þess vegna eru a. m. k. 12 þús. kr. af því, sem brtt. fer fram á, einungis endurveiting.

Skal jeg svo ekki lengja meir mál mitt, með því líka, að þm. eru óþolinmóðir að sitja undir fjárlagaumræðum. En jeg vænti, að hv. deild taki vel í þessar 2 brtt. frá okkur þingmönnum Reykv.

Hákon Kristófersson:* Jeg á að þessu sinni nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., og þó að reynslan hafi raunar kent mjer, að lítið þýði að tala fyrir slíkum brtt., ætla jeg að fara um þær nokkrum orðum.

Fyrst nefni jeg þá brtt. á þskj. 435, undir tölulið LXXIII, um að hækka eftirlaun Sigurðar Magnússonar læknis, svo að þau verði 600 kr. Hann hefir verið embættismaður í full 30 ár og mikið af þeim tíma búið við hin lægri launalög. Eftir að hækkunin kom í gildi, naut hann hennar aðeins skamma stund. Jeg vonast eftir, að hv. þdm. sjeu svo hjartagóðir, að þeir líti á það, að maðurinn er gamall, embættislaus og efnalaus, og að hann munar um þessa upphæð, þó að lítil sje. Yfirleitt er svo litið á nú, að þjóðfjelagið eigi að sjá um, að starfsmenn þess geti lifað sæmilegu lífi á elliárunum. Með núgildandi löggjöf er betur fyrir þessu sjeð en áður. Og ef borinn er saman meginhluti af embættisárum þessa manns við þann tíma, sem nú er, sjest, hve miklu verri kjara hann hefir notið en þeir, sem nú eru í embættum.

Það er fróðlegt að taka eftir því, um leið og litið er á það, að brtt. ætlar þessum gamla embættismanni ekki nema 600 kr., að kenslukona við barnaskólann hjer í Reykjavík mun hafa hátt á 3. þús. kr. árlega. Jeg er ekki að telja það eftir, en bendi aðeins á það til að sýna, að einstökum stofnunum ferst oft betur en ríkinu.

Tel jeg mig svo ekki þurfa að fjölyrða meir um þessa sjálfsögðu brtt. mína, en þykist vita, að hv. deildarmenn muni heldur kjósa að standa í rúmi með sanngirninni og rjettlætinu

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

en að híma í skutnum, þar sem ósanngirnin og nirfilsháttúrinn situr.

Þá á jeg aðra brtt., sem jeg verð að fara um nokkrum orðum. Hún er um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni handa Suðurfjarðahreppi. Þegar verið var að stofna til þessa framfarafyrirtækis, lágu fyrir áætlanir um, að það mundi kosta 50 þús. kr. Skömmu síðar gaus stríðið upp og olli það svo miklum truflunum, að engar áætlanir stóðust, hve skynsamlegar sem þær voru. Hvert óhappið rak annað og kostnaðurinn komst að lokum upp í 115 þús. kr. Það segir sig sjálft, að fámennu sveitarfjelagi er ofvaxið að rísa undir slíkum bagga. Enda reyndist það svo, að hreppurinn var að sligast undir þessu; fleiri óhappaöldur steðjuðu að; hreppurinn tapaði miklu fje og varð að fá lán úr bjargráðasjóði, til þess meðal annars að greiða nauðsynleg útgjöld, svo sem sýslusjóðsgjald o. fl. Af því láni hefir hreppurinn ekki getað borgað vexti undanfarið; það, sem hann hefir getað látið af höndum, hefir farið upp í víxillán og veðdeild Landbankans. Jeg verð að segja það, þó að mjer þyki það leitt, að það lá næst að láta ríkissjóð sitja á hakanum. Auðvitað veit jeg, að þeir þm., sem á móti eru þessari brtt. minni, munu kalla þetta eftirgjafafargan, en það er varla frambærilegt; þessu er í hóf stilt og sjálfsagt í raun og veru að hlaupa undir bagga með hreppnum, með því að hann var á sínum tíma brautryðjandi og rjeðist í fyrirtæki, sem fyrir ófyrirsjáanlegar orsakir fór fram úr áætlun. Og hingað til hefir það verið skoðað sem sjálfsögð sanngirni að gefa eftir af slíkum lánum, þegar hreppsfjelög hafa bundið sjer svo þunga bagga, að þau hafa ekki getað undir risið fyrir viðbúrðanna rás. Hreppsnefndin hefir skrifað hv. fjvn. rækilegt erindi um málið, sem jeg býst við, að allir nefndarmennirnir hafi kynt sjer til hlítar, og fer því ekki út í það. En jeg vil slá því föstu, að það er sjálfsagt að verða við því að veita þessa eftirgjöf, og vona jeg, að deildin bregðist því drengilega við.

Þá er það brtt. 458, undir 2. tölulið. Þar er ekki farið lengra en svo, að við till. bætist, að eftirgjöf verði veitt á vöxtum og greiðslufrestur á afborgunum árin 1925—1929. Vona jeg, að þessi varatillaga verði samþykt, ef hin nær ekki fram að ganga, því að það er hreppnum algerlega um megn að standa straum af þessu láni án allra ívilnana. Samt er jeg svo bjartsýnn að gera ráð fyrir, að deildin sýni þá sanngirni í þessu máli að samþ. aðaltill. Þó að fjvn. hafi brugðist trausti mínu í því efni, þori jeg óhræddur að bíða dóms deildarinnar og fjölyrði því ekki frekar um þetta.

Þá er það brtt. 435, undir XC. tölulið. Hún er um það að gefa stj. heimild til að kaupa húseign Einars M. Jónassonar á Patreksfirði, ef svo þykir henta. Það er kunnugt, að Einari var vikið frá embætti og að hann flytur að öllum líkindum úr plássinu, og þar sem ríkissjóður á töluvert fje hjá honum, er það í alla staði sanngjarnt, að ríkið kaupi húsið, ef það fæst fyrir sanngjarnt verð. Þetta er ekki annað en sjálfsagður greiði og hefir engin útgjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð. En með þessu er eigandanum gert hægra fyrir með að losna við eignina, því að jeg býst ekki við, að nokkur íbúi Patreksfjarðar geti keypt hana.

Það er gert ráð fyrir, að húsið verði selt eftir mati, sem viðkomandi mun fúslega ganga inn á að selja það eftir. Það eru fordæmi fyrir því, að ríkissjóður kaupi hús handa sýslumönnum, og þó að jeg viðurkenni, að ekki sje heppilegt að ganga inn á þá braut, sje jeg ekki, að neitt hættulegt sje við það að veita þessa heimild, þar sem þetta er ríkissjóði algerlega að skaðlausu.

Þá á jeg ekki fleiri brtt., sem jeg þarf að drepa á. Að minnast á brtt. einstakra þm. sje jeg enga ástæðu til. Það er hlutverk frsm. fjvn. og hlutaðeigandi þm., enda býst jeg ekki við, að það hafi mikið að segja, þótt jeg færi að leggja orð í belg. Þó get jeg ekki stilt mig um að lýsa samúð minni með brtt. þeirri, sem hv. 1. þm. Reykv. (MJ) flytur um viðbótarstyrk til Íþróttasambands Íslands. Jeg hefi verið svo heppinn að vera viðstaddur íþróttasýningu þessara ungu og efnilegu Íslendinga, og jeg verð að segja það, að sú skemtun átti vel við mitt skap. Þessir ungu menn, sem stunda fagrar og heilsusamlegar íþróttir, eru boðberar út um sveitir landsins, og því er sjálfsagt, að ríkið styrki þá í starfsemi sinni. Jeg vil mæla hið besta með þessu og vona, að deildin samþ. það.

Jeg held, að jeg hafi þessa ræðu ekki lengri, en ef einhver hv. þm. vill ósanna það, sem jeg hefi sagt í sambandi við þessar brtt. mínar, þá mun ekki standa á mjer til að rökstyðja mál mitt enn betur. Samt geri jeg ekki ráð fyrir þeim möguleika, síst hjá sæmilega sanngjörnum mönnum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla að byrja á þeim þm., sem síðast talaði og jeg hefi sjerstaklegt dálæti á, hv. þm. Barð. (HK). Hann flytur till. um, að stj. verði veitt heimild til að kaupa húseign Einars M. Jónassonar, fyrverandi sýslumanns. Jeg skal játa, að það spillir engu, þótt þessi till. verði samþ., en nú stendur svo sjerstaklega á, að þessi sýslumaður skuldar ríkinu vegna dánarbúa og annars samtals eitthvað um 140 þús. kr., og nemur það miklu meiru en þessi húseign kostar. Þó að þessi maður eigi miklar eignir og búast megi við, að ríkissjóður fái sitt að fullu, verður fyrst gengið að þessu húsi. Stj. hefir gert ítrekaðar tilraunir til að fá Einar til að borga, en það hefir ekki tekist og hann harðlega neitað, svo að annað er ekki að gera en ganga að eignunum. Jeg veit, að hv. þm. hefir ekki vitað, að skuldin var svona mikil, en eins og nú er komið, er till. algerlega þýðingarlaus. Aftur á móti væri sjálfsagt, ef þessi sýslumaður væri að flytjast í annað embætti, að ljetta undir með fráfarandi og aðkomandi embættismanni. En eins og nú stendur á, gerir það hvorki til nje frá, þó að till. verði samþ.

Þá kem jeg að till. þeirra hv. 1. þm. Rang. (EJ), 2. þm. Rang. (Gunn S) og háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl), um að endurgreiða Rangárvallasýslu nokkurn hluta af byggingarkostnaði á Holtaveginum. Vil jeg í því sambandi minnast á till. hv. þm. Borgf. (PO) um að endurgreiða Mýra- og Borgarfjarðarsýslum helming viðhalds- og endurbyggingarkostnaðar á Borgarfjarðarbraut. Jeg vil eindregið mæla á móti henni, því að ef hún

nær fram að ganga, koma aðrar sýslur með sömu kröfur. Slíkt fordæmi má ekki gefa. Aftur á móti stendur sjerstaklega á með Holta- og Flóavegina. Það er blóðugt ranglæti, ef landið hleypur ekki undir bagga með þessum hjeruðum. Það stendur hvergi eins á. Vegir annara sýslna koma íbúunum sjálfum að mestum notum, og þótt langferðamenn noti þá nokkuð, t. d. í Húnavatnssýslu og Borgarfirði, slíta þeir vegunum ekki að nokkrum mun, þar sem þeir ferðast svo að segja eingöngu á hestum. Um Holta- og Flóavegina fara á hinn bóginn stundum daglega á sumrin hundruð bíla, og má nærri geta, hvað þeir slíta vegunum. Þessir bílar eru að mestu leyti óviðkomandi þessum hjeruðum og í þjónustu Reykvíkinga, sem eru í skemtiferðum á þessum slóðum. Jeg vil því skjóta því til hv. þm. Borgf., hvort ekki sje rjett, að Reykvíkingar borgi þetta slit á vegunum, úr því að það er frá þeim runnið, eða landið fyrir þeirra hönd, þar sem þeir greiða mest í ríkissjóðinn. Auk þess ber á það að líta, að vegarstæði í Holtum og Flóa er hið versta, jarðvegur víða gljúpur og óvenjulegur vatnsagi. Varð að flytja grjót að langar leiðir ofan í vegi þessa, og kostar hver meter í viðgerð þeirra margfalt á við venjulega vegi annarstaðar í landinu. Stj. þvingaði viðkomandi hjeruð til að endurbyggja vegina, og það er fullkomin sanngirniskrafa, að nokkur hluti þess kostnaðar, sem endurbyggingin hafði í för með sjer, verði gefinn eftir. Það geta ekki komið fram hliðstæðar kröfur frá nokkurri sýslu annari. Þessar kröfur Sunnlendinga eru í alla staði rjettlátar, og þótt jeg álíti ekki nema sjálfsagt, að menn borgi skuldir sínar, er það afsakanlegt, þó að Rangæingar hafi ekki greitt þetta nauðungarlán, sem öll sanngirni mælir með, að Reykvíkingar borgi, eða landið í þeirra stað, með því að þeir bera langmesta skattabyrði ríkisins.

Við aðra umr. fjárlaganna fór jeg nokkrum orðum um styrk, sem farið er fram á að veittur verði til Slysavarnafjelagsins. Mjer þótti hann of hár, með því að fjelagið er nýstofnað og ekki til neinar glöggar skýrslur um starfsemi þess. Mjer er nú málið kunnara en áður og að fjelag þetta vinnur að því af alvöru að útvega björgunarbát. Mun hann kosta um 100 þús. kr. Ætlar það að hafa hann í Sandgerði, og getur hann þá náð til Faxaflóa og suðurstrandarinnar austur undir Vestmannaeyjar. Það er reynsla erlendis, að slíkir bátar geta oft bjargað mönnum, þar sem ekki er hægt að bjarga á annan hátt. Brtt. hæstv. atvmrh. er trygging fyrir því, að fjelagið sýni varfærni í öllum aðgerðum sínum.

Ein er sú brtt. hv. 1. þm. Skagf., sem ekki fer í þá sparnaðarátt, sem sá hv. þm. mun vilja láta telja sig hneigjast að. Hann fer þar fram á að gjalda uppgjafapresti nokkuð á 7. þús. kr. fyrir verk, sem allir vita, að hann er ekki fær um að vinna. Jeg skal ekki tala langt mál, en get þó ekki komist hjá að skýra það, hvers vegna stjórnin vill leggja orðabókarstarfið niður og veita manninum styrk í 18. gr., þar sem ýmsir þeir starfsmenn eru taldir, sem þjóðfjelagið telur rjett að styrkja að nokkru.

Þetta orðabókarstarf hefir frá upp-

hafi aldrei verið annað en bitlingur, alt frá því að Jón Ólafsson var ráðinn til að vinna það og til þessa dags. Það hefir einungis verið yfirskin, til að veita mönnum, sem verið hafa í kunningsskap við mikilsmetna þingmenn, opinbert fje. Sá, sem fyrstur naut þessa fjár, var mjög gáfaður maður og hafði óefað meira til brunns að bera en sá, sem lengst hefir verið við verkið. En þegar hann hafði gefið út fyrsta hefti orðabókarinnar, skrifaði prófessor einn við háskólann, Einar Arnórsson, ritdóm um það. Heftið náði aðeins yfir fyrsta stafinn og tæplega þó; þó fann prófessorinn á skömmum tíma 1000 orð, sem vöntuðu í heftið. Þegar svo Jón Ólafsson fjell frá, var alt ónýtt, sem hann hafði gert. En þingið sat eftir með minkunina fyrir að hafa klætt styrkinn til þessa gáfaða manns þessum búningi. Eftir að Jón Ólafsson fjell frá kom til landsins dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði, ágætur málfræðingur og prýðilega til þessa starfs fallinn, ef hann hefði notið fullrar heilsu. En hann hafði þá orðið að láta af kenslu við kennaraskólann sökum heilsubrests, og því var þetta ráð tekið, að láta hann fá orðabókarfjeð sjer til uppeldis. Svo dó hann fáum mánuðum síðar. Þá kemur frá Höfn ungur maður, Jakob meistari Smári, og er látinn hafa styrkinn, ekki vegna þess að nokkur byggist við, að verkinu yrði nokkurntíma lokið fyrir hans atbeina, heldur vegna þess, að hann var þá atvinnulaus. Enda ljet hann af þessu starfi strax og embætti losnaði við mentaskólann; var það bæði betur launuð staða og tryggari. En um sama leyti flytur faðir hans til bæjarins og fær styrkinn, sökum kunningsskapar við mikilsmetinn þingmann, sem þá var. Hefir hann haldið honum síðan. Fyrir fáum árum bar jeg fram þá till. í Ed., að norrænudeild háskólans væri fengin til að líta yfir verkið. En þessir sömu kunningjar, þar á meðal Jón heitinn Magnússon, gengu á móti því, að verkið væri skoðað, og var till. feld. Íhaldsmenn í Ed. treystu ekki svo á verkið, að þeir þyrðu að láta líta á það. Það er ekki trygging fyrir neinu, enda hefir verkið aldrei verið tekið alvarlega af neinum þeim, sem vit hefir á. Allir vita, að þetta hefir frá því fyrsta ekki verið annað en framfærslueyrir til manns, sem ekki hefir þekkingu til að vinna verkið. Hliðstæð orðabók Englendinga kostaði margar miljónir króna. Þeir settu sinn lærðasta málfræðing til að hafa ritstjórn bókarinnar á hendi, Íslandsvininn prófessor Craigie, og fengu honum tilstyrk margra lærðra málfræðinga um Bretaveldi. — Það vita allir, að hjer er aðeins persónuleg fjárveiting, dulin undir þessu nafni. En það er miklu heiðarlegra að segja, að þetta sje „humbug“. En hjer er að ræða um gamlan mann fátækan, sem á bágt. Það er mannúðarverk að láta hann hafa ellistyrk, en hann verður að vera í hlutfalli við ellistyrk til annara manna, sem þjóðfjelaginu þykir rjett af einhverjum ástæðum að sjá fyrir. Styrkurinn til hans er settur svipaður styrknum til Guðjóns Guðlaugssonar. Jeg skal ekki fara hjer út í mannjöfnuð; en þó mun það alment viðurkent, að Guðjón hafi unnið áhrifaríkara starf í þágu síns þjóðfjelags heldur en þessi hversdagslegi uppgjafaprestur, sem ekkert vísinda-

legt rit liggur eftir og ekkert mælir með til orðabókarstarfsins nema það, að hann hefir gaman af íslensku. En það er fjöldi annara manna, sem hefir gaman af íslensku. Það er ákaflega hart að taka óvalinn mann, sem ekkert sjerstaklega nýtilegt liggur eftir, nema embættisverk, sem hafa verið borguð, og setja hann á hlutfallslega hærri laun en Matthías Jochumsson hafði á sínum tíma. Það er heiðarlegt af Alþingi að veita mönnum sem Matthíasi og Einari Benediktssyni heiðurslaun; slíka menn á að sæma. En það verður bókstaflega hlægilegt, þegar farið er að taka óvalda miðlungsmenn og setja þá við hlið bestu mönnum þjóðarinnar. Þessi maður er persónulegur kunningi ýmsra flokksmanna hv. 1. þm. Skagf. Pólitískar skoðanir koma þessu máli ekki við. Það voru ekki pólitískar skoðanir Einars Benediktssonar, sem þingið var að verðlauna í fyrra. Jeg er sjálfur andstæður lífsskoðun Einars Benediktssonar og mjög mótfallinn ýmsum persónulegum aðgerðum hans. En það, sem Einar hefir lagt til þjóðfjelagsins sem skáld, það álít jeg, að þjóðin eigi að verðlauna. Jeg skora á hv. 1. þm. Skagf. að koma með þau verðmæti, sem sjera Jóhannes hefir skapað íslenskri þjóð. Jeg spyr hann, hvort hann leyfi sjer að halda því fram, að þetta sje annað en bitlingur. Hvort hann treysti sjer til að leggja verk hans undir dóm sjerfróðra manna. Hvort hann haldi, að nokkrum manni detti í hug, að þótt þessi uppgjafaprestur sje látinn dunda við að orðtaka rit, þá verði það nokkurntíma gefið út. Jeg vil, að hann játi, að þetta er ekki annað en bein og bitlingur handa kunningja hans. Jeg segi ekki, að landið fari á hausinn, þótt till. verði samþykt. En það verður erfitt að spara á launum á Íslandi meðan ekki er hægt að færa í skynsamlegt samræmi styrk til manns, sem er ófær til að gera það verk, sem hann á að vinna, og sem engum manni dettur í hug, að vinni það. Engum manni með þekkingu dettur í hug að leggja þessu máli gott orð. Þá verður erfitt að færa saman embætti — prestsembætti, sýslumannsembætti —, þar sem launveruleg vinna kemur á móti borguninni. Þetta er langversta till., sem hjer liggur fyrir. Það er sú versta meðferð á fje landsins, sem hjer er farið fram á. Ef við tökum þennan mann á 6300 kr. laun, þá erum við miklu fremur skyldugir til að taka að okkur fjölda annara manna, sem hafa slitið sjer út á störfum fyrir landið.

Önnur till. frá hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Húnv. er eins vel rökstudd og rjettmæt sem þessi er órjettmæt, og eins og jeg mótmælti hinni, svo vil jeg leggja þessari liðsyrði. Það er brtt. um að veita aukastyrk til tveggja lauga í Húnavatnssýslu og Skagafirði. Að vísu mundu 2000 kr. ef til vill vera nóg. En laugarnar þarf að endurbæta nokkuð enn. Þau hjeruð, sem að þeim standa, Skagfirðingar og Húnvetningar, hafa komið þeim upp með mikilli fórnfýsi. Skagfirðingar hafa lagt í sína laug alt að 16 þús. kr., en Húnvetningar í sína 7—8 þús. kr. Þetta er góð till. Það er engin hætta á að þetta skapi hættulegt fordæmi. Það eru engar laugar, svona dýrar, sem eru komnar jafnlangt, að þær geti ekki komist undir hin betri skilyrði, sem fjárlögin nú festa.

Jeg ætla enn að minnast á eina brtt. Hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Ísaf. hafa komið með till. um að veita bókasafninu á Ísafirði aukastyrk, að því tilskildu, að Guðmundur rithöfundur Hagalín hefði þar bókavörslu. Jeg er þessari till. meðmæltur; álít þetta gott mál. Ef hv. 1. þm. Skagf. hjeldi, að jeg erfði það við þann, er orðabókina á að skrifa, að hann hefir stundum ávarpað mig miður hlýlega í blaðagreinum (**MG:** Mjer er ekki grunlaust um það.), þá má geta þess, að jeg veit ekki betur en Hagalín hafi skrifað skammagreinar um mig á hverri viku í 3—4 ár. (**MG:** En hann er hættur nú). Já, en það verður þó varla sagt, að jeg sje að þakka fyrir forn kynni. — En jeg álít, að Guðmundur sje það af okkar yngri söguskáldum, sem hafi einna mest til brunns að bera. Eins og lífsbaráttu rithöfunda á Íslandi er háttað, er ekki auðvelt að láta skáldgáfuna koma að notum, ef skáldið hefir ekki einhverja þá atvinnu, sem er gagnleg og getur um leið veitt því lífsuppeldi. Eins og Norðlendingar fengu á þennan hátt besta unga ljóðskáld landsins, Davíð Stefánsson, eins er það gott fyrir Vestfirðinga að fá eitt af efnilegustu söguskáldunum. Þyrftu Austfirðingar svo að fá eitt skáld staðfest hjá sjer. Reykjavík fær altaf án slíkra samninga töluvert af andans mönnum. En í raun og veru væri ekkert við því að segja út af fyrir sig, þótt Austfirðingum væri veittur þessi styrkur, en Guðmundur er maður vestfirskur, og margar bestu sögur hans lýsa einmitt lífi Vestfirðinga og því, sem er sjerkennilegt fyrir þá. Get jeg búist við, að það sje best fyrir skáldgáfu hans, að hann sje búsettur þar.

Jóhann Jósefsson: Jeg ætla að segja nokkur orð um tvær brtt., sem jeg á á þskj. 435,LXXXII. Þær eru báðar við 22. gr. fjárlagafrv. og fjalla um lánsheimild til Vestmannaeyjabæjar. Sú fyrri fer fram á 25 þús. kr. til þess að fullgera leikfimihús í sambandi við barnaskólann. Þetta leikfimihús hefir verið í smíðum í tvö ár, en vegna fjárskorts hefir ekki verið hægt að ljúka við það. Barnaskólinn er stór — hann tekur um 300 börn — og er mjög bagalegt að hafa enga leikfimikenslu. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta. Það er augljóst, að jafnstór barnaskóli og barnaskólinn í Vestmannaeyjum nýtur sín hvergi nærri til fulls, meðan leikfimikensla verður að mæta afgangi. Jeg vona, að háttv. þm. viðurkenni þetta og samþykki tillöguna.

Í seinni liðnum er líka farið fram á lánveitingu til Vestmannaeyja, en í öðru skyni. Undanfarin ár hefir verið mikill bagi að vöntun vatns í Vestmannaeyjum. Þingið hefir á sínum tíma veitt fje til að rannsaka fyrirhugaða vatnsveitu. Nú er þeim undirbúningi lokið og sá verkfræðingur, er við hann hefir fengist, Jón Ísleifsson, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að vatns megi að vísu afla, en hætt sje við, að það verði takmarkaður forði og varla hugsanlegt meira en svo, að nægja mundi sem neysluvatn. En eins og menn sjá, er það ekki nægilegt til þvotta, einkum fiskþvotta. Auk þess er rjett að segja það eins og það er, að eftir tillögum Jóns Ísleifs-

sonar yrði vatnsveitufyrirtækið svo kostnaðarsamt, að kaupstaðurinn mun ekki sjá sjer fært að leggja út í það í nánustu framtíð. Fyrirkomulagið er að vísu slæmt eins og nú er, en þó er það svo, að með þeim tilfæringum, sem eyjaskeggjar hafa, má segja, að enn bjargist þeir, en það er vitaskuld ekki nema tímaspursmál, þar til breyta verður um og koma á reglulegri vatnsveitu. En fiskþvotturinn er orðinn eyjaskeggjum mikið áhyggjuefni á síðari árum, eftir því sem aflinn eykst. Það er svo erfitt að hafa altaf nóg sjóvatn, að fiskimatsmenn og jafnvel landlæknir eru farnir að telja það mikið vandræðamál. Meðalafli tveggja síðustu ára er um 30 þús. skpd., en það er 1/6 af öllum fiskafla landsins, svo að mjög er nauðsynlegt, að verkunin fari eins vel úr hendi og unt er. En í vegi fyrir því er enginn þröskuldur annar en sá, að ekki fæst nægilega mikið hreint þvottavatn, annaðhvort ferskt vatn eða sjóvatn. Sú hugmynd er því mjög ofarlega hjá mönnum, að koma upp sjerstakri sjóveitu með tilliti til fiskverkunarinnar. Þetta var í fyrstu hugsað sem einkafyrirtæki, en nú hefir verið horfið frá því. Notendur vatnsins eru nærfelt allir bæjarbúar, svo að fyrirtækið er að því leyti sambærilegt við vatnsveitu annarsstaðar. Fiskiþingið hefir haft þetta vandamál til meðferðar. Þegar 1926 var málið töluvert rannsakað; einkum voru fengnar umsagnir fiskimatsmanna um það, hvað af gæti hlotist, ef ekki væri til nóg af hreinum sjó við hendina, þegar fiskurinn væri verkaður, og eins um hitt, hver tök væru á að bæta úr því. Fiskiþingið skipaði nefnd í málið, og hún bar fram tillögu, sem Fiskiþingið samþykti í einu hljóði. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa hana upp:

„Fiskiþingið mælir eindregið með því við Alþingi, að ítarleg tilraun verði gerð til þess, að vatnsleiðsla komist á fót í Vestmannaeyjum og sjóleiðsla til fiskþvotta, ef eigi finst nægilegt vatn þar í landi".

Þetta var árið 1926, á þeim tíma, sem vatnsveituhugmyndin var mjög ofarlega í hugum manna. Fiskiþingið hugsaði sjer bæði vatnsleiðslu og sjóleiðslu. En reynslan hefir kent oss eyjaskeggjum, að mesta áherslu beri að leggja á það, að altaf sje nægur sjóforði til fiskþvotta. Hugmyndin er sú, að mikill sjógeymir verði steyptur þar, sem vel næst til hreins sjávar. Hann á að rúma 2000 tunnur, sem yrði eins dags forði. Í hann yrði síðan dælt hreinum sjó og frá honum lægju æðar inn í hvert fiskhús. Bærinn hugsar sjer að hafa þetta fyrirtæki sjerstakt í bæjarrekstrinum, líkt og til dæmis rafstöð. Eiga notendur að greiða sjóskatt, þannig að fyrirtækið beri sig sjálft. En til þess að koma því á fót, verður bærinn að fá lán. Það eru því tilmæli bæjarstjórnarinnar, að Alþingi samþykki lán til þessa nauðsynjafyrirtækis, sem stendur beint í sambandi við framleiðslu Vestmannaeyinga. Um vexti og afborganir er stilt svo í hóf, að jeg vænti, að hv. dm. hafi þar ekkert við að athuga.

Þá vil jeg, fyrir hönd sjútvn., segja nokkur orð um tillögu, sem nefndin flytur á sama þskj., XXI. lið, um styrk til Árna Friðrikssonar. Forseti Fiskifjelagsins kom á fund í sjútvn. og mæltist til þess, að nefndin kæmi fram með þessa till., og gaf henni nauðsyn-

legar upplýsingar. — Hjer er um að ræða mann, sem hefir nú í 4½ ár stundað nám við Kaupmannahafnarháskóla í dýrafræði og lagt sjerstaklega stund á fiskifræði. Hann hefir notið styrks úr ríkissjóði, 100 kr. danskra á mánuði. Þess utan hefir hann fengið nokkurn styrk frá háskólanum, sem hann nemur við. Auk þess hefir hann verið dálítið styrktur af Dansk-islandsk Forbunds-Fond. Þessa styrks frá íslenska ríkinu nýtur hann nú ekki lengur. Og nú er svo komið, að hann treystist ekki til þess að ljúka því námi, sem hann hefir stundað í 4½ ár undanfarið, nema hann fái þennan 1200 kr. styrk á ári áfram.

Það er rjett að taka það fram, að eftir að hann misti af styrknum frá íslenska ríkinu, hefir prófessor Joh. Smith styrkt hann með því að leyfa honum að vinna að rannsóknum sínum á Carlsbergs Laboratorium. Það hefir hann gert af því þessi danski vísindamaður hefir sjerstaklega gott álit á þessum unga námsmanni.

Nefndin kynti sjer, eftir viðtal við forseta Fiskifjelagsins, álit Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings. Tók hann það skýrt fram, að hann væri meðmæltur því, að þessi ungi maður væri styrktur í því skyni, að hann gæti tekið upp hans starf, er sín misti við og hann þreyttist og drægi sig í hlje. Það stendur sem sje alveg sjerstaklega á um þennan mann, er hjer um ræðir. Hann var sjómaður í upphafi og stundaði sjó hin fyrstu námsár sín. Auk þess hefir hann öll skilyrði til þess að verða ágætur vísindamaður á sviði fiskifræðinnar. Hann hefir sýnt sig vera efnilegan mann og líklegan til þess að verða eftirmaður eða samstarfsmaður Bjarna Sæmundssonar. Hann á nú kost á að taka þátt í fiskirannsóknum hjá Dönum í leiðangri, sem þeir ætla að gera út til Austurlanda. Ef hann hverfur að því ráði, má eins búast við, að hann sje tapaður Íslandi sem starfsmaður í þessari grein, að minsta kosti fyrst um sinn. En það má ekki svo til ganga; við verðum að tryggja okkur starfskrafta þessa vísindamannsefnis þegar að námi loknu. Því hefir Fiskiþingið veitt 2500 kr. á ári 1929—1930 til fiskirannsókna. Og það kom greinilega í ljós í umræðum um þessa fjárveiting, að þeir höfðu þennan mann sjerstaklega í huga. Það er einsætt, að þennan efnilega námsmann beri að styrkja áfram af hálfu ríkisins þann stutta tíma, sem hann á eftir til þess að ljúka námi og geta starfað hjá þjóð sinni. Við eigum ekki völ á öðrum manni, er hafi eins góð skilyrði til þess að taka við af Bjarna Sæmundssyni; það er enginn eins vel hæfur til þess og einmitt þessi ungi maður. Það er rjett að taka það fram, að Bjarni hefir sjálfur látið það álit uppi og sagði um leið um annan mann, Pálma Hannesson, að hann hefði eftir sínum ráðum beint sjer meira að vatnarannsóknum, en þennan mann, sem nú er sótt um styrk fyrir, hefði hann haft í huga til þess að fást við fiskirannsóknir á hafinu. Fiskirannsóknum fleygir fram hjá öllum nágrannaþjóðunum, og Íslendingar geta tæplega gert minna en það, að hafa að minsta kosti einn frambærilegan mann til þess að vinna þann hluta þessa merki-

lega starfs, sem hlýtur að falla í þeirra skaut. Við höfum hingað til notið mikils góðs af fiskirannsóknum Dana hjer við land. En þess verður að sjálfsögðu af okkur krafist, að við leggjum nokkuð af mörkum eða starfskröftum sjálfir; það ætti okkur að vera því ljúfara, sem þjóðin á alla sína tilveru undir fiskiveiðunum. Þeim mun hægara ætti það að vera að leggja fram sinn skerf á þessu sviði, sem gera má ráð fyrir, að við höfum ráð á nokkrum skipum, sem bregða megi fyrir sig til slíkra hluta, sem sje varðskipin. Ríkisstjórnin hefir notað þau til að taka þátt í fiskirannsóknum.

Jeg gat þess áðan, að erindi þetta var sent til hv. fjvn. og hefði farið framhjá henni án þess hún tæki það á sína arma. Jeg vona, að það hafi hvorki orðið óviljandi nje af því, að hún áliti það svo þýðingarlítið, að því væri ekki gaumur gefandi, heldur hafi hún búist við, að sjútvn. tæki það að sjer, eins og nú er raun á orðin.

Jeg vona fyrir hönd sjútvn., að þessari einu brtt. hennar við fjárlögin verði sómi sýndur, ekki okkar vegna, sem sæti eigum í nefndinni, heldur vegna landsins, sem á að njóta starfskrafta þessa ágæta fiskifræðings í framtíðinni.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki að þessu sinni komið fram með margar till. til útgjalda, því að mjer hefir virst fjárhagurinn svo, að ekki væri rjett að ýta mikið undir aukin útgjöld. Jeg ætla þess vegna að vona, að þær fáu brtt., sem jeg ber fram, mæti sem bestum undirtektum.

Brtt. 435,XXXIV flyt jeg ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Þessi till. fer í þá átt að auka allverulega styrkinn til Staðarfellsskólans. Það virðist vera nokkurnveginn samhljóða álit manna, að eitthvað af því besta, sem hægt sje að gera fyrir sveitirnar, sje það að koma þar upp slíkum húsmæðraskólum. Nú hefir tekist svo vel til á Staðarfelli, að þangað hefir valist forstöðukona, Sigurborg Kristjánsdóttir, sem hefir sýnt sjerstaklega mikinn dugnað í forstöðu skólans þann stutta tíma, sem hún hefir haft hana á hendi. Og aðsókn að skólanum hefir reynst svo mikil, að engin tök hafa verið á að veita móttöku eins mörgum nemendum og sótt hafa um skólavist. Nú sem stendur er ekki hægt að taka við fleiri en 14 nemendum. En sú krafa er gerð samkv. reglugerð skólans, að við hann starfi 2 kenslukonur auk forstöðukonu, og verður skólinn því tiltölulega dýr í rekstri. Það kemur niður á nemendum. Hver námsmær verður að borga í skólagjald 70 kr. á mánuði. Það er of há upphæð. Bændur, sem vilja senda dætur sínar í skóla, hafa ekki ráð á því að kosta svo miklu til, enda er mjer kunnugt um, að í mínu kjördæmi, sem hefir þó sjerstök skilyrði til þess að geta notfært sjer skólann umfram önnur hjeruð, þykir þetta of hátt gjald. Þess vegna er farið fram á þennan aukna styrk til skólans. Meiningin er sú, að hægt verði að veita fleiri námsmeyjum skólavist og láta þær borga minna með sjer. Till. fer fram á 5000 kr. rekstrarstyrk, eða 1000 kr. í viðbót við það, sem er, og auk þess er gert ráð fyrir alt að 1000 kr. með námsmeyjum, 65 kr. fyrir hverja. Er það í samræmi við Blönduósskólann, er auk þessa nýtur 14 þús. kr. styrks úr rík-

issjóði. Þegar þess er gætt, sjá allir, hve kröfum þeim, er í þessari till. okkar felast, er í hóf stilt.

Þá er enn til húsabóta beðið um 2500 kr. Sá styrkur er ætlast til, að gangi til þess að koma upp útihúsum, þar sem kaupafólk og vinnufólk geti búið. Við það mundu 4—5 námsmeyjar í viðbót geta sótt skólann.

Hinn merki heiðursmaður Magnús Friðriksson, sem gaf landinu eignarjörð sína, Staðarfell, setti það sem skilyrði með gjöfinni, að þar kæmist skóli á stofn. Það var og er hans áhugamál, að sá skóli megi verða sem fullkomnastur. Jörðin Staðarfell er hlunnindajörð. Það hefir tekist svo vel til, að bróðir forstöðukonu skólans hefir tekið að sjer að standa þar fyrir búi. Hann hefir reynst afbragðs duglegur bústjóri, sýnt mikinn áhuga fyrir ræktun jarðarinnar og hafið framkvæmdir í þá átt, enda er hann orðlagður dugnaðarmaður. Þannig er ekki aðeins skólinn sjálfur, heldur og jörðin, sem er eign ríkissjóðs, í svo góðum höndum sem frekast verður kosið, svo að búast má við, að verðgildi þessarar eignar aukist stórkostlega á skömmum tíma. Til þess að þeir starfskraftar, sem þar eru að verki, geti notið sín, vona jeg, að háttv. Alþingi sjái sóma sinn í að skera ekki við neglur sjer styrk til þessa skóla. Veit jeg, að mikill áhugi var fyrir skóla á Staðarfelli áður en upp komst, og vona jeg, að sá áhugi hafi ekki dofnað við það, hve vel tókst valið á forstöðukonu skólans, hve vel byrjunin hefir tekist í hennar höndum og ennfremur það, að svo mikilvirkur maður skyldi ráðast til bústjóra á skólabúinu.

Því ætla jeg að treysta því, að hv. deild verði við þessum kröfum, sem svo mjög er í hóf stilt, svo að brtt. okkar hv. þm. N-Ísf. verði samþykt. Afleiðingin af því mundi verða sú, að lægri skólagjöld yrðu krafin af nemendum, og veit jeg það, að hv. deild leggur ekki svo litla áherslu á það.

Önnur brtt. mín er á sama þskj. XLIII. Hún fer fram á, að Stefáni frá Hvítadal sje veittur 2000 kr. skáldastyrkur. Jeg geri ráð fyrir, að spurt verði, hvort sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi til þess að veita þennan styrk eða aðra slíka styrki yfirleitt, er svo oft hafa hlotið hið óvirðulega nafn — bitlingar. Spurningin er þá þessi: Er sá maður, sem hjer um ræðir, slíkt skáld, að ástæða sje til þess að styrkja hann þess vegna? Ef hann væri það ekki, þá væri það ekki verjandi að koma með slíka till. En til þess að sýna, að maðurinn er skáld, vil jeg minna á nokkur þau skáldrit, sem hann hefir til þessa gefið út. Þau eru Söngvar förumannsins, Óður einyrkjans og nú síðast Helsingjar. Hver þessara bóka um sig er nóg skilríki til þess að slá því föstu, að hjer er skáld á ferð. Seinasta bókin hans hjet Helsingjar. Og þegar hún kom út, skeði það merkilega, að blöðin okkar, sem mjer er óhætt að segja, að eru ekki altaf sammála um alt, voru öll á einu máli um það, að þessi bók væri skáldverk. Jeg man ekki betur en allir ritdómar í öllum blöðum færu í sömu átt. Og sannleikurinn var líka sá, að það var ómögulegt annað en viðurkenna bókina. Það var ómögulegt annað en slá því föstu, að höfundurinn væri ekki aðeins skáld, heldur stór-

skáld. Jeg vildi jeg mætti lesa upp nokkur kvæði úr þessari bók, en jeg má það ekki, því að ekki er vert að tefja fundinn meira en þörf gerist. Jeg get samt ekki stilt mig um að lesa seinustu vísuna úr kvæðinu „Þjer skáld". Það er langt frá því, að það sje það besta, sem í þessari bók stendur. En það er út af ummælum, sem jeg kem að síðar. Þetta erindi hljóðar svo:

Í frama lifðuð þjer fæstir
og fjelluð móðir úr seti.
Þjer ættuð að rísa og sjá yður sjálfa
í sóldýrð á Hofmannafleti.
— Þjer eruð dýrlingar dagsins,
nú dá yður menn og víf. —
Með andlátsfregninni orðstírinn hófst
— með útfararsálminum jarðneskt líf.

Þessar tvær síðustu ljóðlínur „með andlátsfregninni orðstírinn hófst — með útfararsálminum jarðneskt líf" það eru línur, sem ætti að veita eftirtekt, því að þegar jeg lít yfir okkar sögu, þá dylst mjer ekki, hve oft líf okkar ágætismanna hefir eiginlega ekki byrjað fyr en eftir dauðann. Allir þekkja æfi Bólu-Hjálmars. Hver voru laun hans í lifanda lífi? Sultur og seyra. Eða Jónas Hallgrímsson. Hvernig var líf hans hjer? Nú er hann frægur. Nú skilja menn, hver hann var. Ef Jónas Hallgrímsson væri nú uppi og talað væri um að veita honum skáldastyrk, mundu allar hendur vera á lofti til þess að greiða atkv. með slíkri styrkveiting.

Það munu koma þeir tímar, að það fje, sem fer til hugsjónamanna þjóðfjelagsins, skálda, listamanna o. s. frv., verður ekki lengur nefnt hinu lítilsvirðandi nafni: bitlingar. Það verður talið þarfasta fjeð, sem veitt er í fjárlögum. Það eru svo margir, sem því ver og miður tala til hins lægsta í þjóðareðlinu, að ekki veitir af, þótt eitthvað sje gert fyrir þá, sem geta göfgað hugsunarhátt heillar þjóðar. Það eru skáldin og listamennirnir, sem hafa það háleita hlutverk að vekja hið besta og göfugasta í fari þjóðarinnar. Þótt einn slíkur maður sje settur á 2000 kr. styrk, þá er það smáræði og smánarupphæð. Það hefir ætíð verið svo, þrátt fyrir alt bitlingatal, þá eigum við sem þjóð mest upp að unna skáldum og listamönnum. Það eru þeir, sem halda uppi heiðri þjóðarinnar út á við, svo að heimurinn veit, að hjer á hjara veraldar býr sjerstök þjóð með sína sjerstöku menning og sína sjerkennilegu list. Það er sá djúpi sannleikur, sem við neyðumst til að viðurkenna. Jeg held jeg þurfi ekki að halda uppi orðstír Stefáns frá Hvítadal hjer í þessari háttv. deild. Jeg held við vitum allir, að hann er skáld, mikið skáld. Um það þarf engan að sannfæra. Heyrir hann þá til þeirra skálda, sem ekki er ástæða til að styrkja? Því fer mjög fjarri. Jeg get ekki komist hjá að segja það, að Stefán frá Hvítadal er mjög fátækur maður. Þótt hann sje kendur við Hvítadal — en Hvítidalur er sem kunnugt er höfuðból —, þá á hann þar ekki heima. Hann býr í litlu koti í Svínadal við sára fátækt. Það fer ekki framhjá þeim, er þangað kemur, að fátæktin ræður þar húsum. Jeg heimsótti Stefán eitt sinn og sá það með mínum eigin augum. Meðal annars kom jeg inn í litla kompu, er hann situr í, þá er hann sinnir ritstörfum eða annari andlegri iðju. Mjer var það ljóst, að fátæktin rjeði einnig í

þessari litlu kompu. En það var annað, sem mjög vakti undrun mína og aðdáun. Þrátt fyrir það, hve fátæklegt þar var um að litast, duldist ekki, að þar var listamannssmekkurinn ráðandi. Þó að jeg hefði ekki vitað, að þar bjó skáld, þá hefði verið ómögulegt annað en sjá, að hjer bjó hinn sanni listamaður, með hinn næma smekk, sem hafði gripið inn í hvert smáatriði, jafnvel það, hvernig stólunum var raðað á gólfinu og hvernig myndirnar hjengu á veggjunum. En það er ekki nóg með það, að hann sje fátækur og verði að búa við sömu kjör og ýmsir stórir listamenn á undan honum, en hann á einnig að sjá fyrir mikilli fjölskyldu, og það sem verst er, heilsa hans er ekki góð. Það er því ástæða til að samþykkja þessar litlu 2000 kr. Jeg er viss um, að hverjum einasta þm. er óhætt að greiða óhræddur atkv. með því. Enginn einasti maður hjer á landi, sem ann skáldskap og list, mun sjá eftir þessari litlu upphæð nje átelja þingmenn fyrir að veita hana. Tímarnir breytast, en gamla sagan helst, að listamennirnir verða að berjast við sult og fátækt, einkum þeir, sem mest gagn gera. Jeg vona nú, að hv. þm. mótmæli þessari gömlu sögu fyrir sitt leyti með því að greiða atkvæði með þessum litla styrk. Að jeg tók ekki til hærri upphæð, stafar sennilega af því, að jeg er sjálfur svo bundinn af þröngsýninni, er viðurkenna á andans menn, að jeg kemst ekki lengra fram úr samtíðinni en þetta. Eitt verð jeg að segja að lokum, að jeg veit, að jeg baka mjer reiði skáldsins frá Hvítadal með því að skýra hjer frá öllum hinum miklu erfiðleikum hans. Hann barmar sjer ekki sjálfur og má ekki heyra talað um fátækt sína. En jeg hefi skoðað það skyldu mína að láta Alþingi vita um þetta, svo að það í nútíðinni gæti bætt fyrir syndir sínar úr fortíðinni. Vona jeg, að hv. deild viðurkenni í einu hljóði, hvað þetta er sanngjarnt mál, með því að samþykkja þennan litla styrk.

Þá á jeg hjer eina till. á sama þskj. LXVII. lið, til Jóns Klemenssonar í Hundadal í viðurkenningarskyni 300 kr. Þessi maður er orðinn háaldraður og heilsulítill, fjekk slag síðastl. ár, en hann hefir gegnt ýmsum opinberum störfum með sóma, þar á meðal verið sáttanefndarmaður í 40 ár. Það ætti sannarlega vel við að veita þessum manni viðurkenningu, þótt lítil sje.

Þá vil jeg ennfremur gera grein fyrir atkv. mínu um till. frá hv. 1. þm. Skagf. (MG) um að veita Jóhannesi L. L. Jóhannssyni 6300 kr. til þess að safna til ísl. orðabókar. Jeg ætla að greiða atkv. með þessari till. Það er nú stundum talað um, að menn geri þetta eða hitt af „pólitískum ástæðum". Ef jeg gerði það í þessu tilfelli, þá ætti jeg að greiða atkv. móti þessari till., því pólitískt sjeð hefir Jóhannes gert mjer alt til bölvunar, og jeg vildi gjarnan skamma hann, ef það ætti við hjer í hv. deild. En mjer finst illa með hann farið af stjórnarinnar hálfu. Jeg skal ekki dæma um vísindamensku hans. Ber ekki skynbragð á slíkt, en síst ætti hann nú að vera ver til starfans fallinn en þegar hann var í fyrstu tekinn til hans. En það er rangt, að þessi maður var tekinn frá embætti og settur í þetta starf, og það að ráði þingsins og þeirrar

stjórnar, er veitti þetta. Nú er Jóhannes orðinn sjötugur og ekki að búast við, að hann geti tekið við prestsstarfi aftur nje byrjað nýtt starf. Mjer finst því kaldranalegt að setja hann þannig út á kaldan klaka og get ekki greitt atkv. með því. Það verður að taka tillit til vilja undanfarinna þinga, og því kemur ekki til mála að varpa þannig sjötugum manni út á þann kalda klaka, sem stj. hefir búið honum með hinum smáu eftirlaunum, er honum eru ætluð í stjfrv. Þetta er þá greinargerð fyrir mínu atkv. í þessu máli.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það verða nú ekki margar till. háttv. þm., sem jeg minnist sjerstaklega á. Mjer finst, að um margar þeirra megi segja hið fornkveðna: „Sumt var gaman, sumt var þarft, — en sumt vjer ekki' um tölum". Jeg álít, að í raun og veru megi vorkenna hv. þm. þetta sem hverja aðra þraut eða böl, sem þeir máske óhjákvæmilega verða að bera, að koma fram með allar þessar till., sem þeir sjálfsagt vildu fegnir vera lausir við, sumar hverjar. Það er nú sjálfsagt margt, sem veldur því, að þeir verða að bera þessar tillögur fram, t. d. vinátta eða kunnugleiki við þá menn, er eiga að njóta góðs af till., utanaðkomandi áhrif og þá sjálfsagt í sumum tilfellum sannfæring um það, að till. eigi rjett á sjer. Eins og jeg gat um áður, skal jeg þó ekki tala um margar brtt. nú, enda fer endanlega afgreiðslan ekki fram nú. Mun enn gefast tækifæri til að taka til máls um þær, þar sem Ed. á eftir að fara með þetta mál.

Að svo mæltu skal jeg snúa máli mínu til háttv. þm. Dal. (SE). Mjer skildist hann vera mjög hneykslaður af þeirri óhæfumeðferð, er hann taldi Jóhannes L. L. Jóhannsson hafa orðið fyrir frá stjórnarinnar hálfu, er hún samdi fjárlagafrv. sitt. Jeg veit, að þessi hv. þm. hlýtur að hafa mjög stórt og viðkvæmt hjarta, eftir þessa lýsingu hans á meðferðinni á Jóhannesi, og beindi hann sínum þungu ásökunum til mín. En jeg veit ekki, hvort hann hefir gert sjer grein fyrir því, er hann var að segja, þegar hann talaði um, að verið væri að bera þennan mann út á kaldan klaka. Jeg held, að þetta sje öfugmæli hjá háttv. þm. Mjer finst rjettara að bera þetta saman við eftirlaun annara starfsmanna ríkisins, sem int hafa af hendi langa og dygga þjónustu. Það hefði hv. þm. átt að gera, áður en hann fór að koma með þessar háfleygu hugleiðingar sínar um órjett þann, er hann taldi hjer sýndan. Þegar þetta er borið saman við kjör þau, er ýmsir aðrir sjötugir menn verða við að búa, sem eins og þessi maður eru orðnir lítt færir til starfa og verða annaðhvort að sjá um sig sjálfir eða fá lítinn eftirlaunastyrk sjer til lífsframfæris, þá er ekki hægt að segja, að illa sje farið með þennan mann. Jeg hygg, að hv. þm. hafi ekki athugað það, að auk þess, sem þessi maður fær sín embættiseftirlaun sem aðrir, þá ber stjórnin fram till. um það, að hann fái aukaeftirlaun, 1000 kr. með dýrtíðaruppbót. Þegar hv. þm. athugar þetta, þá hygg jeg, að hann sjái það, að við erum ekki eins mikil illmenni og hann hjelt. Um till. hv. 1. þm. Skagf. (M-G) vil jeg segja það, að jeg skil ekki í, að það komi til nokkurra mála, að

hún verði samþykt. Um till. frá hv. 2. þm. Reykv. (HjV) má segja það, að hún er sanni nær, en þó hygg jeg, að till. stj. sje eðlilegust og rjettust afgreiðsla á þessu máli. Jeg mun þá ekki tala frekar um þetta, en leggja það undir úrskurð deildarinnar.

Jeg skal þá, að gefnu tilefni frá hv. þm. Borgf. (PO), minnast á till. um, að Árnesingum verði gefið eftir lán, sem þeir fengu til að endurbyggja þjóðveginn austur. Þetta sýnist hafa hneykslað ýmsa hv. þm. En jeg hygg, að líkt sje ástatt um þetta og það, sem jeg ræddi áðan við hv. þm. Dal., að það sje af því, að þeir hafi ekki gert sjer málið ljóst. En þegar það er athugað, að Árnessýsla hefir lagt meira fje fram en nokkur önnur sýsla til að byggja þá vegi, sem annars er venjulegt og eðlilegt, að ríkið byggi eitt. Jeg get tekið það fram sem mína skoðun, að þegar viðhaldi veganna var velt af ríkissjóði yfir á sýslurnar, þá var það smásálarleg viðleitni til þess að ljetta á ríkissjóði. Og þá óraði menn ekki fyrir þeim breytingum, sem síðan hafa orðið á þessu. Í Árnessýslu hefir verið lögð fram meira en fjórföld upphæð við það, sem þekst hefir í öðrum sýslum og sem þó hafa borið sig illa undan þessu. Þótt Rangárvallasýsla, Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla sjeu allar teknar og framlag þeirra lagt saman, þá hafa þær þó ekki til samans lagt eins mikið fje fram til viðhalds akbrauta eins og Árnessýsla ein hefir gert. Jeg álít því, að stjórnin hafi gert rjett í því að bera þetta fram og bæta þar með úr því misrjetti að nokkru, er orðið hefir. Jeg geri því ráð fyrir því að leggja til, að sú till., að gefa aðeins eftir helming þessarar upphæðar, verði feld. En máske má nú álíta, að það sje óvenjulegt og naumast samboðið minni stöðu að leggja slíkt til. En þá er þó stór munur, að hjer er um þjóðvegi að ræða og það er ríkissjóður, sem á að borga kostnaðinn við byggingu þeirra. Og jeg álít því, að stjórnin hafi borið hjer fram algerlega rjett mál og er reiðubúinn að verja það hvar sem er og hvenær sem er.

Um till., er fer fram á eftirgjöf til Rangæinga, er það að segja, að hún hefir að nokkru leyti við sömu rök að styðjast. En þó tel jeg minni ástæðu til að veita þessa eftirgjöf. Í fyrsta lagi er um miklu minni fjárframlög frá þessari sýslu að ræða. Og í öðru lagi er miklu minni áhugi fyrir þessu innan sýslunnar. Jeg held helst, að þm. þessa kjördæmis hafi tekið það upp hjá sjálfum sjer að fara fram á þessa eftirgjöf. Jeg álít því, að þetta mál eigi þá fyrst rjett á sjer að vera athugað hjer, þegar það hefir fengið undirbúning hjá sýslunefnd Rangárvallasýslu. En hana tel jeg hinn eina og rjetta aðilja í þessu máli. En jeg viðurkenni það þó, að jeg hygg, að þessi krafa eigi nokkurn rjett á sjer, þótt jeg hinsvegar vilji ekki taka afstöðu til þess, fyr en það er hæfilega undirbúið.

Jeg vil þá snúa mjer að þeim brtt., sem eru bæði margar og nema talsverðri upphæð, er fara fram á að veita lán úr viðlagasjóði og um ábyrgð ríkissjóðs vegna ýmsra fyrirtækja. Jeg verð að játa það, að þessar till. eiga mikinn rjett á sjer og að það er fullkomin nauðsyn að verða við þeim öllum. En þó verður að taka það til at-

hugunar, að það þýðir ekki að hrúga í fjárlögin heimildum fyrir lánum svo hundruðum þúsunda skiftir, ef svo ekki er hægt að veita þau af þeirri ástæðu, að fje er ekki fyrir hendi. Það getur meira að segja verið hreinn ógreiði að gefa slíkar vonir og getur skaðað nauðsynleg fyrirtæki, þegar ekki er hægt að verða við þessum fjárbeiðnum. Þetta ber ekki að skilja svo, að jeg sje að leggja á móti þessum lánsheimildum, en jeg vildi einungis benda á ástandið eins og það er og jafnframt, að leita verður nýrra úrræða, ef hægt á að vera að verða við þessum lánbeiðnum, og er þá þingsins að gera ráðstafanir til þess að hægt sje að veita þetta. Í fjárlagafrv. eins og það er eftir 2. umr. er gert ráð fyrir því að veita 152 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Er það sem næst þeirri upphæð, sem sjóðurinn hefir yfir að ráða árlega til útlána. Í brtt. þeim, er hjer liggja fyrir, er farið fram á 220 þús. kr. lán til viðbótar, eða fram yfir það fje, sem hægt er að veita. Ennfremur er till. á ferðinni um að veita 200 þús. kr. lán til frystihúsa. Er það nauðsynjamál og ilt að verða að neita um lán til þessara fyrirtækja, þegar búið er að leggja í þann mikla kostnað að byggja kæliskip. Það má næstum segja, að skylda beri til að sjá svo um, að þetta komi að fullum notum. — Þá eru ennfremur umsóknir um lán til að stofna tvö mjólkurbú. Jeg skal ekki fullyrða um upphæðina, en sennilega er hún ekki minni en 200—300 þús. kr. Eru þá fram komnar till. um alt að miljón króna lán úr viðlagasjóði. En eins og jeg gat um áður, þá hefir hann yfir 150 þús. eða mest 200 þús. að ráða. — Hvernig er þá hægt að ráða fram úr þessu? Jú, ein leið er fær, en um það, hvort hv. þm. vilja fara hana, fullyrði jeg ekki. En hún er sú, að aðrir sjóðir, sem til eru og kynnu að geta lánað þetta fje sjer að meinalausu, væru látnir gera það. Þeir sjóðir, sem líklegastir væru til að geta gert þetta, eru bjargráðasjóðurinn og landhelgisjóðurinn. Það er ekki óhugsandi, að þeir gætu veitt slík lán til bráðabirgða. Jeg bendi á þetta af því að jeg tel fyrirtæki þessi svo þörf, að þau megi ekki stranda á getuleysi viðlagasjóðs.

Þá eru hjer till. um ábyrgð fyrir lánum. Mjer sýnist, að þingið eigi einna hægast með að verða við þeim beiðnum til styrktar fyrirtækjum, sem ekki verða framkvæmd á annan hátt en þann að fá þessa ábyrgð, einkum þar sem þessi fyrirtæki virðast vera nauðsynleg og þola enga bið.

Meðal þessara umsókna er ein frá Siglufirði, ábyrgð fyrir 250 þús. kr. til nauðsynlegra hafnarbóta. Kunnugir vita það vel, að það er ekki vansalaust, að þær umbætur hafa ekki verið gerðar fyrir löngu. En nú munu þær verða gerðar á næsta sumri, ef Alþingi bregst vel við þessari málaleitun, sem jeg tel í raun og veru sjálfsagt, því að hjer er ekki um annað að ræða en endurveitingu. Að minsta kosti liggja fyrir í lögum og fjárl. ýms vilyrði til Siglufjarðar um styrk, lán og jafnvel ábyrgð fyrir lánum, og sje jeg því ekki, að um þetta þurfi að tala. Jeg sje ekki annað en að það sje alveg sjálfsagður hlutur, að ríkið taki á sig þá ábyrgð, sem hjer er um að ræða.

Þá skal jeg næst minnast á ábyrgðina fyrir „Samvinnufjelag Ísfirðinga“, og hefir áður verið svo ítarleg grein

gerð fyrir því máli hjer í deildinni, að jeg þarf litlu við að bæta. Jeg álít þetta eitthvert hið merkilegasta fyrirtæki, sem stofnað hefir verið til hjer á landi, og ef þingið bregður nú ekki vel við, þá tel jeg, að það þekki ekki sinn vitjunartíma.

Eins og kunnugt er, hafa þeir atburðir gerst þar vestra á síðustu tímum, að furðu gegnir, að fólkið skuli hafa haft þrautseigju til að haldast þar við, þar sem kipt var burtu atvinnufyrirtækjunum fyrirvaralaust, svo að búast mátti við landauðn.

En fólkið hefir átt eitthvað eftir af hinni fornu víkingslund. Það hefir haft viðleitni til að berjast við örðugleikana og yfirstíga þá.

Jeg álít, að þessi fjelagsskapur sje svo mikilsverður, að þinginu beri skylda til að styðja hann, og jeg efast ekki um, að hann muni bera góðan árangur, ekki einungis fyrir hlutaðeigendur, sem fá þarna atvinnu og ánægju af að starfa í fjelagsskap, heldur líka til mikilla hagsbóta fyrir ríkissjóðinn, svo að hann uppskeri margfalt við það, sem hann sáir. Jeg tel það líka útlátalítið að verða við þessari ábyrgðarbeiðni, þar sem óhætt er að segja, að full trygging komi á móti.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Jeg gríp aðeins á þeim atriðum, sem jeg tel mestu máli skifta. Ef jeg ætlaði að eltast við hverja smátill., þá yrði það of langt mál.

Hv. þm. Borgf. (PO) kom fram með fyrirspurn til mín um, hvernig stæði á því, að upphæð sú, sem farið væri fram á að Árnessýslu yrði gefin eftir, væri alt önnur en sú raunverulega. Sá munur, sem hjer er um að ræða, stafar auðvitað af því, að það er ekki farið fram á eftirgjöf á öðru en því, sem lánað var. Það, sem fram yfir er, eru vextir af þessu láni, sem þegar var sýnt, að ekki var með sanngirni hægt að endurkrefja. Um vextina getur auðvitað ekki verið að ræða sem skuld, úr því að talið er sanngjarnt að gefa eftir höfuðstólinn. Þá eru vextirnir þar með fallnir.

Hv. 1. þm. Skagf. hafði beint fyrirspurn til stjórnarinnar í gær. Jeg var þá ekki viðstaddur, en mjer er sagt, að hún hafi verið á þá leið, hvort stj. hefði gert sjer það ljóst, ef úr því yrði, að lán yrðu gefin eftir, hvor ætti að bera hallann, viðlagasjóður eða ríkissjóður. Það er nú raunar svo, með því að viðlagasjóður er ekki annað en ein deild af ríkissjóðnum, að þetta skiftir ekki miklu máli. En jeg hygg, að í sjálfu sjer geti ekki verið mikill skoðanamunur um það, að ef á annað borð er talið rjett að gefa þessi lán eftir, þá sje það augljóst, að ríkissjóður eigi að bera tapið, ef tap skyldi kalla. Eðlilegast virðist mjer að framkvæma þetta á þann hátt, að innborguð væri í viðlagasjóð árlega jafnhá upphæð og vextir og afborganir mundu hafa numið, ef lánin hefðu staðið áfram. Þannig fær viðlagasjóður sitt uppborið smátt og smátt á sama hátt og annars hefði orðið á jafnmörgum árum og lánin áttu að standa. Vitanlega mætti taka þessa upphæð í fjárl. árlega, en hjer er í rauninni um svo lítið að ræða, að ekki virðist skifta miklu, hvort forminu er fylgt út í æsar eða þetta er framkvæmt á eðlilegan hátt, því að þetta

er auðvitað ekki annað en að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Aðalefni þessa máls átti að vera það, að mæla með ábyrgðarheimildunum fyrir Siglufjörð, Samvinnufjelag Ísfirðinga og Búðahrepp. Þó var það ekki síður tilætlun mín að reyna að gera það ljóst fyrir deildinni, hvernig víkur við með viðlagasjóðslánin. Þörfin á þessum lánum verður því brýnni, sem menn finna betur og betur, hversu mjög mikið er ógert hjá okkur á öllum sviðum og þörfin á framkvæmdum er nauðsynleg, ekki síst til atvinnubóta, og það litla fje, sem sjóðurinn hefir yfir að ráða, er ekki nema eins og dropi í hafinu í samanburði við það, sem með þarf til að fullnægja þörfinni. Það virðist því næstum óhjákvæmilegt að taka ákvörðun um, að taka megi úr öðrum sjóðum til þessa. Jeg álít nefnilega, að ekki sje fram komin ein einasta lánbeiðni, sem ekki sje þess verð, að henni væri sint, ef unt væri.

Haraldur Guðmundsson: Það er að þessu sinni aðeins ein till., sem jeg ber sjerstaklega fyrir brjósti, og er hún undir XCIII. lið á þskj. 435, um að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir lánum handa fjelagsmönnum í Samvinnufjelagi Ísfirðinga. Nú hefir hæstv. atvmrh. flutt brtt. við till. mína, á þskj. 460, og er aðalbreytingin sú, að í stað þess, að mín till. gerði ráð fyrir, að ríkissjóður og bæjarsjóður Ísafjarðar bæru sameiginlega ábyrgð á þessum lánum, vill hann, að bæjarsjóður beri ábyrgð á allri upphæðinni gagnvart ríkissjóði. Jeg hefði nú auðvitað heldur kosið, að mín till. hefði fengið að standa óbreytt eins og jeg flutti hana, en jeg mun þó ekki gera það að kappsmáli.

Auk þess er gert ráð fyrir því í till. hæstv. atvmrh., að ríkisstjórnin hafi íhlutunarrjett um val á forstöðumanni fjelagsins og öðrum endurskoðanda. Við þetta hefi jeg ekkert að athuga. Jeg hefi átt kost á að tala um tillögurnar við fjvn., og mun meiri hl. hennar hallast að till. hæstv. ráðh. Jeg tek því aftur mína till. og fellst á brtt. hæstv. atvmrh., en til viðbótar vil jeg segja það, að ef heimildin á að koma að fullu gagni, þarf stj. að hafa heimild til að ganga í ábyrgðina þegar á þessu ári. Enda ætla jeg, að jeg fari rjett með, að það sje einnig tilætlun meiri hl. fjvn.

Jeg veit nú ekki, hvort jeg á að láta skamt eða langt mál fylgja þessari tillögu. Það væri í rauninni full ástæða til að segja ekki allfá orð um þetta mál, en hv. þm. gerast nú, ef til vill, botnsárir og leiðir á ræðuhöldum, og skal jeg því hlífa þeim við mjög langri ræðu, en get þó ekki komist hjá að skýra nokkuð tildrög þessa máls. Ástæðurnar til þess, að tillagan er fram komin, eru aðallega tvær. Hin fyrri, en ekki sú stærri, er þörf bæjarfjelagsins og hin síðari, sem er aðalástæðan, er þörfin á að gera breytingar til bóta á fyrirkomulagi sjávarútvegsins, einkum bátaútvegsins.

Jeg skal nú fyrst víkja að fyrra atriðinu, þörf bæjarfjelagsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á Ísafirði er líf og afkoma alls þorra manna mest undir sjónum komin. Landrými og ræktunarskilyrði eru mjög lítil. Það hefir verið svo frá önd-

verðu, að Ísfirðingar hafa lifað mest á sjó og sjávarafla.

Árið 1904 eða 1905 kom fyrsti mótorbáturinn til Ísafjarðar. Síðan hafa orðið stórfeldar breytingar. Vjelbátunum fór stöðugt fjölgandi; jafnframt, einkum síðasta áratuginn, hafa þeir farið sístækkandi, og um leið og þeir hafa orðið stærri og dýrari, hefir eigendunum fækkað og loks komust þeir á mjög fáar hendur. Á síðari árum hafa aðallega gengið frá Ísafirði vjelskip, dálítið mismunandi stór, en flest um 30 smálestir. Bátarnir hafa stækkað svo mjög vegna þess, að raun sýndi um nokkurra ára bil, að þeir gáfu af sjer meiri arð, meðfram eða aðallega vegna þess, að þeir gátu farið víðar en smábátarnir, t. d. sótt afla hingað suður, þegar aflaleysi eða óveður var heima fyrir. Þessu fór fram til ársins 1926. Þá var svo komið, að allir stóru bátarnir á Ísafirði voru komnir á hendur 4 fjelaga. Í ársbyrjun 1927 gerðust svo þau tíðindi, að Íslandsbanki stöðvaði alla þá báta, sem hann til þessa hafði hjálpað um veltufje. Ef jeg man rjett, voru það 10 skip, sem þá voru stöðvuð — í byrjun vertíðar, — og var það vitanlega ómetanlegt tjón fyrir alla aðilja.

Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um þessa stöðvun, en mörgum mun hafa þótt þetta nokkuð óvenjulegar aðgerðir. Skal jeg ekki um það hafa þyngri orð nú en að kalla þetta mjög svo harkalegar aðfarir við þá mörgu menn, sem atvinnu höfðu á skipunum. Vertíðin í fyrra reyndist einhver hin aflasælasta, sem komið hefir um langt skeið, og verður naumast með tölum talið það tjón, sem bankinn gerði sjer með þessu, og enn síður þó tjónið, sem bæjarbúum, einkum sjómönnunum, var með þessu gert. Jeg hefi átt tal um þetta við einn af bankastjórum Íslandsbanka, sem nú á sæti í þessari hv. deild, og hefir hann tjáð mjer, að meining bankans hafi upphaflega verið sú ein, að taka skipin af þáverandi eigendum, en hinsvegar alls ekki að stöðva þau, heldur að sjá um, að þau yrðu gerð út. Þessi fyrirætlun hefði svo strandað á því, að sjómenn hefðu ekki viljað ganga að þeim kjörum, sem í boði voru. Mjer er hinsvegar sagt frá Ísafirði, að þetta sje ekki rjett hermt. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, verð jeg að telja það rjett, að aldrei hafi verið um kaupið deilt vestra; að minsta kosti hefir útgerðin ekki stöðvast af þeim ástæðum. Það, hvort hætt hefir verið við að gera bátana út að undirlagi bankastjóranna hjer, sem mjer þykir ólíklegt, eða útibússtjórans á Ísafirði, skal látið ósagt.

Ef um kaupdeilu hefði verið að ræða, hefði hún áreiðanlega ekki farið framhjá sjómannafjelaginu á Ísafirði. En því er ekki kunnugt um, að slíkt hafi átt sjer stað, og ekki heldur neinum sjómanni, sem jeg hefi átt tal við um þetta. Jeg verð því að álíta, að eitthvað annað en ósamkomulag um kaupgjald milli bankans og sjómanna hafi valdið því, að bankinn hætti við að gera skipin út og kaus heldur að láta þau standa ónotuð besta veiðitíma ársins. Jeg treysti mjer ekki að ámæla bankanum fyrir það, þótt hann hætti að lána eigendum bátanna fje. En jeg tel hann mjög ámælisverðan fyrir að stöðva útgerðina og banna

þar með sjómönnum og verkafólki allar bjargir.

Þegar sjeð var, að ráðin var stöðvun útgerðarinnar vestra, sneri bæjarstjórnin sjer til fyrv. ríkisstjórnar og stjórnar Landsbankans, ritaði þeim ítarlega um, hvað af þessu hlyti að leiða fyrir bæjarfjelagið, og benti á, hvernig best væri að leysa þessi vandræði. Voru þær tillögur í höfuðatriðum svipaðar því, sem ráð er fyrir gert í samþyktum Samvinnufjelags Ísfirðinga.

Mjer er ekki kunnugt um, að bæjarstjórnin hafi fengið nokkurt svar við brjefi þessu. Nema ef það má teljast svarið, að Landsbankinn fór að dæmi Íslandsbanka. Hvert skipið eftir annað hefir verið selt eða flutt burt úr bænum. Má segja, að útibúin bæði hafi gengið nokkurnveginn jafnvel fram í því að koma skipunum burtu.

Árangurinn af þessu samstarfi útibúanna er sá, að af öllum þeim skipum, sem áður gengu frá Ísafirði, gengu þaðan nú í haust 6, segi og skrifa 6 vjelbátar stórir. Samtals var lagt upp af fiski á Ísafirði árið 1927 7600 skippund; það er alt, sem fólkið á að hafa atvinnu af, verkamenn og sjómenn, sjer til framfæris.

Auk þessara 6 vjelbáta hafa gengið nokkrir smábátar, en mest af afla þeirra hefir verið selt í bæinn, tiltölulega lítið saltað. Nokkuð mun þessum bátum hafa fjölgað síðasta ár, en þó ekki svo, að miklu muni. Tvö botnvörpuskip hafa auk þess lagt upp nokkuð af afla sínum á Ísafirði. Annað þeirra er að vísu ekki skrásett þar, heldur á Flateyri, en Ísfirðingar munu þó eiga mestan hluta þeirra beggja. Samtals munu þau hafa lagt upp um 3500 skippund af þeim 7600 skpd., sem lögð voru á land á Ísafirði. Um 1000 skpd. voru seld óverkuð, svo að ekki komu til verkunar í bænum nema 6000 skpd.

Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. fjmrh. (MK) fyrir hinar góðu undirtektir og svör, sem hann hefir veitt þessu máli, og jeg vil undirstrika það, sem hann sagði, að það er furða, að fólkið skuli ekki vera flúið burtu.

Jeg hefi lauslega tekið saman, hve mörg skip hafa verið seld burtu úr plássinu, og telst svo til, að þau muni vera um 12, en að bankarnir muni ennþá eiga óráðstafað 3—4 skipum vestra.

Þannig er þá í stuttu máli útgerðarmálunum komið þar vestra. Til viðbótar vil jeg geta þess, að jeg hefi ekki orðið var við, að bankarnir eða útibú þeirra á Ísafirði hafi gert neitt til að gera bæjarmönnum auðveldara en utanhjeraðsmönnum að kaupa skipin. Þó munu um 5 skip hafa verið seld innanbæjar. Fleiri gátu bæjarmenn ekki eignast; kröfur bankanna um útborganir og aukatryggingar voru flestum sjómanna algerlega um megn að uppfylla. Það kann nú að vera, að hv. þdm. finnist þessar taps- og fátæktarsögur einkennileg meðmæli með till., en jeg tel sjálfsagt að skýra frá ástandinu og tildrögum þess, að svo er komið sem komið er.

Mjer þykir þá einnig hlýða að benda jafnframt á helstu ástæðurnar til þess, að útgerðin hefir gengið svo erfiðlega hin síðari ár og að á henni hefir tapast svo mikið fje.

Er þá fyrst að minnast á síldartöpin, sem útgerðarmenn vestra urðu fyrir 1919—1920, sem sennilega munu

hafa numið talsvert hátt á 2. miljón. Skuldir þær, sem útgerðarmenn þá komust í vegna þess að síldarsalan brást, voru þyngri baggi en svo, að vonlegt væri, að þeir gætu undir risið, þegar afurðaverð jafnframt fór lækkandi.

Mjer er ekki fullkunnugt um, hversu miklu töp bankanna á útgerðinni vestra hafa numið alls, en jeg hygg, að þau hafi ekki einu sinni numið þeirri upphæð allri, er útgerðarmenn töpuðu á síldinni 1919—1920, að viðbættum vöxtum. Sje þetta rjett, ættu bátarnir að hafa borið sig síðan, þrátt fyrir ýmsa ágalla á rekstrinum, sem hægt er að laga. Því auk síldartapanna eru margar ástæður, sem liggja alveg í augum uppi og sem eiga mjög drjúgan þátt í töpunum. Vil jeg aðeins leyfa mjer að benda á nokkrar þeirra. Nú er því svo háttað, að skip og vjelar eru oft af mjög mismunandi gerð. Það hefir þann ókost í för með sjer, að þegar vjelstjórar ganga á milli skipa, kunna þeir að fara með eina vjel, en ekki með aðra, og má því búast við, að afleiðingin verði oft sú, að vjelarnar skemmist að meira eða minna leyti fyrir vankunnáttu vjelstjóranna. Í öðru lagi þarf að liggja með dýra varahluti með hverri vjel. Ella er ekki nema um tvent að velja, þegar vjelarnar bila, annaðhvort að fá varahlutina smíðaða hjer, sem er margfalt dýrara, eða bíða meðan þeir eru pantaðir, og getur það orðið enn dýrara, ef skipin þurfa að leggjast í höfn á meðan og verða af veiðum.

Jeg hefi til fróðleiks tekið upp á blað kostnaðarreikning yfir útgerð tveggja báta um þriggja ára bil, 1924 til 1926. Þar sjest, að viðgerðir þessara tveggja báta, aðallega vjelanna, hafa komist upp í 11—12 þús. kr. á ári, en það mun svara til 7—9% af brúttó afla þeirra. Þó fóru engar stórviðgerðir eða endurnýjanir vjela fram þessi ár. Þá er annar kostnaðarliður, sem er ótrúlega hár, og það eru veiðarfæratöpin. Þau hafa numið 17—18 þús. kr., og hafa meira að segja komist upp í 20 þús. kr. á ári. Til þessa liggja tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að hlutur manna og skipstjóra er reiknaður af brúttó afla skipanna, og hin síðari, að skipstjóri og hásetar eiga ekkert í útgerðinni og bíða því ekkert tjón af því, þótt veiðarfæri tapist. Fyrir því er oft djarft sótt og lagt í tvísýnu, því að tapið lendir á útgerðinni, ef illa fer, en hagnaðurinn hjá skipshöfninni, ef vel aflast.

Þá eru tryggingar báta afardýrar. Þau ár, sem vjelbátaútgerð hefir verið rekin fyrir vestan, hefir vjelbátafjelag Ísfirðinga t. d. safnað sjer 100 þús. kr. í sjóð. Það hefir þó aðeins annast tryggingarnar að hálfu leyti, því að Samábyrgðin hefir verið í bakábyrgð og tekið helming iðgjaldanna. Hún hefir því safnað sömu upphæð í sjóð. Alls hefir þannig safnast í ofgoldnum iðgjöldum skipanna um 200 þús. kr. þessi ár. Þá hafa íshúsin verið helstu gróðafyrirtækin vestra, en það þýðir, að bátarnir hafa ofborgað beituna. T. d. hafa hlutabrjef í Íshúsfjelagi Ísfirðinga margfaldast í verði einmitt þau ár, sem útgerðin hefir tapað. Loks er eitt atriði, og það er framkvæmdastjórn þessara báta. Hún er í flestum tilfellum alt of dýr og oft óhæfilega mannfrek, samanborið við reksturinn.

Jeg held, að ef gætt er að öllum þessum ástæðum og þær rjettilega

metnar, þá þurfi enginn að undrast, þótt útkoman hafi orðið slík á útgerðinni vestra. Það mun heldur ekki einsdæmi, þótt bankarnir hafi tapað á útgerð Ísfirðinga, heldur mun líkt í ýmsum öðrum hjeruðum landsins að meira eða minna leyti, enda er talið, að bankarnir hafi tapað um 20 milj. kr. af útlánum á síðari árum. Það er því trúa mín, að ef útgerð Ísfirðinga á að teljast dauðadæmd vegna þess að bankarnir hafa tapað á henni, hljóti sami dómur að falla um útgerð annarsstaðar líka, því að víða eru töpin stórfeld, ekki síður en á Ísafirði. Reyndar mætti þá og dauðadæma fleiri atvinnuvegi en útgerð, því að hún er ekki ein um töpin; — hvað er um verslunina? Nú munu menn spyrja: Hvað hafa Ísfirðingar gert? Það stendur þó þeim næst að hefjast handa. — Jeg get svarað því, að Ísfirðingar hafa ekki legið á liði sínu. Sex af þeim bátum, er bankarnir seldu, voru keyptir af Ísfirðingum, skipstjórum, skipverjum og mönnum í landi. Fleiri gátu ekki náð í skip, vegna þess, að þá skorti fje eða tryggingar til kaupanna.

Nú fyrir áramótin var stofnað Samvinnufjelag Ísfirðinga. Var það gert í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að hjálpa mönnum til þess að eignast skip, og í öðru lagi til þess að annast sameiginlegan rekstur skipanna og sjá um, að hann verði sem hagfeldastur og ódýrastur. Í fjelaginu eru þegar 150 meðlimir, skipstjórar, aðrir sjómenn og verkafólk. Fjelagið hefir fengið loforð fyrir um 70 þús. kr. framlögum til skipakaupanna.

Jeg vil benda á það, að ekki var auðvelt að safna fje vestra, þar eð lítið hefir verið um atvinnu undanfarið og Ísfirðingar því eru illa stæðir. Þar að auki hafði svo að segja alt sparifje almennings á Ísafirði og í verstöðvunum verið tekið fyrir tveim árum, þegar safnað var hlutafje, 500 til 600 þús. kr., þeirra tveggja togarafjelaga, er jeg hefi áður um getið, svo að ekki var um auðugan garð að gresja um fjárframlög. Þetta fjelag hefir viljað láta það á sjást í upphafi, að það vildi láta sjer fyrri víti að varnaði verða og læra af reynslu liðinna ára í útgerðarmálum.

Jeg hefi áður bent á þá kostnaðarliði, sem valdið hafa því, hve erfiðlega útgerðin hefir gengið fyrir vestan. Í reglum fjelagsins er reynt að stuðla að því, að þessir liðir verði ekki eins kostnaðarfrekir og verið hefir. Ætlast er til, að hver bátur sje sameign skipstjóra, skipverja og manna í landi, og hefir því áhöfnin beinan hag af því, að vel gangi. Með öðrum orðum, skipverjar hafa þarna sinna eigin hagsmuna að gæta. Þetta leiðir til þess meðal annars, að betur er gætt veiðarfæra, farið sparlegar með olíu og betur gætt vjelar og skips. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að öll skipin verði keypt ný og sjeu þau öll af sömu gerð og með samskonar vjelum, þannig að varahluti einnar vjelar megi nota til allra hinna. Má þá gera ráð fyrir því, ef keypt eru 8 skip, að nóg sje að kaupa varahluti til tveggja vjela, því að tæplega bila fleiri í senn. Þetta hefir einnig þann kost, að vjelamenn þekkja allar vjelarnar jafnvel og kunna með þær að fara. Eins og jeg skýrði frá áðan, hafa vjelaviðgerðir verið stór liður í kostnaði útgerðarinnar, en með þessu fyrirkomu-

lagi má mikið draga úr þeim kostnaðarlið.

Þá er gert ráð fyrir því, að bátarnir afli sjer sjálfir beitu og fái hana frysta í einu lagi. Má eflaust spara töluvert með því, og eins mun hægt að fá betri kjör um tryggingar bátanna, ef þeir eru trygðir allir í einu. Með því að hafa eina framkvæmdastjórn verður hún bæði betri og ódýrari. Bryggjur, hús, verkunarpláss og áhöld nota meðlimir allir í fjelagi og hafa samvinnu um innkaup og verkun aflans og sölu.

Í lögum fjelagsins er svo fyrir mælt, að hvert bátsfjelag standi í svipaðri afstöðu til Samvinnufjelagsins og bóndi með bú sitt og jörð til samvinnufjelaga bænda. Sameiginlega ábyrgðin nær ekki til skipakaupanna nje rekstrar þeirra, heldur aðeins til þeirra skulda, sem stofnað er til vegna sameiginlegra innkaupa á nauðsynjum, verkunar aflans og verslunarinnar með hann.

Auk þess má geta þess, að venja hefir verið að miða útkomu á hag bátanna undanfarið við saltfisksverð aflans. Ef fiskurinn er þurkaður og seldur fullverkaður í þess stað, rennur sá hagnaður, sem af því kann að verða, í vasa fjelagsmanna sjálfra. Hjer er byrjað á alveg nýju skipulagi, því, að allir, sem að þessu vinna, sjeu hvorttveggja í senn, atvinnurekendur og verkamenn. Þeir hafa því allir beinlínis eigin hagsmuna að gæta; ef útgerðin tapar, er það þeirra tap, ef hún græðir, er það þeirra gróði. Í þessu felst aðalmunurinn frá því, sem áður var. Þá voru fyrirtækin einstakra manna eign og mennirnir, sem við útgerðina unnu á sjó og landi, fengu kaup sitt án tillits til hags útgerðarinnar.

Með lögum fjelagsins taka menn á sig tiltölulega strangar kvaðir um tillög til sjóða fjelagsins. Af kaupi verkamanna og sjómanna skal leggja 1% í varasjóð og 3% í stofnsjóð. Af verði þess fiskjar, sem seldur er, rennur 1% í varasjóð og 2% í stofnsjóð. Í meðalári — miðað við 8 skip — má því gera ráð fyrir, að muni safnast 20 þús. kr. í sjóði fjelagsins. Ef svo færi, að þurri fiskurinn seldist hærra verði en gert er ráð fyrir, þegar saltfiskurinn er gerður upp til bátanna, renna 30% af þeim hagnaði til sjóða fjelagsins. Á þennan hátt eru sjóðnum trygðar talsverðar tekjur, enda þótt hagnaður útgerðarinnar sje ekki nema í meðallagi, og því meiri, sem hagnaður er meiri.

Ennfremur er svo ákveðið í lögum fjelagsins, að það, sem kann að verða umfram saltfisksverð við sölu á fullverkuðum fiski, skuli skiftast þannig, að 20% renni til verkamanna, 20% til sjómanna, en 60% til útgerðarinnar, þar af 30% til sjóða fjelagsins, sem áður er um getið. (**ÓTh:** Við hvað miðast saltfisksverðið?). Saltfisksverð miðast við gangverð á staðnum, eða sje það mismunandi, þá er gangverð ákveðið af stjórn fjelagsins.

Með þessu er það tilgangur fjelagsmanna að tryggja það, að þótt illa ári í bili, þurfi útgerðin ekki að hætta, og má þá grípa til sjóðanna þar til horfur batna að nýju.

Fjelagið hefir farið fram á það, að ríkið ábyrgðist 400 þús. kr. fyrir fjelagsmenn, til viðbótar þeim 100 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að safnast myndu heima. Fyrir það fje var ráð-

gert að kaupa 10 skip, 40 smál. að stærð, en eftir þeim tilboðum, sem fengist hafa, má gera ráð fyrir, að þau kosti 50 þús. ísl. kr. hvert. Ef till. verður samþ., sem hjer liggur fyrir, verður ekki hægt að kaupa nema 8 skip af þeirri stærð og gerð, sem ráðgert var. Annars er ekki ákveðið að fullu ennþá, af hvaða stærð skipin verða. Getur komið til mála, að skipin verði smærri, og þá um leið fleiri, og eins er ekki útilokað, ef kaup bjóðast á skipum innanlands, að því verði tekið, þótt þá um leið falli einn höfuðkostur þessa fyrirkomulags úr sögunni, sá, að hafa öll skip og vjelar af sömu gerð. Bæjarstjórn Ísafjarðar, svo og allur almenningur kaupstaðarins er fyrirtæki þessu mjög velviljaður og óskar einskis frekar en að fá færi á því að greiða götu þess.

Jeg hefi heyrt á ýmsum hv. þm., að þeir álíti, að þetta sje mikið nýmæli og að þeir óttist, að með því sje skapað það fordæmi, ef samþ. verður, að fleiri muni á eftir koma og muni þá reynast erfitt að synja slíkum beiðnum. En þessi ráðstöfun er ekkert nýmæli. Alþingi hefir oft gert svipaðar ráðstafanir sem hjer er farið fram á að gerð verði, og aðrar ráðstafanir enn viðurhlutameiri. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að á hverju ári eru í fjárl. veitt hundruð þúsunda styrkur til verklegra framkvæmda. Nú í fjárlögunum er veittur 260 þús. kr. styrkur til jarðabótaframkvæmda. Það er ekki lán, ekki ábyrgð, heldur beinlínis gefið fje. Fje er lagt til ræktunarsjóðs, til byggingar- og landnámssjóðs; rætt er um stofnun nýbýla o. fl. o. fl.

Það er bæði rjett og sjálfsagt að styrkja menn til jarðræktar og húsabygginga í sveitum, en mjer finst skjóta allskökku við, ef á sama tíma og veitt eru hundruð þúsunda til þess að brjóta og nema nýtt land og byggja ný býli, þá sjeu á öðrum stöðum hús og mannvirki látin standa ónotuð og falla í rústir, vegna þess að íbúum þess staðar er ekki gert fært að afla sjer skipa, svo að þeir geti sjeð fyrir sjer sjálfir og notað þau hús og mannvirki, sem til eru.

Jeg hygg, ef máli þessu er ekki gaumur gefinn, þá geti svo farið, að helmingur bæjarbúa á Ísafirði verði til neyddur að flytja burt þaðan, og það myndi kosta margfalt meira í beinum fjárframlögum að hjálpa þeim til að finna nýjan dvalarstað en upphæð sú, sem hjer er farið fram á, að ríkið ábyrgist. En það þarf ekki að seilast fram í tímann; engra spásagna er þörf. Alþingi hefir áður sagt skoðun sína á þessum efnum, og gerir það raunar árlega. Nægir í því efni að minna á samþyktir Alþingis 1921. Á því þingi voru gerðar tvær samþyktir, sem jeg með leyfi hæstv. forseta vil lesa upp. Hin fyrri er þessi:

„Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 200000 kr. lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss". — Þess skal getið, að árið áður hafði þessi sama verksmiðja fengið sömu upphæð að láni úr iðnaðarsjóði. Hjer er lofað 200 þús. kr. ábyrgð til atvinnufyrirtækis í viðbót við 100 þús. kr. lán, sem áður var búið að veita.

Hin síðari er þannig:

„Ennfremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi

vegna skipakaupanna, alt að 200 þús. kr. fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábyrgð á, og með þeim skilmálum og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar".

Hjer er svo að segja gefin ábyrgð „in blanco", alt að 200 þús. kr. fyrir hvert skip og fyrir svo marga, sem kunna að fara fram á það við stjórnina. Fyrir því þingi lágu beiðnir frá þessum fjelögum um ríkissjóðsábyrgð:

Njörður	1	skip,
Haukur	2	—
Stefnir	1	—
Atlanta	1	—
Ísland	2	—
Ari fróði	1	—
Draupnir	1	—
Kári	2	—

Samtals 8 fjelög með 11 skip.

Síðar bættist Hilmir við með 1 skip.

Skuldir þessara átta fjelaga námu samtals um 3½ milj. kr., eða að Hilmi meðtöldum um 4 milj. kr. Hafi þessi heimild verið notuð, hefir stjórnin gengið í ábyrgð fyrir 12 skip og samtals 2 milj. og 400 þús. kr. Þessi ábyrgð var veitt fyrirtækjum einstakra manna. Hjer er ekki farið fram á ábyrgð Reykjavíkurbæjar, sem hafði þó mikilla hagsmuna að gæta, að halda við atvinnu í bænum, ekki heimtaður 1. veðrjettur, ekki íhlutun um forstjóraval eða endurskoðendur. Þessi heimild er samþ. svo að segja með einhug allra þm., eða var að minsta kosti mjög vel tekið, enda hefi jeg aðeins getað fundið andmæli frá einum þm. Þá var atvmrh. Pjetur á Gautlöndum. Um mál þetta segir hann svo: „Þá lítur hún (stjórnin) svo á, að ekki sje forsvaranlegt af þinginu að gefa ekki stjórninni heimild til þess að gera tilraun til þess að greiða fram úr máli þessu". — Þessi maður, sem af öllum var álitinn mjög gætinn, telur það ekki forsvaranlegt af þinginu að veita stjórninni ekki þessa heimild. — Jeg játa, að þarna var meira í húfi, ef 11—12 botnvörpungar hefðu orðið að hætta, heldur en það, sem hjer um ræðir, en upphæðin, sem ábyrgðin er tekin á, er líka 8 sinnum stærri. Hjer er að vísu einnig um fyrirtæki einstaklinga að ræða, en þetta er þó í raun og veru mál alls almennings vestra. Hjer er heimtuð ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar og stjórninni gefin heimild til þess að hafa sína trúnaðarmenn við fjelagið.

Þá vil jeg og minna á Hafnarfjörð. Ef undanþágan til Hellyer hefði ekki verið veitt, hefði áreiðanlega verið samþ. að hjálpa Hafnfirðingum með lánum eða ábyrgð til þess að eignast skip. Þetta er því ekkert nýmæli. Mjer þætti satt að segja harla óeðlilegt, ef þessari beiðni væri neitað, enda veit jeg ekki, hvert hlutverk þingsins er, ef ekki það, að styðja atvinnuvegi landsins og þar með landsbúa alla. Jeg heyri á mönnum, að þeir óttist það fordæmi, sem með þessu yrði skapað, ef samþ. verður. En þar sem hjer er um *tilraun* að ræða til nýs skipulags á vjelbátaútveginum, þá áliti jeg það óverjandi af stjórn og þingi að sinna fleiri slíkum beiðnum, fyr en sjeð verður, hver árangur verður af þessari tilraun. Verði árangurinn góður, tel jeg sjálfsagt að styðja fleiri til hins sama; ef fyrirtækið mislánast,

getur engum komið til hugar að halda áfram á þessari braut.

Jeg neita því ekki, að nokkur áhætta geti fylgt ábyrgð þessari, því að auðvitað geta altaf óhöpp komið fyrir. En áhættan er ekki stórvægileg, síst þegar þess er gætt, að með þessu eru ríkissjóði trygðar ekki óverulegar nýjar tekjur, ef ný skip eru keypt. Mjer hefir talist svo til, að innflutnings- og útflutningsgjöld af afla og nauðsynjum 8 fiskiskipa um 40 smál. að stærð myndu nema samtals ekki minni upphæð en 24—28 þús. kr. á ári. Auk þess má gera ráð fyrir því, að tekjuauki ríkissjóðs á tollum og sköttum fólksins, sem fá myndi vinnu við skipin og afla þeirra, myndi nema allmörgum þúsundum. Geri jeg ráð fyrir, að óhætt sje að áætla tekjuauka ríkissjóðs alt að 32000 kr. alls á ári, eða sem svarar ábyrgðarupphæðinni á rúmum 10 árum.

Jeg hefi til þessa mest talað um þetta mál frá því sjónarmiði, hver þörf sje á því, að fjelagið geti bætt úr því ástandi, sem útgerðarmálin þar vestra eru komin í. En eins og jeg sagði í upphafi ræðu minnar, þá er hjer jafnframt að tala um þýðingarmikla nýbreytni í útgerðarmálum. Í staðinn fyrir tiltölulega stóran rekstur í fárra manna höndum komi rekstur sjómannanna og verkamannanna sjálfra, þar sem þeir njóta arðsins sjálfir eftir afla og hirða sjálfir ávöxtinn af vinnu sinni. Reynslan hefir sýnt, að það er ekki hægt að reka smá útgerðarfyrirtæki út af fyrir sig; þau hafa ekki þrifist. Um land alt kvarta smáútgerðarmenn, og ekki að ástæðulausu. Marga þeirra skortir fje til að verka afla sinn og verða því að selja fiskinn blautan eða saltan. Þeir eru upp á náð kaupmannsins komnir; bankarnir eru flestum þeirra lokaðir. Dýr beita, sífeldar vjelaviðgerðir, dýr og óhentug veiðarfæri og lítið verð fyrir aflann. Alt hefir þetta þrengt kosti þeirra. Eigi smáskipaútgerð ekki að leggjast niður, þá verða menn að slá sjer saman í skipulagsbundinn fjelagsskap. Það er gert hjer. Hjer er reynt að sameina kosti stór- og smáútgerðar. Það er reynt að ná kostum stórútgerðar með því að kaupa mikið í einu og verka mikið í einu, en kostum smáútgerðar með því að láta menn vinna sjálfum sjer, þannig að aldrei geti verið um augnaþjónustu eina að ræða, sjómenn eða verkamenn, er sjeu áhuga- og hirðulausir um fyrirtækið, sem þeir vinna við, heldur að hver og einn hafi eiginn hagnað fyrir augum um leið og hann vinnur að hag fyrirtækisins. Og það er mín trú, að ef hægt verður að sneiða hjá stærstu agnúunum á smáútgerðinni, þá megi gera smábátaútveginn jafntryggan atvinnuveg og hvern annan í landinu. En fari svo, að alt verði látið velta áfram í sama skipulagsleysinu og verið hefir og að skipin dragist í færri og færri manna eigu, uns sjómenn allir og verkamenn verða keyptir þjónar, sem hægt er að svifta vinnunni hvenær sem er, þá segir mjer þungt hugur um framtíð bátaútvegsins.

Fyrirkomulagið, sem þetta fjelag hefir tekið upp, er í rauninni alls ekki nýtt hjer, þótt það sje nýtt fyrir sjómennina. Fjelagið hefir tekið sjer til fyrirmyndar annan fjelagsskap hjer á landi, samvinnufjelagsskap bænda. Eins og áður er sagt, verður afstaða bátaeigenda hin sama til þessa fje-

lags og afstaða bænda til samvinnufjelaga þeirra.

Það kynni nú að mega segja, að þótt vert væri kannske að gera tilraun í þessa átt til breytinga á smábátaútgerðinni, þá sje ekki ástæða til að gera hana á Ísafirði fremur en annarsstaðar. En mín skoðun er sú, að margra hluta vegna beri helst að gera hana á Ísafirði, og ber margt til þess. Fyrst er nú það, að Ísafjörður hefir um langan aldur verið einhver hin besta fiskistöð á landinu; höfn er þar ágæt, Ísfirðingar orðlagðir sjómenn og aflaklær, og ennfremur er það, að útgerðarmálin þar eru komin í slíkt kaldakol, að ekki er neitt frá neinum tekið, þó að slík fyrirkomulagsbreyting verði gerð þar á þessum atvinnuvegi. Og loks er það, að Ísfirðingar munu vera meðal þeirra manna, sem lengst eru komnir hjer á landi í skilningi á þýðingu samvinnunnar í öllum fjelagsmálum; bæjarmenn yfirleitt og bæjarstjórnin öll fylgja eindregið þessu máli. Loks er þess að gæta, að kaupstaðurinn hefir þá aðstöðu, að hann getur lánað fjelaginu þá bestu fiskverkunarstöð, sem til er á landinu; þar getur fjelagið trygt sjer þá ágætustu aðstöðu til verkunar á afla sínum.

Jeg hefi nú sagt flest það, sem jeg vildi taka fram, en loks vildi jeg mega minna á það, að þriðja tekjuhæsta sýslufjelagið fyrir ríkissjóð utan Reykjavíkur mun Ísafjörður með sýslunum hafa verið um langt skeið, en til engra sýslufjelaga á landinu mun hafa runnið tiltölulega minni hluti af tekjum ríkissjóðs en þangað. Það er sama, til hvers er litið, hvort heldur til brúagerða, vegalagninga, síma eða skólamála. Til þess liggja fyrst og fremst tvær aðalástæður; í fyrsta lagi, að þingfulltrúarnir þaðan hafa oft ekki verið jafnkröfuharðir við ríkissjóð og fulltrúar annara hjeraða, og í öðru lagi það, að bæjarbúar hafa fyrst og fremst lagt áherslu á það að bjarga sjer sjálfir. Nú hafa Ísfirðingar verið sviftir möguleikunum til að bjarga sjer, til að neyta karlmensku sinnar og sækja gull í greipar Ægis. Skipin hafa verið af þeim tekin. Þeir biðjast ekki ölmusu, ekki styrks eða gjafa, ekki hallærisláns. Þeir biðja aðeins um, að þeim sje veitt tækifæri til að sjá fyrir sjer og sínum. Sjálfir vilja þeir leggja fram það, sem þeir geta, einstaklingar jafnt og bæjarfjelagið.

Ef þeim er veitt þetta tækifæri, ef þeim er gert fært að afla sjer skipa, þá munu þeir enn sem fyr sýna, að þeir eru menn til að bjarga sjer. Og þá mun enn sem fyr drjúpa drjúgt í ríkissjóð fyrir þeirra tilverknað.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 14. mars, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er að vísu tilgangslítið í svo löngum umræðum, sem hjer eru orðnar, og sem háttv. þm. eru orðnir þreyttir að sitja undir, að fara að tala með eða móti brtt. alment, enda ætla jeg mjer ekki að gera það, en jeg vil aðeins minnast örfáum orðum á þær brtt., er jeg á hjer. Jafnframt vil jeg minna hv. þm. á það, að þær brtt., sem fram hafa komið við fjárlagafrv., eru

bæði margar og stórar, og jeg vonast til, að þeir geri sjer glögga grein fyrir því, til hvaða vandræða það muni leiða, ef þær verða allar eða flestar samþyktar.

Mínar brtt. eru þrjár á þskj. 435, LVII, og má segja það sama um þær allar, að þær eru sjálfsagðar. Þær hljóða um fjárveitingu til búfjártryggingarsjóðs Íslands, til byggingar- og landnámssjóðs og til útgjalda vegna ráðstafana um tilbúinn áburð. Þessi löggjöf hefir nú þegar verið samþykt í Ed. og landbn. Nd. leggur til, að þessi frv. verði samþ., svo telja má víst, að þau nái fram að ganga. Verði nú þessi löggjöf samþ., þá hlýtur það að leiða til aukinna útgjalda, sem rjett er, að tekin sjeu upp í fjárlögin, og er það þá ekki annað en að svíkja sjálfan sig, ef ekki er strax ætlað fje til þeirra hluta. Um 2 fyrri liðina er það að segja, að þær upphæðir eru báðar ákveðnar í þeim lögum, sem þar að lúta, en 3. liður er aðeins bygður á áætlun, og hygg jeg, að tæplega verði hægt að áætla það nákvæmlega. Vona jeg, að allir telji sjálfsagt, að þessar upphæðir sjeu settar í fjárlögin.

Þá á jeg 4 brtt. á þskj. 460. En hvað þá fyrstu snertir, þá var búið að ræða fyrri kafla fjárlagafrv., þegar henni var útbýtt, og því tel jeg rjett að taka hana aftur. Hinar 3 eru brtt. við brtt. á þskj. 435. Hvað þá fyrstu af þessum þremur snertir, er það að segja, að fjvn. hefir í lið þeim, er hún ætlar til flugferða, komist svo að orði, að þetta fje skuli ganga til flugnáms. En ef þetta verður ákveðið svo eins og í brtt. fjvn. stendur, þá þykist stjórnin ekki hafa nógu frjálsar hendur, því þá má ekki verja fjenu til annars en flugnáms, og þess vegna hefi jeg borið fram þessa brtt. En svo stendur á, að í sumar koma hingað, að öllum líkindum, menn frá Þýskalandi til að undirbúa hjer flug, og þarf þá stjórnin líklega á einhverju fje að halda í því sambandi. Það er þess vegna, sem jeg hefi farið fram á, að orðalaginu væri breytt, svo að stjórnin hefði frjálsari hendur til að ráðstafa þessu fje.

Þriðja brtt. mín fjallar um styrkinn til Slysavarnafjelags Íslands. Mjer finst rjettara að orða þetta svo, að þessi upphæð verði veitt til slysavarna. Ef orðalagið er eins og í brtt. fjvn., þá er stjórnin skyldug að greiða þessu fjelagi þessa upphæð. En jeg álít heppilegra, að stjórnin hafi þessi mál í sinni hendi, því þó engin ástæða sje til að vantreysta þessu fjelagi, þá er það þó alveg óreynt og óvíst enn sem komið er, hversu athafnamikið það verður.

Síðasta brtt. mín á þskj. 460 er við brtt. nr. XCIII á þskj. 435, frá hv. þm. Ísaf. (HG). Hann hefir nú þegar talað svo vel fyrir till. sinni og skýrt hana svo rækilega, að þess gerist ekki frekar þörf. Og jeg get tekið undir þau orð hæstv. fjmrh., að þetta er mjög merkilegt mál, og frá mínum bæjardyrum sjeð, þá ber ríkinu rík skylda til þess að styðja þetta fyrirtæki. Við Ísafjarðardjúp búa menn, sem eru mjög duglegir til sjósóknar, og þess vegna er þarna ágætur staður til þess að fara á stað með tilraun til fiskiveiða á þeim grundvelli, sem hjer um ræðir. Þetta skipulag hefir nú undanfarandi ár verið notað í ýmsum sveitum landsins og gefist mætavel. Og þó

að það hafi að vísu verið á nokkuð öðru sviði, þá tel jeg sjálfsagt að gera tilraun með þetta hvað sjávarútvegsinn snertir, því jeg tel allar líkur til þess, að það geti líka gefist vel þar. Reynsla undanfarandi ára hefir líka sýnt, að það skipulag, sem nú er á útgerðinni, hefir ekki gefist vel, því það mun óhætt að fullyrða það, að á síðustu 10—15 árum hafi lánsstofnanirnar tapað alt að eða yfir 20 milj. kr., og tiltölulega miklu af því á stórútgerðinni. Það virðist því sjálfsagt að gera tilraun með það að reka útgerðina á öðrum grundvelli. Og þegar ekki er hætt meiri fjárhæð en hjer ræðir um, lít jeg svo á, að það sje skylda stj. að styðja slíka tilraun.

Það hafa komið fram í blöðum þeim, er andstæðingar stj. standa að, ummæli, er hafa miðað í þá átt að gera þetta tortryggilegt, en slíkt er svo alvanalegt úr þeirri átt, að ekki verður tekið tillit til þess. Og hv. þm. Ísaf. vil jeg segja það, að okkur, sem erum samvinnumenn, þykir vænt um þessa till. hans. Og það er vegna þess, að með henni hafa þeir jafnaðarmennirnir, sem þó annars vilja koma á ríkisrekstri, viðurkent, að það skipulag, sem við berjumst fyrir, samvinnustefnan, er gott og til farsældar fyrir þjóðina. Þess vegna tek jeg vel undir þessa till. hv. þm.

Brtt. fer fram á að breyta 2 atriðum í till. hv. þm. Ísaf. Í fyrra lagi, að Ísafjarðarkaupstaður ábyrgist á undan ríkissjóði, eins og venja er til um hliðstæð lán, en ekki að kaupstaðurinn ábyrgist ásamt ríkissjóði. Og í öðru lagi, að stj. geti haft hönd í bagga með því, hverjir verði stjórnendur þessa fjelagsskapar, þannig að hún samþykki forstöðumann fjelagsins og annan endurskoðandann. Mjer finst nefnilega rjett, þegar nýju fjelagi er fengið svo mikið fje til umráða, að stjórnin geti haft eftirlit með því, hvernig því er varið. Jeg skal svo ekki ræða þetta frekar, en get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að jeg hygg, að hjer sje um mjög merkilegt mál að ræða, mál, sem getur orðið til mikillar farsældar fyrir sjómannastjett þessa lands.

Ólafur Thors: Jeg á aðeins 2 smábrtt. við þennan kafla fjárlagafrv., báðar á þskj. 435. Sú fyrri, sem er nr. LI, hnígur að því að hækka styrkinn til listasafnshúss Einars Jónssonar í 4 þús. kr. úr 3500 kr. Þessi fjárveiting var 4 þús. 1926, en 1927 var hún lækkuð niður í 3500 kr., en það hefir sýnt sig að vera of lítið. Og þar sem hjer er farið fram á svona litla hækkun í svona góðu augnamiði, þá vona jeg, að jeg þurfi ekki að tala frekar fyrir henni, til þess að hv. deild samþykki hana.

2. stafliður fer fram á, að fyrir 4 stundir komi 2 stundir. Í þessu felst sú ósk, að safnið sje ekki opið nema einu sinni í viku, aðeins á sunnudögum. Á miðvikudögum koma að jafnaði 2—4 gestir, en á sunnudögum 30—50. Kostnaður við hverja sýningu er 4 krónur, og þykir slíkt óþarfur kostnaðarauki fyrir miðvikudagana, þegar ekki fleiri sækja, og ekki er búist við, að þurfi að koma neinum til óþæginda.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj., LXXXVII. lið, sem fer fram á að heimila stjórninni að veita Sveini Gíslasyni 10 þús. kr. eftirgjöf af 30

þús. kr. kaupverði jarðarinnar Leirvogstungu í Mosfellssveit. Svo er mál með vexti, að þessi maður keypti jörðina fyrir nokkrum árum, meðan dýrtíðin var sem mest, eða 1924, fyrir 30 þús. kr. Síðan kaupin fóru fram, hefir aðstaðan til þess að reka bú á þessari jörð með sæmilegum hagnaði breytst ákaflega mikið, og þá fyrst og fremst vegna þess, að verð mjólkur hefir fallið mjög mikið. En aðalframleiðsluvara þessa bús er mjólk, sem seld er hingað í bæinn. Jeg hygg, að mjólkurverðið hafi verið, þegar kaupin fóru fram, 60—70 aurar lítrinn, en nú er hann 40 aurar, og má gera ráð fyrir, að lækki enn meira á næstunni. Maðurinn, sem jörðina keypti, er efnalítill og hefir því bága aðstöðu til að standast greiðslu þessarar skuldar, nema hann fái einhverja tilhliðrun um kaupverðið. Jörðin er metin að fasteignamati 8 þús. kr., hús á jörðinni eru metin á 6. þúsund. En þau hús á ábúandinn sjálfur. Þess má geta, að aðalræktun túnsins, sem jörðinni fylgir, hefir þessi sami ábúandi framkvæmt, svo að hann væri verður að njóta góðs fyrir.

Það er náttúrlega ekki mín meining að hallmæla ríkisstjórninni á hverjum tíma fyrir það að halda vel á eignum ríkissjóðs og farga þeim ekki nema fyrir fult andvirði. En hitt þykir mjer ekki ósennilegt, að ríkissjóður, ekki síður en einstaklingar, sjái sjer fært, þegar fátækir aðiljar hafa keypt því verði, sem innan skamms sýnir sig að vera alt of hátt, að sýna þá tilhliðrunarsemi og slá eitthvað af andvirðinu. Það er þetta, sem farið er fram á hjer og jeg þykist með fullri sanngirni geta mælt með við hv. þd.

Jeg vil þá til enn frekari sönnunar mínu máli aðeins geta þess, að þetta mál hefir verið lagt fyrir landbn. Nd. og hún einhuga mælt með því, að þessi afsláttur verði veittur. Jeg hirði ekki um að lesa alt brjef landbn. upp, en ætla aðeins, með leyfi hæstv. forseta, að lesa niðurlagið. Það hljóðar þannig:

„Nefndin leggur til, að landsstjórninni heimilist að gefa greindum bónda eftir af hinu umsamda kaupverði þessarar jarðar 10 þús. kr. og að breyta árlegri greiðslu af jarðarverðinu hjer eftir í samræmi við það, að hið upphaflega verð hafi verið 20 þús. kr.“

Jeg skal ennfremur geta þess, að samkv. brjefi landbn. telur hún, eftir að hún hefir rannsakað málið, að sannvirði þessarar jarðar muni vera hæfilega sett 15—16 þús. kr.

Hjer hefir um þetta mál fjallað sá aðili, sem til þess er bær og maður verður undir slíkum kringumstæðum að taka meira mark á en þótt einstakir þingmenn beri fram umsagnir sínar. Því að það er rjett, sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu í gær, að hv. þm. flytja oft fram ýmsar málaleitanir, sem jafnvel þeim sjálfum þykir ekki alveg sjálfsagt að nái samþykki, en gera það vegna þess, að þeir telja sjer skylt að verða við málaleitun umbjóðenda sinna, kjósendanna. Þess vegna er það rjett, sem hæstv. ráðh. sagði, að það ber ekki altaf að taka slíkar óskir með sjerstakri alvöru. En hjer er sem sagt dómur hv. landbn. óskiftrar um þetta mál, sem ætti að nægja til að sýna, að sanngirni fylgir málaleitun. Jeg vænti því, að hv. deild líti annarsvegar á fátækt kaupanda, en hinsvegar á gerbreytingu á verðmæti hins

keypta frá því kaupin fóru fram og til þessa dags.

Jeg hefi ekki flutt fleiri brtt. við þennan kafla fjárlagafrv. að öðru en því, að jeg er meðflm. að tveimur brtt.

Fyrir annari þeirra, nefnilega fjárveitingu til Guðmundar Kambans skálds, hefir þegar verið talað svo vel af hv. frsm. (BÁ), að jeg finn enga ástæðu að bæta neinu við. En um hina vildi jeg fara nokkrum orðum, sem er XXVI. liður og fer fram á, að Leifi Ásgeirssyni sje veittur viðbótarstyrkur, 600 kr., til þess að stunda stærðfræði- og landmælinganám í Göttingen.

Jeg hefi nú aldrei heyrt eða sjeð þennan unga mann og ber á hann engin kensl önnur en þau, sem jeg hefi aflað mjer nú í sambandi við þessa málaleitun hans. En þau eru líka alveg næg til þess, að jeg hefi með ánægju gerst meðflutningsmaður að þessari till. og boðist til að mæla fyrir henni.

Þessi ungi maður lauk prófi síðastl. vor frá mentaskólanum. En svo undarlega stendur þó á, að hann hefir aldrei setið þar nje í neinum skóla, sem ríkið kostar, og hefir því ríkið í raun og veru aldrei lagt honum eyri af mörkum til náms. Er þess vegna nokkur ástæða til að fara fram á, að ríkið leggi honum nú meiri viðbótarstyrk heldur en öðrum námsmönnum, sem styrk hljóta. Þessi maður er þannig efnum búinn, að óhugsandi er, að hann geti lokið námi, ef hann fær ekki meiri styrk en hann nú nýtur frá ríkinu. En hitt má og telja víst, að fái hann viðbótarstyrk, mun hann ljúka námi.

Með þeim mun betri samvisku ber jeg fram þessa till., að það er viðurkent, að okkur Íslendingum er þörf að koma okkur upp manni í þessari fræðigrein; því að það hlýtur að bera að því, að við tökum við þar, sem Danir hættu landmælingum. Það er ekki vansalaust, ef við látum jafnstóran hluta landsins verða órannsakaðan og nú er. En um námshæfileika þessa eina Íslendings, sem þetta nám stundar, vil jeg segja það, að þrátt fyrir það, að hann hefir engrar kenslu notið í skólum ríkisins, og þrátt fyrir það, að hann hefir orðið að vinna fyrir sjer með kenslu jafnframt náminu, hefir hann samt hlotið hæstu einkunn, sem gefin hefir verið, við þau próf, sem hann hefir tekið. En þetta er svo frábærlega vel gert, að það mun vera algerlega einsdæmi. Það er æfinlega svo, að sá þykir með afbrigðum vel að sjer og ágætlega að sjer ger um námshæfileika, sem nær með utanskólanámi prófi vel fyrir ofan meðallag þeirrar einkunnar, sem skólapiltar hljóta. En þegar þessi maður hefir náð hæstu einkunn allra þeirra, sem gefnar eru við slík próf, þá ætti hann fyrir það eitt að verðskulda, að ríkið sýndi honum meiri sóma en öðrum námsmönnum. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. þessa till., þar sem svo gild rök liggja fyrir sem jeg hefi borið fram, og mun jeg þó síst hafa sagt um of.

Þá á jeg ekki fleiri brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Og þó að ástæða væri til að segja nokkuð meira í tilefni af ræðu hv. þm. Ísaf. (HG) í gær, þá ætla jeg að leiða það hjá mjer að þessu sinni og vita, hvort ekki verða aðrir til þess að andmæla því, að ríkissjóður taki á sig þá ábyrgð,

sem till. hv. þm. fer fram á. En verði ekki aðrir til þess, mun mjer þykja rjett, að hún nái ekki svo lögfestu, að enginn mæli henni í gegn.

Jón Sigurðsson: Jeg á hjer brtt. ásamt þremur öðrum hv. þm. á þskj. 468. Það er styrkur til Magnúsar Þorlákssonar á Blikastöðum til kenslu í verklegri búfræði. Það hefir verið á það drepið hjer í hv. deild, hve ónóg búnaðarkenslan væri, sjerstaklega á verklega sviðinu. Það er nú svo, að þær breytingar á búnaðarháttum, sem nú eiga sjer stað, eru að verða stórstígari með hverju ári og útheimta venjulega meiri kunnáttu en áður, meðan sama búskaparlag var og sömu tæki notuð eins og fyrir 100 árum síðan. Með breyttum búnaðarháttum koma vitanlega ný verkfæri og margt annað nýtt, sem þeir, er upp taka, verða að kynna sjer rækilega til þess að ekki fari alt í handaskolum. Það er hlutverk búnaðarfræðslunnar að veita þekkingu í þessum efnum, og sjerstaklega þeirrar verklegu. Við getum litið til nágrannaþjóðar okkar Norðmanna og tekið þá til fyrirmyndar. Í Norður-Noregi hefir til skamms tíma verið líkt ástand um búnaðarháttu og hjer, en á síðustu árum verið gert talsvert til umbóta. Og eitt af því, sem þar hefir verið gert, er að koma á kenslu eða námsskeiðum, þar sem höfuðáherslan er lögð á verklega kenslu. En jafnframt eru piltar, sem þess óska, teknir til eins vetrar náms, og þá aðaláherslan lögð á, að kenslan sje sem hagnýtust á öllum sviðum, — valið úr það hagnýta, sem hinir bestu og fullkomnustu búnaðarskólar kenna.

Mjer vitanlega hefir aldrei verið gerð nein tilraun með þetta hjer á landi, en nú er sú hugmynd í ráði, sem farið er fram á fjárstyrk til. Það vill svo vel til, að hjer eru þrír menn, sem hafa tekið höndum saman um þetta. Eru það þeir Magnús Þorláksson bóndi á Blikastöðum, Theodór Arnbjarnarson ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands og Árni Eylands, sömuleiðis ráðunautur Búnaðarfjelagsins. Það vita allir, að þessir menn eru hinir ágætustu hver á sínu sviði og landskunnir. Má þess vegna vænta mikils af þeim öllum. Við flutningsmenn gerum okkur jafnvel von um, að ef þessi tilraun hepnast, gæti það orðið til þess að gera straumbreytingu í okkar búnaðarskólamálum, — að það yrði ekki lengur látið lenda við orðin tóm með verklega kenslu, heldur verði farið að ganga að framkvæmdum af alefli.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að hafa lengri framsögu, enda gerist nú allhávært í deildinni. Jeg treysti því, að allir, sem búnaði unna og óska honum velgengni, geti stutt þessa till.

En áður en jeg lýk máli mínu, langar mig að víkja fáeinum orðum að hæstv. atvmrh. Mjer er sagt, að hann hafi ráðist á okkur hv. þm. Borgf. (PO) í Ed. vegna þess fyrirvara, sem við höfðum við nál. fjvn. fyrir 2. umræðu. Jeg get ekki neitað því, að mjer hefði fundist það drengilegra, að hann hefði gert það hjer í þessari deild, þar sem við áttum kost á að bera hönd fyrir höfuð okkar, þar sem þetta var einmitt til umræðu við 2. umr. Þó að ýmsu hafi nú verið vikið bæði að mjer og hv. þm. Borgf., þá er það samt svo ennþá, að okkur er dálítið nýtt að heyra því haldið fram,

að við sýnum samviskulaust ábyrgðarleysi og að við sjeum fjárglæframenn þjóðfjelagsins. Nú hefir fjvn. öll orðið sammála um að flytja þær till. til samgöngubóta, sem við hv. þm. Borgf. bendum til í nál., og við kunnum meiri hl. bestu þakkir fyrir þær undirtektir. En um leið og nefndin gerir þetta, er hún vitanlega öll komin í þá sömu fordæmingu sem við hv. þm. Borgf. Þá er það ekki nema eðlilegt, að meiri hl., vegna afstöðu hæstv. stjórnar, reyni að láta líta svo út, sem það hafi verið fengið meira öryggi fyrir framgangi tekjuaukafrumvarpanna, er hann gekk inn á þessi auknu útgjöld, heldur en átti sjer stað við 2. umræðu. Jeg verð að segja, að mjer er ekki kunnugt um þetta öryggi, eða að nein breyting hafi orðið frá því að 2. umr. fór fram og þangað til nefndin tók sína ákvörðun, nema ef ætti að telja það, að hv. 5. landsk. (JBald) hefir sagt eitthvað í þá átt, að hann myndi vilja stuðla eitthvað að tekjuauka, — það ætti þá að hafa verið goðsvarið, sem Framsóknarmenn biðu eftir. Í mínum augum er þessi óvissa um samþykt tekjuaukafrv. ekkert annað en tylliástæða, sem hæstv. stj. hefir notað til þess að leiða athygli frá því, að á sama tíma og hún sker stórkostlega niður til verklegra framkvæmda, samgöngubóta í sveitum, þá leitar hún heimildar til þess að leggja tvöfalt hærri upphæð í húsaskrokka hjer í Reykjavík og nágrenni.

Í þessu sambandi mun hæstv. fjmrh. hafa minst á, hver nauðsyn væri að skila fjárlögum tekjuhallalausum. Ætla jeg síst af öllu að gera lítið úr því, ef álíka varfærni er viðhöfð á öðrum sviðum. En tekjuhallalaus fjárlög hafa ekki mikla þýðingu, þegar afgreiddar eru útgjaldatill. utan fjárl., sem nema líklega yfir 3 milj. kr. Þegar litið er á þetta, hvað er það þá, sem hefir gefið hæstv. atvmrh. og blaði stjórnarinnar tilefni til þess að bregða okkur hv. þm. Borgf. um samviskulaust ábyrgðarleysi gagnvart fjármálunum? Við höfum haldið fram kröfum sveitanna um auknar samgöngubætur, brýr, vegi og síma. Við höfum talið þessar umbætur svo nauðsynlegar, að við höfum haldið því fram, að þær ættu að sitja fyrir öllu, og það jafnvel svo, að þær ættu að komast inn í fjárlög, þótt hugsanlegt væri, að af því leiddi einhvern áætlaðan tekjuhalla. Þetta kallar stjórnin og blöð hennar samviskulaust ábyrgðarleysi og fjárglæfra. Það er auðsjeð, að þetta er bændastjórn! Nú er þess að geta, að eins og jeg áður sagði, lögðum við aðeins til, að stjórninni væri heimilað í fjárlögum að verja 200—300 þús. kr. í viðbót við núverandi áætlaða upphæð í fjárlögum til samgöngubóta. Með öðrum orðum, hæstv. stjórn væri heimilt að fresta framkvæmdum, ef ekki er fje fyrir hendi, eins og jeg tók skýrt fram við 2. umr. Ef þetta eru fjárglæfrar, — hvaða orð eru nógu sterk í okkar tungu til að lýsa fjármálastefnu hæstv. stjórnar, sem á sama tíma leitar heimildar til útgjalda, þarfra og óþarfra, sem nema áreiðanlega nokkuð yfir 3 milj. kr.? Jeg hygg, að þau sjeu ekki til í okkar tungu. Við fjárveitinganefndarmenn eigum síður en svo ámæli skilið. Við höfum þvert á móti bent hæstv. stjórn á þá leið, sem hún áreiðanlega átti að

fara. Hún og meiri hl. nefndarinnar hafa orðið að taka tillögur okkar til greina og hagað sjer eftir því. Betra er seint en aldrei, og ber henni að vísu þakkir fyrir það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer þykir nú sannast hið fornkveðna, að sviður sárt brendan, því hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir nú talað af miklum móði út af því, sem jeg sagði um hann og hv. þm. Borgf. (PO), samnefndarmann hans, í Ed. Þykir mjer það ekki koma vonum fyr. En það var enginn ódrengskapur, þó jeg ljeti þessi umræddu orð falla í Ed. fyrir nokkru, því til þess var alveg sjerstakt tilefni gefið. Það var annarsvegar framkoma fyrv. fjmrh. og formanns Íhaldsflokksins og hinsvegar framkoma fulltrúa íhaldsins í fjvn. Nd. Hv. þm. hefir þá aðstöðu að geta hvenær sem er fundið að við mig, og jeg neita því harðlega, að nokkur ódrengskapur væri í því fólginn, þó jeg „konstateraði" það, sem búið er að segja í prentuðu þskj. Hv. þm. ætti að venja sig af því að vera svona viðkvæmur. Hann sagði, að það væri nýstárlegt, að hann og hv. þm. Borgf. væru bendlaðir við ábyrgðarleysi. Það er aukaatriði, en hitt skiftir mestu, hvort það er satt eða ekki. Hv. þm. hefir sagt, að hann ætlaði að bera fram till. til útgjaldaauka, þó það yrði til þess, að tekjuhalli yrði á fjárlögunum. (**JS:** Reikningslegur tekjuhalli). Þetta kalla jeg ábyrgðarleysi. Og það er óvenjulegt blygðunarleysi að lýsa því yfir fyrir þjóðinni, að hafa svona fjármálastefnu. Og jeg verð að segja það, að mjer kom það mjög einkennilega fyrir að heyra slíka yfirlýsingu frá þessum þm., eftir að hafa starfað með honum undanfarin 4 ár í fjvn., því þá hafði hann alt aðra skoðun á slíku. Jeg get því ekki fundið aðra ástæðu fyrir þessum skoðanaskiftum hans en þá, að nú er hann andstæðingur stjórnarinnar. Hvað lá þá beinna við en að feta í fótspor foringja síns, er sagt hafði áður við þá stjórn, er hann var í andstöðu við, að hún ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög? Og sje þetta alt tekið til athugunar, er ómögulegt að segja annað um það en að það beri vott um alt of mikið ábyrgðarleysi.

Það er sá stórkostlegi munur á framkomu meiri og minni hl. fjvn., að meiri hl. vill vinna að því ásamt stjórninni, að afgreidd verði tekjuhallalaus fjárlög, en minni hl. kveðst munu koma með hækkunartillögur, þó að af því leiði tekjuhalla. Stjórnin og meiri hl. fjvn. vissu, að sá tekjuauki, sem þarf til þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir, mundi fást, þó hv. þm. vissi það ekki. Hann er nú einu sinni ekki stærri en það, að það gerist hjer ýmislegt, sem hann veit ekki um. Jeg get því ekki tekið á móti neinum ákúrum frá honum og held fast við það, sem jeg hefi sagt, að fulltrúar Íhaldsflokksins í fjvn. Nd. hafi sýnt alt of mikið ábyrgðarleysi í þessu, og þeir hafa meira að segja gengið svo langt, að þeir hafa látið prenta þetta í nál. fjvn.

Gunnar Sigurðsson: Út af ræðu hæstv. forsrh. þarf jeg að segja nokkur orð. Jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir að hafa tekið upp 5 þús. kr. fjárveitingu til væntanlegs flugnáms og skal geta þess, að Eggert Briem hefir átt

tal við samgmn. og farið þess á leit, að hann fengi 10 þús. kr. styrk til þess að ljúka námi, en það kostar um 12 þús. Þetta er því ekki nema helmingurinn af þeirri upphæð, sem hann þarf, og má alls ekki skerða það. Jeg hefi hjer brjef frá Luft-Hansa, þar sem skýrt er frá því, að ekki geti komið til mála, að Eggert verði hjer við flugferðir í sumar, þar sem hann hafi ekki próf, því „assurancinn" yrði þá alt of dýr. Hann sneri sjer svo til dr. Alexanders Jóhannessonar, sem tók á sig að ábyrgjast að tryggja honum alt að 10 þús. kr. Ef Eggert fær nú ekki þennan styrk, býst hann við að verða að fara til Ameríku, því þar býðst honum atvinna, en það má ekki koma fyrir, að sleppa hjeðan efnilegum flugmanni, eins og ástatt er hjer á landi, að flugferðir eru að hefjast.

Mjer er óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd samgmn., að hún er því eindregið samþykk, að þessum 5 þús. kr. sje varið til þess að styrkja Eggert Briem til flugnáms. En hinsvegar leggur nefndin líka til, að veittar verði 2 þús. kr. til þeirra flugtilrauna, er væntanlega fara fram hjer í sumar, og skora jeg á hæstv. atvmrh. að taka þær tillögur til greina.

Magnús Guðmundsson: Mjer þykir verst, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera viðstaddur, því honum þurfti jeg aðallega að svara út af mótmælum hans gegn orðabókarstyrknum, en fyrst hann er ekki við, skal jeg fara stutt út í það. Þessi maður, sem orðabókarstyrkinn hefir haft, hefir ekki sagt starfinu lausu, og það væri því sama og að setja hann frá fyrirvaralaust og án þess að sjá honum fyrir öðru, ef hann væri sviftur þessum styrk. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., að þessi maður mundi eiga rjett til eftirlauna samkvæmt öðrum lögum frá sínum prestskaparárum. En það hygg jeg, að ekki sje, því hann ljet hvorki af prestskap sökum elli eða vanheilsu, en þær 2 ástæður munu einar veita mönnum rjett til eftirlauna. En verði nú till. 2. þm. Reykv. (HjV) samþ., þá fær hann eins há laun og hann hefir nú, en það getur þó varla verið verra en ekki neitt, sem hann starfar að orðabókinni, og þá nær að láta hann hafa fje með því skilyrði, að hann vinni að henni, heldur en veita honum jafnmikla upphæð án þess nokkuð komi í staðinn.

Af því að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, get jeg ekki farið neitt út í það, sem hann sagði um pólitíska hlutdrægni, en annars hefði jeg haft gaman að tala um það efni við hann, því að hlutdrægari mann í stjórnmálum en ráðh. sjálfan hefi jeg ekki þekt. Annars þakka jeg honum fyrir það, að hann hefir mælt með 2 öðrum till., sem jeg er flm. að. En mjög þótti honum skifta í tvö horn með þessar brtt. mínar, því eina kvað hann vera þá verstu, er komið hefði fram, en aðra einhverja þá bestu. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að ef það á að fella niður þennan styrk til orðabókarinnar, þá finst mjer rjett að fella líka niður styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar, sem hann hefir til þess að safna orðum úr alþýðumáli, því að starf hans á að vera til styrktar

orðabókinni og á því rjettilega að sæta sömu kjörum og hún.

Út af svari hæstv. fjmrh. viðvíkjandi eftirgjöfum á lánum vil jeg leyfa mjer að spyrja, hvort enn sje óákveðið, hvort þær skuli greiðast úr viðlagasjóði eða ríkissjóði. Jeg get að vísu viðurkent, að þetta sjeu í raun og veru 2 vasar á sömu flíkinni, en þó kynni jeg betur við, að ekki væri gengið á viðlagasjóðinn. Það er ekki nema rjettmæt ræktarsemi við þá forfeður okkar, sem stofnuðu hann, að halda honum óskertum. En ef mikið af lánum, er veitt hafa verið úr honum, eru gefin eftir, þá líður ekki á löngu áður hann verður stórskertur. En ef ekki á að skerða viðlagasjóð, er nauðsynlegt að taka þessar fjárveitingar upp í fjárlögin sjálf. Sú aðferð, er hæstv. fjmrh. nefndi, að veita árlega í fjárlögum þær greiðslur, sem viðlagasjóður mundi hafa átt að fá, ef ekkert hefði verið eftir gefið, er að vísu möguleg, en það þýðir ekki annað en að ríkissjóður fær lán hjá viðlagasjóði, og það þykir mjer heldur óviðfeldin aðferð.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á síðustu brtt. á þskj. 460, frá hæstv. forsrh., sem hefir nú alveg tekið það mál að sjer. Mjer kemur það undarlega fyrir, að koma skuli fram till. um að lána svona mikið út á þessi skip Ísfirðinga. Jeg varð fyrir miklum árásum fyrir nokkrum dögum fyrir að hafa lánað út á eitt skip ⅓ verðs, en hjer er farið fram á, að veittir verði ⅘ verðs eins og þau eru fullbúin til veiða. En hvað þýðir „fullbúin til veiða“ hjer? Er þar átt við, að veiðarfæri sjeu talin með, eða er þar átt við skipin eins og þau koma til landsins? Eins og menn vita, þarf oft að lagfæra og bæta ýmislegu við áður en þau leggja út til veiða. **(HG:** Eins og þau koma til landsins). Mjer þykir vænt um að fá þessu slegið föstu, að það eru aðeins skipin sjálf, en ekki veiðarfærin. Annars mætti vel segja, að skipin væru ekki fullbúin til veiða nema veiðarfæri fylgdu með. Því hefir verið svarað til í þessu máli, að hjer væri aðeins um aukatrygging að ræða. En jeg er sannfærður um það, að ef svo fer, að fjelagið getur ekki staðið í skilum, þá verður tæplega farið að ganga að kaupstaðnum, og þá verður það ríkissjóður, sem borgar brúsann.

Hv. þm. Ísaf. (HG) nefndi sem fordæmi til þessa lánið til togaranna 1921. Það má vera, að einhver líking sje þar á milli, en jeg vil minna á, að sú ábyrgð var ekki notuð nærri eins mikið og heimildin leyfði, en þó sýndi það sig, að hún var hættuleg, því ríkissjóður varð fyrir talsverðum skaða vegna ábyrgðar fyrir eitt fjelag, eins og kunnugt er. Þess vegna er ekki hægt að nefna ábyrgðina 1921 sem dæmi þess, að ábyrgð sje hættulaus, enda kom það skýrt fram í ræðu hv. þm. Ísaf., að ábyrgðin væri alls ekki hættulaus. Hv. þm. nefndi líka aðra ábyrgðarheimild, en hún var aldrei notuð, því stjórnin taldi það ekki rjett. Hann sagði líka, að þessu svipaði til samvinnufjelagsskapar bænda.

Það má vel vera, að einhver líking sje þar á milli, en á þessu er sá mikli munur, að samvinnufjelög bænda hafa aldrei farið fram á, að ríkissjóður gengi í ábyrgð fyrir þau. Og það, sem gerir það, að jeg greiði atkv. gegn þessari till., er ekki það, að jeg óttist svo mjög upphæð tapsins á þessu

eina láni, heldur óttast jeg, að fleiri komi á eftir og að þetta sje aðeins byrjun. Og ef svo fer, að margir bætast við með slíkar beiðnir, þá getur orðið erfitt að greina á milli og sjá, hvar þörfin er mest.

Hv. þm. sagði, að hjer væri aðeins um tilraun að ræða. Af því leiðir, að ekki verður gengið lengra í þessa átt fyr en sjeð er, hvernig hún hepnast, og verð jeg að álíta, að það sje skoðun hv. þm., ef því er ekki andmælt. Þetta er að vísu bót í máli, — en hve lengi á þetta þá að teljast vera á tilraunastiginu? Jeg hygg, að það þurfi nokkuð mörg ár. Og þegar koma ár eins og 1919, þá þarf mörg ár til þess að vega á móti því eina ári. Það mátti heita, að það ár setti þjóðarbúskapinn yfir um. Og það var ekki aðeins á Ísafirði, sem illa fór, heldur og miklu víðar. — Jeg býst við, að það sje ekki til neins að mæla gegn þessari till., en jeg vil aðeins undirstrika það, að þetta er af flm. hugsað sem tilraun og því ekki meiningin að styðja fleiri slíkar beiðnir fyr en sjeð er, hvernig tekst með þessa. Jeg legg mikla áherslu á þetta, því það væri undarlegt, ef ekki kæmu þegar á næsta þingi fleiri slíkar. Og þá gæti farið svo, að við værum bráðlega sokknir lengra niður í ábyrgðir en við kærðum okkur um.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg skal nú ekki vera margorður, því umr. hjer í deildinni eru nú þegar orðnar svo langar, að tæplega er við þær bætandi.

Mjer finst svipað ástatt fyrir fjvn. og bónda, sem er að heimta fje sitt af fjalli að hausti til og þarf nú að ákveða, hvað hann ætlar að setja á og hverju hann ætlar að slátra. Hann lítur yfir hópinn, fallegan og hvítan og hugsar sem svo, að gaman væri nú að setja hann allan á. En heybirgðirnar og heimilisástæður hans leyfa það ekki, og áður en hann veit af er hann byrjaður að skera og orðinn blóðugur upp á axlir.

Þeim, er fyrst sest í fjvn., er líkt farið og bóndanum. Fyrir framan hann liggur fjöldi styrkbeiðna til allskonar menningarmála og nauðsynjafyrirtækja, og hið bljúga hjarta hans segir, að gaman væri að styrkja þetta alt saman. En þá kemur nauðsynin til skjalanna og leggur honum lífsreglurnar, — og hann er farinn að skera niður áður en hann veit af.

Jeg læt mjer nægja þessa skýringu fyrir till. fjvn. og skal ekki deila um það við hv. þdm., hvað talist getur þarft. En ástæðurnar leyfa ekki meira og einhversstaðar verða takmörkin að vera. Býst jeg við, að dómar hv. þdm. um till. okkar verði misjafnir, en við munum standa saman um okkar till. og láta skeika að sköpuðu. Hinsvegar bið jeg hv. þdm. að taka ekki undirtektir okkar við einstakar till. svo, sem það sje nokkur dómur um rjettmæti eða órjettmæti þeirra. Það er aðeins nauðsynin, sem þar ræður okkar dauðadómum.

Hækkanir fjvn. og stjórnar á báðum köflum fjárlaganna nema 365 þús. kr. Eru það fjárveitingar til vega og síma og annara hluta, sem þykja nauðsynlegir. Þar af nema hækkunartill. hæstv. atvmrh. 225 þús. kr., sem gerð hefir verið grein fyrir, að stafar af áætluðum útgjaldaauka ríkissjóðs vegna frv., sem ýmist þegar hafa ver-

ið samþ. eða víst má telja, að gangi gegnum þingið.

Það þótti því sjálfsagt að taka þessa tillögu líka til greina.

Í þriðja lagi kem jeg þá að hækkunartill. frá einstökum þm. Þær nema alls 260 þús. kr. Af þeirri upphæð leggur nefndin til, að samþyktar sjeu um 30 þús. Öllum öðrum brtt. legst hún á móti, a. m. k. meiri hluti hennar. Að vísu er hún ekki með öllu óklofin, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkv. um sumar till.

Skal jeg þá stuttlega geta tillagna nefndarinnar um einstaka liði og byrja á till. á þskj. 435. Jeg ætla að taka í einu lagi námsstyrkina alla, XXI.—XXIX. brtt. Nefndinni var ljóst, að annaðhvort varð hún að leggja til að samþykkja þá alla eða engan. Hins treystir hún sjer alls ekki til, enda hefir hún engin skilyrði til þess, að gera upp á milli þessara námsmanna. Skortir hana til þess kunnugleika á hæfileikum þeirra og fjárhagsástæðum. Yrðu styrkirnir allir samþ., næmu þeir 11 þús. kr., og þar sem sá skilningur er orðinn ríkjandi, að styrkveitingar til háskólanáms, sem teknar eru upp í fjárlög á annað borð, eigi að gilda í 4 ár, og þingið hjeldi áfram að veita álíka marga styrki í hverjum fjárlögum, yrðu þeir að 4 árum liðnum komnir yfir 40 þús. kr. Er það ekki alllítið fje, enda hefir nefndin sjeð þann kost vænstan að leggjast móti öllum þessum brtt. Þó er hún skift um sumar þeirra. En um það er nefndin öll sammála, að verði á annað borð nokkuð samþykt af þeim, eigi styrkurinn til Árna Friðrikssonar, XXI. brtt., að ganga fyrir. Á. Fr. nemur fiskifræði, og mundi því verða heppilegur eftirmaður Bjarna Sæmundssonar. Við höfum nú þegar vatnafiskifræðing, en hlutverk þessa manns ætti að vera að rannsaka fiskalífið í sjónum, og er nauðsynlegt að eiga sjerfræðing í þeirri grein. Ennfremur telur nefndin, að halda beri áfram að styrkja þá menn, sem einu sinni hafa verið teknir upp í fjárlögin. Ella mætti segja, að þingið hefði gefið þeim tyllivonir, og verður því að telja, að það hafi nokkrar skyldur við þá.

Þá kem jeg að XXX. brtt., um skólagjöld. Nefndin hefir ekki getað fallist á hana, sjerstaklega af því, að hún hefir fengið yfirlýsingu frá hæstv. stjórn um það, að hún muni beita sjer fyrir því, að fátækum nemendum verði gefin eftir gjöldin, þegar sanngirni mælir með.

XXXII. brtt. er frá hv. 1. þm. Árn. (JörB), 3000 kr. styrkur til Sigurðar Greipssonar í Haukadal, til þess að koma upp íþróttaskóla — og 2500 kr. til vara. Nefndin leggur á móti hærri upphæðinni, en hefir óbundnar hendur um þá lægri.

XXXIII. brtt., um 1000 kr. til aukningar á bókasafni Hvítárbakkaskólans, er tekin aftur og yfirfærð á brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um samskonar efni.

XXXIV. brtt. er frá hv. þm. Dal. (SE) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), viðvíkjandi Staðarfellsskólanum. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á till. í heilu lagi og mælir með b-liðnum, en leggur til, að hinir verði feldir.

XXXIV. brtt. er frá hv. þm. V.-Sk. (LH), um að veita 2500 kr. til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Nefndin legst í móti þessari till. og telur

upphæðina a. m. k. of háa, þó að ef til vill væri vert að styrkja þessa húsmæðrafræðslu að einhverju leyti.

Næst kem jeg að XXXVII. brtt. Hún er frá hv. þm. V.-Húnv. (HJ) og hv. 1. þm. Skagf. (MG), um 2500 kr. aukastyrk til Reykjalaugar og Steinstaðalaugar, er skiftist í hlutf. við framlagt fje til þeirra. Nefndin mælir með þessari till. Að fengnum upplýsingum lítur hún svo á, að það sje rjett, að þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið við þessar 2 laugar, standi á mótum hins gamla og nýja styrkfyrirkomulags og ekki geti skapast hjer hættulegt fordæmi, með því að framlög hjeraðanna til þessara lauga eru meiri en annarsstaðar. Jeg skal nota tækifærið til að svara fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, hvort nefndin ætlist til, að fje því, sem veitt er til lauga, verði m. a. varið til laugarinnar í Bolungarvík. Þessu er því að svara, að nefndin hefir ekki ráðstafað þessu fje, en jeg geri ráð fyrir, að laug sú, er hv. þm. nefndi, njóti sama rjettar og aðrar laugar.

Þá er XXXVIII. brtt., frá hv. þm. V.-Ísf., um 500 kr. til Ólafs Kristjánssonar, til þess að halda uppi kenslu í esperanto. Meiri hl. nefndarinnar mælir móti þessari till.

XL. brtt. er frá hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Ísaf.: Aukastyrkur til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur G. Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörslu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar — 3 þús. kr. — Meiri hl. fellst ekki á þessa till., en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um hana.

XLII. brtt. er frá sjálfum mjer ásamt 3 öðrum hv. þm., 2400 kr. til Guðmundar Kambans skálds. Nefndin hefir óbundnar hendur um þessa till. Meiri hl. hefir lagst á móti henni. Það er raunaleg staðreynd, hve örðugt skáld okkar og listamenn eiga uppdráttar, og veldur auðvitað fjárhagslegt getuleysi miklu um það. Jeg mun fyrir mitt leyti greiða till. atkv., en afdrif hennar eru vitanlega á valdi hv. deildar.

XLIII. brtt., frá hv. þm. Dal., er um 2000 kr. styrk til Stefáns skálds frá Hvítadal. Nefndin mælir í móti þessum styrk. Hefir Stefán fengið 1000 kr. árlega, og má gera ráð fyrir, að hann fái þær áfram, af fje því, sem veitt er skáldum og listamönnum.

XLIV. brtt. er frá hv. þm. Ísaf., um 1200 kr. styrk til Eggerts Guðmundssonar, til listnáms í Danmörku. Nefndin er öll á móti henni, að flm. undanteknum. Sama er að segja um brtt. þessa hv. þm., sem er II. liður á þskj. 454, 2000 kr. til Maríu Markan — og til vara 1200 — til söngnáms í Þýskalandi.

Um XLV. brtt. á þskj. 435, frá hv. 1. þm. Skagf., um að sr. Jóhannes L. L. Jóhannsson haldi styrk sínum til orðabókarstarfsemi, hefir nefndin óbundnar hendur.

XLVI. brtt. er frá hv. 1. þm. S.-M., um 1500 kr. styrk til bókaútgáfunnar „Lýðmentunar“ á Akureyri. Meiri hl. nefndarinnar er á móti henni.

Um XLVII. brtt., styrkinn til Björns Þórólfssonar, hefir nefndin óbundnar hendur.

XLIX. og L. brtt. ætla jeg að taka í einu lagi. Þær eru báðar fluttar af hv. þm. Reykv. Nefndin, eða meiri hl. hennar, mælir á móti þeim. Þó skal

jeg geta þess, að hún telur fremur koma til mála að veita fyrri styrkinn, því að henni skilst, að hann eigi að nota til undirbúnings hátíðahöldunum 1930. Hina till. sjer nefndin miklu síður ástæðu til að samþykkja. Þó að gott sje að fá lof erlendis, er hitt þó meira vert, að duga vel heima fyrir. Og satt að segja held jeg, að þessar ágætu stúlkur sjeu þegar búnar að fá svo mikið lof, að það ætti að nægja þeim fyrst um sinn, eftir þeim plöggum að dæma, sem hv. 1. þm. Reykv. (MJ) las upp fyrir þessari hv. deild. (**MJ**: Þær eru sómi landsins). Já, en það eru þær sjálfsagt líka heima fyrir.

Um LI. brtt., frá hv. 2. þm. G.-K., er það að segja, að nefndin fellst á fyrri lið hennar, að fyrir 3500 kr. komi 4000 kr., en vill fella síðari liðinn. Hv. flm. gerði þá grein fyrir breytingunni á ths., að safnið væri svo lítið sótt, að 2 tímar mundu nægja. Nefndin álítur, að breyta mætti um á þá leið, að hafa safnið opið 3 tíma á sunnudögum og 1 tíma í miðri viku. En það getur hinsvegar verið mjög óþægilegt fyrir ferðamenn, sem vilja skoða það, að geta ekki fengið þar aðgang nema einu sinni í viku.

Um styrkinn til Björns Björnssonar gullsmiðs, í LIII. brtt., hefir nefndin óbundnar hendur.

LIV. brtt. er frá hv. þm. V.-Ísf., um 1000 kr. námsstyrk til Guðlaugs Rósinkranssonar. Nefndin mælir á móti henni.

LV. brtt. er frá hv. 1. og hv. 3. þm. Reykv. Er þar gamall kunningi á ferðinni, uppbót á greiðslu til Jóns kennara Ófeigssonar og prentsmiðjunnar Gutenbergs vegna orðabókar Sigfúsar Blöndals. Þessi till. var flutt við 2. umr., en fór þar aðeins fram á hærri upphæðir. Nefndin var á móti henni þá og hefir ekki skift um skoðun síðan. Er hún því einnig andvíg smáskömtunum í þessari tillögu.

LVI. brtt. er frá hv. þingmönnum Rang., um að hækka framlag til sandgræðslu um 10 þús. kr. og verja þeim til sandgræðslu í Gunnarsholti. Nefndin viðurkennir, að fyrirtækið sje þarft og gott, en getur ekki fallist á að veita fje til þess í þessum fjárlögum.

Þá kemur LVII. brtt., frá hæstv. atvmrh., um 15 þús. kr. framlag til búfjártryggingasjóðs, 200 þús. til byggingar- og landnámssjóðs og 10 þús. kr. vegna ráðstafana um tilbúinn áburð. Nefndin mælir með þessari till., enda er hún nauðsynleg vegna laga, sem þingið væntanlega samþykkir.

Nefndin er á móti till. hv. 1. þm. Árn. (II. á þskj. 450) um að hækka kaup aðstoðarmannsins við efnarannsóknastofuna upp í 6000 kr., en hefir óbundnar hendur um varatill.

Þá kemur LIX. brtt. á þskj. 435, frá hv. þm. N.-Ísf., um 17500 kr. lokastyrk til brimbrjótsins í Bolungarvík. Nefndin hefir athugað málið eftir því, sem kostur var á, og að fengnum upplýsingum eindregið fallist á að mæla með till. Álítur hún áhættu að fresta því að fullkomna verkið og að búast megi við, að ef ekkert er aðhafst á næstunni, verði alt, sem hingað til hefir verið unnið að brimbrjótnum, til einskis. En hún vill leggja sjerstaka áherslu á, að hæstv. stj. greiði ekki styrkinn, nema hún hafi tryggingu fyrir því, að verkið verði vel unnið og treysti forystumönnum þess.

LXI. brtt., um styrkinn til Dýra-

verndunarfjelagsins, hefir ekki fundið náð fyrir augum nefndarinnar.

LXIII. brtt. er um styrkinn til fjelagsins Landnáms. Nefndin felst ekki á þá till. Álítur hún ekki þörf á henni, þar sem nú er verið að samþ. lög um byggingar- og landnámssjóð. Verður að ætla honum og Búnaðarfjelagi Íslands að vinna það verk, sem fjelagið Landnám ætlar að nota styrkinn til.

Einnig er nefndin andvíg því að veita Sveinbirni Sveinssyni styrk til að efla laxveiði í sjó. Kom jafnvel fram sú skoðun í nefndinni, að laxveiði í sjó væri varhugaverð og ætti að banna hana, en um það ræði jeg ekki frekar.

LXVI. brtt. er frá hv. 1. þm. N.-M.: Til Gunnars Jónssonar, Fossvöllum, styrkur til húsabóta, til að geta veitt ferðamönnum gistingu, 5000 kr. Þessi styrkur er samskonar og styrkurinn til Páls á Ásólfsstöðum, og hefir nefndin lagst á móti honum. Telur hún, að ríkið geti naumast gengið inn á þá braut að styrkja einstaka menn til húsabygginga, en hinsvegar sje rjett að ætla nokkra upphæð í fjárlögum til lána í þessu skyni.

Þá er LXVII. brtt., frá hv. þm. Dal., um 300 kr. í viðurkenningarskyni til Jóns Klemenssonar í Hundadal. Nefndin getur ekki fallist á þessa till., þó að hv. þm. hafi mælt rækilega fyrir henni.

LXVIII. brtt. telur nefndin, a. m. k. meiri hl. hennar, sjer ekki fært að samþykkja. Sjer hún ekki, hvers vegna ætti að styrkja hafnsögumanninn í Stykkishólmi til bátskaupa fremur en aðra hafnsögumenn, og mundu margar beiðnir eftir fara, ef þessi væri veitt.

LXIX. brtt. er frá hv. þm. Borgf., um að veita 2000 kr. til að koma upp rafmagnsstöð í Reykholti, með afli úr hvernum Skriflu, enda verði stöðin eign staðarins. Nefndin álítur þetta merkilegt mál, en ekki nægilega rannsakað, og mælir því gegn till.

LXX. brtt. er frá hv. þingmönnum Reykv., um framlag til Sjúkrasamlags Reykjavíkur til að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og stofna ný. Nefndin mælir á móti aðaltill., en hefir óbundnar hendur um varatill.

LXXI. brtt. er frá hv. 4. þm. Reykv. o. fl., um 10 þús. kr. styrk til Slysavarnafjelags Íslands. Nefndin hefir komið sjer saman um að mæla með brtt. frá hæstv. atvmrh. á þskj. 460, en hún fer í sömu átt.

Till. háttv. þm. Ísaf. um styrk til gamalmennahælisins á Ísafirði getur nefndin ekki samþykt og telur hjer um bæjarmál Ísafjarðar að ræða fremur en landsmál.

Þá á hv. þm. Barð. till. um hækkun á eftirlaunum Sigurðar Magnússonar læknis. Nefndin getur ekki fallist á þessa till., og er það þó hvorki af smásálarskap eða öðrum ódygðum, sem hv. þm. talaði um, heldur hinu, að verið er að reyna að koma þessum manni í embætti, og er sú betri lausn málsins.

LXXIV. brtt. vill nefndin fella, af því að hún er á móti orðabókarstyrknum til sr. Jóhannesar L. L. Jóhannssonar.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir enn borið fram till. um hækkun á eftirlaunum

Þorleifs Jónssonar póstmeistara, lítið eitt lægri en við 2. umr. Nefndin hefir ekki breytt ákvörðun og legst í móti þessari till. Sömuleiðis mælir hún í móti brtt. hv. þm. N.-Þ. um 150 kr. hækkun til Friðriks Jónssonar pósts og sjer enga ástæðu til að gera honum hærra undir höfði en öðrum póstum.

LXXVIII. brtt. er frá hv. þm. V.-Ísf., um 25 þús. kr. lán til rafveitu á Flateyri. Nefndin mælir einhuga með þeirri tillögu.

Þá kemur LXXIX. brtt., frá hv. 1. þm. Árn. og 2 öðrum hv. þm., um 10 þús. kr. lán til Páls á Ásólfsstöðum. Nefndin mælir með þessu láni, og hefi jeg áður gert grein fyrir afstöðu hennar til þess.

Um brtt. mína, LXXX. á þskj. 435, hefir nefndin óbundnar hendur.

Nefndin hefir ekki fallist á till. hv. þm. Vestm. (LXXXII) um lánin til Vestmannaeyjakaupstaðar, og ekki heldur till. hv. 2. þm. Eyf. um 40 þús. kr. lán til tunnuverksmiðju á Siglufirði.

Þá kem jeg að brtt. hv. þm. Borgf. (LXXXIV) viðvíkjandi uppgjöf á Flóavegarláni. Um hana hefir nefndin óbundnar hendur. En jeg vil nota tækifærið til að svara fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Skagf. beindi til nefndarinnar og hæstv. stjórnar um það, hvort við hugsuðum okkur, að eftirgjafir lána úr viðlagasjóði ætti að færa til gjalda í fjárlögunum. Jeg hygg mjer óhætt að svara fyrir mína hönd og meðnefndarmanna minna, að við viljum láta gera þetta, enda mun viðlagasjóði ekki veita af sínu.

Þá er það brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., um að gefa eftir viðlagasjóðslán til þeirra Brynjólfs Bjarnasonar og Finns Jónssonar málara. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa brtt., og er það þó ekki af því, að hún álíti þetta trygga peninga. Það er að ræða um 19 pilta, sem fengið hafa samskonar lán og þessir, og mun lánsupphæðin nema eitthvað um 6000 kr. Sumir þeirra munu nú vera orðnir embættismenn með allgóðum launum. Ef á að fara að hreyfa við einhverjum þessara, er sjálfsagt að taka afstöðu til allra og fara að semja um greiðslu. Ef farið verður að gefa sumum upp, þá stöndum við illa að vígi, þegar aðrir koma og beiðast þess sama. Nefndin telur rjett, að stjórnin gangi úr skugga um, hvað hægt er að gera í þessu efni, og vindi bráðan bug að því að semja við þá, sem geta borgað, og leggi það síðan fyrir næsta þing. Það er kominn tími til, að þeir fari að greiða, sem það geta.

LXXXVI. brtt. er frá hv. þm. Barð., um að stjórninni sje heimilt að gefa Suðurfjarðahreppi eftir viðlagasjóðslán til rafmagnsveitu í Bíldudal, 25 þús. kr. Nefndin leggur á móti þessari till., og skal jeg ekki orðlengja um það; en það er skoðun hennar, að varhugavert sje að gleypa við öllum eftirgjafabeiðnum hjeraða, og verður þess sjerstaklega að gæta, þegar jafnmörgum beiðnum rignir yfir og nú. Má þá fara að ganga að því sem gefnu, að meira eða minna af því fje, sem lánað er úr viðlagasjóði, sje tapað.

Um brtt. hv. 2. þm. Árn. viðvíkjandi Miklavatnsmýraráveitu hefir nefndin óbundnar hendur.

Brtt hv. 2. þm. G.-K., um að stjórninni sje heimilt að veita Sveini bónda Gíslasyni í Leirvogstungu 10 þús. kr. eftirgjöf af 30 þús. kr. kaupverði jarð-

arinnar Leirvogstungu í Mosfellssveit, leggur nefndin eindregið á móti, að undanskildum mjer. Skal jeg gera greinargerð fyrir þeim ágreiningi. Það er um tvent að ræða fyrir hið opinbera með jarðeignir sínar, annaðhvort að selja þær eða byggja. En ef þær eru seldar, þá á ríkið ekki að fara að feta í fótspor braskara og skrúfa verðið upp úr öllu valdi. Hið háa jarðaverð er einn örðugasti þátturinn í búskap bænda. Ef jarðir ríkissjóðs eru seldar, þá verður að láta þær með svo vægum kjörum, að bændur geti komist út af greiðslunum. Mun jeg því greiða atkv. með þessari brtt., þó hinir nefndarmenn verði á móti.

XC. brtt., frá hv. þm. Barð., um að kaupa húseign Einars fyrv. sýslumanns Jónassonar á Patreksfirði, er nefndin á móti. Eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, mun stjórnin hafa aðgang til að ráðstafa þeirri eign eftir öðrum vegum en þeim, er hjer ræðir um. Er því brtt. óþörf.

Þá er það brtt. XCI., frá báðum hv. þm. Rang. og hv. 3. þm. Reykv., um að gefa eftir og endurgreiða Rangárvallasýslu kr. 36811,61, sem er nokkur hluti af ⅓ kostnaðar við endurbygginguna þá á Holtaveginum, sem gerð var á árunum 1922—'24. Vegamálastjóri hefir lagt til, að sýslunni væri endurgreitt þetta fje. Nefndin hefir óbundnar hendur um þessa brtt., en óklofin mun hún ekki vera.

Hv. 1. þm. S.-M. á brtt. um að ábyrgjast 80 þús. kr. rafveitulán fyrir Búðahrepp. Þessi lánsheimild hefir þegar verið veitt áður, og er þetta því að nokkru leyti endurveiting, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að hún verði samþykt.

Síðasta brtt. á þskj. 435 hefir verið tekin aftur, eftir að hæstv. atvmrh. hafði komið með brtt. við þá brtt. Meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á tillögu hæstv. atvmrh. í þessu máli. Brtt. þessi hefir þegar verið nokkuð rædd, og mun þeim umræðum hvergi nærri lokið. Jeg skal ekki orðlengja um hana að sinni; gefst ef til vill tækifæri til að ræða um hana seinna.

Þá eru enn nokkrar brtt., sem komið hafa fram síðar.

Á þskj. 450 er brtt. frá hv. þm. Rang. og hv. 3. þm. Reykv. um styrk til vegar yfir Hvolsvöll. Nefndin hefir óbundnar hendur um þá till. Sama er að segja um II. brtt. á sama þskj., frá hv. 1. þm. Árn., um hækkaðan styrk til efnarannsóknastofunnar. Mun þó meiri hluti nefndarinnar hallast að varatillögunni.

Brtt. á þskj. 458 er nefndin mótfallin, bæði þeirri fyrri, frá hv. þm. Rang., um sandgræðslu í Gunnarsholti, og eins þeirri frá hv. þm. Barð., viðvíkjandi viðlagasjóðsláni Suðurfjarðahrepps. Nefndin hefir ekki fallist á þær.

Nokkrar brtt. frá hæstv. atvmrh. eru á þskj. 460. Um fyrstu till., um Vesturlandsveginn, hefir nefndin óbundnar hendur. II. brtt. getur nefndin að vísu fallist á, en leggur þó áherslu á, að því fje sje varið í þeim sama tilgangi og hún lagði til. En ef nauðsyn verður á að verja einhverju fje til flugferða, þá má ekki taka það af þessum lið, heldur verður að fá það á annan hátt.

I. brtt. á þskj. 468, um að veita

Magnúsi bónda Þorlákssyni á Blikastöðum styrk til búnaðarkenslu, hefir hv. 2. þm. Skagf. gert grein fyrir. Skal jeg engu bæta við það, en nefndin hefir óbundnar hendur í því máli.

II. brtt. er frá hv. þm. V.-Ísf., um að veita 2000 kr. styrk til bókasafna við unglingaskóla. Við hv. þm. Borgf. höfum tekið aftur till. okkar um fjárveitingu til bókasafns Hvítárbakkaskólans og höllumst að þessari till., og eins nefndin í heild. — Síðustu till. á þessu þskj., um styrk til síra Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, er meiri hluti nefndarinnar á móti.

Læt jeg svo staðar numið að sinni, en hafi jeg eitthvað eftirskilið, eða ef einhver kann að óska frekari skýringar, þá mun mjer gefast kostur á að gera þess grein síðar.

Jón Ólafsson: Á þskj. 435 á jeg nokkrar brtt., ýmist einsamall eða með öðrum. Það hefir nú viljað svo til, að hv. frsm. og hv. nefnd hafa lagt móti þeim flestum. Það eru að vísu svo margar brtt., að það kann að vera rjett, að vandi sje að velja þar á milli.

Jeg ætla að minnast lítillega á brtt., sem við hv. 1. þm. Reykv. flytjum, um lítilsháttar bætur á halla þeirra manna og stofnana, sem unnið hafa að hinu mikla og þjóðnýta fyrirtæki, orðabók Sigfúsar Blöndals. Jeg vona, að hv. þm. láti ekki það ámæli á sjer liggja, að vilja ekki líta sanngjörnum augum á það erfiði, sem þeir hafa á sig lagt. Jeg geri ráð fyrir, að menn segi, að t. d. Jón Ófeigsson hefði getað hætt við verkið, er hann sá, hvað mikið það var, eða krafist kauphækkunar. En þeir, sem þekkja hann, skilja vel, að kappgirni hans og samviskusemi leyfðu honum ekki að skiljast svo við þetta mál, að það máske biði við það óbætanlegan hnekki, eða jafnvel, eins og margir, sem til þekkja, álíta, hefði hleypt verkinu í algert strand um óákveðinn tíma. Endirinn varð því sá, að hann hjelt verkinu áfram, þótt hann sæi, að svona lítið væri að hafa upp úr því. Hann hefir að sjálfsögðu hugsað sem svo: Ef jeg vinn verkið vel, þá verður litið á það af sanngirni og mjer bætt þetta upp að einhverju leyti. Fram á þetta förum við einmitt í till. okkar. Sama máli gegnir um prentsmiðjuna. Þeir gerðu samning um prentunina; en er þeir tóku að vinna verkið, sáu þeir brátt, að þeir fengju ekki unnið það fyrir það verð, er þar var tiltekið. Því eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, þá hafði verkið breytst svo í meðförunum, að það hafði vaxið um helming. Það gat enginn vitað í byrjun, hvað verkið yrði mikið, og var því gengið að samningunum í blindni. Eftir að það varð augljóst, að verkið myndi dýrara en búist var við, var skipuð nefnd til að meta þær bætur, sem prentsmiðjunni bæri að fá. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að 20 þús. kr. væri hæfilegt, en prentsmiðjan hafði farið fram á 35 þús. kr. Eins er það með verk Jóns Ófeigssonar. Þetta var feiknaverk, eins og mörgum mun kunnugt, sem litið hafa bókina, sem þó ekki ber með sjer allar þær breytingar, sem því fylgja að eiga að koma niður á tiltekið blað ákveðnum orðafjölda.

Að loknu þessu verki mátti segja, að heilsan væri og þrotin; mjög tíð aðsvif ásóttu hann og varð hann að lokum að sigla til útlanda sjer til heilsubótar út af öllu saman. Ef hv.

Alþingi lítur ekki á þetta sem verðugt launa, þá veit jeg ekki, á hvað það vill líta með velvilja.

Þá hefi jeg borið fram, eins og á síðasta þingi, till. um að veita fjelaginu Landnám 2000 kr. styrk. Jeg geri ekki ráð fyrir, að nokkur sá, sem komið hefir inn fyrir bæinn og litið á, hvað þar hefir verið gert, geti vjefengt það, að fjelagið hafi unnið gott verk og þarflegt. Það lá við borð, að þau lönd væru tekin og ráðstafað á annan hátt, þannig að bærinn ljeti rækta þau og reka þar búskap fyrir sinn reikning. En nú sýna þar verkin merkin um starf fjelagsins. Að vísu er því ekki að neita, að Búnaðarfjelag Íslands lagði styrk til þessa fyrirtækis með mælingum og þvílíku, og skal þess minst með þakklæti. En ef fjelagið hefði ekki unnið að þessu, þá væri þessu hagað öðruvísi og verkið ekki komið á eins góðan rekspöl. En mest blöskra mjer þau mótmæli hv. frsm., að með lögunum um byggingar- og landnámssjóð sje greiðlega sjeð fyrir þess háttar starfi. Þetta er rangt; sá sjóður getur ekki sint þessu starfi nema að litlu leyti. Það þarf ekki annað en líta á 1. mgr. 4. gr. í þeim lögum til að sjá, að byggingar á jörðum, sem þegar eru í ábúð, skuli ganga fyrir. En byggingar á mörgum jörðum eru svo slæmar, að ætla má, að ekki verði mikið fje afgangs fyrst í stað. Ennfremur má búast við, að með aukinni ræktun verði jörðum skift í fleiri býli. Liggur því þar næst fyrir sjóðnum að hjálpa til að koma upp byggingum á þeim býlum, sem þannig hefir verið skift úr jörðum. Sýnir þetta ljóslega, að ekki er hægt að búast við, að bæirnir njóti mikils af fje þess sjóðs. Er þó ekki vanþörf á, að bæjunum sje sint eitthvað í þessu efni. Álit mitt er það, að starfsemi svona fjelags til að vekja menn og hvetja sje meira virði heldur en sá litli styrkur, sem farið er fram á, að því sje veittur. Nú er búið að afgreiða jarðræktarlögin, með þeirri breytingu, að stofna skuli verkfærasjóð. Er tilgangurinn að fá menn til að vinna meira með verkfærum en orðið er, með því að veita verkfæralán og styrk að ½, ef um hestaverkfæri er að ræða. Þar fá bændur ekki litla þóknun fyrir hvert dagsverk, sem unnið er með verkfærum, sem verkfærasjóður veitir fje til að kaupa. Jeg sje ekki betur en komið sje svo vel á veg með að hvetja bændur til jarðræktar, að ekki sje hægt að komast öllu lengra að svo stöddu. En ef litið er á það, sem gert er fyrir kaupstaðina í þessu efni, þá verður að kannast við, að þótt þeir sjeu ekki útilokaðir, þá hafa þeir ekki eins greiðan aðgang að þessum hlunnindum og bændur hafa, heldur er sneitt hjá þeim, sem í bæjum búa. Það er ekki hætta á, að verkfærasjóðurinn lendi hjá bæjunum, en að vísu eru þeir betur settir en bændur úti á landsbygðinni vegna aðstöðumunar. En mjer gremst það, að oft kemur fram hjá þingbændum of mikil smámunasemi og þröngsýni í garð kaupstaðanna, og það kemur einmitt í ljós í þessu máli.

Þá á jeg brtt. ásamt hv. 1. þm. N.-M., um að veita Sveinbirni Sveinssyni styrk til leiðbeininga og tilrauna um laxveiði í sjó. Þó till. sje nú orðuð svo, þá er það engan veginn eingöngu laxveiði, sem höfð er fyrir augum, því þetta veiðarfæri, laxnótin, er fyrir allan fisk. Jeg geri ráð fyrir, að fáir

þekki þetta veiðarfæri, og skal því lýsa því nokkuð. Þegar búið er að leggja það einu sinni, getur það altaf legið, og inn í það kemur allmikið af fiski, sel og hnýsum og öðru sjófangi. Áhald þetta er kostnaðarlítið; þegar búið er að leggja það, þarf ekki annað en líta í það við og við, eftir hentugleikum. Það er ekki hætta á, að fiskurinn eyðileggist, þótt ekki sje vitjað lengi um; hann lifir og bíður. Þetta er því tiltölulega fyrirhafnarlítið veiðarfæri og getur gefið allmiklar tekjur, ef farið er með það af þekkingu. Það kostar um 300 kr., og er það ekki ægileg upphæð.

Það er líkt á komið með þetta og þegar klaktilraunirnar voru gerðar. Þegar Þórður Flóventsson fjekk styrk til þeirra, kom hann miklu til vegar með áhuga og dugnaði, þótt hann skorti ef til vill fullkomna þekkingu. Svo er og með þennan mann; hann vill gjarnan verða landsmönnum að liði, láta þá njóta áhuga síns og reynslu í þessu efni og kenna þeim að fara með þetta veiðarfæri, svo þeir geti haft þess not.

Jeg vil geta þess, að Fiskiþingið sá nauðsynina á þessu og veitti 500 kr. Jeg er sannfærður um, að þó að þetta nái ekki fram að ganga nú, hlýtur að fara svo fyr eða síðar, að það verði samþykt. Enda er þetta mál þess vert, að eitthvað verði gert fyrir það í framtíðinni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., nje heldur fara að skifta mjer af brtt. annara þm. Þó vil jeg minnast ofurlítið á þá brtt. sjútvn., sem fer fram á styrk til Árna Friðrikssonar. Það er leitt, að fjvn. skuli ekki vera á eitt sátt um hana, þó að hún leggi heldur með henni. Það stendur öðruvísi á um þennan unga mann en flesta aðra námsmenn, sem beiðast styrktar. Hann er að ljúka námi, er þegar orðinn nokkur vísindamaður og er líklegur til mikils í framtíðinni. Það sýnir best, hvers álits hann nýtur, að honum hefir þegar verið boðið að taka þátt í vísindalegum leiðangri til Indlands. Jeg vænti þess fastlega, að þessi brtt. nái fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Jeg stend upp til þess að svara nokkrum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við ræðu mína í gær. Fyrst ætla jeg að víkja að hv. 2. þm. Árn. (MT). Hann hóf ræðu sína, að því leyti, sem hún snerist um brtt. mína viðvíkjandi eftirgjöf á Flóavegarláninu, með því, að erfitt væri að skilja hugsanaferil minn í þessu máli. Eiginlega virtist honum jeg ekki hafa komið auga á neitt annað en eftirgjöfina á láni til vegarins. Jeg býst við, að hv. þm. sje lítil þægð í, að þessari tillögu hafi verið veitt sjerstök eftirtekt. Það má segja um mig: Leyfist kettinum að líta á konginn. Hv. þm. verður að sætta sig við, að till. verði veitt eftirtekt. Og það, sem veldur því, er það, að farið er inn á þá braut, sem er fullkomlega athugaverð. Það er sama þó hv. þm. og hæstv. ráðh. krossi sig og segi, að þetta skapi ekki fordæmi. Það gerir það samt. En um leið og hv. 2. þm. Árn. neitar því, að þetta skapi fordæmi, viðurkennir hann og lýsir yfir því, að Rangæingar eigi sanngirniskröfu á því að fá eftirgjöf í sömu átt. Háttv. þm. var nógu strangur gagnvart kröfum Rangæinga og öðrum kröfum,

sem fram komu við 2. umr. um þetta, en nú, eftir að liðin er rúm vika, lýsir hann yfir því, að hann sje albúinn til þess að greiða atkvæði með því, að þær kröfur nái fram að ganga. Hann er með öðrum orðum búinn að lýsa yfir því, að eftirgjöfin hafi skapað fordæmi. Hann játar í öðru orðinu því, sem hann neitar í hinu. Jeg verð að segja, að ef minn hugsanaferill í þessu máli þykir skrykkjóttur, þá er enn skrykkjóttari hugsanaferill hv. 2. þm. Árn. Jeg veit, að hann hefir í upphafi sett sjer það takmark að opna ekki sálarsjón sína fyrir öðrum tillögum í þessa átt en þeim, sem eru til hagsmuna fyrir hans eigið kjördæmi, en hann hefir mist marks með framkomu sinni í gær. Jeg býst við, að þar sem ekki þurfti lengri tíma en raun varð á til þess að breyta skoðunum hv. þm. í þessu efni, muni ekki líða ýkjalangur tími, þar til sjóndeildarhringur hans víkkar enn frekar.

Auk þess sem eftirgjöf á Flóavegarláninu er athyglisvert að því leyti, sem hún skapar fordæmi, voru nokkur orð í ræðu hæstv. fjmrh., sem gera þá tillögu enn athyglisverðari, og mun jeg koma að þeim síðar. En nú kem jeg að höfuðröksemd hv. 2. þm. Árn., sem er sú, að Árnessýsla hafi lagt miklu meira til vegamálanna en aðrar sýslur. Vitnaði hann í skýrslu vegamálastjóra, sem hjer liggur fyrir. Í skýrslunni er samanburður á Árnessýslu og fjórum öðrum sýslum, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Rangárvallasýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Hún nær yfir tímabilið 1906—1921. Þar kemur í ljós, að Árnessýsla hefir lagt meira til vegamálanna en hinar fjórar hver um sig, og á því byggir hv. þm., að Árnessýsla hafi orðið harðast úti, og hafi yfirleitt orðið svo hart úti, að hún ein eigi rjett á að fá eftirgjöf. Jeg vil benda á það, og biðja hv. dm. að veita því athygli, að það er síður en svo, að þessi mælikvarði sje einhlítur. Það, sem fyrst verður að athuga, er það, hve mikinn hluta þessa tímabils, frá 1906—1921, hver sýsla hefir notið hagsmuna af þeirri akbraut, sem kostnaðurinn aðallega stafar af. Í þessu sambandi vil jeg benda á nokkur atriði. Byggingu Flóabrautarinnar er lokið fyrir aldamót. Árnessýsla hefir þess vegna notið hagsmuna af brautinni alt þetta tímabil, sem um var getið. Holtabrautinni var lokið skömmu eftir aldamótin. Rangæingar hafa því notið hagsmuna af brautinni alt tímabilið. Borgarfjarðarbrautinni er ekki lokið fyr en 1915. Borgfirðingar njóta því ekki hagsmuna af brautinni að öllu leyti nema $^2/_5$ hluta tímabilsins. Aðalvegalagningarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu — hjer suður með sjó — nýtur Kjósarsýsla ekki nema nokkurn hluta þessa tímabils. Það virðist því leiða af sjálfu sjer, þegar farið er að vega það, hvaða sýslur hafi orðið harðast úti, að ekki fæst rjettur grundvöllur, nema metinn sje kostnaður sýslnanna við vegabætur annarsvegar og hagsmunir sýslnanna af vegunum hinsvegar. Nú er það vitað, að Árnesingar og að nokkru leyti Rangæingar hafa fyrstir manna hjer á landi notið hagsmuna af flutningabrautum, sem bygðar eru fyrir ríkisfje eingöngu. En hinar sýslurnar, sem jeg gat um, njóta þessara hagsmuna bara tæpan helming þess tímabils, sem um er að ræða. Þegar þetta er athugað og þess er

gætt, að kostnaður sýslnanna af vegaviðhaldi er ekki nema lítið brot af þeim hagsbótum, sem akvegasamband er fyrir hjeruðin, sýnist ályktun hv. 2. þm. Árn. alveg hafa snúist við. Það er staðreynd, að þau hjeruð, sem fyrst fengu akvegi, hafa orðið best úti, en hin, sem lengst hafa orðið að bíða, verða verst úti. Ef þetta mál er athugað á rjettum grundvelli, er ályktun hv. 2. þm. Árn., sem tekið var undir af tveim hæstv. ráðherrum, hrundið. Jeg get því látið það, sem jeg hefi nú sagt, nægja sem svar við ræðum beggja hæstv. ráðherra, að öðru leyti en því, að jeg þarf að svara hæstv. fjmrh. nokkrum orðum um lánsupphæðina. Út af því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um endurbyggingu Flóavegarins, að hún hefði verið valdboð, sem sýslubúar hefðu alls ekki óskað eftir, verð jeg að segja það, að það valdboð er fram komið af því, að Árnesingar höfðu ekki int af hendi þær skyldur, sem þeir höfðu tekið sjer á herðar um að halda veginum við. Valdboð var þetta ekki framar því, að gengið var eftir, að haldnir væru gerðir samningar. Hv. þm. talaði um það bæði nú og við 2. umr., en þá gafst mjer ekki tækifæri til að svara honum, að Árnesingar hefðu orðið mjög hart úti síðustu árin, þar sem á þeim hvíldi viðhald vegarins. Eins og kunnugt er, fór endurbygging Flóabrautarinnar fram 1920—1922. Á þessum árum var alt viðhald á brautinni borgað úr ríkissjóði í sömu hlutföllum og byggingarkostnaður, að ⅔ hlutum. Þá þarf að athuga, hvernig fer um viðhaldið á tímabilinu frá því að endurbyggingunni var lokið og þar til brautin var gerð að þjóðvegi, sem jeg ætla, að hafi verið 1925. Jeg vil skjóta því hjer inn, að auk þess, sem viðhald var greitt að ⅔ hlutum, voru lagðar í veginn 27 þúsund krónur árið 1920 í sambandi við konungskomuna. En ekkert var greitt á móti frá hjeraðinu. Viðhald vegarins 1923, 1924 og 1925 er þá þannig, að ríkissjóður leggur fram 1923 474 krónur, 1924 7305 kr. og 1925 6844 krónur. Jeg veit ekki, hvort viðhaldskostnaðurinn var meiri en þetta. En jeg hefi sýnt fram á, að þarna hefir ríkissjóður líka lagt fram allmikið af mörkum til viðhaldsins. Jeg hefi sýnt fram á, að Árnessýsla hefir á þessum árum notið sjerrjettinda fram yfir aðrar sýslur, sem að fullu og öllu hafa orðið að greiða vegaviðhald á þessum árum.

Jeg er þá búinn að drepa á meginástæðurnar gegn minni tillögu og fyrir því, að ekki sje full sanngirni gagnvart öðrum sýslum að taka Árnessýslu þannig út úr. — [Fundi frestað].

Þegar fundi var frestað áðan, var jeg búinn að tala um aðalástæður hv. 2. þm. Árn. gegn þeirri brtt., sem jeg ber fram við heimild til uppgjafar á Flóavegarláni. Þá á jeg ekki nema nokkur smáatriði í ræðu hans eftir. Hv. þm. gat þess í sambandi við þetta mál og í sambandi við það, að þessi eftirgjöf hefir verið tekin upp í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar, að það gæti ekki orkað tvímælis, sem ríkisstjórnin tæki í fjárlög. Mjer þótti þetta harla einkennileg framsetning, þar sem þessi kenning hv. þm. er í ósamræmi við breytni hans. Hann hefir með öðrum fjárveitinganefndarmanni leyft sjer að gera stórvægilega breyting á fjárlagafrv. eins og það er, eins og kunnugt er, borið fram af hæstv.

stjórn. Það hefir því fyrir hans sjónum orkað allmjög tvímælis, hvað tekið hefir verið inn í fjárlög og hvað ekki. Því hefði verið rjettara að takmarka þá heldur þessa staðhæfingu við till. heldur en tala á jafnbreiðum grundvelli og hann gerði.

Þá talaði hv. þm. um vegamálastjóra og þótti honum gert of hátt undir höfði með því að vitna í hans tillögur um vegamál; hann væri ekki fjármálaráðherra, sem og rjett er. En hitt leiðir eigi að síður af sjálfu sjer, að þingmenn verða að leita til hans, ef þeir vilja fá heildaryfirlit yfir vegamál landsins. Hann er sá maður, sem að sjálfsögðu hefir mesta þekkingu og mestan fróðleik um þau efni öll, og hann á að vera ráðunautur þings og stjórnar í þeim sökum.

Loks vjek hv. þm. að athugasemd þeirri, sem jeg hefi borið fram í sambandi við brtt. og ætlast til, að hnýtt verði aftan í eftirgjafartill., ef nokkur verður. Honum þótti það undarlegt að fara að lögbjóða í fjárlögum, hvernig færi um lagningu og viðhald fyrirhugaðra vega á Flóaáveitusvæðinu. Það væri mál, sem heyrði undir sýslumann og sýslunefnd. Það er svo að vísu, en það snertir þó einnig ríkisstjórnina, svo að það er öldungis rjettmætt að setja þetta skilyrði. Þess er krafist áður en veitt er fje úr ríkissjóði til sýsluvega, að sýslunefnd hafi ákveðið, að vegurinn skuli vera sýsluvegur og sýslan taki að öllu að sjer viðhald hans. Virðist mjer full ástæða til að gera slíka samþykt sem hjer er farið fram á. Allur er varinn góður og ekki er að vita, upp á hverju tekið verður næst.

Jeg ætla að mælast til þess, að hæstv. forseti beri upp tvo liði till., a. og b., brtt. sjálfa og athugasemdina sitt í hvoru lagi, svo að hægt sje að greiða atkvæði sjálfstætt um hvorn liðinn fyrir sig. Tel jeg það rjettara eins og málið horfir nú við.

Hv. 2. þm. Árn. sagði við 2. umr. hjerna á dögunum, að Árnesingar væru nokkurskonar fórnardýr landsmanna, þar sem öll þessi tilraunastarfsemi, sem einkent hefir síðustu tíma, hefir verið gerð í Árnessýslu. Árnesingar hefðu fórnað sjer fyrir aðra landshluta og væri nú svo komið, að þeir væru sokknir í framfaraskuldir. En jafnframt lýsti sami hv. þm. því yfir í sambandi við aðra eftirgjöf, er hann var að mæla fyrir, að þeir, sem þar áttu hlut að máli, væru miklu betur stæðir heldur en í gamla daga. Hann hefir lýst ástandinu eins og það er nú í Árnessýslu mjög hörmulega, — tómar framfaraskuldir, sem alla eru að setja á hausinn, en samt segir hann, að þeir sjeu miklu betur stæðir heldur en í gamla daga. Jeg get ekki almennilega samrýmt þetta með sjálfum mjer. Hvernig þetta kann að samrýmast í heila háttv. 2. þm. Árn., veit jeg ekki, en jeg býst við, að sannleikurinn liggi hjer sem oftar mitt á milli öfganna.

Loks skal jeg geta þess í sambandi við það, hvað Árnessýsla þarf að leggja mikið af mörkum til vegamála, þá er mjer óhætt að segja, að það eru víst einar tvær sýslur, sem leggja harðara að sjer en Árnessýsla að þessu leyti. Samkvæmt heimildum, sem jeg hefi í fórum mínum, get jeg rökstutt það, ef á þarf að halda.

Jeg held jeg hafi þá ekki ástæðu til þess að minnast á fleira út af ræðu háttv. 2. þm. Árn. En því næst koma örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh.

Jeg gerði fyrirspurn um það til hæstv. fjmrh., hvernig bæri að skilja það, að ekki er farið fram á að gefa eftir nema kr. 40868,98 af þessu láni, þó vitað sje, að lánið nemur nú alls yfir 50 þús. kr. Jeg gerði fyrirspurn um þetta til hæstv. fjmrh. og hann hefir svarað. Jeg skildi svar hans svo, að þessi hluti lánsins, sem ekki er tilfærður í fjárlögum, skuli líka teljast eftirgefinn. Jeg held jeg hafi skilið hæstv. ráðh. rjett. Ef svo er og þetta verður samþykt, vil jeg aðeins benda á í þessu sambandi, að mjer finst sú samþykt geta leitt til þess, að gengið verði inn á nokkuð hála braut hvað þetta snertir. Ef þetta verður gert, þá gæti svo farið, þegar eftir væri gefinn hluti úr láni, að það yrði skilið svo, að lánið væri þar með alt eftir gefið. Mjer finst hæpið að ganga inn á þessa braut. Jeg lít svo á, að heimildin nái aðeins til þeirrar upphæðar, sem stendur í fjárlögunum, en það, sem eftir stendur, teljist áfram skuld við ríkissjóðinn, þar til það er greitt eða gefið eftir á lögformlegan hátt. Jeg tók þetta fram til að sýna, að nauðsynlegt er að fara þessa leið, bæði gagnvart þessari eftirgjöf og öðrum, þegar líkt stendur á.

Mjer hefir verið sagt, að hæstv. forsrh. hafi gert hjer að umtalsefni afstöðu okkar hv. 2. þm. Skagf. til fjárlaganna að því er verklegu framkvæmdirnar snertir. Hæstv. ráðh. mun nú raunar áður hafa verið búinn að tala um þetta í Ed. Það er nú líklegast, að við hv. 2. þm. Skagf. verðum landskunnir menn fyrir þetta. Minsta kosti hafa þau blöð, sem hæstv. stjórn styðst við, gert sitt til, að svo megi verða En þar sem jeg heyrði ekki þessa ræðu hæstv. forsrh., þá fer jeg ekki frekar út í það mál, enda býst jeg við, að hv. 2. þm. Skagf. muni svara henni.

Jeg mun nú vera búinn að tæma rjett minn til ræðuhalda við þessa 3. umr. fjárlaganna. En jeg vona, að hæstv. forseti veiti mjer leyfi til að gera ríflega athugasemd síðar, ef á þarf að halda.

Jón Sigurðsson: Það má ekki minna vera en að jeg svari hæstv. forsrh. lítilsháttar því, sem hann beindi til mín og hv. þm. Borgf.

Hið fyrsta, er hann taldi fram, var það, að lengi hefði dregist að svara þessu. Það er nú að vísu rjett, að það er langt um liðið, en þar til er því að svara, að jeg beið eftir því, að hæstv. forsrh. talaði, því jeg bjóst við, að hann myndi sjerstaklega gera að umtalsefni þann kafla fjárlaganna, er að þessu lýtur og sjerstaklega heyrir undir hann, en það eru samgöngumálin. Jeg vildi því doka dálítið við, ef hæstv. ráðh. gerði þetta að umtalsefni, en sá, sem aldrei tók til máls í þessu höfuðmáli, var hæstv. forsrh. Auk þess er það nú svo með hæstv. fors.- og atvmrh., að hann er ærið óstöðugur í sæti og sjest ekki tímunum saman í deildinni; en jeg vildi gjarnan, að hann yrði viðstaddur þegar jeg svaraði honum.

Annars var höfuðatriðið í ræðu hans það, að hann hefði viljað fá fulla vissu fyrir því, að tekjuaukafrv. þau, er fyrir þinginu liggja, yrðu samþykt,

áður en hann kæmi fram með till. sínar til verklegra framkvæmda í sveitum. En hvaða tekjuvissu hafði stj., er hún var að unga út frv. um sundhöll, letigarð, síldarverksmiðju o. s. frv., er nemur miljónum króna? Þá var ekki spurt um, hvort tekjuauki fengist. Hann sagði, hæstv. ráðh., að jeg sæi ekki bak við tjöldin hjá hans flokki. Er það sennilega rjett, að þar fari ýmislegt það fram, sem mjer og ýmsum öðrum er hulið. Af ræðu hans mátti draga, að hann vildi láta líta svo út, að tekjuaukatill. hefðu verið talsvert undirbúnar. Má það vera. En þegar allar ástæður eru athugaðar og þess er gætt, hve stjórnin hefir sterkan flokk að styðjast við, er notar aðstöðu sína til að keyra í gegn hvert frv., sem hún vill, þá ætti stjórnin ekki að hafa verið í efa um að geta komið einnig þessum tekjuaukafrv. gegnum þingið, og hefði því átt fyrir löngu að bera fram tillögur til verklegra framkvæmda, ef henni var það alvörumál. Það eina, sem gæti hafa valdið óvissu og sem stj. hefir orðið að ráða fram úr, er það, hversu mikið þyrfti að borga stuðningsmönnunum og vinunum sósíalistum fyrir að vera með allri tekjuaukahrúgunni. Hinar stóru útgjaldatill. stjórnarinnar gefa ástæðu til að ætla þetta, og eins hitt, að stjórnin hefir verið nokkurnveginn viss um að fá þessi tekjuaukafrv. í gegn. Stjórnin er hjer sem oftar að leika skollaleik, til þess að breiða yfir það, að skornar voru svo mjög niður verklegar framkvæmdir til sveitanna. Hæstv. forsrh. vildi halda fast við þá staðhæfingu sína, að það væri samviskuleysi og ábyrgðarleysi, að við hv. þm. Borgf. töldum okkur geta fylgt fram kröfum til frekari verklegra framkvæmda, jafnvel þótt tekjuhalli yrði á pappírnum. Hæstv. ráðh. vildi ekki gæta þess, að eftir till. okkar átti aðeins að framkvæma þetta, ef fje væri fyrir hendi. Hæstv. ráðh. hefir áður barið sjer á brjóst og barmað sjer yfir tekjuhalla, en það hefir þó ekki hamlað honum frá því að koma fram með stórar útgjaldatillögur, og það eins, þótt sýnilegt væri, að þær till. myndu skapa stóran tekjuhalla. Jeg hefi að vísu ekki Alþt. fyrir framan mig til þess að sanna þessi orð mín, en úr því er hægt að bæta, ef þurfa þykir. Jeg legg það undir dóm deildarinnar, hvors hlutur er betri, þess, er þorir að kannast við tillögur sínar, er af kann að leiða lítilsháttar halli, eða hins, er lætur svo, sem hann heimti tekjuhallalaus fjárlög, en stendur samtímis að tillögum, er skapa milj. kr. tekjuhalla. 1923 voru verklegar framkvæmdir stöðvaðar og þá voru samþyktar 278 þús. kr. til samgöngubóta, með þeim skildaga, að verkið yrði aðeins framkvæmt, ef tekjur leyfðu. Fjárlögin voru þá afgreidd með tæpum 200 þús. kr. tekjuhalla. Þetta er í rauninni ekki neitt undarlegt, því vitanlega eru upphæðir þessar bara á pappírnum. Þessar fjárveitingar eru bara heimild fyrir stjórnina, sem hún notar, ef áætlunin reynist rjett. Annars notar hún hana ekki. Og jeg man ekki betur en að blað hæstv. forsrh. legði blessun sína yfir þetta á sínum tíma, þótt nú sje það óverjandi ábyrgðarleysi. Hæstv. forsrh. endaði ræðu sína á því að endurtaka enn þau orð sín,

að í till. okkar hv. þm. Borgf. hefði komið fram samviskuleysi og ábyrgðarleysi; hann endurtók þetta þrátt fyrir endurteknar skýringar okkar, sem hann hefir ekki reynt að mótmæla, að þar væri aðeins um heimild að ræða, og þrátt fyrir það, þótt hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til þess að sýna fram á eðlismun sinna stóru útgjaldatillagna, sem skifta miljónum kr., og þessara smáu tillagna, sem við bárum fram. En geti hann ekki sýnt neinn eðlismun á tillögum okkar og tillögum stj. utan fjárlaga, þá má með sömu forsendum og hann hafði segja um hans till., að þær beri vott um ótakmarkað ábyrgðarleysi og samviskuleysi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal aðeins víkja örfáum orðum að því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði síðast. Hann vildi halda því fram, að enginn eðlismunur væri á þeim till., er jeg hefði borið fram, og þeim, er hann ásamt hv. þm. Borgf. hefði ráðgert að bera fram. Jeg veit nú, að ef hv. þm. (JS) hugsar sig vel um, þá sjer hann, að það er stór eðlismunur á því tvennu, að veita stjórninni heimild til framkvæmda, og hinu, að fella þessar framkvæmdir inn í fasta liði fjárlaganna. Þess eru mörg dæmi, að slíkar heimildir, sem stjórninni hafa verið veittar, hafa aldrei verið framkvæmdar, t. d. stofnun húsmæðraskóla á Akureyri. Þetta hefi jeg áður tekið fram, og mínar till. eru aðeins heimildartill., sem ekki verða notaðar nema fje verði fyrir hendi. Hitt hefir ekki komið fyrir nema einu sinni, að stöðvaðar hafa verið verklegar framkvæmdir, sem teknar höfðu verið inn í fjárlögin; það var 1923. Jeg þarf ekki að fara frekar út í þetta, þar sem hv. þm. stilti orðum sínum mjög í hóf. En út af þeim orðum hv. þm., að stjórnin hefði ekki frá upphafi þurft að vera í neinum vafa um það, að hún fengi tekjuaukafrv. sín samþykt, þá má minna á það, að „villur fer sá, er geta skal", því þessi ályktun hans er ekki rjett. Stjórnin hafði enga vissu um það fyr en alveg nú nýlega, eða milli 2. og 3. umr. fjárlagafrv. hjer í Nd. — En það er nú gott, að þetta horfir alt til friðar. Till. eru nú komnar fram og verða líklega samþyktar. Annars er það mín persónulega skoðun, að þessi ummæli þessara tveggja hv. þm. (JS og PO) hafi ekki verið runnar undan hjartarótum þeirra. Jeg þykist þekkja svo vel þessa tvo gömlu samverkamenn mína frá fjárveitinganefnd, að jeg er viss um, að þeir hafa aldrei tekið þetta upp af eigin hvötum, að stofna til framkvæmda fyrir tekjuhalla, heldur hygg jeg, að utanaðkomandi áhrif hafi verið þess valdandi, að þeir leiddust til að gera þetta.

Magnús Torfason: Hv. þm. Borgf. byrjaði ræðu sína í gær á því að gera sig að kóngi, en mig að ketti, og skal jeg gjarnan samþykkja það, að jeg sje ekki nema smáköttur í samanburði við hv. þm. Borgf. **(PO:** Þetta er ljeleg fyndni!). Hv. þm. hefir getað leikið kónginn á undanförnum þingum, en annað mál er, hvort hann er það nú. En svo er að sjá, sem hann gleymi því stundum, að hann er það ekki lengur. En þar sem þessi kongur er nú „dauður",

skal jeg ekki fara lengra út í þetta í þetta sinn. Enda skulda jeg honum það, að hann rjeðist ekki á mig við 2. umr. fjárlagafrv., þegar jeg var fjarstaddur.

Uppistaða þessa máls er sú, að Árnessýsla hefir lagt til vega samkvæmt skýrslu, er jeg hefi, kr. 164115,00 á 13 árum. En fjórar sýslur aðrar hafa til samans lagt fram á sama tíma kr. 146200,00. Hv. þm. ætti því að vera auðvelt að samþykkja þetta. Jeg þyrfti nú í raun og veru ekki að svara meiru, því hv. þm. reyndi alls ekki til að vjefengja þetta, sem heldur var ekki von, þar sem þetta stóð í opinberri embættisskýrslu vegamálastjóra. En hv. þm. vildi reyna að bjarga sjer með því að koma með annan samanburð, og vildi halda því fram, að hjer væri verið að ganga inn á hála braut. Hvað það snertir, þá hygg jeg, að hv. þm. Borgf. hafi hjer sjálfur lagt inn á hála braut, og er hætt við, að hann steypist á henni. En að samþykkja þessa eftirgjöf er ekki að ganga inn á hála braut. Það er aðeins hv. þm., sem hefir reynt að gera hana hála. Engar hinar sýslurnar hafa þurft að leggja fram fje til endurbyggingar og „púkkunar" á þjóðvegum, nema Árnessýsla og Rangárvallasýsla. Hv. þm. sagði, að Árnessýsla skapaði fordæmi með þessu. En jeg var búinn að segja frá því áður, að jeg fór þess á leit við fulltrúa Rangárvallasýslu að bera samskonar till. fram. Hjer er því ekki um fordæmi, heldur hliðstætt dæmi að ræða, að mestu leyti.

Þá vildi hv. þm. núa mjer því um nasir, að jeg hefði greitt atkvæði móti eftirgjöf til Rangæinga við 2. umr., en væri nú með henni. Það er rjett, að jeg sagði þá nei. En það var af því, að af ókunnugleika þingmanna Rang. og ónógum undirbúningi var krafan ranglega fram borin að því leyti, að hún var of há. En jeg sagði þeim, að jeg mundi vera með eftirgjöfinni, ef þeir klipu 4 þús. kr. af upphæðinni. Það hafa þeir nú gert. Það er því ekki hægt að tala um neinar andstæður frá minni hálfu, þótt jeg sje með þessu nú.

Þá reyndi sami hv. þm. að draga úr þeim mælikvarða, sem vegamálastjóri hefir lagt á þessi mál, með því að annað komi hjer til greina, t. d. það, að Árnessýsla hafi notið lengur hagsmuna af brautum en aðrar sýslur. Þetta er nú rjett. En þó hygg jeg, að í fjárhag landsins með tíð og tíma gæti þeirra hagsmuna lítið, þegar ár og aldir líða, og engin ástæða til, að þeir gjaldi þess nú. En þegar farið er út í þennan samanburð, þá mætti nú taka fleira til samanburðar. Er þá fyrst frá því að segja, að á sama tímabili, sem Árnessýsla er skylduð til að kosta endurbyggingu brautarinnar, er það gert þvert ofan í vegalögin frá 1894. Þá má minna á það, að Árnessýsla nýtur einskis góðs af hinum miklu upphæðum, sem lagðar eru til strandferðanna árlega. Nú eru lagðar um 30 þús. kr. í samgöngurnar við Borgarnes. Þessar upphæðir, sem veittar eru árlega, geta orðið nokkuð háar með tíð og tíma og miklu meira en það, sem lagt hefir verið í þessa vegarkafla í Árnessýslu. En jeg hefi altaf litið svo á, að það væri í fyllsta máta eðlilegt, að meira fje væri veitt til vega í Árnessýslu en annarsstaðar,

vegna hafnleysisins þar. Við Árnesingar vildum gladir gefa mörg hundruð þúsund krónur til þess að eiga eins góða höfn og Borgfirðingar eiga í Borgarnesi. Þá höfum við engan búnaðarskóla, en hann hafa Borgfirðingar haft um langan tíma. Jeg hefi spurt mæta bændur í Árnessýslu að því, hvort þeir kysu heldur búnaðarskóla eða Ölfusárbrúna, og þeir hafa svarað, að þeir vildu miklu heldur hafa fengið búnaðarskólann. Borgfirðingar hafa notið mikils góðs af sínum búnaðarskóla, og má eflaust að miklum mun rekja velmegun þeirra til hans. Þetta efni mætti nú rekja lengi og víða, en það skal ekki verða gert frekar. Jeg tók aðeins þessi dæmi til þess að sýna það, að nokkuð kæmi á móti þessu annarsstaðar. (**PO:** Jeg vil benda hv. þm. á það, að Hvanneyrarskólinn er landsskóli!). Jú, en er hann nokkuð verri fyrir það, þó hann sje landsskóli, en ekki hjeraðsskóli? Hann skyldi þá vera verri fyrir það, að ríkið kostar hann að öllu leyti. En ef hv. þm. telur bændaskólann á Hvanneyri ekki sambærilegan við þetta, þá má minna hann á Hvítárbakkaskólann. Borgfirðingar hafa fengið fje til þessa hjeraðsskóla síns, og nú er í ráði að færa hann og gera hann enn veglegri. Jeg skal svo ekki fara út í meiri samanburð. Það hefir aldrei verið siður minn að telja eftir nauðsynleg fjárframlög til annara kjördæma. Þetta sýnir blátt áfram, að jeg sje þó dálítið út fyrir mitt asklok.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr, að þetta hefði verið valdboð. En það var einmitt valdboð, gert að sýslunefndinni fornspurðri og gegn mótmælum hennar. Þá vildi þm. ennfremur halda því fram, að Árnessýsla hefði sloppið algerlega við viðhaldið meðan verið var að byggja Flóaveginn. Þetta er alls ekki rjett. Jeg hefi nú símað heim í skrifstofu mína til þess að spyrjast nánar fyrir um þetta, og reikningar sýslunnar sýna, að árið 1921 hefir sýslan borgað 5 þús. kr. til viðhalds, og á næstu árum rúmar 5 þús. kr. (**PO:** Hvaða ár?). Meðan verið var að byggja brautina. Það má vera, að það skakki ári, því að reikningar vegamálastjóra komu eftir á. Hann heimtaði, að við kostuðum viðhaldið.

Jeg er ekki að ámæla hv. þm. fyrir að vita ekki þetta, en svona liggur í málinu. Sömu ár varð sýslan að borga 26 þús. kr. til viðhalds Eyrarbakkabrautinni. Eitt árið 12 þús. kr. til þessarar brautar, sem er 11 km. löng, eða meira en 1 þús. á hvern km.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að jeg hefði sagt, að ekki orkaði tvímælis um neina af þeim till., sem hæstv. stj. hefði borið fram eða mælt með. Þetta er nú ekki rjett með farið. Jeg sagði eitthvað á þá leið, að varla orkaði tvímælis um þær till., sem hæstv. fjmrh. nú hefði borið fram. Enda þekkja allir hæstv. fjmrh. að því, að tæplega getur varfærnari mann í fjármálum og hann lætur engan leiða sig út á neinar villigötur.

Það er því óhætt að treysta því, að hann tekur ekki upp aðrar fjárveitingar en þær, sem hann er sannfærður um, að sjeu nauðsynlegar og rjettmætar.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að því er virtist, að vegamálastjóri ætti að hafa fjárveitingavald með sínum till.

(**PO**: Það sagði jeg aldrei). Það var ómögulegt að skilja orð hv. þm. öðruvísi. Enda vill hann fara eftir till. vegamálastjóra, en ekki hæstv. fjmrh. Eftir því ætti vegamálastjóri að vera einskonar yfirfjmrh. þessa lands. Jeg neita því algerlega, að það eigi svo að vera. Hann á að gefa stj. skýrslur og vera henni til ráðuneytis, og ekkert annað.

Samkvæmt skýrslu vegamálastjóra hefir Árnessýsla greitt á 13 árum 164115 krónur til vegabóta, en fjórar aðrar sýslur ekki nema 146200 kr. á sama tíma. Þetta sýnir, hve óskaplega hefir verið að okkur sorfið.

Þá vildi hv. þm. Borgf. enn halda fram athugasemd sinni viðvíkjandi Flóaáveitufjelaginu. Jeg vil þá enn halda því fram, að hjer sje þm. að fara fram á lögbrot. En vitaskuld er þar nú ekki leiðum að líkjast. Um Flóaáveituna eru alveg sjerstök lög, og jeg vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann telji rjett eða heimilt að bera þessa till. upp í hv. deild.

Þá hefir verið reynt að gera sjer mat úr því, að færa beri þessa eftirgjöf tekjumegin líka, en það eru mörg fordæmi fyrir því og dæmi um, að lán hafa verið gefin eftir án þess að þetta væri gert. Þó að þetta væri ekki eftir gefið, þá er hætt við, að viðlagasjóður yrði aldrei feitur af því láni, sem sýslan getur ekki borgað. — Jeg sagði áður, að jeg skildi ekki vel hugsanaferil hv. þm. í þessu máli, og jeg stend við það. Þar sem hann greiðir atkv. með því að gefa Rangárvallasýslu eftir 40 þús. kr., þá er mjer alveg óskiljanlegt, hvernig hann getur verið á móti þessari eftirgjöf til Árnessýslu.

Þá var hv. þm. að fara út í mína litlu till. viðvíkjandi Miklavatnsmýraráveitunni, um að færa niður viðlagasjóðslán til áveitunnar á þeim jörðum, sem ekki geta haft hennar not, svo ekki þurfi að hækka skatturinn á þeim bændum, sem eftir eru.

Þessi sveit er fátæk og sveitarþyngsli mikil, en þar búa nokkrir duglegir og atorkusamir menn, undir þungum álögum, sem mikið stafa af ómögum úr Reykjavík. Þeir hafa eingöngu haft sig upp á landbúnaði. Það reyndist of þjettbýlt í þessari sveit, en þegar fór að verða rýmra, gátu þeir lifað og fengu kjark og dug til framkvæmda og jarðabóta. Þeir hafa lagt fram mikla vinnu og sumir unnið af sjer allar landsskuldir með jarðabótastyrk, og meira til. Einn maður á til góða hjá ríkinu um 1200 kr. fyrir jarðabótastyrk. Með öðrum orðum, þessir menn eru stórkostlega að bæta jarðeignir ríkissjóðsins og auka verðmæti þeirra.

Till. hv. þm. gengur þá út á að hegna þeim fyrir það með því að láta þá borga háan skatt fyrir þessa „þurveitu“ — það er nýtt orð, dregið af því, að sumir fengu engan dropa af vatni í þessa áveitu, og hefir ekki verið hægt að slá þar eitt högg víða, sem áður voru bestu slægjur.

Annars skal jeg snúa mjer að öðru atriði, sem sje því, að í raun og veru ætti ríkið að borga þessu hjeraði fyrir mistök þeirra manna, sem það hefir sent austur. Það er ekki annað sýnna en að áveitufræðingarnir hafi ekki kunnað sitt verk, það verk, sem þeir áttu að vinna þarna, og ríkið ber ábyrgð á því. Þeir eru því falsaður

og svikinn varningur, sem hefir verið seldur bændum dýru verði; og hver, sem selur öðrum svikinn varning, er skyldur að borga hann að fullu. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að sviknir verkfræðingar verði frekar en annar svikinn varningur teknir sem góð og gild vara.

Jón Sigurðsson: Það eru aðeins nokkur orð, sem jeg vil segja út af orðaskiftum okkar hæstv. forsrh. Hann vildi vjefengja það, að enginn eðlismunur væri á till. okkar. Jeg held fast við það, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda í fjárlögum eru ekki annað en heimild fyrir stj., en engin skylda. Enda hefir stj. hagað sjer eftir því. Árið 1923 taldi stj. sjer heimilt að hætta öllum verklegum framkvæmdum, og var það ekki átalið eins og á stóð. Það stendur því fast, sem jeg hefi sagt, að þetta eru ekki annað en heimildir, sem stj. reynir að framkvæma eftir bestu getu.

Þá sagði hæstv. forsrh. að lokum, að hann vildi ekki trúa, að fyrirvari okkar hv. þm. Borgf. væri runninn undan okkar hjartarótum, og vitnaði þar til sinnar fyrri viðkynningar við okkur í fjvn. Jeg verð að segja, að mjer kemur þetta einkennilega fyrir. Jeg þykist hafa sýnt fulla einurð á því undanfarið, ekki síður en nú, að krefjast þess, að hlutur sveitanna hvað samgöngubætur og aðrar framkvæmdir snertir sje ekki fyrir borð borinn. Jeg þykist þess vegna vera í fullu samræmi við sjálfan mig og mína stefnu á undanförnum þingum.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg verð að þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir undir till. fjvn. og hve lítt þeir hafa gefið tilefni til frekari svara.

Jeg verð þó að víkja dálítið að hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) út af þeim ámælum, sem hann kom fram með í garð bænda hjer á þingi fyrir þröngsýni gagnvart kaupstöðunum. Jeg get alls ekki tekið á móti slíkum ákúrum orðalaust, sjerstaklega með tilliti til þeirrar breytingar, sem nú er nýbúið að samþykkja hjer í deildinni á jarðræktarlögunum, sem gerir kaupstöðunum eins hátt undir höfði og sveitunum að því er snertir fjárstyrk samkv. II. kafla þeirra laga. Jeg sje ekki, að sjerstök þörf sje á þessari umræddu fjárveitingu, sem hv. þm. fer fram á. Jeg veit ekki betur en Búnaðarfjelagið hafi þetta með höndum. Það er líka í þess verkahring og það fær til þess fje úr ríkissjóði og hefir starfskröftum á að skipa til þess. Í öðru lagi vil jeg benda hv. þm. á, þar sem hann var að tala um, að erfitt væri fyrir kaupstaðabúa að koma upp nýbýlum, að ef lögin um byggingar- og landnámssjóð verða samþ., þá er kaupstöðunum einnig þar gert jafnhátt undir höfði. Annars er ekki nema gott um þetta fjelag að segja, en jeg tel, að Búnaðarfjelag Íslands eigi að hafa forgöngu í þessu máli.

Eina brtt. leiddi jeg af ásettu ráði hjá mjer. Það var brtt. hv. þm. V.-Sk. (LH) um 1500 kr. til Álftveringa til þess að verja engjar fyrir spjöllum. Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mundi þessi styrkur ekki koma að fullum notum, og fyrv. stj. mun hafa gert samning við sveitarfjelagið um þetta. Ef þessi till. væri samþ., þá fjelli sá samningur um leið úr gildi.

Annars skal jeg geta þess, að fyrir nefndinni lá beiðni frá bændum í Álftaveri um lánveitingu fyrir hönd sveitarinnar til þess að geta staðið straum af sínum hluta kostnaðar við þetta. Vil jeg ráða hv. þm. til að fara þá leið, og get jeg heitið honum fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun styðja það.

Að því er snertir till. fjvn. um 20 þús. kr. til innflutnings sauðnauta skal jeg benda á, að líklegasta leiðin til að koma þessu merkilega máli í framkvæmd mun vera sú, að leita samninga við stjórn Dana um að fá sauðnaut frá Grænlandi. Ef það gæti tekist, hygg jeg, að það yrði ódýrasta leiðin.

Þá vil jeg að lokum aðeins minnast með nokkrum orðum á till. þá, sem fyrir liggur um, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir alt að 320 þús. króna lánum til fjelagsmanna í Samvinnufjelagi Ísfirðinga. Það, sem jeg segi um þetta mál, tala jeg frá sjónarmiði meiri hluta fjvn., þess hluta hennar, sem lagði til, að ábyrgðarheimildin væri veitt, og jeg geri ráð fyrir, að það sje í samræmi við skoðanir Framsóknarflokksins. Það tala margir um þetta á þá leið, að hjer sje eitthvað spánýtt á ferðinni, en jeg get ekki fundið neinn eðlismun á þessari ábyrgð og öðrum, sem þingið hefir heimilað. Við erum nú að ganga frá 250 þús. kr. ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað, þó að það sje ekki ný ráðstöfun, heldur gamalt loforð, sem þingið er bundið við. Jeg veit ekki betur en ríkið standi í ábyrgð fyrir Reykjavík fyrir lánum, sem bærinn hefir tekið til hafnargerðar, rafveitu, vatnsveitu og fleira. Menn segja máske, að hjer sje sá munur á, að á síðarnefndu stöðunum sje um fasteignir að ræða, sem veiti meiri tryggingu en bátafloti Ísfirðinga. En mjer er spurn, — hvers virði er t. d. bryggja á Siglufirði eða hafnarmannvirki í Reykjavík, ef atvinnulífið lamast, svo að enginn arður verði af fasteignunum, og hvers virði er þá að eiga veðrjett í þeim? Það, sem alt veltur á, er, að atvinnulífið sje í fullu fjöri. Ábyrgð bæjarstjórnar, hvar sem er, er auðvitað einskis virði, ef atvinnurekstur bæjarbúa er í kalda koli. Það ber alstaðar að sama brunni, að til þess að einstaklingar og bæjarfjelög geti risið undir sínum skuldbindingum, þarf atvinnulífið að vera í viðunandi lagi. Með það fyrir augum og í von um, að það takist að koma atvinnulífinu á Ísafirði á rjettan kjöl, tel jeg hiklaust rjett að veita þessa ábyrgð.

Eftir lýsingum á ástandi kaupstaðarins eru engar líkur til annars en að hallæri verði þar á næstu árum, ef ekki verða gerðar gagngerðar breytingar á högum þorpsbúa og reynt að koma fótum undir þessa einu atvinnugrein, sem getur orðið þeim til bjargar. Jeg skal í þessu sambandi benda á það, að ekki alls fyrir löngu voru Gerðahreppi veittar 40 þús. kr. sem hallærislán. Nú eru íbúar Ísafjarðar 8 sinnum fleiri en íbúar Gerðahrepps voru þá, enda er upphæð sú, sem hjer er farið fram á, 8 sinnum hærri, svo að hlutföllin eru í fullu samræmi. Ef það var rjett á sínum tíma að veita Gerðahreppi þetta hallærislán, þá er það engu síður rjett nú að láta Ísa-

fjörð njóta sömu hjálpar til þess að forða honum frá að lenda í sömu fordæmingunni. Jeg fyrir mitt leyti er bjartsýnn á, að þetta fyrirtæki heppnist vel, en hinsvegar hygg jeg, að hallærislán hafi aldrei verið veitt með þeirri vissu, að þau yrðu endurborguð, enda væri óafsakanleg harðýðgi að setja það sem skilyrði, þegar það væri vitanlegt, að fólkið hryndi niður án þessarar ráðstöfunar. Jeg sje ekki annað en að það, sem farið er fram á, sje fyllilega sanngjarnt, hvernig sem á það er litið. Og það, sem er þess valdandi, að jeg fyrir mitt leyti greiði með sjerstakri ánægju atkvæði með þessari ábyrgð, er það, að þetta er í fyrsta sinn, að alvarlegar tilraunir eru gerðar til þess að koma nýju skipulagi á sjávarútveginn á grundvelli samvinnunnar, og þar sem framsóknarflokkurinn byggir stjórnmálastarfsemi sína á þeim grundvelli, tel jeg skýlausa og siðferðislega skyldu flokksins að greiða máli þessu atkvæði sitt. Mesta meinið í fyrirkomulagi útgerðarinnar hefir verið það, að hún er bygð á þeim grundvelli, sem veldur því, að atvinnurekendur og vinnuþiggjendur vaxa hvorir frá öðrum og fjarlægjast, til tjóns fyrir báða aðilja. Það er fyllilega tími til kominn að reyna að lagfæra þetta og sameina þessa tvo flokka í eina persónu, sem er hvorttveggja í senn, eigandi og verkamaður. Það er það fyrirkomulag, sem ræður í sveitum og sem við bændur byggjum á. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að upp rísi ný grein í sjávarútveginum, og sjest þá, hvort betra reynist, samvinnufyrirkomulagið eða það, sem áður hefir verið. Þar að auki virðist lögum Samvinnufjelags Ísfirðinga svo fyrir komið, að fjelagið verði sterk hvöt til þess að glæða hið sanna einstaklingsframtak sjómannanna og þar með atvinnulífið í kaupstaðnum.

Hákon Kristófersson:* Jeg verð að segja það, að jeg hefi ekki ástæðu til að þakka hv. nefnd fyrir góðar undirtektir um mínar till., og þykir mjer leitt, að engin af þrem brtt. mínum skuli hafa fundið náð fyrir augum hv. nefndar. Viðvíkjandi fyrstu brtt. minni, um eftirlaunahækkun til Sigurðar Magnússonar læknis, þarf jeg ekki að endurtaka það, sem jeg sagði henni til stuðnings um þann ágæta heiðursmann. En það þykir mjer harla einkennilegt hjá nefndinni, og hún ekki sjálfri sjer samkvæm, þegar Þorvaldur nokkur Pálsson læknir er látinn standa með 300 kr. aukaeftirlaun í fjárlögunum.

Hefi jeg fyrir þessu heimild hæstv. forsrh. og vænti þess, að hv. frsm. taki hana gilda. Hv. frsm. virtist óttast, að þessi till. mín mundi skapa fordæmi, ef samþ. væri, en slíkt getur alls ekki átt sjer nokkurn stað. Annars treysti jeg svo rjettsýni og sanngirni hv. deildar, að hún samþ. þessa till. mína.

Þá kem jeg að till. minni um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til Suðurfjarðahrepps. Hv. frsm. kom með þau sömu skilaboð frá nefndinni viðvíkjandi þessari till. minni og hinni fyrri, sem sje þau, að nefndin sæi sjer ekki fært að aðhyllast þessa till. En það þykir mjer einkennilegt, að hv. frsm. lýsir yfir því, að vel geti verið fyrir hendi, að einstaklingum þjóðfjelagsins

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

verði eftir gefnar um 20 þús. kr. Þetta örlæti nefndarinnar er jeg ekki að lasta, en hinsvegar finst mjer kenna mikils ósamræmis hjá nefndinni, þegar hlaupið er undir bagga með einstökum mönnum, sem vel gætu int skuld sína af hendi sjálfir, en setur sig hinsvegar þvert í götuna, þegar heil bygðarlög eiga í hlut, sem erfitt eiga uppdráttar. Þykir mjer leitt, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að sinna þessari till. minni. Látum svo vera, að nefndinni hafi vaxið þetta í augum, en hitt finst mjer undarlegt, að setja sig upp á móti eftirgjöf vaxtanna, ef skuldin er greidd.

Mjer er alveg óskiljanleg niðurstaða nefndarinnar, og það því fremur, sem hv. frsm. hennar leitaðist ekki við að bera fram ástæður fyrir þessari synjun. Veit jeg þó, að jafnrökfimur og greinagóður maður sem hann er mundi hafa gert það, ef hann hefði sjeð sjer það fært og nefndin hefði haft nokkrar frambærilegar ástæður fyrir þessari neitun.

Það gleður mig, að hv. frsm. telur það óafsakanlegt að hlaupa ekki undir bagga með þeim bygðarlögum, sem í þröng eru stödd, en því óafsakanlegri virðist mjer framkoma hv. nefndar í þessu máli, sem jeg hefi skýrt frá. Þegar jeg legg þetta niður fyrir mjer, verð jeg að álykta, að nefndin hafi haldið umsögn mína svo litaða, að ekki væri hægt að byggja á henni. Jeg fór með mál þetta svo sem jeg vissi rjettast, og þarna er jeg miklu kunnugri en aðrir hv. deildarmenn. Jeg leyfi mjer því að snúa mjer aftur til hv. deildar með þá ósk, að hún sjái sjer fært að samþ. þessa varatill.

Viðvíkjandi till. minni um kaup á húseign Einars Jónassonar fyrv. sýslumanns hefi jeg ekki frekar að segja en það, sem jeg gat um í gær. Jeg vil þó taka það fram, að það breytir ekki eðli málsins, þótt þetta verði fyrsta eignin, sem gengið verður að, eins og hæstv. dómsmrh. sagði í gær, heldur álít jeg þann veg áferðarbestan að kaupa húseignina eftir mati og láta síðan verð hennar ganga upp í þær skuldir, sem fyrv. sýslumaður kann að eiga ólokið við ríkissjóð.

Eigi finst mjer það heldur hafa skift öðru máli, ef maður þessi hefði farið úr embætti til þess að sækja um embætti annarsstaðar, en tel, að þrátt fyrir alt beri að sýna þá sanngirni að kaupa eignina. Jeg ætlaðist auðvitað ekki til þess, að ríkissjóður bæri halla af kaupunum, enda hefi jeg ekki tiltekið neina upphæð sem söluverð.

Sem sagt, jeg hefi ekki ástæðu til að þakka undirtektir hv. nefndar, en jeg vona, að sú verði raunin á að atkvæðagreiðslu lokinni, að jeg hafi þá meiri ástæðu til að þakka hv. deild en meiri hluta nefndarinnar.

Pjetur Ottesen: Af því að jeg hefi ekki rjett til að gera nema stutta athugasemd, má jeg ekki nota tímann til þess að svara fyndni hv. 2. þm. Árn. (MT) um konginn og köttinn.

Hv. þm. sagði, að kongurinn væri dauður. Ekki veit jeg, hvort ber að skilja það þannig, að hv. 2. þm. Árn. álíti sig leika frekar lausum hala hjer og að það eigi ef til vill rót sína að rekja til þess, að þessi þm. hefir orðið djarfsæknari til sumra hluta á þessu

þingi en dæmi eru til, að fyrir hafi komið á Alþingi áður.

Hv. þm. gekk inn á þá röksemd mína, að taka beri tillit til þeirra nota, sem viðkomandi hjeruð hafi haft af vegunum, og hann viðurkennir einnig, að þessi vegur hafi notið meira fjár úr landssjóði en nokkur annar sýsluvegur á landinu. Hann hefir með öðrum orðum gengið inn á þá röksemd, sem kollvarpar þeim grundvelli, er hann byggir skoðun sína á.

Hv. þm. sagði, að með þessari eftirgjöf væri ekki lagt inn á hála braut, heldur væri jeg að reyna að gera hana hála. En hvernig sem því er farið, þá hefir þó hv. þm. skriflað á hálkunni, með því að greiða atkv. við 2. umr. á móti endurgreiðslutill. Rangæinga, en hefir nú lýst yfir, að hann ætli að greiða atkv. með henni.

Það, sem skorti á það, að hann viðurkendi í ræðu sinni, að Rangæingar stæðu jafnt að vígi með kröfurjett í ríkissjóðinn út af byggingu Holtabrautar, þá hefir hann nú viðurkent að fullu, að þeir stæðu jafnt að vígi Árnesingum hvað þetta snerti, með því að lýsa hátíðlega yfir, að hann ætli að greiða atkvæði með þessari endurgreiðslu. Jeg get ekki leitt hjá mjer að benda á það, því það sýnir svo vel sanngirni hv. þm., að hann sagði, að ekki væri sanngjarnt gagnvart Árnesingum að endurgreiða Rangæingum alt framlag þeirra til Holtabrautar, því Árnesingar hefðu greitt 4000 kr. af Flóavegarláninu. Þetta segir hv. þm., þó hann viti, að Flóavegarlánið hefir hækkað um 9 þús. kr. fyrir greiðslufall á vöxtum, og að meiningin er, að þessi upphæð verði líka eftir gefin.

Hv. 2. þm. Árn. sagði einnig, að þegar aldir líðu myndi litið þannig á, að Árnesingar hafi orðið harðast úti um vegaviðhald. Jeg vil minna hv. þm. á, að við erum hjer aðeins að ræða um kostnað og hagnað af veginum um ákveðið árabil, og samkv. því hefir Árnessýsla notið mestra hagsmuna af öllum sýslum landsins af vegunum, hvað sem kann að verða um það sagt, þegar aldir líða.

Ennfremur kvartaði þm. sáran yfir því, að Árnesingar nytu einskis góðs af strandferðunum, en til Borgarnesbátsins væru veittar 30 þús. kr. á ári. Eins og jeg benti hv. þm. á, þá er þessi styrkur til flutninga á norðan- og vestanpósti, og ennfremur er þarna innifalinn styrkur fyrir 7—8 ferðir á ári vestur á Breiðafjörð.

Það mætti ef til vill skjóta því að hv. þm., að vegurinn frá Reykjavík til Reykjarjettar í Ölfusi er eingöngu bygður fyrir ríkisfje, — og hvað skyldi snjóbíllinn hafa kostað og fyrir hverja var hann keyptur?

Um búnaðarskóla Borgfirðinga hefi jeg auðvitað ekki annað en gott eitt að segja; annars er nú ekki allur munur á því fyrir Borgfirðinga að sækja þann skóla og menn austan fyrir fjall.

Þá er það Hvítárbakkaskólinn. Hverjum er það að kenna, að Árnesingar hafa ekki komið upp alþýðuskóla. Ekki hefir staðið á fjárframlögunum frá ríkissjóði til þess skóla.

Þá talaði hv. þm. enn um þetta valdboð í sambandi við endurbygginguFlóavegarins. Jeg hefi áður skýrt þetta fyrir hv. þm. og sýnt honum fram á það, að það er fram komið einungis vegna þess, að Árnessýsla

stóð ekki við gerða samninga. Hv. þm. hafði sótt austur í skrifstofu sína upplýsingar um kostnað á viðhaldi Flóavegarins frá 1920 þar til hann var gerður að þjóðvegi. Jeg vil ekki rengja það, sem hv. þm. hafði fram að færa í því efni, enda getur vel verið, að það sje einmitt 1/3 af þessum viðhaldskostnaði, og er þá í fullu samræmi við það, sem jeg hefi sagt.

Hv. þm. reyndi að draga úr þeim orðum sínum, að ekkert orkaði tvímælis, sem stjórnin tæki í fjárlögin. En hann sagði: „Stjórnin tekur ekkert upp í fjárlögin, sem orkar tvímælis". Jeg skrifaði þetta orðrjett upp eftir hv. þm.

Þá vildi hv. þm. gefa í skyn, að með athugasemdinni, sem jeg vil hnýta aftan í eftirgjafartill., væri stefnt til lögbrota. Það liggur auðvitað undir forseta að skera úr því, en jeg hjelt, að hv. þm. gæfust nóg tækifæri til þess að auglýsa fákænsku sína um það, sem að lögfræði lýtur, þó hann væri ekki að flíka slíkri fjarstæðu sem þessari hjer á Alþingi.

Tillagan er að formi og efni til fullkomlega frambærileg og auk þess rjettmæt og sjálfsögð, eftir því sem á undan er gengið í því máli austur þar. Hjer er ekki farið fram á annað en það, að Árnessýsla inni þær skyldur af hendi, sem henni ber og allar aðrar sýslur landsins verða að gera. Er síður en svo, að hjer sje um nokkurt lagabrot að ræða.

Hv. þm. árjettaði það enn, hve erfitt hann ætti með að skilja hugsanaferil minn. Hann getur ómögulega skilið það, að þegar búið er að neita öðrum um rjett, sem jeg álít vera hliðstæðan, þá kem jeg með tillögu um að draga úr órjettinum, því að það er vitanlega um minni órjett að ræða, eftir því sem upphæðirnar eru minni.

Svo mintist hv. þm. að lokum á þuráveiturnar þar eystra, sem hann kallar svo. Jeg hefi sjeð þetta erindi, en jeg man, því miður, ekki vel eftir því, en mig minnir, að þarna væri talað um að stífla einhvern áveituskurð. Það er ef til vill í því sambandi, sem þm. er að tala um þuráveiturnar þarna eystra. En hvað það snertir, sem hv. þm. sagði, að áveitufræðingarnir væru svikinn varningur, þá rak jeg mig alveg á það sama og áður, að mjer virðist vera nokkuð djúpt ofan á lögfræðinginn hjá hv. þm. Hv. þm. veit það víst, að þegar um svikinn varning er að ræða, þá er það vitanlega dómstólanna að skera úr um það, hver refsing liggi við, en ekki Alþingis. Jeg býst við, að hv. þm. kannist við það ákvæði stjórnarskrárinnar, sem greinir á milli verksviðs Alþingis og dómstólanna.

Út af því, sem fram kom hjá hv. frsm. fjvn. (BÁ) um það, hvernig heppilegast myndi að afla þeirra sauðnauta, sem talað er um að ná frá Grænlandi, og taldi, að það væri ef til vill heppilegt að nota milligöngu Dana til þess, þá vil jeg svara því, að mjer er ekki kunnugt um, að Danir stundi neinar sauðnautaveiðar á Grænlandi. Sauðnaut eru einungis á Norðaustur-Grænlandi, norðan við Scoresbysund. Þar var nýlega stofnuð Skrælingjanýlenda, en þau hafast þó mest við allmiklu norðar, eða í kringum Franz-Josepsfjörð. Auk þess virðist mjer, að við þurfum ekkert að vera að krjúpa fyrir Dönum, þótt við vildum sækja fáein sauðnaut til Grænlands.

Það er hvorttveggja, ef sannleikurinn og rjettlætið fengi að njóta sín til fullnustu, að við munum eiga þau ítök að fornu og nýju þar norðurfrá, að við mættum ná okkur í nokkur sauðnaut, og auk þess má skilja sambandslögin þannig, að við þyrftum ekki að knjekrjúpa fyrir Dönum, þótt við vildum að einhverju leyti víkja við hendinni á Grænlandi.

Magnús Torfason: Það er nú í fimta sinn, sem hv. þm. Borgf. stendur upp til að andmæla þessari eftirgjöf og til þess að andmæla því, að Miklavatnsmýraráveitan fái rjettan sinn hlut.

Jeg þarf ekki miklu að svara af því, sem hv. þm. sagði hjer. Það dregur ekkert úr því, sem jeg hefi sagt, þó að póstur sje fluttur með þessum báti, jeg býst hvort sem er ekki við, að það yrði farið að hafa gufuskip til að flytja póstinn uppeftir, því að eftir því, sem mjer skilst, mundi ekki þurfa að borga nema nokkrar krónur fyrir flutninginn í hvert skifti, eftir því sem annarsstaðar er gert. En hvað sem þessu líður, þá hefir Borgarfjarðarsýsla hag af þessu, og er enginn efi á, að hagur hennar er miklu blómlegri fyrir það.

Þá hjelt hv. þm. áfram eftirtölum sínum, og komst svo langt að fara að telja eftir snjóbílinn. En það er sannarlega ekki Árnessýsla, sem bað um hann; það var landsverkfræðingurinn, sem stakk upp á því; það er hans hugmynd. En hvernig hefir svo þessi snjóbíll reynst? Þegar jeg fór suður núna, þá báðu Árnesingar mig fyrir hvern mun að reyna að sjá til þess, að hann yrði látinn hætta, og það er vegna þess, að hann býr til geilar í snjóinn, svo að ómögulegt er að komast áfram með vagna eftir veginum, en þar sem mjög skeflir á veginum eru þeir, sem um fara, vanir að gera braut út af veginum, þar sem hægt er að komast með vagnana. En þetta er nú eitt af því viturlega, sem ríkið verður að borga og gjalda fyrir að ekki hefir tekist eins vel og vera ber. Menn hafa hreint og beint haft skaða af þessum snjóbíl, svo að ekki er hægt að reikna Árnesingum það til útgjalda.

Þá var hv. þm. að núa sýslubúum því um nasir, að þeir hefðu ekki enn fengið hjeraðsskóla. En hvað það snertir, þá er þess að geta, að þá hefir ríkissjóður ekki þurft að standa straum af útgjöldum til hans, en annars væri þessi skóli líka fyrir löngu kominn, ef vegakostnaðurinn hefði ekki ætlað að gera út af við okkur. Það var stungið upp á því fyrir 14 árum að leggja nokkuð til hans á hverju ári, en það var ekki hægt vegna vegakostnaðarins. Þegar jeg kom til sýslunnar, voru sýslugjöldin 21 þús. kr. á ári, en jeg hefi hækkað þau um 50%. Maður getur áætlað, að þá hafi orðið að reka 1200 dilka í kaupstaðinn til þess að fá upp í gjöldin til sýslusjóðs, en nú þarf 2000 dilka til þess.

Þá var hv. þm. (PO) eitthvað að bera víurnar í þær upphæðir, sem jeg fjekk frá skrifstofunni, en það er ekki hægt að tala við hv. þm., ef hann fer að rengja tölur úr embættisskýrslum. Jeg skýrði líka frá því, að lagðar hefðu verið 10 þús. kr. í viðhald Flóavegarins meðan stóð á endurbyggingu hans, og honum hefir svo verið viðhaldið að öðru leyti; og meira að

segja árið 1924, þegar vitað var með vissu, að viðhaldi vegarins yrði ljett af sýslunni, þá urðum við að leggja yfir 800 krónur í hann, til þess að geta komist yfir sýsluna.

Jeg sagði aldrei, að það væri um lögbrot að ræða hvað áveituathugasemdina snerti; jeg sagðist aðeins vekja athygli á því, að hjer gæti verið um lögbrot að ræða. Þessu máli er skipað með lögum, og jeg mótmæli því, að Alþingi hafi nokkra heimild til að setja frekari skilyrði um þetta. Flóaáveitufjelagið hefir ekki kvartað yfir viðskiftum sínum við sýslunefnd hingað til, og mun ekki gera það.

Þá vildi hv. þm. snúa sig út úr þeirri mótsögn, sem hann var kominn í, með því að segjast vera á móti Árnesingum, en með Rangæingum, og með því að tillagan hefði fallið með jöfnum atkvæðum seinast, þá hefði hann orðið að vera á móti Árnesinga tillögu á eftir. En hvað mig snertir, þá lýsti jeg þá þegar yfir því, að ef tillagan væri lækkuð, þá myndi jeg vera með henni.

Þá sagði hv. þm., að skuld sýslunnar við ríkissjóð væri 12 þús. kr. hærri en hjer er sagt; en hún er ekki nærri því svo há. Jeg fjekk upphæðina hjá ríkisfjehirði við 2. umr., en hefi því miður týnt miðanum, sem jeg skrifaði á hjá mjer upphæðina, svo að jeg get ekki sagt hana nákvæmlega, en mig minnir, að hún væri eitthvað á 10. þús. kr.; jeg man það ekki nákvæmlega, en það gerir líka minst til í þessu máli. En hvað sanngirni kröfunnar snertir, þá skýrði jeg frá því, að það væru aðeins 5 hreppar í Árnessýslu, sem notuðu veginn, en allir Rangæingar fara um hann, þegar þeir fara til Reykjavíkur, og við verðum altaf að halda við veginum fyrir þá. En þegar jeg nú við þessa umr. tók undir það að vera með tillögu Rangæinga, þá hjelt jeg, að hv. þm. hefði getað tekið sína tillögu aftur, ef hann hefði viljað vera sjálfum sjer samkvæmur.

Þá var hv. þm. að hnýta í Árnesinga út af hjeraðsskólanum og þeim litlu búvísindum, sem þeir sýndu með því; jeg veit nú ekki til, að þeir hafi gert hv. þm. nokkurn skapaðan hlut, og jeg hefi heldur ekki heyrt það, að bændur legðu í vana sinn að hnýta í stjettarbræður sína úti um land, og ekki held jeg, að einn og sami þingmaður hafi nokkru sinni áður haldið fimm ræður til þess eins að spilla fyrir stjettarbræðrum sínum; og rjett í þessu kvaddi hv. þm. sjer hljóðs, svo að það verður þá sjötta ræðan hans til að spilla fyrir stjett sinni.

Jeg hefi ekki haft neitt á móti tillögum hv. þm.; jeg hefi ekki haft neitt á móti Hvítárbrúnni, sem þó er miklu minni ástæða til að byggja heldur en margar aðrar brýr, bæði í mínu kjördæmi og annarsstaðar, þar sem kauptún eru sitthvoru megin við Hvítá, og þangað eru fluttar vörur, svo að segja heim í tún til þeirra, sem þar búa, en á meðan Borgfirðingar eru að melta þetta, gætu þeir látið aðra vera í friði.

Hvað búvísindin snertir, þá get jeg bent á það, að jarðabótaskýrslur síðustu 35 ára sýna, að jarðabætur voru helmingi hærri hjá Árnesingum en í nokkurri annari sýslu, og jafnframt því vil jeg segja það, að mjer þykir hv. þm. gera lítið úr Hvanneyrarskólanum, ef sama er, hvort menn verða

að sækja hann um langan veg í annað hjerað eða hafa hann heima hjá sjer. En í einu standa sjálfsagt Árnesingar að baki Borgfirðingum, í því að taka ekki ofan af húsum sínum og nota það til að refta yfir hlandforir. Þetta eru áreiðanlega búvísindi, sem Árnesingar kunna ekki, og má líklega búast við, að þeir hafi lært það á Hvanneyrarskólanum.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi aðeins benda á það, út af því, að verið var að vjefengja það, að jeg færi með rjettar tölur um það, hve vextirnir væru miklir af Flóaáveitunni, að í skjali, sem við höfum báðir, hv. 2. þm. Árn. og jeg, haft frá vegamálastjóra, þá var upphæð vaxtanna 25. apríl 1927 kr. 9806,58, en eftir upplýsingum, sem jeg hefi aflað mjer í dag hjá ríkisfjehirði, þá verður hún 25. apríl næstk. kr. 12258,23, svo ef þetta er vjefengt, þá er verið að vjefengja tölur hjá ríkisfjehirði, en ekki hjá mjer.

Jeg vil svo aðeins bæta því við út af því, sem hv. þm. var að tala um að veita fleiri hundruð þúsundir króna til Hvítárbrúarinnar, að það er ekki gert ráð fyrir því, að hún kosti meira en 150 þús. kr., en hitt þótti mjer mjög hæfilegt, hvar hv. þm. endaði í lok þessara umræðna, því að hv. þm. endaði með því að lenda ofan í hlandfor uppi í Borgarfirði. (Forseti hringir. — **MT:** Hvað? Var ekki búið að gera yfir hana?).

Lárus Helgason: Það er viðvíkjandi brtt. 435, LXII, sem jeg vil segja nokkur orð. Hv. frsm. fjvn. dró í efa, að þessi till. mundi koma að tilætluðum notum, en gaf hinsvegar vonir um, að nefndin mundi styðja að því, að sveitin fengi lán. Mjer er kunnugt um það, að þessi sveit er mjög illa sett. Þegar Katla gaus 1918, fór hún ver út úr því en nokkur önnur sveit. Katla flæddi yfir tún og engjar, tók fjenað bænda, og jörð var ónýt til beitar langt fram á vor. Við skepnumissinn bættist svo það, að heyskapur var mjög rýr sumarið 1918 og bændur neyddust til að kaupa mikinn fóðurbæti handa þeim litla fjenaði, sem þeir gátu sett á eftir áfallið. Rjett á eftir steig öll útlend vara í verði, en sú innlenda lækkaði um helming. Aðrir bændur víðsvegar um landið gátu þá selt fjenað sinn háu verði, en Álftveringar ekki, vegna þess að þeir voru að koma sjer upp nýjum fjárstofni. Það er engin furða, þótt menn, sem orðið hafa fyrir svona áfalli, sjeu lengi að ná sjer. Mjer er kunnugt, að þeim hefir gengið erfiðlega að fá lán, og jeg vona, að deildin samþ. þessa brtt. án þess að telja það eftir. Þingið hefir bæði fyr og nú gefið eftir stórar upphæðir, sem það hefir ábyrgst eða tapast hafa, og því finst mjer það skjóta skökku við, ef deildin vill ekki styðja menn, sem eiga við að stríða vágest, sem eyðileggur meira af slægjum, ef ekki er staðið á móti, en Katla gerði á sínum tíma. Og þess vegna trúi jeg ekki, að þessi litla upphæð komist ekki í gegn, og get því ekki orðið við þeim tilmælum að taka till. aftur.

Þá er það XXXVII. tölul. á sama þskj., um 2500 kr. styrk til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Hv. frsm. taldi þessa upphæð of háa, en hún er svo lág, sem frekast má verða.

Kvenfjelagið í Vík hefir gert mikið gagn, en vill nú auka starfsvið sitt og þarf til þess hús. Það hefir von um að fá styrk frá hreppsfjelaginu, ef þessi upphæð fæst, og jeg vænti, að deildin líti því öðrum augum á þetta en hv. fjvn. Jeg veit, að nefndin hefir í mörg horn að líta, en mjer finst það sannast að segja smásálarlegt að vera að sjá í ekki hærri upphæð en þetta í eitt skifti fyrir öll. Jeg veit með vissu, að lægri upphæð nægir ekki, og vona, að till. mín nái fram að ganga.

Jón Ólafsson: Jeg hefði ef til vill getað sparað mjer að tala, en út af því, sem hv. frsm. sagði um smámunasemina, verð jeg að segja nokkur orð. Og jeg verð að endurtaka það, að jeg álít það smámunasemi, að nefndin vildi ekki mæla með þessu eða dró það út. Nýlega er afstaðið mál, sem fjallaði um breytingar á jarðræktarlögunum, og gerðu þá margir hv. þm. það að kappsmáli að fá litla upphæð, sem jeg álít ekki skifta máli í sjálfu sjer, til starfsemi í búnaðarfjelögum úti um sveitir landsins. Mig minnir, að hv. þm. Mýr. segði, að þessu fje væri safnað saman úti um sumar sveitir og lánað einstökum mönnum til jarðræktarframkvæmda. Og annar þingbóndi sagði, að þessu væri varið til gripasýninga. Jeg skal ekki hafa á móti hvatningarstarfsemi og tel rjett að styðja hana af ríkisfje, en jeg hygg, að hjer sje um engu óþarfara mál að ræða. — Frsm. viðurkennir þann lofsamlega árangur, sem liggur eftir þetta fjelag, og er jeg honum þakklátur fyrir það. En jeg fæ ekki skilið, af hverju fjelagið, ef það er meiningin, að það hafi komið miklu góðu til leiðar, á ekki að fá þennan styrk til að halda starfsemi sinni áfram. Það getur verið, að hv. þm. Mýr. sje ókunnugur starfsemi þess, og því vil jeg, til að taka af öll tvímæli, skýra frá því, að þetta á ekki að renna til einstakra manna, því að þeir vinna í raun og veru fyrir ekki neitt og fá aðeins greiddan ferðakostnað og uppihald, ef þeir ferðast út um land. Jeg ætla, að fjelagið eigi um 6000 kr. í sjóði, sem er myndaður úr tillögum fjelagsmanna, auk þess sem fjelagið hefir fengið styrk frá Búnaðarfjelaginu. Og meiningin er að styrkja þá, sem erfiða aðstöðu eiga, til að afla sjer verkfæra og ljetta undir með mönnum að brjóta land til ræktunar. Upphaflega vakti það fyrir fjelaginu að hjálpa mönnum, sem vinna fyrir litlu mánaðarkaupi og verður lítið úr, til að koma sjer upp kúabúi, sem þeir gætu haft stuðning af. Fólk sækist mikið eftir þessum skikum og sjer, að því verður meira úr kaupi sínu með þessu móti en að borga háa húsaleigu. Og það er auðsýnt, að þetta getur orðið til að auka þjóðarvelmegunina, þó að það sje í smáum stíl hjá hverjum einstökum. Það er rjett hjá hv. frsm., að eftir öðrum kafla jarðræktarlaganna er kaupstaðabúum að mestu leyti gert jafnt undir höfði og sveitabændum, en það er erfiðara fyrir þá að fá fje úr verkfærasjóði, enda er ekki ætlast til, að þeir njóti hans að mun, því að þeir eiga fremur kost á öllum smærri verkfærum. En ef litið er á 12. gr. eins og hún er nú eftir

breytinguna, eiga kaupstaðabúar erfiðari aðstöðu, ekki af því, að þeir sjeu útilokaðir, heldur af því, að þeir fá lítinn hluta af því, sem til þarf. Í byggingar- og landnámssjóð eiga bæjabúar ekki greiðan aðgang, og ekki ætlast til þess upphaflega, af því að í bæjunum eru ekki eins aðkallandi þarfir og í sveitunum, þar sem er húsalaust. Þeir menn, sem taka land hjer, hafa venjulega nokkur efni og verða að bjargast upp á eigin spýtur og með það, sem þeir fá úr ræktunarsjóði til húsagerða o. fl. Jeg vona, þó að fjvn. mælti ekki með brtt. minni, að sumir í henni, og þar á meðal hv. frsm., sjeu till. meðmæltir. Þetta er þjóðþrifamál, og þótt Búnaðarfjelagið geti leyst þetta af hendi og jeg efist ekki um, að það hafi góðum starfskröftum á að skipa, hefir það nóg að gera. Og jeg get ekki láð Búnaðarfjelaginu, þó að það einskorði starfsemi sína nokkuð á meðal bænda og skifti sjer minna af bæjabúum. Hjer er ekkert „svindl" á ferðinni til að auðga einstaka menn. Þetta er í alla staði nauðsynlegt, og í samanburði við margt, sem er á ferðinni, þarf engum að blöskra að veita ekki hærri upphæð en þetta, þegar jafnmikið kemur annarsstaðar frá. Auk þess er þetta ekki fastur skattur, heldur veitt í eitt skifti fyrir öll.

Jóhann Jósefsson: Þó að hv. fjvn. hafi sýnt umsóknum mínum og brtt. heldur litla vinsemd, þá ætla jeg ekki að þreyta menn með því að fara að munnhöggvast við hv. frsm. fjvn. um það. En jeg verð þó að segja það, að mjer þykir fyrir því, að nefndin skuli ekki sjá sjer fært að taka til greina þau rök, sem jeg hefi fært fyrir því, hversu Vestmannaeyingum er mikil þörf á því að koma sjer upp sjóveitu til fiskaðgerða. En þar sem nauðsyn þessa máls hefir verið skýrð rækilega og með því að hjer er um jafnstórt hjerað og Vestmannaeyjar að ræða, þá vona jeg, að hv. deild líti öðrum augum á þetta mál en hv. fjvn. hefir gert.

Annars þykir mjer skifta í tvö horn að því er snertir afskifti hv. fjvn. af málefnum kaupstaðanna, og þarf þar ekki annað en að minna á þá snjöllu ræðu, er hv. frsm. fjvn. hjelt, er hann mælti með styrknum til Ísafjarðarkaupstaðar og lagði mikla áherslu á það, að nauðsyn bæri til þess að styðja vel atvinnuvegina. Um það er jeg honum sammála, að svo miklu leyti sem það er fært og unt. Og jeg fæ ekki sjeð annað en að nefndin hefði sjer að skaðlausu, og án þess að brjóta „princip" sitt, getað stutt þetta nauðsynlega fyrirtæki Vestmannaeyinga.

Mjer varð á að bera þessar tvær málaumleitanir saman, af því að hv. frsm. fjvn. varð svo tíðrætt um nauðsyn þess að styrkja atvinnulífið, en annars skal jeg ekki fara langt út í það. En jeg get ekki komist hjá því að benda hv. deild á það, að svo virðist, sem hæstv. stjórn og hv. meiri hl. fjvn. hafi sitthvora skoðun á þessu máli, því tveir ráðherranna hafa lýst þessu svo, að því fylgdi lítil sem engin áhætta, en hv. frsm. fjvn. lýsti þessu sem væri það hallærisráðstöfun.

Þá skal jeg geta þess, út af því, er hv. þm. Ísaf. (HG) sagði hjer í deildinni í gær, er hann ljet þau orð falla, að heppilegast mundi fyrir bátaútveg-

inn, að skipstjóri og sjómenn ættu bátana í sameiningu, að í því er jeg honum alveg sammála. Mín reynsla hvað bátaútveginn snertir er sú, að þá gengur hann best, þegar sem flestir, sem að honum vinna, eiga í bátunum. En þarna þykir mjer hv. þm. vera farinn að fjarlægjast talsvert skoðun jafnaðarmanna, að ríkið eigi að reka alla útgerð, og er það vissulega ekki nema gleðilegt.

Hv. frsm. fjvn. hjelt því fram, að hjer væri um nýmæli að ræða, og er það satt. Það er óvenjulegt, að hið opinbera styrki sjávarútveginn eins ríflega og hjer er ætlast til. En jeg býst við, að ef þetta verður samþ., þá verði það til þess að vekja vonir hjá öðrum, sem búa á erfiðari stöðum — og þeir eru margir —, um samskonar hjálp frá ríkinu og hjer er um að ræða. En með því að jeg get ekki annað en hallast að þeirri skoðun, að hjer sje um nokkuð mikla áhættu að ræða, þá er jeg hræddur um, að þeir, sem kynnu að byggja vonir um styrk á samþykt þessarar till., verði vonsviknir. Því ef illa fer og fleiri koma á eftir með samskonar umsóknir, hlýtur Alþingi að kippa að sjer hendinni. Ef þetta aftur á móti reynist vel, þá verður ilt að verja það, að veita ekki öðrum fjelögum, sem stofnuð eru með líku sniði, sama styrk, því erfitt verður í þessu falli að gera upp á milli landshlutanna.

Þegar athuguð er sú hjálp, sem ríkið hefir hingað til veitt einstaklingum með lánveitingum og öðru því líku til styrktar útgerðinni, þá er ekki hægt annað en að viðurkenna, að þetta er mikið stökk og að þessi styrkur er miklu meiri en maður hefir hingað til átt að venjast.

Hv. frsm. gat ekki sjeð þann eðlismun, sem er á þessari ábyrgð og ábyrgð, sem ríkið tekur á sig vegna ýmislegra nauðsynlegra framkvæmda, t. d. hafnarmannvirkin á Siglufirði. Hjer hlýt jeg að vera á alt annari skoðun, því mjer finst mikill eðlismunur á því, hvort ríkið styrkir opinberar framkvæmdir eða fjelagsskap einstakra manna.

Að lokum get jeg ekki látið vera að láta í ljós þá skoðun mína, að ef þessi lánveiting, eins og hv. frsm. heldur fram, er vel til þess fallin að glæða framtak einstaklinganna, þá finst mjer, að nefndin hefði ekki átt að leggjast á móti styrkbeiðni, sem horfði til almennra hagsælda, í kaupstað, þar sem íbúarnir eru að reyna að halda í horfinu án styrktar hins opinbera. Og jeg held, að sú skoðun hv. frsm., að sjálfsagt sje, að menn fari fram á sem frekastan styrk frá ríkinu, sje síður en svo til þess að glæða og viðhalda sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg skal ekki verða til þess að lengja þessar umræður mikið, en get þó ekki komist hjá því að svara síðustu ræðumönnum lítilsháttar.

Viðvíkjandi því, er hv. þm. Borgf. sagði út af sauðnautunum, skal jeg geta þess, að þau ummæli mín, sem um það fjellu, bar alls ekki að skilja svo, að við yrðum að sækja um leyfi til Dana til þeirra hluta, heldur var þar aðeins að ræða um fyrirkomulagsatriði, hvernig hægt væri að fá þau á

sem ódýrastan hátt. Það hefir verið bent á, að á Grænlandi er mikið af þessum dýrum og þau mikið veidd þar. Eru því miklar líkur til þess, að ódýrast verði að fá þau á þann hátt, er jeg gat um.

Hv. þm. V.-Sk. (LH) taldi fram raunir bændanna í Álftaveri og mælti með styrk til þeirra. Það var ekki af því, að nefndin væri á móti að hjálpa þessum bændum, að hún bað hv. þm. að taka aftur þessa brtt., heldur var það af því, að hún hjelt, að þeir mundu tapa á því, að hún væri samþykt. Málið er svo vaxið, að þegar hefir verið gerður samningur við þá, að þeir fái greiddan helming kostnaðar, eða 1750 kr. En till. fer aðeins fram á 1500 kr., og við lítum svo á, að ef hún verður samþykt, þá falli sá samningur úr gildi. (**LH:** Það er ekki meiningin). Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort hún muni halda loforð fyrv. stjórnar, ef þessi till. verður samþ. Ef hún gerir það, hefi jeg ekkert á móti till., en annars mun jeg greiða atkv. á móti henni.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) þarf jeg ekki að svara mörgu. Fjelagið Landnám á þakkir skilið fyrir starf sitt og á víst fullkomlega skilið að fá styrk. En eins og tillagan er orðuð, þá virtist nefndinni, að þessu fje ætti aðallega að verja til leiðbeiningar við nýbýlagerð, en það álítur nefndin, að sje hlutverk Búnaðarfjelags Íslands. Og að því er snertir það, sem sagt hefir verið, að Búnaðarfjelag Íslands hafi ekki tíma til slíks, þá skal jeg taka það fram, að fjelagið hefir iðulega annast og annast enn margvíslega mælingastarfsemi svipaða þeirri, sem hjer kæmi til greina.

Hv. þm. Vestm. var að minnast á ýmislegt, sem jeg sagði í sambandi við ábyrgðina til Ísfirðinga. Jeg hefi að vísu skrifað upp hjá mjer ýmislegt af því, sem hann sagði, en til þess að lengja ekki umræðurnar meira skal jeg láta vera að svara því.

ATKVGR.

Brtt. 454,I.a—b feld með 16:11 atkv.
— 435,I feld með 15:8 atkv.
— 435,II samþ. án atkvgr.
— 435,III.1.a—b feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, HG, HK, HjV, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ.

nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JörB, LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ, BSv.

Brtt. 435,III.2 samþ. með 16:8 atkv.
— 435,IV feld með 14:9 atkv.
— 435,V samþ. með 16:8 atkv.
— 435,VI (aðaltill.) feld með 18:10 atkv.
— 435,VI (varatill.) samþ. með 15:7 atkv.
— 435,VII samþ. með 15:13 atkv.
— 460,I tekin aftur.
— 435,VIII samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÞorlJ, ÁÁ, EJ, GunnS, HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, BSv.

nei: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HjV, IngB, JS.

Brtt. 450,I samþ. með 17:2 atkv.
— 435,IX.1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 435,IX.2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 435,X (aðaltill.) feld með 18:8 atkv.
— 435,X (varatill.) feld með 14:11 atkv.

Brtt. 435,XI samþ. með 21 shlj. atkv.
— 435,XII feld með 14:12 atkv.
— 435,XIII tekin aftur.
— 435,XIV samþ. með 18:4 atkv.
— 435,XV feld með 14:13 atkv.
— 435,XVI samþ. með 16:10 atkv.
— 435,XVII samþ. með 24 shlj. atkv.
— 435,XVIII samþ. í e. hlj.
— 435,XIX.1 feld með 14:12 atkv.
— 435,XIX.2 feld með 15:7 atkv.
— 435,XX samþ. í e. hlj.
— 435,XXI samþ. með 17:6 atkv.
— 435,XXII samþ. með 15:6 atkv.
— 435,XXIII feld með 15:5 atkv.
— 435,XXIV feld með 14:9 atkv.
— 435,XXV feld með 14:11 atkv.
— 435,XXVI samþ. með 16:4 atkv.
— 435,XXVII feld með 17:4 atkv.
— 435,XXVIII samþ. með 15:9 atkv.
— 435,XXIX.a samþ. með 16:5 atkv.
— 435,XXIX.b samþ. með 15:2 atkv.
Fram kom skrifleg brtt. (verður þskj. 485). Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
— 485 samþ. með 15:4 atkv.
— 435,XXX feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, GunnS, HG, HjV, JJós, BSv.

nei: JS, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HK, IngB.

Brtt. 468,I feld með 14:12 atkv.
— 435,XXXI samþ. með 19:1 atkv.
— 435,XXXII (aðaltill.) feld með 17:6 atkv.
— 435,XXXII (varatill.) feld með 15:12 atkv.

Brtt. 468,II samþ. með 15:5 atkv.
— 435,XXXIII tekin aftur.
— 435,XXXIV.a feld með 15:10 atkv.
— 435,XXXIV.b samþ. með 20:3 atkv.
— 435,XXXIV.c feld með 15:12 atkv.
— 435,XXXV samþ. með 18 shlj. atkv.
— 435,XXXVI samþ. með 16:10 atkv.
— 435,XXXVII samþ. með 22 shlj. atkv.
— 435,XXXVIII feld með 19:5 atkv.
— 435,XXXIX samþ. með 15 shlj. atkv.
— 435,XL.1.—2. samþ. með 18:3 atkv.
— 435,XLI samþ. með 16:4 atkv.
— 435,XLII samþ. með 15:10 atkv.
— 435,XLIII samþ. með 16:9 atkv.
— 454,II (aðaltill.) feld með 17:5 atkv.
— 454,II (varatill.) feld með 14:10 atkv.
— 435,XLIV feld með 17:5 atkv.
— 435,XLV samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT.

Brtt. 435,XLVI feld með 14:12 atkv.
— 435,XLVII (aðaltill.) feld með 21:6 atkv.
— 435,XLVII (varatill.) feld með 16:10 atkv.
— 435,XLVIII samþ. með 15:7 atkv.
— 435,XLIX samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 435,L feld með 17:6 atkv.
— 435,LI.1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 435,LI.2 feld með 15:5 atkv.
— 435,LII feld með 18:6 atkv.
— 435,LIII samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HjV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, BSv.
nei: MG, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JS.
Brtt. 435,LIV feld með 16:4 atkv.
— 435,LV.a samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, ÁÁ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, BSv.
nei: SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JS, MT, PO.
BSt greiddi ekki atkv.
Brtt. 435,LV.b feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, HG, HK, HjV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.
nei: ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JS, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ.
Brtt. 435,LVI.a feld með 14:10 atkv.
— 458,I samþ. með 16:3 atkv.
— 435,LVI.b samþ. með 17:6 atkv.
— 435,LVII.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 435,LVII.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 435,LVII.c samþ. með 16:2 atkv.
— 435,LVIII feld með 15:11 atkv.
— 450,II (aðaltill.) feld með 15:8 atkv.
— 450,II (varatill.) samþ. með 15:6 atkv.
— 435,LIX samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 435,LX.1 samþ. með 15:11 atkv.
— 435,LX.2 samþ. með 18:1 atkv.
— 435,LXI feld með 15:7 atkv.
— 435,LXII samþ. með 16:9 atkv.
— 435,LXIII feld með 14:9 atkv.
— 435,LXIV.a—b feld með 15:4 atkv.
— 435,LXV.a samþ. með 15:7 atkv.
— 460,II samþ. með 17:8 atkv.
— 435,LXV.b sjálffallin.
— 435,LXVI feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HStef, HK, JJós, JÓl, JörB, MT, BSv.
nei: ÓTh, PO, SE, SÁÓ, BSt, BÁ, EJ, HJ, HG, HjV, IngB, JAJ, JS, LH, MG, MJ.
Brtt. 435,LXVII feld með 14:10 atkv.
— 435,LXVIII feld með 14:5 atkv.
— 435,LXIX feld með 16:4 atkv.
— 435,LXX (aðaltill.) feld með 16:9 atkv.
— 435,LXX (varatill.) samþ. með 15:6 atkv.
— 460,III samþ. með 20 shlj. atkv.
— 435,LXXI sjálffallin.
— 435,LXXII samþ. með 15:13 atkv.
— 435,LXXIII samþ. með 15:11 atkv.
— 435,LXXIV samþ. án atkvgr.
— 435,LXXV feld með 14:8 atkv.
— 435,LXXVI samþ. með 15:11 atkv.
— 468,III tekin aftur.
— 435,LXXVII.a—b samþ. með 15:4 atkv.
— 435,LXXVIII samþ. með 18 shlj. atkv.
— 435,LXXIX samþ. með 16:4 atkv.
— 435,LXXX samþ. með 15:6 atkv.

Brtt. 435,LXXXI samþ. með 22:1 atkv.
— 435,LXXXII.a feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, EJ, GunnS.
nei: BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JS, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.
Brtt. 435,LXXXII.b samþ. með 20:5 atkv.
— 435,LXXXIII feld með 14:10 atkv.
— 435,LXXXIV.a feld með 14:7 atkv.
— 435,LXXXIV.b samþ. með 17:6 atkv.
— 435,LXXXV.a—b feld með 15:9 atkv.
— 435,LXXXVI feld með 15:6 atkv.
— 458,II samþ. með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HG, HK, HjV, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, BSv.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HJ, IngB.
Brtt. 435,LXXXVII samþ. með 15:10 atkv.
— 435,LXXXVIII feld með 16:9 atkv.
— 435,LXXXIX.1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 435,LXXXIX.2.a samþ. með 15:7 atkv.
— 435,LXXXIX.2.b samþ. með 15:4 atkv.
— 435,XC feld með 24:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, HK.
nei: JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JAJ, JÓl.
BSv, JJós greiddu ekki atkv.
Brtt. 435,XCI samþ. með 16:5 atkv.
— 435,XCII samþ. með 15:5 atkv.
— 460,IV samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.
nei: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
Brtt. 435,XCIII tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 50. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Í raun og veru er ekki mikil ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Jeg geri ráð fyrir, að flestir hv. dm. hafi fylgst með meðferð þess í hv. Nd., og mun þess vegna vera óþarft að útskýra nánar, hvernig ástatt er um málið nú. Eins og kunnugt er, hefir, í stað þess sem áætlaður var dálítill tekjuafgangur í frv. stj., orðið á því sú breyting, að um verulegan tekjuhalla er að ræða, hátt á 7. hundrað þús. krónur. Jeg geri ráð fyrir, að þessi hv. deild muni áður en lýkur geta lagfært frv. frá því, sem það er nú, svo að það að lokum þurfi ekki að fara

hjeðan með tekjuhalla. Nú ber ekki að skilja orð mín svo, að jeg búist við, að mikið verði felt niður af því, sem komið er inn útgjaldamegin, heldur vænti jeg þess, að svo langt verði komið þeim tekjuaukafrv., sem fyrir liggja, að hægt verði að jafna þann mismun, sem orðinn er, með væntanlegum auknum tekjum. Auðvitað má búast við, að enn verði samþykt eitthvað af sjerstökum lögum, sem hafa aukin útgjöld í för með sjer, en hversu mikið það verður, er ekki hægt að sjá fyrir. Það væri í sjálfu sjer æskilegast, ef hægt væri að sjá það fyrir, hversu mikilli upphæð útgjaldaauki eftir sjerstökum lögum mundi nema. Það hafa þegar verið teknir hjer upp nokkrir liðir eftir till. hæstv. atvmrh., svo að væntanlega verða það ekki stórar upphæðir, sem þyrfti að bæta við.

En það er sjerstaklega 22. gr., sem mjer virðist ekki vera búið að ganga nógu rækilega frá, því að það liggur í loftinu, og er jafnvel komið fram, allmikið af umsóknum um styrki til ýmissa framfarafyrirtækja, sem í aðsigi eru og svo nauðsynleg, að þau verður að styrkja, annaðhvort með beinum styrkjum eða lánveitingum. Jeg skal til dæmis nefna lánveitingu til frystihúsabygginga. Það er fyrirsjáanlegt, að sú upphæð, sem til þess er ætluð, er miklu lægri en svo, að hægt sje með henni að sinna öllum umsóknum, sem fram hafa komið. Auk þess má búast við, að fleiri slíkar umsóknir komi fram. Jeg býst því við, að þessa upphæð verði að hækka, en þá kemur að því, að tekjur viðlagasjóðs eru ekki meiri en svo, að ekki verður hægt að fullnægja nema örlitlum hluta af þeim lánveitingum, sem heimilaðar hafa verið. En jeg álít, að þingið megi ekki samþykkja slíkar lánveitingaheimildir, nema það sjái fyrir því, að hægt sje að veita þær. Slíkt getur haft mjög óþægilegar afleiðingar fyrir þá, sem hugsa til framkvæmdanna. Þegar þeir eru komnir inn í fjárlögin, telja þeir sig örugga og byrja óhræddir á undirbúningi fyrirtækisins. Það verður því að sjá fyrir því, að viðlagasjóður geti á einhvern hátt fengið fje til umráða, fram yfir sínar árlegu tekjur. Á hvern hátt þetta verði gert, skal jeg ekki um segja, en jeg vil benda á, að það er til fje í öðrum sjóðum, sem ekki væri frágangssök að nota í þessu skyni. En umfram alt verður að sjá um, að það á engan hátt brjóti í bága við lög eða rjett. Jeg býst við, að jeg muni síðar eiga tal um þetta við hv. fjvn. Ed.

Jeg hefi í raun og veru ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál, því að það er fyrst við 2. umr., sem hægt er að snúa sjer að nokkrum sjerstökum atriðum.

Jón Baldvinsson: Mjer sýndist alt mót ætla að verða á því, að enginn ætlaði að kveðja sjer hljóðs, en sá síður var tekinn upp hjer í fyrra — og kannske áður — að ræða við þetta tækifæri um eitt og annað við stjórnina. Það hefir verið hafður nokkurskonar spurningatími við þessa 1. umr. fjárlaganna. Það á ekki svo illa við, og þó að jeg hafi ekki margar spurningar fram að bera, vil jeg þó koma að því litla, sem jeg hefi, því að það er óþægilegra að koma því við við 3. umr. Þá er búið að ganga frá fjárlögunum, en jeg get hugsað mjer, að ýmislegt, sem hv. þm. kynnu að vilja ræða við hæstv. stj. nú, gæti komið

fram í meðferð fjárlaganna. Ef t. d. væri spurt um verklegar framkvæmdir eða þvíumlíkt, gæti svar hæstv. stj. komið fram í fjárveitingum í fjárlögunum.

Nú stendur svo sjerstaklega á, að hjer er um að ræða stjórn, sem ekki hefir setið að völdum nema nokkurn hluta undanfarins árs. En það er ekki siður að ræða við þá stjórn á eldhúsdegi, sem frá er farin, nema sjerstakt tilefni gefist til þess. Enda munu hennar verk geymast í minningunni, hvort sem sú minning er góð eða ill. Og viðvíkjandi nýju stjórninni, þá koma aðfinslurnar fram jafnótt og málin verða tekin til meðferðar. En jeg vildi þó koma með fyrirspurnir til stj. viðvíkjandi framkvæmdum, sem sumpart er verið að vinna að og sumpart eru búnar. Í fyrra spurði jeg þáv. stj., hvort hún sæi sjer ekki fært að hraða þá svo byggingu Kleppsspítalans, að hann gæti orðið tilbúinn á síðastl. ári. Svörin, sem jeg fjekk, voru heldur loðin, en gefið var í skyn, að vel gæti byggingin orðið tilbúin þá með haustinu, en eigi að síður er byggingunni ekki lokið, og meira að segja er talsvert eftir af henni ógert enn. Jeg vildi nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvort hann vilji ekki beita sjer fyrir því, að þessari byggingu verði nú lokið á þessu sumri, svo hún verði tilbúin þegar í haust, og það þótt ekki kunni að nægja fjárveiting sú, er nú er veitt í fjárlögum til byggingarinnar.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi spyrja um, en það heyrir undir hæstv. atvmrh. Eins og kunnugt er, er verið að leggja vegi víðsvegar um landið. Einn þeirra liggur hjeðan og upp á Kjalarnes og á liggja inn í Kjós og þaðan vestur í Borgarfjörð. Hann er því nokkur hluti af braut þeirri, sem á að leggja hjeðan frá Reykjavík og til Norðurlandsins. Þetta ætti því að vera breiður og vandaður vegur, svo að hann gæti orðið til frambúðar. En nú er öllum vitanlegt, að hann er svo mjór, að bifreiðar geta ekki mætst á honum, að minsta kosti ekki nærri alstaðar. Út af þessu vil jeg beina því til hæstv. stjórnar, að hún athugi, þegar um nýjar framkvæmdir er að ræða, að þær sjeu ekki þannig úr garði gerðar í upphafi, að það þurfi að rífa þær niður svo að segja á næsta ári, eða verja ærnu fje til þess að gera þær nothæfar fyrir almenning, eins og sýnilegt er, að gera þarf hvað þennan veg snertir, þar sem hann á að verða hluti úr vegi, sem á að ná svo að segja um alt landið. Jeg sje, að í fjárlagafrv., eins og það kemur frá hv. Nd., er veitt til þessa Kjalarnesvegar allmikil fjárfúlga, og jeg geri ráð fyrir, að sú fjárfúlga eigi að vera til þess að lengja veginn með Esjunni, inn í Kjósina. En jeg vil nú beina því til hæstv. stjórnar að taka það til athugunar, hvort ekki myndi rjettara að nota þetta fje til þess að breikka þennan kafla, sem búinn er, og gera hann vel úr garði, heldur en að halda áfram að leggja þessa mjónu, sem ekki kemur að hálfum notum, því að það væri óneitanlega leiðinlegt, af hverfa yrði að því ráði að fyrirskipa t. d., að fyrri hluta dags megi aðeins fara eftir þessum vegi frá Reykjavík, og svo seinni hluta dagsins verði fyrirskipað, að þá megi aðeins fara til Reykjavíkur eft-

ir veginum, og þetta verði að gera af því, að vegurinn sje svo mjór, að bifreiðar geti ekki mætst á honum.

Þetta vil jeg biðja hæstv. stjórn að athuga og fá upplýst hjá vegamálastjóra, hvernig í þessu máli liggur. Jeg er alls ekki að fara fram á að fá svar við þessu í dag, heldur síðar undir umr. um fjárlögin.

Jeg viðurkenni fyllilega, að þessi hjeruð, Kjalarnes og Kjós, þurfi að fá veginn áfram, en jeg tel óhæfilegt að hafa hann svo mjóan, að hann sje ekki nothæfur fyrir almenna umferð. Þá væri sýnu nær og ódýrara að veita fje til þess að ryðja veg inn í Kjós, sem aðeins væri til bráðabirgða og væri bílfær á sumrin, svo sem nú hefir verið gert á stöku stað í Árnessýslu.

Það er óneitanlega freisting fyrir mig að fara út í fleiri mál en þetta, t. d. landsspítalamálið, en þar sem það hefir komið fram sem sjerstakt mál á þinginu, mun jeg ekki fara út í það nú. Þetta, sem jeg því hefi minst á, er ekki stórvægilegt, sjerstaklega ef stj. skyldi ætla sjer að láta fullgera Kleppsspítalann í sumar, því að þá er það ekki nema vegurinn, sem jeg tel, að athuga þurfi. (**BK:** Hann breikkar fljótlega). Meinar hv. þm., að hann fletjist út? Ef svo er, þá er það misskilningur, því að hann getur t. d. alls ekki breikkað þar, sem hlaðinn er hár vegarkantur, eins og vera mun á löngum köflum þessa vegar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg get þegar svarað annari fyrirspurn hv. 5. landsk., um Kleppsspítalann. Það er ljett, að viðbótarbygging þessi hefir verið lengi á leiðinni, þar sem á henni var byrjað, eins og hv. þm. gat um, áður en kreppan kom, og svo lá hún niðri um tíma, en nú má búast við, að henni verði lokið í sumar. En fje það, sem nú er til í fjárlögum, mun alls ekki verða nóg til þess að ljúka byggingunni; til þess að fullgera hana mun vanta um 50 þús. kr. En það hefir fjvn. Nd. lagt til, að tekið yrði upp í fjárlögin fyrir 1929, og með því móti er hægt að fullgera spítalann í sumar. En það skiftir miklu máli fyrir menn úti á landi, sökum þess, hve erfitt er að koma sjúklingum hingað að vetrarlagi víðsvegar að af landinu.

Til viðbótar þessu skal jeg geta þess, að það var ákveðið af fyrverandi stj., að nýr maður kæmi með þessum nýja spítala, og hefir því verið ráðinn að spítalanum sá maður, sem við eigum lærðastan á þessum sviðum, maður, sem nýlega hefir hlotið doktorsnafnbót fyrir vísindalega ritgerð í þessum fræðum. Hann kemur einhvern næstu daga til landsins. Verður því ekki lögð síðasta hönd á verkið fyr en báðir læknarnir eru komnir til skrafs og ráðagerðar. Það lítur því vel út fyrir, að hinn nýi spítali geti byrjað með nýjum lækni að hausti, og er ekki nema gott til þess að hugsa, því að þörfin fyrir hann er orðin mjög tilfinnanleg. En þetta verður geysidýr ríkisrekstur, því að gert er ráð fyrir, að 100 sjúklingar geti bætst við þá, sem fyrir eru. Og mjer varð alls ekki fyllilega ljóst, hvern feikna kostnað spítali þessi kemur til með að hafa í för með sjer, fyr en jeg sá allan þann fjölda herbergja á efstu hæð byggingarinnar, sem ætlaður er fyrir þjónustufólk.

Um Kjalarnesveginn get jeg ekkert sagt. Hann var bygður í tíð fyrv. stj., og er mjer því ókunnugt um, hvort

hann er óeðlilega mjór eða ekki. En hitt hefi jeg heyrt, að sumar bifreiðar hjer væru óeðlilega breiðar, eða með öðrum orðum breiðari en lög leyfa, og má því vera, að vegur þessi sje of mjór fyrir þær.

Hefi jeg svo ekkert frekara að segja út af fyrirspurnum þessum að svo komnu, en jeg get búist við, að hægt verði að gefa frekari upplýsingar síðar.

Jón Baldvinsson: Jeg skildi svo hæstv. dómsmrh., að byggingu Kleppsspítala yrði lokið í sumar og að hann mundi taka til starfa að hausti. Sætti jeg mig því við þær upplýsingar við þeirri fyrirspurn minni. Og hvað snertir fyrirspurn mína um Kjalarnesveginn, þá get jeg sætt mig við að fá svar við henni síðar undir umræðum fjárlaganna. Og þar sem jeg spurði ekki nema um þetta tvent, hefi jeg ekki þetta mál mitt lengra.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Mjer skildist svo, sem hv. 5. landsk. langaði til að vita eitthvað um, hvað stj. ætlaðist fyrir um landsspítalann. En enda þótt það mál heyri ekki undir mína deild, nema að því leyti, sem til fjárframlaganna kemur, þá vildi jeg samt upplýsa þetta að einhverju leyti. Er það þá fyrst, að jeg veit ekki betur en stj. líti svo á, að það sje sjálfsagður hlutur að fullgera þá aðalbyggingu, sem nú hefir verið reist, og að henni verði lokið snemma á árinu 1930, en til þess að það geti orðið, mun þurfa að leggja fram á þessu ári 150 þús. kr. til viðbótar því, sem veitt er í fjárlögum. Hvort það fje verður að taka að láni, er ekki hægt að segja um að svo komnu, en ef það verður nauðsynlegt, þá tel jeg stjórnina hafa heimild til þess.

Það er að sjálfsögðu margt og mikið ógert við spítala þennan, þó að aðalbyggingunni sje lokið. En að svo komnu mun stjórnin ekki telja sjer fært að reisa öll þau hús, sem nauðsynleg eru talin, svo sem starfsmannabústað, geymsluhús o. fl. En þegar þessari aðalbyggingu er lokið, mun sennilega ekki dragast lengi að koma upp þeim byggingum, sem þá vantar.

Jeg gat um áðan, að það myndi þurfa 150 þús. kr. á þessu ári umfram það, sem ætlað væri í gildandi fjárlögum. Hvort það, ásamt þeim 150 þús. kr., sem eru í frv. þessu til spítalans, nægir til þess að kaupa nauðsynlega innanstokksmuni, get jeg ekki sagt um að svo stöddu, en þó býst jeg frekar við, að hægt verði að kaupa þá að miklu leyti.

Skal jeg svo ekki fara út í mikið fleira að þessu sinni, enda þótt því hafi verið hreyft, að stjórninni bæri skylda til að láta ljúka þessu verki svo að segja í hasti, vegna samninga, sem um það hafa verið gerðir, því að jeg lít svo á, að það verði að fara eftir ástæðum, hve fljótt þetta verk er unnið. Og jeg tel það miklu skynsamlegra að leggja áherslu á að gera bygginguna sem best úr garði heldur en að hugsa um það eitt að flaustra henni af, og þá jafnvel á hroðvirknilegan hátt, aðeins til þess að fullnægja þessum samningi.

Jeg vænti nú, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, geri sig ásátta með þessa ráðstöfun, sem jeg hefi nú skýrt frá, því að jeg geri fastlega ráð fyrir, að ekki þurfi að vænta meiri fjárfram-

laga í bráðina en þeirra, sem jeg hefi hjer nefnt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Jeg vil aðeins minna hæstv. stj. á, að samningur sá, sem vísað er til í fjárlagafrv., er að dómi allra lögfræðinga, sem jeg þekki, fullgildur samningur á milli ríkisstjórnarinnar annarsvegar og forstöðunefndar landsspítalasjóðs Íslands hinsvegar. Annars ætla jeg ekki nú að fara að hefja neina lögsókn á hendur hæstv. stjórn, en jeg vil minna hana á, að samkvæmt samningi þessum á að veita á þessu ári 200 þús. kr. til byggingar landsspítalans, og jeg trúi ekki fyr en jeg tek á, að stjórnin vilji fara að brigða samninga, sem að öllu leyti eru formlegir. Og satt að segja hjelt jeg, að engum skynsömum manni dytti í hug að vilja vera að dunda við byggingu þá, sem nú er búið að reisa, lengur en til 1930. Jeg verð að heyra fleiri rök en þau, sem nú hafa komið fram, til þess að jeg trúi, að slíkt sje í raun og veru hægt að rjettlæta. Hinsvegar veit jeg, að hæstv. fjmrh. hefir góðan hug á þessu máli, og því vona jeg, að till. sú, sem fram hefir komið í sameinuðu þingi, verði samþykt, og máli þessu verði þannig ráðið til lykta með sæmd og heiðri, svo allir megi vel við una. En að spítalinn geti komið að notum fyr en hann er fullgerður, er mjer með öllu óskiljanlegt.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vonaði, að sá hv. þm., er síðast talaði, mundi álíta, að hjer væri vel að verið með framkvæmd þessa máls, þegar jeg reyndi að auka þetta fjárframlag þannig, að það yrði 150 þús. kr. En jeg sje nú, að svo muni ekki vera. Jeg sje, að það muni eiga að leggja áherslu á það að ganga ríkt eftir því, að þessi samningsatriði, sem hjer hefir verið minst á, verði haldin. En jeg er ekki hræddur við það, og jeg vona, að þessi háttv. þm. (IHB) muni eftir nánari athugun komast að raun um það, að ef stj. þætti hentugra að fara varlega í þessar fjárveitingar fjárhagsins vegna, þá sje ekki hægt að halda því fram, að með því geti stj. bakað sjer sjerstaka ábyrgð. **(IHB:** Ekki nema þá ábyrgð, sem loforð hafa skapað). Hinsvegar er jeg sammála hv. 2. landsk. um það, að það beri að halda þessu verki áfram, en auðvitað skynsamlega og rólega, svo að steinsteypuefnið fái að minsta kosti að harðna, svo sem það þarf, áður en byggingin verður tekin til afnota, en það mun hafa bólað á einhverjum erfiðleikum í þá átt.

Jeg get ekki skilið, að það sje útilokað, að sjúkrahúsið megi taka til afnota að einhverju leyti, áður en allar útbyggingar eru fullgerðar, ef aðalbyggingunni sjálfri er fulllokið. Finst mjer mjög undarlegt, ef ekki mætti hafa þar nokkra sjúklinga, heldur en t. d. í Hafnarfirði, þótt eitthvað væri enn ekki fullgert.

Annars hefir það verið tekið fram hjer, og vil jeg taka undir það, að best sje að geyma sjer framhaldsumræður um þetta mál þangað til síðar.

Jeg vil aðeins geta þess út af fyrirspurn hv. 5. landsk., að jeg álít það heppilegt, að þeir, sem miklar kröfur ætla að gera, fái tækifæri til þess að undirbúa atlöguna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hæstv. fj-

mrh. virðist enn halda, að spítalinn geti komið að fullum notum, þótt byggingin sje ekki fullgerð. **(Fjmrh. MK:** Nei). En jeg held því fram, að spítalinn geti alls ekki komið að notum fyr en báðum þeim byggingum, sem hjer er um að ræða, sem sje spítalabyggingunni sjálfri og starfsmannahúsi með þvottahúsi og nauðsynlegum herbergjum, er fulllokið.

Það er þetta, sem ber á milli mín og þeirrar nefndar, sem sjerstaklega hefir haft afskifti af þessu máli, og jeg hefi þann heiður að vera í annarsvegar og hæstv. fjmrh. hinsvegar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni; vona sem sagt, að tækifæri gefist til þess síðar að taka það til rækilegrar athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjvn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 639, 615, 642).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Fjvn. hefir reynt að hraða störfum sínum, svo að afgreiðsla fjárlaga þyrfti ekki að tefja þingið að mun, og voru allir nefndarmenn samtaka um að styðja að þessu.

Fjárlögin voru lögð fram í þessari hv. deild þann 17. mars og þá afgreidd til nefndarinnar, og nú koma þau til 2. umr., svo að nefndin hefir haft þau til meðferðar í rjettan hálfan mánuð.

Nefndin hefir haldið alls 26 fundi. Enda þótt góð samvinna hafi verið í nefndinni, þá er eðlilegt, að komið hafi fyrir í einstökum tilfellum, að nefndin hafi ekki getað orðið sammála um þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið. Jeg skal geta þess, að sumstaðar í nál. er sagt, að „nefndin álíti", þótt þar standi ekki öll nefndin óskift að. Það má og vel vera, að í framsögu minni tali jeg um nefndina og hennar ályktanir, þótt nefndin sje þar ekki öll sammála, en aðeins sje um að ræða meiri hl. hennar.

Eins og fjárlagafrv. liggur nú fyrir, er á því 665 þús. kr. tekjuhalli. Hv. Nd. breytti því í þetta horf frá því, sem það var frá stj. hendi. Það er vitanlegt, eins og bent er á í nál., að hv. Nd. gerði þetta með ráðnum hug og með það fyrir augum, að tekjuaukafrv. þau, sem fyrir þinginu liggja, mundu á sínum tíma jafna þennan halla að meira eða minna leyti.

Fjvn. þessarar deildar hefir nú tekið það ráð að bera ekki fram till. um tekjuhlið frv. að svo komnu, en lætur það bíða til 3. umr. með tilliti til þess, að þá má betur sjá, hvernig tekjuaukafrv. reiðir af í þinginu.

Það má segja, að nefndin hafi ekki gert neinar stórfeldar breytingar á frv. Hún kemur að vísu fram með nokkrar brtt., fáeinar til hækkunar, en fleiri til lækkunar. Verulegar breytingar á niðurstöðu frv. gera þó þessar breytingar ekki; þó nemur lækkun á útgjöldum samkvæmt þeim um 20 þús. kr.

Mun jeg þá gera stutta grein fyrir brtt. nefndarinnar eins og þær liggja

fyrir. Jeg veit ekki, hvort jeg get lofað að vera stuttorður, því að jeg er óvanur þessu starfi, og er því ekki víst, að jeg geti þjappað saman efninu svo sem skyldi, þótt jeg muni gera mjer far um það.

1. brtt. nefndarinnar er við 12. gr. 3. 17. Að undanförnu hefir verið í fjárlögum sjerstakur liður til Ólafsfjarðarbúa, 2000 kr. Hefir þeim verið ætlaður þessi liður í því augnamiði, að þeir notuðu hann til að launa sjerstökum lækni, er þeir rjeðu til sín, þó með því skilyrði, að þeir legðu fram sjálfir 2600 kr. Nefndin vill nú lækka framlag Ólafsfjarðarbúa niður í 1600 kr. Undanfarið hefir sveitarfjelagið ekki getað notað þessa heimild sökum þess, hve framlag þess sjálfs til læknisins hefir átt að vera hátt. En nú stendur svo á, að hjeraðsbúar geta líklega fengið lækni til sín fyrir þá fjárupphæð, sem ríkissjóði er ætlað að leggja til, að viðbættum 1600 kr. frá sjálfum þeim. Telur nefndin sjálfsagt að gefa þeim kost á að njóta þessarar fjárveitingar, fyrst svona stendur á, og leggur því til, að framlag þeirra megi lækka um 1000 kr.

Við 12. gr. leggur nefndin til, að bætt verði 10 þús. kr. lokastyrk til byggingar Kristneshælis. Það hefir komið í ljós, að hælið kostaði fullgert ca. 531 þús. kr. alls. Helmingur þeirrar upphæðar er 265500 kr., en svo var til ætlast, að ríkissjóður legði fram helming af byggingarkostnaði hælisins. Nú hefir ríkissjóður aðeins lagt til 256 þús. kr., og vantar því nálægt 10 þús. kr. upp á tillag hans. Nefndin leggur því til, að þessi upphæð verði veitt, svo að staðið verði við það, sem ætlast var til, að ríkissjóður legði til hælisins, þ. e. legði fram helming byggingarkostnaðarins.

Þá er í 12. gr. 15. g. lagt til, að Jóni Kristjánssyni sjeu veittar 2000 kr. af því fje, sem veitt er til sóttvarna. Er þetta uppbót á tjóni, sem hann varð fyrir vegna sóttvarnaráðstafana og veikinda, sem voru á heimili hans árið 1924. Þessi veikindi voru skarlatssótt og taugaveiki. Jón rekur gistihús og ollu sóttvarnarráðstafanirnar honum miklu tjóni. Að því er hann sjálfur segir, nam beint tjón hans vegna veikindanna 7000 kr., og merkir menn á Akureyri hafa vottað, að þetta sje ekki of hátt metið. Veitingahúsið var í sóttkví 5 mánuði, og hefir bæjarstjórnin á Akureyri veitt 700 kr. styrk úr bæjarsjóði. Nefndin áleit rjett að hlaupa hjer undir bagga, og leggur því til, að þessi leið verði farin.

Þá leggur nefndin til, að við þessa gr. 15. k. komi nýr liður, þar sem Rauðakrossdeild Akureyrar eru ætlaðar 1000 kr. til hjálparstöðvar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar. Fjelagið sótti um 3000 kr., en nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að meira yrði veitt, en þá upphæð telur hún sjálfsagt að samþ., enda má benda á það, að Alþingi hefir viðurkent líka starfsemi hjá hjúkrunarfjelaginu Líkn í Reykjavík með því að veita því fjelagi 4000 kr. styrk.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Unnar Ólafsdóttur verði lækkaður úr 2000 kr. niður í 1500 kr. Þegar um svona ráðstafanir er að ræða, er altaf álitamál, hvað gera á. Þessi kona hefir í hyggju að leita sjer læknishjálpar erlendis við meini, sem hún getur ekki

fengið lækningu á hjer. En það stendur svo á um marga, að þeir þyrftu styrk í þessu augnamiði, og það er oft tilviljun ein, hverjir sækja um styrk og fá hann. Eftir upplýsingum, sem lágu fyrir nefndinni, ætti upphæðin, 1500 kr., að vera helmingur alls kostnaðar.

Þá er það 13. gr. Nefndin leggur til, að fjárveitingin til Kjalarnesvegar verði lækkuð úr 20 þús. kr. niður í 10 þús. kr. Stjórnin lagði til, að veittar yrðu 10 þús. kr., en hækkunin kom fram við 3. umr. fjárlagafrv. í Nd. Nefndin leit svo á, að líkt stæði á með þennan veg og t. d. Þelamerkurveg og Hróarstunguveg, og leggur því til, að feld verði niður hækkunin, sem varð í Nd.

Við sömu grein hefir nefndin lagt til, að niður fjelli aths. undir B. II. 3.: „frá Dalsmynni til Fellsenda". Þetta stafar af því, að nefndin vissi ekki, hvort byrjað væri á þessum vegi, en taldi óhætt að láta þá, sem ráða yfir vegamálunum, hafa óbundnar hendur í þessu efni. Leggur nefndin því til, að aths. falli niður.

Við 13. gr. hefir nefndin einnig lagt til, að feldur yrði niður 4000 kr. byggingarstyrkur til Páls Stefánssonar. Það er ekki fyrir það, að nefndin gæti ekki fallist á, að hjer væri um þarfan styrk að ræða, heldur vegna þess, að nefndin álítur, að svo fjarska víða sje þörf á jafnmiklum styrk og að þetta dæmi geti orðið til þess, að ekki væri fært, eða síður fært, að neita óskum annara manna, enda lítur nefndin svo á, að lánsheimildin í 22. gr. bæti allverulega úr þessari þörf.

Við 14. gr. hefir nefndin meðal annars lagt til, að lækkaður yrði styrkur til námsmanna erlendis. Styrkurinn til Árna Friðrikssonar á að lækka úr 1500 kr. niður í 1000 kr., og styrkir þeirra Bjarna Sigurðssonar og Markúsar Kristjánssonar að lækka úr 1200 kr. niður í 1000 kr. Þetta gerði nefndin til þess, að samræmi kæmist á við aðra námsmenn við erlenda háskóla, sem líka aðstöðu hafa. Nefndin lítur svo á, að þessa styrki til námsmanna beri ekki að skoða sem fasta styrki í fjárlögunum, og vill m. a. sýna þetta álit sitt með því að hafa þessa styrki lægri en hina lögákveðnu stúdentastyrki. Annars álítur nefndin það æskilegast, að þingið þurfi ekki að hafa þessi mál til meðferðar, ef hjá því yrði komist.

Þá leggur nefndin það til, að hækkuð verði fjárveiting til áhaldakaupa fyrir mentaskólann úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Guðmundur kennari Bárðarson hefir skrifað þinginu um það, að skuggamyndavjel, sem skólinn hefir keypt, kæmi ekki að fullum notum, nema keypt yrðu viðbótaráhöld. Þess vegna lagði nefndin til, að þessi liður yrði hækkaður.

Einnig leggur nefndin til, að í þessari gr. komi við B. VIII. 2. nýr liður, um 4000 kr. fjárveitingu til steinsteypukenslu. Þessi liður er á öðrum stað í frv., svo að þetta er aðeins tilfærsla. Það er ætlast til, að þessi kensla fari fram við bænda- og unglingaskólana, og því er eðlilegra að hafa þetta þarna.

Nefndin leggur til, að hækkaður verði styrkurinn til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri úr 500 kr. upp í 1200 kr. Fjelagið sótti um 2500 kr. styrk. Það hefir komið upp góðu húsi og lagt mikið á sig til þess að geta

haldið uppi iðnkenslu. Nefndinni þótti rjett að líta á þennan áhuga og taldi sanngjarnt, í samanburði við Iðnaðarmannafjelagið hjer í Reykjavík, að hækka liðinn.

Þá leggur nefndin til, að aftan við B. XIV. 3. komi nýr liður, um 3000 kr. styrkveitingu til Sigurðar Greipssonar. Hann er, eins og kunnugt er, einn af fremstu íþróttamönnum á Íslandi og hefir sýnt mikinn áhuga með skólastofnun sinni. Hann hefir bygt skólahús á bæ sínum, Haukadal, af mikilli ósjerplægni og varið til þess 12000 kr. af eigin fje. Heldur hann þar íþróttaskóla og kennir meðal annars sund og glímur; auk þess bóklegar námsgreinar, svo sem heilsufræði, reikning og íslensku. Hann hefir haft tólf nemendur í vetur. Skólahúsið er ekki fullgert og þyrfti viðbætur. Þær hefir hann í huga að gera, og þótti nefndinni því rjett að veita þennan styrk, í eitt skifti fyrir öll.

Þá vill nefndin lækka styrkinn til Staðarfellsskólans úr 4000 kr. niður í 3000 kr. Sú upphæð var í stjfrv., en hækkunin var gerð í Nd. Þetta má að vísu telja álitamál, en nefndin hyggur, að komast megi af með þetta að þessu sinni..

Einnig vill nefndin lækka styrkinn til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði um 1000 kr. Hann verður þá 4000 kr. og sá sami og í fyrra. Eftir atvikum fanst nefndinni, sem þetta ætti að nægja, þótt auðvitað megi segja um það eins og síðasta lið, að það sje álitamál. Eins leggur nefndin til, að aths., sem hefir fylgt þessum lið og er í fjárlagafrv., falli niður. Þykir nefndinni aths. óviðfeldin og vill, að hún sje numin burtu, en að fjárveitingin miðist eingöngu við kvenfjelagið Ósk og Ísafjörð.

Þá leggur nefndin til, að lækkaður verði styrkurinn til húsmæðrafræðslu í Vík úr 2500 kr. niður í 1500 kr. Þarna vildi nefndin hafa til samanburðar húsmæðrafræðsluna í Mjóanesi, og leggur því til, að veittar verði jafnar upphæðir á báða þessa staði.

Guðrún Björnsdóttir á Knararbergi í Eyjafirði hefir sótt um styrk til að halda upp húsmæðrafræðslu og garðyrkjukenslu á heimili sínu. Það er nýbýli í 5 km. fjarlægð frá Akureyri og reist með það fyrir augum, að þar yrði lítill skóli fyrir húsmæðraefni. Skólinn rúmar mest átta stúlkur. Þessi kona er vel þekt. Hún hefir stundað nám erlendis. Einnig hefir hún lengi unnið að garðrækt í gróðrarstöðinni á Akureyri. Líka veitt forstöðu kvennaskólanum á Blönduósi. Nefndin taldi konuna mjög vel færa til þessa starfs og leggur því til, að henni verði veittar 1200 kr.

Ýmsir menn hjer í Reykjavík hafa bundist samtökum um að gefa út íslensk fornrit í nýrri og vandaðri útgáfu. Framkvæmdir fyrir hönd þessara manna annast nú fimm manna nefnd. Skipa nefndina þeir: Jón Ásbjörnsson, Matthías Þórðarson, Ólafur Lárusson, Pjetur Halldórsson og Tryggvi Þórhallsson. Þeir hafa ritað Alþingi um málið, og er hugsun þeirra sú, að safna minst 25 þús. kr. með frjálsum samskotum áður en byrjað er á verkinu. Síðan á að gefa fornritin út í 30 arka bindum og láta koma 1—2 bindi á ári, svo að ritið ætti að koma alt út á hjer um bil 20 árum. Jeg held, að jeg fari rjett með, að bindin verði um 30. **(Forsrh. TrÞ:**

32). Já, rösk 30. Nefndin lítur svo á, að þetta sje þarft fyrirtæki. Útgáfan verður sennilega vandaðri og með betra skipulagi en þær, sem við höfum nú, auk þess sem margt af ritunum er ekki til eða að seljast upp. Ungdómurinn þarf á þessum bókum að halda, og raunar allir, og því leggur nefndin til, að veittar verði 150 krónur á hverja prentaða örk í styrk, alt að 5000 kr. Þess má geta, að Sigurður Nordal hefir umsjón með útgáfunni og að fyrstu tvö bindin koma út 1930.

Við 15. gr. hefir nefndin gert ýmsar breytingar. Er það þá fyrst, að hún leggur til, að styrkurinn til Páls Ísólfssonar verði lækkaður um 1000 kr., úr 2500 kr. niður í 1500 kr. Páll Ísólfsson sótti um þennan styrk til þess að geta veitt barnakennurum og orgelleikurum utan Reykjavíkur ókeypis kenslu í hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum. Þetta er alveg nýtt, og nefndin taldi óvíst um, hvað þátttakan yrði mikil, og vildi því hafa upphæðina lægri í þetta sinn, en svo má hækka hana eða lækka eftir því, sem reynslan leiðir í ljós, að rjett sje.

Einnig hefir nefndin borið fram tillögu um, að lækkaður verði styrkurinn til Hljómsveitar Reykjavíkur um 1000 kr. Til hljómsveitarinnar voru veittar 1800 kr. í fjárlögum. Það var síðan hækkað upp í 4000 kr. Hækkunin var að vísu æskileg, en þó þótti nefndinni rjett að færa styrkinn niður í 3000 kr. Þetta var líka gert með hliðsjón af því, að nefndin hefir bætt inn nýjum lið til Lúðrasveitar Reykjavíkur, en hún hafði sótt um 4000 kr. Nefnd sú, sem hefir með höndum undirbúning hátíðarinnar 1930, mælti með styrk til lúðrasveitarinnar, einkum í sambandi við þátttöku hennar í hátíðahöldunum. Nefndin rjeðist því í að leggja til, að henni yrðu veittar 1500 krónur.

Þá hefir nefndin lagt til, að liður 21. c. í 15. gr., til listaverkakaupa, falli niður. Þetta gerir nefndin af því, að nú liggur fyrir Alþingi frv. um menningarsjóð, og er ætlast til, að verulegur hluti af tekjum hans gangi einmitt til kaupa á listaverkum. Nefndin vildi því, að þessi liður væri ekki í fjárlögunum, heldur yrði hann tekinn til greina í starfsemi hins fyrirhugaða menningarsjóðs. Sama er að segja um 30. lið 15. gr., um styrk til Guðmundar Bárðarsonar til náttúrufræðilegra starfa. Menningarsjóður á að verja nokkrum hluta af tekjum sínum til rannsóknar á náttúru landsins. Einnig leggur nefndin til, að niður falli styrkur til Guðmundar Kambans og Stefáns frá Hvítadal. Guðmundi Kamban eru í frv. ætlaðar 2400 kr. til þess að semja skáldrit frá 17. öld, en til Stefáns mun styrkurinn hafa verið skoðaður sem skáldaviðurkenning. — Það er talsvert álitamál, hvernig á að fara með slíka liði. Nefndinni fanst þetta heyra undir þann lið, sem ætlaður er skáldum og listamönnum, ef fært þykir að taka það upp þar.

Nefndin hefir lagt til, að liðurinn til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar verði ákveðinn 3000 kr. með verðstuðulsuppbót, eða alls 4200 kr. Um þennan lið geta að vísu verið skiftar skoðanir. Stjórnin hefir lagt til, að honum sjeu ætlaðar 1000 kr. sem eftirlaun, en hv. Nd. tók það ráð að færa

þennan mann yfir á 15. gr. og ætlaði honum 6300 kr. með dýrtíðaruppbót. Fjvn. þessarar deildar vill svo fara þennan milliveg og væntir þess, að hv. deild geti fallist á það.

Nefndin hefir lækkað styrkinn til Björns Björnssonar úr 2000 kr. niður í 1500 kr. Þessi maður sótti um 2500 kr. til þess að fara utan og kynna sjer myndlist og listiðnað nágrannaþjóða. Nefndin fellst á, að hann eigi viðurkenningu skilið, en rjeðist samt í að lækka styrkinn um 500 kr. Hinsvegar leggur nefndin til, að inn komi nýr liður við 15. gr. á eftir 48. lið, til Ólafs Hvanndals. Ólafur Hvanndal er hinn eini íslenski maður, sem kann að búa til myndamót. Það er kunnáttu hans að þakka, að hægt er að prenta myndir hjer án þess að fá mótin frá öðrum löndum, en hann kann þó ekki að búa til mót fyrir litmyndir. En slík myndagerð færist óðum í vöxt, og virðist því eðlilegt, að Ólafi Hvanndal sje gert kleift að bæta við sig þeirri kunnáttu.

Næsta tillaga er þess efnis, að upphæðin til Jóns Ófeigssonar, 2000 kr., sem sje fyrsta greiðsla af fjórum, falli niður. Það stendur svo á þessum lið, að frú Björg C. Þorlákssson sótti um það til Alþingis, að Jóni Ófeigssyni yfirkennara væri veitt 10 þús. kr. uppbót vegna vinnu hans við orðabók Sigfúsar Blöndals, og sömuleiðis, að þingið veitti prentsmiðjunni Gutenberg 20 þús. kr. til þess að bæta henni upp tjón, sem hún telur sig hafa beðið við prentun orðabókarinnar. Mjer virtist, að þessir liðir væru í raun og veru báðir jafnrjettháir. En nú vildi svo til, að hv. Nd. samþykti liðinn til Jóns Ófeigssonar, en feldi hinn. Nefndin var að vísu ekki sammála um, hvaða leið hún ætti að fara í þessu máli, en meiri hluti hennar rjeðist í að jafna þetta svo, að fella liðinn til Jóns Ófeigssonar.

Við 16. gr. 3. hefir nefndin gert þá brtt., að niður falli athugasemdin. Til sandgræðslu eru ætlaðar 40 þús. kr. Athugasemdin er á þessa leið: „Af upphæðinni skal verja 10000 kr. til byggingar í þarfir sandgræðslunnar í Gunnarsholti á Rangárvöllum.“ Nefndinni þótti eðlilegra að hafa þetta ekki svona fastákveðið, heldur fela það þeim á vald, sem um þetta mál fjalla, hvort þetta skuli gera eða ekki.

Þá hefir nefndin lagt til, að 4. liður 16. gr., til búnaðarfjelaga, falli niður. Þessi liður hefir að undanförnu staðið í fjárlögum. Svo stendur á um hann, að hann er nokkurskonar eftirstöðvar af hinu miklu hærra tillagi ríkissjóðs áður en jarðræktarlögin gengu í gildi og hefir verið ákveðinn búnaðarfjelögunum sjálfum til sinna sjerstöku þarfa. Nú hefir á þessu þingi verið ákveðið með lögum að stofna sjóð til verkfærakaupa fyrir búnaðarfjelögin með 20 þús. kr. framlagi á ári. Einnig er í jarðræktarlögunum ákveðið, að nokkur hluti, 5%, af jarðræktarstyrkjum einstakra manna skuli ganga til búnaðarfjelaga. Þess vegna vill nefndin láta þennan lið færast á þau gjöld, sem í frv. standa til gjalda samkvæmt jarðræktarlögunum. Sömuleiðis leggur nefndin til, að niður falli orðalagið „samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna“. Það verður að orða þetta „gjöld samkv. jarðræktarlögunum“. Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að gjöld

samkvæmt 2. kafla jarðræktarlaganna, sem voru 260 þús. kr., verði nú ákveðin gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum, 275 þús. kr., eða 260 þús. kr. + þeim 15 þús. kr., sem frv. ætlar til búnaðarfjelaga.

Þá leggur nefndin til, að undir 16. gr. 23. lið komi nýr liður, til byggingar skjólgarðs í Krossavík á Hellissandi, ⅓ kostnaðar, alt að 5000 kr. Þarna var bygður garður 1922—1923. Hann hefir komið að miklu liði bátaútveginum á Sandi, en það hefir komið í ljós, að legan, sem þarna hefir myndast, liggur undir skemdum, af því að inn rótast sandur og þari. Þessi viðbót er hugsuð með sjerstöku tilliti til varna við þeim skemdum, auk þess sem hægt er að gera leguna kyrrari og jafnvel stækka hana. Það lá fyrir nefndinni uppdráttur um þetta verk og áætlun, sem vitamálastjóri hefir látið gera, og hann mælir sjálfur eindregið með þessu. Nefndin leit svo á, að þetta væri mjög þarft fyrirtæki, og leggur því til, að þessi viðbót verði veitt.

Nefndin leggur til, að niður falli styrkur til Sláturfjelags Suðurlands, til þess að koma upp niðursuðuverksmiðju í Reykjavík. Voru til þess ætlaðar í frv. 10 þús. kr. Í 22. gr. frv. er lánsheimild til sama fjelags í sama skyni fyrir 70 þús. kr. Nefndin leit svo á, að þetta stóra og tiltölulega vel setta fjelag mundi geta komið þessu fyrirtæki í framkvæmd án beins styrks fyrirfram, einkum þar sem það hafði fengið lánsheimildina.

Nefndin leggur til að sameina í eina upphæð þær 2 upphæðir, 6000 krónur, sem í frv. eru ætlaðar til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, og 800 krónur, sem ætlaðar eru Guðmundi Jónssyni frá Mosdal til þess að halda uppi kenslu í heimilisiðnaði. Þessi upphæð er svo hækkuð upp í 7000 krónur, og er ætlast til, að hún gangi í einu lagi til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Geir Þormar, trjeskurðarmaður á Akureyri, hafði sótt um 1200 kr. til þess að halda uppi námsskeiðum og kenslu á Norður- og Austurlandi á sama hátt og Guðmundur frá Mosdal á Vesturlandi. Nefndin vill sameina þetta í eitt, en með það fyrir augum, að heimilisiðnaðarfjelögin hlutist til um, að Guðmundur frá Mosdal hjeldi uppi kenslu á Vesturlandi, en Geir Þormar á Norður- og Austurlandi. Svo ætlast nefndin til, að Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga greiði þessum mönnum, eftir samkomulagi við þá, úr sínum sjóði.

Nefndin leggur til, að hækka skuli laun leiðbeinanda í húsagerð til sveita úr 4000 kr. upp í 4500 kr. Þetta er gert með hliðsjón af því, að þessi maður hefir unnið mjög þýðingarmikið starf utan síns heimilis. Hann getur lítil aukastörf stundað, en hefir fyrir stórri fjölskyldu að sjá og á alt hið besta skilið.

Í 16. gr. er 40. liður þannig: „Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, 1500 kr.“ Þetta þótti nefndinni lauslegt og lagði því til, að á eftir „Skálm“ kæmi: ⅓ kostnaðar, alt að. — Nefndin vildi, að það kæmi skýrt fram, að ætlast væri til, að ríkið styrkti þessar varnir að ⅓, en þó alt að 1500 krónum.

Nefndin leggur til, að 45. liður 16. gr. falli niður. Hann er þess efnis, að Kristjáni Jónssyni í Auraseli verði veittur 500 kr. styrkur. Þetta má ekki skiljast svo, að nefndin álíti, að þessi maður eigi ekki alt gott skilið, heldur lítur nefndin svo á, að þetta skapi fordæmi, þannig að fjölda margir aðrir mundu geta komið til greina með alveg sama rjetti.

Nefndin leggur til, að 46. liður, um 20 þús. kr. til innflutnings á sauðnautum, falli niður. Um þennan lið er mikið álitamál, eins og ýmsa aðra. Nefndin taldi líklegt, að innflutningur á þessum villidýrum væri mjög kostnaðarsamur, en hinsvegar mjög tvísýnt, að hann kæmi að tilætluðum notum. Það þekkist hvergi, að þau sjeu tamin húsdýr, og er því hætt við, að þetta geti farið út um þúfur.

Einnig hefir nefndin lagt til, að 47. liður 16. gr. verði hækkaður úr 5000 kr. upp í 8000 kr. Nefndin ætlast til, að af þessari upphæð verði alt að 6500 kr. varið til flugnáms, og hafði nefndin þar beinlínis fyrir augum Eggert V. Briem. Þessi maður hefir síðasta ár stundað flugnám í Þýskalandi. Þar tók hann svokallað minna próf, sem gefur honum rjett til þess að stýra flugvjel, en engan rjett til þess að taka gjald fyrir að flytja farþega. Til þess að geta tekið meira próf, þarf hann enn að verja jafnmiklum tíma og jafnmiklu eða meira fje. Hann áætlar, og færir til þess mikil rök, að það nám kosti 13 þús. kr. Hann hefir fengið hina ágætustu vitnisburði fyrir áhuga, reglusemi og lægni í starfi sínu. Sjerstaklega er honum mjög sýnt um að fara með vjelar. Hann fær þann vitnisburð, að hann sje beinlínis einskonar hugvitsmaður í þessu starfi. Nefndinni þótti ekki ólíklegt, að eitthvað yrði fengist við flugferðir hjer, áður en langt um líður, og því væri nauðsynlegt, að einhver innlendur maður hefði þá þekkingu til að bera, sem heimtuð er af flugmönnum. Leggur nefndin því til, að Eggerti Briem sjeu ætlaðar 6500 kr. af þessum 8000 krónum, og er það hjer um bil helmingur af tilkostnaði hans við námið.

Þá hefir nefndin bætt inn nýjum lið um styrk til Hjálpræðishersins, til þess að halda uppi gistihúsi á Seyðisfirði. Hjálpræðisherinn hefir nú eina gistihúsið, sem til er þar. Um nokkurt skeið var bærinn alveg gistihúslaus. Hjer er um mjög mikla þörf að ræða. Hjálpræðisherinn keypti hús árið 1922 mjög háu verði. Það hafði verið selt árið 1919 fullu verði, að því er menn hjeldu, en herinn varð þó að gefa fyrir það tvöfalda upphæð.

Þar sem ríkissjóður hefir veitt hernum hjálp til að koma upp gistihúsum í Reykjavík, Ísafirði og Hafnarfirði, þá þótti líka sanngjarnt að veita nokkuð til gistihúss hersins á Seyðisfirði. Að vísu var sótt um 5000 kr., en hæfilegt þótti að leggja til, að veittar væru 3000 kr.

Við 17. gr. fjárlagafrv. hefir fjvn. gert þá einu breytingu, að setja inn nýjan lið til alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union), 1000 kr. Þetta er alþjóðasamband, stofnað með það fyrir augum að veita meðlimum sínum hjálp, þegar stórkostleg slys eða hörmungar af völdum náttúrunnar ber að höndum. Það veitir t. d. styrk, þegar stórtjón verður af eldgosum, jarðskjálftum, sjávargangi,

vatnsflóðum, eldsvoða o. fl. Einnig sjálfsagt vegna vandræða, er stafa af hafís og harðindum. Forsætisráðherra vísaði til nefndarinnar erindi, er til hans hafði borist um þetta fjelag. Leit nefndin svo á, að hið mesta gagn gæti af því orðið, ef ríkið gerðist meðlimur þessa fjelags. Árgjaldið er 700 svissnesk gullmörk, eða nálægt 1000 kr. íslenskum.

Við 18. gr. eru nokkrir nýir liðir og breytingar á öðrum. Fyrst er nýr liður til frú Aðalbjargar Sigurðardóttur. Er hún, eins og kunnugt er, nýlega orðin ekkja. Nefndin tók því upp styrk til hennar og leggur til, að henni verði veittar 1200 kr.

Þá er, samkv. tilmælum biskups og að mestu eftir hans tillögum, lagt til, að nokkur upphæð verði veitt tveimur prestum, er báðir láta af prestskap í vor. Eru það þeir sjera Jón Þorsteinsson á Möðruvöllum og sjera Jón Árnason á Bíldudal. Báðir eru aldraðir, efnalitlir og heilsubilaðir. Sjeu þessar upphæðir samþyktar, verða eftirlaun hins fyrrnefnda 1200 kr., en hins síðarnefnda 1000 kr.

Þá er till. um 164.26 kr. til Guðríðar Ólafsdóttur, ekkju sjera Jóns Arasonar á Húsavík. Er það lagt til eftir tilmælum biskups, og miðast við 300 kr. eftirlaun alls.

Þá er og nýr liður, 1200 kr. til Jóhannesar yfirkennara Sigfússonar, sem nefndin vill mæla með. Jóhannes er nú 75 ára að aldri, með 45 ára kennarastörf að baki sjer. Verður þetta viðbót við lögmælt eftirlaun hans, er hann lætur af starfi. Þessi till. er hliðstæð við liðinn til Þorleifs Jónssonar póstmeistara, er Nd. tók upp í fjárlagafrv.

Þá er lagt til að lækka eftirlaun Friðriks Jónssonar pósts úr 450 kr. niður í 300 kr. Er það gert vegna samræmis við aðra pósta, sem fá þau eftirlaun.

Þá leggur nefndin til, að hækkuð verði fjárveitingin til dr. Helga Pjeturss úr 4 þús. kr. í 6 þús. kr. Dr. Helgi sótti um viðbótarstyrk til þingsins. Fjvn. þótti rjett að verða að nokkru við tilmælum þessa fluggáfaða, mentaða og merka vísindamanns. Upphæðin er miðuð við hámarkslaun prófessora háskólans.

Þá er nýr liður, 300 kr. til Jakobínu Jensdóttur á Siglufirði. Taldi nefndin líkt farið með hana og aðrar ljósmæður, sem að starfi enduðu njóta þessarar upphæðar.

Þá þótti, eftir atvikum, rjett að taka til greina umsókn frá tveimur efnalitlum mönnum, báðum á áttræðisaldri, enda báðir rækt störf sín ágætlega. Leggur nefndin til, að hvorum þessara manna, Jóhannesi Jörundssyni, hafnsögumanni í Hrísey, og Jóhannesi Þorkelssyni, fangaverði á Akureyri, sjeu veittar 300 kr.

Þá leggur nefndin til, að nokkrar breytingar verði gerðar á 22. gr. Er þá fyrst að hækka liðinn til frystihúsalána úr 100 þús. kr. upp í 250 þús. kr. Er það gert samkv. ósk hæstv. fjmrh. Gat hæstv. ráðh. þess jafnframt, að lánbeiðnir væru komnar frá þremur stöðum, Sauðárkróki, Blönduósi og Kópaskeri, til frystihúsabygginga. Ef verða skal við þeim tilmælum öllum, var nauðsynlegt að hækka þennan lið, enda má gera ráð fyrir fleiri samskonar lánbeiðnum.

Aðrar breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar sjeu við 22. gr., eru

ýmist gerðar vegna samræmis um vaxtagreiðslur eða leiðrjettingar á greiðslumátanum, sem nefndinni þótti nauðsynlegt að gera, og skal jeg ekki fjölyrða frekar um það.

Jeg hefi þá farið nokkrum orðum, og líklega of mörgum, um störf og till. fjvn. Jeg ætlaði um leið að minnast á eina brtt., er jeg á einn á þskj. 642, en þar sem jeg hefi nú þreytt þolinmæði hv. deildar alllengi, mun jeg fresta því, þar til síðar.

Erlingur Friðjónsson: Jeg þykist sjá það, að hv. þdm. ætla að geyma sjer að tala fyrir sínum brtt., þar sem enginn kveður sjer hljóðs. En jeg sje enga ástæðu til að fresta því, er jeg þarf að segja um þetta frv. til fjárl. Þær till., sem jeg mun byrja á, eru fremur smávægilegar. Hin fyrsta, er kemur til umr. hjá mjer, er brtt. IV. á þskj. 642. Það er styrkur til Axels Guðmundssonar frá Grímshúsum til söngkenslunáms erlendis, 2500 kr. Að sönnu er á þessu sama þskj. till. frá öðrum um lægri styrk til sama manns. — Þessi maður varð fyrir því óláni að veikjast af lömunarveikinni. Er hann síðan ekki fær um að vinna erfiða vinnu. En hann er líklegur til að geta lært og kent söng og hefir góða hæfileika í þá átt. Er því fram á þetta farið, að slíkt nám mundi verða til þess að koma undir hann fótum, svo hann geti rekið söngkenslu sem sjálfstæða atvinnu í framtíðinni og lifað á því, þar sem hann brestur þrótt vegna lömunar að ganga að þeirri vinnu, sem hann hefir lært að vinna.

Þá er næst brtt. XVIII á sama þskj., nýr liður, til Steinþórs Guðmundssonar, utanfararstyrkur til að kynna sjer reynslu annara þjóða um notkun kvikmynda og skuggamynda í þarfir fræðslu og menningar, 2500 kr. Eins og kunnugt er, er þessi maður skólastjóri við barnaskóla Akureyrar. Hefir hann kynt sjer þetta allítarlega, en vill nú kynna sjer það betur. Hann hefir trú á því, að hjer sje um að ræða mikla lyftistöng fyrir barna- og unglingafræðslu. Er því farið fram á, að ríkið styrki hann til þessarar utanfarar og er vonast eftir, að þjóðin njóti góðs af árangri þeirrar ferðar.

Þá er í sömu brtt., 2. lið, lagt til, að styrkurinn til unglingaskóla utan Reykjavíkur verði 50 þús. kr. Í fjárlagafrv. eru 47 þús. kr. veittar til þessara skóla utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar. Er því hjer um tvöfalda breytingu að ræða. Önnur er sú, að Akureyri og Hafnarfjörður njóti sömu aðstöðu og aðrir staðir utan Reykjavíkur. Hin er sú, að hækka þessa upphæð nokkuð, svo hægt sje að veita fyrgreindum stöðum hlutfallslegan skerf við aðra unglingaskóla utan Reykjavíkur. Jeg flyt þessa brtt. með tilliti til þess, að á næsta hausti mun taka til starfa unglingaskóli á Akureyri, sem ætti þá að fá þessa upphæð til afnota.

Þá er brtt. XXIII, sem jeg á ásamt hv. 2. þm. S.-M. (IP), tekin aftur til 3. umr.

Nú hefi jeg minst lauslega á hinar smærri brtt. Kem jeg þá að XXVIII. brtt. á þskj. 642, til hafnarmannvirkja í Oddeyrarbót á Akureyri, 75000 kr. Það mun nú ekki þykja nema eðlilegt, að fyllri rök sjeu færð fyrir svo hárri beiðni heldur en smástyrkbeiðnum, og skal þá byrja á því. Aðalástæðan til þess, að fram á þetta er farið, er

sú, að kostnaður við hafnarmannvirki, sem lokið var á síðasta ári, en hafði verið unnið að 3 undanfarin ár, fór geysimikið fram úr áætlun, af þeirri ástæðu, að uppmoksturinn varð 100 þús. kr. hærri en áætlað hafði verið. Hann var áætlaður 70 þús. kr., en varð 170 þús. kr. Árið 1927 var varið til hafnarmannvirkjanna kr. 334567.-54 og árin 1924—'26 kr. 117627.74, eða alls árin 1924—'27 kr. 452125.28. Það mundi nú ekki þykja ástæða til að styrkja einn kaupstað til að koma þar upp hafnarmannvirkjum. En það hefir þó verið gert. Má benda á Vestmannaeyjar, og þó einkum á Ísafjörð. Þar var bryggjubygging styrkt fyrir fáum árum með 50—60 þús. kr. tillagi úr ríkissjóði. Þetta mun nú vera eina dæmið, að bryggjugerð hafi verið styrkt, sem bygð hefir verið af kaupstað. En á Akureyri er ekki einungis um bryggju að ræða, heldur og hafnarkví og uppmokstur á henni og framan við nýju bryggjuna, sem bygð var. En jeg vil þá einnig geta þess, sem er alveg sambærilegt, sem er það, að styrkur hefir verið veittur til lendingarbóta víðsvegar í kauptúnum, og stórfje til hafnargerða í kaupstöðum, t. d. Vestmannaeyjum. Og þegar smærri kaupstaðir og sjóþorp eru tekin með, þá er óhætt að fullyrða, að stórfje er búið að verja úr ríkissjóði til lendingarbóta. Mjer finst þetta alveg hliðstætt, að verja fje til lendingarbóta, bryggjugerðar og hafnarmannvirkja. Þótt ekki sje um útræði að ræða, þá er þó þetta gert fyrir allan almenning. Þar, sem sigling er mikil, þarf að hafa góð hafnarmannvirki, eins og góðar lendingar þar, sem útræði er. Siglingakostnaður skipanna minkar við góðar hafnargerðir, og að ferðamenn geta stigið á land þar, sem skip geta lagst við bryggju, sparar kostnað við flutning í batum á land frá skipi, sem ekki getur lagst við bryggju, vegna þess að hún er ekki til. Að þessu leyti má því segja, að hafnarmannvirki sjeu gerð fyrir allan almenning og því hægt að rjettlæta styrkveitingu til þeirra úr ríkissjóði.

En þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvað uppmoksturinn varð miklu dýrari en áætlað var, eins og jeg gat um áðan. Þessi áætlun var gerð af vitamálastjóra landsins, og til sönnunar því, að jeg fari hjer með rjett mál, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefum vitamálastjóra:

„Kostnaðinn við þetta hefi jeg gert áætlun um eftir hinu fyrirliggjandi tilboði, og hygg jeg, að hann muni verða um 3 kr. á hvern ten.m., sem mokað er upp, nokkuð mismunandi, eftir því hvernig botninn er og hve langt þarf að flytja uppmokstrið, svo og hve mikið skipið verður notað. Það er að ræða um tvö skip, annað stærra, sem getur mokað 1000—1500 tenm. á dag, en hitt ca. 500 tenm. Auðvitað verður hið stærra ódýrara fyrir hvern ten.m., ef nóg verður fyrir það að gera".

Hjer er skýrt tekið fram, að kostnaður verði um 3 kr. fyrir hvern ten.m., sem mokað er á land, en gert ráð fyrir því, að þyrfti að moka upp um 20 þús. ten.m.

Þetta höfum við ekki getað skilið á annan veg en þann, að byggja megi á áætlun vitamálastjóra, og í svari bæjarstjóra er það líka sett sem skil-

yrði fyrir því, að skipið verði tekið, að kostnaður við uppmokstur á hverjum ten.m. fari ekki fram úr þrem krónum, eins og í áætluninni segir.

Vil jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi bæjarstjóra, sem hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Sem svar við heiðruðu brjefi yðar, dags. 30. mars þ. á., herra vitamálastjóri, vil jeg staðfesta samtal vort í síma um þátttöku hafnarinnar í að fá leigt skip frá Danmörku til að moka upp hafnir hjer við land næsta sumar. — Hafnarnefndin er yður mjög þakklát fyrir viðleitni yðar í þessu efni, þar sem þörfin er ærið brýn fyrir. Engin þolanleg uppmokunartæki fyrir hendi og því mannvirki, sem ákveðið hefir verið að ráðast í, lítt framkvæmanleg. Því vill höfnin taka þátt í leigu á hinu umrædda uppmokstursskipi og greiða kostnað við það eftir tíma, sem skipið verður hjer, og eftir því, hve mikið er mokað upp, og að öðru leyti á þeim kostnaðargrundvelli, sem þjer nefnið í hinu heiðraða brjefi yðar, það er um 3 kr. fyrir hvern ten.m.“.

Svarið virðist fullskýrt, enda man jeg, að í hafnarnefnd, þar sem jeg á sæti, og einnig á bæjarstjórnarfundi var samþ. að taka þetta skip með því skilyrði, að kostnaður færi ekki fram úr 3 kr. fyrir hvern ten.m.

Hjer er að vísu ekki um skriflegan samning að ræða, að kostnaður verði ekki meiri, en það var bygt á áætlun vitamálastjóra, sem tók skipið á leigu f. h. ríkisins til þess að annast uppmokstur á höfninni í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Þessi samningur var þannig, að skipið hefir öll rjettindi, en ekki aðrar skyldur en að moka eftir því sem það gæti unnið. Veilan í þessu var sú, að vitamálastjóri hafði gefið þær upplýsingar, að skipið gæti unnið 1500 m.^{3} á dag, en er til reyndanna kom, urðu það stundum ekki nema 200 ten.m. á dag, sem skipið mokaði, og kostaði uppmoksturinn á hverjum ten.m. kr. 6.50, eða meira en helmingi dýrara en áætlað hafði verið. Þó skipið gæti ekki unnið vegna bilunar einn dag eða fleiri, átti það að hafa sama kaup eftir sem áður, eða 100 kr. um klukkutímann í 8 tíma á dag. Skipið teygði sjer þennan samning svo, að það taldi sig eiga rjett á því að fá greitt fult dagkaup á meðan það fór frá Akureyri til Reykjavíkur til viðgerðar og á meðan á henni stóð. Gerði það kröfu til þess að fá 7000 kr. greiddar fyrir þessa ferð. Get jeg þessa til þess að sýna, hve herfilegur þessi samningur var, sem einn starfsmaður ríkisins gerði fyrir hönd ríkisins og sem síðan átti að yfirfæra á Akureyrarbæ. Sannleikurinn er sá, að við Akureyrarbúar höfum verið gintir út í verk, sem er miklu kostnaðarsamara en áætlað var, og eingöngu á þeim pósti, sem lýtur að uppmokstrinum. Verður því ekki sjeð annað en að bæjarstjóra hafi verið gefnar rangar skýrslur um það, hve miklu skipið gæti afkastað, og samningur við skipið þannig úr garði gerður, að ómögulegt var fyrir bæinn að ná rjetti sínum, ef útbúnaður skipsins og vinna reyndist minni eða lakari en gert var ráð fyrir í upphafi.

Við lítum því svo á, að þar sem ríkið átti þann hlut að máli, að það var í gegnum einn starfsmann þess, að bærinn lagði út í þessar fram-

kvæmdir, sem í upphafi voru rangt áætlaðar, sje það ekki nema sanngjarnt, að það taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem af því leiddi. Auðvitað er okkur það ljóst, að engin ábyrgð hvílir á ríkinu í þessum efnum, en hinsvegar tel jeg það siðferðislega skyldu þess að ljetta undir með bænum, þar sem svona stendur á. Vil jeg benda á tvent í þessu sambandi, sem jeg hygg, að hljóti að verða tekið til greina um ósk okkar að fá 75000 kr. styrk vegna kostnaðar á þessum hafnarmannvirkjum:

1. Þau afskifti, sem starfsmaður ríkisins hefir haft af þessu máli um ráðningu skipsins, eins og jeg hefi talað um, og

2. eru fordæmi fyrir því, að ríkið hefir styrkt aðra kaupstaði (Ísafjörð) til þess að byggja hafnarbryggju án þess að þar væri nokkuð mokað upp, og hinsvegar er hjer um að ræða mannvirki, sem er öllum landsmönnum til mjög mikils gagns, þeim er til Akureyrar þurfa að fara.

Sama máli er að gegna um skip þau, er þangað koma, t. d. skip ríkisins og Eimskipafjelags Íslands, að það er þeim eigi alllítill ljettir, að þar sjeu góð hafnarmannvirki.

Má taka þetta hvorttveggja til greina við þetta mál. Tel jeg því víst, að till. þessi fái góðan byr hjá hv. deild.

Að vísu skal jeg engu um það spá, hvort menn verða sammála um þessa fjárhæð, sem hjer er farið fram á, en hitt tel jeg víst, að Alþingi vilji styrkja Akureyrarbæ nokkuð, sem viðurkenningu fyrir hinar myndarlegu hafnarbætur, er þar hafa verið gerðar á 2—3 síðustu árum, og þó einkum með tilliti til þess, er jeg hefi áður minst á.

Þá á jeg eftir að minnast lítilsháttar á brtt. á þskj. 695,XXVI, þar sem farið er fram á, að ríkið ábyrgist alt að 120000 kr. lán til barnaskólabyggingar Akureyrarkaupstaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Fyrir því eru mörg fordæmi, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir sýslur og hreppa og bæi landsins, þegar líkt stendur á, og jafnvel fyrir fjelög og einstaka menn. Það er heldur ekkert óeðlilegt, þótt ríkið styrki kauptún eða hreppa, að minsta kosti í þeim efnum, sem þeir hafa með höndum til framþróunar, sjerstaklega þegar gera má ráð fyrir því, að sá, sem ábyrgst er fyrir, sje fyllilega fær um að standa straum af þeim framkvæmdum, eins og óhætt er að álíta, að Akureyrarbær sje.

Svo er ráð fyrir gert, að á barnaskólabyggingunni verði byrjað 1930. Nú þegar er búið að safna að jeg hygg einum þriðja þeirrar upphæðar, sem hjer er farið fram á, að ábyrgst verði, eða að minsta kosti 30—40 þús. kr., svo að sú fjárhæð, sem farið er fram á ábyrgð fyrir, er tveir þriðju af öllum byggingarkostnaði barnaskólans. Að sjálfsögðu verður haldið áfram að leggja til hliðar fje til byggingarinnar, svo að þessi ábyrgð þyrfti ekki að hvíla lengi á ríkinu.

Jeg þarf ekki að benda á dæmi til þess að sýna, hve oft ríkið hefir gengið í ábyrgð fyrir bæjarfjelög, sýslur eða fjelög einstakra manna. Til þess eru svo fjölmörg fordæmi. Þó vil jeg

minna á 2—3 dæmi, sem sýna það, að þingið hefir ekki verið svo sjerleg varkárt í þessum efnum, ef á að kalla það varkárni að neita um ábyrgð undir slíkum kringumstæðum sem þessum. Á þingi 1921 er samþykt, ríkið gangi í ábyrgð fyrir klæðaverksmiðjuna á Álafossi fyrir 200 þús. kr. Jeg skal ekkert um það segja, hvort áhættuminna er, þessi ábyrgð eða ábyrgðin fyrir Akureyri, sem nú er farið fram á, en þetta sýnir aðeins, að þingið hefir þá ekki sjeð ástæðu til þess að neita um ábyrgð til einstaks manns, en nú er það heilt bæjarfjelag, sem fer fram á ábyrgðina. Á sama þingi er ríkinu heimilað að ganga í ábyrgð fyrir 9 togarafjelög í Reykjavík, sem stóðu í skuldum á Englandi vegna kaupa á 12 togurum. Var ríkinu heimilt að ganga í ábyrgð fyrir 200 þús. kr. fyrir hvert skip, eða alls 2400000 kr. Með öðrum orðum, ríkið gengur í ábyrgð fyrir meira en 2½ milj. kr. þetta ár á þessum tveim póstum.

Ríkinu hefir ef til vill ekki hlekst neitt sjerstaklega á vegna þessara ábyrgða 1921, en jeg þori að fullyrða, að sú ábyrgð, sem hjer er farið fram á fyrir Akureyrarkaupstað, sje alveg áhættulaus. Vona jeg því, að till. verði vel tekið og að hún nái fram að ganga.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ekki tilgangur minn að halda langa ræðu, því að bæði er það, að jeg á ekki atkv. í þessari hv. deild og að bekkir eru heldur fáskipaðir, eins og oft vill verða.

Það hefir undanfarið reynst svo, að þessi hv. deild hefir sýnt meiri varfærni við samþ. fjárlaganna um nýjar fjárveitingar, og vil jeg bera fram þá ósk, að svo verði einnig að þessu sinni. Hv. fjvn. hefir verið jafnvarfærin, og á hún þakkir skilið fyrir. Um leið vil jeg leyfa mjer að þakka hv. fjvn. fyrir till., er hún nú hefir borið fram, um styrk til fornritaútgáfunnar. Var það af tilviljun, að ekki var hægt að leggja þá beiðni fyr fyrir þingið. Jeg vænti þess, að hv. deild taki máli þessu eins vel og hv. fjvn. og æðsti valdsmaður þessa lands hefir gert, enda þori jeg að fullyrða, að fornritaútgáfan verður einhver sú merkasta framkvæmd hjer á næstu árum. Og þar eð einstakir menn hafa safnað svo hárri fjárhæð með frjálsum samskotum og orðin er, má ætla, að ríkið vilji leggja fram nokkurn skerf til útgáfunnar.

Jeg sje ekkert á móti því að fella niður styrkinn til búnaðarfjelaganna og sameina hann þeim styrk, sem veittur er samkv. jarðræktarlögum. Hygg jeg þó, að fjárhæðin verði of lág. einkum þegar þar við bætist, að af þeirri upphæð (260000 kr.) eru veittar 20000 kr. til verkfærakaupasjóðs, en að sjálfsögðu má líta á þetta sem áætlunarupphæð, sem stjórnin er ekki bundin við.

Þá hygg jeg, að mjög vel sje ráðið af nefndinni að bera fram till. um tillag til Alþjóðahjálparsambandsins. Höfðu borist boð frá stjórn sambandsins, og hygg jeg, að þarna sje völ á ódýrri slysatryggingu fyrir landið, einkum þar sem þesskonar slys eru mjög tíð hjer. Með þessu litla fjárframlagi getum við trygt okkur verulegar fjárhæðir frá þessu alþjóðafjelagi, ef slys bæri að höndum.

Jeg skal ekki ræða um till. ein-

stakra þm., en það eru tvær brtt., sem jeg á þátt í, að fram eru komnar, og vil jeg gera nokkra grein fyrir þeim. Þessar brtt. eru XXXIII. og XXXV. á þskj. 642, sem jeg hefi borið fram ásamt hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Þær hljóða um það, á hvern hátt ríkið geti stuðlað að uppkomu osta- og smjörbúa í landinu. Við höfum í fyrri till. lagt það til, að smjörbúin verði rekin á samvinnugrundvelli eins og þingið 1926 ætlaðist til um rjómabúin í sambandi við Flóaáveituna. Það er enginn vafi á því, að það er mjög áríðandi að styðja bændur til þess að koma mjólkinni í peninga. Nú hefir verið skipuð nefnd til þess að taka það til athugunar, á hvern hátt hægt sje að veita hinum stóru og frjósömu hjeruðum austan fjalls aðstoð til þess að koma þessu í framkvæmd. Þar að auki hefir verið sett á stofn í Eyjafirði hið stærsta smjörbú og ostabú hjer á landi, og er það nýbúið að senda afurðir sínar á markaðinn hingað suður.

Síðari brtt. gengur í þá átt, að ríkissjóði heimilist að veita styrk til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi alt að ¼ stofnkostnaðar, í eitt skifti fyrir öll, og hinsvegar til að styrkja þau með ódýrum lánum úr viðlagasjóði. Það er sett sem skilyrði, að búin sjeu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, er Búnaðarfjelag Íslands telur heppilegastan fyrir viðkomandi hjerað. Jeg geri ráð fyrir því, að sumir muni líta svo á, að nú þegar sje fullsett á viðlagasjóð, og jeg játa, að engin von sje til þess, að viðlagasjóður geti risið undir öllum þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð. Hinsvegar álít jeg, að hjer sje aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða og að stjórnin muni geta fundið einhverja leið til þess að afla fjár til viðlagasjóðs. Jeg vona einnig, að á næsta þingi verði stofnaður sá banki fyrir landbúnaðinn, sem geti látið í tje lán til þessara fyrirtækja og annars, er landbúnaðurinn þarfnast.

Jeg vænti þess, vegna þeirra smjörbúa, sem þegar eru stofnuð og á nú að stofna í Eyjafirði, Flóanum og víðar, að deildin líti svo á, að stjórnin eigi að hafa heimild til þess að styrkja þessi fyrirtæki.

Þetta er nýmæli í sambandi við fjárlagafrv. En heimild fyrir þessu er gefin í Flóaáveitulögunum, og jeg vona, að hv. deild styðji að því, að þessi regla verði upp tekin almennt og styrki þá nytjastarfsemi, sem hjer er um að ræða.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði ekki búist við að tala svona snemma. En fyrst það liggur við, að umr. verði slitið, þá verð jeg að segja fáein orð um þær brtt., sem jeg hefi borið fram. Jeg er nú samt ekki viss um, að jeg hafi viðað nægilega að mjer til þess að tala um þær allar, en ef mig skortir eitthvað, þá á jeg þó aðra ræðu til, ef mig skyldi þrjóta gögn nú.

Það er þá fyrst á þskj. 642, sem jeg á nokkrar brtt. um það að fella niður skólagjöld. I., XVII. og XX. brtt. snerta allar það sama, og get jeg því tekið þær allar í einu. Sú fyrsta fer fram á, að skólagjöldin, sem talin eru til tekna í 2. gr., falli niður, en hinar 2 eru þess efnis, að athugasemdir í 14. gr. um skólagjöld falli niður.

Þetta mál hefir nú áður verið til umræðu hjer á þingi og þá mikið rætt, og jeg verð að segja það, að mjer finst það blettur á Alþingi að hafa nokkurntíma sett skólagjöld við skólana hjer, því vitanlegt er, að fátækustu nemendurnir eiga mjög bágt með að greiða þessa upphæð. Skólagjald mun nú vera um 150 kr. Voru það að vísu ekki miklir peningar, þegar þessi gjöld voru sett í upphafi, en nú er það talsvert mikið fje. Því það er nú svo, að eftir því sem krónan hækkar og fær meira gildi, þá verða þetta allmikil útgjöld fyrir fátækt fólk. Jeg álít því, að fella beri þessi skólagjöld niður. Það er mjög erfitt fyrir fátæka pilta að afla sjer þessa fjár, og þar sem það fer nú oft saman, að þeir fátækustu eru efnilegustu námsmennirnir, þá er það því ósanngjarnara að leggja stein í götu þeirra. Allar slíkar hindranir og þessar á að nema á burtu, því jeg býst við, að það hafi oft komið fyrir, að efnilegustu menn hafi orðið að hætta námi vegna þeirra fjárhagslegu örðugleika, sem þeir hafa átt við að búa. En allir sjá, hversu hróplegt ranglæti það er, þegar skólagangan miðast orðið við efnahag, en ekki við hæfileika. Já, en nú er heimilt að endurgreiða fátækum og efnilegum nemendum það skólagjald, sem þeir hafa greitt, munu menn segja við þessu. Rjett er það að vísu, en þeir verða þó að útvega sjer fjeð, því þessi gjöld verða að greiðast fyrirfram. Og þó þeim sje greidd þessi upphæð aftur, þá er ekki nema að hálfu leyti bætt úr þessu órjettlæti, því það örðugasta helst samt sem áður, og það er að þurfa að útvega sjer þetta fje; og vitanlega fá ekki allir fátækir, efnilegir nemendur skólagjald eftirgefið. Jeg vona nú, að hv. deild sýni það rjettlæti að fella niður þessi skólagjöld bæði hjer í Reykjavík og við Flensborgarskólann. Þau eru hvorki rjettlát nje sanngjörn og ríkið missir litlar tekjur við þetta.

Þá kem jeg að brtt. VII. á þskj. 642. Fer jeg þar fram á allríflega fjárveitingu, sem á að fara í stórt mannvirki. Það er sem sje farið fram á 100 þús. kr., fyrsta framlag, til vegarlagningar yfir Fjarðarheiði. Þetta mál var hjer tvisvar fyrir á þinginu í fyrra. Í fyrra skiftið sem þáltill., en í síðara skiftið sem brtt. við fjárlögin. Þáltill., sem var þess efnis, að rannsókn skyldi fara fram á vegarstæði þarna og kostnaði við lagningu vegar, var samþ., en brtt. um framlag til vegarins var feld. Rannsóknin var svo framkvæmd síðastl. sumar, og varð niðurstaðan sú, að ekki mundi vera svo mjög örðugt að leggja veg þarna og kostnaður mundi verða minni en búist var við. Till. vegamálastjóra hvað þetta snertir er sú, að rjett sje að byrja ekki strax á verkinu, þó þetta verði samþ. En hann er ekki sá maður, sem hefir nokkurt vald til þess að segja þinginu, hvað það á að gera eða láta vera. Auk þess er hann talsvert einstrengingslegur og vill binda sig við það, sem honum sjálfum þykir best, en mörgum þykir það nálgast sjervisku. Alþingi hefir oft áður virt að vettugi álit hans, svo eins ætti að vera hægt að gera það nú. En verði þessi vegur lagður yfir Fjarðarheiði, þá eru Hjeraðinu trygðar samgöngur við þann kaupstað Austurlands, sem bestar samgöngur hefir við útlönd, og mundi það hafa mikla þýðingu,

bæði fyrir kaupstaðinn og Hjeraðið, og verða bæði Seyðisfirði og Fljótdalshjeraði til hins mesta gagns. Það er gert ráð fyrir því, að þessi vegur verði lagður á 4 árum, og er áætlaður kostnaður 360 þús. kr. Mundu það þá verða 90 þús. kr., er færu til vegarins árlega, en jeg sting upp á 100 þús. kr., því jeg get vel ímyndað mjer, að hann færi eitthvað fram úr áætlun, því það hefir svo oft viljað brenna við, að áætlanir verkfræðinganna væru ekki sem áreiðanlegastar. En verði þessi till. mín feld, þá býst jeg við að fallast á till. hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) um, að veittar verði 50 þús. kr. til þessa, þó jeg verði að játa, að mjer þykir minna varið í það að fara svo hægt af stað. Því eftir þeirri till. tekur það 8 ár að byggja þennan veg, sem er þó ekki nema ca. 24 km., og er það miklu lengri tími en aðrir vegir eru bygðir á. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, en ef komið verður með rökstudd mótmæli gegn þessu, þá mun jeg svara þeim í síðari ræðu minni og gefa frekari upplýsingar um þetta, ef hv. þm. Seyðf. gerir það ekki. Þetta er alment áhugamál manna þar eystra, því ef þessi vegur verður bygður, geta kaupstaðurinn og sveitin tengst þeim böndum, sem verður til hagnaðar fyrir báða. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefir sent Alþingi áskorun um að hraða þessu máli sem mest.

Þá kem jeg að X. brtt., sem er þess efnis, að Ólafi Sveinssyni, vitaverði á Reykjanesi, verði veittar 800 kr. til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita. Hann hefir þegar sjálfur byrjað á þessum vegi og lagt þar allmikið í kostnað úr sjálfs sín vasa. Ferðamannastraumur er allmikill þangað og mundi aukast, ef þessi vegarspotti yrði fullgerður að vitanum. En aðsókn að þessum stað stafar af því, að náttúrufegurð er þarna mikil og mjög stórfengleg og útsýni alt hið besta. Staður þessi liggur út að opnu Atlantshafi, og er mjög tilkomumikið að sjá hinar þungu öldur úthafsins mynnast við hraunklettana. Þessi fjárhæð, sem farið er fram á, er mjög lítil, og mundi þetta verk verða svo ódýrt, að slíks eru fá dæmi um vegalagningu hjer á landi. Ætlar vitavörðurinn að vinna sjálfur að þessu með sonum sínum, en hann er eins og kunnugt er mjög duglegur maður. Mun þetta margborga sig fyrir ríkissjóð, því fyr eða síðar verður þessi vegur að koma, og er þá sjálfsagt að nota tækifærið meðan þarna er duglegur maður, sem vill vinna að þessu fyrir ekki meira fje en hjer er um að ræða. En því til sönnunar, að þessi vegur verði að koma, er það, að bæði leiðir það af ferðamannastraumnum þangað og auk þess er það nauðsynlegt vegna vitans sjálfs. Þangað verður að vera sæmilegur akvegur, svo hægt sje að flytja nauðsynjar til vitans, og auk þess er nauðsynlegt, að hægt sje að komast þangað í fljótu bragði, ef vitinn bilar, sem vitanlega má ekki eiga sjer stað, að svo standi lengi, svo mikla þýðingu sem hann hefir fyrir siglingar hjer sunnanlands. — Þá hefi jeg líka flutt varatill. þess efnis, að heimilt sje að veita Ólafi Sveinssyni vitaverði 800 kr. af fje því, er ætlað er til óvissra útgjalda við vitana. Í sjálfu sjer er enginn munur á þessu, því annað fer fram á að hækka útgjaldalið fjárl., en hitt að

þessi upphæð verði veitt af þessum 10 þús. kr., sem ætlaðar eru til óvissra útgjalda, því ef meira fje þarf til þeirra en gert er ráð fyrir, þá er varla vafi á því, að það verður veitt. En það getur verið, að hv. dm. finnist annað, og læt jeg þá þess vegna sjálfráða um það, hvora þeir fallast á, en vona aðeins, að önnurhvor finni náð fyrir augum þeirra.

Þá kem jeg að 2. lið XVII. brtt. á þskj. 642, sem er frá mjer, um að veita Hallgrími Jónssyni 1200 kr. utanfararstyrk. Þessi kennari er, eins og kunnugt er, einn af elstu kennurum við barnaskólann hjer í Reykjavík, og án þess að jeg vilji á nokkurn hátt gera lítið úr öðrum kennurum við þann skóla, þá held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hann sje einn af þeim bestu. Hann tók kennarapróf frá Flensborgarskóla árið 1901 og hefir stundað kenslu síðan. Hann sigldi einu sinni til Kaupmannahafnar til þess að kynna sjer nýjungar í kensluaðferðum, og fór hann þá ferð upp á eigin spýtur. En nú fer hann fram á að fá þetta fje í þessu sama skyni. Ef til vill mætti líka veita honum þessa upphæð af utanfarastyrk barnakennara. Mundi jeg og láta það nægja, ef hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að honum skyldu veittar þessar 1200 kr. úr þessum sjóði, en tryggilegast væri vitanlega að fá það í fjárlögin. Sjálfur verður hann og að leggja mikið úr eigin vasa, því þessar 1200 kr. hrökkva vitanlega skamt, því bæði er það, að ferðalög eru dýr, og auk þess ætlar hann að dvelja um tíma í Englandi, en þar er mjög dýrt að lifa, sökum þess hvað sterlingspundið er stór penningur. Vonast jeg til, að hv. deild sjái sjer fært að veita honum þetta, og það ekki síður sökum þess, hvað hann verður að leggja mikið fram úr eigin vasa.

Annar kennari er það líka, sem jeg hefi farið fram á, að fengi styrk. Heitir hann Andrjes J. Straumland. Er það ungur og mjög efnilegur kennari, sem dvalið hefir erlendis, en er nú við nám í Ruskin College í Oxford. Sótti hann um 2000 kr. styrk til Alþingis til þess að dvelja við þennan skóla til að kynnast kensluaðferðum, svo hann gæti verið sem best undir það búinn að taka við kenslu hjer heima. En það hlýtur öllum að vera ljóst, hversu mikil nauðsyn er á því, að þeir, sem kenna eiga börnum og unglingum, sjeu sem vitrastir og víðsýnastir menn. Þess vegna þurfa þessir menn að eiga kost á því að sjá sig um í heiminum og geta dvalið eitthvað í öðrum löndum, til þess að þeir sjeu sem best búnir undir þetta vandasama starf.

Það stækkar sjónhringinn að kynnast því, sem fram fer á þessum sviðum í öðrum löndum, og þar kynnast menn nýjum aðferðum og þeir flytja heim þá þekkingu og mentun, sem þeir öðlast ytra, og miðla henni við kenslu unglinga og barna. Fyrir því álít jeg, að fjárveiting í þessu skyni sje nauðsynleg, og það hærri fjárhæð en veitt er í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar. Tel jeg því rjett, að þessi 1200 kr. fjárhæð verði veitt, nema því aðeins, að þessi maður geti komist einnig undir þann lið fjárlaganna, þar sem fje er veitt til utanfarar kennara.

Þá kemur næsta till., sem við höfum flutt þrír; það er styrkur til Brynjólfs málara Þórðarsonar. Þessum manni

hefir verið veittur styrkur undanfarin tvö ár í fjárlögum, 1500 kr. Hann lærði hjá Þórarni Þorlákssyni og er talsvert kunnur málari hjer á landi. En hann hefir átt við heilsuleysi að búa undanfarin ár, en þó haldið áfram námi sínu. Nú dvelur hann suður við Miðjarðarhaf, og getur því aðeins haldið áfram námi og bætt heilsu sína, að honum sje veittur lítilsháttar styrkur. Það, sem farið er fram á handa Brynjólfi, er ekki nema 1500 kr.; sama fjárhæð og veitt var nú í tvö ár. Jeg veit, að þeir hv. þdm., sem hlustuðu á umræður hjer í fyrra, munu líta svo á, að það sje ekki rjett að taka styrkinn af þessum manni, sem hefir brotist áfram af litlum efnum og miklum dugnaði, þrátt fyrir heilsuleysi á sínum lærdómstíma. Tel jeg víst, að hann muni hljóta náð fyrir augum hv. deildar nú eins og fyr.

Þá hefi jeg borið fram till. í þremur liðum, nr. XXVI. Fyrsti liður er styrkur til Jóns Jónssonar frá Hvoli, 200 kr. Sannast að segja álít jeg ekki þörf að tala lengi fyrir þeirri till. Þessi maður er einn af þeim, sem hafa stytt mönnum stundir með stökum sínum; en ferhendurnar hafa löngum verið í miklum metum hjá okkur Íslendingum og hagyrðingar átt vinsældum að fagna hjá alþýðu. En þeir hafa oft verið ekki að sama skapi fjáðir, og þessi maður er einn af þeim. Hann er roskinn maður orðinn og segir svo sjálfur, að hann búi nú heldur í skugganum. Jeg fer fram á þetta aðeins sem viðurkenningu, og er ætlast til, að sje í eitt skifti fyrir öll. Þess má jeg geta, að Jón hefir gefið út laglegt vísnakver, árið 1921, og einn af okkar góðu ritdómurum, Jakob J. Smári, hefir lokið lofsorði á stökur hans, enda voru þær gefnar út mikið fyrir hans tilmæli. Það er synd að þreyta hv. deild á mjög langri ræðu um svo litla till., sem jeg þykist vita, að verði samþykt.

Þá hefi jeg flutt tvær till. um að hækka nokkuð styrk dr. Guðbrands Jónssonar til þess að semja íslenska miðaldamenningarsögu. Til þessarar vinnu eru veittar 1200 kr. í fjárlögum, en jeg ætlast til, að honum verði veittar 2000 kr. með verðstuðulsuppbót, 2800 kr. Það munu allir þekkja, sem við slík verk fást, að þetta er ekki stór upphæð. Það er ekki mikið hægt að gera fyrir 2000 kr. og ekki hægt að búast við, að hann geti lagt mikið til ritstarfa, þar sem mikið af tímanum þarf að ganga til kenslu og annara starfa til lífsnauðsynja. Vil jeg stinga upp á þessari hækkun á launum hans, en sje ekki hægt að ná henni fram, þá til vara, að þau verði hækkuð úr 1200 kr. upp í 2000 kr., og sje ekki nein verðstuðulsuppbót.

Þá kem jeg að næstu till., um að veita Ásgeiri Einarssyni 1200 kr. til dýralækninganáms. Það er ungur stúdent, sem sækir um styrk til að nema dýralæknisfræði í Þýskalandi. Jeg þekki dálítið til þessa pilts og veit, að hann er fyrst og fremst ágætum gáfum gæddur og líklegur til að inna fljótt og vel af hendi þetta nám. Hann er bæði reglusamur og sparsamur, svo að allar líkur eru til, að því fje, sem honum kynni að verða veitt, yrði vel varið. Jeg sting upp á, að honum verði veittar 1200 kr., eins og var í fyrv. veitt ýmsum stúdentum. En jeg sje, að nefndin hefir þar klipið af 200 kr., svo að jeg þorði ekki í

annað en koma með varatill. um 1000 kr.

Þá er það 2. till. undir XXII. lið, að í stað „aðstoðarmanns við Þjóðskjalasafnið“ komi: „og til aðstoðar eftir reikningi“. Þetta er ekki annað en orðamunur, til þess að ekki sje verið að festa þarna mann og ekki meira fyrir borgað heldur en fjárlagaliðurinn til tekur. Skil jeg ekki annað en hv. þdm. geti á þetta fallist.

Út af 3. till. undir XXII. lið hefi jeg fengið mótmælaskjal frá forseta Bókmentafjelagsins. Jeg hafði gert till. um að hækka styrkinn til Bókmentafjelagsins um 400 kr. Mjer finst ekki sitja á forseta að mótmæla því, þó að sú athugasemd fylgi, að því sje ætlað að gefa út niðurlagið af ritgerð um dómkirkjuna á Hólum. Það hefir áður gefið út nokkuð af þessari ritgerð, sem átti að vera 25 arkir að stærð, en mun verða um 30; mun fjelagið vera búið að gefa út nálega 18 arkir. En það sýnist meiningarlaust að gefa út slíka ritgerð hálfa; þess vegna vil jeg láta ljúka við útgáfuna og skylda Bókmentafjelagið til þess. — Mjer finst það satt að segja hálfgerð frekja af forseta Bókmentafjelagsins að fara að sletta sjer fram í, þó að þingið vilji setja athugasemd og till. um það, hvað það vildi og óskaði, að út yrði gefið. Hann hótar því, forsetinn, að taka ekki við neinum styrk. Jeg sje raunar, að það er í fjárlögum skilyrði fyrir styrk, því að þar stendur: enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns. Og jeg skil ekki, að það komi til, að forseti komist upp með það að neita að taka við styrknum til fjelagsins frá þinginu, þó að því sýnist ástæða að setja þarna aths. við. Jeg hygg, að brjef þetta sje ekki sent fyrir ráð stjórnar Bókmentafjelagsins, heldur hafi forseti aðeins gert það af einræði sínu. Og það getur vel komið til mála, ef hann óskar frekari umræðna um styrkveitingar, að maður talaði um, hvort hann ætti sjálfur að þiggja nokkurn styrk hjá þinginu.

Þó að jeg hafi ekki talað um mínar till. í röð, býst jeg við, að jeg hafi minst á þær allar og gert hv. þdm. ljóst, hvað þær fela í sjer. Og jeg efast um, að jeg muni taka til máls aftur, nema alveg brýnar ástæður sjeu fyrir hendi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af till. hv. fjvn. vildi jeg segja fáein orð, fyrst beina því til nefndarinnar, hvort hún geti ekki sjeð sjer fært að taka aftur til 3. umr. tvær litlar till., aðra um lækkun rekstrarkostnaðar húsmæðradeildar skólans á Staðarfelli og húsmæðradeildarinnar á Ísafirði. Jeg vildi aðeins að þessu sinni benda á, að mjer fyndist þurfa að athuga það, hvort það er sanngjarnt að gera þessa lækkun, einkum ef litið er til annara sambærilegra skóla. Jeg vænti þess, að nefndin athugi þetta áður en kemur til atkvgr.

Þá sje jeg, að nefndin hefir felt niður litla upphæð til manns, sem heitir Kristján Jónsson og hefir fylgt mönnum í heilan mannsaldur yfir Markarfljót. Það er því miður ekki hægt að verðlauna alla þá góðu vatnamenn, sem til eru á landinu, en mjer finst, að þetta væri vel við eigandi sem hlýlegt handtak til þessa manns, sem hefir lagt á sig erfiði til að hjálpa mönnum í svo langa stund. Jeg vona,

að nefndin sjái ekki ástæðu til að halda þessari till. til streitu.

Út af brtt. nefndarinnar um að hækka styrk til dr. Helga Pjeturss vil jeg aðeins segja mína skoðun án þess að rökstyðja. Jeg hefi fyr verið með því að hækka laun þessa manns, þannig að hann mætti hafa sæmilegt lífsviðurværi; og jeg hefi ekki breytt skoðun, hvorki um hans meðfæddu góðu hæfileika nje hans góða vilja. En jeg sje ekki, að hann sje á nokkurn hátt betur settur, þó að laun hans sjeu nú hækkuð. Hann skoðar sig sem höfund nýrra trúarbragða, og jeg býst ekki við, að slíkum forgöngumönnum sje talið nauðsynlegt að hafa nokkurt óhóf af veraldargæðum.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 642. Mín fyrsta till. er um það, að bætt verði aths. við greinina um meðferð utanríkismálanna, að fjeð sje greitt í dönskum krónum. Það hefir verið siður að greiða t. d. kostnað við sendiherraskrifstofuna og kaup sambandslaganefndarinnar í erlendri mynt án þess að taka það fram í fjárlögum. Er ætlast til, að þessi atkvgr. skeri úr um það, hvað þingið álítur um þetta. Það er óneitanlega fjarstæða í sjálfu sjer að hafa part af fjárlögunum í erlendri mynt og part í íslenskri, án þess að tiltaka það nánar. Kostnaður við sendiherraskrifstofuna í Kaupmannahöfn er 20 þús. danskar krónur, húsaleiga 5 þús., líka danskar krónur, annar kostnaður. — mest risna — 20 þús. kr., og skrifstofuhald 17 þús. kr. Ef till. þessi verður samþykt, að kostnaður utanríkismála greiðist í dönskum krónum, þá liggur í því, að hina liðina á að borga í íslenskum krónum; við það lækka þeir allir hlutfallslega eins og gengið segir til.

Jeg mun máske við 3. umr. og í öðru tilefni koma að því, að jeg held, að þetta sje alveg forsvaranlegt. Mjer dettur ekki í hug að neita, að sá maður, sem nú er sendiherra, standi vel í stöðu sinni, en jeg neita því, að við getum búist við að geta haldið slíka menn okkar á allan hátt til jafns við ríkustu þjóðir. Það getur stundum verið leiðinlegra að vera smáþjóð, en það verðum við að sætta okkur við. Og jeg leyfi mjer að halda því fram, að 20 þús. kr. laun og 20 þús. kr. í risnu, þótt þær sjeu íslenskar, sje alveg nægilegt í Kaupmannahöfn, því að það er ekki dýrara að lifa har heldur en í Reykjavík.

Þá er næsta till. mín um að auka skrifstofufje sýslumanna og bæjarfógeta um 5 þús. krónur, upp í 100 þús. kr. Þetta er ekki gert með ákveðin embætti fyrir augum, heldur vegna þess, að störf þessara manna fara vaxandi með ári hverju, og jeg býst ekki við, að hjá því verði komist á sumum stöðum að auka að einhverju leyti þeirra skrifstofukostnað. Þótt lítið sje, tel jeg það fremur vott um það, að þingið vilji ekki alveg gleyma, að aukinn kostnað leiðir af auknum kröfum.

Jeg hefi gleymt að minnast á kostnað við sambandslaganefndina. Hjer er sá kostnaður gerður 6 þús. kr., og er beinlínis átt við íslenskar krónur. Er ætlast til, að það árið, sem nefndin fer til Danmerkur, fái hver maður 1500 kr. fastan styrk, hvorki meira eða minna, í stað þess að hingað til

hefir það verið 50 kr. danskar á dag frá því maðurinn fór heiman að og þangað til hann kom aftur. Þetta sýnist mjer ekki þörf; það er nokkurnveginn hægt að komast til Kaupmannahafnar og búa þar sómasamlega hálfan mánuð til þrjár vikur fyrir 1500 krónur. Sje litið á það, að kostnaður þessi hefir orðið 3500 kr. og upp í 5 þús. kr. á mann sum árin undanfarin, þá er hjer um nokkurn sparnað að ræða.

Jeg sje, að á þskj. 642 er brtt. frá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) um framlag til vegarins yfir Fjarðarheiði. Þetta er gamall kunningi hjer frá í fyrra; þá var jeg einn af þeim, sem vildu láta rannsaka vegarstæði yfir heiðina. Nú hefir það komið í ljós við rannsókn, að vegur þessi verður dýr, um 400 þús. kr. Þetta er sjálfsagt mjög sönn áætlun, því að vegarstæðið er erfitt og liggur yfir hátt fjall og talsvert langt. Jeg álít að vísu, að vegurinn eigi að koma, en að undirbúningur sje ekki nægilegur enn. Þessi vegur hefir ekki sömu þýðingu nú eins og t. d. Fagradalsvegurinn, sem er lífæð milli Hjeraðsins og sjávar. Þessi vegur liggur miklu hærra. Að vísu notast hann Hjeraðsbúum nokkuð yfir sumarið, en sjerstaklega verður hann fyrir Seyðisfjörð; það má segja, að hann sje Seyðisfjarðar mál í hæsta máta. Þess vegna vil jeg ekki lá hv. þm. kjördæmisins, þó að hann berjist fyrir þessum vegi, en af því hvernig ástatt er, þá verða Seyðfirðingar að gæta þess, að áður en þeir geta átt von á, að landið leggi fram fje það, sem krafist er, eiga þeir að sýna, að þeim sje virkilega alvara. Jeg talaði um þetta við sýslumann Seyðfirðinga; hann skildi vel, að þingið gæti ómögulega lagt út í þetta nema því aðeins, að Seyðisfjörður sýndi áhuga í verkinu. Stakk jeg upp á því, hvort Seyðisfjörður vildi leggja á sig ákveðna vinnu, máske þegnskylduvinnu á hverju ári, með því móti að landið legði fram eitthvað á móti. Þegar jeg sje hv. þm. Seyðf. kominn inn í hv. deild, vil jeg árjetta það, að það er líkt ástatt um þennan veg fyrir Seyðfirðinga eins og Kristneshælið fyrir Eyfirðinga. Þeir lögðu fram geysifje með samskotum og vinnu, og aðeins þess vegna tókst að hrinda þessu mannvirki áfram á skömmum tíma. Ef Seyðfirðingar sýna, að þeim sje eftir sinni getu eins mikil alvara að brjóta þennan múr milli sín og Hjeraðsins eins og Eyfirðingum var með hælið, þá álít jeg, að þeir muni á sínum tíma ekki fara bónleiðir til búðar. En enn sem komið er vantar þennan undirbúning.

Þá er hjer mál eitt, sem jeg vildi sjerstaklega segja nokkur orð um; það er till. um að leggja fram í eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, fyrsta greiðsla af fjórum, 2500 kr. Þessu máli er svo háttað, að það hefir nú nokkur undanfarin ár verið bygð stúdentaborg í útjaðri Parísar, þar sem nálega öll ríki heimsins leggja eitthvað til. Frakkar gangast fyrir þessu og leggja mikið til, af því að þeir vilja gera sitt til þess, að París haldi áfram að vera sú mikla miðstöð í andlegum efnum, sem hún hefir lengi verið. Aðrar þjóðir viðurkenna gildi franskrar menningar greinilega með því að leggja stúdentum sínum til herbergi í þessum stúdentagarði. — Nú hefir ræðismaður

Frakka snúið sjer til stjórnarinnar og stungið upp á, að við legðum fram 10 þús. kr. í eitt herbergi; það mætti borga það alt í einu eða þá á fjórum árum. Jeg ljet hv. mentmn. Nd. fá skjalið og fleiri gögn um málið, og svo var um talað, að nefndin kæmi með till. um það í Nd., en svo varð þó ekki. Jeg held því að vísu ekki fram, að hjer sje um lífsnauðsyn að ræða. En menn mega ekki láta fæla sig, þó að talið sje, að einstakra manna herbergi í okkar væntanlega stúdentagarði komi ekki til þess að kosta nema 5 þús. krónur, því að raunverulega kostar eitt slíkt herbergi 10 þús. kr., þegar þess er gætt, hve mikið ríkissjóði er ætlað að leggja fram. Með brtt. minni er því um fult samræmi að ræða, og við jafnt lifandi eða dauðir fyrir því, þó að við leggjum þennan kostnað á okkur á 4 árum, en gæti jafnvel hugsast að yrði okkur til mikils góðs síðar meir. Með því að ríkið legði þessa litlu upphæð til, ætti það nokkurn veginn að vera trygt, að einn íslenskur námsmaður að minsta kosti gæti stöðugt verið við nám í París. Og þar sem því hefir nú verið lýst yfir, að við munum innan stundar taka utanríkismálin í okkar hendur, þá er það augljóst, að okkur er nauðsynlegt, að nokkuð margir af áhrifamönnum þjóðarinnar kunni frönsku; hún er milliríkjamálið. En sem stendur höfum við fáum á að skipa, er hafi nægilega kunnáttu í þessari tungu og sjeu færir um að taka þátt í starfsemi „diplomata". Þessi málakunnátta er ekki altaf nauðsynleg fyrir frægustu fulltrúa stórveldanna, eins og t. d. Lloyd George; slíkir menn geta komist af án þess að kunna frönsku, en við getum það ekki, og þess vegna álít jeg það meira en ómaksins vert að sinna þessari litlu brtt.

Þá er það 2. liður brtt. undir XI. tölulið. Þar er farið fram á námsstyrk til Björns Gunnlaugssonar læknis, sem er mjög efnilegur maður, ættaður úr Borgarfirði. Hann hefir verið um tveggja ára skeið í Hamborg, meðfram til þess að geta búið sig undir það að verða hjer spítalalæknir. Þessi maður hefir rækt nám sitt ágætlega, farið vel með fje og tíma og er því líklegur að verða til gagns og sóma, þá er stundir líða, endist honum líf og heilsa.

Þá er 3. liður þessarar sömu brtt., um styrk til Axels Guðmundssonar, til þess að fullkomna sig í söngkenslu. Þetta er sami maðurinn, sem hv. þm. Ak. (EF) hefir borið fram í IV. brtt. á sama þskj. En af því að þar er farið fram á hærri upphæð, skoða jeg mína till. sem varatill., er komi því aðeins til atkv., að aðaltill. frá hv. þm. Ak. falli. Þessi maður er liðlega tvítugur, mjög söngvinn og hefir fallega rödd. En hann varð fyrir því óhappi að veikjast mjög hastarlega af mænusótt, og þó honum hafi batnað talsvert, fær hann þó tæplega þá heilsu að geta unnið stritvinnu, en hefir von um að geta ef til vill unnið sjer brauð með söngkenslu. Nú hefir hann hug á að hverfa til Danmerkur og leggja þar stund á söngnám með það fyrir augum að geta orðið kennari t. d. við alþýðuskóla. Hefði þessi maður verið hraustur og heill heilsu, var honum engin vorkunn að standa straum af

þessum námskostnaði. En það er sjerstaklega með tilliti til þess, að hann er svona fatlaður, að þörf er á að styrkja hann í þessu skyni.

Þá á jeg næst XVI. brtt. í röðinni. Með þeirri brtt. er lagt til, að styrkur til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum falli niður, en svo hefi jeg síðar — það er XXI. brtt. í röðinni — lagt til, að upp væri tekin jafnhá upphæð (2500 kr.), sem varið yrði til þess að gefa út kenslubækur handa skólum yfirleitt. Samskonar brtt. fjell í hv. Nd., og veit jeg ekki af hverju, en mjer finst fara betur á að styrkur þessi sje miðaður við kenslubókaþörf allra skóla á landinu. Jeg skal taka það fram, af því að jeg hefi núna undanfarið lagt dálitla stund á að semja kenslubækur og gefa þær út, að jeg mun alls ekki hugsa um að njóta neins styrks af þessu fje til þeirra bóka, er jeg hefi sjálfur samið. En mjer er kunnugt um, að einn kennari Akurevrarskólans hefir í smíðum kenslubók í eðlisfræði, og færi þá vel á, að hann nyti styrks af þessu fje, því að slík kenslubók kemur fleirum skólum að gagni.

Þá hefi jeg borið fram brtt. — það er sú XIX. í röðinni — um styrk til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, 2/5 kostnaðar, alt að 10 þús. kr. Fyrir mjer vakir, að þetta sje upphaf af föstum lið, sem jafnan standi í fjárlögum, eins og það hefir tíðkast, að föst upphæð stæði þar til þess að koma upp unglingaskólum í sveitum. Eins og kunnugt er, hafa margir kaupstaðir verið að basla við að halda uppi unglingaskólum, og er því sanngjarnt að slík upphæð sje í fjárlögum, sem hægt sje að grípa til. Skal jeg aðeins taka fram, að þessi munur, sem hjer er gerður, 2/5 til kaupstaða móti 1/2 kostnaðar í sveitum, held jeg að sje nokkurnveginn jafnrjetti, vegna þess að sveitirnar hafa heimavistir við skólana.

Þá kem jeg að síðustu brtt. minni, sem er sú XXXIV. í röðinni á þessu sama þskj. og er við 22. gr. Þar er lagt til, að Bjarna Runólfssyni á Hólmi í Landbroti verði veitt lán til þess að koma upp verkstæði vegna raflýsingar sveitabæja. Í brtt. er lánsupphæðin 20 þús. kr., sem stafar af misritun í handriti, því að jeg ætlaði ekki að fara fram á nema 5 þús. kr., og beini því til hæstv. forseta, að hann beri till. þannig upp, að lánið sje aðeins 5 þús. krónur. Verði þetta lán veitt, efast jeg ekki um, að það muni koma að góðum notum. Þessi maður er nú orðinn víðþektur; hann er bóndi austur á Síðu, mesti völundur, en varð fyrst kunnur úti um land eftir að Sigurður próf. Nordal hafði skrifað um hann tímaritsgrein. Hann hefir verið mjög heppinn í smíðum sínum, þótt ekki sje hann skólagenginn í raffræðum. Hann hefir komið upp mörgum rafstöðvum á sveitabæjum, bæði austur þar og víðar, og er nú ráðinn hjá Búnaðarfjelagi Íslands til þess að leiðbeina bændum um raflýsingu sveitabæja.

Mjer er kunnugt um, að nú í vor á að reisa 6—7 rafstöðvar í nánd við Akureyri, og víðar mun vakinn allmikill áhugi manna á meðal um raflýsingu sveitabæja. Verður því ekki skortur á verkefni fyrir slíkan mann sem Bjarna. Annars er það merkilegast um Bjarna á Hólmi, að hann smíðar heima að búi sínu í Vestur-Skafta-

fellssýslu ýmsa hluti til rafstöðvanna, og suma þá allra dýrustu. Sjerstaklega eru það þó „túrbínur", sem hann smíðar og gerir það fyrir einn fimtung verðs af því, sem þær kosta í Reykjavík, og þó eru þær taldar jafngóðar. Að Bjarna hefir tekist þetta, er fyrst og fremst því að þakka, að hann er hugvitsmaður og þjóðhagasmiður, en svo hafa og skipströndin austur þar átt sinn þátt í því. Þar kaupir Bjarni kopar og aðra málma við góðu verði, og svo smíðar hann dýra hluti í rafmagnsvjelar úr þessu efni. Nú hefir Bjarni komið sjer upp dálitlu verkstæði, en á þó erfitt með að fullkomna það sem skyldi, vegna þess að hann er fátækur og svo sanngjarn í öllum viðskiftum, að hann tekur oft ekki hærra kaup, þegar hann vinnur frá heimili sínu, en vanir verkamenn hafa.

Það er áreiðanlega góðra gjalda vert að styrkja slíkan mann og Bjarna á Hólmi, því eflaust á hann eftir að veita ljósi og yl um margar sveitir þessa lands og gera þær vistlegri. Vænti jeg því fastlega, að hv. deild geti fallist á brtt. þessa.

Jeg hefi þá talað fyrir brtt. mínum og býst ekki við, að jeg sjái ástæðu til að taka oftar til máls, nema ef frekari skýringa yrði óskað.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer fáar brtt. á þskj. 642 og ætla þá að gera örlitla grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt. mín, sú III. í röðinni, er um 400 kr. styrk til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi. Fjelag þetta hefir í tveim síðustu fjárlögum notið nokkurs styrks, er nam fyrra árið 500 kr. og síðara árið 400 kr. Fjelagið hefir látið margt gott af sjer leiða og nú síðari árin beitt sjer aðallega fyrir hjúkrunarstarfsemi og orðið að miklu liði. Á Sandi eru nú um 600 manns, en fjöldi þeirra verður að fara að heiman í atvinnuleit yfir vor- og sumartímann, en mörg heimili þannig sett, að konan er á meðan alein yfir börnunum. Komi veikindi upp á einhverju slíku heimili, hafa oft hlotist vandræði af, vegna þess að enginn var til að hjúkra. Úr þessu hefir fjelagið reynt að bæta, með því að ráða í þjónustu sína hjúkrunarkonu, er það hefir svo lánað til hjálpar á bágstöddum heimilum, sumpart fyrir mjög væga borgun eða þá enga, því þarna eins og annarsstaðar eru mörg heimili, sem vegna fátæktar eiga mjög erfitt með að láta nokkuð af hendi rakna. Fjelagið hefir einnig lagt í ýmsan annan kostnað og skuldar nú eitthvað, en sjer fram á, að það verði að draga úr hjúkrunarstarfsemi sinni, ef það nýtur ekki þessa styrks úr ríkissjóði. Þess vegna finst mjer það vel þess vert, að fjelagið njóti þessa styrks áfram, og þar sem hv. deild hefir svo að segja samþykt þetta í einu hljóði áður, vænti jeg, að hún sje sama sinnis enn.

Næsta brtt. mín er sú VI. í röðinni, um styrk til Stykkishólmsvegar. Þessi vegur hefir nærri undantekningarlaust verið tekinn upp í fjárlagafrv. stj., og er mjer því næsta óskiljanlegt, hvers vegna hann hefir verið feldur niður úr stjfrv. að þessu sinni. Það hefir nú staðið yfir í meira en fjórðung aldar að byggja þennan veg, og er mjer nær að halda, að enginn þjóðvegur hafi orðið eins útundan eða

miðað jafnlítið áfram. Þessi vegur liggur þó yfir blómlegar búsældarsveitir og á auk þess að tengja saman hjeruðin við Breiðafjörð og Faxaflóa. Jeg þykist viss um, að þeir hv. þdm., sem riðið hafa um þessar blómlegu sveitir, sem af náttúrunnar hendi eru þann veg gerðar, að þar getur fjöldi manna lifað góðu lífi, hljóti að skilja þá nauðsyn, sem þessum hjeruðum er á því að fá þessum vegi sem fyrst lokið. Finst mjer því óþarfi að orðlengja frekar um það, en sný mjer að þriðju brtt. minni undir XXIX. lið á sama þskj., um 15 þús. kr. styrk til hafnarbóta í Ólafsvík, en í beinu áframhaldi er svo fjórða brtt. mín, undir XXXVI. lið, þar sem farið er fram á, að ríkissjóður ábyrgist 15 þús. kr. lán í sama skyni.

Eins og kunnugt er, voru á Alþingi 1919 afgreidd lög um hafnargerð í Ólafsvík, sem gert var ráð fyrir, að eftir þáverandi verðlagi mundi kosta um 750 þús. kr., og átti ríkissjóður að leggja fram ¼ af þeim kostnaði, en taka ábyrgð á ¾ hlutum kostnaðarins. Öll árin síðan hefir fjárhagur ríkissjóðs verið þröngur, og því ekkert viðlit að ráðast í þessa hafnarbyggingu. Hinsvegar hefir þó verið reynt að byrja á þessu mannvirki með því að byggja hafnarskjólgarð fyrir mótorbáta. Höfnin liggur, eins og kunnugt er, fyrir opnu hafi, og má segja, að ógerlegt sje eins og er að láta mótorbáta ganga þaðan. Það hafa á undanförnum 3 árum verið veittar úr ríkissjóði 44 þús. kr. til þessa hafnargarðs, en hreppurinn lagt til um 25 þús. kr., svo að búið er að vinna að þessum garði fyrir tæpar 70 þús. kr. Lengd garðsins er áætluð um 192 metrar, en búið að byggja 138 m., og vantar þá 54 m. til þess, að garðurinn sje fullgerður. Garðurinn skýlir bæði í vestan-, norðan- og austanátt; í sunnanátt er ekki um mikla sjóa að ræða, aðeins vindbáru, svo að þegar garðurinn er fullgerður, þá má gera ráð fyrir, að þarna verði nokkurnveginn trygt lægi fyrir mótorbáta. Botninn er ágætur, og hefir garðurinn alls ekki haggast þessi fjögur ár, sem bygging hans hefir staðið yfir, þrátt fyrir mikið hafrót, er á honum hefir mætt. En það er fyrir mjer mikils virði, þegar miðað er við alla þá tugi þúsunda, sem farið hafa forgörðum annarsstaðar við land, þar sem slíkar hafnarbætur hafa verið framkvæmdar. Það má því segja, að ekki vanti nema herslumuninn til þess, að þarna sje fengin örugg og trygg mótorbátahöfn. Og þegar sá herslumunur kostar ríkissjóð ekki meira en 30 þús. kr., en hinsvegar um það að ræða að lyfta upp mótorbátaútvegi í fjölmennu kauptúni, og með tilliti til þess, að þetta er lokastyrkur, finst mjer, að jeg geti vænst þess, að hv. deild taki vel í þetta mál. Mjer finst líka, að þegar Alþingi hefir áður lagt dóm sinn á nauðsyn málsins með því að leggja í þetta mannvirki tugi þúsunda, þá geti ekki komið til mála að kippa að sjer hendinni og stöðva verkið, þar sem ekki er eftir nema herslumunurinn til þess að ná markinu. Jeg hirði svo ekki um að hafa þessi orð fleiri, enda vænti jeg, að hv. deild sjái og skilji þá nauðsyn, sem liggur á bak við þessar brtt. mínar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg þurfti

að segja fáein orð vegna tveggja brtt., sem jeg hefi borið fram og eru að finna á þskj. 642.

Þó að jeg hafi nú í nokkur ár átt sæti á þingi, þá hafa margir meiri æfingu mjer að tala fyrir brtt. við fjárlagafrv., enda hefi jeg venjulega haft lítið af slíku tægi í eftirdragi. En af því að erfitt er að fá menn til þess að halda kyrru fyrir í hv. deild og enginn var á mælendaskrá, er jeg fór úr sæti mínu, þá skal jeg ekki tefja lengi fyrir því, að hægt verði að ganga til atkv.

Jeg hefi borið fram VIII. brtt. á þskj. 642, um 12 þús. kr. til Langadalsvegar. Gæti jeg hagað orðum mínum líkt og hv. þm. Snæf. (HSteins) og sagt, að þessi vegur væri búinn að vera alllengi á leiðinni. Þegar best gekk, fjekk hann oft dálítið í fjárlögum, og komst veitingin til hans eitt sinn upp í 20 þús. kr. Annars eru 15 eða 16 ár síðan fyrst var til hans veitt, en venjulega hefir veitingin verið svo lítil, að henni hefir svipað til meðalainntöku hjá hómópata. Þó hefir þessi vegur talist og telst til þjóðvega; en mjög er honum ábótavant enn. Áður lá vegurinn t. d. ýmist uppi í háum brekkum eða niðri í engjum dalbúa.

Hv. 5. landsk. (JBald) talaði um það áðan, að sjer þætti mikið, ef það tæki 8 ár að leggja veginn yfir Fjarðarheiði, og kostar hann þó mörgum sinnum meira fje en hjer er farið fram á. Mjer kom í hug, er jeg heyrði orð hv. þm., að lengi hefði honum þótt treinast bygging Langadalsvegar, hefði hann átt að mæla fyrir honum. En fáist nú þessar 12 þús. kr., vænti jeg, að takast megi að gjöra það, sem ógert er af veginum, fært hestvögnum. Skal jeg þó ekkert um það fullyrða, en víða er fjár þörf, og læt jeg því við þessa upphæð sitja að sinni.

Þá á jeg XII. brtt. á sama þskj. Hún er við 14. gr. B.II., lokastyrkur til Árna Björnssonar, til háskólanáms. Þessi maður er úr mínu hjeraði og lauk stúdentsprófi fyrir 4 árum, að jeg hygg. Síðan hefir hann, svo að satt sje frá sagt, notið hins lögákveðna stúdentastyrks. Les hann tryggingafræði og hefir sókst námið vel eftir ástæðum. Hafa legið fyrir hv. fjvn. vottorð um próf hans í heimspeki og sömuleiðis fyrri hluta embættisprófs. Fái hann styrkinn, býst hann við að ljúka náminu í byrjun næsta árs. En hann er af fátækum kominn og hefir lítið fje fengið úr föðurgarði; hefir enda orðið að vinna fyrir sjer, með því að námsstyrkurinn hefir ekki hrokkið. Vona jeg, að hv. deild láti sjer skiljast, að meiri er þörf styrks, þegar svo stendur á, en ella. Ef til vill mætti segja, að hann hefði hafið námið af lítilli fyrirhyggju, en þegar svo langt er komið, ætla jeg að sjá megi, að hann hafi verið fyllilega fær um það. Og jeg vona, að orðið „lokastyrkur", sem jeg nota um þessa upphæð, verði nú meira rjettnefni en oft áður í fjárlögunum. Jeg get fullvissað hv. deild um, að maðurinn er í góðu meðallagi greindur, hirði ekki um að taka dýpra í árinni, þótt venjulegt sje, enda af góðu bergi brotinn. Það er mjer kunnugt um. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa brtt., en held, að enginn hv. þdm. mundi hafa ósóma af að greiða henni atkv.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi ekki borið fram neinar brtt., sem jeg þarf að mæla með sjerstaklega. En jeg get sagt það, að jeg er hlyntur ýmsum brtt. hv. fjvn., og mun það koma fram í atkvgr. Auðvitað hefði jeg helst óskað, að frv. hefði verið sem minst breytt frá því, er það kom frá stjórninni og var lagt fyrir þingið upphaflega, enda er varla að svo komnu hægt að segja, að breytingar þær, sem gerðar hafa verið, sjeu til bóta. En það ætla jeg, að till. nefndarinnar muni flestar gerðar að vel yfirlögðu ráði.

Hjá því mun naumast fara, að á þann, sem lengi situr undir fjárlagaumræðum, stríði margar og hver annari óskyldar tilfinningar. Annarsvegar er meðvitundin um, að margt af því, sem fram er borið, eigi fullan rjett á sjer og sje sjálfsagt frá sjónarmiði þeirra, sem till. flytja. En á hinn bóginn mega hinar góðu tilfinningar ekki hlaupa með menn í gönur, og þarf að hafa hugann jafnframt á því, hvar taka skuli peningana.

Þessari þjóð hefir löngum verið svo farið, að hún hefir átt meiri framfarahug en efni. Og mikið af brtt. er eflaust sprottið af ríkri framfaraviðleitni, og því erfitt að leggjast í móti þeim. Jeg býst þó við að verða að greiða atkvæði gegn þeim flestum, og ekki síst af því, að ennþá er óvíst um niðurstöðu tekjuaukafrv. þeirra allflestra, sem fram hafa komið í þinginu. Er raunar vandkvæðum bundið að taka afstöðu til hækkunartillagna, fyr en útsjeð er um úrslit þessara frv. Annars furðar mig á þeirra bjartsýni, sem komið hefir fram í hv. Nd. — einkum innan Íhaldsflokksins —, þegar því er haldið fram, að fjárhagsástæðurnar sjeu svo góðar, að ekki sje þörf nýrra tekjuauka. Þessi misskilningur sumra hv. þm. hlýtur að stafa af því, að grundvöllurinn undir athugunum þeirra sje talsvert gallaður. Það virðist líka liggja í augum uppi, að þegar á að gera áætlun um fjárhagsástandið, verður að hafa meðalár til hliðsjónar. Afkoma meðalárs ætti því að vera undirstaða álits þeirra manna, sem telja enga þörf tekjuauka. En meginvilla þeirra liggur í því, að þeir miða við útkomu þriggja síðustu ára. En að rjettu lagi hefði ekki mátt taka árið 1925 með. En af því að tillit er tekið til þess, gera menn sjer of glæsilegar vonir. Jeg skal geta þess, að þegar fjárhagsyfirlitið var gefið í byrjun þings, var ekki að fullu sjeð, hvernig útkoma síðastliðins árs mundi verða. Síðan hefir komið í ljós, að talsverðar upphæðir voru ógreiddar, t. d. vegna berklavarnalaganna og jarðræktarlaganna. En þetta gerir ástandið enn verra en yfirlitið sýndi. Um leið og jeg get þessa, vil jeg vekja athygli á því, að óhjákvæmilegt verður að stofna til talsverðra útgjalda samkvæmt sjerstökum lögum, sem ýmist hafa verið samþ. eða verða væntanlega samþ. á þessu þingi. Vænti jeg, að hv. fjvn. athugi þetta og taki upp í fjárlagafrv. nauðsynlega útgjaldaliði þeirra vegna. Að svo komnu þýðir ekki að telja einstaka liði, meðan ekki er fullvíst, hvað fram nær að ganga. Nú þegar hafa verið teknir upp í fjárlagafrv. útgjaldaliðir samkv. lögum um byggingar- og landnámssjóð, tilbúinn áburð og búfjártryggingar. En margt annað get-

ur komið til greina, t. d. ef ráðist verður í ríkisrekstur útvarps eða bætur á því auma ástandi, sem hegningarhúsið er í og óviðunandi er, að allra dómi. Ekki hefi jeg heldur orðið var við, að neitt tillit sje tekið til framlags ríkissjóðs til sundhallarinnar. Að þessu athuguðu verð jeg að halda því fram, að varla sjeu horfur á, að svo verði gengið frá fjárlögunum, að afgangur fáist til þess að greiða tekjuhalla síðasta árs. Veit jeg ekki, hvaðan koma ættu tekjur til þess. Það kynni að vera hægt á uppgripaári; en nú eru ekki glæsilegar horfur. Vertíðin hefir gengið treglega, það sem af er, og ekki er útlit fyrir neitt geipiverð á afurðum. Er því naumast hægt að ætla, að þetta ár verði meira en í meðallagi. En gjöldin verða með meira móti, og það þótt ekki sje tekið tillit til óvissra útgjalda árin 1929 og 1930. En æskilegt væri, að fjárlögin yrðu svo úr garði gerð, að hægt yrði að standa straum af þeim útgjöldum án þess að grípa til sjerstakra ráðstafana.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í einstaka liði sjerstaklega. Er þegar búið að minnast á þá flesta af flutningsmönnum, og ræður þeirra hafa ekki gefið tilefni til athugasemda. En eitt vildi jeg þó minnast á, af því að jeg geri ráð fyrir, að hv. frsm. taki til máls á eftir mjer. Jeg vildi spyrja um, á hverju bygðist áætlun nefndarinnar um 3000 kr. rekstrarkostnað handa Kristneshælinu. Hann hlýtur að verða miklu meiri en svo, og held jeg, að ekki þýði að áætla hann undir 10 þús. kr. (**JóhJóh:** Er áætlun hæstv. ráðherra bygð á samanburði við Vífilsstaði?). Ekki beinlínis, en þetta liggur í augum uppi.

Þá vil jeg geta eins liðs, sem mjer þykir óviðfeldið að lækka, en það er styrkurinn til Páls Ísólfssonar. Nefndin hefir fært hann niður um 1000 kr. Satt að segja finst mjer slíkum listamanni varla bjóðandi lægri upphæð en sú, sem tiltekin var í frv. eins og það kom frá Nd. Þætti mjer fara að vonum, ef þessi brtt. nefndarinnar yrði feld. Svipað hefi jeg að segja um styrkinn til Jóns Ófeigssonar. Jeg hygg, að hann hafi unnið svo mikið starf við orðabókina, að það sje nokkuð hart, ef hann á enga uppbót að fá á þeim launum, sem hann hefir þegar fengið. Finst mjer, að rjettara hefði verið að fella niður styrkinn til orðabókarsjóðsins og verja honum til greiðslu fyrir starf J. Ó. Ætla jeg, að þess muni langt að bíða, að taka þurfi til þess sjóðs. En úr þessu sker atkvgr.

Þess er áður getið, að nefndin hefir hækkað styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Ætla jeg, að mörgum muni koma sú ráðstöfun kynlega fyrir sjónir. Sje jeg ekki annað en fullsæmilegt sje að ætla þessum manni 4000 kr. til lífsframfæris árlega af ríkisfje, og enga ástæðu finn jeg til þess að setja hann á föst prófessorslaun hjeðan í frá, en það skilst mjer, að sje ætlun nefndarinnar. Hefði átt betur við að veita honum einhverja upphæð sem ferðastyrk eða þvílíkt. Það er kunnugt, að þessi maður hefir ekki haft tækifæri til að gegna því starfi, sem hann mundi hæfastur til, en um ritstörf hans eru allskiftar skoðanir. Og það hygg jeg, að skoðanir þær, sem

hann flytur, sjeu ekki svo mikilsverðar, að ástæða sje til að veita honum mjög aukinn styrk þeirra vegna.

Jeg var búinn að lofa að fara fljótt yfir sögu, og skal því að mestu leyti láta staðar numið.

Hv. þm. Snæf. (HSteins) mælti vel og eindregið með brtt. sínum. Í sjálfu sjer er það ágætt og æskilegt að leggja fram fje til slíkra hafnarbóta, ef hægt er. En mjer virðist ekki liggja fyrir nægar skýrslur um það, hvernig verkinu á að haga og hvort það verður til frambúðar. En alt er verra en ógert, sem ekki er fulltraust. Má vera, að þessar upplýsingar hafi verið lagðar fyrir nefndina eða þær geti nú komið fram. En það mun hafa áhrif á mína afstöðu til þessa máls. Það má ekki koma fyrir, að hafnarvirkjunum sje hætta búin, þótt óveður geysi, og engin hætta vera á því, að þau bili, þegar minst varir. Það komu fram raddir og till. á þingi um að veita fje til hafnarbóta á Sandi. Verkið var unnið, en þá kom það í ljós, að það var lítils virði, því höfnin fyltist af sandi og þara. Það hefði verið gott, að við þessu hefði verið sjeð í fyrstu. Hjer, þar sem náttúruöflin eru svo óviðráðanleg, má ekki veita mikið fje á nokkurn stað, nema áður sje þaut-rannsakað, hvort komi að haldi. Það má vera, að þessi uggur minn sje ekki á rökum bygður. En mjer þætti gott að fá upplýsingar um, að þarna væri öllu borgið og að það, sem þarna verður gert, sje unnið að fyrirsögn ábyggilegra, sjerfróðra manna.

Í sambandi við þetta skal jeg minnast á till. frá hv. þm. Ak. (EF) um hafnarbætur á Akureyri. Það væri ekki ólíklegt, að jeg ljeði því máli lið, þar sem jeg er þaðan að ætt og uppruna. En það er nú svona; þegar maður er kominn í slíka stöðu sem þessa, þá færist yfir mann, mjer liggur við að segja einhver keimur af íhaldssemi, sparsemi í fjármálum. Þó mjer væri mikil ánægja í að ljá þessari till. lið, þá treysti jeg mjer ekki til þess, því mjer virðist heldur ógætilega af stað farið. Þó að vonbrigði hafi orðið af starfsemi skips þess, sem dýpka átti höfnina, þá er ekki hægt að krefjast þess, að ríkið taki afleiðingunum af syndum þeirra, sem ekki höfðu búið nægilega um hlutina. Jeg get því ekki mælt með svo háum styrk sem hjer er farið fram á. Jeg vona og, að hafnarsjóður sje svo vel stæður, að hann komist yfir þetta, þó kostnaður hafi orðið meiri en átt hefði og þurft hefði að vera.

Till. sama þm. (EF) um barnaskólabyggingu Akureyrar fer fram á allmikið fje. (**EF:** Ábyrgð). Já, ábyrgð, og fyrir mitt leyti vil jeg segja það, að ábyrgðir eru það, sem ríkissjóði er hægast að láta í tje, því eins og þar stendur, „silfur og gull á jeg ekki, en hvað jeg hefi, það gef jeg þjer". Jeg tel því ekki fráleitt að samþykkja þessa ábyrgð. Byggingarinnar er þörf. Ástandið nú er ekki viðunandi.

Jeg hefi þá gert grein fyrir skoðun minni. Það eru allar horfur á, að útgjöldin í fjárlögunum beri tekjurnar ofurliði. Því verð jeg að treysta nefndinni til fyrir 3. umr. að gera sjer ljósa grein fyrir, hvað vænta megi, að tekjurnar verði móts við útgjöldin og athuga sem best, hverju útgjöld samkv. sjerstökum lögum muni nema.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á á-

samt hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) brtt. á þskj. 642, undir XXIV. lið. Það er styrkur til frú Ingibjargar Stein-Bjarnason. Hún öðlaðist íslenskan ríkisborgararjett í fyrra og er af íslensku bergi brotin, þótt hún sje uppalin erlendis. Hún er 27 ára gömul, ekkja og efnalaus. Síðastliðin þrjú ár hefir hún varið öllu sínu fje til þess að stunda listmálaranám í París. Hefir hún hlotið góðan orðstír og árangurinn orðið með besta móti. Hún er ekki svo lánsöm, að hjer liggi fyrir Alþingi þau verk hennar, sem best eru og sem mundu gera hana verðuga þessa styrks. Hjer liggja einungis fyrir fáein sýnishorn, frumdrættir af málverkum, sem hún hefir gert og sem nú hafa komist á vorsýningarnar í París og Berlín. Þess vegna er það eðlilegt, að hv. þm. geti ekki gert sjer grein fyrir, hverskonar styrkbeiðni þetta er. Einn Íslendingur, Gunnlaugur listmálari Blöndal, getur dæmt um þessa styrkbeiðni. Hann hefir verið 2 ár samtímis henni í París. Kom hann til viðtals við fjvn. að tilhlutun eins nefndarmanna. Hann sagði ekki mikið, en sagðist þekkja til náms hennar og hæfileika og kannaðist við sýnishorn þau, sem hún hafði sent hingað, og sagði það vera frumdrætti að málverkum, sem hann hefði sjeð. En það hefir hann sagt við skyldmenni hennar og aðra, að hún væri óvenjulega listfeng og á því væri enginn efi, að hún mundi ná því takmarki, sem hún hefði sett sjer. Mun henni takast að ljúka námi á tveim árum. En hana brestur fje. Því hefir hún snúið sjer til síns nýja föðurlands, því hún er íslensk í anda og íslenskari en margur, sem hjer hefir alið allan sinn aldur. Hún hefir sagt í brjefi hingað, að það af þeim 6 málverkum, sem nú eru á sýningunni, er besta dóma fær, ætli hún að senda Íslandi að gjöf fyrir þá velvild og skilning, sem Alþingi hafi sýnt sjer með því að veita sjer ríkisborgararjettinn, því hún veit vel, hvers virði hann er og hvað í honum felst. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, en jeg vona, að orð mín beri þann árangur, að þeir, sem viðstaddir eru, sjái sjer fært að veita þennan styrk, 1500 kr. Af vanþekkingu sótti hún að vísu um þennan styrk í tvö ár, en þar sem fjárlög eru afgreidd til eins árs í senn, þá var það leiðrjett. Hún hefir allan hug á að verða sjálfri sjer og hinu nýja föðurlandi sínu til sóma. Veit jeg fyrir víst, að það er ætlun hennar og fullur hugur. Jeg skal ekki þreyta hv. þdm. með lengri ræðu, en vona, að þeir treysti því, að hjer sje ekkert ofmælt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 642. Hin fyrri, nr. V., fer í þá átt, að stúlkunni Evu Hjálmarsdóttur frá Seyðisfirði verði veittur 1000 kr. framhaldsstyrkur til dvalar í sjúkrahúsi í Danmörku, og sje það lokastyrkur úr ríkissjóði til hennar. Stúlka þessi er 22 ára að aldri og dóttir bláfátækra foreldra á Seyðisfirði, sem eiga fjölda barna. Hún hefir þjáðst af sjúkdómi, sem læknar nefna „epileptisk Hysteri“ eða „hysterisk Epilepsi“, og var komið hingað til lækninga, en fjekk ekki bata. Var því ráðist í að láta hana sigla haustið 1926 og henni komið fyrir í hæli í Danmörku fyrir slíka sjúklinga, og

hefir hún verið þar síðan. Alþingi veitti henni 1000 kr. styrk í núgildandi fjárlögum, en að svo miklu leyti sem hann hefir ekki hrokkið til meðgjafar með henni í hælinu, hefir verið leitað frjálsra samskota, því að foreldrar hennar eru svo fátæk, að þau geta ekkert lagt með henni frá sjer, og hún á engan þann að, er geti kostað hana.

Læknir hælisins skrifaði nýlega föður stúlkunnar og sagði, að hún mætti nú teljast heilbrigðari bæði á sál og líkama en þegar hún kom í hælið. Henni líður þar nú svo vel, að hana sárlangar til þess að dvelja þar lengur, bæði í von um frekari bata og líka af því, að henni líður þar svo miklu betur en í fátæktinni heima. En þess er enginn kostur, að hún geti dvalið í hælinu, ef Alþingi vill ekki hlaupa undir bagga með henni, því að fullerfitt hefir reynst að ná inn með samskotum því, sem á hefir vantað meðgjöfina og útbúnað hennar og ferðakostnað til Danmerkur.

Hjer er því ekki aðeins um nauðsynjamál fyrir stúlkuna að ræða, heldur og mannúðarmál, og treysti jeg fyllilega á mannúð hv. dm. og vænti, að þessi fyrir ríkissjóð tiltölulega litla upphæð verði samþykt og stúlkunni með því gert kleift að vera annað ár í hælinu, svo að hún þurfi ekki að hverfa þegar heim í fátæktina, þar sem óumflýjanlega hlyti að bíða hennar vaxandi vanheilsa og þjáning fyrir skort á sæmilegum húsakynnum og rjettri hjúkrun.

Hin brtt. mín, nr. IX, fer í þá átt, að veittar verði 50 þús. kr. úr ríkissjóði til akvegar yfir Fjarðarheiði á árinu 1929. Jeg er svo heppinn, að hv. 5. landsk. (JBald) hefir borið fram tillögu sama efnis; aðeins er upphæð sú, sem hann fer fram á, helmingi hærri en upphæðin í brtt. minni. Hv. 5. landsk. mælti fyrir till. sinni á þann hátt, að jeg hefi þar engu við að bæta. Að sjálfsögðu kýs jeg helst, að tillaga hv. 5. landsk. verði samþ., og mun jeg þá taka mína till. aftur, en ef svo færi, að till. hans næði ekki fram að ganga, kemur mín till. til atkvæða sem varatillaga, og geri jeg fastlega ráð fyrir, að hún að minsta kosti nái fram að ganga, þar sem þetta vegamál hefir að undanförnu átt óvenjulega góðum undirtektum að mæta í þessari hv. deild hjá öllum flokkum.

Hæstv. dómsmrh. bar þetta saman við Kristneshælið. Þar er þó ólíku saman að jafna. Annað er heilsuhæli fyrir berklasjúklinga, en hitt er akvegur frá einu blómlegasta hjeraði landsins niður í kaupstað, sem hefir miklar samgöngur við útlönd. Jeg sje ekki ástæðu til þess að heimta framlag frá hjeruðunum á móti framlagi ríkissjóðs til þessa vegar. Þar sem hjer er um erfiðan fjallveg að ræða, er hann ekki sambærilegur við þá tvo vegi, sem hæstv. dómsmrh. nefndi. Hólmahálsvegur og Kjalarnesvegur liggja báðir eftir endilöngum blómlegum bygðum. Jeg vænti því, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja að minsta kosti mína tillögu.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. (JJ) sagði um styrk til kenslubóka, vil jeg geta þess, að það kemur ekki heim við brtt. hans. Hæstv. ráðh. segir, að ætlun sín sje að taka styrk frá mentaskólanum, til þess að hann komi öðrum skólum að haldi. En brtt.

hans er svo orðuð, að hún á aðeins við alþýðuskóla. Ef hún verður samþykt, sje jeg ekki, að heimildin nái til útgáfu kenslubóka til annara skóla en alþýðuskóla, en það fer í bága við það, sem hæstv. ráðh. kvað tilgang sinn með brtt.

Jónas Kristjánsson: Jeg á örfáar brtt. á þskj. 642. Jeg legg til, að styrkur verði veittur tveim fátækum stúdentum, sem nú dvelja í Kaupmannahöfn. Þeir eru báðir mjög góðir námsmenn. Jón Blöndal frá Stafholtsey er mjög góður námsmaður og hefir fengið hin bestu meðmæli hjá kennurum sínum. Móðir hans er fátæk ekkja og hefir af mjög litlu að miðla. Honum er því ekki unt að stunda nám áfram, nema ríkið hlaupi undir bagga með honum. Sama er að segja um Agnar Norðfjörð. Hann tók stúdentspróf 1927 og er hinn efnilegasti piltur, en foreldrar hans eru mjög fátæk. Jeg býst við, að ýmsum hv. dm. sje ekki kunnugt um, hve ömurleg eru kjör fátækra stúdenta í Kaupmannahöfn. Þeir verða að fara margs á mis, og oft er skorturinn svo mikill, að heilsu þeirra er hætta búin. Jeg vona fastlega, að hv. dm. sjái sjer fært að samþykkja styrk til þessara tveggja stúdenta, sem jeg ber hjer fyrir brjósti.

Næsta brtt. mín er á sama þskj. (642) og er þess efnis að veita viðbótarstyrk fátækri læknisekkju, sem á mörg börn. Börn hennar eru 4 innan fermingar og 3 eldri. Hún varð ekkja 1923. Bú hennar var bá þrotabú. Maður hennar hafði verið heilsulítill í mörg ár. Hann var búinn að slíta sjer út í útkjálkahjeraði, þar sem hann þurfti að hafa á hendi mjög erfið ferðalög. Eignirnar hurfu í þrotabúið, svo að konan fjekk jafnvel ekki lífsábyrgðarupphæð manns síns, sem henni var þó ánöfnuð. Eftir dauða hans hafði hún ekkert skjól fyrir norðan og fluttist til Reykjavíkur. Hjer hefir hún síðan barist áfram í mestu fátækt. Af þrem eldri börnunum gengur stúlka í verslunarskólann, jafnframt því sem hún hjálpar móður sinni við heimilisstörf; einn piltur 15 ára stundar nám við mentaskólann, en annar hefir verið atvinnulaus í vetur. Eins og gefur að skilja, er mjög erfitt fyrir eina konu að vinna fyrir svona stóru heimili. Allir þekkja, hvað húsaleigan er há. Hún nemur oftast miklum hluta af tekjum fólks, sem þó þarf að hafa nóg eftir til fæðis og klæðis. Það er 500 kr. hækkun, sem jeg fer fram á, og vona jeg, að hv. dm. vilji sinna því. Jeg ber líka fram varatill., en sannarlega veitir ekki af, að samþykt sje aðalupphæðin.

Þá á jeg enn tillögu á þskj. 642, XXXII., en hana tek jeg aftur í bili, en hefi hugsað mjer að flytja hana aftur í öðru formi við 3. umr.

Jeg vil nota þetta tækifæri til þess að minnast á brtt. á þskj. 615, 31. Í fjárlagafrumvarpinu er farið fram á, að Jóni Ófeigssyni verði greiddar 2000 kr. upp í vinnu hans við orðabók Sigfúsar Blöndals. Hann hefir lagt mikið og vel unnið starf í þá bók, en ekki fengið nema tiltölulega mjög litla borgun. Fjvn. hefir lagt til, að þessi liður falli niður. Jeg vildi óska, að sú fjárveiting yrði tekin upp aftur, en brtt. hv. fjvn. feld. Jón Ófeigsson hefir eytt afskaplega miklum tíma í þetta starf, og þó að hann hafi fengið

nokkuð áður, er það tiltölulega mjög lítið.

Jeg vil líka minnast á brtt. á þskj. 615, 51. Þar er um að ræða Friðrik Jónsson póst. Hann hefir sótt um styrk áður, vegna heilsubilunar, sem hann varð fyrir í póstferð, en hefir ekki fengið hann. Nú hefir starf hans verið lagt niður og póstgöngum breytt svo, að hann hefir ekki lengur neitt póststarf með höndum. Það sýnist því ástæða til, að hann hefði fengið að halda þeim styrk, sem hv. Nd. ætlaði honum, en hann hefir samt verið færður niður í 300 kr. úr 450. Jeg vona, að hann verði látinn fá þessar 450 kr. Það munar ekki ríkissjóð miklu, en fátækan mann og heilsulítinn munar það nokkru. Hann hefir að nokkru leyti mist heilsuna í þágu þess starfs, er hann hefir unnið fyrir þjóðina. Nú er það starf lagt niður, en hann er ófær til annara verka.

Björn Kristjánsson: Jeg á enga brtt. sjálfur, en eina brtt. flyt jeg með tveimur öðrum hv. þm. Jeg þarf því ekki að vera margorður. Þó verð jeg að segja nokkur orð um till. á þskj. 615, þar sem lagt er til, að framlag til Kjalarnesvegar sje lækkað úr 20 þús. kr. niður í 10 þús. kr. Það er rjett, sem hv. frsm. tók fram, að þetta komst inn í Nd. við 3. umr. Honum þótti undarlegt, að þetta skyldi hafa komist inn fyrst þá, en nú skal jeg skýra frá, hvernig á því stóð.

Eins og kunnugt er, er þessi vegur þjóðvegur. Kjósarsýsla leggur þó fram ¼ kostnaðar við veginn, en það er ekki venja í þessu landi. Jeg veit ekki til, að fram að þessu hafi nokkur sýsla lagt fram fje til þjóðvegar, nema Gullbringusýsla, og var þó ekki beint um þjóðveg að ræða. En Kjósarsýsla vildi leggja þessa fjárveitingu á sig, af því að vegurinn var svo bráðnauðsynlegur. Síðasta þing veitti 20 þús. kr. til vegarins, en nú lagði vegamálastjóri það til við stjórnina, að veittar yrðu 22 þús. kr. Þessi vegur hefir afarmikla þýðingu fyrir það bygðarlag, og enda fyrir Reykjavík líka. Að því leyti er ekki hægt að bera hann saman við Þelamerkurveginn og Hróarstunguveginn. Þessi vegur ætti að vera nr. 1, en hinir sitja á hakanum. Það hefir líka hv. Nd. sjeð, að ekki var sanngjarnt að skilja hann eftir.

Þegar jeg nú hefi upplýst þetta, vona jeg, að hv. fjvn. taki þetta til nýrrar yfirvegunar, sýni þessari fjárveiting sem mesta sanngirni og felli hana að minsta kosti ekki við þessa umræðu, en athugi kringumstæðurnar eins og þær eru.

Einstöku till. kann jeg illa við að ganga framhjá án þess að minnast á þær. Svo er t. d. um þá brtt., er fer fram á að skerða laun Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Það hefir verið margsagt frá því, hvernig á því stóð, að sjera Jóhannes kom hingað til bæjarins og yfirgaf sitt embætti úti á landi. Hann væri efalaust prestur enn í góðu brauði, ef hv. Alþingi hefði ekki gefið honum átyllu til þess að segja af sjer og taka við nýju starfi. Hann er enn með fullum starfskröftum og vinnur enn ósleitilega að hugðarefni sínu. Meðan hann er vinnufær og meira en það, er hart, að hann njóti ekki þeirra kjara, sem hann var ráðinn upp á upphaflega. Það er

blátt áfram brigðmælgi, sem sæmir alls ekki Alþingi Íslendinga. Þess vegna get jeg ekki fallist á till. hv. fjvn., þótt hún sje miðlunartill.; hún er ósanngjörn þrátt fyrir það. Enda breytti hv. Nd. þessari fjárveiting og sýndi með því, að hún vill standa við orð Alþingis.

Þótt jeg sje nú að finna að sumum aðgerðum hv. nefndar, verð jeg að þakka sumt annað; meðal annars það, að hún hefir hækkað styrkinn til dr. Helga Pjeturss upp í 6 þús. kr. Það er mikill mannsbragur að því, að hv. fjvn. skuli hafa gert þetta, og mjer finst drenglyndi felast í því. Jeg er viss um, að fjöldi Íslendinga um alt land, lærðir jafnt sem leikir, gleðjast yfir því, að vel sje farið með þennan ágæta mann. Þótt hann hafi hingað til haft nokkurn styrk, þá hefir hann verið svo smánarlega lítill, að hann hefir rjett getað kvalið fram lífið og vart getað notið sín við störf sín. Hann er heilsuveill og þyrfti hressingar við. Hann þyrfti að geta farið utan og dvelja þar svo sem 6 mánaða tíma á hæli. Hann hefði þurft að gera það fyrir mörgum árum, en hefir ekki getað fjárskorts vegna. Jeg vona því, að hv. deild sjái sóma sinn í að samþ. þennan styrk.

Þá er einn lítilfjörlegur styrkur, sem jeg verð að mæla með. Það er 10. till. á þskj. 642, frá hv. 5. landsk. (JBald), um að veita Ólafi Sveinssyni vitaverði 800 kr. til þess að fullgera akveg að Reykjanesvita. Þessi styrkur er svo lítilfjörlegur, að jeg held, að þingið geti vart annað en samþykt hann. Vitavörðurinn hefir unnið mikið að því sjálfur að koma á bifreiðavegi úr Grindavík til Reykjaness, svo að nú er fært á bíl mestan hluta leiðarinnar. Nú er þeirri vegagerð komið svo langt, að 800 kr. ættu að nægja til þess að fullgera þann kafla, sem eftir er. Jeg ætla ekki að endurtaka það, sem hv. flm. (JBald) mælti fyrir till., en jeg vil aðeins undirskrifa það og vænti þess, að hv. deild samþykki að veita þessa litlu upphæð.

Till. hv. 5. landsk. um að fella niður skólagjöld við ríkisskólana í Reykjavík kemur mjer ekki sjerstaklega við að öðru leyti en því, að það væri mjög bagalegt, ef Flensborgarskólinn misti það fje, sem hann fær inn með skólagjöldum af innanbæjarnemendum í Hafnarfirði. En það hefir verið sett sem skilyrði fyrir ríkisstyrk til skólans, að bæjarnemendur greiddu skólagjöld eftir sömu reglum og við ríkisskólana í Reykjavík, og renni þau í skólasjóð. Ríkisstyrkurinn er ekki hærri en svo, að skólinn yrði að biðja um meira fje, ef hann er sviftur þessum tekjustofni.

Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje í sjálfu sjer á móti því, að skólagjöld falli niður. Mjer er illa við þau. En skólar, sem þeirra njóta, eins og Flensborgarskólinn, mega illa án þeirra vera uppbótarlaust. Jeg mundi greiða atkvæði með því, að skólagjöld fjellu burt, ef jeg ætti það víst, að styrkur fengist þeim mun hærri.

Jeg tek undir það, sem háttv. 6. landsk. (JKr) sagði, að sjer þætti ekki sanngjarnt, ef Jóhannes Sigfússon fengi ekki þennan styrk, sem honum er ætlaður.

Jeg man ekki, hvort jeg þarf að taka fleira fram, en helst vildi jeg vera sem stuttorðastur. Jeg mun yfirleitt greiða þeim till. atkvæði, er miða

að einhverju leyti í verklega átt, til vega, hafnarbóta og þesskonar, hvaðan sem þær koma. Annars mun það sýna sig við atkvgr., hvernig mitt atkv. fellur um einstakar brtt.

Ingvar Pálmason:* Jeg á 3 litlar brtt. á þskj. 642. Mjer þykir hlýða, þótt ekki sjeu þær stórar, að fara um þær nokkrum orðum.

Brtt. XV. er þess efnis, að veittur verði Þórarni Jónssyni tónlistarnema í Berlín 1000 kr. styrkur til fullkomnunar í list sinni. Þessi maður er kunnur hv. Alþingi frá fyrri árum. Í síðustu fjárlögum naut hann samskonar styrks og jeg nú fer fram á.

Jeg get upplýst fram yfir það, sem áður hefir komið fram, að þessi efnilegi listamaður hefir getið sjer frama fyrir tónsmíðar, sem hann hefir bætt við frá því síðast. Þar á meðal má jeg fullyrða, að hann hefir sent til Páls Ísólfssonar verk, sem hann telur mjög mikils virði og merkilegt, og verður Páll að teljast dómbær í þeim sökum. Mun hann við tækifæri gefa Reykjavíkurbúum kost á að heyra þessa tónsmíð Þórarins. Án þess hægt sje um það að segja nokkuð ákveðið, þá fer þó að styttast sá tími, er hann þarf til námsins. Hann er stórskuldugur orðinn og óvíst, þótt hann fái þennan styrk, að hann geti lokið námi. En jeg þorði ekki að fara hærra í fjárbón fyrir hann en þetta, 1000 kr. Svipaðir styrkir þessum hafa á þessu ári yfirleitt verið ákveðnir þessi upphæð. Jeg þarf ekki að lýsa þessum manni frekara. Hv. deildarmönnum er kunnugt, hvernig högum hans er háttað, og það er ljóst, að hjer er um sjerstaklega efnilegan mann að ræða.

Næsta brtt. mín á sama þskj. er merkt XXVII. Þar er farið fram á 2500 kr. styrk til sjóvarnargarðs á Neseyri í Norðfirði, þriðjung kostnaðar. Þetta mál er svo vaxið, að svonefnd Neseyri hlífir að nokkru höfninni á Norðfirði og ver bryggjur kaupstaðarins fyrir ölduróti. Norðfjörður er mjög stuttur, svo að hafaldan nær inn í fjörðinn og er þar oft ókyrt við bryggjur, þótt örugt sje að öðru leyti fyrir skip að liggja þar. Þessi eyri hefir til forna gengið miklu lengra út í sjó en nú og skýlt betur. Sjórinn hefir smátt og smátt brotið framan af henni án þess að hafi verið gert. Þess hafði verið farið á leit við vitamálastjóra, að hann ljeti verkfræðing skoða aðstöðu og líkur til þess að geta komið í veg fyrir eyðing eyrarinnar. Úr því varð ekki neitt fyr en í vetur, er jeg kom hingað suður til Reykjavíkur. Fór jeg þá til vitamálastjóra og ámálgaði þessa beiðni við hann, og árangurinn varð sá, að verkfræðingur var sendur austur. Var hann viku fyrir austan og mældi alla aðstöðu og sendi vitamálastjóra skýrslu um mælingar sínar. Vitamálaskrifstofan hefir síðan unnið úr þessari skýrslu, og fyrir viku var mjer sendur þaðan uppdráttur af sjóvarnargarði, sem á að hindra, að eyrin eyðist meira en orðið er. Telur vitamálastjóri orsök til eyðingarinnar aðallega þá, að báran færi mölina meira og meira vestur á bóginn. Ef garður væri hlaðinn út af eyraroddanum, mundi það varna því, að mölin flyttist burtu; mundi hún hlaðast að garðinum og eyrin við það lengjast. Telur vitamálastjóri, að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

með þessu mundi vera hægt að lengja eyrina svo langt fram sem hún hefir nokkurntíma náð. Það mun óhætt að treysta því, að þetta mannvirki geti komið að fullu liði. Áætlun um kostnað við þennan sjóvarnargarð hljóðar upp á rúmlega 6000 kr. En jeg get upplýst, að efni verður að flytja að langar leiðir, svo að kostnaður við verkið hlýtur að verða meiri en áætlunin segir. Jeg geri ráð fyrir 7—8 þús. kr. Till. fer fram á 2500 kr., alt að ⅓ kostnaðar. Það er hliðstætt því, sem gert er annarsstaðar, þar sem um lík mannvirki er að ræða. Auk þess skal jeg taka það fram, að landið er að ⅓ eign ríkissjóðs, og virðist þá ekki minni ástæða til hluttöku af hálfu ríkissjóðs.

Þá er örlítil brtt., XXXI. á sama þskj., 300 kr. eftirlaun til Hildar Jónsdóttur ljósmóður. Það hefir verið tekinn upp sá siður, sem jeg verð að telja góðan, að sinna styrkbeiðnum frá öldruðum ljósmæðrum og veita þeim nokkur eftirlaun. Jeg hygg það vera rjett hjá mjer, að í hv. Nd. hafi verið bætt við 2 öldruðum ljósmæðrum á eftirlaunalistann, og mjer skilst á brtt. hv. fjvn. þessarar deildar, að hún leggi til að bæta einni við. Jeg þykist því mega vænta þess, að till. mín muni ná fylgi hv. deildar. Jeg skal geta þess, að þessi ljósmóðir er orðin öldruð kona, komin á sjötugsaldur. En þó er það ekki aðallega aldurinn, sem orsakar þessa eftirlaunabeiðni, heldur hitt, að hún á heilsulausan mann, sem misti heilsuna fyrir 10 árum. Hefir hann verið til lækninga hjer í Reykjavík í vetur. Hann hefir jafnan verið heilsulinur síðan í spönsku veikinni 1918. Það orsakaði, að kona hans varð að segja af sjer ljósmóðurstörfum, af því að hún varð að sjá fyrir heimilinu með því að ganga að fiskvinnu og annari erfiðisvinnu. Hún taldi sjer ekki fært að gegna ljósmóðurstörfum í fjölmennu kauptúni, sem var umdæmi hennar, er hún þurfti að ganga í hvaða vinnu sem var, því að ljósmóðurstörfin gáfu henni ekki nógu miklar tekjur til þess að sjá fyrir heimili sínu. Heilsa hennar sjálfrar var sæmileg og ljósmóðurlaunin nægðu ekki til þess að geta lifað, og henni var ardsamara að vinna aðra vinnu. Jeg vænti þess, að hv. deild kannist við rjettmæti þessarar hóflegu brtt. minnar og sjái sjer fært að veita henni fylgi sitt.

Um einstakar brtt. hv. fjvn. og einstakra þingmanna ætla jeg ekki að tala, en læt nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Jeg á sjálfur eina brtt. á þskj. 642, XIV. till. Þar er farið fram á 1000 kr. námsstyrk handa ísl. stúdent, sem nú stundar nám við Kaupmannahafnarháskóla. Þessi piltur heitir Skúli Þórðarson. Hann var fyrst við nám á Eiðum veturna 1919—1920 og 1920—1921, fyrstu veturna, sem alþýðuskólinn starfaði þar. Er mjer persónulega kunnugt um, að hann er góður námsmaður; sjerstaklega þótti hann ágætur sögumaður. Næst dvaldi hann 3 missiri við nám í Sigtúnum, og þá í kennaraháskóla í Kaupmannahöfn. Vegna veru sinnar erlendis tók hann stúdentspróf í Kaupmannahöfn, og

er því útilokaður frá þeim styrk hjeðan, sem ætlaður er íslenskum stúdentum. Hann les nú sögu við Kaupmannahafnarháskóla og sem sjernámsgrein leggur hann stund á sögu Íslands, sjerstaklega tímabilið frá 1400—1602. Hann hugsar til að taka kennarapróf og væntir þess að geta lokið því 1930. Hann hefir að vísu notið nokkurs styrks úr sáttmálasjóði, en sá styrkur er of lítill, því að Skúli er bláfátækur. Meðmæli hefir hann ágæt frá aðalkennara sínum, prof. Arup, sem hælir honum fyrir góðar gáfur, viljafestu, ástundun og sparsemi. Sendiherra okkar, herra Sveinn Björnsson, hefir líka gefið Skúla meðmæli. Telur hann fluggáfaðan, hugrakkan, stefnufastan og nægjusaman með kjör sín. — Jeg býst við, að þessi maður geti orðið ágætur starfsmaður við alþýðuskólana, og veit jeg, að hann vill það helst. Annars vil jeg geta þess, að mjer virðist líkt farið um þessa mörgu námsstyrki. Jeg get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að vegna þess hve þeir eru margir, vildi maður gjarnan vera laus við þá alla, þótt maður hafi í aðra röndina tilhneigingu til að samþykkja þá. Jeg býst við, að styrkur til þessa manns eigi ekki síður rjett á sjer en aðrir slíkir styrkir, sem hjer er farið fram á nú. Jeg mun þó ekki fara fleiri orðum um það, en sætta mig við það, sem hv. deild kann að gera í því efni.

Þá vil jeg fyrir hönd fjvn. þakka fyrir vinsamlegar umræður, er fallið hafa um störf hennar. Enda þótt fundið hafi verið að einstökum atriðum, þá hafa þau ummæli þó einnig verið vinsamleg. Jeg mun þá víkja nokkrum orðum að þeim fáu aðfinslum, sem fram hafa komið. Hæstv. forseti (GÓ) drap á það, að það, sem jeg sagði um starfstíma fjvn., hefði ekki verið nákvæmt. Hann taldi, að nefndin hefði ekki haft hálfan mánuð til starfsins. Jeg taldi tímann frá því fjárlagafrv. kom til 1. umr. hjer í deild. En auk þess hafði nefndin rannsakað skjölin nokkuð áður. Annars skiftir þetta engu máli og má því liggja milli hluta.

Hæstv. fjmrh. leit svo á, að liðurinn til rekstrar Kristneshælisins væri of lágt áætlaður. Þetta er máske rjett. Nefndin tók þetta til athugunar, en sá ekki, að hægt væri að gera nákvæma áætlun, en getur fallist á, að þetta muni máske vera of lágt áætlað, þar sem rekstur þessa hælis er í byrjun og því máske litlar tekjuvonir. Á Vífilsstöðum er gert ráð fyrir tæpum 2000 kr. rekstrarhalla. Má þó búast við, að þessi áætlaða upphæð til Kristneshælisins verði of lág, þótt nefndin sæi sjer ekki fært að benda á aðra rjettari upphæð.

Þá taldi sami hæstv. ráðh. það óþarft af nefndinni að lækka styrkinn til Páls Ísólfssonar. Þetta getur nú verið álitamál. Nefndin leit svo á, að hjer væri um tilraun að ræða, sem rjett væri að sjá, hvernig gæfist, áður en hærri styrkur væri til þess veittur. Einnig taldi sami hæstv. ráðh. ekki rjettlátt að fella niður liðinn til Jóns Ófeigssonar. Þetta verður nú frekar að byggjast á tilfinningu manna en um það sje gott að dæma ákveðið. Annars hefir það verið upplýst, að þessi maður hefir fengið allverulega borgun fyrir starf sitt við orðabókina, eða nálægt 4000 kr. á ári í 5 ár. Þeg-

ar á það er litið, að hann hefir unnið þetta sem aukastarf, þá virðist starf hans ekki með öllu ógoldið. Annars er það öllum ljóst, að hjer er um þýðingarmikið og gott verk að ræða.

Jeg læt fallast í faðma þau ummæli, er orðið hafa hjer í hv. deild um þá till. fjvn., að hækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Jeg geri ráð fyrir því, að nefndin standi kinnroðalaust við sína till.

Þá fann hv. 1. þm. G.-K. (BK) að því við fjvn., að hún leggur til, að liðurinn til Kjalarnesvegar verði lækkaður. Hv. þm. benti rjettilega á það, að vegamálastjóri hefði lagt til, að meira væri veitt til hans. Jafnframt benti hann á það, að þetta væri eini þjóðvegurinn, sem sýsla hefði lagt fje í, þar sem Kjósarsýsla legði fram fje á móti ríkissjóði í hann. Þetta er ekki alveg rjett. T. d. leggur Suður-Múlasýsla fram fje á móti ríkissjóði til þjóðvegarins á Hólmahálsi, eða ¼ kostnaðar. (**BK:** Það er þá nýr vegur). Já, að vísu. En fjvn. vissi um þetta tillag frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og hefir gert till. sínar þrátt fyrir það. Annars vil jeg taka það fram, að jeg hefi heyrt, að bílfært sje nú þegar upp í Kjós. (**BK:** Nei, ekki með flutningabíl). Jeg hygg nú samt, að það sje að miklu leyti rjett, sem jeg hefi heyrt um þetta.

Þá talaði sami hv. þm. um till. fjvn. um að lækka liðinn til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Benti hann á, að þessi maður hefði yfirgefið prestskap til að taka við þessu starfi. Þetta var nú einmitt það, sem fyrir fjvn. vakti, er hún ákvað liðinn svo háan sem hún gerði. Hún vildi ekki leggja neinn dóm á starf þessa manns og taldi rjett að láta hann hafa óbundnar hendur um, að hverju hann starfaði. Getur hann þá haft um það óbundnar hendur, hvort hann starfar eitthvað að orðabókinni áfram eða legði eingöngu stund á þau verk, er sjerstök borgun fengist fyrir og bættu honum upp lækkunina. Það vakti fyrir fjvn. að ákveða þetta svo, að ekki gæti verið um brigðmælgi að ræða í garð þessa manns.

Viðvíkjandi öðrum brtt. fjvn. skal jeg geta þess, að það hefir á síðustu stundu orðið að samkomulagi innan fjvn. að taka aftur að sinni fjórar brtt. á þskj. 615. Það eru 16. brtt. (Staðarfellsskólinn), 17. (kvenfjelagið Ósk), 37. (Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga) og 38. (Guðmundur Jónsson frá Mosdal). Þessar fjórar tillögur eru teknar aftur til 3. umr.

Þá skal jeg fyrir hönd fjvn. fara nokkrum orðum um till. einstakra hv. þm. á þskj. 642. Nefndin hefir haft nauman tíma til að taka afstöðu til þeirra, sjerstaklega eftir að flutningsmenn þeirra höfðu haft tækifæri til að tala fyrir þeim. Af þessu stafar, að atkvæði um margar þessar till. eru óbundin frá nefndarinnar hálfu.

Þá skal jeg minnast á I. lið, niðurfelling skólagjalda. Meiri hl. er á móti þeirri breytingu. Lítur hann svo á, að þeir kaupstaðabúar, sem sæmilega eru efnum búnir, verði ekki fyrir ranglæti, samanborið við menn úr fjarlægum hjeruðum, þó að þeir greiði eitthvert kenslugjald. Hinsvegar álítur nefndin rjett að nota þá heimild, sem nú er veitt til þess að gefa fá-

tækum og efnilegum nemendum eftir þetta gjald.

Þá er II. brtt., í 2 liðum, frá hæstv. dómsmrh. Fyrri liðurinn er athugasemd um, að kostnað við utanríkismál skuli greiða í dönskum krónum. Meiri hl. nefndarinnar telur þetta rjettmætt. Sömuleiðis er nefndin sammála um 2. lið, að hækka skuli skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta úr 95 þús. kr. upp í 100 þús. kr.

III. brtt. er frá hv. þm. Snæf. (H-Steins): Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi, 400 kr. Nefndinni er það kunnugt, að víða á landinu eru kvenfjelög og hjúkrunarfjelög, sem starfa í sama augnamiði og þetta, og telur varasamt að ganga inn á þá braut að styrkja þau öll. Þó hefir hún óbundnar hendur um atkvgr.

Sama er að segja um IV. till., styrkinn til Axels Guðmundssonar frá Grímshúsum. Um hana hefir nefndin óbundnar hendur. Yfirleitt má segja, að nefndin hefir ekki nema að litlu leyti tekið afstöðu til námsstyrkja.

Um styrkinn til Evu Hjálmarsdóttur (V. brtt., frá hv. þm. Seyðf.) hefir nefndin óbundnar hendur.

VI. brtt., frá hv. þm. Snæf., er nýr liður: Til Stykkishólmsvegar, 20 þús. kr., og til vara 15 þús. kr. Um aðaltillöguna hefir nefndin óbundin atkv. Hafði hún jafnvel hugsað sjer að fara þess á leit við hv. flm., að hann tæki hana aftur, en ekki varð þó af því. Hinsvegar ætla jeg, að nefndin muni vinveitt varatillögunni.

Þá er VII. brtt., frá hv. 5. landsk. (JBald), sem fer fram á að ákveða í fjárlögum 100 þús. kr. til akvegar yfir Fjarðarheiði. Nefndin sjer ekki fært að fylgja þessari brtt., og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrst og fremst er upphæðin svo há, að nefndin getur af þeirri ástæðu einni ekki mælt með henni. Fleira þarf jeg ekki að segja fyrir hönd nefndarinnar um þessa till. En frá eigin brjósti hefði jeg getað látið nokkur orð fylgja henni. Vil jeg þá fyrst geta þess, að jeg ætla, að þetta sje fyrst og fremst áhugamál Seyðfirðinga og að þeir muni eiga allmikinn rjett til þess, að þeim verði hjálpað til að leggja veg þennan á sínum tíma. Fyrir kaupstaðinn mun þessi samgöngubót vera mikið fjárhagslegt og menningarlegt atriði. Líka býst jeg við, að þetta sje áhugamál ýmsra manna í Múlasýslum. En sem kunnugur maður get jeg þó sagt það, að áhuginn muni ekki vera almennur utan Seyðisfjarðar og að flestir muni óska eftir öðrum umbótum á undan þessari. — Jeg vil geta þess, að það, sem hjer hefir verið sagt um þessa brtt., getur einnig gilt um brtt. frá hv. þm. Seyðf., sem fer í sömu átt, en tiltekur aðeins lægri upphæð.

VIII. brtt. er frá hv. þm. A.-Húnv (GÓ), um 12 þús. kr. til þess að leggja veg um Langadal. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að rjett sje að samþykkja þessa till.

X. brtt., frá hv. 5. landsk., er um 800 kr. tillag til vitavarðarins við Reykjanesvita, til þess að fullgera akveg að vitanum. Nefndin veit, að þessi vegur er hvorki þjóðvegur nje sýsluvegur, en álítur hinsvegar varasamt fyrir ríkissjóð að fara að leggja fram fje til hreppavega. Þá þykir henni óeðlilegt að fá einstökum manni í hendur fje ríkissjóðs til framkvæmda, eins og hjer er farið fram á.

Af þessum ástæðum legst meiri hl. nefndarinnar í móti fyrri lið till. Varatill. er um það, að taka megi þessar 800 kr. af fje því, sem verja á til vita. Um hana vil jeg ekkert segja, en nefndin hefir óbundnar hendur um hana.

XI. brtt. er frá hæstv. dómsmrh., í 3 liðum. 1. liðurinn er: Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, fyrsta greiðsla af fjórum, 2500 kr. Nefndin hefir óbundnar hendur um þennan lið. Sama er að segja um hina 2 liðina, námsstyrkina til Björns Gunnlaugssonar og Axels Guðmundssonar.

Um XII. brtt., frá hv. þm. A.-Húnv., til Árna Björnssonar, til háskólanáms, lokastyrkur, 1200 kr., hefir nefndin einnig óbundin atkv.

XIII. brtt. er frá hv. 6. landsk. (J-Kr), í tveim liðum: a. Til Jóns J. Blöndals frá Stafholtsey, til hagfræðináms, 1000 kr. b. Til Agnars Norðfjörðs, til hagfræðináms, 1000 kr. Um þessa till. hefir nefndin óbundnar hendur. Sama er að segja um XIV. brtt., sem jeg hefi sjálfur flutt: Til Skúla Þórðarsonar, til háskólanáms, 1000 kr., og XV. brtt., frá hv. 2. þm. S.-M. (IP): Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín, 1000 kr.

Um XVI. brtt., frá hæstv. dómsmrh., hefir nefndin sömuleiðis óbundnar hendur. Þessi till. er í 2 liðum. Fyrst er athugasemd um það, að námsstyrkir skuli greiddir í íslenskum peningum; því næst er tillaga um, að liðurinn B.III.9 í 14. gr. (kenslubækur handa mentaskólanum) skuli falla niður.

Í samræmi við það, sem jeg hefi áður sagt um niðurfellingu skólagjalda, er meiri hl. nefndarinnar á móti 1. lið XVII. brtt. (frá hv. 5. landsk.). Um 2. lið, 1200 kr. utanfararstyrk til Hallgríms Jónssonar kennara, er það að segja, að nefndin ætlast til, að þessi kennari geti komið til greina, þegar úthlutað verður utanfararstyrk kennara, þeim sem ráð er fyrir gert í fjárlögunum. Sömu athugasemd vil jeg gera við XVIII. brtt., frá hv. þm. Ak. (EF): Til Steinþórs Guðmundssonar skólastjóra á Akureyri, til þess að kynna sjer reynslu annara þjóða um notkun skuggamynda og kvikmynda í þarfir fræðslu og menningar. Nefndin sjer því ekki ástæðu til að mæla með þessum styrkjum.

XVIII. brtt. er í 2 liðum. Síðari liðurinn er brtt. við 14. gr. frv. B.XIV. 2., að í staðinn fyrir „Til unglingaskóla utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar, 47 þús. kr.“ komi: Til unglingaskóla utan Reykjavíkur, 50 þús. kr. — Með þessari till. er Akureyri og Hafnarfirði gert jafnhátt undir höfði og öðrum stöðum utan Reykjavíkur. Nú vill svo til, að í báðum þessum kaupstöðum eru gagnfræðaskólar, og því hefir verið litið svo á, að rjett væri að fella niður unglingaskólastyrk til þeirra. Vill meiri hl. nefndarinnar líta svo á, að varasamt sje að fella þessa venju niður.

XIX. brtt., frá hæstv. dómsmrh., er um 10000 kr. fjárveitingu til að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, ⅖ kostnaðar, enda sje áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging fyrir nægu fjárframlagi af hálfu kaupstaðarins, reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins. Hæstv. ráðh.

hefir sjálfur gert grein fyrir þessari brtt., og meiri hl. nefndarinnar álítur rjett, að hv. deild samþykki hana.

XX. brtt., frá hv. 5. landsk., er um niðurfelling skólagjalda við Flensborgarskólann. Meiri hl. nefndarinnar verður að mæla á móti henni.

Um XXI. brtt., frá hæstv. dómsmrh., til þess að gefa út kenslubækur handa skólum, 2500 kr., hefir nefndin óbundnar hendur.

XXII. brtt., frá hv. 5. landsk., er í 3 liðum, 1. til Andrjesar J. Straumlands, til að stunda nám við alþýðuskóla í Englandi, 1200 kr. Meiri hl. leggur til, að liðurinn verði feldur. Lítur hann svo á, að svo mikill kostur sje alþýðuskólamentunar hjer í landi, að ekki sje ástæða til að styrkja menn til utanfarar til að afla sjer hennar. — 2. liðurinn er um Landsbókasafnið og að nokkru leyti orðabreyting. Telur nefndin þá breytingu ekki til neinna bóta og mælir á móti henni. — Í sambandi við 3. liðinn hefir deildinni borist brjef frá forseta Bókmentafjelagsins. Auk þess gerði hv. flm. í ræðu sinni í dag grein fyrir riti því, sem um er að ræða, og þarf jeg ekki að endurtaka orð hans. Álítur meiri hl. nefndarinnar vert að taka tillit til tillagna Bókmentafjelagsins í þessu efni, en atkvæði eru þó óbundin um þennan lið.

XXIII brtt., um 3000 kr. til útgáfu Flateyjarbókar, er tekin aftur.

Um XXIV. og XXV. brtt. hefir nefndin óbundið atkvæði.

XXIV. brtt., frá hv. 5. landsk., er í 3 liðum. Um 1. liðinn, 200 kr. til Jóns Jónssonar frá Hvoli, hefir nefndin óbundnar hendur. 2. lið, 2800 kr. til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu (til vara 2000 kr.), vill nefndin fella, en láta sitja við þær 1200 kr., sem í fjárl. eru ætlaðar í þessu skyni. Um 3. liðinn: Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms, 1200 (til vara 1000) kr., hefir nefndin óbundnar hendur, en sumir nefndarmenn a. m. k. eru honum velviljaðir.

XXVII. brtt. er frá hv. 2. þm. S.-M.: Til sjóvarnargarðs á Neseyri í Norðfirði, ⅓ kostnaðar, alt að 2500 kr. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að þessi till. verði samþykt.

Þá kemur XXVIII. brtt. Hún er frá hv. þm. Ak. (EF): Til hafnarmannvirkja í Oddeyrarbót á Akureyri, 75 þús. kr. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að þessi till. verði feld. Vill hann rökstyðja mál sitt með því fyrst og fremst, að höfnin á Akureyri hafi gefið bæjarfjelaginu mikinn arð, bæði beinan og óbeinan, enda mun fjárhagur hafnarsjóðsins vera í góðu lagi. Auk þess eru dýrar lóðir við höfnina, sem myndast hafa við þann uppmokstur, sem gerður hefir verið. Meiri hlutanum virðist þessi höfn, sem er einhver hin besta á landinu, ekki sambærileg við þá mörgu staði, þar sem lending má teljast ófær af völdum náttúrunnar, og þar sem hafnarbætur hafa aðallega verið gerðar til þess að gera sjósókn mögulega á þeim stöðum eða nágrenni. Meiri hlutinn vill vona, að þótt bærinn leggi þessa háu upphæð að þessu sinni til hafnarbótanna, þá reynist þær svo vel, að þær með tímanum borgi sig fyrir bæinn og hann geti staðið straum af þeim sjálfur.

Þá er XXIX. brtt., frá hv. þm. Snæf., til hafnarbóta í Ólafsvík, 15

þús. kr. Meiri hl. nefndarinnar verður að mæla á móti þessari styrkbeiðni, og eru ástæðurnar til þess einkum þær, að ríkið er þegar búið að leggja fram svo mikið fje, um 44 þús. kr., til hafnarbóta á þessum stað, án þess að hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi lagt nema lítið, aðeins 25 þús., á móti. Að öðru leyti mintist hæstv. fjmrh. á þetta atriði, og vill nefndin undirstrika ummæli hans þar um.

Þá er XXX. brtt., við 18. gr., 300 kr. styrkur til Rannveigar Tómasdóttur. Nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til þessarar brtt. og hefir því óbundnar hendur, er til atkv. kemur.

Um XXXI. brtt., 300 kr. til Hildar Jónsdóttur, hefir nefndin sömuleiðis óbundið atkvæði.

XXXII. brtt. er tekin aftur til 3. umr.

Þá er XXXIII. brtt., frá hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), um lán úr viðlagasjóði til þess að stofna osta- og smjörbú. Meiri hl. nefndarinnar vill mæla með þessari brtt. Sömuleiðis mælir meiri hluti með XXXIV. brtt., frá hæstv. dómsmrh., um 5000 kr. lán til Bjarna Runólfssonar í Hólmi til þess að koma upp verkstæði vegna raflýsingar sveitabæja.

Þá er XXXV. brtt., frá hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Eyf., við 23. gr., um að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi alt að ¼ stofnkostnaðar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að þessi till. verði samþ.

Nefndin hefir óbundnar hendur um XXXVI. brtt., frá hv. þm. Snæf., um nýjan lið í 23. gr., að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til hafnarbóta í Ólafsvík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

Þá er loks XXXVII. og síðasta brtt. á þskj. 642, frá hv. þm. Ak., um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast alt að 120 þús. kr. lán til barnaskólabyggingar á Akureyri, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar. Meiri hl. nefndarinnar verður að álíta rjett fyrir þessa hv. deild að fella till. Stafar það álit nefndarinnar ekki af því, að nefndin líti svo á, að hætta muni fylgja þessari ábyrgð, heldur virðist nefndinni, að fjárhagsútlitið sje þannig, að ábyrgð af þessari tegund gæti orðið ríkissjóði talsvert ónotalegur baggi, einkum með tilliti til þess, ef svipaðar beiðnir kæmu síðar frá öðrum stærri kaupstöðum og kauptúnum í landinu.

Hefi jeg þá drepið lauslega á allar helstu brtt. frá þm.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg gleymdi í dag að minnast á eina brtt., sem nefndin hefir borið fram í samráði við mig. Hún er um það, að fella niður styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar. Þessi brtt. er ekki borin fram vegna þess, að gagnvart þessum manni eigi að hverfa frá þeirri aðferð, sem höfð hefir verið við þá Þorvald Thoroddsen, Bjarna Sæmundsson og dr. Helga Pjeturss, að styrkja þá til náttúrufræðirannsókna, heldur vegna þess, að nú er útlit fyrir, að sjóður verði myndaður til þess meðal annars að styðja náttúruvísindi í landinu. Þótt jeg telji víst, að þessi maður muni fá sæti í stjórn sjóðsins, þá hlýtur hann engu að síður að fá styrk úr honum en aðrir okkar bestu náttúrufræðingar, og er því

þarflaust að láta þessa upphæð standa í fjárlögunum. Jeg geri þess vegna ráð fyrir, að Guðmundur Bárðarson fái að minsta kosti jafnháa upphæð úr menningarsjóði eins og hann nú hefir í fjárlögunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 642,I feld með 9 : 4 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 642,II.1 samþ. með 8 : 5 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 642,II.2 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 615,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,2.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,2.b samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,III feld með 8 : 6 atkv.
— 642,IV feld með 9 : 4 atkv.
— 615,5 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 642,V samþ. með 10 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 615,6 samþ. með 8 :6 atkv.
— 642,VI (aðaltill.) feld með 7 : 7 atkv.
— 642,VI (varatill.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,VII feld með 11 : 2 atkv.
— 615,7 samþ. í e. hlj.
— 642,VIII samþ. í e. hlj.
— 642,IX feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK.

nei: EF, IP, JJ, MK, PH, EÁ, GÓ.

Brtt. 642,X (aðaltill.) samþ. með 8 : 5 atkv.
— 642,X (varatill.) sjálffallin.
— 615,8 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PH, EÁ, EF, IP, JBald, JJ, GÓ.

nei: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, MK.

13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 642,XI.1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 642,XI.2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,9 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 615,10 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,11 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 642,XI.3 samþ. með 10 : 3 atkv.
— 642,XII samþ. með 9 shlj. atkv.
— 642,XIII.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 642,XIII.b samþ. með 8 : 4 atkv.
— 642,XIV samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,XV samþ. með 9 : 1 atkv.
— 642,XVI.1 tekin aftur.
— 615,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,XVI.2 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 642,XVII.1 feld með 10 : 4 atkv.
— 615,13 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,14 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 642,XVII.2 tekin aftur.
— 642,XVIII.1 tekin aftur.
— 642,XVIII.2 feld með 9 : 4 atkv.
— 642,XIX samþ. með 8 shlj. atkv.
— 615,15 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 642,XX tekin aftur.
— 642,XXI samþ. með 8 : 6 atkv.
— 642,XXII.1 feld með 8 : 3 atkv.
— 615,16—17 teknar aftur.
— 615,18 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 615,19 samþ. með 8 : 4 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 642,XXII.2 feld með 7 : 7 atkv.
— 642,XXII.3 tekin aftur.
— 615,20 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 642,XXIII tekin aftur.
— 615,21 feld með 8 : 4 atkv.
— 615,22 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 615,23 samþ. með 13 shlj atkv.
— 615,24 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 642,XXIV samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,25 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 615,26 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 642,XXV feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EF, IHB, JBald, JJ, JKr, MK.

nei: EÁ, HSteins, IP, JóhJóh, JÞ, PH, GÓ.

Brtt. 642,XXVI.1 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 615,27 feld með 7 : 6 atkv.
— 615,28 samþ. með 9 : 4 atkv.
— 642,XXVI.2 (aðaltill.) feld með 8 : 2 atkv.
— 642,XXVI.2 (varatill.) feld með 7 : 5 atkv.
— 615,29 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 615,30 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 615,31 feld með 7 : 5 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 615,32 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 615,33 samþ. með 10 : 2 atkv.
— 615,34 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,XXVI.3 (aðaltill.) samþ. með 8 : 3 atkv.
— 642,XXVI.3 (varatill.) sjálffallin.
— 642,XXVII samþ. með 12 shlj. atkv.
— 642,XXVIII feld með 9 : 3 atkv.
Brtt. 615,35 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 642,XXIX feld með 7 : 7 atkv.
— 615,36 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 615,37 tekin aftur.
— 615,38 tekin aftur.
— 615,39 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,40 samþ. án atkvgr.
— 615,41 samþ. með 10 : 2 atkv.
— 615,42 samþ. með 9 : 4 atkv.
— 615,43 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,44 samþ. með 10 : 3 atkv.
— 615,45 samþ. með 8 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 615,46 samþ. með 13 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 642,XXX (aðaltill.) feld með 7 : 7 atkv.
— 642,XXX (varatill.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,47 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,48.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 615,48.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 615,49 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 615,50 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,51 feld með 7:6 atkv.
— 615,52 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, PH, BK, EÁ, HSteins, IHB, JóhJóh.

nei: JJ, MK, EF, IP, JBald, JÞ, GÓ.

Brtt. 615,53 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 642,XXXI samþ. með 11 shlj. atkv.
— 615,54.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 615,54.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 642,XXXII teknar aftur.

18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

21. gr., að breyttu breytanda samkv. atkvgr., samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 615,55 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 642,XXXIII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 615,56 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 615,57 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 615,58 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 642,XXXIV samþ. með 10 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 642,XXXV samþ. með 8 : 3 atkv.
— 642,XXXVI samþ. með 8 : 3 atkv.
— 642,XXXVII feld með 7 : 6 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 670, n. 679, 695, 697, 700).

Frsm. (Páll Hermannsson): Við 1. umr. fjárlaganna í þessari hv. deild námu útgjöldin samkvæmt frv. eins og frá því hafði verið gengið af hv. Nd. kr. 10773668.91. Við 2. umr. í þessari hv. deild bættust við gjöldin kr. 48659.00 og nú eftir till. fjvn. til 3. umr. hækka þau enn um kr. 5700.00. *Gjöldin* nema þá alls kr. 10828027.91.

Þegar þessi hv. deild tók við fjárlagafrv., voru tekjur samkvæmt því áætlaður kr. 10108600.00. Tekjuliðir frv. tóku engum breytingum við 2. umr., en fjvn. leggur til nú við 3. umr., að tekjuáætlunin hækki um kr. 775000.00. Samkvæmt því nema *tekjur* alls kr. 10883600.00.

Tekjuhalli varð á frv. eins og það var samþ. í hv. Nd. kr. 665068.91. Eftir 2. umr. í þessari hv. deild hafði tekjuhallinn aukist samkv. áður sögðu um kr. 48659.00, svo að hann nam þá alls kr. 713727.91. En eftir till. þeim, sem fyrir deildinni liggja frá fjvn., ætti tekjuafgangur að verða kr. 55572.09.

Eins og getið var um við 2. umr., er það vitanlegt, að hv. Nd. hafði gengið út frá því í meðferð sinni á fjárlögunum, að hinn mikli tekjuhalli yrði jafnaður með tekjuaukum samkvæmt frv., sem þetta þing hafði til afgreiðslu. Það hefir nú komið á daginn, að samþykt hafa verið sem lög frá Alþingi tvö frv., sem lögð voru fyrir þingið og ætlast var til, að gæfu tekjuauka. Á þessum samþyktu lögum og einu frv., sem samþ. hefir verið í hv. Nd. og gengið gegnum 1. og 2. umr. hjer í þessari hv. deild og sem telja má víst, að verði afgreitt sem lög, byggist sá tekjuviðbætir, sem fjvn. leggur til, að tekinn verði inn í frv.

Jeg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um frv. í heild sinni. Hv. deildarmenn hafa fylgst það vel með, að það ætti að vera óþarfi. Fyrir hönd nefndarinnar vil jeg þó benda á tvent. Tekjuafgangur sá, er frv. mundi sýna, ef till. nefndarinnar væru samþ. hjer við 3. umr., er ekki hærri en það, að nefndin, eða að minsta kosti meiri hl. hennar, álítur ekki mega af honum taka.

Meiri hl. fjvn. lítur svo á, að nú þegar sje komið svo mikið inn í frv. útgjaldamegin, að þar megi ekki hækka

úr þessu. — Í öðru lagi vil jeg benda á, að of margir liðir eru bundnir við nöfn einstakra manna, svo sem sjerstaklega námsstyrkir. Og til viðbótar við það, sem jeg hefi sagt við 2. umr. um það atriði, vil jeg enn taka það fram, að nefndin álítur, að ekki beri að skoða þá sem fasta liði í fjárlögum. Fyrir hönd fjvn. vil jeg beina því til hæstv. stjórnar, að það er ekki álit nefndarinnar, að þessa liði þurfi að taka upp í frv. næsta ár. Þótt ekki sje um sjerlega háa fjárupphæð að ræða, verður nefndin að lýsa því yfir, að illa fari á því í fjárlögum, að mjög margir persónustyrkir standi þar, þótt svo hafi farið í þetta sinn.

Þá ætla jeg að minnast á einstakar brtt. nefndarinnar á þskj. 695. Það eru þá fyrst brtt. hennar við 2. gr. frv., um tekjuáætlunina. Flestar þær brtt. eru hækkunartill. Í fyrsta lagi hefir fjvn. lagt til, að tekju- og eignar skattur verði áætlaður kr. 1050000.00 eða hækki um kr. 200000.00. Þessi hækkun er bein afleiðing af lagafrv., sem liggur fyrir þessari hv. deild og víst þykir að verði samþ. Það er 25% hækkun á tekju- og eignarskatti frá því sem verið hefir.

Sömuleiðis leggur nefndin til, að vörutollur hækki úr kr. 1050000.00 upp í kr. 1250000.00. Þessi hækkun nemur kr. 200000.00 og er afleiðing af samþyktum lögum frá þinginu. Líka er lagt til, að verðtollur hækki úr 825 þús. kr. upp í 1325 þús. kr., eða hækki um 500 þús. kr. Einnig þetta er afleiðing af lögum samþyktum frá þessu þingi.

Þá er loks gert ráð fyrir, að tekjur af víneinkasölu ríkisins hækki úr 300 þús. kr. upp í 375 þús. kr., eða um kr. 75000.00. Þessar hækkunartillögur nema kr. 975000.00. En við sömu grein, 2. gr., er gert ráð fyrir einni lækkun. Það er á kaffi- og sykurtolli, og nemur sú lækkun kr. 200000.00. Raunveruleg tekjuhækkun er því samkvæmt þessu kr. 775000.00 alls.

Um hækkunartill. er það að segja, að þær eru gerðar að mestu leyti eftir tillögum hæstv. fjmrh. Þær eru byggðar á þeim rökum, sem samþykt lög frá þessu þingi og frv., sem talið er fullvíst, að verði samþ., virðast gera á þessum liðum. Hækkun á áætluðum tekjum af vínsölunni stafar af öðrum ástæðum. Undanfarin ár hefir verið fest talsvert af tekjunum í versluninni sjálfri. En nú er búist við, að ekki þurfi að halda því áfram. Losnar þá nokkurt fje. Einnig er talið líklegt, að eitthvað af því fje, sem nú þegar er fast sem veltufje einkasölunnar, verði — að skaðlausu — dregið inn í ríkissjóðinn. Með hliðsjón af þessu rjeðst nefndin í að hækka þennan lið um 75 þús. kr.

Hækkunartill. tekjumegin eru aðalbreytingartill. nefndarinnar við sjálft frumvarpið. Þó hefir nefndin gert tvær litlar brtt. við gjaldahlið frv., 10. gr. Er fyrst lagt til, að risnufje forsætisráðherra hækki um 4 þús. kr., og í öðru lagi gert ráð fyrir, að 7. liður 10. gr. orðist á annan veg en í frv., þannig: „Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans 6000 kr.“. Síðustu orðin: „til hitunar og lýsingar“ eru viðbót frá fjvn. og hækkar nefndin fjárveitinguna í sambandi við það um 2 þús. kr. Þessi

breyting og hækkun er gerð með hliðsjón af því, að forsætisráðherra mun vera ætluð ókeypis íbúð, ljós og hitun í ráðherrabústaðnum, þótt ekki hafi fyrverandi forsætisráðherra notað þá heimild. Risnufje forsætisráðherra er svo lágt, að hann getur ekki haldið uppi þeirri risnu, sem ætlast er til, nema hann sje annað tveggja auðugur maður eða reki einhverja þá atvinnu, er gefi honum tekjur. En komið getur það fyrir, að ekki standi þannig á. Nefndin telur rjett, að þessir liðir komi til framkvæmda á yfirstandandi ári.

Við 18. gr. leggur nefndin til, að einn liður falli niður. Það upplýstist fyrir 3. umr., að maður sá, er þar um ræðir, er dáinn, og leiðir þessi brtt. því af sjálfu sjer.

Við 22. gr. hefir nefndin lagt til, að sú breyting verði gerð við 2. lið, sem er um lán til osta- og smjörbúa, að í stað 5% vaxta, sem þar er gert ráð fyrir, komi 6%. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af öðrum liðum þessarar greinar. Þar er alstaðar gert ráð fyrir 6% vöxtum nema í 1. lið, um lán til frystihúsa. En nefndin telur rjett að láta þar sitja við sem er, 5%, vegna sjerstakrar nauðsynjar þess máls.

Líka hefir nefndin lagt til, að bætt verði við þann lið 23. gr., sem ræðir um endurgreiðslu til Rangárvallasýslu, svo hljóðandi athugasemd: „Endurgreiðsla er bundin því skilyrði, að fjenu verði varið til umbóta helstu sýsluvegum í sýslunni, sjerstaklega Landveginum og Fljótshlíðarveginum, eftir tillögum vegamálastjóra".

Þannig stendur á þessari athugasemd, að eftir frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði Rangárvallasýslu nokkurt fje, er sýslan hefir á sínum tíma lagt í veg innan sýslunnar. Nefndinni þótti óviðfeldið, að sýslan fengi þessa endurgreiðslu veitta skilyrðislaust. Vill nefndin binda hana því skilyrði, að fjeð verði látið ganga til umbóta á vegum þar í sýslu, og haldi þannig áfram að vera í vegum sýslunnar og koma sýslubúum að gagni á þann hátt.

Við 23. gr. hefir fjvn. bætt 2 nýjum liðum. Annar er um að flýta fyrir fyrirhugaðri Þingvallabraut upp Mosfellsdal, svo að hún verði tilbúin til afnota og umferðar 1930. Er stjórninni heimilað að taka lán til þess mannvirkis, ef á þarf að halda. Þetta er gert með hliðsjón af þeirri miklu umferð til Þingvalla, sem hlýtur að verða 1930. Jafnframt er þetta þjóðvegur, sem gert er ráð fyrir, að eigi að vera fullbúinn 1933. Það er talið líklegt, að svo mikil umferð verði á Þingvallaveginum 1930, að hætt yrði við slysum, ef látinn væri nægja sá eini vegur, sem nú liggur hjeðan til Þingvalla. En með þessu, að tveir vegir væru komnir, yrði umferð hagað svo, að bílar þurfi ekki að mætast. Geta þeir þá farið aðra leiðina en komið hina.

Í síðasta lagi hefir nefndin, eða meiri hluti hennar, lagt til, að ríkissjóði sje heimilt að taka ábyrgð á alt að 300 þús. danskra króna láni Jóhannesar Jósefssonar til þess að reisa 1. flokks gistihús í Reykjavík fyrir 1930. Þessi maður, Jóhannes glímukappi Jósefsson, hefir í hyggju að reisa slíkt gistihús. Hygst hann sjálfur að leggja allmikið fje í fyrirtækið, eins og till. nefndarinnar sýnir. Sótti hann um, að ríkisstjórninni veittist

heimild til þess að takast þessa ábyrgð á hendur, en tekur jafnframt fram, að hann notaði ekki ábyrgðina nema uppfylt væru þau skilyrði, er hann tilnefndi í umsókn sinni. Sem sagt, meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að rjett sje að veita stjórninni þessa heimild, þótt að minsta kosti einn nefndarmanna væri henni algerlega mótfallinn. — Jeg hefi þá getið nokkuð brtt. fjvn. á þskj. 695, en jeg held, að rjettast sje um leið að minnast á brtt., sem jeg flyt sjálfur ásamt hv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Það er IV. brtt. á þskj. 695, um að heimila kirkjustjórninni „að verja alt að einum prestlaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land", ef fje sparast við það, að prestaköll eru laus. Þessi till. er gamall kunningi þingsins. Hún komst í fjárlög fyrir árið 1927, og mun heimildin hafa verið notuð það ár.

Jeg veit, að margir líta svo á, að þessari fjárhæð sje vel varið. Það er álit margra, að það sje bæði nauðsynlegt og holt fyrir samvinnu meðal prestanna og almennan áhuga þeirra á kristilegum og trúarlegum efnum, að áhuga- og athafnamenn kirkjunnar ferðist í þessum tilgangi um hjeruð þessa lands og beiti þar vilja sínum og orku kirkjunni og kristninni til eflingar. Hjer er aðeins um heimild að ræða, en auðvitað ætti þetta helst að standa sem fastur skilyrðislaus liður í fjárl. En sakir þess, að till. þess efnis fjell í hv. Nd., fer jeg þessa leið hjer. Það hefir oftast verið svo, að eitthvað af prestaköllum hefir verið laust úti um landið. Jeg hefi spurst fyrir um þetta hjá kirkjustjórninni og fengið það svar, að líkindi væru til, að eitthvað mundi sparast á þessum lið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. þessa brtt. Þó að hún kunni að leiða af sjer útgjöld, hefir hún ekki áhrif á fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir.

Jón Baldvinsson: Jeg á hjer nokkrar brtt. á þskj. 695. Það er fyrst V. till., um styrk til Hólmfreðs Franzsonar stúdents, 1000 kr. til háskólanáms. Það er nú svo, að margir munu álíta, að nógu margir slíkir styrkir sjeu komnir inn í fjárlagafrv., sá nafnalisti sje orðinn nógu langur nú þegar. En um marga þessa menn er það svo, að ekki er í annað hús að venda fyrir þá en til Alþingis um styrk. Þeir eru fæstir svo efnum búnir, að þeir geti kostað sig til náms erlendis af eigin ramleik nema að litlu leyti. Enn er enginn sjóður til, sem styrkir mentamenn í þessu skyni, og því verður útkoman sú, að svo margar styrkbeiðnir koma til þingsins, þar sem þó helst er von um einhvern styrk. Þá er og ekki nema eðlilegt, að meðal þeirra sjeu margir gáfaðir stúdentar og góðir námsmenn, sem við þekkjum til og teljum styrks verða. Að vísu er það svo, að embættin eru ekki svo mörg, að þeirra vegna sje þörf á að styrkja fleiri menn til náms, en hitt er almennt viðurkent, að við höfum þó altaf not af mentuðum og dugandi mönnum. Þessi piltur, sem hjer er um að ræða, hefir meðmæli, sem eru alveg sjerstök í sinni röð. Það eru ekki þau venjulegu, um góða hegðun og ástundun og

gott próf o. s. frv., sem að vísu einnig fylgja og eru í góðu lagi, heldur hafa samstúdentar Hólmfreðs, sem útskrifuðust ásamt honum 1927, öll og óbeðið skrifað undir áskorun til þingsins um að veita honum styrk. Jeg vil sjerstaklega vekja athygli á þessum meðmælum þessa stúdents, sem kveða mjög sterkt að orði og eru eftirtektarverð meðal annars vegna þess, að meðal þeirra, sem undir þessi meðmæli rita, eru einmitt nokkrir, sem hafa þá aðstöðu að keppa við hann um styrk frá Alþingi. Þeir segja svo meðal annars: „Hólmfreður er einhver hinn allra gáfaðasti og mesti námsmaður, sem við höfum kynst. Hann hefir auk gáfnanna til að bera fádæma nákvæmni og skapfestu, og er því öllum öðrum, þeirra er við þekkjum, líklegri til vísindastarfsemi. Þótt gáfur hans sjeu fjölbreyttar með afbrigðum, hefir hann þó um langa hríð lagt sjerstaka stund á þá grein, sem hann nú hefir valið sjer til háskólanáms, og aldrei látið hugðarefni sín sitja á hakanum, enda mun orsökin til, að einkunn hans varð ekki hærri en raun varð á, einkum hafa verið sú".

Og þeir bæta við: „Þegar styrk var úthlutað í vor, var það einróma álit vort, að Hólmfreður ætti að verða hans aðnjótandi, jafnvel þótt svo færi um einkunn hans í þetta skifti, að hún væri ekki næg, ef eingöngu væri farið eftir einkunnum umsækjenda, en það fullyrðum við, að gert hafi verið. — Hinsvegar álítum við það hlutverk Alþingis fyrst og fremst, ef það á annað borð sinnir nokkrum beiðnum um námsstyrk, að bæta úr þeim misrjetti, sem menn geta orðið fyrir, ef þeim mælikvarða er eingöngu fylgt".

Þannig farast þeim orð þessum stúdentum, sem verið hafa Hólmfreði samtímis í skóla, enda þótt þeir viti, að þetta gæti beinlínis stuðlað að því að fella fjárstyrk til sumra þeirra. Þessi meðmæli eru svo óvenjuleg og sjerstök í sinni röð, að jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hv. deildar á þeim. Hjer hefi jeg að vísu meðmæli kennara og rektors, en þó að þau sjeu líka mjög góð, þá legg jeg þó meira upp úr þessum. — Jeg læt svo þetta nægja um þessa till. Jeg vænti, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. hana, enda þótt jeg viti, að mörgum mun nú þykja nóg komið af slíku.

Þá á jeg hjer aðra brtt., undir XII. lið, við 15. gr., um að veita Guðbrandi Jónssyni 600 kr. uppbót á styrk þann, sem hann nú hefir, eða hækkun úr 1200 kr. upp í 1800 kr., og get jeg algerlega skírskotað til þess, sem hann hefir skrifað um þetta, og vísað til þess, er jeg hefi áður um þetta sagt.

Þá flyt jeg ásamt hv. 1. þm. G.-K. (BK) till. um 13500 kr. til girðingar um listasafnshús Einars Jónssonar. Eitt af því, sem Íslendingar hafa gert sjer mest til sóma, er það, hvernig þeir hafa búið að Einari og listaverkum hans, enda mun hann nú einhver hinn frægasti Íslendingur, sem nú er á lífi, og hefir orðið þjóð sinni til hins mesta sóma. En það, sem nú þykir helst á vanta, að vel sje frá þessu gengið, er girðing um húsið. Það er áætlað, að hún kosti 13500 kr. Hornstólparnir hafa þegar verið steyptir. Það má telja mjög nauðsynlegt, að þessi girðing verði komin upp fyrir 1930, og til þess að það geti orðið, þarf að veita til þess í fjárl. fyrir árið 1929. Nú hefir mjer verið sagt, að fjvn. muni hafa skrifað stj. um þetta, og ef svo væri,

vænti jeg, að stj. sjái um framkvæmdir í málinu, og gæti jeg þá tekið till. aftur, en jeg bíð eftir að heyra frá stj. eða frsm. fjvn., hvort þetta er rjett. — Nú segir einn hv. þm. úr fjvn. mjer með látæði, að ekkert hafi verið gert í nefndinni í þessu, og heldur þá till. auðvitað áfram. — Það má telja víst, að árið 1930 leggi margir leið sína upp í listasafnshúsið til að skoða safnið, og jeg sje ekki, að við getum verið þektir fyrir að láta hjá líða að laga þetta. Það er líka miklu betra að gera þetta sem fyrst heldur en að flaustra því af þegar í eindaga er komið. Jeg álít, að þetta sje nokkuð, sem ekki verði komist hjá að gera, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki. Það er nú einu sinni siður að halda sjer til fyrir gestum, en hvað sem því líður, þá er okkur það sómi, hve vel við höfum búið að þessum ágæta listamanni, og ættum við ekki að setja blett á það með því að láta vanta sómasamlega girðingu um húsið og blett þann, er því fylgir. Vil jeg beina því til hv. þm., sem komið hafa upp að húsi Einars Jónssonar, hvort þeim þykir ekki þörf á þessu.

Þá á jeg enn brtt. undir XX. lið, um 6500 kr. styrk til Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnuhlutafjelags. Það hefir staðið í fjárl. styrkur til þessa fjelags, en bundinn því skilyrði, að bæjarsjóður legði fram styrk á móti, en það hefir bæjarsjóður ekki enn gert. Þetta fjelag hefir gert fyrstu myndarlegu tilraunina til að koma hjer upp góðum og hollum verkamannabústöðum, með auknum þægindum og betri en hjer höfðu þekst áður. Það hóf líka starfsemi sína þegar þörfin var mest fyrir aukinn húsakost hjer í bænum, og jafnframt á dýrasta tíma, og hafa því húsin orðið dýrari en ella. Þessi byrjun, sem það hefir gert, hefir fætt af sjer mikið aukið húsnæði í bænum, sem komið hefir á eftir, svo sem hús Landsbankans við Framnesveg, og margt mætti fleira telja. Vegna þess hvað lítið fjelagsmenn gátu lagt fram í byrjun, varð að lifa mikið á lánum, og voru þau mjög dýr. Þau eru með víxlavöxtum og eru framlengd með um 8%. Þessi erfiðu lánskjör, sem fjelagið varð að sæta, stöfuðu af því, að lánsstofnanirnar höfðu ekki fje til að lána út á 1. veðrjett með sæmilegum kjörum. Þá voru veðdeildarbrjefin svo langt niðri, að 100 kr. brjef seldust á 75 kr., ef hægt var að koma þeim út. Bankinn hafði ekkert fje til að kaupa brjefin fyrir og þeir, sem gátu keypt, notuðu sjer aðstöðuna til að fá þau fyrir lítið verð. Þessum kjörum varð fjelagið að sæta. En jeg fullyrði, að það vann mikið nauðsynjaverk, því að þörfin fyrir aukið húsnæði var þá einna brýnust. Hitt viðurkenni jeg fyllilega, að fjelagið hefir fengið styrk áður, bæði úr ríkissjóði og bæjarsjóði, en sá styrkur hefir ekki verið nálægt því eins mikill eins og tíðkast í nágrannalöndunum að veita slíkum fjelögum. Vitanlega er ekki ætlast til, að þessi liður standi óbreyttur áfram. Heldur er aðeins farið fram á þetta til þess að borga af lánum fjelagsins, því meðan lánin eru svona há og meðan vaxtakjörin eru svona erfið, er ekki auðvelt að færa niður leiguna, en að því þarf fjelagið þó að stefna. Jeg mun svo láta hjer staðar numið og ekki nema að gefnu tilefni taka til máls aftur.

Raunar flyt jeg hjer enn eina till. ásamt hv. 1. þm. G.-K., um utanfararstyrk til dr. Helga Pjeturss. Jeg játa það, að þegar till. kom um að veita honum 6000 kr. í 18. gr., þótti mjer það of hátt og greiddi atkvæði á móti því, einkum vegna þess, að jeg taldi, að margir aðrir ekki síður verðugir rithöfundar mundu koma á eftir. Jeg sagði það þá við einhverja deildarmenn, að jeg mundi verða því fylgjandi, að honum yrði veittur sjerstakur styrkur til utanfarar. Það, að komast utan, er það, sem hann þarfnast mest og kvartar mest um að geta ekki. Jafnvel þótt jeg álíti hitt ekki of mikið honum til handa, þá þótti mjer það óheppilegri leið, vegna þess að það hefði dregið þann dilk á eftir sjer, að við hefðum orðið að veita öðrum samskonar hækkanir á eftirlaunastyrk.

Þá á jeg eina till. á þskj. 700, um styrk til Guðmundar Kambans, 2000 kr. Þessi rithöfundur hafði komið inn í Nd. með 2500 kr. styrk, en var feldur hjer við 2. umr. Jeg er hræddur um, að hv. þdm. hafi kannske ekki athugað, hvernig ástatt var. Nú er það lægri upphæð, sem jeg fer hjer fram á, svo að jeg vona, að hv. þm. samþykki hana. Þessi rithöfundur hefir nú um langt skeið verið mjög mikið veikur, og er alveg nýkominn aftur svo til heilsu, að hann getur farið að vinna. Nú hefir hann hugsað sjer að semja stórt íslenskt skáldrit, um efni frá 17. öld, og ætlast á, að það verði um 1000 síður að stærð. Til þess verður hann að ferðast hingað heim og rannsaka heimildir í Landsbókasafninu, og hefir farið fram á 2400 kr. styrk í því skyni. Þessi rithöfundur er svo þektur og jeg vil segja frægur, að jeg álít, að Alþingi geri rjett í því að veita honum nokkra viðurkenningu sem rithöfundi. Jeg man nú ekki í svipinn, hvort hann hefir áður fengið einhvern styrk, en það hefir þá aðeins verið mjög lítið.

Það er kunnugt, að hann hefir fengist við leikritagerð og hefir vakið mjög mikla athygli á Norðurlöndum. Hann var hjer einnig á síðastliðnum vetri og sýndi þá eitt leikrit sitt, sem mönnum fanst mikið til um.

Auk þess, sem nú var getið, hefir hann einnig lagt fyrir sig stjórn leikhúsa, og eftir því, sem talið er, farist það vel úr hendi. En sjerstaklega mun hann þó, ef hann kemst til fullrar heilsu, eiga eftir að skrifa margt það ritverk, sem gerir garðinn frægan. Jeg ætla ekki að svo stöddu að mæla fleira fyrir þessari tillögu og læt það ráðast, hvernig atkvæði falla um hana, en jeg teldi það mjög nauðsynlegt, að þessum styrk væri ekki synjað; jeg held, að þessum rithöfundi myndi tæplega takast að sinna þeim ritstörfum, sem hann ætlar að fást við, nema því aðeins, að hann fengi einhvern styrk.

Jeg hefi þá minst á þær tillögur, sem jeg er flm. að eða meðflm., og mun láta það nægja. Jeg mun ekki hafa nein orð um hinar aðrar brtt. við fjárlögin, en sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær.

Einar Árnason: Af því að það eru nokkrir deildarmenn við, vildi jeg nota tækifærið til þess að segja frá því, að jeg hefi flutt hjer á þskj. 695 þrjár brtt. við fjárlagafrv. Það dylst nú ekki, að allar þessar brtt.

eiga nokkuð skylt við styrki til einstakra manna. Þegar fjárlagafrv. var til 2. umr., þá fluttu allmargir deildarmenn tillögur, sem voru svipaðs eðlis eins og þessar, sem jeg flyt nú. Jeg vildi ekki í það sinni flytja neinar brtt. um styrki til einstakra manna, vildi gjarnan sjá, hve deildin væri örlát í því efni. En sú varð raunin á við 2. umr. fjárlagafrv., að mjer finst jeg hafa nokkra ástæðu til þess að ætla, að hv. deild muni ekki taka því neitt illa, þótt jeg fari fram á það við hana, að hún taki nú vel í það að veita nokkrum mönnum styrk, fleirum en þeim, sem þegar er veitt. Það er sem sje langt frá því, að nú þegar sjeu tæmdar þær umsóknir, sem fyrir þinginu liggja um styrki frá einstökum mönnum.

Fyrsta brtt. mín er þess efnis að veita Jóhanni Sveinssyni styrk til háskólanáms í uppeldisfræðum, 1200 krónur, en jeg hefi sett til vara 1000 krónur, af því að það hefir að nokkru leyti myndast sú regla hjer í þessari hv. deild, að þessir námsstyrkir sjeu ekki yfir 1000 krónur.

Það er nú um þennan mann að segja, eða sjerstaklega námsferil hans, að hann mun hafa byrjað nám í kennaraskólanum og tók þar mjög gott próf. Eftir það stundaði hann barnakenslu um hríð, til þess að hafa ofan af fyrir sjer; hann hefir ekki haft styrk neinstaðar að, en hann hefir mikla löngun til að mentast og stundaði síðan nám hjer við mentaskólann og tók þar próf árið sem leið og hefir svo í vetur verið í heimspekideild háskólans.

Það, sem þessi maður hefir sjerstaklega lagt stund á og óskar að leggja stund á, er að kynna sjer uppeldisfræði. Hann hefir í hyggju að stunda nám við háskóla í Þýskalandi, ef hann getur fengið styrk til þess. Jeg veit ekki til, að við eigum neina menn, sem tekið hafa háskólapróf í þessum fræðum, og myndi þá ekki fjær að fá mann, sem væri vel að sjer í þeirri grein, en ýmislegt það, sem þingið hefir styrkt menn til að stunda við erlenda háskóla. Jeg skal geta þess, að þessi maður hefir fengið mjög góð meðmæli og fylgir umsókninni einnig umsögn skólastjóra kennaraskólans.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum um þennan mann, heldur snúa mjer að annari brtt. minni. Hún er um það, að þingið veiti Benedikt Elfar söngmanni 3000 kr. styrk árlega til þess að halda uppi söngkenslu á Akureyri. Þessi maður hefir sent þinginu umsókn um þetta, og fylgja umsókn hans meðmæli margra góðra borgara á Akureyri, og auk þess fylgja vottorð ýmsra manna í Svíþjóð, þar sem hann hefir stundað söngkenslu undanfarið, svo og blaðaummæli frá Svíþjóð, sem öll benda í þá átt, að maðurinn sje mjög vel fær til þessa starfs. En ástæðan til þess, að farið er fram á styrk handa honum til að halda uppi þessari kenslu á Akureyri, er sú, að í svo fámennum bæ sem Akureyri getur þetta vitanlega ekki orðið lífsuppeldi fyrir hann, en hinsvegar má teljast nauðsynlegt að halda þessari fögru list uppi þar, ekki síður en annarsstaðar. En fái þessi maður ekki styrk, þá býst hann ekki við að geta haldið áfram að starfa þar, og verður þá að leita ann-

að eftir atvinnu, og þá sjerstaklega til útlanda, til þess að geta haft ofan af fyrir sjer með söngkenslu.

Þá er þriðja brtt. mín. Hún er um það að veita Freymóði Jóhannssyni 1000 kr. styrk til framhalds listmálaranámi, og að þessi styrkur sje lokastyrkur. Ef til vill minnast einhverjir deildarmenn þess, að síðasta þing veitti þessum manni ofurlítinn styrk, og með þeim styrk sigldi hann á síðastliðnu ári. Hann hefir stundað nám í vetur við konunglega leikhúsið í Höfn og starfar þar aðallega að leiktjaldamálun. Nú hefir hann skrifað þinginu og kveður sig þurfa að halda áfram námi, eftir að hann hefir lokið því á konunglega leikhúsinu. Áform hans er nú að fara til Berlín eða París, en skortir fje til, því að maðurinn er efnalaus, en hinsvegar ákaflega duglegur og fær í sinni íþrótt. Jeg vildi þess vegna mæla með því, að honum væri veittur þessi styrkur í þetta sinn. Jeg er þess fullviss, að hann fer ekki oftar fram á styrk í þessu skyni, og jeg er þess líka fullviss, að hann mun nota þennan styrk vel, því að maðurinn er þannig gerður, að hann legst allur á það, sem hann tekur fyrir, og er sjerstaklega áhugasamur um það að ná sem mestri fullkomnun.

Jeg býst ekki við, að það hafi mikil áhrif á atkvæðagreiðsluna um þessar brtt. yfir höfuð, hvort um þær er talað lengur eða skemur, og þess vegna skal jeg ekki þreyta deildina á lengri ræðu um þetta efni, og ekki heldur fara að ræða brtt. einstakra þingmanna. Það er aðeins eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, sem er almenns efnis.

Þetta atriði er það, að jeg tel mjög óheppilegt, að sú regla skuli viðgangast og vera orðin eins rík og á sjer stað hjer á þingi, viðvíkjandi fjárlögum, að menn skuli þurfa að fást við sömu afturgöngurnar fund eftir fund. Jeg vildi, að sú regla yrði tekin upp, að brtt. megi ekki bera upp aftur um sama efni, ef hún hefir áður verið feld í sömu deild. Nú hefir sú venja komist á, að það megi altaf bera upp sömu brtt., þótt hún hafi verið feld áður, aðeins með annari fjárupphæð. Ef til vill þykir þetta of mikil þröngsýni, en jeg get ekki sjeð betur en að það sje fullkomið rjettlæti í því að setja þarna nokkrar hömlur, því að það er töluvert annað að bera upp tillögur, sem hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur en tillögur á öðrum sviðum, og mjer þætti ekkert óeðlilegt, þótt einhverjar hömlur yrðu settar um slíkar tillögur.

Erlingur Friðjónsson: Það ræður af líkum, að hæstv. forseti fái ekki að ganga til atkvæða strax um þetta mál, því að allmargir eiga enn eftir að lýsa tillögum, sem þeir flytja við þessa umr. fjárlaganna. Jeg ætla að fara hjer örfáum orðum um þær tillögur, sem jeg hefi hjer fram að færa, og skal þá strax geta þess, út af orðum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að jeg geri mig að sönnu sekan um það að flytja hjer fram tillögu, sem sennilega er í hans augum afturganga, af því að hún var fyrst borin fram við 2. umr. þessa máls, en kemur nú fram aftur í dálítið annari mynd. Jeg kem síðar að því að tala fyrir þeirri till. og mun þá gera nokkra grein fyrir því, hvers

vegna jeg hefi komið með hana aftur í breyttri mynd.

Fyrsta till., sem jeg ber fram, var tekin aftur við 2. umr., en hún er um styrk til útgáfufjelags Flateyjarbókar á Akureyri. Síðan þessi tillaga kom fram við 2. umr., hefir verið samþykt nokkurt fjárframlag til útgáfu fornra bóka til útgáfufjelags, sem ætlar að gefa þær út, og meðal þeirra bóka, sem þetta fjelag ætlar að gefa út, verður að minsta kosti nokkur hluti af Flateyjarbók, en líklega ekki öll. Það er því ef til vill hægt að færa það fram sem rök fyrir að fella þennan styrk, sem jeg fer fram á, að veittur sje til útgáfunnar á Akureyri, að hún verði gefin út að nokkru leyti eða ef til vill að öllu leyti af þessu útgáfufjelagi fornra bóka. En jeg hefi samt leyft mjer að koma aftur með þessa tillögu, en hefi sett við hana varatill., sem lækkar fjárupphæðina um helming. Jeg veit, að jeg þarf ekki að flytja langt mál fyrir hv. deildarmönnum um það, að hjer er um að ræða mjög þarft verk, þar sem er útgáfa þessa merkilega rits, svo að það er óþarft að hafa ummæli mín um þessa tillögu mjög mörg. Jeg ætla því ekki að fara fleiri orðum um hana.

Jeg hefi borið hjer fram tvær brtt., sem ekki fara fram á nein fjárútlát fyrir ríkissjóð, heldur eru þær fram komnar vegna þess, að við 2. umr. þessa máls var samþykt að greiða Jóni Ófeigssyni kennara 2000 kr., og í þeim lið er innifalið ákvæði, sem mjer þótti algerlega óþarft að láta fylgja þeim lið. Þetta ákvæði, sem hjer er um að ræða, eru orðin „fyrsta greiðsla af fjórum“. En ef þingið gengur þannig frá þeirri fjárupphæð, sem þegar er búið að samþykkja að greiða Jóni Ófeigssyni, þá er um leið búið að binda næstu þing því skilyrði að greiða 2000 kr. árlega næstu þrjú ár, þar til þessi maður hefir fengið 8000 kr. greiddar sem uppbót fyrir vinnu við aðstoð á útgáfu ísl.-danskrar orðabókar, sem gefin hefir verið út af Sigfúsi Blöndal. Fjvn. leit þannig á, að það væri ekki ástæða til að greiða Jóni Ófeigssyni meira heldur en hann er þegar búinn að fá fyrir þessa aðstoð. Maður þessi hefir fengið um 20000 kr. fyrir aðstoð sína við útgáfuna, og þótt það sje fært fram sem rök fyrir meiri greiðslu handa þessum manni, að hann hafi unnið miklu meira verk við útgáfu bókarinnar heldur en samið var um við hann upphaflega, þá leit fjvn. svo á, að maður þessi hafi fengið fulla greiðslu fyrir sitt verk, þótt honum væri ekki greitt meira. Samningurinn við þennan mann kvað hafa verið á þá leið, að hann fengi 400 kr. laun á mánuði fyrir 4 tíma vinnu á dag. En eftir sögn þeirra manna, sem hafa farið fram á, að honum væri greidd þessi uppbót, 8000 kr., á þessi maður að hafa unnið helmingi meira, eða 8 stundir á dag. En jafnvel þótt maðurinn hefði unnið svo, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að með þessum launum hafi hann fengið álíka hátt kaup og þingmönnum er ætlað fyrir setu sína á Alþingi, og jeg vil ekki viðurkenna annað en að það sje sæmilegt kaup fyrir hvern starfsmann sem er, á meðan það er viðurkent sæmilegt kaup fyrir íslenska þingmenn, sem mjer dettur ekki í hug annað en að telja

sæmilegt kaup. Fyrst þingið hefir nú samþykt að greiða 2000 kr. til viðbótar handa þessum manni, vildi jeg reyna að forða þinginu frá að greiða 6000 kr. í viðbót, eins og verður að vera, ef liðurinn verður orðaður eins og hann nú stendur í fjárlagafrv. Fyrir því er brtt. borin fram.

Brtt. 1 undir sama rómverskum tölulið er um það, að af því fje, sem þegar er búið að samþykkja, að veitt verði til útgáfu ísl.-danskrar orðabókar, 4000 kr., verði veittar 2500 kr., ef Danir leggja þar á móti 8000 kr., svo að þarna myndast 12000 kr. orðabókarsjóður, verði greitt prentsmiðjunni Gutenberg, sem stendur alveg eins á með og Jón Ófeigsson, að hún hefir skaðast um 20000 kr. á því að prenta bókina. Fyrst nú þingið hefir gengið inn á það að greiða í þennan orðabókarsjóð 4000 kr. og gerir ráð fyrir, að Danir leggi þar á móti helmingi hærri upphæð, og að útgáfa þessi hefir upphaflega verið kostuð af Dönum og Íslendingum í sameiningu, þá tel jeg, að það sje eðlilegt, að nokkur hluti fjárins gangi til að greiða þann halla, sem prentsmiðjan Gutenberg hefir beðið, fyrst Alþingi hefir samþykt að greiða Jóni Ófeigssyni nokkuð. Fjvn. leit þannig á, að það væri slíkt samband á milli þessara liða, að ef annar væri samþyktur, þá væri og rjett að taka hinn til greina að einhverju leyti. Jeg hefi sem fjárveitinganefndarmaður leyft mjer að koma fram með þessar brtt. við þessa tvo liði, sem það samband er á milli, er jeg nú hefi skýrt frá.

Þá á jeg eftir að ræða þá brtt., sem jeg mintist á í upphafi máls míns, að telja mætti afturgöngu í þessari hv. deild. Það er tillaga um það, að ríkisstjórnin ábyrgist alt að 100000 kr. lán til barnaskólabyggingar á Akureyri, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Jeg flutti tillögu um þetta við 2. umr. fjárlagafrv., að ríkisstjórnin ábyrgðist alt að 120 þús. kr., en sú tillaga var feld með litlum atkvæðamun. Eftir því sem jeg framast gat kynt mjer aðstöðu þingsins til máls eins og þessa, þá sá jeg ekki og get ekki sjeð enn þá ástæðu, sem þessi hv. deild gæti haft til að fella aðra eins tillögu og þessa, og jeg benti á það við 2. umr., að þingið 1921 hefði gengið í ábyrgð fyrir alt að 2600000 kr., var mestur hluti þeirrar ábyrgðar fyrir togarafjelög í Reykjavík, en nokkuð fyrir klæðaverksmiðjuna á Álafossi, og það er öllum kunnugt, að ríkið gengur í ábyrgð fyrir einn og annan, og þá ekki síður fyrir kaupstaði landsins en aðra. En fyrst og fremst verður þó að taka tillit til þess, að sá, sem beiðist ábyrgðarinnar, sje fær um að standa svo straum af ábyrgðinni, að ekki komi á herðar ríkinu að greiða upphæðina fyrir þann, sem hlut á að máli.

Jeg geri ekki ráð fyrir því, að hv. deild geti greitt atkv. á móti þessari till., því jeg álít, að hjer sje ekki að ræða um neina hættu fyrir ríkissjóð. Og þó þetta væri felt hjer um daginn, þá býst jeg ekki við, að það hafi verið af því, að hv. dm. hafi álitið, að nokkur hætta stafaði af þessari brtt. minni, heldur hafi þeir verið í svo miklum vígahug, að meginþorri allra brtt., sem þá voru bornar fram, voru feldar. En nú vona jeg, að þessum vígahug verði stilt svo til hófs, að önnur eins till. og

þessi verði ekki feld aftur. Væri auðvelt fyrir mig að benda á mörg dæmi þess, að ríkið hefir tekið á sig ábyrgðir, sem eru miklu vafasamari en þessi og minni ástæða hefir verið til. T. d. stendur á sama þskj. og þessi till. mín er á önnur till., sem fjvn. er einhuga um, að samþ. verði, en sem jeg fæ ekki sjeð, að sje á neinn hátt eðlilegri en mín. En það er ábyrgð fyrir mann til þess að koma upp gistihúsi hjer í Reykjavík. Jeg tek í þessu sambandi ekkert tillit til þess manns, sem hjer ræðir um, heldur aðeins aðstæðnanna. Hjer er að ræða um einstakling, sem að sönnu ætlar að koma upp fyrirtæki, sem ýmsir þegnar ísl. ríkisins munu njóta þæginda af, þegar það er komið á laggirnar. En það sama má segja um barnaskólann á Akureyri, því þeir verða óefað margir góðir borgarar, sem þar koma til með að fá sína fyrstu fræðslu. Og því betur verða þeir undirbúnir, sem skólinn er betur útbúinn og fullkomnari. Það hefir verið viðurkent af þjóðinni, að ríkið ætti að styrkja barnaskólana, og jeg held, að það sje eins náið samband milli þeirra og ríkisins eins og ríkisins og gistihúss í Reykjavík.

Jeg veit nú ekki, hvort ástæða er til þess að segja fleira um þetta, en skal að endingu geta þess, að þetta er í raun og veru aðeins formsatriði. Væri þessarar ábyrgðar alls ekki þörf, ef hægt væri að fá lán innanlands. En ef leitað er eftir lánum erlendis, þá eru þau vandræði á því, að lán fást þar trauðla nema hægt sje að leggja fram ríkisábyrgð. Væri því ekki um slíkt að ræða hjer, hefði Akureyrarbær ekkert við þessa ábyrgð að gera, því ef hann tæki lán innanlands, gæti hann auðveldlega lagt fram fullgildar tryggingar, sem að öllu leyti mundu verða teknar til greina.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á tvær brtt. á þskj. 695 og skal reyna að vera ekki langorð og taka ekki langan tíma, þó báðar þessar brtt. sjeu allvíðtækar. Sú fyrri er við 15. gr. 15, nýr liður og hljóðar svo: Til Bandalags kvenna, styrkur til þess að rita sögu eða drög til sögu ísl. kvenna, sem ætlast er til, að komi út árið 1930. Styrkbeiðni þessi er að upphæð 2500 kr., og til vara 2000.

Þá vildi jeg áður en jeg kem nánar inn á þetta, gera dálitla grein fyrir því sambandsfjelagi, er hjer sækir um styrk. Bandalag kvenna er samband ýmsra kvenfjelaga hjer á landi og var stofnað 1917. Það er með sama sniði og svokölluð kvennaráð, er alls munu vera til í 40 löndum. Þessi fjelög eru algerlega ópólitísk, en vinna að allskonar menningarmálum. Bandalag íslenskra kvenna er í alheimsbandalagi kvenna og er þannig einskonar milliliður milli erlendra og íslenskra kvenna. Eru öll lönd, sem í því bandalagi eru, skyld til þess að gefa skýrslu um allskonar hagfræðileg atriði og mentamál og fleira. Vinnur þetta bandalag þannig mjög mikið að því að auka kynningu milli þjóðanna, og hefir þetta náttúrlega því meiri þýðingu, því minni sem þjóðin er, því venjulega er það svo, að því smærri sem ein þjóð er, því ópektari er hún. Íslendingar eru minsta þjóðin í þessu sambandi, en samt hafa fulltrúar ísl. kvenna oft sótt þessi þing. Hafa þeir fulltrúar, sem vitanlega hafa altaf verið konur, unnið mikið að því og

þar orðið talsvert ágengt að útrýma þeirri vanþekkingu, sem ríkir víða erlendis að því er Ísland snertir. Halda margir, að hjer sje ekkert nema ís og kuldi og að íbúarnir sjeu skrælingjar. Er ekki vafi á því, að í hvert skifti sem ísl. konur hafa sótt slíka fundi, hefir framkoma þeirra þar bæði orðið þeim og þjóðinni til sóma og gagns. Þá hefi jeg skýrt nokkuð frá því, hvað þetta Bandalag kvenna gerir út á við, og skal jeg nú snúa mjer að innanlands starfsemi þess. Hjer hefir það haft ýmislegt gagnlegt með höndum. T. d. fjekk það á stríðsárunum margar hjálparbeiðnir, og varð það við þeim eftir því sem það gat. Og mjer er kunnugt um það, þó jeg sje ekki í stjórn þess, að Bandalag kvenna sendi þá til dæmis 16 þús. kr. til Austurríkis, til fátækra barna þar. Ennfremur leitaði það samskota til hjálparstarfsemi þeirrar, er nefnist „Save the Children". Margt fleira hefir það gert, er snertir aðrar þjóðir og hefir orðið því til sóma. 1924 hjelt Bandalag kvenna iðnsýningu hjer í Reykjavík. Hjálparstarfsemi hefir það og mjög lagt stund á hjer í Reykjavík. Sjerstaklega vann það mjög að henni 1920, er svo marga hjer vantaði bæði föt og mat. Nú sem stendur er Bandalag kvenna að vinna að aðalstarfi sínu, því að koma upp Hallveigarstöðum, og væntir fjelagið þess, að þeir verði komnir upp 1930. Á þetta hús að vera gisti- og griðastaður fyrir konur af öllu landinu. Nú langar Bandalag kvenna í sambandi við hátíðina 1930 að gefa út bók, sem fjalli um sögu ísl. kvenna, og sótti um 5000 kr. styrk í því skyni til fjvn. Nd., en fjekk enga áheyrn. Jeg hefi nú, eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi á getu og tekjum ríkissjóðs, ekki treyst mjer til þess að fara fram á svo háa upphæð, heldur aðeins helming þess, sem sótt var um, eða 2500 kr.

Eins og sagt er í umsókninni frá stjórn Bandalagsins, þá er svo til ætlast, að þessi bók verði mjög ábyggilegt heimildarrit, og er ætlunin að leita aðstoðar þeirra manna, sem óskeikulastir eru í meðferð þeirra heimilda, er hjer um ræðir. Síðar gæti svo þetta rit orðið liður í þeirri sögu, því heildarverki, sem innan skamms mun verða samið, en sem nú er svo mjög í brotum. Og eins og segir í umsókninni, á þetta að verða sá andlegi skerfur, sem ísl. konur leggja til alþingishátíðarinnar 1930. Riti þessu verður, eins og tekið er fram í umsókninni, aðallega skift í þrent. Í fyrsta lagi verður þar tekið fyrir: Rjettarstaða kvenna. Í öðru lagi: Heimilishættir, vinnubrögð og annað menningarsögulegs efnis. Og í þriðja lagi: Persónulýsingar ýmsra þeirra kvenna, er skarað hafa fram úr fjöldanum. En eins og gefur að skilja, þá verður það fleira, sem kemur til greina, því ætlast er til, að þessi saga nái alt frá landnámstíð til vorra daga. Slík rit sem þetta verður því ekki samið án mikillar rannsóknar.

Mjer er persónulega kunnugt um, að margar konur standa bak við þetta og styðja það með áhuga og dugnaði. Hafa þær þegar trygt sjer þann manninn, sem hæfastur er til þess að skrifa þann hlutann, er kemur til þess að fjalla um rjettarstöðuna. En Bandalag kvenna hefir ekki nægan höfuðstól, og hefir því snúið sjer til Alþingis. Eins og jeg hefi þegar tekið fram,

fjekk það ekki áheyrn hjá fjvn., og því flyt jeg brtt. um lítinn styrk handa því. Styrk, sem að vísu er mjög ófullnægjandi, en þó betri en enginn. Í þessu sambandi mætti minna á það, að Íslendingar, sem þó hafa svo mikið orð á sjer sem söguþjóð, eiga enga heildarsögu. Öll sagnaritun hennar er í molum. Hjer á að gera tilraun til þess að rita heildarsögu, og verður það sá skerfur, er konur leggja til ísl. sagnaritunar. Mjer finst þessi hugmynd góð og vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. þessa brtt. mína.

Þá skal jeg snúa mjer að hinni brtt minni, sem er við 15. gr. 16 og er umsókn frá magister Birni K. Þórólfssyni um styrk, að upphæð 2500 kr., til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn. Umsókn þessi er dags. 2. ágúst síðastl. og eru 2 fylgiskjöl með henni. Eru það meðmæli frá dr. Sigfúsi Blöndal og dr. Hannesi Þorsteinssyni, og nýverið hafa mjer borist meðmæli frá prof. Páli E. Ólasyni. Þegar hv. fjvn. Ed. treysti sjer ekki til þess að mæla með þessari styrkbeiðni, sem þó engin styrkbeiðni er, því hjer er mikil vinna boðin fram fyrir litla borgun og um það verk að ræða, sem ekki má fresta, þá tók jeg að mjer að flytja þessa brtt. Jeg þekki þennan mann lítið sem ekkert, en mjer hefir orðið það ljóst af ummælum þessara þriggja merku manna, að hjer er um ákaflega þýðingarmikið verk að ræða og að þessi maður muni fullkomlega vera starfi þessu vaxinn. Hann er líka þegar búinn að vinna nokkuð í þarfir landsins, eins og jeg mun koma að síðar. Mjer finst, þegar svo er litið á þetta mál sem jeg geri, að hjer sje ekki um styrk að ræða, heldur lítilfjörlega borgun fyrir verk, sem þessi maður er þegar byrjaður á. Og jeg býst við, að allir hv. þdm. geti orðið mjer samdóma um það, að rjett sje að verða við þessari styrkbeiðni og nota þannig tækifærið til þess að fá þetta verk unnið fyrir litla borgun. Eins og jeg gat um, legg jeg mest upp úr því, sem þeir hafa sagt, er með þessu mæla, því sjálf hefi jeg ekki sjerþekkingu í þessum efnum. Ummæli þeirra lýsa þessum manni svo, að hann sje vel til þessa verks fallinn og hafi þegar unnið meira en nokkur annar að því að skrásetja þessi skjöl, síðan Jóns Sigurðssonar misti við. En eins og kunnugt er, vann hann það þrekvirki að skrásetja öll skjöl, er Ísland varða í brjefabókum konungs og þeirra stjórnardeilda, er í hvert sinn fóru með afgreiðslu Íslandsmála frá 1514—1848. Síðan hefir ekki neinn unnið að þessu, svo vitanlegt sje. Skrá sú, er Jón Sigurðsson gerði, er í 10 bindum; er hún nú eign ríkisins en geymd í landsbókasafninu.

Með rjettu kallar prof. Páll E. Ólason þetta verk Jóns Sigurðssonar þrekvirki. Vann hann þetta á ljettasta skeiði aldurs síns í hjáverkum, því þá hafði hann mörgum öðrum störfum að gegna í þágu lands og þjóðar, þó ekki ætti hann hjer heima. Nú er það ljóst, að bráðlega þarf að halda áfram með þessa skrásetningu, því óðum nálgast, að farið verði að rita ítarlega Íslandssögu. Má segja, að þegar sje að nokkru leyti byrjað á því, og á jeg þar við alþingissöguna, sem veitt hefir verið fje til mörg undanfarandi ár. Líka þarf að taka tillit til þess, að

hjer er um það að ræða að skrásetja gögn, sem því erfiðara er að skrá, því lengur sem það dregst. Hinsvegar er það vitanlegt, að skjölin sjálf fást aldrei hingað, því þau eru svo fljettuð inn í sögu Dana frá 15. öld og alt til þess er íslenska stjórnardeildin var stofnuð 1848. Fyrir því verður nauðsynin á skráningu þeirra enn meiri.

Jeg ætla nú að geyma mjer um stund það, sem jeg hefi um þetta að segja frá eigin brjósti, en með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp þau meðmæli, er fylgja umsókn Björns K. Þórólfssonar. Byrja jeg þá á meðmælum dr. Hannesar Þorsteinssonar, og eru þau á þessa leið:

„Herra magister Björn K. Þórólfsson er mjer að góðu kunnur sem aðstoðarmaður minn við aðgreiningu íslenskra skjala frá dönskum í Ríkisskjalasafni Dana í fyrra vor. Er hann orðinn manna kunnugastur því mikla safni og er mjög gætinn og athugull um öll slík efni, svo að jeg tel hann mjög vel færan um að gera skrá þá, er hann nú sækir um styrk til að semja og jeg verð að telja mjög þýðingarmikla fyrir sögu Íslands, einkum í verslunarefnum. Við slíka rannsókn gætu og komið í leitirnar ýms skjöl, sem við ættum heimtingu á að fá hingað send samkv. samningum um skjalaafhendingu til Íslands, og yrðu þau þá væntanlega tekin frá. Ennfremur má geta þess, að Ráðhússkjalasafnið danska (Raadhusarkivet) hefir hingað til ekkert verið rannsakað af íslenskum mönnum, og má vænta, að þar sje ýmislegt markvert að finna um íslensk efni. Jeg leyfi mjer því að mæla hið besta með því, að herra Birni K. Þórólfssyni verði veittur styrkur sá, er hann sækir um, og mætti þá gjarnan setja honum þau skilyrði, er hann sjálfur hefir stungið upp á, að hann ljúki skránni á 3 árum, sem jeg efast ekki um, að hann mundi geta leyst af hendi.

Reykjavík, 12. ágúst 1927.

Virðingarfyllst.

Hannes Þorsteinsson".

Þá kem jeg að umsögn dr. Sigfúsar Blöndals, en hún er nokkuð sama efnis og þessi, sem jeg nú las upp, og ætla jeg því ekki að lesa hana, heldur snúa mjer að þeirri nýjustu, sem er frá dr. Páli E. Ólasyni. Ætla jeg, að fengnu leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp:

„Það er alkunnugt, að ríkisskjalasafn Dana er einnig um langan tíma ríkisskjalasafn Íslendinga, það er tekur til allrar hinnar ytri stjórngæslu af hálfu konunga og stjórnardeilda þeirra. Verður og svo framvegis, að því leyti sem varðar brjef konunga og stjórndeildanna, með því að slíkum brjefum um Ísland er komið fyrir inn í brjefabókum í bendu með öðrum löndum eða landshlutum, er lutu Danakonungi. Afhending slíkra skjala getur eftir eðli þeirra aldrei komið til mála; upp úr heilum bókum er ekki hægt að rífa blöð á víð og dreif. Var þessi tilhögun höfð frá elstu tímum til 1848. Er þarflaust hjer, enda myndi og taka of langt rúm, að gera grein fyrir því, hvar Íslandsmálum var holað niður til afgreiðslu á ýmsum tímum. En 1848 var hin íslenska stjórnardeild stofnuð í Kaupmannahöfn, og þar með var afgreiðsla íslenskra mála komin á einn stað og

óskift, sem kunnugt er. Hitt mun ekki eins kunnugt, að Jón Sigurðsson vann það afrek snemma ævi sinnar að skrásetja öll skjöl, er Ísland varða í brjefabókum konungs og þeirra stjórnardeilda, er í hvert sinn fóru með afgreiðslu Íslandsmála, frá elstu tímum allar götur fram til þess, er stofnuð var hin íslenska stjórnardeild (1514—1848), að svo miklu leyti, sem þær voru þá komnar í ríkisskjalasafn Dana, sem þá var kallað leyndarskjalasafn konungs, eða aðgengilegar þar".

Hjer vil jeg leyfa mjer að taka fram, að prófessorinn telur vafasamt, að öll skjöl, er snerta Ísland í þessu sambandi, hafi verið komin inn í þetta heildarsafn, er Jón Sigurðsson gerði skrá sína. Og er það mjög sennilegt, eða jafnvel sannanlegt, að þau hafa ekki öll verið komin fram.

„Þessi skrá Jóns er 10 bindi, og er hún varðveitt í handritasafni hans í landsbókasafni (J.S. 110—119, 4to). Þarf vart að taka það fram, að á þeim skrám er sá snildarbragur, sem jafnan einkennir verk þessa manns. Eru þær til hins mesta ljettis öllum þeim, sem nota kunna eða sinna þurfa utanríkissögu Íslendinga allan þenna tíma, þar með stjórngæslu allri utan að. Er þar engra umbóta vant. En eftir að stjórnardeildin íslenska var stofnuð, er auðgengið að slíkum skjölum eftir skrám, dagbókum og brjefabókum hennar.

Vitanlegt er það, að til eru í söfnum utanlands margvísleg skjöl fyrri tíma, þau er varða Ísland, jafnvel frá stjórngæsluvaldi landsins eða tilteknum greinum þess, er eigi voru komin í leyndarskjalasafn konungs eða eigi aðgengileg, er Jón Sigurðsson samdi skrár sínar, sum alveg nýkomin þanga, sum geymd annarsstaðar, t. d. í bæjarskjalasafni Kaupmannahafnar. Lúta þau einkum að verslunarstjórn Íslands o. fl., mestmegnis á 18. öld.

Nú hefir magister Björn K. Þórólfsson gert fjárveitingarvaldi landsins kost á því að ljá vinnu sína í skrásetning þessara skjala. Hefir hann fengið hjeðan úr Landsbókasafni skrár Jóns Sigurðssonar sjer til leiðbeiningar í þessu efni. Jeg undirritaður get nú ekki sagt um það að sinni, hvað langan tíma taki skrásetning þeirra skjala, sem skrár Jóns Sigurðssonar ná ekki yfir; myndi það og mjög komið undir vinnulagi og hagsýni þess, sem verkið ynni. En hitt veit jeg, að magister Björn K. Þórólfsson er svo samviskusamur maður, að hann myndi ekki teygja verkið yfir lengri tíma en þörf er á. Mjer er og kunnugt um það, að hann er maður trúr í verki, dyggur og vandvirkur. Á þetta ofan hefir hann og kynst talsvert skjölum og skjalasöfnum fyrri alda, með því að hann hefir fyrir hönd þjóðskjalavarðarins hjer verið að verki í framtali og viðtöku skjala, sem Íslendingum eru afhent úr ríkisskjalasafni Dana til þjóðskjalasafnsins hjer; fer þjóðskjalavörður lofsamlegum orðum um það, hversu mag. Björn hafi leyst af hendi það verk.

Eftir því sem nú hefir verið lýst, verð jeg þá að telja það vel ráðið, að mag. Birni K. Þórólfssyni sje falið þetta verk, og yrði þá jafnframt gert að skyldu af afhenda skrá sína Landsbókasafni; myndi hún verða hentugur

viðauki við skrár Jóns Sigurðssonar, sem þar eru fyrir.

Reykjavík, 3. apr. 1928.

Páll Eggert Ólason".

Jeg þykist þá hafa fært þær sönnur á mál mitt, að hjer sje frekar að ræða um að taka hentugu tilboði heldur en að veita styrk eða ölmusu. Og þegar þar við bætist, að allir þeir, sem hafa nokkuð lagt þessu máli lið, eru sammála um það, að maðurinn er vandvirkur, athugull í besta lagi og fróður á söfnum, síst af öllu ágengur, þá tel jeg, að brjef þau og meðmæli, sem jeg hefi lesið upp, ættu að vera næg sönnun fyrir því, að þessi styrkbeiðni, sem jeg hefi stilt svo mjög í hóf, verði samþ. Sú upphæð er því miður lægri en styrkbeiðandi fór fram á. Enda sá jeg það eftir á, að þessar 1500 krónur voru blátt áfram, mjer liggur við að segja smánarlega lág upphæð, þegar er að ræða um að borga vel unnið vandaverk.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 697. Eins og hv. þm. muna, voru við 2. umr. fjárlaganna kliptar burtu 10 þús. kr. af framlaginu til Kjalarnesvegarins, þrátt fyrir það, þótt Kjósarsýsla hafi lagt á sig að borga ¼ af lagningarkostnaðinum. Fjárveiting þessi kom fyrst undir atkvæði af fjárveitingunum til vega við 2. umr., og þrátt fyrir það, þótt allir andstæðingar mínir sem einn maður greiddu atkvæði sitt með því að minka fjárhæðina um helming, ljet jeg það ekki á mig fá, en greiddi atkvæði mitt með fjárframlaginu til annara vega, þar á meðal til vega, er andstæðingar mínir báru fyrir brjósti og báru fram. Í Nd. var samþ. með 15 atkv. að veita 20 þús. kr. til vegarins, en ef farið hefði verið fram á 16 þús. kr., þá hefðu þó fleiri greitt henni atkv., því að hv. þm. Mýr. (BÁ) ljet það beint uppi, að hann mundi greiða atkv. með till., ef hún væri ekki hærri en 16 þús. kr. Jeg hefi því leyft mjer að bera till. fram með þessari upphæð og vænti þess, að hún verði samþykt, ekki síst vegna þess, að vegamálastjóri lagði til, að til þessa vegar yrðu lagðar 22 þús. kr., sem hv. frsm. fjvn. viðurkendi, að rjett væri. Og vegamálastjóri mundi ekki hafa lagt til, að svo há upphæð yrði veitt, ef nú gæti talist bílfært inn í Kjós, eins og sumir halda fram. En það er ekki svo, þótt bílar rjett komist þangað um hásumarið, að kalla má tómir. Bílvegurinn inn í Kjós mundi verða til ómetanlegs gagns fyrir Kjósarsýslu og einnig til gagns fyrir Reykjavík, sem hefir fulla þörf á því að ná í afurðirnar þaðan.

Þá eigum við hv. 5. landsk. (JBald) brtt. á þskj. 695. Er þar farið fram á að veita dr. Helga Pjeturss utanfararstyrk, 4500 kr., og til vara 4000 kr. Eins og hv. þm. muna, bar hv. fjvn. fram till. um það að hækka lífeyri dr. Helga Pjeturss um 2000 kr. á ári, eða upp í 6000 kr. Gerði hún það eftir ósk ýmsra manna, eftir því, sem form. fjvn. hefir skýrt mjer frá. En jeg skal taka það fram, að enga slíka ósk hafði jeg borið fram um það, þótt jeg væri fjárveitingunni fyllilega sammála og greiddi henni atkv. mitt. — En þetta, að hin sparsama fjvn. tekur þetta mál dr. Helga Pjeturss að sjer, sýnir, að hún hefir orðið vör við almennan áhuga á því, að honum væri gert sem mögulegast að lifa og starfa

að sínum vísindalegu rannsóknum, þótt árangurinn verði ekki beint látinn í askana. Jeg og margir menn aðrir, æðri og lægri, eru nefndinni þakklátir fyrir, að þessi till. kom fram. Nú fjell þessi till. nefndarinnar með 7:7 atkv. við 2. umr., og af því að við flm. óttuðumst, að málið yrði þar með látið sofna, höfum við borið fram till. á þskj. 695. Mjer hefir reiknast svo, til, að ef veittar eru 4500 kr., þá verði sú upphæð 3700 kr. í dönskum krónum. Ef maður dregur þar frá beinan ferðakostnað fram og aftur, 400 kr., þá verða eftir 3300 kr., sem gengið geta til hælisvistar. Hr. Ágúst Flygenring og Oddur heitinn Hermannsson urðu að greiða 30 kr. á dag. Ef miða mætti við það, mundi upphæðin hrökkva fyrir hælisvist í um 111 daga, og styttri hælisvist mundi tæplega koma að notum. Yrðu 4000 kr. veittar, yrði hælisvistin eðlilega þeim mun skemri. Jeg vænti þess, að hv. deild sjái sjer fært að veita hærri upphæðina, og fyllilega treysti jeg því, að háttv. deild taki henni vinsamlega og að þeir, sem greiddu till. um hækkun lífeyris dr. Helga Pjeturss atkv., greiði einnig þessari till. atkv.

Þá á jeg till. á þskj. 706, sem jeg er einn flm. að. Kom beiðni til mín um að flytja hana í gærkveldi. Jeg hefi því engan tíma haft til þess að setja mig nægilega inn í rjettmæti till. Það eitt veit jeg, að nokkrum vinum Sveinbjarnar Björnssonar er mesta áhugamál, að hann fái þennan litla styrk í ellinni í eitt skifti fyrir öll. Hann er nú 73 ára og kominn að fótum fram. Ávalt hefir hann unnið baki brotnu við sjómensku, bátasmíði og steinsmíði. En í frístundum sínum hefir hann verið að yrkja. Tvær ljóðabækur hefir hann gefið út: „Hyllingar“ 1914, 6 arkir að stærð, og „Ljóðmæli“ 1924, 15 arkir að stærð.

Alt eru þetta alþýðleg kvæði og snotur og rammíslensk að máli; hefir almenningur því ánægju af að lesa þau. Og þó að Sveinbjörn Björnsson sje ekkert stórskáld, þá hygg jeg, að almenningur mundi álíta, að hann verðskuldaði að fá þessa litlu viðurkenningu í ellinni. Víst er það, að komið hefir fyrir, að þingið hefir veitt gamalmennum álíka viðurkenningu, sem ekki hafa verðskuldað það fremur en Sveinbjörn Björnsson skáld.

Jeg get tekið undir það, sem sagt er í Vísi í dag um þennan mann. Þar segir: „Jeg veit að þetta er margra manna ósk (að honum sje veittur styrkur), því að Sveinbjörn er þjóðkunnur maður fyrir kveðskap sinn, og að öllu góðu kunnur.“ Hefi jeg svo ekki meira um þetta að segja.

Enn á jeg eina brtt., en háttv. 5. landsk., sem er meðflm. minn að henni, hefir talað nokkuð fyrir henni. Þessi till. er um það, að veitt verði fje til girðingar kringum listasafnshús Einars Jónssonar, og verð jeg eindregið að mæla með því, að hún verði samþ. Það mun verða svo, að flestir gestir 1930 munu skoða þetta safn, enda er það helgasti staður Reykjavíkur. En á þessum litla bletti, sem á að fylgja húsinu, er svo óþrifalegt, að það yrði hneyksli, ef þannig liti þar út 1930. Á svæðinu eru sorphaugar, sem ómögulega mega þar vera, en þess er enginn kostur að setja hömlur við þessum ófögnuði, nema

girt verði. Það þýðir ekkert að setja þarna óverulega trjegirðingu eða vírgirðingu; það mundi aðeins auka kostnað, í stað þess að gera girðinguna í einu lagi eins og hún á að vera.

Þá vildi jeg svara hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) örfáum orðum. Hv. þm. kvartaði sáran undan því, að þm. skyldu leyfa sjer að koma fram með till. tvisvar eða oftar, sem áður hafa fallið. Jeg vil benda hv. þm. á það, að þetta hefir verið venja frá því, er jeg fyrst man eftir hjer á þingi og einnig heimilað í þingsköpum. Finst mjer það mjög eðlilegt, þegar deildin fellir frv. eða brtt., sem hún hefði getað fallist á í öðru formi, að till. sje tekin upp í annað sinn. Þess vegna hefir þetta verið venja, enda altaf verið heimilað. Jeg skil nú ekki í því, hvers vegna hv. 1. þm. Eyf. hefir komið með þessa umkvörtun nú, því að hann hefir sjálfur komið með till. um það á þessu þingi að breyta þingsköpunum, en þá nefndi hann þetta ekki á nafn. Lítur helst út fyrir, að þessi umkvörtun hans stafi af því, að honum sje illa við einhverja brtt., og ef það er ástæðan mun það koma í ljós við atkvgr. í kvöld. Annars sje jeg enga ástæðu til þess að breyta þingsköpunum í þessu efni, en álít, að rjett sje að heimila mönnum þetta eins og verið hefir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Samkv. ósk fræðslumálastjóra hefi jeg flutt eina brtt. á þskj. 695,XXI, um að veita háöldruðum barnakennara 150 kr. eftirlaun í 18. gr. fjárlaganna. Þessi maður hefir stundað barnakenslu í 35—40 ár, en var ekki formlega ráðinn sem barnakennari og gat því ekki komist undir ákvæðið um laun úr eftirlaunasjóði. Hann er nú mjög kominn á efri ár og er sárfátækur, og álítur fræðslumálastjóri fyllilega rjettmætt, að hann fái þessa viðurkenningu þau fáu ár, sem hann á eftir ólifað.

Jeg get bætt því við af persónulegum kunnugleika, að maður þessi er prýðilega vel látinn af öllu því fólki, er hann hefir kent hjá.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg verð að biðja hv. deild afsökunar á því að koma nú með 30 þús. kr. útgjaldabeiðni án þess að hægt hafi verið að ræða hana fyr. Till. er um það, að veita 30 þús. kr. til þess að byggja íbúðarhús handa hinum nýja lækni á Kleppi.

Þessu máli er þannig háttað, að læknirinn, sem nú er á Kleppi, hefir tekið í gamla spítalann eins marga sjúklinga og hægt er, og þó eiginlega öllu fleiri, því að spítalinn er ætlaður fyrir 50 sjúklinga, en þar eru nú um 70 sjúklingar. Yfir hann sjálfan hefir verið bygt timburhús með sæmilega góðri íbúð niðri og herbergjum starfsfólks uppi.

Nú er, eins og kunnugt er, verið að reisa þarna nýtt hús til viðbótar gamla spítalanum. Þegar það hús var teiknað, var það álit manna, að hægt mundi fyrir lækni þann, sem nú er, að annast sjúklingana með aðstoð kandidats, en við nánari athugun komst fyrv. stjórn að þeirri niðurstöðu, að slíkt mundi ógerningur, einkum þar sem sjúklingum mundi mjög fjölga eftir að nýi spítalinn væri kominn upp. Fyrir því gerði stjórnin einskonar samning 1925 við ungan íslenskan lækni, Helga Tómasson, sem

getið hefir sjer hinn besta orðstír erlendis, að taka við læknisstörfum við nýja spítalann, er hann væri kominn upp.

Nú er þessi læknir nýkominn heim og kemst að þeirri niðurstöðu, að hann geti ekki tekið að sjer starfið nema hann geti búið þar líka. Segist hann ekki geta gefið sig eins að starfinu og með þarf, ef hann býr inni í Reykjavík, enda veit jeg, að þar, sem hann hefir áður verið, hefir hann sint sjúklingum allan sólarhringinn, þegar þess hefir þurft. Nú er húsið þannig bygt, að ekki er hægt að koma lækninum fyrir þar. Tvær hæðir hússins eru ætlaðar sjúklingum, en á efsta lofti eru smáherbergi fyrir starfsfólk.

Nú er þessi saga sögð eins og hún er. Helgi Tómasson treystir sjer ekki til þess að gegna þessu starfi nema hann geti búið þar líka. Veit jeg, að þessi ósk hans er ekki fram komin af neinu yfirlæti, heldur einungis vegna þess, að hann er svo samviskusamur maður, að hann vill annast sjúklingana sem best. Jeg mundi ekki hafa borið þetta fram, ef hjer væri ekki um óvenjulegan mann að ræða, sem skaði væri fyrir landið að missa. Það liggur engin teikning fyrir um þessa byggingu, en sú er meiningin, að húsið standi á klöpp, og að öðru leyti ein hæð. Það er því full von til þess, að hægt verði að byggja húsið fyrir 30 þús. kr.

Jeg vil óska eftir skýringu frá hv. 3. landsk. þm. (JÞ) viðvíkjandi vegakerfinu til Þingvalla. Jeg býst við, að hann hafi mælt með till. sinni í dag, en jeg var ekki viðstaddur, svo að það hefir farið framhjá mjer. Jeg vil aðeins segja það, að þessi vegur er eina fyrirtækið, sem Þingvallanefndin leggur til, að kostnaður verði lagður í vegna hátíðahaldanna, og kemur af því, að menn óttast, ef flytja þarf um 20 þús. manns eftir þessum eina vegi, sem nú er, sama daginn, að líkur sjeu fyrir óttalegum slysum. Menn hafa lýst því fyrir mjer, hversu mikill reykjarmökkur varð eftir hestana við konungskomuna 1907, og varla verður hann minni eftir bílana, svo að það er auðsýnt, að þetta eykur slysahættuna. Annars býst jeg ekki við, að farið hefði verið fram á að byggja þennan veg, ef ekki hefði verið ákveðið að byggja hann í framtíðinni hvort sem er. Jeg hygg, að það hafi vakað fyrir hv. 3. landsk. þm., að bílarnir færu austurveginn. Jeg er honum sammála um það, að þennan veg þarf að laga, því að það verða margir gestir frá Ameríku, sem þurfa að komast til Suðurlandsins, en jeg held, að þetta ljetti ekki undir með flutningana frá Reykjavík til Þingvalla. Jeg er með hv. 3. landsk. þm. í því, að þessi umbót er nauðsynleg, en jeg held, að hún þurfi ekki að verða svo dýr; það þarf að vanda veginn yfir Hrafnagjá og upp brekkurnar, og annað ekki. Það er ekki af ljettúð, að við óskum eftir þessari Mosfellsbraut, en við álítum, að það muni valda miklum hátíðaspjöllum, ef aðeins er einn vegur. Við hugsum okkur, að frá Elliðaánum fari bílar austur eftir nýja veginum, en heim eftir þeim gamla. Form. Þingvallanefndarinnar, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), segist munu segja af sjer í nefndinni, ef þessi vegur verði ekki bygður. Jeg skil það vel; það er ekki ánægjulegt að vera í nefndinni, ef

slys leiðir af þessari vegleysu, eins og allar líkur benda til að geri.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um b-lið XXVIII. till. á þskj. 695. Þingvallanefndin er líka riðin við þetta, og skal jeg skýra það lítillega. Það gegnir alt öðru máli með þetta en veginn. Nefndin viðurkennir, að þetta hefir litla þýðingu, því að hjer er hótel, sem tekur aðeins 60—70 manns, en það grípur inn í hátíðahöldin og nefndin er með þessu, ekki svo mjög vegna hátíðahaldanna, heldur vegna sóma Reykjavíkur og landsins í heild sinni. Hótelið, sem hjer er til, er ekki nema 3.—4. fl. hótel, og hefir þó verið bætt mikið af eigandanum. Það er leiðinlegt, að útlendir gestir, sem hingað kunna að koma, skuli ekki geta fengið inni í sæmilegu gistihúsi. Það vill nú svo til, að Jóhannes Jósefsson glímukappi hefir safnað sjer töluverðu fje í íþróttabaráttu sinni úti um heim, sem hann vill verja til þess að koma hjer upp gistihúsi. Hann hefir handbærar 250 þús. ísl. kr. og þarf 300 þús. kr. í viðbót. Það er gert ráð fyrir, að húsið verði með herbergjum fyrir 60 manns, auk samkomusala, og þarf því um ½ miljón til að koma því upp. Bankarnir hjer hafa þetta fje ekki og hefir Jóhannes því farið utan og víðsvegar um þar, en ekki getað fengið fjeð, þó að hann byði fyrsta veðrjett. Því var borið við, að bankarnir þektu ekki til hjer á Íslandi. Þó gat hann fengið 300 þús. kr. lán í Handelsbanken í Kaupmannahöfn gegn bæjar- eða ríkisábyrgð. Jóhannes fór nú til borgarstjórans hjer í Reykjavík, sem tók vel í málið og kvað enga áhættu mundu fylgja þessari ábyrgð. En svo hefir staðið á, að ekki hafa verið haldnir fundir í bæjarstjórninni vegna nýafstaðinna kosninga til hennar, og er málið því ekki útkljáð enn frá hennar hálfu. Nú símaði Jóhannes til Hafnar viðvíkjandi þessu, og þá kom í ljós, að bankinn vildi ekki veita lánið nema gegn ríkistryggingu. Sneri Jóhannes sjer þá til Þingvallanefndar, og einnig hefir hann talað við fjvn., er álítur, að engin áhætta muni vera af þessu. 1. tryggingin er í eignum Jóhannesar sjálfs, 2. í bænum og sú 3. hjá ríkinu, sem ábyrgist þetta út á við. Það má því segja, að þetta sje yfirtrygt. Það er þannig gengið frá þessu, að engan skaða getur af því leitt fyrir ríkið; það er aðeins um að ræða, hvort menn leggja meira eða minna upp úr því, hvort hjer verði komið upp nýtísku gistihúsi eða ekki. Stjórnin mun ganga þannig frá því, að það verði ekki byrði fyrir ríkið, en vilji bæjarsjóður hinsvegar ekki hafa fyrstu ábyrgðina, er heimildin þar með fallin.

Þá er það XXVII. brtt. á þskj. 695, sem jeg vildi minnast lítillega á. Hún fer fram á, að Geir T. Zoëga rektor fái full laun, ef hann lætur af embætti. Hann er nú búinn að vera kennari eða rektor í 40 ár og hefir verið heilsuhraustur, en er nú farinn að finna til ellilasleika, eins og eðlilegt er. Hann varð veikur fyrir skömmu, og meðan á þeim veikindum stóð, sendi hann Geir son sinn til mín, til þess að spyrjast fyrir um það, hvort hann fengi ekki full laun, þó að hann ljeti af embætti. Seinna fjekk jeg brjef frá rektor sjálfum, þar sem hann segist ekki skoða þetta sem eftirlaun, því að hann muni, ef hann heldur heilsu, vinna að orðabókum

sínum áfram, en önnur þeirra er í endursköpun hjá honum. Það eru fordæmi fyrir slíkum heiðurslaunum. Bjarni Sæmundsson, annar fræðimaður við þennan skóla, fór frá með fullum launum, og var ekki sett sem skilyrði annað en að hann ynni áfram að fiskirannsóknum sínum, og hefir hann gert það ósleitilega, eins og kunnugt er. Jeg lít á þetta sem heiðurslaun og jafnframt handa gömlum manni, sem hefir mikið dagsverk að baki sjer og vill vinna að öðru starfi, orðabókum sínum, framvegis. Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil þó skýra nánar, hvað þetta þýðir fjárhagslega. Laun rektors eru 5000 kr., auk þess, sem hann hefir leigulausan bústað, hita og ljós. Þessi bústaður er metinn á 400 kr., sem er gamalt og lágt mat, en það varð að samkomulagi milli mín og sonar rektors, að hann fengi 1000 kr. fyrir bústaðinn. Það er ekki fullkomið, því að húsnæðið er áreiðanlega 3000 kr. virði. Jeg vil taka það skýrt fram, að Geir vegamálastjóri var fullkomlega ánægður með það, að þessi hlunnindi yrðu virt á 1000 kr.

Þá á jeg eftir eina brtt., styrkinn til Íþróttasambands Íslands. Það hefir haft heldur lágan styrk, 1800 kr., en Nd. hækkaði hann upp í 5000 kr. Jeg er ekki að segja, að þetta sje of hátt eða telja það eftir þessum mönnum. Þeir hafa unnið mikið og vel fyrir íþróttahreyfinguna hjer í bænum, en mjer finst, sem íþróttamenn geti verið ánægðir með minni styrk í þetta sinn, því að þeim hefir verið sýndur sómi og tiltrú af Alþingi, þar sem er sundhöllin. Íþróttamenn hafa lagt mikið kapp á að senda menn á ólympísku leikana og sóttu um 15 þús. kr. styrk í því skyni til Nd., sem sinti því ekki, enda er þetta hærri upphæð en forsvaranlegt er að veita. Við höfum tvisvar sent glímuflokka á ólympísku leikana, en í alheimsíþróttum hafa Íslendingar ekki kept á þeim, nema þegar Sigurjón Pjetursson kepti í grísk-rómverskri glímu, og við góðan orðstír. Jeg játa, að okkar íþróttalíf er ekki svo fullkomið, að við getum sent menn til að keppa í hlaupi, sundi eða knattspyrnu, en það er einn lítill íþróttahópur hjer, sem hefir komist svo langt, að hann getur tekið þátt í kappraunum á við bestu flokka erlenda. Það er íþróttaflokkur kvenna, sem Björn Jakobsson hefir æft. Konurnar gátu sjer mikinn orðstír í fyrra í förinni til Noregs og Svíþjóðar. Var það mikill sigur, því að kvennaleikfimi er fullkomnust á Norðurlöndum og hvergi þroskaðri smekkur fyrir henni en þar, en þaðan voru þeir, sem dóm lögðu á íþróttir þessara kvenna. Jeg býst við, að ekki fari færri en 12 konur, og því hefi jeg lagt til, að styrkurinn til Íþróttasambandsins yrði hækkaður um 1000 kr., en bætt því skilyrði við, að 3000 kr. af styrknum skuli greiða til leikfimiflokks þessara kvenna í kostnað við ferð á olympíuleikana. Þetta þýðir það tvent, að styrkurinn til Íþróttasambandsins lækkar um 2000 kr. og konurnar fá 3000 kr. ólympíufararstyrk. Auðvitað er það ekki meiningin, að þetta verði varanleg lækkun. Jeg býst við, að menn segi, að þetta sje of lítið, en jeg hefi ástæðu til að ætla, að þær fari, ef þetta fæst, auk þess sem þær fá frítt far með skipum Eimskipafjelagsins, þar sem búið er að tryggja þeim

mönnum ókeypis far með þeim, sem fara í alþjóðarerindum. Jeg mundi hafa á móti því að senda aðra á ólympíuleikana en konurnar, af því að við höfum ekkert annað, sem getur staðið á hlið við erlendar þjóðir. Jeg legg því til, að þetta sje veitt, og þó að það sje af vanefnum gert, er það altaf viðurkenning fyrir það, sem konurnar hafa lagt á sig.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Samgmn. á eina brtt. á þskj. 695, þess efnis, að styrkurinn til flóabátanna sje hækkaður úr 106750 kr. upp í 106950 kr. Þetta stafar af því, að í nál. samgmn. Nd. hafði upphæðin verið skakt reiknuð, þannig að hún reyndist 200 kr. of lág samkv. þeim upphæðum, sem veittar eru til hvers einstaks flóabáts. Það er nú upplýst, að einum bátnum hafði verið ætlaður 200 kr. hærri styrkur en vera átti. Það er styrkurinn til Rauðasandsbáts, sem var settur á 500 kr. í stað 300 kr. Þegar þetta er leiðrjett, verður heildartalan rjett, svo að brtt. er ástæðulaus og er því tekin aftur. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að nefndin hefir athugað till. Nd. og þótt kenna ósamræmis milli styrkveitinganna til hinna ýmsu flóabáta, sjerstaklega Eyjafjarðarbátsins og Djúpbátsins. Ennfremur vil jeg geta þess, að nefndinni þótti rjett, að þeim bátum, sem annast póstflutninga, sje borgað fyrir það úr póstsjóði, en ekki beint úr ríkissjóði, því að póstsjóður á að greiða allan þann kostnað, sem af póstmálunum leiðir. Væntir nefndin þess, að stj. lagfæri þetta. Jeg hefi heyrt, að Eyjafjarðarbáturinn hafi á síðasta ári fengið 5000 kr. beint úr ríkissjóði fyrir póstflutninga, svo að það er full ástæða til að skora á stj. að sjá um, að þessu verði hagað öðruvísi framvegis. Nefndinni barst erindi frá þm. Skaftfellinga um það, að bátur þeirra yrði tekinn út úr og hafður sjer, en nefndin sá sjer ekki fært að verða við þeirri beiðni, af því að ganga má að því sem vísu, að sömu kröfur kæmu annarsstaðar frá. Nefndin álítur það líka eðlilegast, að þingið ákveði heildarupphæðina fyrir bátana, en láti stj. ráðstafa hverjum einstökum styrkveitingum til þeirra samkvæmt vilja þingsins.

Þá kem jeg að brtt. mínum. Sú fyrsta er um styrk til hafnarbóta í Ólafsvík. Við 2. umr. flutti jeg tillögu þess efnis, að til þeirra yrðu veittar 15 þús. kr., en sú till. var feld með 7:7 atkv. Ástæður voru litlar bornar fram við þá umr. aðrar en þær, að þetta hreppsfjelag hefði lagt lítið úr eigin vasa til þessara mannvirkja, og því væri ekki hægt að fylgja till. Þess vegna hefi jeg við þessa umr. breytt till., svo að hún verði aðgengilegri, og sett 10 þús. kr., gegn því skilyrði, að hreppsfjelagið legði fram á móti 5 þús. kr.

Hæstv. fjmrh. er ekki við, svo að það er ekki gott að tala við hann, en jeg vil geta þess, að hann tók mjög sanngjarnlega í þetta mál við síðustu umræðu. Hann skildi þörfina og jeg gat yfirleitt ekki heyrt, að hans aðstaða hvíldi á öðru en því, að hann vildi fá sannanir fyrir, að mannvirkið mundi standa og að því fje, sem þegar er búið að verja til þess, væri ekki kastað á glæ. Jeg tók þá fram, að þessi garður hefir verið í byggingu í 4 ár og allan þann tíma hefir hann ekki

að neinu leyti haggast, svo að sterkar líkur eru til þess, að hann muni standa einnig í framtíðinni. Það er þegar búið að byggja garðinn svo langt, að það hvílir mestur sjógangur á þeim kafla, sem kominn er. Þetta verk hefir verið undir umsjón verkfræðings frá byrjun, þess sama og áætlaði verkið upphaflega, Benedikts Jónassonar. Jeg hefi beðið hann um umsögn hans í þessu máli, til þess að hv. dm. geti sjeð, að jeg er ekki að fara með neitt fleipur. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp brjef hans:

„Þjer hafið, hr. alþingismaður, beðið mig um umsögn mína viðvíkjandi hafnarbótunum í Ólafsvík, og vil jeg leyfi mjer að leggja hjer með afrit af brjefi mínu dags. 31. mars 1925, þar sem lýst er fyrirkomulagi hafnargarðsins, sem hjer um ræðir. Svo get jeg bætt því við, þar sem garðurinn hefir verið framlengdur á hverju sumri síðan og er nú orðinn 137 m. á lengd, enda kominn fram fyrir það, sem mest áreynsla verður á honum af sjávargangi, en þó aldrei haggast eða skemst að neinu leyti, þá verður það að álítast óyggjandi sönnun þess, að hann stendur til frambúðar. Jeg hefi haft aðalumsjón með verkinu og það hefir að öllu leyti verið unnið að mínu fyrirlagi og jeg má segja, að það hefir verið vel af hendi leyst, enda ber garðurinn það með sjer með því að standa svo vel á móti þeirri áreynslu, sem hann verður fyrir. Nú er eftir að byggja 50 m. af þessum garði, og er það mjög áríðandi, að haldið verði áfram að framlengja garðinn að fullu, svo að hann geti komið að tilætluðum notum, og þar sem búið er að leggja svo mikið fje í hann, þá væri það mesta óráð að hætta við svo búið.“

Jeg vil beina því til hv. dm., en þó einkum til hv. fjvn., að eftir að bæði jeg, sem kunnugur maður á þeim stað, sem um er að ræða, hefi gefið þær upplýsingar, sem jeg veit sannastar, og sá verkfræðingur, sem haft hefir umsjón með verkinu frá byrjun, staðfestir að öllu leyti mínar upplýsingar, vænti jeg þess, að hv, þd. geti fallist á að veita þetta fje.

Jeg á eina litla brtt. við 18. gr. II. f., sem er þess efnis, að Þórunni Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts, verði veittar 300 krónur árlega. Maður þessarar konu, Halldór Bjarnason, var póstur þar vestra í 30 ár, og reyndist afburða duglegur og samviskusamur póstur. Jeg hefði ekki borið fram þessa tillögu, ef mjer hefði ekki verið kunnugt um, að þegar standa og hafa staðið í mörg ár í fjárlögunum svipaðir styrkir og sá, sem jeg fer hjer fram á. Góðir póstar eru einhverjir bestu starfsmenn þjóðfjelagsins, og ekkjur þeirra eiga það fyllilega skilið, að þær sjeu styrktar, þegar þær þurfa þess með, eins og hjer á sjer stað. Jeg vona því — og þykist viss um —, að þessari brtt. minni verði vel tekið.

Jón Þorláksson: Jeg á eina litla brtt. á þskj. 697,II, sem er þess efnis að hækka liðinn til ýmislegra gjalda Landsbókasafnsins um 500 krónur og heimila, að af þeim lið megi endurgreiða 500 króna bráðabirgðalán dyravarðarins, vegna lækningakostn-

aðar. Fyrir tveim árum var dyravörður Landsbókasafnsins, sem er einhver lægst launaði starfsmaður landsins, mjög mikið veikur. Hann þjáðist af kvalafullum sjúkdómi, sem læknar hjer kunnu ekki skil á. Hann rjeðist þá í það að sigla til Kaupmannahafnar, til þess að reyna að fá bót meina sinna. Var notuð gömul og að vísu nokkuð úrelt heimild til þess að veita honum 500 króna bráðabirgðalán úr ríkissjóði, upp á endurgreiðslu af launum síðar meir. Auk þessara 500 króna mun hann hafa kostað af sínum eigin litlu efnum um 1500 krónum. Eftir langa rannsókn tókst að finna, hvað að honum var. Það var sjúkdómur við heilann. Hann fjekk mikinn bata, sem hefir haldið áfram eftir að hann kom heim. Nú eru mánaðarlaun dyravarðarins við Landsbókasafnið ekki nema rúmar 140 kr., svo að það er afarerfitt fyrir hann að þurfa að endurgreiða þetta lán af launum sínum. Jeg er sannfærður um, að hver einasti vinnuveitandi mundi, þegar líkt stæði á, gefa eftir endurgreiðslu. Þetta er eina tillagan, sem jeg á til hækkunar á fjárlögunum, og vona jeg, að hv. dm. geti fallist á hana.

Hæstv. dómsmrh. óskaði skýringar á næstu brtt. minni, á þskj. 700,II. Það hagar svo til um veg frá Reykjavík til Þingvalla, að fyrst er 13 km. sameiginlegur vegur, upp að Geithálsi. Sá vegarkafli er svo breiður, að hann tekur alla þá bifreiðaumferð, sem hjer getur orðið, með þeim bifreiðafjölda, sem hjer er. Síðan tekur við 37 km. langur vegur frá Geithálsi til Þingvalla, en samhliða honum liggur vegur upp Mosfellssveit, og hefir áður verið gert ráð fyrir því í vegaáætlunum að sameina þann veg á sínum tíma Þingvallaveginum á Mosfellsheiði með 7—8 km. löngum vegi upp úr Mosfellsdal. Þegar jeg sá þessa tillögu hv. fjvn., hugsaði jeg, að ekki væri um annað að ræða en að framkvæma þetta, en það hefir litla þýðingu um fyrirgreiðslu fyrir umferð til Þingvalla, vegna þess að vegamótin liggja 22 km. hjerna megin við Þingvelli, en aðeins 15 km. hinum megin við Geithváls. Af 37 km. löngum vegi eru þá eftir 22 km., sem bara er einfaldur vegur. Nú heyri jeg á hæstv. dómsmrh., að hjer er um að ræða að leggja Mosfellssveitarveginn eftir annari leið, sem liggur nokkru austar á Mosfellsheiðarveginn en gert hafði verið ráð fyrir, svo að hann nái á Þingvallaveginn nær Þingvöllum, en samt verður eftir æðilangur kafli, 10—15 km., þar sem bara verður einfaldur vegur.

Mjer finst mjög óskynsamlegt að verja svo miklu fje, sem hjer er um að ræða, til vegagerðar á þessum stað, þegar aðrar miklu brýnni vegagerðir nær og fjær verða að bíða. Mjer finst, af því litla, sem jeg hefi heyrt um þetta, að ástæðan til þess sje aðallega sú, að nefndin hugsi sjer aðra tilhögun á hátíðahöldunum 1930 en ætti að vera. Nefndin hugsar sjer sem sje, að 20 þúsundir manna þurfi að fara um þennan veg á einum sólarhring. En jeg er sannfærður um, að við eigum að taka upp það ráð, að dreifa hátíðahöldunum á nokkra daga og gefa hverjum degi sitt verkefni. Það eru ekki allir, sem vilja sjá það sama. Sumir vilja vera viðstaddir þingfundinn, aðrir íþróttasýningarnar o. s. frv. Þetta álít jeg, að verði að gera, meðal

annars til þess að komast hjá of mikilli umferð um veginn. Önnur samgöngubót við Þingvelli en þessi er miklu brýnni, en það er vegur frá Þingvöllum og niður á Grímsnesbrautina. Vegna allra ferðalaga útlendra og innlendra manna um nágrenni Reykjavíkur er það langþýðingarmesta vegabótin. Hjer um bil allir útlendingar, sem hingað koma, vilja að minsta kosti fara til Þingvalla, en okkur þykir hinsvegar leitt, þegar menn geta aðeins farið til Þingvalla og sömu leiðina til Reykjavíkur aftur, því að enda þótt Þingvellir sjeu fallegir, fá menn mjög ranga hugmynd um náttúru landsins, ef þeir fara aðeins þessa leið. Sumir fara austur yfir Hellisheiði og sjá Ölfusið. Nú væri mjög skemtilegt, ef samband væri milli Þingvalla og Grímsnesbrautar, því að þá gætu menn tekið alt í sömu ferðinni. Ef hátíðahöldunum væri hagað svo, að aðsókninni yrði skift á nokkra daga, verður mikill fjöldi manna, sem mundi fara þessa hringferð, og þar á meðal hjer um bil allir útlendingarnir. Með þessu móti er á mjög eðlilegan og skemtilegan hátt ljett umferðinni á Þingvallavegi.

Jeg hefi heyrt það flutt til gildis hinum nýja vegi, að hann liggi um grösuga og fallega lægð í Mosfellsheiði, sem þá væri hægt að rækta upp. En hún liggur of hátt. Við eigum áreiðanlega í flestum bygðum landsins land, sem er ræktunarhæfara en þetta. Enda tel jeg ekki, að tímabært sje að leggja veginn með það fyrir augum. Jeg skal geta þess, að jeg hefi sagt við vegamálastjórann, að jeg sje samþykkur öllu því, sem hann hefir stungið upp á í vegamálum, nema því, að hann hafi sett þennan nýja veg of framarlega. Að minsta kosti á það vegasamband, sem jeg gat um austur í Árnessýslu, að ganga fyrir.

Jeg ætla að víkja örfáum orðum að einstökum öðrum brtt. Jeg ætla að byrja á tillögu hv. fjvn. um að hækka risnufje forsætisráðherra og veita honum fje til þess að hita og lýsa bústað sinn. Risnufjeð á að hækka upp í 8000 krónur. Um það hefi jeg ekkert að segja, en jeg vil leiða athygli hv. dm. að því, að lögákveðið risnufje er 4000 krónur. Ef gera á breytingu á þessu, á ekki að gera hana í fjárlögunum, heldur með lagabreytingu. Annars verður aðeins að skoða þetta sem viðbótarveitingu næsta ár.

Hv. frsm. fjvn. orðaði raunar ekki ákveðið, en þó alt að því, að það mundi hafa verið heimilt áður, að forsætisráðherrann fengi endurgreiddan kostnað við að hita og lýsa upp ráðherrabústaðinn. Jeg get ekki talið þetta heimilt, og gerði það því ekki meðan jeg var forsætisráðherra. Sama er að segja um Sigurð Eggerz. En ef hv. fjvn. hefir fundið einhverjar heimildir fyrir þessu, væri gott fyrir okkur að fá að vita um það, áður en fyrningarlögin taka af okkur þann rjett, sem við kunnum að hafa vanrækt að ganga eftir.

Þá ætla jeg að minnast á brtt. á þskj. 695,IV, um það, sem kallað hefir verið „póstpresturinn“. Jeg vil leiða athygli hv. dm. að því, að fjárlagafrv. áætlar til prestlaunasjóðs 275 þús. kr., og eru engar líkur til, að neitt sparist af þeirri upphæð. Þessi sama upphæð

var áætluð 1926, en þá urðu útgjöldin 320 þús. kr. Þessi liður er því frekar of lágt áætlaður en hitt. Það hefir verið reynt í eitt ár, og jeg verð að segja, að byrjunin var ekki slík, að hún freistaði til áframhalds.

Hæstv. dómsmrh. flytur tillögu, sem hann hefir þegar gert grein fyrir, um að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands úr 5 þús. kr. í 6 þús. kr., en taka þar af 3000 krónur til kostnaðar við ferð kvenna á olympíuleikana. Stjórn Íþróttasambands Íslands hefir beðið mig að bera fram þau tilmæli til hv. deildar, að hún samþykki ekki tillögu hæstv. ráðherra, af því að eins og starfsemi Íþróttasambandsins er fyrirhuguð, megi það ekki við því að missa 2000 kr. af þeirri upphæð, sem hv. Nd. hefir samþykt handa því. Í Íþróttasambandinu eru nú yfir 100 íþróttafjelög. Starfsemi þess hefir meðal annars komið fram í því að gefa út 10 bækur um íþróttir, svo sem margir kannast við. Nú er svo um talað á milli Íþróttasambandsins annarsvegar og landsstjórnarinnar og Þingvallanefndar hinsvegar, að Íþróttasambandið taki að sjer undirbúning íþróttasýninganna 1930. Í því skyni vill sambandið fyrst og fremst halda uppi íþróttakenslu hjer og í öðru lagi senda ráðunaut um landið. Til þessarar starfsemi getur það ekki komist af með minna en 5000 krónur. En um för fimleikaflokksins er það að segja, að bæði Íþróttafjelag Reykjavíkur, sem flokkurinn tilheyrir, og Íþróttasamband Íslands hafa mikinn hug á, að af henni geti orðið, en þó er talið efasamt, hvort rjett sje, að flokkurinn fari á olympiuleikana. Reynslan hefir sýnt, að fámennar sýningar njóta sín sjerstaklega illa á olympíuleikunum. Og það er orðin svo almenn óánægja meðal íþróttamanna heimsins með þá leika, að það er jafnvel búist við, að þetta mót verði það síðasta. En hinsvegar á að halda alþjóðamót í Calais, og Íþróttafjelag Reykjavíkur vill heldur, að flokkurinn fari þangað, því að það, sem hann á að sýna, kemur betur heim við aðrar sýningar á því móti en við þær sýningar, sem fara fram á olympíuleikunum. Það var ætlunin að reyna að koma þessari för í kring með því að afla fjár með samskotum. Íþróttasambandið er ekki hrætt um, að það mistakist og telur því ekki, að þessar 3000 kr. sjeu afgerandi um það, hvort þessi för verði farin eða ekki. Hinsvegar telur það starfsemi sinni vera til hnekkis, ef 2000 kr. eru teknar af þeim styrk, sem því er ætlaður.

Vegna sjerstaks kunnugleika míns frá fyrri tíð, langar mig til að segja nokkur orð um höfnina í Ólafsvík. Jeg held, að jeg hafi orðið fyrstur til að rannsaka það mál. Þar er lendingin fyrir flötum sandi. Ferðamenn, sem þurfa þar í land, verða að láta þá menn bera sig á bakinu í land, sem hafa þann starfa. — Sjómennirnir verða að setja fiskinn á seilar og draga hann í land; er hann þá orðinn svo útlítandi, að einu gildir, hvort hann er úr því dreginn alla leið á flatningsstaðinn eða ekki. Má nærri geta, að erfitt er að gera góða verslunarvöru úr fiski, sem svo er orðinn útlítandi og velktur úr sandinum. Þorpið er afarfátækt, og stafar fátæktin auðsjáanlega af þeim erfiðleikum, sem eru á því að stunda þarna

sjóinn, því fiskimið eru þarna ágæt. — Þegar nú búið er að leggja svona mikið í þetta fyrirtæki, þá má ekki hætta við hálfgert verk. Það má alls ekki ætlast til þess, að þetta fátæka þorp geti framkvæmt þetta fyrir lán, jafnvel þótt ábyrgð ríkissjóðs verði veitt fyrir því. Það er þegar búið að veita ábyrgð fyrir láni, sem hið fátæka hreppsfjelag mun eiga fult í fangi að standa í skilum með. Það má því ekki kippa að sjer hendinni um þessa fjárveitingu. Jeg vildi segja þetta af því jeg er þessu kunnugur. Þetta er hið síðasta, sem þingið þarf að veita til þessarar hafnarbótar, og ætti það því ekki að kippa að sjer hendinni um það.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um næstsíðustu brtt. á þskj. 695. Það er brtt. frá hæstv. dómsmrh. um að veita Geir T. Zoëga rektor full laun, ef hann lætur af embætti. Mjer þykir nú nokkuð nýstárlegt að fá svona till. í þessu formi í 23. gr. fjárlaganna. Mjer þykir sú braut varhugaverð, sem hjer er gengið inn á. Hæstv. dómsmrh. bar þetta að vísu saman við það, þegar Bjarni Sæmundsson ljet af embætti, en þetta tvent er ekki sambærilegt. Bjarni Sæmundsson var leystur frá starfi sínu við skólann vegna þess, að þörf var fyrir hann á öðrum stað, og var það að öllu leyti þarft og maklegt, enda hefir það sýnt sig, að svo var. En slíkt kemur nú ekki oft fyrir. Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðherra, hvern rjett þessi maður hefir til eftirlauna, ef hann lætur af embætti. Jeg hefi nokkuð athugað þetta og hygg það sjeu 4000 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Þar að auki mun hann hafa nokkurn rjett til styrks úr lífeyrissjóði. Þessar aths. mínar eru því algerlega sprottnar af formlegum ástæðum. Eins og allir vita, gilda veitingar í fjárlögum ekki nema til eins árs. Þarf því að koma þessu öðruvísi fyrir, ef það á að gilda til langframa.

Jónas Kristjánsson: Jeg á 2 brtt. á þskj. 695 og ætla mjer að gera nokkra grein fyrir þeim. Það er þá fyrst töluliður XVIII: Til að lengja öldubrjótinn á Sauðárkróki, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að 2000 kr. Vegna þeirra, sem ókunnugir eru staðháttum þarna, verð jeg að lýsa nokkuð aðstöðunni og því verki, sem þarna hefir verið unnið.

Rjett utan við kaupstaðinn rennur á til sjávar. Er hún stundum allmikil í rigningum og leysingum á vorin. Ber hún þá fram mikið af aur og grjóti og hefir sá framburður myndað eyri, sem er skjólgarður fyrir höfnina. Þegar kaupstaðurinn var reistur þarna fyrir rúmum 50 árum, var þar stór eyri og voru mörg hús bygð á henni. Nú hefir brotið svo af þessari eyri, að einungis eitt hús stendur eftir, og skjólið, sem eyrin veitti höfninni, hefir farið síminkandi. Einnig hefir brotið af lóð kauptúnsins. Hjer var því nauðsyn að hefjast handa til að ráða bót á þessu, og árið 1917 hófust fyrst framkvæmdir í þessa átt. Var það gert á þann hátt, að samskot voru hafin meðal hreppsbúa um byrjun verksins. Þessi öldubrjótur var settur fram af „Eyrinni“, utanvert við kauptúnið. Var hann gerður þannig, að smíðaðar voru grindur, sem líktust helst sperrurisi á húsi, með sterkum plankabotni, þiljað að utan með sterkum borðum og síðan fylt með grjóti. Var gert ráð fyrir,

að þessi garður myndi veita mótstöðu grjóti og aur, er áin ber fram, og svo hefir líka reynst. Hefir svo smámsaman verið bætt við þennan garð með 5—6 metra stúfum í hvert sinn, og er nú mannvirki þetta orðið um 90 metra langt. Þarna hefir svo myndast landtangi og er nú eyrin á þeirri leið að komast í svipað horf og hún var í áður en fór að brjóta af henni. En þar sem sperrubygging þessi þarf að vera stærri, sterkari og dýrari, eftir því sem lengra kemur, þá er kauptúninu nauðsyn að fá til þess opinbera hjálp. Á þessum 10 árum hefir verið kostað til fyrirtækisins um 23 þús. kr. Þar af frá ríkissjóði 5 þús. kr., sýslusjóði Skagafjarðarsýslu um 4 þús. og frá Sauðárkrókshreppi um 14 þús. kr. Þetta sýnir, hver áhugi hefir verið fyrir þessu máli. En verkið má ekki stöðvast, því ennþá berst árlega aur og leir af framburði árinnar inn yfir höfnina í norðanbrimum og grynnir hana. Dýpið hefir verið mælt, og á síðastliðnum 30 árum hefir höfnin grynst um einn faðm. Nú á landið þá lóð, sem Sauðárkrókskauptún er á bygt, svo því er það ekki óviðkomandi, að þarna geti haldist bygð. Þarna hefir verið bygð góð bryggja, sem mest hefir verið kostuð af kaupstaðnum Síðan hún var bygð, hefir gengið allvel að skipa upp vörum á Sauðárkróki og að lenda bátum, þó nokkur sjógangur sje; þó hefir grynst við bryggjuna síðan hún var bygð. Ef það heldur áfram, verður að lengja bryggjuna, en verði öldubrjóturinn lengdur, þá er von um, að þess þurfi ekki. Jeg vona nú, að þingið sjái svo um, að þessi framkvæmd þurfi ekki að stöðvast. Sýslufundur Skagfirðinga hefir nýlega veitt til framlengingar öldubrjótsins 400 kr. Og jeg get fullyrt, að kaupstaðurinn mun bæta við það svo miklu, er nema þarf á móti þeim 2000 kr., sem hjer er farið fram á, að ríkissjóður veiti. Hjer stendur ekki ólíkt á og á Norðfirði, nema hjer mun þörfin vera meira aðkallandi. Jeg vona, að hv. þdm. líti á nauðsyn þessa máls og samþykki þessa till. Krabbe vitamálastjóri hefir litið á þetta mannvirki, og tel jeg rjett, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp umsögn hans, er hann sendi hreppsnefndinni á Sauðárkróki í símskeyti 24. maí 1927. Það hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni lýsi jeg því yfir, að jeg tel tvímælalaust, að garðurinn fram af eyrinni við Sauðárkrók hafi þegar gert mikið gagn, sjerstaklega með því að hindra landbrot á eyrinni og verja höfnina fyrir grynkun og líka með því að veita nokkurt skjól fyrir höfnina. Jeg ... tel mjög æskilegt, að garðurinn verði framlengdur á líkan hátt og áður, því meira, því betur".

Það, sem jeg hefi sagt, er því í samræmi við álit vitamálastjórans. Vænti jeg því góðvildar háttv. deildar um þetta.

Þá er XXIV. till. á sama þskj., sem jeg er flm. að. Sú till. fer fram á, að til Valgerðar Arnljótsdóttur komi 600 kr. í stað 300 kr. Það má geta þess, að hún er búin að fá styrk þennan í 10—12 ár. Var það Pjetur heit. Jónsson frá Gautlöndum, sem bar hann fyrst fram. Valgerður er dóttir sjera Arnljóts sál. frá Sauðanesi, og þegar þess er minst, að hann var upphafsmaður samvinnuhreyfingarinnar, eða frumhefjandi fjelagslegra samtaka í verslunarmálum, þá ætti það ekki að spilla fyrir því, að dóttur hans væri

veitt þessi litla upphæð. Af þessari konu er mikla sorgarsögu að segja. Hún hefir verið lömuð frá unglingsárum, eða frá um 18 ára aldri, og hefir mestan hluta þess tíma legið rúmföst og máttvana. Nú er hún 60 ára. Fyrir nokkrum árum versnaði henni þó enn. Vegna þessa sjúkdóms flutti hún til Reykjavíkur. Hefir hún verið upp á hjálp annara komin um langa hríð. Voru það fyrst ættmenn hennar, sem stunduðu hana á heimili sínu, en nú í seinni tíð hefir hún orðið að hafa hjúkrunarkonu. Svo hafi verið þörf á að veita henni styrk áður, þá er ekki minni þörf að bæta nokkru við hana nú. Hún er nú orðin eldri og fyrirhafnarmeiri en áður var, auk þess sem hún er stór og þung. Þarf því valda hjúkrunarkonu til að stunda hana. Jeg hygg, að Pjetur heit. Jónsson hafi ekki gert það út í bláinn, er hann gekst fyrir því, að hún fengi 300 kr. styrk, og má þá öllum ljóst vera, að henni mun ekki af veita nú, þótt upphæð þessi sje færð fram um helming. Enda má segja, að það muni ríkissjóðinn litlu, þegar litið er á heildarútgjöld hans.

Jeg vil þá minnast á fyrri lið XVI. brtt. á þskj. 695. Hún er frá hv. þm. Ak. (EF), þar sem hann ætlast til þess, að prentsmiðjunni Gutenberg verði greiddar 2500 kr. af þeim 4000 kr., sem veittar eru til orðabókarsjóðsins móti 8000 kr. tillagi frá ríkissjóði Dana. Jeg veit nú ekki betur en það sje bindandi loforð að veita þessa upphæð til endurprentunar hinnar íslensk-dönsku orðabókar Sigfúsar Blöndals móti 8000 kr. frá ríkissjóði Dana. Þar sem jeg býst við, að hv. þm. (EF) muni ekki mæla það eftir Dönum að veita þessa upphæð, þá ættum við að veita umtalslaust á móti þá fjárhæð, er um getur í 46. lið 15. gr. fjárlagafrv., eða 4000 kr. Því ef við gerum það ekki, þá er líka víst, að Danir kippa að sjer hendinni um sitt tillag, svo háttv. þm. Ak. er hjer aðallega að spara fyrir Dani meira en okkur. Jeg held því, að misráðið sje að vera að veita af þessu fje til prentsmiðjunnar Gutenbergs. Þótt það sje að vísu vel gert að bæta henni upp þann halla, er hún hefir orðið fyrir, þá er ekki örvænt um, að það megi gera síðar, þegar hagur ríkissjóðs stendur betur. En þetta, ef samþykt verður, er ekki til annars en ljetta undir með ríkissjóði Dana.

Þá er 2. liður sömu till. um það að fella niður orðin „fyrsta greiðsla af fjórum“ aftan af liðnum til Jóns kennara Ófeigssonar. Mjer finst þetta dálítið ómaklegt. Þessi maður hefir lagt fram afarmikið starf til orðabókarinnar. Hann lagði sumarfrí sín öll í þetta fleiri ár og auk þess allar þær stundir, er hann mátti missa frá starfi sínu. Hygg jeg, að ef þær stundir allar væru lagðar saman, þá hefði hann ekki fengið hátt tímakaup, miðað við það, sem greitt er fyrir aðra vinnu. Annars hafa komið glöggar upplýsingar um þetta frá frú Björgu Þorláksson.

Þá er jeg flm., ásamt hv. 5. landsk. (JBald), að III. brtt. á þskj. 706, þar sem lagt er til, að ríkið taki ábyrgð á 200 þús. kr. láni handa Byggingarfjelagi starfsmanna ríkisins, þó ekki yfir 20 þús. kr. fyrir hverja íbúð, gegn 1. veðrjetti í húsunum, auk frekari trygginga, ef stjórnin telur þær nauðsynlegar. Þetta er flutt eftir ósk starfsmanna ríkisins, og skýra þeir nákvæmlega frá því, hver kjör þeir eigi við

að búa um húsnæði. Þeir tala um í þessu erindi, er þeir hafa sent þinginu, að dýrara sje að lifa hjer en annarsstaðar, sem einkum stafi af því, hve húsaleiga sje hjer há, og því erfitt að láta launin hrökkva fyrir lífsnauðsynjum. Húsaleigan er dýrari hjer en í flestum borgum öðrum á Norðurlöndum. Hjer þurfa menn að borga ⅓—½ af launum sínum fyrir húsnæði. Erlendis er talið hæfilegt, að ⅕ launanna gangi til þess. Þessum starfsmönnum ríkisins veitir erfitt að láta laun sín endast fyrir óhjákvæmilegar lífsnauðsynjar, jafnvel þó þeir kosti kapps um að leggja á sig svo mikla aukavinnu, sem kostur er á, og verji til þess öllum stundum, sem af ganga starfi þeirra, og þeim hefir gengið æ erfiðara að komast af og láta laun sín duga fyrir nauðsynjum. Þeir hafa orðið að sætta sig við ljeleg húsakynni, margir hverjir, og þegar þeir þurfa að verja ⅓—⅔ af launum sínum fyrir húsaleigu, þá segir sig sjálft, að lítið er eftir til annara nauðsynja, svo að sæmileg afkoma megi teljast. Nú eru margir þessara manna fjölskyldumenn og er afkoma þeirra því erfiðari. Nú er svo komið, að margir þeirra manna, sem hjer eru búsettir, sjá sjer ekki fært að greiða svo háa húsaleigu, en afleiðingin er sú, að þeim er þar með meinað að búa í sæmilegum bústöðum, og hin lágu laun gera þeim það ókleift að byggja sjálfir, svo erfiðlega sem gengur að fá lán. Þeim hefir því hugkvæmst sú aðferð, að nokkrir menn mynduðu með sjer fjelagsskap, og fara fram á, að ríkið ábyrgist lán fyrir þá, er þeir reyna að útvega sjálfir. Takist það ekki, fara þeir fram á, að ríkið útvegi og ábyrgist lánið. Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að þörfin sje mjög aðkallandi, og hinsvegar eru líkur fyrir því, að þessi ábyrgð þurfi ekki að baka ríkinu nokkurn halla. Vilja starfsmennirnir veðsetja húsin með fyrsta veðrjetti fyrir ábyrgðinni, og ef stendur á greiðslu, má halda eftir af launum þeirra. Ríkið þarf því einskis í að missa, en með þessari ábyrgð er þessum mönnum veittur mikill styrkur, svo að launin endist þeim til sæmilegs framfæris. Mætti t. d. halda svo miklu eftir af mánaðarlaununum, að engin hætta gæti af því stafað fyrir ríkið að takast þessa ábyrgð á hendur. Það er því meiri ástæða til þess, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir starfsmenn sína, þar sem þeir hafa hvað eftir annað farið fram á launahækkun og sýnt fram á, að þeir geta ekki komist af. Það væru því köld svör frá þinginu, ef þeim væri neitað um ábyrgðina, einkum þar sem Alþingi hefir svarað beiðni þeirra um launahækkun með því að hækka um ¼ þann skatt, er á þeim hvílir.

Jeg vona, að Alþingi sjái sóma sinn í því að vera ekki verri húsbóndi starfsmönnum sínum en aðrir húsbændur eru hjúum sínum. Allir góðir húsbændur reyna að gera svo vel við hjú sín, að afkoma þeirra og líðan verði sem best, enda mun ætíð sannast hið fornkveðna, að hagur hjúsins er hagur húsbóndans. Lýk jeg svo máli mínu.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi mjög litlu við að bæta það, sem jeg hefi áður sagt við umræður þessa fjárlagafrv., en það voru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem hv. frsm. nefndarinnar (PH) gat um, að þær till. til hækkunar á tekjuáætluninni,

sem hv. nefnd ber fram, hafi verið gerðar í samráði við mig. Þetta er að vísu rjett, en það er þó ekki alveg án undantekningar, því að jeg hafði ekki gert neina tillögu um hækkun á áætlun um tekjur af áfengisversluninni. Nefndin hefir komið fram með tillögu um að hækka þann lið um 75 þús. kr. Jeg skal engu spá um það, hvort þessi áætlun getur staðist, en hæpið tel jeg það.

Það er annar liður, sem jeg einnig vildi minnast á, en það er um hækkun á tekju- og eignarskatti. Þó að nú sje komin fram brtt. um það, þá er frv. um það efni ekki afgreitt að fullu hjer í deildinni, en jeg geri ráð fyrir, að svo muni samt fara, að það nái fram að ganga, en hinsvegar býst jeg við því, að það sje ekki öllum ljúft að þurfa að grípa til þessa; en úr því sem komið er, þá tel jeg, að ekki muni verða hjá því komist.

Hjer liggja fyrir tillögur um allmikla hækkun útgjalda; að vísu er það svo, að tillögur nefndarinnar gera ekki ráð fyrir neinni verulegri hækkun, sem neinu nemur, svo að jeg geri ráð fyrir, að jeg muni geta aðhylst þær flestar. Það er aftur nokkuð öðru máli að gegna um tillögur einstakra þingmanna, að hversu gjarnan sem jeg hefði kosið að ljá sumum þeirra fylgi, þá mun jeg ekki sjá mjer fært að styðja margar þeirra, því að ef sú útgjaldahækkun, sem þessar brtt. gera ráð fyrir, næði fram að ganga, þá myndi það leiða til þess, að fjárlögin yrðu ekki afgreidd á þann hátt, að nokkurt eðlilegt hlutfall yrði á milli tekna og útgjalda. Hinsvegar vil jeg ekki fara út í það að ræða hverja einstaka till. út af fyrir sig. Jeg býst við, að það yrði einungis til þess að lengja umr. til verulegra muna, enda má búast við því, að hv. frsm. nefndarinnar muni, ef honum þykir þess þörf, færa fram rök fyrir skoðun nefndarinnar, að því leyti sem hún eigi aðhyllist þessar till. Það er svo, að það getur ekki farið saman að heimta miklar framkvæmdir, en á hinn bóginn að standa á móti þeim tekjuhækkunum, sem nauðsynlegar væru til að bera þau útgjöld, og þess vegna get jeg ekki sjeð, að hjer sje annað ráð fyrir hendi en að þingið gangi frá frv. sem næst því eins og það nú liggur fyrir, enda er það svo, að ef miklar breytingar verða gerðar á frv. úr þessu, þá fara að verða minni líkur til þess, að hv. Nd. myndi sætta sig við að ganga að fjárlögunum eins og þau kæmu hjeðan. En af því mundi aftur leiða það, að slíkt lengdi þingtímann nokkuð, og auk þess mætti búast við, að það væri ekki ennþá fullkomlega loku skotið fyrir það, að einhverjir þingmenn teldu sig knúða til að koma enn fram með till. til útgjaldaauka.

Af þessum ástæðum verð jeg að lýsa yfir því, að hversu gjarnan sem jeg hefði viljað styðja till. hv. þm., sem hjer liggja fyrir, þá sje jeg mjer það ekki fært, vegna þess að mjer virðist, að nú sje þegar komið í nokkurt óefni um eðlileg hlutföll á milli tekna og gjalda, og það því fremur, sem búast má við því, að tekjuáætlunin reynist svo, að það sje mjög djarflega farið um áætlun teknanna, en á hinn bóginn alveg víst, að útgjöldin munu fara fram úr því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Og þegar nú hjer við bætist, að eftir útkomu síðasta árs hefði þurft að koma fram talsverður tekjuafgangur, annaðhvort á yfirstandandi ári eða þá á því næsta, til þess að hægt yrði að kippa því í lag, sem aflaga hefir farið hin síðustu tvö árin, sem verður að telja, að hafi verið fremur erfið afkomuár.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Jeg hefi áður tekið fram alt, sem mjer þykir máli skifta í þessu sambandi, og læt því þar við sitja að sinni, nema því aðeins, að eitthvert sjerstakt tilefni gefist til að taka aftur til máls.

Ingvar Pálmason: Jeg geri ráð fyrir, að jeg lengi ekki umr. mikið. Jeg er riðinn hjer við 2 brtt., sína á hvoru þingskjali, er meðflm. að annari með hv. þm. Ak. (EF), en fyrri flm. að hinni, ásamt hv. 5. landsk. (JBald). Sú brtt. er á þskj. 706, en mjer heyrðist nú vera það hljóð í bjöllunni, og kannske ekki að ástæðulausu, að nokkuð sje langt gengið með brtt. við þessa umr., og þó að jeg að öllu leyti telji þessa brtt., sem er hin fyrsta á þskj 706, rjettmæta, þá kæri jeg mig ekki um að halda því til streitu, og lýsi hjer með yfir því, að jeg tek brtt. aftur. (**BK:** Jeg tek brtt. upp).

Erlingur Friðjónsson:* Jeg vildi segja fáein orð út af brtt. minni um athugasemd við 15. gr. 46., „Af fje þessu" o. s. frv., sem hefir verið andmælt dálítið hjer í þessari hv. deild af hv. 6. landsk. (JKr). Jeg vil reyndar ganga inn á, að það hafi verið nokkur rök fyrir því, sem hv. þm. mælti. Af hinu gæti ef til vill stafað sú hætta, að Danir vildu ekki leggja á móti því fje, sem þegar er búið að samþykkja hjer í deildinni, að lagt verði fram til orðabókarsjóðsins, og vil jeg ógjarnan verða til þess að spilla fyrir því, ef tillagan yrði samþykt, að í þennan sjóð safnist eins og vonað er eftir af þeim, sem óska eftir fjárveitingunni, svo að jeg ætla að taka þessa tillögu aftur. Við nánari íhugun hefi jeg líka komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje loku fyrir það skotið, að einhver fjárupphæð verði veitt til að greiða Gutenberg af því fje, sem safnast í orðabókarsjóðinn, sem endurgreiðslu fyrir þann halla, sem hún hefir orðið fyrir við fyrri útgáfu bókarinnar.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta. Aftur á móti held jeg fast við tillögu mína um breytinguna við 15. gr. 50, þar sem farið er fram á, að orðin „fyrsta greiðsla af fjórum" falli niður, því að það tel jeg fyllilega eðlilegt, að ekki sje verið að binda hendur þingsins við greiðslur til þessa manns; ef næstu þingum þykir það viðeigandi, að meira verði greitt honum en þegar hefir verið samþykt hjer í þessari hv. deild, þá geta þau sjálfsagt gert það, þótt ekki sje þegar gerð samþykt þar um.

Jóhannes Jóhannesson: Það mun öllum hv. deildarmönnum í fersku minni, að við síðustu umr. þessa fjárlagafrv. voru feldar tvær brtt., sem fóru í þá átt að leggja fje úr ríkissjóði til akvegar yfir Fjarðarheiði. Sú seinni, sem fór fram á lægri upphæð,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

var feld með jöfnum atkvæðum. Jeg hefi nú leyft mjer, og talið skyldu mína, að koma fram með brtt. um fjárframlag úr ríkissjóði til þessa vegar, en hefi nú haft upphæðina helmingi lægri en sú upphæð var, sem fjell með jöfnum atkvæðum við 2. umr., og vona, að enginn geti nú sett fyrir sig fjárhæðina. Jeg ætla ekki að eyða mörgum orðum til að færa sönnur á rjettmæti og þörfina á þessum vegi. Hv. 5. landsk. (JBald) hefir gert það svo greinilega við 2. umr., og það hefir alls ekki verið hrakið, og heldur ekki hitt, að ríkissjóði beri skylda til að gera þennan veg.

Jeg á, satt að segja, bágt með að trúa því, að þing, sem leggur miljón kr. nýja skatta á þjóðina og veitir 100 þús. kr. styrk til sundhallar í Reykjavík, sjái sjer ekki fært að leggja 25 þús. kr. til þessa bráðnauðsynlega og sárþráða vegar. Jeg á mjög bágt með að trúa því, segi jeg, og skal svo ekki fara fleiri orðum um þennan lið.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram aðra brtt., á þskj. 695,XI, um styrk til Kristjáns Kristjánssonar, til ársdvalar á Ítalíu til að ljúka söngnámi, 3000 kr. Þessi ungi listamaður, sem hjer á hlut að máli, er nú 23 ára að aldri og sonur Kristjáns Kristjánssonar, hjeraðslæknis á Seyðisfirði. Hann sigldi til Kaupmannahafnar vorið 1924, til söngnáms, því að hann þótti afskaplega söngvinn, og hann var svo heppinn að komast þegar til ágæts söngkennara, sem heitir Hans E. Hey. Kristján hefir nú stundað nám hjá honum, tvö ár í Kaupmannahöfn og þriðja árið í Vínarborg. Sumarið 1927 kom hann til Íslands og söng opinberlega á Austfjörðum, Norðurlandi og Suðurlandi. Hygg jeg, að enginn ungur söngvari hafi fengið aðrar eins viðtökur, þar sem hann hefir látið til sín heyra, eins og þessi ungi maður. Þótt hann hafi stundað nám í þrjú ár, er hann þó ekki búinn að ljúka námi, og hefir hann talið sjer nauðsynlegt að dvelja að minsta kosti árlangt suður á Ítalíu, til að ljúka þar námi. Bæði hann og kennari hans og aðrir, sem vit hafa á, gera sjer bestu vonir um góðan árangur af þeirri ferð.

Faðir þessa unga manns var fátækur og ljet ekkert eftir sig, svo að hann hefir ekki getað kostað hann til náms. En tveir vinir föður hans styrktu hann til náms, en nú er svo komið, að minsta kosti fyrir öðrum þeirra, að hann mun eiga mjög erfitt með að halda því áfram, og listamaðurinn segir, að þessir menn sjeu búnir að gera svo mikið fyrir sig, að hann geti ekki vænst meira af þeim, en hann á engan ættingja, sem sje þess megnugur að kosta hann. Eftir þeim upplýsingum, sem hann hefir fengið ítarlegastar, telur hann, að ársdvöl á Ítalíu muni kosta um 8000 kr. í okkar peningum, og hefir hann sótt um, að Alþingi veiti honum helming af þeirri upphæð. Jeg hefi nú samt ekki sjeð mjer fært að fara svo hátt, og hefi leyft mjer að fara fram á 3000 kr. í þessu skyni. Hann hefir þá von um að geta fengið annarsstaðar það, sem á vantar, og að vera fullnuma, þegar hann hefir verið eitt ár á Ítalíu. Hann hefir látið fylgja umsókn sinni til þingsins meðmæli frá kennara sínum, þeim, sem jeg nefndi áðan, og skal

jeg, með leyfi hæstv. forseta lesa þau upp. Meðmælin eru á þessa leið:

„Herr Kristian Kristiansson, som har sunget hos mig i tre Aar, har i den korte Læretid gjort saa udmærkede Fremskridt, at jeg ikke tvivler paa hans sikre Fremtid som Sanger, hvis hans smukke Tenorstemme faar Lov til at udvikles videre i Italien, hvorhen jeg med mine bedste Önsker har anbefalet ham at rejse".

Árni Thorsteinsson tónskáld hjer í bænum hefir látið uppi álit sitt á hæfileikum þessa manns. Eru ummæli hans á þessa leið (með leyfi hæstv. forseta):

„Eftir að hafa átt kost á að heyra söng hr. Kristjáns Kristjánssonar frá Seyðisfirði á sönghljómleikum hans í Reykjavík á þessum vetri, dylst mjer ekki, að þessi ungi og efnilegi söngvari hefir flesta þá hæfileika til að bera, sem frekara nám og þroski í listinni kunna að gera að einum hinum besta söngvara vorum.

Söngvari þessi er nú þegar, eftir tiltölulega stutt nám, kominn það langt á leið í listfengum söng, að jeg tel hann nú vera fremri í þeirri grein en flestir hinna yngri söngmanna vorra. Á jeg þar við hvorttveggja, tamningu raddarinnar og meðferð hans alla á efni ljóða þeirra, sem hann fer með.

Jeg tel því víst, að frekara nám hans muni bera hinn besta árangur og verða landi voru og þjóð til hins mesta sóma".

Sigfúsi Einarssyni tónskáldi og organleikara farast svo orð um söng þessa unga manns (með leyfi hæstv. forseta):

„Samkvæmt tilmælum endurtek jeg nú það, sem jeg hefi áður sagt um hr. Kristján Kristjánsson frá Seyðisfirði, opinberlega: Hann hefir óvenjufagra rödd og er bæði söngvinn („musikalskur") og afar sönglaginn. Jeg hygg, að allir, sem til þekkja, óski þess, að honum gefist kostur á að bæta við kunnáttu sína því, sem á vantar til þess, að gáfur hans og söngmannshæfileikar njóti sín fullkomlega. Hann er, að mínu viti, efni í ágætan listamann og þegar vel á veg kominn".

Ummæli Emils Thoroddsens fara í sömu átt. Hann segist hafa betri skilyrði til að dæma í þessu máli heldur en flestir aðrir, vegna þess að hann hafi leikið undir, þegar listamaðurinn söng. Hann segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„... Röddin er mjög há og blæfögur tenorrödd og er bæði að hreim og meðferð lík bestu ítölskum háröddum. Jeg get óhikað sagt, að af ungum söngvurum hjerlendum, er jeg hefi heyrt, tel jeg Kr. Kr. langefnilegastan og líklegastan til frama, og þegar tekið er tillit til þess, að hann hefir aðeins tvo um tvítugt og hefir einungis stundað nám um stutt skeið, þá má búast við framúrskarandi árangri af frekara námi, og tel jeg þá víst, að framkoma hans hvar sem er muni verða landi voru til stórsóma".

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. deild fallist á að styrkja þennan unga og efnilega listamann í eitt skifti fyrir öll. Sumum kann nú ef til vill að þykja þessi upphæð of há, en þegar þess er gætt, að skilyrðið fyrir styrknum er það, að maðurinn dvelji á Ítalíu í eitt ár, er þetta ekki mjög hátt. Jeg vil benda á það, að þeir, sem fóru til Ítalíu fyrir stríð, fengu 2000 kr. í

styrk, og er þetta í samræmi við það. Jeg vil ekki þreyta hv. þdm. með því að fjölyrða frekar um þetta, en vona, að það verði samþykt.

Jeg vil leyfa mjer að drepa með nokkrum orðum á till. hv. 3. landsk. þm. á þskj. 700. Jeg er hræddur um, að ekki verði nægilega miklir flutningar milli Reykjavíkur og Þingvalla hátíðadaginn, þótt þessi till. verði samþ. og eystri leiðin gerð akfær. Jeg tel nauðsynlegt, að þessi leið, sem talað hefir verið um, verði gerð bílfær, af sömu ástæðum og háttv. 3. landsk. þm. tók fram, og líka með tilliti til hátíðahaldanna 1930, og jeg vildi, að hann breytti till. sinni í viðaukatill. við brtt. fjvn. Jeg býst við, að hæstv. forseti geti litið svo á, að það sje hægt. Það er rjett, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að jeg treysti mjer ekki til að hafa afskifti af hátíðahöldunum, ef ekki er nema einn vegur fram og aftur, af því að þá er mikil hætta á voveiflegum slysum, sem jeg vil ekki bera ábyrgð á.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg verð að segja nokkur orð út af gagnrýni, sem hv. 3. landsk. þm. (JÞ) kom með út af till., sem jeg flutti. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mintist á afstöðu Þingvallanefndarinnar til vegarins, svo að jeg þarf þar minna um að segja. Jeg játa, að jeg er samdóma háttv. 3. landsk. þm. um það, að laga þarf veginn frá Þingvöllum niður í Laugardal, svo að hann verði sumarakfær. Jeg býst við, að hv. 3. landsk. þm. sje það kunnugt, að búið er að ryðja veginn frá Gjábakka til Laugardals. Það tókst með litlum kostnaði, vegna þess að melur er undir. Aftur á móti er eftir mikill kafli til Gjábakka; sá kafli er slæmur og jeg býst við, að það kosti um 15000 kr. að gera þann veg góðan. Jeg hygg, að jeg megi segja, að vegamálastjóri og Þingvallanefndin ætli að láta vinna að þeim vegi, eftir því sem fjárhagur nefndarinnar leyfir. Hitt er ekki rjett hjá hv. 3. landsk. þm., þegar hann reiknar með því, að vegurinn verði ekki tvöfaldur til Þingvalla, því að hann virðist ganga út frá því, að vegaskiftingin sje hjá Geithálsi; en þegar framlenging Mosfellsvegarins er komin, verður skiftingin hjá Elliðaánum. Og að því er snertir troðningana 1930, er rjett að minna á það, að vegurinn að Elliðaánum er breiðasti vegur landsins. Aftur á móti viðurkenni jeg, að það er rjett hjá hv. 3. landsk. þm., að talsverður kafli — um 10 km. — verður samt óskiftur vegur að austan, þótt meira verði farið eftir tillögum Þingvallanefndarinnar en till. vegamálastjóra. Hann ætlast til, að vegurinn liggi hátt uppi og komi upp á heiðarveginn mjög ofarlega, en nefndin er á móti þessu og mundi vilja teygja veginn eftir Mosfellsdal, svo að hann lægi sem mest á láglendi og væri sem mest upp úr snjó á vetrum. Jeg játa það með hv. 3. landsk. þm., að það væri freistandi að flýta Holtavörðuveginum með þessum 150 þús. kr., en það er ekki tilætlunin, að þetta tefji fyrir vegunum úti um land. Hinsvegar álítur nefndin, að þessi vegur sje óhjákvæmilegur liður í hátíðahöldunum 1930 og verði því ekki fært að komast utan um þennan kostnað. Það er bót í máli, að þessi vegur er fjölfarinn á sumrin, svo að þörfin á honum er mikil nú, og verður ekki minni

í framtíðinni. Það eru allir ásáttir um það, að vegurinn verði að færast ofan í bygðina; skoðanamunurinn er aðeins um árabil, eða hvenær eigi að gera þennan veg til Þingvalla.

Hv. 3. landsk. þm. er ekki ánægður með formið á till. minni um það, að Geir T. Zoëga rektor fái full laun, ef hann lætur af embætti. Þessi till. er í heimildarformi, og hefi jeg áður skýrt frá því, hver útgjöld verða af þessu. En jeg vil benda á það, að í fjárl. 1926 er einn liður, sem er sambærilegur þessum lið og er um það að greiða Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra 2000 kr. með dýrtíðaruppbót, ef hann ljeti af skólastjórn. Það vildi nú svo til, að honum batnaði sú veiki, er að honum gekk, og ljet hann því ekki af embætti. Þótt rektor sje aldraður, er það ekki víst, að hann hætti, þó að þetta leyfi sje veitt. Og þess vegna kom jeg með brtt. við þennan lið, að ekki er víst, að hann verði notaður, en ef hann verður notaður. er það ætlunin að setja fjárhæðina síðar inn í 18. gr. Jeg held, að jeg hafi ekki meira að segja út af þessu, en sem sagt, það er fordæmi fyrir því að hafa svona útgjöld í heimildarformi.

Út af till. um girðingu við Listasafnshúsið vil jeg segja það, að jeg hefi venjulega greitt atkv. með öllu því, sem gengið hefir til þessa húss. En jeg held, að það sje ekki rjett að hraða þessu, þótt það auðvitað væri gaman að hafa þarna smekklega girðingu. Jeg vil segja það út af ræðu hv. 1. þm. G.-K. (BK), að ef þessi tillaga fellur, þá geri jeg ráð fyrir, að sett verði snotur og ódýr bráðabirgðagirðing til nokkurra ára utan um Listasafnið, en það fyrirbyggir ekki, að betri girðing komi síðar.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það hafa verið gerðar heldur fáar og vægar aths. við þær till., sem fjvn. hefir lagt fyrir deildina, svo að það er lítil ástæða fyrir mig að fara að minnast verulega á þær. Þó vil jeg fara nokkrum orðum um aths. 2—3 þm.

Í fyrsta lagi vil jeg víkja að því, sem hæstv. fjmrh. sagði um störf og till. fjvn. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að þær till., sem nefndin hefði borið fram og miðuðu til hækkunar á tekjuliðnum, væru að mestu gerðar í samráði við hæstv. fjmrh. Jeg gat þess ennfremur, að yfirleitt liti nefndin svo á, að frv., eins og það nú liggur fyrir eftir till. nefndarinnar, mundi ekki þola viðbót við útgjaldaliðina frá því, sem orðið er. Jeg álít, að hæstv. fjmrh. sje þessu sammála. En hæstv. ráðherra gat þess, að till. nefndarinnar um að hækka tekjurnar af víneinkasölunni um 75 þús. kr. væri ekki gerð í samráði við sig. Þetta er rjett. Nefndin rjeðist sjálf í þetta, með hliðsjón af ástæðum, sem jeg gat um í dag, og nefndin hjelt, að þessi liður væri ekki óvarlegar áætlaður en margt annað. Hitt er rjett, að meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að tekjurnar eru áætlaðar svo hátt, sem frekast má telja varlegt.

Hv. 3. landsk. þm. mintist á tvær brtt. nefndarinnar, sem miða til hækkunar. Ummæli hans voru á þá leið, að jeg neyðist til að minnast nokkuð frekar á þetta atriði. Jeg vil geta þess í sambandi við það, sem hann sagði um risnufje ráðh., að í lögum er það

ákveðið 4000 kr., svo að þessu þarf að breyta með lögum. Nefndinni var þetta ljóst, en gerði þetta til bráðabirgða og ætlast til, að þessu verði breytt á næsta þingi, svo sem þarf, til þess að það verði löglegt. Hinsvegar er nú ekki tími til að koma þessari breytingu í kring.

Út af þeim ummælum, sem hv. 3. landsk. þm. hafði um hitun og lýsingu ráðherrabústaðarins, er rjett að geta þess, að nefndin fjekk vitneskju um, að svo hefir verið litið á af fyrv. ráðh., að þetta væri heimilt, þó að ekki stæði það í lögum. Þannig stóð á þessu, að fyrv. atvmrh. var beðinn að koma á fund nefndarinnar og gefa upplýsingar um þetta atriði, og hann sagði, að fyrv. ráðh. hefðu litið svo á, að þetta væri heimilt, og rökstuddi hann það með því, að þar sem forsrh. væri ætlað að búa í svona stóru húsi, væri alls ekki ætlast til, að hann hitaði húsið upp á eiginn kostnað, heldur kostnað ríkisins. Hann var svo viss í þessu, að hann vildi halda því fram, að fyrv. forsrh., núverandi háttv. 3. landsk. þm. (JÞ), mundi hafa látið ríkið borga þennan lið. (**IHB**: Hann sagði þetta ekki). Nefndinni þótti betra að vita þetta með vissu og bað því háttv. 1. þm. Skagf. að spyrja hv. 3. landsk. þm. sjálfan að þessu í síma, og þá kom í ljós, að hv. 3. landsk. hafði ekki notað þetta í sinni ráðherratíð og leit svo á, að það væri ekki heimilt. Þetta er rjett sögð sagan.

Hv. 3. landsk. þm. lagði á móti því, að samþ. yrði till. mín um það, sem hann kallaði „póstprest". Jeg hefi ekkert út á það að setja, þótt hann líti svo á, en jeg get ekki neitað því, að mjer þótti hálfkynlegt það, sem hann sagði um byrjun þessara tilrauna. Sú byrjun var fyrst gerð 1927, að því er jeg hygg, því að mjer er ekki kunnugt um, að fyrr hafi verið veitt fje í þessu skyni. Þá höfðu þetta starf með höndum ágætir menn, þeir Sigurður prófessor Sivertsen og Ásmundur Guðmundsson, og jeg hygg, að allir ljúki upp einum munni um það, að þeir hafi leyst það starf prýðilega af hendi. (**JÞ**: Það voru aðrir, sem áttu byrjunina). Það er þá eitthvað annað, sem hv. þm. á við, sem mjer er ekki kunnugt um. En hvað um það, jeg álít þetta í alla staði þarft og vona, að það verði samþ.

Það, sem sagt hefir verið út af Þingvallaveginum, læt jeg óátalið. Jeg er þessu ekki persónulega kunnugur, og læt það því nægja, sem hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Seyðf. hafa um þetta atriði sagt.

Fyrir hönd nefndarinnar hefi jeg ekkert að segja út af brtt. einstakra þm. Nefndin hefir ekki gert neinar ályktanir um þær, og hefir því hver nefndarmaður óbundnar hendur hvað þær snertir. En sem frsm. fjvn. og þdm. vil jeg segja það, að mjer þætti eðlilegt, að deildin legðist sem fastast á móti þessum till, því að þær eru til hækkunar á útgjaldahlið frv., sem þolir enga hækkun frá því, sem nefndin skildi við frv. Um till. um persónulega styrki býst jeg við að mega segja fyrir nefndarinnar hönd, að hún muni ganga á móti þeim flestum.

Það er ein brtt. frá hv. þm. Ak. (E-F), sem jeg vil sjerstaklega minnast á. Það er XXVI till. á þskj. 695, þess efnis, að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast alt að 100 þús. kr. lán til barnaskólabyggingar á Akureyri. Hv. flm.

mintist á, að þessi ábyrgð mætti teljast hliðstæð þeim ábyrgðum um togaraútgerð, er þingið hefði gefið heimild til nokkru áður. Jeg álít þetta ekki sambærilegt. Jeg býst við, að þær ábyrgðir sjeu gerðar vegna atvinnuvegarins og til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, svo að þessir tveir liðir eru í eðli sínu óskyldir og því ekki sambærilegir. Hinsvegar sagði þessi hv. þm., að við 2. umr. fjárl. hefðu þm. verið í þeim vígahug, að þeir hefðu drepið fleira en vera átti. (**EF**: Það var hans skoðun). Jeg er þessu ósammála. Jeg álít, að færra hafi verið drepið en drepa átti. Hinsvegar vil jeg lýsa yfir því, að ef um það væri að ræða, að Akureyrarkaupstaður fengi ekki hagkvæmt lán án ríkisábyrgðar, gæti það verið álitamál — eftir atvikum —, hvort ekki yrði að ganga að því að veita þessa heimild, þar sem Akureyri er eitthvert heilbrigðasta og best stæða bæjarfjelagið á landinu. Ábyrgð ríkissjóðs yrði varla til nokkurs kostnaðarauka í þessu tilfelli, þótt öðruvísi gæti farið á öðrum stöðum, ef gengið yrði langt inn á þá braut að láta ríkið ábyrgjast fje til byggingar barnaskóla í kauptúnum.

Að síðustu skal jeg geta þess, að að því er snertir þær brtt., sem hjer eru bornar fram í öðru formi en um sama efni og við 2. umr., að um þær hefi jeg ekkert að segja nú, en vísa til þess, sem jeg sagði, er þær voru til 2. umr. hjer í deildinni.

Jón Þorláksson: Jeg hefi nú ekki mikið að segja, en vil aðeins taka það fram viðvíkjandi till. um að veita Geir T. Zoëga rektor full laun, ef hann lætur af embætti, að hún er alls ekki sambærileg við það, sem hæstv. dómsmrh. tók til samanburðar. Jeg á þar við fjárveitinguna til Ögmundar Sigurðssonar skólastjóra í Flensborg. Þar var um venjuleg eftirlaun að ræða, sem sett voru í 18. gr. fjárl. Hitt er aftur á móti hættulegt fordæmi, ef á að innleiða það með atkvgr. við eina umr. í annari þingdeildinni, að það megi, ef svo vill verkast, kaupa embættismenn burt úr embættum sínum, með því að setja ákvæði um það, að þeir skuli halda óskertum launum sínum. Jeg vil nú ekki segja, að um slíkt sje að ræða í þessu tilfelli, því þessi maður er nú kominn á þann aldur, að ekki er nema eðlilegt, að hann fari að segja af sjer; en það eru líka ákaflega margir embættismenn úti um alt land, er, sem betur fer, hafa staðið svo vel í stöðu sinni, að þeir þola samanburð við hvern þann, er áður hefði fengið svo góða meðferð sem nú á að sýna þessum manni. Þetta er því mjög varhugavert fordæmi, þó það sje minna en margt annað, sem nú er uppi á Alþingi í lagaformi, þar sem farið er fram á, að starfsmönnum í fullu fjöri og með fullum starfskröftum sje kipt úr embætti og þeir settir á biðlaun í 5 ár.

Jeg skal svo ekki segja fleira nú, því það er ekki skylda mín sjerstaklega að benda á það, sem varhugavert kann að vera í því, sem núverandi stjórn fer fram á.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir tekið aftur 1. till. á þskj. 706, og skal jeg lýsa því yfir, að jeg er honum samþykkur í því. Jeg ætla því ekki að ræða hana, þó hún hafi verið tekin upp aftur, en víkja að síðustu

till. á þessu sama þskj. Hún er þess efnis, að stjórninni sje heimilt að ábyrgjast húsabyggingarlán handa byggingarfjelagi starfsmanna ríkisins í Reykjavík. Jeg skal játa það, að mörgum kann að þykja glannalegt að ábyrgjast 20 þús. kr. á hverja íbúð, því það þurfa að vera sæmilega góðar íbúðir til þess að þær kosti 20 þús. kr. En hinsvegar verður að gæta að því, að ríkissjóður á að hafa 1. veðrjett í húsunum, og auk þess hefir hann aðra tryggingu í launum embættismannanna. Á þinginu 1923 var samþ. í fjárl. till. um ábyrgð á 70 þús. kr. láni fyrir byggingarfjelag starfsmanna ríkisins, gegn 2. veðrjetti í húseignum þess fjelags, og auk þess var því veittur hár styrkur í fjárlögum. Hjer á það þó að vera 1. veðrjettur. Aðeins var það þá tekið fram, að upphæð þeirra lána, er hvíldu á húseignunum með 1. og 2. veðrjetti, mætti ekki fara fram úr því, er landsstjórnin teldi trygt. Slíkar ábyrgðir hafa því fordæmi, þó jeg játi hinsvegar, að það geti verið athugavert að koma með svona stórar brtt. á síðustu stundu. En það var aðeins af því að jeg studdi till. 1923, að jeg gerðist meðflm. þessarar till. Jeg hefi svo ekki fleira að segja um þær brtt., sem fyrir liggja. Hefi jeg þegar gert grein fyrir þeim öðrum, er jeg flyt, en þessi síðasta kom ekki fyr en í dag. Að öðru leyti verður náttúrlega atkvgr. að sýna, hvernig þeim reiðir af.

Erlingur Friðjónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. við brtt. XI. á þskj. 695, þess efnis, að styrkurinn til Kristjáns Kristjánssonar verði lækkaður úr 3000 kr. niður í 2000 kr. Hv. þm. Seyðf., sem borið hefir fram till. á þskj. 695, gat þess í framsögu, er hann mælti fyrir till., að verið gæti, að hún væri fullhá og nokkuð væri hún hærri en þessi hv. deild mundi ef til vill vilja fara í svona styrkveitingum. Af því að mjer fanst þessi upphæð óþarflega há, þá hefi jeg leyft mjer að bera þessa brtt. fram, og vonast jeg eftir því, að hún megi finna náð fyrir augum þessarar hv. deildar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vona, að þó hv. þm. Ak. hafi fundið ástæðu til þess að bera fram þessa lækkunartill. sína, þá fallist hv. deild ekki á hana. Menn verða að gæta að því, að þótt ekki væru veittar nema 2000 kr. áður í líku skyni og þessu, þá er alt öðru máli að gegna nú, eftir að krónan lækkaði. Ársdvöl á Ítalíu mun nú kosta ca. 8000 kr., svo það verður fullerfitt fyrir Kristján að útvega sjer þær 5000 kr., er á vantar, þó hann fái þessar 3000 kr. Og þar sem það er sett að skilyrði fyrir þessari upphæð, að maðurinn dvelji árlangt á Ítalíu, þá finst mjer það alls ekki mega vera minna en jeg hefi stungið upp á. Jeg vil því skjóta því til hv. þm., hvort hann vilji ekki taka aftur þessa till. sína, sem kemur svona á síðustu stundu og hefir ekki einu sinni verið prentuð.

Erlingur Friðjónsson: Viðvíkjandi áskorun hv. þm. Seyðf. um að taka brtt. mína aftur, skal jeg svara honum því, að það get jeg ekki. Jeg kom fram með þessa brtt. mína af því, að

mjer þótti upphæðin of há. Og vegna þess að gæta verður allrar sparsemi í fjárl., svo útgjöldin verði ekki of há, þá vildi jeg með þessu leggja minn litla skerf til þess, að útkoma þeirra gæti orðið sæmileg. Hv. þm. hlýtur líka að muna, að við 2. umr. fjárlagafrv. bar jeg fram till. þess efnis, að veittur væri styrkur til Akureyrarhafnar, en hún var feld með litlum atkvæðamun. Ástæðan fyrir því, að jeg bar hana svo ekki aftur fram við 3. umr., var sú, að jeg viðurkenni nauðsyn þess að bæta ekki fleiri fjárveitingum á fjárlögin en þegar eru komnar eins og þau nú liggja fyrir, þó jeg hinsvegar líti svo á, að ríkinu beri full skylda til þess að styrkja Akureyrarhöfn.

Forseti (GÓ): Það hafa ekki fleiri kvatt sjer hljóðs, og er þá umr. lokið.

Vegna þess, að of skamt er liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 706, verður að leita afbrigða, svo að þær geti komist að.

Frsm. (Páll Hermannsson): Á þskj. 706 eru 3 brtt., og ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þá III., sem er við 23. gr. VIII og hljóðar svo:

„Að ábyrgjast húsbyggingarlán, alt að 200 þús. kr., handa byggingarfjelagi starfsmanna ríkisins í Reykjavík, þó ekki yfir 20 þús. kr. fyrir hverja íbúð, enda hafi ríkissjóður 1. veðrjett í húseignunum, auk frekari trygginga, ef stjórnin telur nauðsynlegar.“

Jeg vil geta þess, að þessi umsókn lá fyrir fjvn. Ed., og tók nefndin hana til athugunar, en gat ekki tekið hana til greina. Jeg skal ekki fara út í það að lýsa rökum nefndarinnar fyrir því, að hún gat ekki sint þessari umsókn, en aðeins geta þess, að nefndin leit svo á, að það gæti verið vafasamt, hvort rjett væri að ganga langt inn á þessa braut, og vildi því ekki verða til þess að styðja það, að fordæmi væri gefið. Nefndin leit svo á, að ef 8—10 embættismönnum hjer í Reykjavík væri veitt ríkissjóðsábyrgð fyrir byggingaláni, þá gætu fjölda margir aðrir embættismenn komið og krafist ábyrgðar með sama rjetti. Þegar nú litið er á það, að unnið hefir verið að breytingum fjárl. með það fyrir augum, að hv. Nd. gæti fallist á þau eins og þau koma hjeðan úr deildinni, og þegar jafnframt er haft í huga, hvað þessi till. er — eða getur orðið — afleiðingarík, þá tel jeg það æðidjarft að koma með þessa brtt. einmitt nú, við þá umræðu, sem ætlast hefir verið til, að í rauninni legði síðustu hönd á fjárlagafrv., og það svo seint, að leita þurfi afbrigða. Jeg mun því greiða atkv. á móti því, að þessi afbrigði verði veitt, en þótti hinsvegar skemtilegra og myndarlegra að gera þessa grein fyrir atkv. mínu.

Forseti (GÓ): Jeg skal taka það fram, að mjer finst, að hv. frsm. hefði getað verið búinn að tala um þetta áður, og þykir mjer leitt, ef hv. þm. ætla nú að fara að tala langt mál, eftir að umr. er lokið. Er helst svo að sjá, sem þeir hafi lært þetta hjá hv. nágrannadeild í gærkvöldi.

Jónas Kristjánsson: Að þetta mál kom svona seint fram, stafar af því, að jeg hygg, að það hafi legið hjá hæstv. stjórn og að hún hafi gengið inn á að flytja þetta. (**Dómsmrh. JJ:**

Það hefir ekki sjest hjá stjórninni). Jæja, mjer hafði nú samt verið sagt það. Annars er sjerstök ástæða til þess að samþykkja þetta, því bæði er það hin mesta nauðsyn og svo hefir embættismönnum ríkisins verið svarað á þann hátt, er þeir fóru fram á launahækkun vegna þess, að þeir gætu ekki lifað sæmilegu lífi af þeim launum, er þeir hefðu nú, að skattar þeirra voru hækkaðir um ¼. Svo er þessi ábyrgð alveg hættulaus, því altaf er hægt fyrir ríkissjóð að halda eftir af mánaðarlaunum þeirra, ef hætta er á, að hann muni tapa. Skal svo ekki fjölyrt meira um þetta, en jeg tel illa farið að með slíkri aðferð og þessari.

Jón Baldvinsson: Ástæðan fyrir því, að jeg hefi flutt þessa till. svona seint, er sú, að þess var svo seint farið á leit við mig, að jeg gerðist meðflutningsmaður hennar. Hinsvegar hafði jeg ákveðna skoðun á þessu máli og gat því undir eins tekið afstöðu til þess. Hitt virði jeg mönnum til vorkunnar, þó þeim þyki jafnstórt mál koma nokkuð seint fram, en þó tel jeg sjálfsagt, að afbrigði verði leyfð.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 706 leyfð af stjórninni, en synjað af deildinni með 4:8 atkv.

Jón Þorláksson: Þetta er svo óvanaleg aðferð, sem hjer er nú viðhöfð, að neita um afbrigði, að jeg vil leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. til laugardags. Þarf þetta ekki að tefja þingstörfin, því að ekki mun ætlast til, að þá verði fundur í þessari deild að öðrum kosti.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg mótmæli eindregið, að nokkur töf verði á atkvgr. og get tekið undir það með hv. frsm. (PH), að það er með öllu óverjandi að koma með svona „princip"-mál á síðustu stundu og búast við því, að það verði afgr. athugunarlaust.

Forseti (GÓ): Jeg verð að hallast að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það er alveg ótækt að koma svona seint með slík mál og þetta. Það var líka búið að tilkynna hv. þdm., hvenær þeir mættu síðast koma með brtt., og hefði þeim átt að vera auðvelt að haga sjer eftir því. Enda eru sumir hv. þm. ekki svo óvanir að koma með brtt., að manni dettur í hug, að það hafi verið gert með ásettu ráði að láta þessa brtt. koma svona seint fram. Atkvgr. verður því ekki frestað.

Ingibjörg H. Bjarnason: Mjer finst skjóta nokkuð skökku við að neita um afbrigði nú, eftir að þau hafa verið daglegt brauð hjer í deildinni í allan vetur, því venjulega hefir verið leitað afbrigða um mörg mál á hverri dagskrá. **(Forseti:** Þetta var stutt og laggott.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 711) leyfð af stjórninni, en til þeirra fjekst ekki nægur atkvæðafjöldi í deildinni.

Brtt. 695,I.1 samþ. með 13:1 atkv.
— 695,I.2 samþ. í e. hlj.

Brtt. 695,I.3 samþ. í e. hlj.
— 695,I.4 samþ. í e. hlj.
— 695,I.5 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 695,I.6 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 695,I.7 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 697,I feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, PH, BK, HSteins.
nei: IP, JBald, JJ, MK, EÁ, EF, GÓ.
Brtt. 695,II feld með 7:7 atkv.
— 695,III tekin aftur.
— 695,IV feld með 7:7 atkv.
— 695,V samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JÞ, JKr, BK, EF, HSteins, IHB, JóhJóh.
nei: JJ, MK, PH, EÁ, IP, GÓ.
Brtt. 695,VI (aðaltill.) feld með 9:4 atkv.
— 695,VI (varatill.) samþ. með 9:4 atkv.
— 695,VII feld með 10:2 atkv.
— 697,II samþ. með 11 shlj. atkv.
— 695,VIII (aðaltill.) feld með 9:3 atkv.
— 695,VIII (varatill.) samþ. með 9:1 atkv.
— 695,IX.1 (aðaltill.) feld með 9:3 atkv.
— 695,IX.1 varatill.) feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, HSteins, IHB.
nei: JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, MK, PH, EÁ, EF, IP, GÓ.
Brtt. 695,IX.2 (aðaltill.) feld með 8:5 atkv.
— 695,IX.2 (varatill.) samþ. með 9:4 atkv.
— 700,I feld með 7:7 atkv.
— 695,X feld með 8:4 atkv.
— 695,XI samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 695,XII feld með 7:7 atkv.
— 695,XIII (aðaltill.) feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, PH, BK.
nei: EÁ, EF, HSteins, IP, JJ, MK, GÓ.
Brtt. 695,XIII (varatill.) samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, PH, BK, EÁ, HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ.
nei: JJ, MK, EF, IP, GÓ.
Brtt. 695,XIV samþ. með 8:6 atkv.
— 695,XV feld með 7:7 atkv.
— 695,XVI.1 tekin aftur.
— 695,XVI.2 samþ. með 8:4 atkv.
— 695,XVII feld með 7:7 atkv.
— 695,XVIII samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JÞ, JKr, GÓ.
nei: EÁ, EF, JBald, JJ, MK, PH.
Brtt. 695,XIX samþ. með 11 shlj. atkv.
— 695,XX samþ. með 8:6 atkv.
— 695,XXI samþ. með 10 shlj. atkv.
— 695,XXII (aðaltill.) feld með 7:5 atkv.
— 695,XXII (varatill.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 695,XXIII samþ. án atkvgr.
— 695,XXIV samþ. með 11 shlj. atkv.
— 695,XXV.1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 695,XXV.2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 695,XXVI samþ. með 8:6 atkv.
— 695,XXVII samþ. með 9:2 atkv.
— 700,II feld með 8:4 atkv.
— 695,XXVIII.a samþ. með 9:2 atkv.
— 695,XXVIII.b samþ. með 9:5 atkv.

Brtt. 700,II samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 712).

Á 70. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. fyrri kaflans (Ingólfur Bjarnarson): Fyrir hönd fjvn. flyt jeg þá till., að háttv. deild samþykki frv. eins og það kemur frá hv. Ed. Og þar sem engar brtt. liggja fyrir, þá þarf ekki að fara um þá till. mörgum orðum. Þó skal jeg geta þess, að till. nefndarinnar um að ganga að frv. óbreyttu er ekki af því sprottin, að nefndin sje ánægð með afgreiðslu hv. Ed., heldur af hinu, að hún óttast, ef farið verður að gera breytingar á því, að það leiði til þess, að útgjöldin aukist að mun frá því, sem orðið er, og byggir hún þá skoðun sína á afstöðu deildarinnar til ýmsra útgjaldatillagna frá fyrri umr. þessa máls. Því leggur nefndin til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Um meðferð hv. Ed. á frv. skal jeg taka það fram, að útgjaldahliðin hef ir aukist um 110 þús. kr., en tekjuhliðin um 775 þús. kr., svo að nú sýnir frv. 32600 kr. tekjuafgang. Hækkun teknanna byggist á tekjuaukafrv., sem samþ. hafa verið á þinginu, og má ætla, að sú hækkun, sem gert er ráð fyrir, sje nærri sanni. En hinsvegar má telja vafamál, hvort sú hækkun, sem hv. fjvn. Ed. hefir gert á tekjum af víneinkasölunni, er með öllu varleg. Jeg álít, eins og málið horfir nú við, þá sje ekki ástæða til að ræða einstakar breytingar, sem Ed. hefir gert á frv., úr því sú till. liggur fyrir að ganga að frv. óbreyttu. Þó vil jeg taka það fram fyrir hönd fjvn., að henni virðast keyra úr hófi styrkveitingar til einstakra manna, sem Ed. hefir sett inn í frv. Þótt segja megi, að heildarupphæðin sje svo mikil, að ekki skifti miklu fyrir fjárlögin, þá verð jeg að segja, að þessi langa bitlingaruna setur óviðfeldinn og óvanalegan blæ á fjárlögin. Jeg get reyndar látið þess getið, að þessi hv. deild á sinn þátt í þessu, þótt hv. Ed. skari langt fram úr að þessu leyti.

Styrki til háskólanáms stúdenta og utanfara skoðar nefndin sem fjárveiting í eitt skifti fyrir öll og lítur svo á, að með því sje ekkert fyrirheit gefið um framhaldandi styrk. Mjer þætti vænt um, að hæstv. stjórn vildi lýsa yfir skoðun sinni á þessu atriði. Það er nauðsynlegt hlutaðeigendum að vita, hvers þeir mega vænta í þessu efni í framtíðinni. Sjerstakir styrkir til utanfara eru um 15 að tölu, svo að mjer sýnist þetta í óefni komið, þar sem ákveðin upphæð er í fjárlögum til þessara hluta, sem veitt er eftir ákveðnum reglum.

Eins og málið horfir nú við, er ekki ástæða til þess að fara um það fleirum orðum, og get jeg því látið máli mínu lokið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get að öllu leyti tekið undir það, sem hv. frsm. fjvn. (IngB) hefir sagt, og jeg er sammála þeirri till., er hann bar fram af hálfu fjvn. um að samþykkja frv. óbreytt. Háttv. fram-

sögumaður beindi þeirri fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún fyrir sitt leyti væri ekki sammála þeirri skoðun fjvn., að námsstyrkina bæri að skoða sem veiting í eitt skifti fyrir öll, en ekki neitt loforð fyrir framtíðina fyrir þessa námsmenn. Stjórnin hefir ekki átt tal um þetta atriði sjerstaklega, en jeg þori að segja, að stjórnin lítur eins á það og hv. fjvn. Enda hefir verið litið svo á slíkt fyr, sem sjest á því, að á síðasta þingi voru samþyktir námsstyrkir, sem ekki voru teknir upp í fjárlagafrv. í ár.

Pjetur Ottesen: Það er nú nokkurnveginn sýnt, að afgreiðsla sú, sem fjárlagafrv. fjekk í Ed. á miðvikudaginn fyrir skírdag, verður sú endanlega afgreiðsla fjárlaganna frá þessu þingi. Það mun ákveðið af þingmeirihlutanum að ganga að fjárlagafrv. óbreyttu, og jeg býst við, að öðrum þyki ekki fýsilegt að stuðla að því að opna fjárlögin að nýju, ef hinu sama miðar fram um meðferð þeirra og varð í Ed., og það eru litlar líkur til, að breyting verði til batnaðar í því efni.

Mjer þykir rjett að taka nú til athugunar þær breytingar, sem hafa orðið í meðförum þingsins á tekju- og gjaldaliðum fjárlagafrv. og varpa ljósi yfir það, hver hin raunverulega niðurstaða af meðferð þingsins á fjárlagafrv. hefir orðið.

Í fjárlagafrv. eins og stjórnin lagði það fyrir þingið voru tekjurnar áætlaðar 9808600 kr. Í meðförum þingsins hefir tekjuáætlunin hækkað eins og hjer segir:

1. Hækkun á áætlunarliðum 375000 krónur.

2. Áætlaðar tekjur af nýjum skattaálögum, þegar frá er dregin niðurfelling gengisviðaukans af kaffi- og sykurtolli, 700000 kr. Samtals 1075000 kr. Tekjurnar eru því áætlaðar nú 10883600 kr.

Gjöldin voru aftur á móti áætluð í fjárlagafrv. stjórnarinnar 9779741 kr. Í meðförum þingsins hafa gjöldin hækkað um 1071216 kr. Gjöldin eru því áætluð nú 10850757 kr. Af þessari hækkun, 1071216 kr., fer ¼ úr milj. í ýmiskonar styrkveitingar og annað þess háttar. Í þessari upphæð er til dæmis að taka, fyrir utan aukningu þá, sem orðið hefir á styrkveitingum til einstakra manna í 18. gr., 35 persónustyrkir, námsstyrkir, ferðastyrkir og þess háttar, sem nema samtals nær 50000 kr. Eins og yfirlitið um tekjur og gjöld fjárlagafrv., eins og það nú er, ber með sjer, er áætlaður tekjuafgangur um 32000 kr. En þessi niðurstaða er í fylsta máta villandi, því í 22. og 23. gr. fjárlagafrv. eru stórar upphæðir, sem stjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði og sem telja má víst, að verði greiddar á því fjárhagstímabili, sem þetta fjárlagafrv., þegar það er orðið að lögum, gildir fyrir.

Má þar nefna:

1. Til Þingvallavegar alt að 200000 krónur.

2. Læknisbústaðar á Kleppi 30000 krónur.

3. Styrkur til smjör- og ostabúa 10000 krónur.

4. Eftirgjöf og endurgreiðsla til Árnes- og Rangárvallasýslna 86000 kr., og ýmislegt fleira, og sýnir þetta, þegar frá er dreginn hinn reikningslegi

tekjuafgangur, 32000 kr., að á fjárlagafrv. er raunverulega yfir *300 þús. kr. tekjuhalli.*

Þá má bæta því við, að í fjárlagafrv. er ekki áætlaðar nema 100 þús. kr. til landsspítalabyggingarinnar, en samkv. samningi á ríkissjóður að leggja fram til landsspítalabyggingarinnar 200 þús. kr. á árinu 1929, og má því telja, að tekjuhallinn á fjárlagafrv. sje í raun og veru 400 þús. kr.

Þá má geta þess, að í fjárlagafrv. er stjórninni heimilt að láta ríkissjóð ábyrgjast lán, sem einstakur maður, bæjar- og hreppsfjelög ætla að taka og eru að upphæð 1065000 kr.

Þannig lítur þá afgreiðsla fjárlaganna út í stórum dráttum.

Það, sem meðal annars má telja, að einkenni afgreiðslu fjárlaganna að þessu sinni, er:

1. Að stórvægilegar útgjaldaupphæðir, sem víst er um, að greiddar verði á því ári, sem þessi fjárlög gilda fyrir, eru veittar í 22. og 23. gr. og að þær koma þar af leiðandi ekki fram í hinni reikningslegu niðurstöðu fjárlaganna.

Með þessu er gengið í berhögg við það, sem allir viðurkenna og telja, að nauðsynlegt sje, að með fjárlögunum á hverjum tíma sje reynt að komast sem næst því að hægt er að sýna þá rjettu búskaparafkomu ríkissjóðs á því tímabili, sem fjárlög gilda fyrir.

2. Að stjórninni er veitt heimild til að láta ríkissjóð ganga í ábyrgð fyrir stærri fjárhæðum en venja er til, auk þess sem mjög orkar tvímælis um þessar ábyrgðir að öðru leyti.

3. Það þriðja, sem sjerstaklega einkennir afgreiðslu fjárlaganna að þessu sinni, er styrkja- og bitlingafarganið. Þess eru engin dæmi áður, að jafnmiklu fje hafi verið ausið úr ríkissjóði í persónustyrki og yfirleitt allskonar styrkveitingar.

Hvað veldur því, að afgreiðsla fjárlaganna er nú að ýmsu leyti á annan veg en verið hefir?

Hvað veldur því, að talinn er að vera á fjárlagafrv. 32 þús. kr. tekjuafgangur, þegar á því er raunverulega 400 þús. kr. tekjuhalli? Og hvað veldur því, að ríkissjóður er nú látinn taka á herðar sjer miklu stærri ábyrgðir en áður hefir verið, og hvað veldur þeim óskaplega ofvexti, sem hlaupið hefir í allskonar styrkveitingar á þessu þingi?

Svarið liggur opið fyrir. Núverandi stjórn og þingmeirihluti virðist ekki hafa gert sjer grein fyrir og ekki gætt þeirrar ábyrgðar, sem á hverjum tíma hvílir á stjórn og ráðandi þingmeirihluta um afgreiðslu fjárlaganna.

Á síðasta þingi lagði Ed. eins og nú síðustu hönd á afgreiðslu fjárlaganna, og þá eins og nú hafði stjórnin ákveðinn meiri hluta í þeirri deild. Það er þess vegna rjett að bera saman meðferð hv. Ed. á fjárlögunum í fyrra og nú.

Í fyrra var fjárlagafrv. afgreitt til Ed. með 327 þús. kr. tekjuhalla, en Ed. kom jöfnuði á tekjur og gjöld fjárlaganna, mestmegnis með því að færa niður útgjöldin. En hver hefir meðferð Ed. á fjárlögunum verið nú? Útgjöldin hafa verið stórum aukin, einkum þau, sem ekki koma fram í hinni reikningslegu niðurstöðu fjárlaganna. Nema þessar hækkanir Ed. samtals 315000 kr. Ábyrgðirnar hafa verið auknar og styrkja- og bitlingafarganið kemst þar fyrst í algleym-

ing, um ¾ af persónustyrkjunum eru settir þar inn.

Þó að þannig sje nú um afgreiðslu fjárlaganna að þessu sinni, sem hjer hefir verið lýst, þá verður líklegast að telja þann kostinn skástan, úr því sem um er að gera, að ganga að fjárlögunum eins og þau nú eru, því telja má vonlaust með öllu, að hægt verði að koma fram nokkrum breytingum til batnaðar.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki ætlað mjer að fara neitt alment inn á fjárlagafrv., er það liggur nú fyrir til endanlegrar afgreiðslu hjer í háttv. deild.

Það er aðeins örlítil fyrirspurn til hæstv. stjórnar, sem jeg vildi bera fram, og þar sem jeg sje, að hæstv. forsrh. er í sæti sínu, vona jeg, að hann svari henni. Hjer í þessari háttv. deild var samþ. till. um að verja 10 þús. kr. í veginn frá Dalsmynni að Fellsenda, og stóð þessi liður í frv., er það fór hjeðan til hv. Ed. Nú hefir Ed. felt í burtu orðin „frá Dalsmynni til Fellsenda", svo að í frv. stendur 10 þús. kr. til Vesturlandsvegar. Ef nú sú rannsókn, sem verið er að framkvæma, leiðir í ljós, að hægt sje að leggja veginn sunnanverðu frá, leyfi jeg mjer að spyrja, hvort hæstv. stj. muni þá ekki fara þá leið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil strax taka það fram út af fyrirspurn hv. þm. Dal., að enn er ekki lokið fullnaðarrannsókn á vegarstæðinu vestur þar, og á meðan er því ekki unt að segja, hvernig byggingu Vesturlandsvegarins verður háttað; en hitt er ekki nema sjálfsagt, að stj. taki fult tillit til bæði þess, sem sjerfræðingar hennar leggja til, svo og óska hjeraðsbúa, en að svo stöddu er ekki hægt að taka neina ákvörðun.

Þá var það ræða hv. þm. Borgf., sem jeg vildi víkja að nokkrum orðum. Jeg er honum algerlega sammála um margt, sem hann sagði, og get þar af leiðandi að miklu leyti fallist á „kritik" hans á hv. Ed. um afgreiðslu fjárlaganna. Jeg vil líka taka undir það, sem hann sagði, að þm., ekki aðeins stjórnarflokkurinn, heldur og allir aðrir, verða að gera sjer ljóst, að það er mikið ábyrgðarstarf, sem hvílir á þeim um afgreiðslu fjárlaganna.

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að þó að tekjuafgangur væri talinn nú í frv., væri þó um allverulegan tekjuhalla að ræða, sem stafaði af því, að sú nýlunda hefði verið tekin upp að þessu sinni að fela í síðari gr. frv. ýmsar upphæðir til útgjalda, sem ekki væru taldar með, þegar jöfnuður tekna og gjalda var gerður. En hjer er ekki um neina nýlundu að ræða. Þetta hefir átt sjer stað um öll fjárlög síðari ára.

Hitt mætti fremur segja, að það, sem einkennir þetta fjárlagafrv., er það, að upp í það eru nú þegar teknar allstórar útgjaldaupphæðir, sem þingið nú hefir stofnað til með sjerstökum lögum. T. d. hefi jeg borið fram þrjú frv., er útgjöld hafa í för með sjer og eru samþ. af þinginu, og eru þær upphæðir allar settar inn í 16. gr., en sú venja hefir ekki tíðkast áður, að láta fjárlögin þegar sýna svo rjetta mynd af væntanlegum útgjöldum ríkisins. Jeg er þess vegna alveg á sama máli og hv. þm. Borgf., að fjárlögin eiga að sýna sem rjettasta

mynd af fjárhagsafkomu ríkisins, þó að gera megi ráð fyrir, að einhverju geti skakkað á ýmsum áætlunarliðum, því vitanlega verður það landsreikningur hvers árs, sem rjettustu myndina sýnir. Og um síðasta landsreikning, sem hæstv. fyrv. stj. fór höndum um, er það að segja, að gjöldin fóru 1½ miljón króna fram úr áætlun, og stundum hefir það numið talsvert meiru. Það, sem hv. þm. Borgf. kallaði sjerkennilegt við þetta fjárlagafrv., er ekki annað en að upp í það eru teknir útgjaldaliðir, sem þingið hefir samþ. með sjerstökum lögum.

Um styrkveitingar til einstakra manna, eða bitlingafarganið yfir höfuð, er jeg alveg á sama máli og hv. þm. Borgf.; jeg tel eins og hann, að langt of mikið hafi verið sett af slíku inn í frv. í hv. Ed., og af þessari hv. deild líka. En hitt veit jeg, að hann og fleiri hafa tekið eftir, að hjer í deildinni kom ekki mín hönd upp til samþykkis þeim bitlingum, er komust inn í frv. Jeg var á móti þeim undantekningalítið, eins og jeg hefi altaf verið.

Hv. þm. Borgf. spurði: Hver veldur því, að þannig fór um afgreiðslu fjárlaganna að þessu sinni? Jeg álít ekki nema rjett, að slík spurning komi fram og að reynt sje að svara henni. Það hefir hv. þm. Borgf. reynt fyrir sitt leyti. Hann vill kenna stj. um, telur, að hún hafi ekki gætt sem skyldi þeirrar ábyrgðar, sem á henni hvílir í þessu efni.

Jeg ætla ekki að verja stj. um þetta, enda býst jeg við, að hún hafi ekki verið fullkomlega nóg á verði um afgreiðslu fjárlaganna, sem kannske má afsaka með því, að um þingtímann er stj. svo hlaðin störfum, að hún getur ekki haft augun alstaðar með því, sem er að gerast. En af afgreiðslu fjárlaganna að þessu sinni vona jeg, að stj. hafi numið þann lærdóm, að gæta sín enn betur á næsta þingi, svo að afgreiðslu málsins verði betur í hóf stilt, að svo miklu leyti, sem það getur verið á stjórnarinnar valdi. Jeg fyrir mitt leyti mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að bæta það upp, sem mjer hefir áfátt orðið að þessu sinni.

En eins og hv. þm. Borgf. ljet uppi sína skoðun á bitlingafarganinu, hverjir væru valdir að því, þá vil jeg einnig láta mína skoðun uppi.

Jeg álít, að í allri afgreiðslu fjárlaganna hafi andstöðuflokkur stjórnarinnar sýnt meira ábyrgðarleysi nú en andstöðuflokkur fyrv. stj. sýndi í fyrra. Jeg var skrifari áður hjer í hv. deild og hafði því góða aðstöðu til að athuga, hvernig þm. greiddu atkv., og jeg hefi veitt því eftirtekt nú, að hv. Íhaldsmenn hafa ekki sýnt svipað því eins mikla varfærni í atkvgr. um ýmsar bitlingatill. og þeir voru vanir, eða eins og við Framsóknarmenn sýndum í fyrra.

Jeg neita því alls ekki, að mjer þykir leitt að þurfa að samþ. frv. eins og það er nú, og jeg tel, að sú langa bitlingaruna, sem komist hefir inn í 14. og 15. gr., sje þinginu til vansæmdar. En þó að jeg játi, að stj. hafi ekki staðið á verði eins og skyldi um afgreiðslu fjárlaganna, þó að hún hafi gert það a. m. k. eins vel og fyrv. stjórnir, þá held jeg og hinu fram, að andstöðuflokkur hennar hafi sýnt

alt of mikið ábyrgðarleysi í allri sinni framkomu. Jafnhliða vil jeg minna hv. þm. Borgf., sem lengi hefir átt sæti í fjvn. þessarar deildar, á það, að hjá því verður ekki komist, að báðir aðalflokkar þingsins beri ábyrgð á afgreiðslu fjárlaganna.

Á fyrsta þinginu, sem jeg átti sæti, sem jafnframt var fyrsta þingið, er fyrv. hæstv. stj. sat að völdum, gaf form. Íhaldsflokksins okkur Framsóknarmönnum þann vitnisburð, að við hefðum verið mjög samhentir og sýnt jafnmikla umhyggju fyrir heppilegri afgreiðslu fjárlaganna eins og flokksmenn stj. Því miður get jeg ekki gefið andstæðingum mínum á þessu fyrsta þingi, sem jeg er í stjórn, sama vitnisburð.

Lárus Helgason:* Eins og þegar hefir verið tekið fram, mun það ráðið, að þessi hv. deild taki við fjárlagafrv. eins og hv. Ed. þóknaðist að ganga frá því. Þó býst jeg við, að fleirum fari sem mjer, að það verði ekki með óblandinni ánægju gert að gleypa frv. eins og það nú er. Enda finst mjer óviðeigandi sú venja, sem upp virðist hafa verið tekin nú síðustu árin, að forðast eins og eitthvert ódæði, að fjárlagafrv. fari í Sþ.

Með slíkri venju, sem þarna er upp tekin, sje jeg ekki betur en að þeirri deildinni, sem færri þm. hefir, sje gefið alt of mikið vald, en sem mætti að vísu afsaka, ef þar sætu vitrari menn og ráðsnjallari. En virðist hv. þdm. afgreiðsla frv. benda til þess, að svo sje? Jeg bara spyr!

Jeg tel óþarft að taka hjer upp aftur það, sem hv. þm. Borgf. sagði. Það var vel og skörulega mælt; aðeins læt jeg mjer nægja að lýsa yfir, að jeg er honum að öllu leyti sammála. Sjerstaklega vil jeg þó taka undir það, sem hann sagði um styrkinn til Sláturfjelags Suðurlands. Hv. Ed. sýndi mikla rangsleitni bændum, er hún ljet sjer sæma að fella niður þennan litla styrk til Sláturfjelagsins, en það fjelag hefir mest og best brotið ísinn og sigrað ótal örðugleika, sem það átti við að stríða á meðan það var að gera aðalframleiðsluvöru bænda markaðshæfa.

En jafnhliða því, að hv. Ed. sýnir þannig hug sinn til bænda, þyrlar hún upp moldviðri af allskonar bitlingatill. og samþ. þær í einni þvögu. Slíkt bitlingafargan finst mjer í litlu samræmi við það, sem hv. Ed. ljet sjer sæma að narta í eða skera niður af þeim fáu liðum, er hjer voru settir inn í frv. Því margt af því, sem hjer komst inn í frv., en felt var í Ed., var á sterkari stoðum reist en þær bitlingatill., sem hv. Ed. samþ. Jeg vil ekki tefja umr. með óþarfa mælgi, og vil því endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að jeg er mjög sáróánægður yfir því að þurfa að taka við frv. eins og það er. Jeg hefði miklu fremur kosið, að farið væri í stríð við hv. Ed. út af óbilgirni hennar um afgreiðslu þessa máls. Og jeg vil bæta því við að lokum, að jeg tel það ekki sæmandi Alþingi, að sú venja verði þegjandi í lög tekin, að hv. Ed. eigi að leggja síðustu hönd á afgreiðslu fjárlaganna.

Jörundur Brynjólfsson:* Þegar

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þetta mál var til 1. umr. í deildinni, kom fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um afstöðu hans til fossafjelagsins Titans og hverju hann mundi svara sjerleyfisbeiðni fjelagsins. Hæstv. forsrh. gaf þá þau svör, að sjerleyfisbeiðni fjelagsins lægi til athugunar hjá sjerfræðingum, sem stj. hefði kvatt sjer til aðstoðar, og fyr en þær athuganir lægju fyrir væri ekki unt að svara fyrirspurninni. Nú er alllöng stund liðin síðan, en svarið ókomið enn. Því vil jeg leyfa mjer að endurtaka þessa fyrirspurn til hæstv. forsrh., en hún er á þessa leið:

Hvað líður sjerleyfisumsókn fossafjelagsins Titans, hvert er álit sjerfræðinganna um hana og hvað býst hæstv. forsrh. við að gera?

Í öðru lagi, ef hann telur málið þannig vaxið, að ekki sje unt að nota sjerleyfið, hvort hann búist þá við, að hægt sje að bæta úr því.

Í þriðja lagi vil jeg leyfa mjer að beina til hæstv. forsrh., að ef hann gerir ráð fyrir algerðri synjun frá stjórnarinnar hendi um að veita fossafjelaginu Titan þau rjettindi, er það fer fram á í umsókn sinni, hvað hæstv. stj. hafi þá hugsað sjer að gera viðvíkjandi fyrirgreiðslu fullkominna samgöngubóta austur yfir Hellisheiði.

Þessum fyrirspurnum vænti jeg, að hæstv. forsrh. svari nú þegar, og skal jeg því ekki eyða fleiri orðum að þeim að sinni.

En jeg vil taka undir þau ummæli, sem fram hafa komið í ræðum tveggja hv. þdm., að mjer finst hv. Ed. hafa sýnt lítinn skilning á málum bænda, er hún feldi niður styrkinn til Sláturfjelags Suðurlands. Að vísu má segja, að þarna sje um svo traustan og stóran fjelagsskap að ræða, að þessi upphæð, 10 þús. kr., skifti ekki miklu máli. En þegar um þær umbætur er að ræða, sem margt gott getur hlotist af, þá þarf þingið að sýna fullan skilning á málinu og ýta undir, að þær umbætur verði gerðar. Með því að lofa þessum litla styrk að standa í fjárlögunum var það ekki aðeins hvatning til fjelagsins, heldur og yfirlýsing þingsins um, að það teldi rjett, að sú tilraun yrði gerð, sem styrkurinn var bundinn við. Og þó að hv. Ed. hafi tekið þann kostinn að fella þennan litla styrk, þá verður ekki sagt, að hennar vegur hafi orðið meiri fyrir það.

Einar Jónsson:* Eins og að líkindum lætur, er það ekki nema eðlilegt, þó að þm. geti ekki alveg þagað við fjárlagafrv. eins og það er nú. Þó skal jeg lýsa því yfir strax, að jeg tel samgöngubótum landsins betur fyrir komið en áhorfðist í fyrstu. Og þó að öllum óskum okkar austanmanna í vegaeða samgöngumálum hafi ekki verið sint, hefir þó talsvert áunnist, og þakka jeg fyrir það.

Sömuleiðis vil jeg þakka lausleg ummæli hæstv. stjórnar við mig, þar sem hún hefir gefið í skyn, að hún mundi láta sig skifta ýmsar aðrar samgöngubætur í Rangárvallasýslu en þær, sem tilnefndar eru í fjárlögum. T. d. hefi jeg von um, að Strandarsýki verði brúað á næsta sumri. (**Forsrh. TrÞ:** Á þessu sumri!) Jæja, því betra, enda er Strandarsýki sá farartálmi á

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

póstleiðinni austur um Rangárvallasýslu, að ekki er lengur hægt við að una.

Jafnframt þessu hefi jeg von um að fá styrk til þess vegarins, sem oft hefir verið minst á hjer og erfiðastur er talinn allra sýsluvega austur þar, en það er hinn svokallaði Fjallabaksvegur. Af einhverjum misgáningi, sem jeg hirði ekki um að nefna, hefir vegur þessi orðið útundan. En nú hefi jeg sterkt fyrirheit um það, bæði frá hæstv. stj. og vegamálastjóra, að þessi vegur verði bættur innan stundar, og enda er þess full þörf og sýslunni ofvaxið að gera það með öllum þeim kostnaði, er hún hefir af sínum mörgu og löngu sýsluvegum. Fyrir alt þetta vil jeg þakka.

En það þykir ef til vill dálítið snúið, að jafnhliða því og jeg þakka stjórninni undirtektir hennar um samgöngubætur í Rangárvallasýslu, þá skuli jeg þurfa að fara aðra leið og rengja ummæli, sem nýskeð komu fram í ræðu hjá hæstv. forsrh., þar sem hann fullyrti, að hjá Íhaldsmönnum hefði ríkt á þessu þingi mjög mikið ábyrgðarleysi um afgreiðslu fjárlaganna.

Þetta vil jeg á engan hátt viðurkenna, enda veit jeg, að hann meinar það ekki í fullri alvöru. En jeg vil í þessu sambandi minna hæstv. forsrh. á, að þegar fjárlögin fóru hjeðan í fyrra, voru þau með 320 þús. króna tekjuhalla, og eins og hann man, gat það ekki verið Íhaldsmönnum að kenna, því að hjer voru þeir í minni hl. En í hv. Ed., þar sem Íhaldsmenn voru í meiri hl., tókst að lagfæra þetta svo, að þaðan voru fjárlögin afgreidd með 22 þús. kr. tekjuafgangi.

Nú er það upplýst af hv. þm. Borgf., að þó að þetta frv. telji tekjuafganginn 32 þús. kr., þá sje það aðeins á pappírnum, og þegar alt er talið með og öll kurl koma til grafar, þá sje alls ekki um tekjuafgang að ræða, heldur tekjuhalla, sem nema muni nokkrum hundruðum þús. kr. En þá vil jeg spyrja: Hvaða ábyrgðarleysi lýsir sjer fremur nú hjá Íhaldsmönnum um afgreiðslu fjárlaganna en lýsti sjer hjá Framsóknarmönnum í fyrra? Annars ætla jeg ekki að fara að þræta um mismunandi ábyrgðarleysi flokkanna, enda hugsa jeg, að Íhaldsmenn neyðist til með atkv. sínum í dag að ganga inn á það, sem Framsókn eða meiri hl. þingsins telur best vera í þessu máli.

Eins og jeg hefi oft tekið fram, þá gef jeg mest fyrir samgöngubætur uppi í landi, svo og með ströndum fram, og vil þá í því sambandi minna á þetta margumtalaða strandferðaskip, sem sennilega hleypur bráðlega af stokkunum. Jeg heyrði hygginn mann og góðan tala um það nýlega, að samgöngur okkar væru betri á sjó en landi. En hann bætti því við: Ef Íslendingar hefðu tekið lán, t. d. 20 miljónir, til vegalagninga og brúagerða, þá hefði það margborgað sig.

Jeg er þessum manni alveg sammála og vildi því óska, að núv. hæstv. stj. legði margfalt meira kapp á að bæta samgöngur landsmanna en tíðkast hefir undanfarið. Því enn er það svo, að það er samgönguleysið, sem háir öllum þorra landsmanna mest. En háskinn ekki eins stór á sjó og uppi í sveit.

Þá vil jeg að síðustu taka undir fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. (JörB) og

vænti eftir greiðum svörum frá hæstv. forsrh. um, hvað járnbrautinni austur líði. Okkur austanmönnum er ant um, að járnbrautin komist austur, því að hún er eina fullnægjandi samgöngubótin austur yfir fjall, sem okkur hefir dreymt um. Við ljelega gerða vegi en dýra í viðhaldi getum við unað um stund, en ekki til frambúðar. Þess vegna er mjer ant um, hverju hæstv. forsrh. svarar til um þetta stærsta og mesta velferðarmál Suðurlandsundirlendisins.

Um styrkinn til Sláturfjelagsins er mjer sárt, að hann skyldi strikaður út, en verð þó að viðurkenna, að það hafi að ýmsu leyti verið sanngjarnt, því að slíkir beinir styrkir, sem veittir eru, geta ekki talist annað en gjöf, en liðleg og væg lánskjör eru oft besta hjálpin. Að hinu leytinu hefði jeg auðvitað verið þakklátur, ef styrkurinn hefði fengist, en úr því svo varð ekki, vænti jeg, að hæstv. stj. hjálpi fjelaginu til að ná í nauðsynlegt lánsfje til tilrauna þeirra, sem hjer er um að ræða.

Í þeirri von, að stj. landsins, og þá einkum Íhaldsmenn, stýri vegamálum landsins og samgöngubótum á þann hátt, að öllum komi að sem mestu liði; sjerstaklega hefi jeg þó í huga austursýslurnar þrjár: Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur. Og jeg ætla að enda ræðu mína með þeirri von, að það lifi aldrei í landinu sú stj., sem ekki styður þessar sýslur um auknar fullkomnar samgöngur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af fyrirspurn háttv. 1. þm. Árn. þykir mjer hlýða að taka þetta fram:

Snemma á þingi barst mjer fyrirspurn um það, hvort jeg mundi ætla að veita fossafjelaginu Titan, samkv. umsókn þess, sjerleyfi til járnbrautarlagningar frá Reykjavík til Þjórsár, samkvæmt heimild í lögum frá þingi í fyrra.

Voru þá ókomnar umsagnir um málið frá sjerfræðingum. En nú eru þær komnar, og geta hv. alþm. átt kost á að kynna sjer þær í atvinnumálaráðuneytinu.

Nú hefir mjer borist áskorun frá 5 alþm. frá þeim hjeruðum, sem mestra hagsmuna eiga að gæta um járnbrautarlagninguna, um „að veita fossafjelaginu Titan sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá, svo framarlega sem fjelagið færir sönnur á, að dómi landsstjórnarinnar, að það hafi nægilegt fjármagn að sínum hluta til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík að Þjórsá með þeim hraða, sem sjerleyfislög ákveða".

Síðan hefir mjer borist áskorun frá 15 alþingismönnum um að „veita ekki sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá, nema því aðeins, að full vissa sje fyrir því, að nægilegt fjármagn sje á reiðum höndum hjá sjerleyfisbeiðanda til járnbrautarlagningar frá Reykjavík austur að Þjórsá".

Loks hafa 11 alþingismenn sumpart æskt þess skriflega, að sjerleyfi verði ekki veitt, sumpart greitt atkv. gegn því.

Nú liggur það ljóst fyrir í beiðni þeirri um sjerleyfi, sem fossafjelagið Titan hefir sent stjórninni, að fje til framkvæmda er ekki á reiðum höndum, enda er það og jafnframt tekið fram í umsókninni, að þess sje yfirleitt ekki að vænta, að fje verði fyrir

hendi áður en sjerleyfið er veitt. Hitt er aftur á móti fullyrt af fjelagsins hálfu, að fje muni fást síðar, en fyrir því eru ekki færð fullnægjandi rök.

Það liggur því ekki fyrir, að fossafjelagið Titan hafi „fært sönnur á, að dómi landsstjórnarinnar, að það hafi nægilegt fjármagn að sínum hluta til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík að Þjórsá með þeim hraða, sem sjerleyfislögin ákveða“, nje heldur „að full vissa sje fyrir því, að nægilegt fjármagn sje á reiðum höndum hjá sjerleyfisbeiðanda til járnbrautarlagningarinnar“.

Í framhaldi af því, sem nú hefir verið sagt, skal því þá lýst yfir, að þegar af þeirri ástæðu, sem nú hefir verið nefnd, mun jeg ekki telja rjett, að svo vöxnu máli, að gjalda jákvæði við þeirri beiðni, sem fossafjelagið Titan hefir sent um að fá sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss og leggja járnbraut frá Reykjavík til Þjórsár.

En í þessu sambandi skal því lýst yfir, að landsstjórnin mun telja sjer skylt að taka til sjerstakrar athugunar, hversu bæta megi, svo fljótt sem frekast eru tök til, úr hinni mjög brýnu þörf fullkominna samgangna fyrir hjeruðin austan fjalls.

Haraldur Guðmundsson: Í fjárlagafrv. eins og það nú kemur frá hv. Ed. eru ýmsir liðir, bæði tekju- og gjaldamegin, sem jeg er ekki ánægður með. Út í það skal jeg ekki fara. Við fyrri umr. fjárlaganna og atkvgr. um einstaka liði hefir afstaða mín til þeirra komið í ljós. Aðeins vil jeg nú taka það fram, að jeg og flokksmenn mínir erum yfirleitt mótfallnir þeim aðferðum, sem aðallega eru hafðar til að afla ríkissjóði tekna, þ. e. tollum á þurftar- og neysluvörum almennings. Nú mun jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um fjárlögin alment.

Nú er gott árferði, og má gera ráð fyrir, að árið 1929 njóti góðs af því. Því hefði mátt ætla, að svo yrði nú gengið frá fjárlögum þess árs, að í þeim væri gert ráð fyrir allríflegum tekjuafgangi. Svo er ekki. Og þó að sumir tekjuliðirnir sjeu varlega áætlaðir, eru aðrir, sem ekki mega hærri vera. Sumir mjög verulegir lögboðnir gjaldaliðir hafa ekki verið teknir inn í fjárlögin; skal jeg þar til nefna aðeins 100 þús. kr. framlag til sundhallar í Reykjavík. Furðar mig á, að hv. Ed. skuli ekki hafa tekið upp þennan lið eins og hún tók upp framlagið til landnámssjóðs og búfjártryggingarsjóðs, sem hvorttveggja einnig er ákveðið með lögum, afgreiddum á þessu þingi.

Eins og frv. nú er úr garði gert, eru litlar eða engar líkur til þess, að nokkur tekjuafgangur geti orðið, nema óvænt höpp beri að höndum. Líklegra er, að halli verði á árinu, nema árferði verði því betra. Hjer í hv. deild hefir verið drepið á ýmsa hina smærri gjaldaliði, t. d. styrki til einstakra manna. Jeg skal ekki deila um nauðsyn þeirra. Slíkt orkar jafnan mjög tvímælis, einn telur þetta nauðsynlegt, annar hitt. Vil jeg snúa mjer að hinum stærri upphæðum. Og aðalútgjöldin eru þá til verklegra framkvæmda, að meðtöldu því fje, sem varið er til samgangna á sjó og landi. Skal jeg leyfa mjer að lesa hjer upp nokkrar upphæðir fjárlaganna, sem verja á í þessu skyni. Eru þær teknar úr lauslegu yfirliti, sem jeg hefi gert yfir

fjárlagafrumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

Útgjöld samkv. 13. gr. eru: Til vega og brúa 892 þús. kr. — auk fastra launa og styrkja. Til síma 500 þús. kr. — auk alls starfrækslukostnaðar. Til vita 105 þús. kr., sömuleiðis auk starfrækslukostnaðar. Þar við má bæta því, sem varið er til samgangna á sjó, en það eru 432 þús. kr., að meðtöldum þeim 85 þús. kr., sem heimilað er að greiða Eimskipafjelaginu, auk þess, sem kynni að verða lagt til bygginga og rekstrar nýs strandferðaskips. Nema þá framlög ríkisins til samgangnanna einna samtals nærri 2 milj. kr. Þar við bætast svo framlög sýslusjóðanna, minst 75 þús. kr. Þá koma verklegar framkvæmdir samkvæmt 12. og 14. gr., þ. e. til skóla- og sjúkrahúsbygginga, samtals 275 þús. kr. Loks má telja gjöld samkv. 16. gr., sem eru nærri eingöngu til verklegra framkvæmda. Í þeim felast ekki, að jeg hygg, önnur starfslaun, sem greidd eru beint úr ríkissjóði, en greiðslur til matsmanna og dýralækna, og nokkrar smærri upphæðir, svo sem til erindrekstrar. En útgjöldin samkv. þessari grein nema um 1300 þús. kr. Af þessu fara 895 þús. kr. til landbúnaðarins: 565 þús. kr. þar af er beinn styrkur til landbúnaðarframkvæmda, sumpart styrkir til fjelaga og sumpart til einstaklinga samkv. jarðræktarlögunum, og 330 þús. kr. til ýmsra landbúnaðarsjóða, svo sem byggingar- og landnámssjóðs, búfjártryggingasjóðs og ræktunarsjóðs. Til Fiskifjelagsins og fiskiveiðasjóðs fara samtals aðeins 76 þús. kr. Alls telst mjer til, að framlög til verklegra framkvæmda nemi um 3 milj. 500 þús. kr., eða hjer um bil þriðjungi allra gjaldanna samkv. fjárlagafrv. En þau eru áætluð 10 milj. 850 þús. kr.

Mjer dettur ekki í hug að neita nauðsyn þeirra framkvæmda, sem hjer er verið að veita fje til. En við afgreiðslu fjárlaganna ber að líta á tvent: nauðsyn og getu. Mæli jeg þetta einkum til þeirra manna, sem heimtuðu verklegar framkvæmdir, jafnvel þó að þær yrðu að kosta tekjuhalla á fjárlögunum. Annars held jeg, að ekki verði annað með rjettu sagt en að mjög ríflega sje nú til þeirra lagt, þegar þeim er ætlaður ⅓ allra tekna ríkissjóðs. Tel jeg, að Alþingi hafi teygt sig svo langt, sem frekast er unt, í þeim efnum. Menn mega ekki einblína á árin 1925 og 1926. Árið 1925 urðu tekjurnar yfir 16 milj. Nú er gert ráð fyrir tæpum 11 milj., og þó að þær kunni að fara eitthvað fram úr áætlun, er því varlega treystandi.

Í þessu sambandi vil jeg drepa á skoðun, sem nokkuð hefir bólað á hjer í hv. deild. Hún er sú, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda sjeu ekki bindandi fyrir stj. nema fje sje fyrir hendi, að ákvæði fjárlaganna beri aðeins að skoða sem heimild. Jeg tel þetta rangt með öllu. Jeg tel þær algerlega bindandi fyrir stjórnina. Með það fyrir augum er enn meiri ástæða til að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaust, þannig að víst sje, að tekjur hrökkvi jafnan fyrir lögmætum gjöldum, þótt erfiðlega ári, og afgangur verði, ef góðæri gefst.

Þegar þess nú er gætt, hve stórhuga þingið hefir verið og stórtækt í því að lögbjóða greiðslur úr ríkissjóði, er ákaflega undarlegt, að þessi hv. deild

skuli hafa hafnað allálitlegum tekjustofni, þar sem tóbakseinkasalan er. Af henni hefði áreiðanlega mátt fá drjúgar tekjur, og það algerlega án þess að íþyngja almenningi með sköttum meir en orðið er. Hefði frv. um tóbakseinkasöluna verið samþ., mundi afgreiðsla fjárlaganna hafa orðið sæmileg. Jeg kemst ekki hjá því að átelja þá menn, sem verið hafa svo örir á fje ríkissjóðs sem áður er sagt, fyrir að vilja ekki notfæra ríkinu þennan tekjustofn.

Jeg tel, að útlitið sje nú svo gott, að nokkurs tekjuafgangs hefði mátt vænta, ef þessum tekjulið hefði verið bætt við. Góðærin eiga yfirleitt að gefa tekjuafgang, sem síðar, þegar lakar árar, á að nota til verklegra framkvæmda. Þá er þeirra mest þörf vegna atvinnuleysis. Með slíku fyrirkomulagi getur ríkissjóður bætt nokkuð úr skipulagsleysi því og óstöðugri atvinnu, sem leiðir af því, að atvinnurekstur er allur í höndum einstakra manna, sem reka hana sjer til hagnaðar fyrst og fremst, en ekki með tilliti til almenningsheilla og velfarnaðar.

Magnús Guðmundsson: Í svari sínu til hv. þm. Borgf. gat hæstv. forsrh. þess, að gjöldin 1926 hefðu farið mikið fram úr áætlun, um 2½ milj. skildist mjer. Vildi hann ámæla fyrv. stj. fyrir það. En mikið af umframgreiðslum ársins 1926 liggur í því, að stj. notaði heimildir, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögunum. Af aukagreiðslum skal jeg t. d. nefna 260 þús. kr. til Flóaáveitunnar, 80 þús. kr. til hafnar í Vestmannaeyjum, framlagið til kæliskipsins, 350 þús. kr., o. s. frv. Sagan er því ekki nema hálfsögð, þegar þess eins er getið, að gjöldin hafi farið fram úr áætlun.

Viðvíkjandi þessu frv. vil jeg segja það, úr því að hæstv. forsrh. viðurkendi, að meðferð þessa þings á fjárlagafrv. hefði verið ljeleg, og lofaði hinsvegar að vera varkárari næst, að það er náttúrlega ágætt að lofa bót og betrun, en jeg held, að hæstv. ráðh. verði að búast við því að vinna með sömu mönnum á næsta þingi, og ef ekki hefir vel tekist nú, er engin ástæða til að halda, að betur takist síðar. Og ef hann hefir haldið, að hægt væri að koma breytingum fram, var hægurinn á fyrir hann að koma með brtt. af hálfu meiri hl. Mjer skildist, að hann vildi slengja ábyrgðinni á Íhaldsflokkinn fyrir það, hvernig fjárlögin líta nú út. Jeg býst við því, að hv. þm. Borgf. muni svara þessu, en þó vil jeg benda hæstv. ráðh. á það, að jeg sje ekki, að það hafi við nein rök að styðjast, og ef svo væri, til hvers er hann þá að lofa betri afgreiðslu fjárlaganna á næsta þingi? Jeg býst ekki við, að hann ráði neinu um afstöðu Íhaldsflokksins á næsta þingi, og því hlýtur loforð hans að byggjast á hans eigin mönnum. Á þessu þingi hefir hann ekkert ráðið við þá, og því sýnist mjer þetta loforð hæstv. forsrh. út í loftið, og jeg fyrir mitt leyti byggi ekki nokkurn skapaðan hlut á því. Það hefir vissulega ekki komið fram í öðrum málum á þinginu, að ekkert væri hægt að gera fyrir Íhaldsflokknum, — og hví skyldu þá ekki þeir flokkar, sem stj. styðja, fá sinn vilja fram í þessu máli sem öðrum, ef þeir halda saman? Það hlýtur að vera af því, að þeir halda

ekki saman. Það hefir komið greinilega fram, að flokkana hefir ekki skort samvinnu utan fjárlagafrv., og það virðist sem þeir hafi líka verið samhentir í afgreiðslu gjaldaliða fjárlagafrv. Annars væri hægt að gera „statistik" yfir þetta, en til þess vinst ekki tími nú, þó að það væri óneitanlega fróðlegt að fá þetta upplýst.

Hitt atriðið, sem jeg vildi víkja að, var þessi sjónleikur, sem var látinn fara hjer fram rjett áður en fundi var frestað. En hæstv. forsrh. tókst svo illa með sitt hlutverk, að það komst upp, að hjer var um aftalað spil að ræða. Hann tók skrifað svar upp úr vasa sínum við fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. (JörB) og las það upp. Og mjer skildist það af svarinu, þótt hart væri lesið, að hann ætlaði ekki að veita sjerleyfið til að virkja Urriðafoss. Af því að jeg er nokkuð riðinn við það mál, vil jeg fara um það nokkrum orðum. Þegar frv. var samþ. í fyrra með ⅔ þingsins, var það öllum vitanlegt, að peningarnir voru ekki til. En hinsvegar voru líkur fyrir því, að þeir mundu fást. Jeg veit ekki betur en að svo sje enn. Jeg hefi talað við Klemens Jónsson — jeg býst við, að hæstv. forsrh. trúi hans orðum —, og hann sagðist hafa sýnt hæstv. ráðh. brjef, þar sem þess er getið, að peningarnir verði til, ef sjerleyfið sje veitt. Og fyrir sitt leyti segist Klemens ekki vera í vafa um það, að peningarnir fáist. Jeg verð að benda á það, að á síðasta þingi var sú leið tekin að samþykkja þetta í þeirri von, að úr framkvæmdunum yrði, en áður en vitað er með vissu, hvort úr þeim getur orðið, á nú að fara að kippa að sjer hendinni og neita að stíga hitt skrefið, sem er nauðsynlegt að stíga til þess að úr þessu geti orðið. Ef það verður ekki stigið, var það hrein vitleysa, sem samþykt var í fyrra af ⅔ þings, auk þess sem það kostar okkur ekkert að veita sjerleyfið, og við á hinn bóginn getum, að mínu áliti, búist við miklum ágóða af því. Jeg viðurkenni, að sumir líta öðruvísi á þetta, en jeg geng út frá því, að þeir menn, sem í fyrra vildu stíga annað skrefið, muni nú einnig vilja stíga hitt skrefið, sem þarf til þess að ná þessu marki. Jeg veit, að það hafa orðið mannaskifti á þinginu frá því í fyrra, en þótt nýju þm. væru dregnir frá og settir allir á móti, og sömuleiðis þeir, sem voru á móti málinu í fyrra, verður samt meiri hluti með málinu, því að jeg get ekki trúað því, að þeir, sem voru með málinu í fyrra, hafi skift um skoðun; að minsta kosti trúi jeg því ekki fyr en jeg tek á því.

Hæstv. forsrh. gat um tölu þeirra þm., sem höfðu sent honum áskoranir út af málinu. Mig fyrir mitt leyti langar til að heyra, hvernig sú áskorun hljóðar; það er ekki óverulegt atriði til þess að skilja, hvað hlutaðeigendur meina. Jeg tók eftir því, að á meðal þeirra þm., sem skorað hafa á hæstv. ráðh., væru einmitt þm. þeirra kjördæma, sem hjer eiga hlut að máli. Jeg á erfitt með að trúa því, að þeir, sem fylgdu málinu á síðasta þingi, sjeu nú að senda áskoranir til stj. um, að ekkert verði úr öllu saman. Mjer er ekki vitanlegt, að nú sjeu minni líkur fyrir því að fjeð fáist en voru í fyrra. Jeg vil ekki að svo stöddu ganga út frá því, að annað liggi á

bak við hjá þessum hv. þm. en að herða á stj. með framkvæmdir í málinu. Það kostar okkur ekki neitt að veita sjerleyfið; ef það verður ekki notað, gerir það ekkert til; það er samt ekki ver farið en heima setið; og fresturinn er ekki nema til 1. maí 1929, eða eitt ár, og jeg hygg, að enginn haldi, að á því tímabili verði gert neitt í járnbrautarlagningunni austur hvort sem er. Hinsvegar er jeg sannfærður um það, að margir verða ragir við að veita fje til þess að gera járnbrautina á kostnað ríkisins, þótt það verði eftir 1—2 ár. En ef menn vilja það, má eins gera það, þó að leyfið sje gefið. Það, að leyfið er ekki gefið, álít jeg, að komi af því, að þeir, sem eru á móti málinu, eru glaðastir, ef þeir geta sagt sem svo: „Við gerðum alt, sem við gátum, en það gat ekki orðið úr þessu, af því að fjelagið gat ekkert gert". Þetta geta þeir ekki sagt, ef leyfið er veitt.

Jeg vil beina þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann sýni mjer skjölin, sem hann hefir fengið, og lofi mjer að líta yfir hina skrifuðu ræðu sína. Hann las hana svo hratt, að ekki er gott að muna nákvæmlega það, sem þar er tekið fram, og getur líka vel verið, að jeg þurfi að svara einhverju af því. (Forsrh. kemur til ræðumanns og fær honum ræðuna). Jeg þakka fyrir.

Jeg tók það fram í fyrra, að jeg hefði sjeð skilríki fyrir því, að Titan fengi fje frá fjesterkum fjelögum, ef sjerleyfið fengist með aðgengilegum kjörum. Það hefir ekkert komið fram, sem sýni, að breyting hafi orðið á þessu. Þvert á móti sjest það á umsókninni til stj., að það er talið víst, að fjelagið fái peningana, að minsta kosti til járnbrautarlagningarinnar, og það er mjer aðalatriðið. Jeg er sannfærður um það, að við komumst ekki að betri kjörum um járnbrautarlagninguna en á þennan hátt.

Jeg ætla ekki að ræða meira um þetta í bili. Það má vera, að mjer gefist tækifæri til að minnast á fleira síðar. En út af því, sem jeg var að biðja hæstv. forsrh. um áðan, vil jeg benda honum á, að hann hefir aðeins fengið mjer ræðu sína, en ekki skjölin. **(Forsrh. TrÞ:** Þau eru tekin orðrjett upp í ræðuna innan gæsalappa). Það er ágætt. En jeg vil ekki tefja tímann með því að lesa þetta mitt í ræðu minni, og leyfi mjer því að biðja hæstv. forseta um orðið síðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hv. þm. var allstúrinn og eins og honum væri þungt niðri fyrir í fyrri hluta ræðu sinnar, þar sem hann vjek að ummælum mínum út af ræðu hv. þm. Borgf. Hann sagði, að jeg hefði viljað slengja allri ábyrgðinni af afgreiðslu fjárlaganna á Íhaldsflokkinn. Þetta er alls ekki rjett. Jeg sagði ekkert í þessa átt, heldur hitt, að Íhaldsflokkurinn ætti nokkuð af ábyrgðinni. Og hv. þm. veit ósköp vel, að hún kemur niður á alla flokka. Á meðan við Framsóknarmenn vorum í minni hl., viðurkendum við þetta og bárum okkar hluta af ábyrgðinni. En ef hann heldur, að Íhaldsflokkurinn beri enga ábyrgð í þessu efni, þá fer jeg loksins að skilja í því, hvernig allir Íhaldsmenn hegða sjer á þessu þingi.

Jeg tek það ekki illa upp, þótt hv.

1. þm. Skagf. trúi ekki loforðum mínum. Jeg gaf honum það víst í skyn í gær, að jeg mundi ekki trúa honum, svo að þar etur hvor sitt.

Hv. 1. þm. Skagf. vjek í ræðu sinni að Titan. Í upphafi gat hann þess, að þetta með fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. (JörB) hefði ekki verið annað en „leikaraskapur“ og „aftalað spil“. Það hefði verið ákveðið fyrirfram, að hv. 1. þm. Árn. skyldi bera fram fyrirspurnina og sömuleiðis, hverju jeg skyldi svara. Þetta lítur nú í fljótu bragði nógu vel út, en þegar sagan er öll sögð, verður það dálítið einkennilegt, að hv. 1. þm. Skagf. skuli líta þessum augum á þetta. Við 1. umr. fjárlagafrv. beindi einmitt hann fyrirspurn til mín út af þessu, og gekk allnærri mjer, þegar jeg var ekki viðbúinn að svara. Jeg lýsti þá yfir því, að jeg mundi gefa upplýsingar um þetta, þegar jeg væri búinn að taka mína afstöðu, og bjóst satt að segja við því nú, að fram kæmi fyrirspurn um þetta frá hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Árn. Þess vegna bjó jeg mig líka undir að svara og hv. 1. þm. Skagf. nýtur góðs af því; jeg sje, að hann er að lesa ræðu mína með mestu athygli, sem jeg afhenti honum afrit af áðan. Þetta er bein afleiðing þeirrar fyrirspurnar, sem þessi hv. þm. bar fram við 1. umr. fjárlagafrv. og jeg lofaði að svara. Annars lítur út fyrir, að hv. 1. þm. Skagf. sje búinn að gleyma þessari fyrirspurn sinni. (**MG**: Ó-nei). Hvað meinar hv. þm. þá með því að kalla það leikaraskap, þegar jeg svara fyrirspurninni?

Jeg ætla ekki að ræða hjer um málið í heild sinni. Hv. 1. þm. Skagf. segir, að peningarnir sjeu til og að hann hafi sjálfur sjeð skilríki fyrir því. Það er nú svo. Jeg hefi sjeð þessi skilríki og legg fyrir mitt leyti þann dóm á, að þau sjeu ekki fullnægjandi um það, að fje sje fyrir hendi. Jeg veit það, að öðruvísi mundi á þetta litið, ef hv. 1. þm. Skagf. hefði setið í þessu sæti. Hann hefði komið með opinn faðminn á móti þessu útlenda fjelagi, þegar það bað um sjerleyfið.

Hv. þm. bað um að fá að sjá undirskriftaskjölin. „Originallinn“ er í stjórnarráðinu, en þau eru tekin orðrjett upp í ræðu mína. Hver, sem óskar, getur fengið að sjá frumritin.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. forsrh. Hann hreyfði engum mótmælum við þá raunverulegu niðurstöðu, sem jeg sagði, að væri á fjárlögunum, og viðurkendi þar með, að upphæðirnar í 22. og 23. gr. yrðu notaðar. (**Forsrh. TrÞ**: Misskilningur). Jú, enda vissi jeg það áður. Það er vitanlegt af eðli málsins, að það verður svo, og þar með er því slegið föstu, sem jeg sagði um hinn raunverulega tekjuhalla.

Viðvíkjandi því, að hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekkert sjerstætt við þessi fjárlög, hvað mikið fje væri veitt í 22. og 23. gr., get jeg sagt honum það, að þar fer hann algerlega villur vegar. Í fjárlögum undanfarinna ára hafa ekki verið settar í þessa liði aðrar upphæðir en fjárveitingarnar til Eimskipafjelagsins og styrkurinn til Sambands íslenskra Samvinnufjelaga, sem veita átti, ef halli yrði á

kjötsölunni. Til þess hefir ekki þurft að grípa nema í eitt skifti. Aftur á móti hefir styrkurinn til Eimskipafjelagsins altaf verið greiddur. Í yfirstandandi fjárlögum eru þrjár smærri upphæðir í þessum liðum, og er víst um þá stærstu, að hún verður ekki notuð, svo að það stendur óhrakið, sem jeg áður hefi sagt, að þessi afgreiðsla fjárlaganna er alveg sjerstök í sinni röð.

Hæstv. forsrh. sagði, að núverandi stjórn hefði tekið upp í fjárl. útgjaldaliði, sem samþ. hefðu verið á þessu þingi. Jeg hefi ekki tíma til að afla mjer upplýsinga um það, hvort þetta hefir ekki verið gert áður. En líklega á hæstv. ráðh. við 200 þús. kr. til byggingar- og landnámssjóðs og 25 þús. kr. í sambandi við önnur lög. Auk þess sem þetta er örlítið brot af öllum þeim heimildum, sem stjórnin má greiða samkvæmt sjerstökum lögum, vil jeg benda á það, að það er þó með öllu óvenjulegt að taka upp í fjárlagafrv. áætlaðar tekjur af skattafrv., sem samþykt hafa verið á sama þingi, en það hefir verið gert nú. Og þar sem þau útgjöld, sem leiða af samþ. á því sama þingi, eru ekki tekin nema að örlitlu leyti upp í fjárlagafrv., á ekki heldur að taka upp í það þá tekjuliði, sem samþ. eru á því sama þingi, því að það gefur ekki rjetta mynd af fjárhagsafkomunni. Jeg blandaði ekkert inn í þetta yfirlit mitt þeim stóru fjárhæðum, sem stj. er heimilað að greiða með sjerstökum lögum, en það var eðlilegt, að hv. þm. Ísaf. (HG) tæki eftir því, að upp í fjárlagafrv. eru ekki teknar þær 100 þús. kr., sem veittar eru til sundhallarinnar, og er þó vitanlegt, að þær verða að greiðast á árinu 1929, þar eð sundhöllin á að vera tilbúin 1930.

Það mætti benda á fleira, sem ákveðið er, að framkvæmt verði á næsta ári, t. d. á Þingvöllum. Það er ekki hægt að segja, hvað mikið fje fer í þær framkvæmdir, en ef lögin verða framkvæmd, þá verður það býsna mikil upphæð. Þá eru laun til bæjarfógetans í Nesi í Norðfirði. Það embætti hefir verið stofnað, en í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir þeim útgjöldum, sem af því leiða. Auk þess hefir stjórnin fengið heimild til stórfeldra fjárframlaga, eins og jeg hefi áður drepið á.

Þá fór hæstv. forsrh. út í það, hvað valda mundi bitlingafarganinu. Vildi hann gefa í skyn, að höfuðsökin á því væri hjá Íhaldsflokknum. Reyndar dró hann nokkuð úr þessu síðar, en þó taldi hann, að sökin væri mikil þeim megin. Hæstv. forsrh. var ennþá að halda því fram, að Íhaldsflokkurinn sýndi meiri ljettúð og kæruleysi í fjármálum en andstæðingar fyrverandi stjórnar hefðu gert þá. Vitnaði hann í ummæli fyrv. forsrh., Jóns Þorlákssonar, um að Framsókn hefði staðið vel með stjórninni í sparnaðarviðleitni. Þetta var rjettmæt viðurkenning á þeim tíma, sem hún kom fram, nefnilega á þinginu 1924, og það sýnir, að Jón Þorláksson veitir andstæðingum sínum fullkomna viðurkenningu, þegar þeir verðskulda það, en það er miklu meira en hæstv. núv. forsrh. mundi nokkurn tíma geta gert.

En því miður fór þetta góða samkomulag um að standa með sparnaðarviðleitni fyrv. stjórnar fljótt út um þúfur, því strax á næsta þingi voru þáverandi stjórnarandstæðingar bún-

ir að snúa við blaðinu, og það gerðu þeir æ því meir, sem á leið kjörtímabilið. Jeg hefi hjer við hendina tölur, sem sýna útgjaldatillögur stjórnarandstæðinga og stjórnarflokksins á þingunum 1926 og 1927. Þær varpa ljósi yfir þetta.

Af því að hæstv. forsrh. hjelt sig að aðstöðu flokka til bitlinganna, vil jeg benda á það, að við 2. og 3. umr. fjárlaganna í Nd. 1926 báru stjórnarandstæðingar fram tillögur um nafnbundna styrki, er námu 47 þús. kr. **(Forsrh. TrÞ:** Ekki Framsóknarmenn). Nei, núverandi stjórnarflokkar, nefnilega Framsóknarmenn og sósíalistar, — þeir voru þá sama spyrðubandið og þeir eru nú —, en stjórnarflokkurinn samskonar till., er námu 13 þús. kr. Við 3. umr. í Ed. námu slíkar till. frá stjórnarandstæðingum 13 þús. kr., en stjórnarflokknum 3700 krónum.

Á síðasta þingi báru stjórnarandstæðingar fram till. um persónustyrki, sem námu 88 þús. kr., en stjórnarflokkurinn 22 þús. kr. Þetta læt jeg nægja til að sýna, hvað þáverandi stjórnarandstæðingar sýndu mikla varfærni í fjármálum. En auk þess get jeg bætt því við, að Nd. — en þar voru stjórnarandstæðingar þá í meiri hluta — afgreiddi fjárlögin í fyrra með 327 þús. kr. tekjuhalla. En í ofanálag á þetta bera tveir aðalmenn Framsóknar og sósíalista fram í Ed. hækkunartill., sem námu 340 þús. kr. Auk þess greiddu þeir atkvæði með hækkunartill. annara þm., en móti nálega öllum lækkunartill., sem fram komu. Hefði því verið farið að till. þessara hv. þm., þá hefðu fjárlögin verið afgreidd með að minsta kosti 650 þús. kr. tekjuhalla. Jeg læt þetta nægja til þess að varpa ljósi yfir þá miklu varfærni, sem hæstv. forsrh. segir, að gætt hafi hjá andstöðuflokkum fyrv. stj. við afgreiðslu fjárlaga.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg skal ekki lengja til muna þennan eftirmála við fjárlagaumræðurnar, enda er jeg þar ekki vel settur, þar sem jeg hefi ekki verið viðstaddur. Jeg hefi verið bundinn við brýn störf í Ed. í dag og því ekki getað hlýtt hjer á umr.

Hjer hafa verið gerðar eindregnar tilraunir til þess að koma þeirri skoðun inn hjá mönnum, að fylgismenn stj. hafi á þingi sýnt gálauslega framkomu í fjármálum. Í raun og veru voru engin rök færð fram fyrir þessu. Þykir mjer leitt, að hv. þm. Borgf. (PO) skuli vera farinn af fundi, því jeg hefi ástæðu til að beina til hans orðum mínum. En úr því að hann er ekki viðstaddur, skal jeg víkja að öðru atriði.

Mjer virtist hv. 1. þm. Skagf. (MG) vilja taka í sama streng og hv. þm. Borgf. Jeg vil benda á, að það er í raun og veru nógur tími til að fella dóm um þetta. Það liggur miklu nær að leggja dóm á fjárhagsafkomu þá, sem leitt hefir af ráðsmensku hv. þm. (MG) sjálfs og stj. hans. Hann hefir enga ástæðu til að fara með hrakspár um fjárhag ríkisins, nema hann vilji álykta, að af því útkoman varð óhagstæð hjá honum, þá muni hún einnig verða það nú. Fjáraukalögin fyrir 1926 bera ekki vott um sjerlega varfærni hjá fyrv. stjórn. Jafnframt má athuga, að fjárhagsútkoman 1927 er á þann veg, að ríflega vantar 1

milj. kr. til að tekjur og gjöld standist á. Þetta er ekki svo glæsileg útkoma, að ekki sje hægt við að jafnast. — En lengra skal jeg ekki fara út í þetta að sinni.

Þá skal jeg minnast örlítið á yfirlýsingu hæstv. forsrh. viðvíkjandi sjerleyfi Titans. Jeg verð að segja það, að jeg get ekki verið allskostar ánægður með þá yfirlýsingu, að máli þessu verði ekki sint. Þeir hafa að vísu nokkuð til síns máls, sem telja ástæðulítið að veita sjerleyfið, ef víst þykir, að enginn árangur verði af því, en um það er ekkert hægt að segja enn sem komið er. Þess hefði raunar mátt vænta, að fjelagið, innan árs frá því að lögin voru samþykt, hefði getað lagt fram einhver skilríki fyrir því, að það fje, sem til þess þarf að leggja járnbrautina, væri fyrir hendi. En þó það hefði getað sýnt fram á, að það hefði nægilegt fje til járnbrautarlagningarinnar, þá er ekki víst, að það hefði sjeð sjer hag í því að hefjast handa um framkvæmdir. Frá þessu sjónarmiði geri jeg ráð fyrir, að sumum þyki ekki fýsilegt að veita leyfið. En jeg sje ekki, að nein hætta sje, þó leyfið sje veitt. — Jeg vil beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. Skagf., hvað því hafi valdið, að honum skyldi ekki auðnast að framkvæma að veita leyfið. Jeg hefði getað vænst þess af honum. Því hefir hann enga ástæðu til þess að átelja það, þó dráttur hafi orðið á málinu, og þó að dráttur verði enn. Það getur verið, að hv. þm. geti fært gild rök fyrir því, að það hafi ekki verið hægt, en það er lítt skiljanlegt.

Vegna þess, að jeg hefi lofað að fara fljótt yfir sögu, þá verð jeg að snúa mjer að hv. þm. Borgf., þó hann sje ekki viðstaddur, þótt jeg kynni betur við, að hann mætti heyra mál mitt.

Hv. þm. þóttist geta sýnt fram á það, að á fjárlögunum væri reikningslega 400 þús. kr. tekjuhalli. Þetta er sagt út í loftið, og veit jeg ekki til, að hægt sje að færa rök fyrir því. Þó hann vilji færa það fram sem ástæðu, að það sje víst, að vegur verði lagður til Þingvalla fyrir 1930, þá er ómögulegt að telja þá upphæð til útgjalda í fjárlögum 1929. Það er ráðgert að taka lán til þessa vegar, og upphæðinni verður jafnað niður á nokkur ár, en kemur ekki í fjárl. 1929. Þessi staðhæfing fellur því um sjálfa sig. Hv. þm. hefir hjer hlaupið gönuskeið. Getur það verið tvent, sem veldur, annaðhvort eitt geðvonskukastið, sem stundum hleypur í hv. þm., eða hrein og bein blekkingartilraun; hann hefir viljað koma þessum ummælum í Alþt. til að vekja tortrygni hjá hv. kjósendum. Þykir mjer síðari ástæðan sennilegri. Á þetta reyndar við fleiri hv. þm., því málþóf Íhaldsmanna bendir til, að þetta sje tilætlunin. Þeir ætla að láta hv. kjósendur hafa nóg að lesa, því þeir vita, að meiri hl. telur ekki skraf þeirra svaravert orði til orðs, enda væri það misbrúkun á tíma þingsins og fje.

Þá gerði bæði þessi hv. þm. (PO) og aðrir tilraun til að kasta skugga og rýrð á störf Ed. hvað afgreiðslu fjárlaga snertir. Því var haldið fram, að Ed. hefði valdið óeðlilegri hækkun á útgjöldunum. En þegar athuguð er meðferð deildanna á fjárlögunum, þá sjest, að í Nd. hafa útgjöldin hækkað um 900 þús. kr., en í Ed. um h. u. b. 100 þús. kr. Jeg get ekki sjeð annað

en sökin falli enn þyngra á Nd., ef ástæða er til að átelja meðferð deildanna á fjárlögunum. Mjer virðist bóla á óhæfilegum hroka hjá sumum hv. þm., þar sem þeir eru að rísa upp með ádeilur á gerðir Ed. En mjer finst slíkt ástæðulaust; jeg veit ekki til, að Nd. standi yfir Ed., svo það er ekki rjettmætt að átelja þá deild, þó hún leyfi sjer að hafa sínar skoðanir um málin. Vísa jeg á bug öllum hrokakendum ádeilum í garð Ed.

Hv. þm. Borgf. virtist vera gramur og jafnvel hneykslaður yfir styrkveitingum til einstakra manna, sem komist hafa inn í fjárlögin. Jeg geri ráð fyrir, að hann eigi þar við námsstyrki til nokkurra ungra mentamanna. Jeg verð að segja, að aldrei getur þetta orðið biturt vopn á núv. stjórn, því jeg veit ekki betur en að lítið sje um slíkar fjárveitingar í fjárlagafrv. stj. Mjer finst þetta óþarfa umvöndunarsemi hjá þessum hv. þm., því ef litið er á þetta hlutdrægnislaust, þá á þar hv. þm. sjálfur fyllilega sinn hlut, og segi jeg þetta ekki honum til ámælis. Styrkir þessir munu nema um 50 þús. kr., og á hv. þm. þar sinn bróðurpart, því jeg man ekki betur en hann berðist sjálfur fyrir 1200 kr. styrk til eins nemendanna og fengi hann samþyktan. 42 þm. eiga hjer sæti, og ef hver þeirra hefði komið inn slíkum styrk, þá mun láta nærri, að upphæðin sje komin. Því situr það illa á hv. þm. Borgf. að nota þetta sem ádeiluefni. — Það má vera, að of langt sje gengið í slíkum styrkveitingum, en varla verður stj. gefin sök á því. Slíkar till. eru eingöngu komnar frá einstökum hv. þm.

Í þessu sambandi er rjett að geta þess, að varla er að búast við, að hægt sje að halda áfram á þessari braut. Framleiðsla ungra námsmanna er mikil, útþrá æskunnar sterk, og getur það því orðið allhá upphæð, ef nálega hverjum ungum manni, sem þráir að komast út í heiminn til að menta sig og leita sjer frama, væri veittur styrkur í fjárlögunum.

Þau ummæli hafa komið fram, að ef á annað borð er veittur styrkur stúdentum, sem þurfa að minsta kosti 4—5 ár til náms, sje sjálfsagt, að þeir eigi rjett á að fá þann styrk áfram, þegar hann í eitt skifti hefir verið veittur þeim. Jeg vil taka það fram, ef það kynni að geta orðið einhverjum til viðvörunar í því að leggja út á þessa varasömu braut, að jeg legg alls ekki þann skilning í slíkar fjárveitingar, heldur skoða jeg þær einmitt svo, að þær sjeu veittar í eitt skifti fyrir öll. Ef fært þætti að neita þessum mönnum um styrk, væri sú leið sjálfsögð, að hækka þá upphæð, sem ætluð er til þess að styrkja stúdenta, en ekki að vera að eyða tíma þingsins til þess að vega og meta, hvort Pjetur eða Páll eigi að fá 1000 kr. til náms eða ekki.

Jeg þykist hafa sýnt fram á, að hv. þm. Borgf. virðist alveg samsekur öllum fjölda hv. þm. um að vilja veita styrki einstökum stúdentum. — Jeg vænti, að hann sje svo sanngjarn, að hann kannist við þetta.

Þessi hv. þm. lagði og mikla áherslu á það, bæði í fyrri ræðu sinni og hinni síðari, hversu athugaverð væri sú stefna ríkisstjórnarinnar hjer á Alþingi, að álíta æskilegt, ef fjárhagur ríkisins leyfði, að veita fje ýmist sem styrki, lán eða ábyrgð fyrir lánum til

þess að koma af stað nauðsynjafyrirtækjum, sem viðurkent er, að eru óhjákvæmilegur liður í framþróun atvinnuveganna. Jeg hefði kunnað betur við, að hv. þm. hefði gert nokkra grein fyrir, hverjar af þessum heimildum til fjárveitinga væru þess eðlis, að þær væru átöluverðar. Jeg býst við, að hv. þm. yrði erfitt um vik að sýna fram á það með rökum, að þingið hafi rasað um ráð fram með því að greiða fyrir fyrirtækjum í menningarátt og bæta afkomu landsmanna. Jeg get ekki fundið, að í 22. gr. nje heldur 23. gr. sjeu nein þau ákvæði þingsins, sem á nokkurn hátt eru ámælisverð. Jeg hugsa, að einhverjir kunni jafnvel að átelja, að ekki sjeu gefin fleiri og stærri vilyrði einmitt um slíka styrki en þingið hefir gert. Jeg fullyrði því, að þessi ásökun hv. þm. um gálauslegt framferði ríkisstjórnarinnar falli um koll af sjálfri sjer, og það því fremur, sem jeg veit ekki betur en að nokkur hluti fjárveitinganna, sem flestar eru skilyrðisbundnar, sje jöfnum höndum borinn fram af Íhaldsmönnum, og að þeir hafi einmitt veitt þeim, mörgum hverjum, sitt fylgi. Það kemur því úr hörðustu átt að vera að reyna að vekja tortryggni í garð stjórnarinnar, þó að þingið í heild sinni hafi sýnt einlægan vilja á því, að eðlileg framþróun atvinnuveganna geti átt sjer stað í ríkulegra mæli en undanfarin ár.

Það er margt fleira, sem mig hefði langað til að minnast á, en því er svo varið, að tíminn er mjög naumur, þar sem ætlast er til, að þingi verði slitið innan örfárra daga. Jeg verð því að neita mjer um að tína til ýmsar fleiri fjarstæður, sem komið hafa fram út af afgreiðslu fjárlaganna, og ádeilur í garð stjórnarinnar í því sambandi. Það er ekki ugglaust, að annaðhvort hv. þm. Borgf. eða einhverjir samherjar hans kunni að finna hvöt hjá sjer til þess að reyna að snúa í villu þeim fáu orðum, sem jeg hefi sagt, og gefst mjer þá væntanlega tækifæri til þess að víkja að því síðar.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild á frekari málalengingum, því að það er trú mín, að þar sem þessi háttv. deild hefir viðurkent ágæta afgreiðslu hv. Ed. á fjárlögunum, muni hún taka við þeim og samþ. þau eins og hv. Ed. hefir gengið frá þeim. Þótt hjer kunni að vera örfáir þm., sem hefðu kosið, að fjárl. færu til Sþ., verð jeg að telja mjög lofsverðan skilning hv. dm. á þessu máli, þegar jeg tek undan þau ósæmilegu ummæli, sem komið hafa fram í garð hv. Ed. og jeg er nýbúinn að víta.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg harma, að af sjerstökum atvikum var jeg ekki við, er rætt var um það mál, sem mjer er hjartfólgnast allra mála, járnbrautarmálið, eða Titansjerleyfið svokallaða, sem jeg hefi engan sjerstakan áhuga fyrir að öðru en því, að við það eru járnbrautarvonir margra tengdar.

Jeg ætla að halda þeirri venju, sem jeg viðhefi yfirleitt altaf, að tala hreinskilnislega og segja blátt áfram það, sem jeg veit sannast og rjettast.

Jeg hefi aldrei verið sannfærður um, að Titan mundi reynast fært að framkvæma virkjunina, svo sem gert var ráð fyrir. En hitt fæ jeg ekki sjeð,

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

að nein hætta stafi af því fyrir landið, síst frá sjónarmiði þeirra, sem halda, að fjelagið geti ekkert gert. Jeg álít, að hæstv. forsrh. hefði átt að veita einhvern frest, til 1. okt. t. d., og láta fjelagið leggja þá fram t. d. 100 þús. kr., og ef það gæti það ekki, þá fjelli sjerleyfið úr gildi. Jeg get sagt það, að mjer væri raunar kærara, að landið sjálft legði í virkjunina. En þetta er slíkt stórmál, að við verðum að hafa öll útispjót um að hrinda því í framkvæmd. Jeg hefi ekki eytt miklum tíma í umræður, en þó hefi jeg einhvern tíma getið þess áður, að undirstaðan undir landbúnaðinum í framtíðinni væri nýjar og bættar samgöngur. Jeg er ekki hreppapólitíkus að upplagi, en hvaðan sem jeg væri af landinu, mundi jeg álíta, að hjer ætti að byrja, milli Reykjavíkur og Suðurlands. Reykjavík hefir bestu höfn, sem hjer er völ á, en vantar uppland; Suðurland er besta undirlendið á landinu, en hafnlaust. Hreppapólitíkin hefir fyr og síðar orðið ásteytingarsteinn þessa máls; en einhversstaðar verður að byrja, — og hvar er sjálfsagðara að byrja en einmitt hjer?

Jeg fæ satt að segja ekki skilið, þegar jeg hugsa um það, hvernig það getur gengið að reka landbúnað í sama stíl og fyrir 1000 árum. En þótt ótrúlegt megi virðast, er þetta samt svo; búskaparlagið er 1000 ára gamalt. Ef maður kemur austur á Rangárvöllu, vantar ekki annað en að Njáll og Gunnar komi til dyra, er mann ber að garði; annars er þar alt með sama sniði og var í þeirra tíð. Slíkt fyrirkomulag þekkist hvergi í heimi annarsstaðar en hjer. Ef samgöngurnar og vjelarnar væru teknar af Dönum, veit jeg ekki, hvar þeir væru staddir með landbúnaðinn.

Jeg er ekki gamall maður, en þó hefi jeg lifað það að sjá leiðtoga af öllum flokkum koma á Suðurlandsundirlendið og lofa því hátíðlega að fylgja samgöngumáli hjeraðsins fram til sigurs. En það hefir minna orðið úr efndum.

Jeg hlustaði ekki á ræðu hæstv. atvmrh. (TrÞ), en jeg hefi þá hugmynd um inntak hennar, að hann hafi lofað bættum samgöngum óákveðið og án þess að nefna járnbraut. En það er mín persónulega skoðun, að annað komi ekki til mála en járnbraut austur yfir heiði. Og jeg skal því til stuðnings vitna í alla þá sjerfræðinga, sem um mál þetta hafa fjallað, og millþinganefnd í landbúnaðarmálum, þá Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, Thor Jensen og Halldór á Hvanneyri; þeir eru allir sammála um, að það ætti að leggja járnbraut austur.

Úr því að þetta mál komst til umræðu, er rjett að jeg segi eins og mjer býr í brjósti, að jeg vona, að það hendi aldrei Sunnlendinga að styðja þá stjórn, sem ekki reynist heil í þessu máli, því að það er þeirra höfuðvelferðarmál. Allar búnaðarframkvæmdir eru hreint og beint út í bláinn, ef ekki fylgja bættar samgöngur með. Jeg hefi sagt það áður og stend við það enn, að Flóaáveitan er bara til bölvunar og hreinasta víxlspor, ef ekki fylgir járnbraut samtímis eða rjett á eftir. Austursveitirnar eru einna verst staddar allra sveita á landinu með samgöngur. Það er t. d. dýrara að flytja hey til Reykjavíkur

úr Árnes- og Rangárvallasýslum heldur en úr Skagafirði sjóleiðis.

Jeg mintist á það í byrjun ræðu minnar, að jeg teldi varhugavert að neita um sjerleyfið, ef von fengist um framkvæmdir. Jeg er að vísu og hefi aldrei verið viss um, að Titan gerði nokkuð, en jeg sje heldur ekki áhættuna við að veita sjerleyfið og tel sjálfsagt að gera alt, sem hægt er, til þess að fá járnbraut. Biðin er ekki lengri en til 1929, og jeg hefi enga von um, að neitt verði gert í málinu fyrir þann tíma.

Jeg vil endurtaka og undirstrika og brýna hæstv. atvmrh. enn á ný á því, að jeg vona, að Sunnlendingar láti ekki blekkjast til að styðja nokkurntíma þá stjórn, sem ekki er eindregin í þessu máli, því að tvímælalaust veltur á því, hvort nokkuð þýðir að leggja í búnaðarframkvæmdir eða ekki.

Einar Jónsson:* Það var aðallega þetta atriði, er hv. samþm. minn (GunnS) talaði um, sem jeg tel ástæðu til að minnast á. Það er sjerstaklega þetta atriði, vegna þess, að það er mitt aðaláhugamál að fá bættar samgöngur milli landbúnaðarhjeraðanna austanfjalls og sjávar. Og þar er skemst af að segja, að jeg hefi ekki betri trú á öðru í því efni en járnbraut.

Um sjerleyfið vil jeg vitna í það, að jeg tel mjer ekki hafa verið skýrt allskostar rjett frá. Sjerleyfislögin voru í vetur send Titan til umsagnar. Og mjer var svo frá skýrt, að með umsögninni hefði fylgt yfirlýsing um það, að Titan hefði enga peninga fyrir hendi. Þetta hygg jeg ekki rjett, eftir því sem vegamálastjóri hefir sagt mjer. Og jeg hefi kynt mjer plögg þau, er vegamálastjóri hefir í höndum, og þar er ekkert um það sagt, heldur ekki að nóg fje sje fyrir hendi.

Jeg tel því sjálfsagt að fylgja þessu máli fram eins og búist var við í fyrra. Jeg tek undir með hv. 1. þm. Skagf. (MG), að það eru engar líkur til, að landsmenn sitji neitt af sjer, þótt við sjerleyfið standi þann tíma, sem ákveðið er. En út af yfirlýsingu landbúnaðarnefndar, sem hjer var dregin inn í umr. í kvöld, vil jeg taka það fram, að ef hún á að vera til þess að hindra málið, þá tel jeg mig blekktan af orðalaginu. Að vísu sá jeg fljótlega eftir á, að óþarfi var að taka þetta fram, svo framarlega sem fje væri fyrir hendi. En það er ekkert um það sagt frá fjelagsins hálfu. — Reynslan verður að sýna, hvað ofan á verður.

Jeg vil álíta, að ekkert sje af sjer setið og sjálfsagt að reyna þá leið, sem ákveðið var að fara í fyrra. Jeg þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þm., að þegar ákveðið var, að járnbraut skyldi fást lögð austur að Þjórsá fyrir 2 milj. kr. frá ríkissjóði, þá var það ekki nema lítill partur af þeirri upphæð, sem áður var áætlað, að járnbraut að Ölfusá kostaði. Mjer finst það hrein skylda að leita á þetta lagið og vita, hvort sú tilraun hepnast ekki. Jeg vona, þótt áliðið sje þings, að hver þm. sjái, að það er viturleg tilraun, þar sem nú er ekki nema um eins árs skeið að bíða eftir, hvort eitthvað verður gert.

Mjer var kært að hlusta á ræðu hæstv. fjmrh. í kvöld, þar sem hann

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

kvaðst ekki vera ánægður með yfirlýsing samverkamanns síns, hæstv. atvmrh., um að rjettast væri að hafna tilboðinu.

Hv. samþm. minn sagði, að sjer hefði verið kærast, að landið annaðist framkvæmdir á eigin spýtur. Það má vel vera, ef nokkur leið væri til þess, að hægt væri að hugsa sjer það. Sem stendur er engin von til þess. En æðimikil von finst mjer, ef við leitum á þessa leiðina.

Jeg er sammála hv. þm. (GunnS) og vil undirstrika það, sem hann sagði, að stjórnin ætti ekki skilið stuðning nokkurra þeirra manna, sem óánægðir eru sökum vanrækslu um samgöngubætur. En jeg vænti þess, að til þess komi ekki. Jeg vil leggja áherslu á, að samgöngurnar eru það, sem framleiðendur og búendur landsins eiga líf sitt undir, og ekkert horfir landbúnaðinum eins til hags og heilla sem umbætur á þeim.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að byrja á að svara hæstv. fjmrh. Jeg varð nokkuð hissa á því, að hann taldi sig hafa ástæðu til að viðhafa hvöss orð út af því, sem jeg sagði. Jeg var að svara hæstv. forsrh., en ekki honum. Hæstv. ráðh. (MK) fór að tala um fjáraukalögin frá 1926. En þau hafa alls ekki þótt neitt athugaverð fyr á þessu þingi, að minsta kosti hefir enginn látið það í ljós fyr, að þau væru það. Þótt þau næmu hátt á aðra miljón kr., þá fór sú upphæð að mestu til nauðsynlegra verklegra framkvæmda. Í 13. gr. einni, framkvæmdagreininni, eru um 837 þús. kr. af þessari upphæð. Er einnig um fleiri verklegar framkvæmdir að ræða í öðrum greinum, svo jeg álít þetta alls ekki aðfinsluvert, þar sem lítill tekjuhalli varð, þótt fjeð væri notað til þessa. Hæstv. ráðherra sagði, að jeg hefði verið með hrakspár. En jeg var ekki með neinar hrakspár, þótt jeg segði, að ekki væri hægt að segja um, hver útgjöldin verða 1929. Það getur enginn sagt, og því var jeg heldur ekki með neinar hrakspár.

Þá spurði hæstv. ráðh. mig að því, hvers vegna jeg hefði ekki verið búinn að veita Titan sjerleyfið, áður en jeg ljet af stjórn. Jeg verð að svara því fyrst og fremst, að þá var stutt liðið frá því lögin öðluðust gildi, og svo var heldur ekki þá búið að biðja um sjerleyfið, svo af þeirri ástæðu var ekki hægt að veita það. En ef beiðnin hefði verið komin, þá hefði jeg vafalaust gert það. Annars hefi jeg enga löngun til að deila við hæstv. fjmrh., sjerstaklega vegna þess, að hann lýsti yfir því, að hann væri hlyntur því, að sjerleyfið væri veitt. Tel jeg það vera honum til sóma. Og þar sem jeg ætlaði aðallega að beina máli mínu að sjerleyfinu, þá mun jeg ekki svara honum frekar en nú hefi jeg gert.

Jeg mun þá snúa máli mínu til hæstv. forsrh. Má vera, að hann heyri mál mitt, þótt ekki sjáist hann hjer í deild. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um það, að minni hlutinn teldi sig enga ábyrgð bera á fjárl., þá voru það alls ekki mín orð, en hitt sagði jeg, að meiri hl. bæri auðvitað aðalábyrgðina á þeim. — Þá fór sami hæstv. ráðherra að tala um það, að jeg hefði haldið því fram, að hjer væri

verið að leika sjónleik. En hann taldi, að þetta hefði alt verið náttúrlegt. Jú, vitanlega var það svo. Jeg hjelt því heldur ekki fram, að þetta hefði verið neitt yfirnáttúrlegt. En mjer kom þetta svona fyrir, þar sem hæstv. ráðh. kom með ræðu sína skrifaða á blaði. Hann þóttist hafa gert þetta vegna fyrirspurnar frá mjer fyr á þinginu, og taldi sig hafa búist við, að mín fyrirspurn yrði endurnýjuð nú. En jeg ætlaði nú samt ekki að gera það. Ekki af því, að jeg hefði gleymt þessu máli, heldur af því, að Klemens Jónsson hafði beðið mig að gera það ekki, þar sem hann bjóst við, að það mundi einungis spilla fyrir málinu. En jeg hafði áreiðanlega ekki gleymt því.

Hæstv. ráðh. sagði, að menn gætu fengið að sjá svör sjerfræðinganna, vegamálastjórans og Steingríms Jónssonar, í atvinnumálaráðuneytinu. Það er nú að vísu gott og blessað, en það er bara enginn tími til að athuga þau nú. En það vill svo vel til, að jeg hefi spurt þá báða um álit þeirra, og þeir hafa hvor um sig sagt mjer, að þeir hafi lagt til, að sjerleyfið verði veitt. Jeg vissi, að vansjeð var um álit Steingríms Jónssonar um þetta. Hann var á móti því í fyrra, að sjerleyfið væri veitt. En hann sagði mjer í gær, er jeg spurði hann að því, að hann hefði lagt til, að það væri veitt. — Hæstv. ráðh. sagði í vetur, að þegar álit hans væri komið, þá skyldi ekki standa á sjer með að gefa skýr svör í þessu máli. Jeg mun nú síðar í ræðu minni athuga, hversu skýr þau svör eru, sem hæstv. ráðh. hefir nú gefið. — Þá var hæstv. ráðh. að hæðast að mjer fyrir það, að jeg vildi veita sjerleyfið. Hann orðaði það svo, að jeg mundi hafa komið á móti fjelaginu með útbreiddan faðminn. Já, jeg hefði veitt leyfið. Jeg hefi engar dulur á það dregið og skal því endurtaka það. Jeg játa það fúslega, að eftir þeim gögnum, sem nú liggja fyrir, hefði jeg óhikað veitt sjerleyfið. Ekki til að opna faðminn fyrir þessu fjelagi, heldur í þeirri trú, að það gæti orðið til framfara fyrir landið, ef skynsamleg skilyrði eru sett fyrir starfrækslunni, eins og allir ætlast til, að verði gert. Annars fór hæstv. forsrh. ekkert út í málið sjálft. Hann gerði ekkert annað en lesa með hraða þessa skrifuðu ræðu sína, sem átti að vera svar við þeirri fyrirspurn, er jeg gerði fyr í vetur. Hann sagði ekkert um það, hvort fje væri fyrir höndum eða ekki, en að því atriði mun jeg koma síðar.

Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá lagði hæstv. ráðh. mikið upp úr áskorun þeirri, er hann hefir fengið frá þm. um að veita ekki sjerleyfið, nema fje sje fyrir höndum. Jeg veit ekki vel, hvað vakað hefir fyrir hv. þm. að koma fram með þessa áskorun. En ef nokkuð má af því marka, hverjir mennirnir eru, þar sem þessi ósk er m. a. borin fram af þeim þm., sem mestra hagsmuna eiga að gæta um þetta mál og hafa þess vegna stutt það mest hingað til, þá er erfitt að trúa því, að þessir menn hafi ætlað með þessu að leggja stein í götu þessa máls. Einn þessara hv. þm. hefir nú þegar tekið til máls og sagt, að ef undirskrift sín yrði skoðuð svo, sem hann hefði á nokkurn hátt viljað hefta framgang málsins, þá hefði hann verið blektur. Sú undirskriftin er þá að engu orðin. En eftir svari

hæstv. ráðh. er það bert, að hann ber ekki annað fyrir sig en brjefið frá þessum þm. Það hefir því farið svo, að gagnstætt tilætlun þessara manna, þá hafa þeir þó veitt hæstv. forsrh. vopn á móti þessu máli, þar sem ráðherrann skilur það svo, að honum beri ekki að veita sjerleyfið, nema sönnur sjeu færðar á, að fje sje fyrir hendi. Jeg hlýt að viðurkenna, að þeir hafa lagt málið á hans vald, því í brjefinu stendur: „Svo framarlega, sem fjelagið færir sönnur á, að dómi landsstjórnarinnar". Jeg get ekki neitað því, að hann hefir nokkuð fyrir sig að bera, ef sá skilningur er í þetta lagður, sem hann gerir sjálfur. Jeg verð að segja það, að mig undrar það, að þessir menn skuli telja rjett að gera svona harðar kröfur. Það væri þó áreiðanlega ávinningur, þótt ekki yrði meira af framkvæmdum en það, að byrjað yrði nokkuð á brautinni, t. d. að Geithálsi eða austur undir fjall, og það væri alveg hættulaust fyrir okkur, ef tryggilega er um það búið samkvæmt sjerleyfislögunum. Yfirlýsing 15 þm. + 5 þm., eða 20 þm. alls, um, að þeir heimti fulla vissu fyrir, að fje sje til áður en sjerleyfið verður veitt, sýnir það, að einhverjir hafa snúist í þessu máli frá því í fyrra. Auk þess skilst mjer, að 11 þm. aðrir hafi ýmist sent skrifleg mótmæli eða þá verið mótfallnir sjerleyfislögunum í fyrra. En ef þessir þm., sem skrifað hafa undir, hafa skift um skoðun síðan í fyrra, er þá ekki hugsanlegt líka, að einhverjir, sem móti voru í fyrra, hafi líka skift um skoðun, svo þeir sjeu nú með sjerleyfinu? Hefir hæstv. ráðh. fullvissað sig um það? **(Forsrh. TrÞ: Jeg segi aðeins, að þarna í eru menn,** sem greiddu atkv. móti lögunum í fyrra). Þetta er þá ekki ábyggilegt, því hinir hafa skift um skoðun, og þá geta þeir, sem atkv. greiddu móti í fyrra, líka hafa skift um skoðun. Þetta mál var þrautrætt í fyrra og þá gekk jeg altaf út frá því, að sjerleyfið væri veitt án þess að fje væri lagt fram áður. Get jeg þessu til sönnunar vitnað í B-deild Alþt. 1927; í ræðu minni þar stendur (með leyfi hæstv. forseta): „Þá mintist hann á, að hlutafje Titans mundi ekki nóg til þess, að hægt væri að byrja á því að virkja Urriðafoss, og virtist draga þetta út úr orðum hv. frsm. (KlJ). En um þetta hefir ekkert verið sagt, heldur hitt, **að fengist sjerleyfi** með þeim kjörum, sem forgöngumennirnir telja sig geta gengið að, þá mundi ganga betur að fá nægilegt fje til virkjunar. Hitt er vitanlegt, eins og þegar hefir verið tekið fram, að það er ekki meiningin að byggja út allan fossinn í einu, heldur smátt og smátt".

Og í öðrum stað stendur:

„Jeg skal játa, að í þessu máli er eitt atriði veikt. Það er sem sje ekki hægt eins og á stendur að sanna, að fje verði til til framkvæmda verksins. Í þeim efnum get jeg ekki sagt meira en það, að mjer hafa verið sýnd brjef til fjelagsins Titans frá fjársterkum fjelögum, um að þau væru reiðubúin til þess að leggja fram fje, svo framarlega sem sjerleyfi fáist, sem að áliti fagmanna sje þannig útbúið, að óhætt sje að leggja fje í fyrirtækið". — Á þessu sjest greinilega, að jeg hefi ávalt gert ráð fyrir því, að bæði skrefin væru stigin í þessu máli. Enda væri það vitleysa ein að stíga aðeins fyrra skrefið með samþykt sjer-

leyfislaganna, ef hið síðara, leyfisveitingin, væri ekki stigið líka, því við það eru allar þær vonir bundnar, sem menn hafa gert sjer um járnbrautina. Jeg vil þó ekki sýna hæstv. forsrh. svo mikla ósanngirni í þessu máli, að jeg ekki viðurkenni það, að hann á hjer erfiða aðstöðu, þar sem hann var á móti þessu máli í fyrra. En hann á þó sjálfur sök á því, hversu stór orð hann viðhafði þá. Hann kom þá með þá harðorðu samlíkingu, að þetta væri banabiti sjálfstæðis okkar, ef samþ. yrði. Það getur vitanlega enginn heimtað, að hæstv. ráðh. skifti um skoðun á þessu. En hitt ætti að mega heimta, að hann segði hreinskilnislega frá því, hvað hann ætlar sjer að gera. Ætlar hann algerlega að neita um sjerleyfið, eða ætlar hann að veita það, ef trygging er fyrir fjármagni? Það er þetta, sem jeg vil fá að vita. Jeg játa það, að fyrst í stað skildi jeg svar hans sem fullkomna neitun. En mjer skilst þó nú, við nánari athugun, að þetta álit mitt hafi verið vafasamt. Svar hæstv. ráðh. virðist vera nokkurskonar goðsvar, svo það sýnist ekki útilokað, að hann geti veitt leyfið. Það eru einkum orðin, sem hann hefir bætt inn í: „að svo vöxnu máli", sem gefa ástæðu til að ætla það. En svo kemur annað á móti, sem veikir þessa von. Synjun hæstv. ráðherra er þannig orðuð (með leyfi hæstv. forseta): „Í framhaldi af því, sem nú hefir verið sagt, skal því þá lýst yfir, að þegar af þeirri ástæðu, sem nú hefir verið nefnd, mun jeg ekki telja rjett, að svo vöxnu máli, að gjalda jákvæði við þeirri beiðni, sem fossafjelagið Titan hefir sent um að fá sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss og leggja járnbraut frá Reykjavík til Þjórsár". Það er því tvent í þessari setningu, sem sýnist ekki í samræmi hvað við annað. *„Að svo vöxnu máli"*, sem gefur nokkra von um, að sjerleyfið verði veitt, ef fjelagið leggur fram fje. En svo kemur hitt, *„þegar af þeirri ástæðu"*, sem aftur dregur úr þessari von. Eru þá fleiri ástæður fyrir synjuninni? En hvar eru þá hinar? Eða eru þær engar? Þetta þarf hæstv. ráðherra að skýra. Það er ekki nægilegt, þótt hann læsi upp þetta goðsvar sitt. Jeg óska þess, að hæstv. ráðherra gefi skýrt svar við því, hvað hann hugsar sjer að gera, ef fossafjelagið getur lagt fram peningana. Hann má engan bilbug láta á sjer finna um neitunina, nema hann ætli sjer að veita sjerleyfið, ef fjelagið leggur fram peningana. Annað er ekki sæmileg framkoma gagnvart því. En þessi orðaleikur hæstv. ráðh. bendir til annarar synjunarástæðu en hann nefnir í ræðunni. En aftur á móti orðin *„að svo vöxnu máli"* geta þýtt nokkurskonar áskorun til fjelagsins um að fara nú að safna fje, svo hægt væri að veita sjerleyfið. Það er því rjett á litið hjá mjer, að þetta sje nokkurskonar goðsvar, er geti gilt á tvo vegu. Þá segir hæstv. forsrh. ennfremur, að það liggi ljóst fyrir af sjerleyfisbeiðni fossafjelagsins Titans, að fje sje ekki á reiðum höndum. En þess er alls ekki að vænta, að það hafi handbært fje fyr en búið er að veita sjerleyfið. Það má vitanlega deila um það, hvað talist geti að hafa fje á reiðum höndum. Jeg hefi haldið því fram og held því fram enn, að ekki sje hægt að búast við því, að fjeð verði innborgað fyr en sjerleyfið er komið í hendur fjelags-

ins. Fyr en sjerleyfið er veitt, geta peningamenn ekki lagt fram fje, meðan þeir ekki vita, með hvaða kjörum sjerleyfið verður fyrir þá. Þess vegna er það undarlegt að vera að setja hömlur við því, að leyfið sje veitt, þar sem við höfum alt að vinna, en engu að tapa, það er að segja frá mínu sjónarmiði og þeirra, sem málinu eru fylgjandi. Jeg verð að viðurkenna, að frá sjónarmiði hæstv. atvmrh. og eftir því, sem hann talaði í málinu í fyrra, þá er eðlilegt, að hans svar sje nú neitun.

Þá skal jeg taka það fram, að nú í fundarhljeinu hefi jeg sjeð og lesið þetta brjef, sem Klemens Jónsson hefir með höndum og hefir sýnt hæstv. ráðh. (TrÞ), og mig undrar það, að hann skuli ekki hafa sjeð sjer fært að byggja á því.

Brjefið er bæði úr þeim stað og svo ákveðið orðað, að það er óhætt að byggja á því. Það er eins og jeg tók fram í dag, skýrt tekið fram, að það er hægt að fá fjeð, ef sjerleyfið fæst. Hæstv. ráðh. hefir sjeð þetta brjef.

Jeg get ekki neitað því, að mjer sárnar talsvert mikið, að hæstv. ráðherra skuli nú hafa fengið vopnin í hendurnar gegn þessu máli. Jeg álít þetta eitthvert hið mesta framfaramál, sem nú er á döfinni hjá okkur, og mjer sárnar sjerstaklega, að þeir, sem studdu mig í fyrra í þessu máli, skuli nú hafa lagt til vopnin gegn því. Annars væri gaman að heyra frá fleirum, sem undir þessa áskorun hafa ritað, um það, hvern skilning þeir leggja í þetta nú, til dæmis hv. þm. Árn. Jeg á ákaflega erfitt með að trúa því, eftir fyrri aðstöðu þeirra til málsins að dæma, að þeir hafi gert þetta til þess að sjerleyfið yrði ekki veitt. En eftir því, sem málið nú er túlkað, hefir þetta verið notað til þess að rjettlæta neitunina.

Jeg skal viðurkenna, að fyrir mjer hefir það altaf verið aðalatriðið að fá járnbrautina austur, en hins vegar hefi jeg aldrei getað sjeð neina hættu samfara því að virkja einn einasta foss. Með því væri útlent fje lagt í fyrirtæki, sem ekki væri hægt að flytja burtu úr landinu aftur, mikið fje greitt landsmönnum fyrir vinnu og lagt í byggingar, sem ekki er hægt að taka burtu. Sjerleyfislög okkar eru líka þannig úr garði gerð, að okkar rjettur er mjög vel trygður. Hitt skil jeg vel, og er þess fullviss, að rafstöðþarna, ásamt járnbraut, mundi verða Suðurlandsundirlendinu til ómetanlegra framfara.

Jeg minnist þess í sambandi við þetta, að jeg átti í fyrra tal við forsrh. Dana, Madsen-Mygdal, og var hann að útskýra fyrir mjer, hvenær Norður-Sjálandi hefði farið mest fram, að það var þegar þeir fengu rafmagn frá Svíþjóð. Þeim hefir reynst rafmagnið hin besta undirstaða undir allar nýtísku búnaðarframfarir. Jeg get ekki sjeð neitt hættulegt við þetta. Jeg held þvert á móti, að það yrði til hinnar mestu blessunar fyrir þetta stærsta og ef til vill frjósamasta undirlendi landsins.

Mjer heyrðist hv. 1. þm. Rang. (EJ) vera að tala um eitthvert skjal, sem landbn. hefði undirskrifað. Jeg veit ekki, hvort það er þetta sama skjal, sem fyr er nefnt, en jeg geri ráð fyrir því. En þá þykir mjer landbn. þessarar deildar vera nokkuð hörð í garð landbúnaðarins íslenska, ef

hægt er að nota yfirlýsingu frá henni gegn þessu máli. (**Forsrh. TrÞ:** Þetta er alger misskilningur. Jeg hefi ekkert skjal fengið frá landbn. út af þessu máli). Jeg hafði fyrir mjer orð hv. 1. þm. Rang., og vænti jeg, að hann leiðrjetti það, ef það er rangt skilið hjá mjer. (**EJ:** Þetta er rjett skilið hjá hv. þm. Jeg leit svo á, að þetta væri ritað af hálfu landbn.).

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta, en jeg get ekki neitað því, að mjer sárnar meðferð þessa máls. Að lokum vil jeg skora á hæstv. ráðh. (TrÞ) að gefa nú ákveðin svör í þessu máli. Á svar hans, sem hann nú hefir gefið, að skiljast á þá leið, að hann ætli alls ekki að veita sjerleyfið, eða ætlar hann ef til vill að veita það, ef svo færi, að hann teldi, að Titan hefði sett tryggingu fyrir nægu fjármagni til framkvæmda?

Þetta er í rauninni aðalatriðið, og jeg óska að fá nú það svar, sem hæstv. ráðh. lofaði við 1. umr. Þá lofaði hann að gefa skýr svör síðar, en taldist undan því þá, vegna þess að ekki væri komið álit Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál. Það er orðið langt síðan hv. þm. Borgf. talaði og hefir fyrnst yfir það síðan. Jeg held, að jeg verði að mestu leyti að leggja það til hliðar, enda hefir hann nú haldið þær tvær ræður, sem hann hefir rjett til. Jeg vil þó taka það fram, að með því vil jeg ekki viðurkenna, að jeg fallist á alt, sem hann sagði.

Út af orðum háttv. 2. þm. Rang. (GunnS) vil jeg minna á, að fjelagið (Titan) hefir enn meira en árs frest, svo að það er tími fyrir þá, sem hafa trú á því, að þetta mikla mál verði leyst á þennan hátt, til þess að reka eftir fjelaginu með að afla sjer fjár.

Það getur vel verið, að eitthvert skjal snertandi þetta mál liggi hjá landbn., en jeg hefi ekki sjeð það.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) talaði nú mjög ítarlega um þetta mál, en jeg mun þó geta verið stuttorður. Hann vjek að því, að hjer væri leikinn sjónleikur, sem hefði verið aftalaður fyrirfram. Jeg neita því algerlega, að nokkuð slíkt hafi átt sjer stað af minni hálfu eða minna samherja.

Hv. 1. þm. Skagf. beindi fyrirspurn til mín um þetta mál við 1. umr. fjárlagafrv. og heimtaði þá svar, en nú þykist hann ekki hafa ætlað að spyrja, af ótta við, að það mundi spilla fyrir málinu. En hvers vegna spurði hann þá? Í þessum orðum hv. þm. liggur eiginlega það, að hann hafi spurt til þess að spilla fyrir málinu.

Ef hann hefði ekki komið fram með sína fyrirspurn, hefði ekki verið um þetta rætt nú; en úr því að hún kom fram, áleit jeg mjer skylt að hafa svarið tilbúið.

Vitanlega hefir sennilega enginn, sem undir þetta umrædda skjal hefir ritað, gert það til þess að spilla fyrir þessu máli. Það, sem þeim hefir gengið til, er að fá bættar samgöngur um Suðurlandsundirlendið, og það er vel skiljanlegt, að þeir sjeu ekki ánægðir með, að fjelaginu sje veitt sjerleyfi til að leggja járnbraut þarna án þess að nokkrar líkur gætu talist til þess, að það hefði nægilegt fje til framkvæmda. Með því væri þessu sam-

göngumáli sama sem slegið á frest um óákveðinn tíma.

Væri jeg bóndi fyrir austan, mundi jeg ásaka þann ráðh. harðlega, sem veitti fjelagi slíkan einkarjett um mörg ár án þess að nokkur trygging kæmi á móti.

Hv. þm. (MG) sagði, að jeg hefði skift um skoðun. Jeg hefi aðeins lagt fram gögnin í málinu. Það er ekki það heldur, sem menn sækjast eftir, að fá útlent fje inn í landið, heldur hitt, að fá samgöngubætur. Jeg hefi lýst yfir því, að stjórnin mun taka það mál alveg sjerstaklega til athugunar, hvernig það verði leyst á sem heppilegastan hátt.

Háttv. 1. þm. Skagf. sagði, að það hefði verið hugsun þingsins í fyrra að taka bæði skrefin, að samþykkja sjerleyfislögin og veita sjerleyfið. En hvers vegna gerði hann það ekki? Hann hafði aðstöðu til þess, meðan hann átti sæti í stj. — Þá var hv. þm. (MG) ekki ánægður með mitt svar og nefndi það goðsvar. Þetta minnir mig á það, þegar sami hv. þm. líkti mjer við Janus, hinn vitra guð, sem horfði bæði fram og aftur. Samlíkingin á vel við nú, því að mín aðstaða í þessu máli ber vott um það, að jeg líti bæði fram og aftur.

Jeg hefi þegar svarað skýrt. Fjelagið Titan hefir lagt inn sjerleyfisbeiðni og jeg hefi svarað því, að jeg sjái ekki, að rjett sje að svara þeirri beiðni játandi. Í því liggur auðvitað, að sjerleyfið verður ekki veitt. Jeg hefi þannig svarað alveg skýrt. En sem sagt, hvernig jeg mundi taka í málið, ef það lægi svo og svo fyrir í framtíðinni, um það dettur mjer ekki í hug að gefa neina yfirlýsingu nú. Jeg álít, að það væri óhyggilegt að binda sig þannig fyrirfram um mál, sem menn vita ekki, hvernig kann að liggja fyrir síðar.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um brjef í sambandi við þetta og sagði, að jeg hefði sjeð það. Það er rjett, en jeg tel mig ekki hafa rjett til þess að skýra frá efni þess hjer. Hinsvegar hefi jeg með mínu svari lagt þann dóm á það, að jeg telji það ekki gefa tryggingu fyrir, að fjeð sje til, og jeg get meira að segja tekið svo ákveðið til orða, að jeg tel, að það sje mjög fjarri því, að þar sje um nokkra tryggingu að ræða.

Jörundur Brynjólfsson:* Þegar jeg beindi minni fyrirspurn til hæstv. forsrh., gat jeg auðvitað ekki vitað, að svona miklar umr. mundu verða um þetta mál, sem nú eru orðnar.

Hv. 1. þm. Skagf. kom einkennilega fyrir sjónir fyrirspurn mín og svar hæstv. ráðh. og hjelt, að þetta hefði alt verið fyrirfram ráðið. Jeg get sagt hv. 1. þm. Skagf. það, að jeg hafði sagt hæstv. ráðh. frá því, að jeg mundi spyrja um sjerleyfið undir þessum umr., svo að jeg hafði þannig jafnframt hv. 1. þm. Skagf. gefið hæstv. ráðh. tilefni til þess að vera viðbúinn að svara. Við, sem höfum skorað á stj. að veita sjerleyfið, ef hún telji, að fjelagið hafi nóg fje til framkvæmda, höfum gert það með ráðnum hug og alls ekki til þess að leggja stein í götu þessa máls, sem jeg skoða sem okkar mesta framfaramál. Á

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

síðasta þingi fylgdi jeg málinu fast fram eingöngu með það fyrir augum, að þetta gæti orðið til þess að leysa samgöngumálið, og mín afstaða er hin sama nú. Mjer þykir mjög leitt, ef hv. 1. þm. Skagf. finst jeg ekki eins eindreginn í málinu nú, eða honum jafnvel finst jeg vera að leggja til vopnin gegn því. Jeg hefi unnið mikið með hv. þm. (MG), og þegar hann var í stjórn 1926, hafði jeg mikla ánægju af samvinnu við hann. Hann sýndi þá góðan vilja í málum okkar beggja. Jeg vona, að við eigum eftir að vinna saman að þessu sameiginlega áhugamáli okkar og að okkur auðnist að vinna sem mest gagn þessu mikla velferðarmáli hjeraðanna og kaupstaðanna, að fá samgöngurnar bættar á sem fullkomnastan hátt. Það er því fjarri því, að jeg hafi fengið hæstv. stj. í hendur nokkur vopn gegn þessu máli, eða til þess að verja það að veita ekki sjerleyfið, ef fjelagið uppfyllir þau skilyrði, sem nauðsynlegt er og sjálfsagt má telja, að því sjeu sett. Það annað, sem fjelagið hefir í hyggju að framkvæma hjer, álít jeg, að skifti ekki neinu máli. Jeg sagði í fyrra, að jeg gæti fyrirgefið því, þó að það kæmist ekki lengra en að leggja járnbrautina.

Það, sem vakti fyrir okkur, sem sendum stj. þessa áskorun, var að fá yfirlýsingu um það og sönnun fyrir því, hvort fjelagið væri svo statt, að það gæti ráðist í járnbrautarlagninguna. Jeg vil ekki stuðla að því á nokkurn hátt, að sjerleyfið verði veitt, nema allar líkur sjeu fyrir því, að fjelagið geti lagt járnbrautina. Það er auðvitað ómögulegt að neita fjelaginu um að nota þann frest, sem sjerleyfislögin ákveða. En verði ekkert af framkvæmdum frá fjelagsins hendi, þá vona jeg þó, að ríkið taki málið í sínar hendur, þannig, að járnbrautin verði engu að síður lögð fyrir 1934. Það er því beinlínis af ráðnum hug, að jeg hefi skrifað undir þessa áskorun til ríkisstj., því að jeg vil ekki láta veita því sjerleyfið, nema það geti uppfylt skilyrðin til járnbrautarinnar. Þótt jeg greiddi málinu atkv. mitt í fyrra, þá var jeg þó ekki alveg ókvíðinn um, að fjelagið yrði ekki þess megnugt að ráðast í þessar framkvæmdir. Jeg greiddi því þó atkv. vegna þess, að jeg var þess fullviss, að meðan sú leið væri ekki reynd, að reyna að láta hlutafjelag leysa þetta samgöngumál, þá mundi meiri hl. þm. ekki fást til að ákveða sig til þess að vera með því, að ríkið legði járnbraut austur yfir Hellisheiði. Þáverandi atvmrh. (MG) sagði og í fyrra, að þótt hann gæti ekki ábyrgst, að fjelagið hefði nægilegt fje, þá teldi hann mjög miklar líkur á því. Í því sambandi gat hann um, að norskur vatnasjerfræðingur hefði hiklaust talið óhætt að leggja fje í þetta fyrirtæki. Ef fjelagið óskar þess, að því verði veitt sjerleyfið, þá verður það að una því að starfa að framkvæmd málsins samkvæmt þessum lögum, því að annars var tilgangslaust að óska eftir sjerleyfinu. En lögin voru staðfest 31. maí síðastliðið ár, og hefir það því haft alllangan tíma til þess að búa sig undir að fá þetta leyfi. Jeg get ekki tekið undir það, að fyrv. atvmrh. hefði átt að veita sjerleyfið. Til þess hafði hann enga aðstöðu. Hann lýsti yfir því, að ekki stæði á sjer, ef fjelagið óskaði að fá

það, og hefir hann því gert hreint fyrir sínum dyrum. En ef fjelaginu hefði verið það slíkt keppikefli og eins örugt um að fá fje og síðan hefir verið látið í veðri vaka, þá hefði þó mátt vænta þess, að það hefði verið búið að sækja um leyfið þann 29. ágúst f. á. Lögin gengu í gildi 23. ágúst f. á., og þótt fyrv. stj. sæti ekki lengi að völdum eftir það, þá var það þó nægur tími til þess að veita sjerleyfið, ef fjelagið óskaði, en sú ósk kom ekki fram þá, og sýnist hafa skort allmikið á það, því að hún kom ekki til stjórnarinnar fyr en laust fyrir jól. En fyrv. atvmrh. var sem sagt ómögulegt að veita sjerleyfið. Hjer er um stórkostlegt fjármál að ræða, og tel jeg ekki heppilegt, að nafni landsins sje mikið hampað erlendis í sambandi við slík fyrirtæki, og vil jeg í því sambandi minna á Dynjandifjelagið. Þáverandi atvmrh., núv. hv. 1. þm. Skagf., sagði í fyrra, að hann vissi ekki annað en að það mál væri í undirbúningi, en nú er langt síðan þau lög gengu í gildi, og eftir því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, þá hefði mátt ætla, að nú væri búið að sækja um það sjerleyfi, en það hefir ekki verið gert, og skoða jeg það svo, sem fjelagið hafi ekki enn getað komið fjármálum sínum í það horf, að það treysti sjer til þess að ráðast í þessar framkvæmdir. Umsóknarfresti fjelagsins lýkur að vísu ekki fyr en um næstu áramót, og má vera, að fjelagið sæki um sjerleyfið á þeim tíma, sem enn er eftir, en til þess tel jeg þó ekki miklar líkur.

Jeg vil einnig benda á það, sem fyrv. atvmrh. sagði um Titan-málið í fyrra, þegar hann ræddi um fjármál fjelagsins. (Sjá Alþt. 1927 B. 2687). Hann segir þar:

„En það getur háttv. 5. landsk. (JBald) sagt sjer sjálfur, að jeg get ekki frammi fyrir þinginu tekið ábyrgð á því, að þessir sterku fjármálastuðningsmenn fjelagsins geti ekki brigðað sín loforð, og það væri algerlega rangt af mjer, ef jeg gæfi yfirlýsingu um það í deildinni. En jeg veit það, og það veit líka hv. 5. landsk., að að þessu fjelagi standa svo góðir og merkir og sterkir menn, að það eru mjög miklar líkur fyrir því, að þeim gangi betur en öðrum að útvega fjeð".

Ennfremur segir hann rjett á eftir í sömu ræðu:

„Jeg vil vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, að jeg hefi sjeð það á skjölum, er fyrir mig hafa verið lögð, að loforð eru fengin frá erlendum peningafirmum um framlög til fyrirtækisins. En auðvitað get jeg ekki tekið ábyrgð á því, að fjelögin uppfylli þau loforð. Jeg get heldur ekki ábyrgst, að skjölin sjeu ekki fölsuð, en jeg álít þó þann möguleika svo fjarri, að ekki þurfi að ræða hann".

Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf., sem þá var ráðh., hefir ekki gengið annað en gott til með því að gefa þessa yfirlýsingu, og hann hefir eflaust trúað því, að þessir menn hefðu fje til fyrirtækisins, en hitt þykir mjer miklu verra, að hann skuli enn vera svo trúaður á þessa menn, að hann vill sjá svo í gegnum fingur við þá, að láta þá fá sjerleyfið án þess að þeir færi líkur að því, að þeir hafi einu sinni svo mikið fje, að þeir geti lagt járnbrautina, hvað þá til að virkja

Urriðafoss. Því að fyrirtækið alt mun eiga að kosta um 40—50 milj. kr. Klemens Jónsson, þáverandi 1. þm. Rang., sagði að vísu í fyrra, að ekki stæði til að koma öllum þeim mannvirkjum upp í einu lagi, en þó mundi það, sem þegar yrði reist, kosta um 20 milj. kr. Er nú til of mikils mælst, þótt þess sje krafist, að fjelagið sýni fram á, að af þessu gífurlega fjármagni hafi það að minsta kosti á reiðum höndum 3—4 miljónir? En meira á ekki að þurfa til þess að reisa járnbrautina. Mjer þykir fyrir því, að hv. 1. þm. Skagf., er jeg efast ekki um, að ber þetta mál mjög fyrir brjósti, skuli vilja tefla á tvær hættur með það að veita þetta sjerleyfi án þess að vissa sje fyrir því, að fjelagið hafi að minsta kosti svo mikið fje, sem þarf til þess að leggja járnbrautina austur. Mjer þykir það um skör fram og illa farið með nafn landsins, ef á að veita erlendum fjármálamönnum slík rjettindi hjer á landi án þess þeir færi sönnur á það, að þeir hafi allmikið fje til umráða. Og ef það sýnir sig, þegar þessir menn hafa fengið að vita álit þings og stjórnar, að þeir geti samt ekki fært sönnur á, að þeir hafi 3—4 miljónir til umráða, þá geri jeg ekki mikið úr því, að þeir hafi nokkur tök til framkvæmda. Jeg verð þá að álíta, að þeir vilji fá þessi fríðindi beint til þess að „spekulera“ með þau, en ekki til framkvæmda, og þeir ætli að nota nafn landsins til þess að fá upp aftur eitthvað af því fje, sem þeir hafa þegar lagt fram til þessa fyrirtækis. Og þótt jeg hafi enga löngun til þess að skaða útlendinga, þá álít jeg þó ekki rjett, að þeir fái að nota nafn landsins til þess að skrapa saman fje upp í kostnað sinn, og skaði þannig sóma og hróður landsins út á við.

Jeg gat þess áðan, að mína undirskrift undir áskorunina bæri ekki að skoða sem neinn kodda fyrir stjórnina til þess að sofa á í þessu máli, og jeg get sagt hv. 1. þm. Skagf., að ef jeg sje, að stjórnin ætlar að láta framkvæmdir í járnbrautarmálinu undir höfuð leggjast, þá mun jeg ekki verða manna síðastur til þess að hnippa í hana. Ef það sýnir sig, að fjelagið hefir ekki fje til framkvæmda, þá mun jeg byrja á nýjan leik á sama grundvelli og jeg og hv. 1. þm. Reykv. núverandi (MJ) hreyfðum málinu 1926. Og þar sem hv. 1. þm. Skagf. sýndi þá í þessu máli það víðsýni, sem jeg mun aldrei gleyma, þá vona jeg, að hann liðsinni mjer, þegar þar að kemur.

Jeg held, að jeg hafi drepið á það á síðasta þingi, að ef fjelagið sýndi það, að það hefði nægilegt fje til þess að leggja járnbraut, þá væri það mín krafa, að stjórnin veitti því sjerleyfið, nema sýnt væri, að járnbrautin yrði ámóta fljótt lögð af innlendu fjelagi eða ríkinu, en það vildi jeg miklu heldur. Því fer þess vegna fjarri, að jeg hafi með undirskrift minni kipt að mjer hendinni í þessu máli. Jeg tel það nauðsynlegt að gera þessa kröfu til fjelagsins, til þess að það geti ekki um langan tíma dregið framkvæmdir í málinu. Jeg vil sem fyrst fá úr því skorið, hvort fjelagið hafi fje til þessara framkvæmda, því að hafi fjelagið ekki fje nú, þá geri jeg mjer mjög litlar vonir um, að það geti safnað miklu fje hjer eftir. Það má vel vera, að þegar fjelagið er búið

að fá sjerleyfið, þá geti það skrapað saman fje, en það skiftir engu máli í þessu sambandi. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það kostaði ekkert að veita fjelaginu sjerleyfið, því að það gæti ekki orðið til þess að tefja framkvæmdir í járnbrautarmálinu. Jeg lít öðruvísi á þetta. Ef sjerleyfið er veitt og ekkert verður gert, þá skoða jeg það sem blett á landinu að veita slík fríðindi. Með kröfu okkar er úr því skorið, hvort fjelagið hefir fje til framkvæmda eða ekki, og það verður að koma í ljós. Það er því fjarri því, að við, sem höfum skrifað undir áskorunina til stjórnarinnar, höfum skift um skoðun, því að við viljum einmitt herða á málinu. Stjórnin getur á engan hátt lagt þá merkingu í þessa áskorun, að hún megi láta undir höfuð leggjast að veita sjerleyfið, ef fje verður fyrir höndum, því að við óskum þess beinlínis, að ef svo reynist, þá veiti stjórnin fjelaginu sjerleyfið. Það er því að snúa augljósu máli við, að halda því fram, að með þessu sje verið að bera vopn á málið.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að veiting sjerleyfisins gæti á engan hátt orðið til þess að fresta járnbrautarlagningunni. Jeg er á alt annari skoðun. Mjer þykir ganga alt of seint, ef ekki verður hafist handa í járnbrautarmálinu fyrir 1934. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ekkert væri hægt að segja um það, hvort fjelagið gæti annast þessar framkvæmdir, nema því væri veitt sjerleyfið. Ef neitun um sjerleyfið verður bygð á því, að fjelagið geti ekki fært sönnur á það, að það hafi fje til framkvæmda, þá get jeg heldur ekki sjeð, að það fái borið það fyrir sig, að því hafi ekki verið veitt sjerleyfið. Jeg skoða yfirlýsingu hæstv. fors.- og atvmrh. þannig, að sjerleyfisins verði því aðeins synjað, að fjelagið geti ekki lagt fram peningana. Jeg ætla að vona, að hann veiti sjerleyfið, ef fjelagið sýnir, að það hafi fjeð. Geri hann það ekki, þá mun jeg ekki láta mjer annað lynda en að járnbrautin verði lögð af landinu, ef ekki á annan hátt, og það verði gert svo fljótt, að það verði ekki síðar en þótt úr þessum framkvæmdum hefði orðið. Og þó svo fari, að þetta fjelag leggi ekki einn eyri fram til járnbrautar, þá liggur mjer það í ljettu rúmi, ef járnbraut verður lögð engu að síður, því að það er augljóst, að þetta fjelag ræðst í þessar framkvæmdir fyrst og fremst í eigin hagsmunaskyni, en ekki til þess að gefa okkur fje. Það eina, sem kom mjer til þess að greiða atkv. með lögunum í fyrra, var járnbrautarlagningin. Virkjunin var mjer mjög lítils virði. Jeg byggi ekki mjög mikið á þeirri raforku, sem hún veitir okkur. Það er áreiðanlega hægt að beisla Sogið fyrir ekki mjög mikið fje, og jeg held, að það afl mundi koma okkur að bestum notum. Jeg gerði fyrir nokkrum árum mitt til þess, að ríkið og Reykjavíkurbær virkjuðu Sogsfossana, en þau báru þó hvorugt gæfu til þess að sinna því máli þá. Jeg tel mjög sennilegt, að ef þá hefði verið farið að tillögum okkar hv. þm. N.-Þ. (BSv), þá væri Suðurlandsundirlendið nú búið að fá næga raforku, og tel jeg langsennilegast, að þá væri nú komin járnbraut austur, knúin af afli úr Soginu.

Í seinni ræðu sinni sagði hv. 1. þm. Skagf., að hann hefði ekki ætlað að hreyfa málinu á þessu þingi, og hefði

það verið í samráði við Klemens Jónsson, því að þeir hefðu talið, að umræður gætu orðið til þess að spilla fyrir málinu. Þetta get jeg nú á engan hátt skilið, að það geti orðið til þess að spilla fyrir fjelaginu, og jeg ætla að segja það, að þessum virðulega manni, Klemens Jónssyni, hefði þá verið vissara að eiga tal við fleiri um það, ef hann hefði viljað tryggja það, að þessu máli yrði ekki hreyft í þinginu, því að hann gat ekki vitað nema einhver annar þingmaður yrði til þess að hreyfa því. En þótt hann hafi ekki talað við mig um málið, þykir mjer ekki sennilegt, að umræðurnar, eins og þær hafa farið fram hjer, geti á nokkurn hátt orðið til þess að spilla fyrir því, að fjelagið geti útvegað sjer fje.

Það er vitaskuld alveg rjett, sem hv. 1. þm. Rang. (EJ) tók fram í dag, að undirskrift okkar undir þessa áskorun er ekki hægt að skilja þannig, að verið sje að mælast til þess að hafast ekkert að og veita ekki fjelaginu þetta sjerleyfi, ef það hefir peninga. En jeg þarf ekkert að vera myrkur í máli um það, að ef fjelagið á engan hátt getur fært minstu líkur til, að það geti haft peninga, þá vil jeg ekkert við það eiga, og þá skal ekki næsta þing líða svo, ef mjer auðnast þá að vera í þessum sal, að jeg ekki hreyfi málinu á einhvern hátt hjer á Alþingi. (**PO**: Ætlar hv þm. þá að útvega peningana?). Hv. þm. spyr mig, hvort jeg ætli að útvega peningana. Það kann að vera, að það sje allmikill munur á efnahag okkar, en jeg býst samt við, þótt hv. þm. sje miklu ríkari en jeg, að fjármagn hans hrykki skamt í þessu máli. Hv. þm. þurfti því ekki að vera með þessi köpuryrði til mín, enda get jeg sagt hv. þm. það, að ef jeg hefði haft nægilegt fjármagn til að koma þessu máli í framkvæmd, myndi atkvæði mitt aldrei hafa fallið með þessu sjerleyfi Titans, því að það get jeg sagt hv. þm. Borgf., að jeg hefi ekki haft neina ánægju af að greiða því atkvæði, ef það hefir ekki verið annað en ómerkileg tilraun erlendra gróðamanna til að afla sjer fjár, manna, sem eru eins og hrafnar um hræ alstaðar þar, sem hægt er að ná í einhvern bita.

Mjer fanst hv. 1. þm. Skagf. furða sig á því, að í þessari yfirlýsingu skyldi standa það, að fjelagið yrði að sanna, að það hefði fjeð til. Mjer finst það ekkert undarlegt. Þing á hjer skamma hríð setu, og þar sem stjórnin á að veita þetta sjerleyfi, þá verður hún að dæma um þau skilyrði, sem fyrir hendi eru. Stjórnin verður svo að svara til þess síðar, hve sanngjarnlega hún lítur á það mál, og vitaskuld verður það ekkert launungarmál; þingið getur á sínum tíma fengið að sjá þau plögg, sem hún dæmir eftir.

Þá sagði hv. þm. (MG), að hann hefði sjeð brjef til Klemensar Jónssonar, og virtist í tilefni af því brjefi vilja halda því mjög fram, að fjelagið hefði næga fjármuni. Það gleður mig mjög að heyra, því að fjelagið verður þá vonandi ekki mjög seint á sjer að leggja fram fjeð, en geri fjelagið það ekki, þá legg jeg lítið upp úr þeim skrifum, sem verið er að senda hjer heim til þeirra manna, sem eru túlkar fjelagsins hjer heima, til að útvega því þessi fríðindi.

Loks sagðist hv. þm. eiga bágt með að trúa því, að við, þingmenn Suðurlandsundirlendisins, hefðum skrifað undir þessa yfirlýsingu til þess að spilla fyrir málinu. Það er eðlilegt, enda er mjög ólíklegt, að í þessari yfirlýsingu okkar felist nokkuð það, sem gæti orðið málinu til hnekkis.

Háttv. 1. þm. Rang. varð misint, en sem hann þó leiðrjetti, þegar hv. 1. þm. Skagf. var að tala, sagði, að landbn. hefði skrifað undir, en það er ekki annað en mismæli. Landbn. skrifaði ekki undir þetta skjal, en það voru menn, sem áttu þar sæti, sem höfðu skrifað undir þessa áskorun. En það skiftir ekki miklu máli og ekki ástæða til að fjölyrða frekar um það.

Mjer þykir vænt um, ef þessi áskorun, sem landsstjórnin hefir tekið á móti, gæti orðið til þess, að það kæmi greinilega í ljós, hvort þetta fjelag hefir verið að sækja eftir þessum fríðindum til að starfa hjer, eða aðeins til þess að geta haft peninga upp úr þeim án þess að hafast nokkuð að.

Magnús Torfason: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs út af orðum hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann beindi því að þm. af Suðurlandsundirlendinu, og þá sjerstaklega að okkur þm. Árnessýslu, að við með þessum undirskriftum okkar undir skjal til atvmrh. hefðum ætlað okkur að spilla fyrir járnbrautarmálinu. Jeg hafði beðið mjer hljóðs á undan hv. samþm. mínum (JörB) og bjóst við að tala fyr en hann. En nú hefir hv. þm. (JörB) svarað mestu af því, sem þurfti að svara hv. 1. þm. Skagf., og get jeg að öllu leyti vísað til þess. Það eitt, sem mjer þótti merkilegt, þegar hv. 1. þm. Skagf. var að túlka þessa áskorun þm. af Suðurlandsundirlendinu, var, að hún kemur hv. þm. þannig fyrir sjónir, að hún eigi ekki að vera til að ýta undir málið, heldur til að spilla fyrir því. Jeg þarf ekki að svara þessu öðru en því, að þetta er hrein og bein fjarstæða, og í öðru lagi vil jeg segja það, að þetta ber merkilegan vott um það, hvernig málaflutningsmaður getur reynt að snúa málum manna í villu, þegar hann óskar að hafa það svo. Það er áreiðanlegt, að þessi áskorun var gerð að yfirlögðu ráði, og hún var gerð eftir umtali og samtali á milli þm. af Suðurlandsundirlendinu, fyrst og fremst til þess að hreyfa við málinu. Okkur fanst, að þetta þing mætti ekki með nokkru móti líða svo, að því væri ekki hreyft, og ástæðan til þess var með öðru, að trúin á Titan hefir aldrei verið of sterk á Suðurlandsundirlendinu, og að þetta sjeu ekki staðleysustafir, sýnir það, að það var einmitt Titan, sem fjell við kosningarnar í sumar. Trúin á Titan var ekki meiri en það, að einmitt þessi eini fulltrúi fjelagsins fjell við kosningarnar, án þess að sýnilegt væri, að hann hefði neitt til saka unnið. Jeg hafði altaf litla trú á fjelaginu, og jeg lýsti því yfir hvað eftir annað á þingi 1927, að jeg greiddi atkv. með þessu máli á ábyrgð þáverandi atvmrh. (MG). Jeg lýsti því trausti mínu á atvmrh., að þegar hann hefði svona sterk orð um málið, þá væri það meira en fleipur eitt. Nú er jeg ekki neitt að ásaka hv. 1. þm. Skagf. út af þessu, því að jeg verð að líta svo á, að ennþá sje ekki kominn tími til að fella neinn fullnaðardóm um það; við vit-

um, að fjelagið hefir ársfrest enn til þess að leggja fjeð fram; fyr en sá frestur er útrunninn og það hefir komið fram, að fjelagið hefir ekkert fje, er ekki ástæða til þess.

Það var sjerstaklega eitt atriði í þessari áskorun okkar þm., sem hv. 1. þm. Skagf. hafði mikið að athuga við, og það var, að við höfðum lagt það á vald atvmrh. að segja til um það, hvort fjelagið hefði fje til framkvæmdanna. Þetta var með ráðnum huga gert, og vegna sambands hæstv. atvmrh. við fulltrúa Titans hjer á landi var ekkert líklegra en hann hefði hinar bestu kringumstæður til að kynna sjer fjárhag fjelagsins. Og þessi áskorun var líka orðuð þannig, að við myndum láta okkur nægja, ef fje fengist til járnbrautarlagningar, og þetta var því eðlilegra, sem hæstv. atvmrh. hafði lýst yfir því, að honum væri járnbrautarmálið áhugamál, en ekki virkjunarmálið, svo að líka frá því sjónarmiði átti þessi áskorun að hjálpa málinu við. En að öðru leyti er það um þetta mál að segja, að þessi áskorun kom fram hjá okkur, og það, sem gerst hefir í viðtali við stjórnina, það er gert til þess, að hnipt væri við fjelaginu Titan, til þess að fjelagið fengi fullkomlega að vita það, að við ætlum ekki að láta okkur nægja með, að málið sje dregið á langinn og við hafðir fyrir ginningarfífl; fjelagið verður að færa sönnur á, að það hafi fje í höndum. Við myndum aldrei geta látið okkur lynda loforð út í bláinn.

Nú leggur hv. 1. þm. Skagf. áherslu á það, að ekki sje þrautreynt, hvort fjelagið hafi fje, fyr en sjerleyfið sje veitt. Jeg geri alls ekkert úr því, vegna þess að það mundi vera hægt að ná þeim samningum við hæstv. stj., að leyfið skyldi verða veitt, ef það sannaðist, að fje væri fyrir hendi. En það væri vitanlega alveg nóg til að geta fengið leyfið, að ábyggilegir bankar eða önnur stórfyrirtæki lýstu því yfir, að fje skyldi vera til taks. En auk þess að hnippa við fjelaginu, liggur það líka í áskoruninni, að við viljum heldur ekki fyrir nokkurn mun, að fjelaginu verði veitt sjerleyfi peningalausu og allslausu, til þess eins að tefja fyrir málinu. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að ef fjelagið fengi sjerleyfið peningalaust, þá yrði það til þess að tefja fyrir málinu, því að það yrði auðvitað sagt, að ekki væri hægt að eiga við það fyr en ystu tímatakmörk væru útrunnin, en það viljum við ekki, sem höfum sjerlegan hag af því, að járnbraut verði lögð, og það er jeg viss um, að svo mikla þörf, sem við Árnesingar töldum, að væri á að fá járnbraut, þá hefir okkur skilist það síðan á þinginu í fyrra, að þörfin er miklu meiri nú heldur en hún var þá, og það er blátt áfram af því, sem hv. 2. þm. Rang. (GunnS) gat um, að það er sýnt, að Flóaáveitan getur ekki borið sig nema því aðeins, að járnbraut komi, eins og við báðir þm. Árn. höfum lýst yfir. Það var nefndur maður hjer í sambandi við þetta mál, sem jeg skal ekki nefna með nafni, og sagt, að hann hefði brjef í höndum, sem mikið væri á að byggja. Skal ekkert um þetta segja, nema að í fyrra átti jeg talsvert oft tal við þennan trúnaðarmann fjelagsins, en í vetur hefir hann aldrei talfært þetta mál við mig, nema einu sinni, þegar hann hitti mig hjá öðr-

um manni, og setti þá í mig hnútur. Hvernig á þessu stendur, skal jeg ekki um segja, en ef hann hefði haft eitthvað verulegt fram að bjóða, þá hygg jeg, að hann myndi ekki hafa látið undir höfuð leggjast að tala við mig um málið.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í neinar járnbrautarræður nú við þetta tækifæri; málið liggur ekki fyrir. En mjer þótti það merkilegt, hve einn hv. þm. tók kuldalega fram í ræðu háttv. samþm. míns (JörB), maður, sem við vitum allir, að trúir á háttv. 1. þm. Skagf. (MG), og þá varð mjer að hugsa til gamals máltækis, sem segir: Varaðu þig, Valnastakkur, fallinn er hann Fjögramaki! Jeg gat ekki að því gert, að það snerti mig dálítið illa, að þessi maður skyldi ekki geta orða bundist um það að taka svona kuldalega fram í fyrir hv. samþm. mínum.

Pjetur Ottesen: Það má segja um þessar járnbrautarumræður, sem hjer hafa farið fram, að „margt er skrítið í Harmóníu". Mjer finst það nefnilega dálítið skrítið, að þeir, sem börðust hjer hlið við hlið á síðasta þingi um að fá Titanfjelagið til að leggja hjer fram fje til járnbrautarlagningar og annara stórfyrirtækja í landinu, skuli nú berast hjer á banaspjótum.

Hv. 2. þm. Árn. (MT) skaut því hjer fram áðan, að sjer hefði þótt kuldalega tekið fram í fyrir hv. samþm. sínum, og átti þar víst við þau orð, sem jeg skaut að hv. 1. þm. Árn. (JörB) áðan. Svo sagði hv. þm., að sjer þætti þetta því undarlegra, sem þessi maður, þ. e. jeg, tryði á hv. 1. þm. Skagf. Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg ber mikið traust til hv. 1. þm. Skagf., þó að við sjeum ósammála í þessu fossavirkjunar- og járnbrautarmáli, en það er einmitt hv. 2. þm. Árn., sem trúir á háttv. 1. þm. Skagf. í þessu máli, því að hv. þm. sagðist hafa greitt atkv. í þessu máli á ábyrgð þess hv. þm. (MG), en gat þess um leið, að hann hefði gengið af trúnni, og má það vel vera, því að maðurinn er sagður laus á kostum, og finst mjer, að ekki sje hægt að skilja þetta öðruvísi en svo, að hv. þm. ætli nú að greiða atkv. um málið á ábyrgð hæstv. atvmrh. (TrÞ), og þá get jeg skilið aðstöðu hv. 2. þm. Árn. í þessu máli, og það er þá þannig, að hv. þm. vill ekkert í því gera á annan hátt en að hafa æfinlega ráðherraábyrgð fyrir öllu, sem hann gerir í málinu. Hv. þm. er kannske farinn út, en það gerir ekkert til, því að jeg ætla ekki að hafa þessa járnbrautarræðu lengri.

Jeg geri ráð fyrir, að þeim, sem hjer hafa verið staddir um hríð og vita ekki nánar deili á því, hvaða mál hjer er í raun og veru til umræðu, komi það allkynlega fyrir, að hjer sje farið að ræða um fjárlög, því að hjer hefir enginn heyrt það nefnt; hjer hafa verið eintómar járnbrautarumræður, og svona líka skemtilegar, sem jeg hefi nú lýst. En þetta var nú útúrdúr hjá mjer, og vil jeg nú gera nokkrar aths. um fjárlögin, og þá sjerstaklega út af orðum hæstv. fjmrh. Það er nú svo með þann ráðherra, að hann er mjög sjaldsjeður gestur hjer í þessari hv. deild, og sannast á honum hið fornkveðna, að „sjaldan bregður mær vana sínum", því að í þau fáu skifti, sem hæstv. ráðh. tekur hjer til

máls, þá rýkur hann upp með þjósti og skammar alt og alla. Það er löngum aðaluppistaðan í ræðum hæstv. ráðh. hjer í þessari deild. Það var alveg hið sama nú; ræðan var eiginlega ekkert annað en þetta. Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði verið með staðhæfingar um það, að það væri raunverulegur 400 þús. kr. tekjuhalli á fjárl. og að jeg hefði engin rök fært fyrir þessu máli. En hvaða rök færði hæstv. ráðh. fyrir því, að þetta væri ekki rjett? Jeg færði sannarlega rök fyrir þeim mjög óvenjulega hætti, sem hjer væri nú upp tekinn, að vera að fela þessar upphæðir í fjárl., þó að hæstv. ráðh. sje að tala um, að það eigi að taka lán til þessara fyrirtækja, eins og Mosfellsheiðarvegarins o. fl Jeg sje, að hæstv. ráðh. hlær; það gleður mig, að hann er kominn í gott skap aftur, — eða skilur ekki hæstv. ráðh. það, að þótt tekið sje lán, þá stendur hagur ríkissjóðs því ver á eftir, sem lánsupphæðinni nemur? Þessar ástæður vildi hæstv. ráðherra ekki taka gildar, og það eina, sem ráðh. færði fram sem ástæðu gegn þessari ályktun minni um tekjuhallann, var það, að jeg mundi þjást af geðvonsku; en þar sjer hæstv. ráðh. sjálfan sig í spegli. (**Fjmrh. MK:** Um það þurfum við ekki að deila). Þá sagði hann einnig, að ummæli mín miðuðu að því að gera afgreiðslu fjárl. tortryggilega. Jeg þarf þess sannarlega ekki, því afgreiðsla fjárl. er þannig nú, að hún hlýtur að vekja tortryggni allra gætinna og athugulla manna. Hæstv. forsrh. tók alt öðruvísi og betur í ummæli mín. Hann kvaðst skyldi viðurkenna, að afgreiðsla fjárlaganna væri önnur en æskilegt væri og kvaðst skyldi vera á verði um, að afgreiðslan yrði varlegri á næsta þingi. Jeg vona, að hæstv. fjmrh. taki orð yfirmanns síns til greina í þessu efni.

Þá fyltist hæstv. fjmrh. vandlætingu yfir því, að hv. þm. S.-Þ. (IngB), hv. þm. V.-Sk. (LH) og jeg höfðum látið nokkur alvöruorð falla í garð Ed. út af afgreiðslu hennar í fjárlögunum, og talaði um hroka í því sambandi. Jeg vil aðeins segja það, að hann ætti að líta í sinn eiginn barm, áður en hann fer að tala um hroka hjá öðrum. Við höfum aðeins fundið að gerðum Ed. á þinglegan hátt, og jeg verð að segja það, að jeg get engan veginn tekið það vel upp fyrir hæstv. fjmrh., að hann skuli setja ofan í við mig eða aðra hv. deildarmenn fyrir það, því þær aðfinslur voru sannarlega rjettmætar og verðskuldaðar.

Þá þóttist hæstv. fjmrh. ná sjer vel niðri, er hann sagði, að jeg hefði átt minn þátt í því að stuðla að bitlingum til einstakra manna. Jeg skal glaður játa minn hluta af þeim. Jeg beitti mjer fyrir því, að námsmaður einn fengi styrk til framhaldsnáms, og skal skýra frá, hverjar ástæður lágu til þess. Svo stóð á um þennan pilt, að hann var ranglega settur hjá, er styrk þeim, er stúdentum er ætlaður til náms í útlöndum, var úthlutað á síðastl. ári. Annar piltur, sem átti aðstoð í háttsettum borgara hjer í bænum, var tekinn fram yfir hann, enda þótt sá hefði bæði lægri einkunn og væri frá öðru ári. Hjer var því um hróplegt ranglæti að ræða, og úr því vildi jeg bæta. Auk þess er piltur þessi mannsefni hið mesta og ætlar

að snúa sjer að þjóðnýtum fræðum. Hann fjekk styrk á síðasta þingi og bjóst við að njóta hans áfram. Mætti segja um hann og aðeins tvo aðra af þeim 35, er námsstyrki fengu, að það hefði verið brigðmælgi af Alþingi að synja þeim um styrk nú. Þessi piltur er að nema byggingafræði, og þar sem hæstv. núverandi stjórn hefir mikinn áhuga á því að byggja skrifstofur, letigarða o. fl. þess háttar ætti ekki að vera vanþörf á, að menn legðu þær greinar fyrir sig. Hefi jeg þá með þessu skýrt afstöðu mína til bitlinganna.

Þá fór hæstv. fjmrh. að tala um nauðsyn fjárveitinga og lánsheimilda í 22. gr. fjárlaganna. Jeg hafði ekki minst á, að jeg teldi þessar fjárveitingar og lánsheimildir ónauðsynlegar, heldur taldi óviðkunnanlegt, að þarna væri verið að fela fjárveitingar, sem ættu að koma til útborgunar á árinu 1928. Jeg vjek ekki að neinu öðru viðvíkjandi þeirri grein, en hæstv. fjmrh. var víst ekki viðstaddur og mótmælti því alt öðru en því, sem ræða mín gaf tilefni til.

Jeg býst nú við, að þolinmæði hæstv. forseta fari að þrjóta, enda er jeg nú steindauður. En jeg vildi aðeins segja það, út af því, að þegar hæstv. fjmrh. heldur svo fast á valdi Ed. gegn Nd., þegar ráðh. kemur fram hjer í deildinni sem vörður Ed. gegn valdi Nd., þá minti hann mig á skopmyndina í einu blaðinu okkar af verðinum gegn misbeitingu innlends valds. Jeg býst við, að menn kannist við þessa mynd, því að blaðið mun hafa gengið á milli manna hjer í deildinni í dag.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg get verið ánægður yfir því, að hv. þm. Borgf. er að myndast við að smátaka það aftur, sem hann bar fram með miklum þjósti hjer í hv. deild í dag. Þetta er skynsamlega gert af honum, en þó á hann eftir að standa reikningsskap á nokkrum af hinum óviðurkvæmilegu ummælum sínum.

Þessi hv. þm. gaf í skyn, að jeg hagaði mjer ekki sæmilega þá sjaldan er jeg kæmi í hv. deild. Jeg legg það óhræddur undir dóm deildarinnar, við hvaða rök þessi orð hv. þm. hafa að styðjast. Jeg vil spyrja hann, hvort honum sje svo mikil ánægja að því að hafa mig hjer í deildinni, að hann ætlist til, að jeg vanræki störf mín í háttv. Ed., þar sem jeg á að greiða atkv. — Hann sagði, að jeg skammaði alt og alla, hvenær sem jeg liti hingað inn. Jeg legg þetta undir úrskurð deildarinnar og veit, að hún dæmir þessi ummæli ósönn og ósæmileg. Hitt er sannara, að þessi hv. þm. getur aldrei talað um nokkurt mál hjer á þingi — jeg veit ekki, hvernig hann er á heimili sínu — án þess að skrúfa sig upp í einhvern svarra, sem alls ekki fer honum vel.

Hv. þm. var hróðugur yfir því að hafa hlotið lofsamleg ummæli hjá hæstv. forsrh. Jeg skil nú ekki, að þau ummæli hafi verið alvarlega meint. **(PO:** Jú, jú). Ef svo hefir verið, þá er víst, að hv. þm. hefir ekki átt það lof skilið, slíka þverúð, sem hann hefir sýnt við afgreiðslu fjárlaganna. Jeg held, að hjer eigi við: „Þeir, sem búa í þessu húsi, breyta öðruvísi en þeir tala". Hv. þm. þykist verða forviða, ef einhver gerist svo djarfur að

koma með hógværar aths. við það, sem hann segir, og þykist einn hafa vit á öllu. En hjer hefir honum brugðist bogalistin æðioft.

Jeg þarf ekki að endurtaka það, sem jeg sagði í dag, er jeg hnekti ummælum hv. þm. Röksemdir mínar voru tölur, sem standa fastar. Það, sem jeg sagði um styrki til einstakra manna, sjerstaklega námsmanna, var alt rjett, og þótt hv. þm. bæri mikið lof á skjólstæðing sinn, munu aðrir hv. þm. geta sagt hið sama um sína skjólstæðinga, að þeir sjeu efnilegir og styrks verðir.

Hv. þm. þóttist hafa fært rök fyrir því, að 400 þús. kr. tekjuhalli væri á fjárlögunum. Jeg skil ekki í, að hann treysti svo á sljóleika hv. þm., þótt þeir hafi nú vakað í nokkrar nætur, að hann ætli þeim að trúa þessu. Það er beinlínis fáránleg blekkingartilraun að segja, að lán, sem eiga að borgast á mörgum árum, hafi áhrif á fjárlögin, nema afborganir og vextir. Þannig eru röksemdir hv. þm., að þær hrynja í rústir óðar og við þeim er hróflað.

Úr því að hv. þm. ljet sjer sæma að fara að tala hjer um skopmyndir, þá verð jeg að segja það, að þeim mönnum, sem við þá iðju fást, hljóta að vera allmjög mislagðar hendur, úr því að þeir hafa ekki valið sjer svo ákjósanlega fyrirmynd sem hv. þm. Borgf. Þó getur þetta stafað af því, að slíkar myndir eru venjulega af merkum mönnum, en þeir herrar, sem hafa sjer þessa myndagerð til lífsframdráttar, eru ekki svo djúpt sokknir enn, að þeir seilist svo langt til fyrirmynda að nota hv. þm. Borgf., fyr en þá síðar, er þessar myndir eru orðnar hversdagslegar.

Jeg hefi þá ekki meira að segja við þessari „stuttu", löngu aths. hv. þm., enda er hann nú steindauður og varla hætta á, að hann gangi aftur. En ef svo færi, hygg jeg, að hann yrði allægilegur og enn verri en í lifanda lífi. Myndi ekki mega segja með sanni um hann, að hann væri „hávaðamaður, illur viðskiftis og hinn mesti gapuxi", eins og sagt var um mann einn á landnámsöld?

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að víkja að ræðu hæstv. fjmrh., enda fann jeg hvergi innihaldið. En út af því, að hann sagði, að skopmyndir væru venjulega af merkum mönnum, þá get jeg frætt hæstv. ráðh. á því, að jeg varð fyrir þeim heiðri 2—3 árum á undan honum að vera myndaður á þennan hátt. Hefir því liðið nokkuð langur tími uns uppgötvað var, að hæstv. fjmrh. væri svo merkilegur maður, að hægt væri að nota hann í þessu augnamiði.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vil biðja hv. þm. Borgf. að athuga, að þessi aths. hans kemur að litlu liði. Hún sýnir aðeins, að mjer er að fara fram, en honum aftur. (**PO:** Þetta væri gott, ef einhver annar vissi þetta en hæstv. ráðh. sjálfur. — **EF:** „Doktorinn" veit það líka).

Gunnar Sigurðsson:* Svo stendur á, að þótt fjárl. sjeu hjer á dagskrá, hefir Titanmálið allmjög dregist inn í umr. Mjer er alveg óskiljanleg sú breyting, sem orðið hefir á afstöðu hv. þm. til þess máls síðan í fyrra.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Fyrir mjer horfir málið eins við nú og þá. Jeg hefi aldrei haft mikla trú á, að úr framkvæmdum yrði hjá því fjelagi, og ávalt talið æskilegast, að við Íslendingar gætum lagt brautina sjálfir. Jeg vil benda á það, að Möller telur, að járnbrautin muni borga sig eftir 10 ár. Annars er jeg engu vantrúaðri á Titan nú en í fyrra. Hv. 1. þm. Árn. (JörB) sagði, að fjelagið ætti að leggja fram 4 milj. kr. nú þegar til að leggja brautina fyrir. Voru hv. þm. nú svo einfaldir í fyrra að halda, að fjelagið kæmi með 4 milj. kr. án þess að því væri veitt sjerleyfið? Það væri sama og heimta peninga út úr banka, áður en víxillinn kemur.

Jeg get fyrirgefið stj., þótt hún neiti um sjerleyfið, en þá tel jeg, að hún hafi skuldbundið sig til að ráða málinu til lykta á annan hátt. Jeg hefi ekki skrifað undir yfirlýsinguna, ekki af því, að jeg telji, að hún muni gera ógagn, heldur af því, að jeg tel hana þýðingarlausa. En jeg hefi ekki viljað leggja málið undir dóm stjórnarinnar án þess, að hún tæki um leið á sig þá skyldu að aðhafast eitthvað í járnbrautarmálinu. Stj. er heldur ekki öll á sama máli. Hæstv. forsrh. er á sömu skoðun og hann var í fyrra, en hæstv. fjmrh. er á gagnstæðri skoðun við hann. Jeg hefi bent á þá leið, að fjelagið setji tryggingu, 100—200 þús. kr., fyrir því, að það hefjist handa innan ákveðins tíma, t. d. missiris, og missi ella allan rjett. Með þessu móti ætti að vera fyrir það girt, að tjón hlytist af að veita sjerleyfið, eða að sómi landsins biði hnekki við það.

Jeg verð að harma það, hve óákveðinn hæstv. atvmrh. var í ummælum sínum. Hann kvaðst skyldi taka málið til athugunar, en þetta hefir verið sagt áður, og þýðir lítið að athuga málið á hverju þingi, ef ekkert er gert í því. Vona jeg, að engir Sunnlendingar sjeu svo heillum horfnir, að þeir styðji þá stjórn, sem er á móti þessu nauðsynjamáli þeirra, járnbrautarmálinu. Þegar jeg var í Framsóknarflokknum fyrir fjórum árum síðan, var það mál á stefnuskrá hans, enda fer vel á, að svo sje. Jeg skal svo aðeins endurtaka það, að neiti hæstv. forsrh. nú að veita þetta sjerleyfi, sem jeg er honum þó sammála um, að rjett sje að gera eins og nú standa sakir, þá lít jeg svo á, að hann hafi þar með tekið á sig ábyrgð á því að hrinda áfram á einhvern hátt þessu mikla þjóðþrifamáli okkar Sunnlendinga. En við munum ekki láta okkur nægja með orðin tóm og einskis nýt loforð. Vil viljum fá efndir þess, sem lofað hefir verið.

Lárus Helgason:* Þegar háttv. þm. Borgf. var í dag að átelja gerðir Ed. og fanst, að hún hefði hagað sjer öðruvísi í meðferð sinni á fjárl. en hún hefði átt að gera, tók hann sem dæmi, að hún hefði skorið niður styrk til Sláturfjelags Suðurlands, sem ekki hefði numið nema $^1/_{10}$ kostnaðar þess fyrirtækis, er það ætlaði að ráðast í, á sama tíma og hún hefði veitt styrk, er nam ¼ kostnaðar, til hliðstæðra fyrirtækja. En hv. þm. tók ekki nógu djúpt í árinni, því þessi styrkur, er feldur var niður, nam aðeins $^1/_{15}$ kostnaðar. Jeg get ekki fallist á, að hv. þm. Borgf. hafi farið nokkuð of

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

hörðum orðum um aðgerðir hv. Ed. í þessu máli, og yfirleitt neita jeg því, að við hv. þm. Borgf. höfum verið of harðorðir í garð hv. Ed.

Þá vildi jeg lítilsháttar leiðrjetta það, sem komið hefir fram í ræðum tveggja hv. þm. um þetta mál. Hv. 1. þm. Árn. (JörB) taldi það að vísu miður farið, að þessi styrkur til Sláturfjelags Suðurlands var feldur niður, en gat þess þó, að það skifti í raun og veru ekki miklu máli og því ekki stór skaði skeður, þó svona færi. Þetta álit hv. þm. mun stafa af því, að hann er ekki nógu kunnugur þessu. Það má að vísu segja, að 10 þús. kr. sjeu ekki mikil upphæð, en þegar um það er að ræða að leggja út í ný fyrirtæki, sem eru máske nokkuð vafasöm, þá geta þó 10 þús. kr. gert talsvert gagn. Það er því alls ekki rjett, að enginn skaði væri skeður, þó þessi styrkur væri feldur niður, því afleiðingin af því er sú, að vafasamt verður, hvort stjórn Sláturfjelagsins sjer sjer fært að halda niðursuðunni áfram. En það væri mjög til hins verra, ef hún væri lögð niður. Stjórn Sláturfjelagsins vinnur líka fyrir fjöldann, og er því vandlifað fyrir hana. Og ef eitthvað mishepnast, þá er henni kent um alt. Af þessum ástæðum hefði það verið ekki svo lítill styrkur fyrir hana að hafa þessar 10 þús. kr., ef einhver mistök kynnu að verða á þessu. Hv. 1. þm. Rang. (EJ) var á sama máli og jeg í þessu, en bætti því þó við, að í raun og veru væri það ekki nema eðlilegt, að þessi styrkur hefði verið feldur niður, því hann væri í raun og veru ekkert annað en gjöf. En þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Það mætti þá með sama sanni segja, að allir styrkir væru gjafir. Styrkirnir samkv. jarðræktarlögunum og úr byggingar- og landnámssjóði væru þá líka gjafir. En það er ómögulegt að kalla þessa styrki gjafir, því þeir hafa það hlutverk að auka getu og velmegun þjóðarinnar. Vilji hinsvegar einhver endilega kalla þetta gjafir, þá er vitanlega ástæðulaust að meina það. En þetta eru þá áreiðanlega gjafir, sem ekki verða síður til góðs gefandanum, þ. e. ríkinu, heldur en þiggjandanum.

Eins og kunnugt er, hefir verið gerð tilraun til þess að flytja nýtt kjöt til Englands, og hefir þá komið í ljós, að ekki muni vera hægt að fá þar markað nema fyrir besta kjöt. Alt lakara kjötið er þá útilokað frá þeim markaði. Ef niðursuðu væri nú komið hjer upp, eru allar líkur til þess, að hægt væri með henni að gera þetta lakara kjöt hæft til þess að seljast á erlendum markaði, og væri þá mikið unnið. Þetta snertir því alla þjóðina, og því ekki hægt að segja, að þessi styrkur sje gjöf til einstaks fjelags. Þessu vildi jeg ekki láta ómótmælt, enda þótt að fullu hafi nú verið frá því gengið.

Jeg sagði áðan, að hv. þm. Borgf. hefði ekki verið of harðorður í garð Ed. og að jeg vildi ekki viðurkenna, að jeg hefði verið það heldur. Þetta ætla jeg að leyfa mjer að endurtaka, því þegar sú aðferð er höfð, að gerðir Ed. eru látnar standa óbreyttar, þá hvílir ekki svo lítil ábyrgð á henni. Hinsvegar er jeg alls ekki samþykkur því, að þessi aðferð sje höfð, og jeg hefi ásett mjer að vinna að því, að hjer eftir verði Nd. ekki útilokuð frá því að ráða einhverju um endanlega útkomu fjárlaganna.

Sigurður Eggerz: Hæstv. forseti (B-Sv) mæltist til þess, að umr. hjer snerust ekki um of um Titan. Jeg mun nú verða við þessari beiðni hans og drepa aðeins á nokkur höfuðatriði. Jeg hefi jafnan verið andvígur sjerleyfi til Titans af ýmsum mjög alvarlegum ástæðum, sem hjer verða ekki taldar. Á höfuðatriðin vil jeg drepa. Jeg tel óverjandi, að erlendir menn megi ráða hjer yfir fje, sem getur numið 100 milj. kr. eða meira, og jeg vil benda á, hvernig slíkt erlent „kapital" hefir komið ýmsum stærri þjóðum en okkur á knje. Jeg hefi ekkert á móti því, að erlent fje komi hingað, ef við ráðum yfir því sjálfir. Hæstv. forsrh. hefir nú í skjóli þess meiri hluta, sem hann hefir fengið, og í skjóli sinnar eigin sannfæringar, sbr. aðstöðu hans á síðasta þingi, kveðið þennan draug niður. Jeg þakka honum fyrir það. Alt er gott, þegar endirinn er góður. Einnig þakka jeg þeim góðu mönnum, sem hafa snúist í þessu máli, því án þeirra hefði aðstaða hæstv. forsrh. orðið erfið.

Magnús Guðmundsson: Jeg get auðvitað ekki verið á sama máli og hv. þm. Dal. (SE) í þessu máli. Skal jeg þó ekki víta hann fyrir skoðun hans á því, þar sem hann heldur nú því sama fram og í fyrra, en þá var þetta mál samþ. með ⅔ hlutum þings. En út af ræðu hæstv. forsrh. þarf jeg að segja nokkur orð. Hann sagði, að hægt væri að reka á eftir fjelaginu í eitt ár enn, eða til 1. maí 1929, með það að útvega fje, áður en sjerleyfið væri veitt. Þetta er að vísu rjett. En jeg hefi litla trú á því, að fjelagið geti útvegað fjeð fyr en sjerleyfið er fengið. En hver mánuður og jafnvel hver vika, sem líður hjer frá, dregur úr líkunum fyrir því, að hægt sje að útvega fjeð. Þá spurði og hæstv. forsrh., hvers vegna þessu hefði ekki verið hreyft fyr á þinginu. Því hefir verið hreyft áður, og það var aðeins vegna þess, að Klemens Jónsson hafði óskað eftir, að því yrði ekki hreyft aftur nema í samráði við hann, að jeg vildi ekki hreyfa því aftur að fyrra bragði. Svipað mun hann hafa sagt við hæstv. forsrh.; að minsta kosti skildi jeg hann svo. Það er hinn mesti misskilningur hjá hæstv. forsrh., að sama sje, þó þetta dragist til næsta þings, því eins og jeg hefi áður sagt, dregur það úr líkunum fyrir því, að fjelagið fái fje, ef það dregst, að það fái sjerleyfið í hendurnar. Það er alt annað að hafa í höndum sjer lög, er heimila, að sjerleyfi sje veitt, eða að hafa sjerleyfið sjálft, því í sjerleyfið er hægt að setja skilyrði, er ekki standa í lögunum, þar sem þau eru aðeins heimildarlög. Hv. 2. þm. Rang. (GunnS) skildi, hvaða munur er á þessu. Og það er mjög skiljanlegt, að ekki sje gott að fá fje, nema vitað sje, hver skilyrðin eru frá ríkisstjórnarinnar hálfu. Hæstv. ráðh. spurði, hví jeg hefði ekki veitt sjerleyfið. Hvað það snertir get jeg vísað til þess, er hv. 1. þm. Árn. sagði. Jeg gat auðvitað ekki veitt það fyr en um það hafði verið sótt.

Hæstv. ráðherra þótti gott, að jeg skyldi kalla svar hans goðsvar. En jeg vil minna hæstv. ráðh. á það, að goðsvör voru jafnan talin tvíræð. Og ef þetta svar á að vera uppfylling á því loforði, sem hann gaf á eldhúsdaginn, þá er það vissulega goðsvar, sem

skilja má á tvo vegu. Af því er ómögulegt að ályktа, hvort hann ætlar að veita sjerleyfið eða ekki. Þó þykir mjer líklegra, að hann veiti það ekki, því hann sagðist vera sömu skoðunar og í fyrra. En ef svo er, þá ætti hann að segja það hreinskilnislega, svo fjelagið sje ekki að eyða tíma í að draga sig eftir þessu og reyna að sanna, að það hafi fje. Það, að hæstv. forsrh. vill ekkert segja um framtíðina, ef fjeð yrði þá til staðar, sýnir, að hann vill ekki gefa ákveðið svar. Og þegar hann segir, að engin trygging sje fyrir því, að fjelagið fái peninga, ber það vott um, að hann álítur ekkert mark takandi á brjefi því, er honum hefir verið sýnt. En í brjefi þessu er ábyggilegt loforð um svo háa upphæð, að hún nægir til meira heldur en að byggja járnbrautina.

Þá kem jeg að því, er hv. 1. þm. Árn. sagði. Hann lýsti því yfir, að hann væri sömu skoðunar og í fyrra, og má því undarlegt heita, að við, sem þá vorum sömu skoðunar, skulum vera að yrðast á nú, því ekki hefi jeg breytt um skoðun. Hann tók það fram — og vil jeg ekki gera honum neinar getsakir um, að hann hafi ekki meint það —, að hann vildi ekki gera neitt, er yrði þessu máli til hindrunar. En jeg vil benda honum á það, að þessi áskorun til hæstv. forsrh. getur einmitt orðið notuð sem átylla fyrir því að veita ekki leyfið. Með henni er það líka lagt á vald hæstv. ráðh. að skera úr um það, hvenær fjeð er til, og má búast við því, að hann verði mjög strangur, fyrst hann gerir ekkert úr þessu brjefi, sem áður hefir verið nefnt. Hv. þm. (JörB) sagði, að hæstv. forsrh. gæti ekki varið sig með þessu skjali, ef öll skilyrði væru uppfylt. En eftir skoðun hæstv. forsrh. að dæma, mun hann ekki álíta neitt fullkomna sönnun, nema peningarnir liggi svo gott sem á borðinu fyrir framan hann.

Það er ekki nóg fyrir fjelagið að hafa þessi lög ein, því ennþá hefir það engan rjett og getur því alls ekki fengið peninga hjá peningamönnum. Og þar sem það hefir ekkert leyfi í höndunum, getur það aðeins fengið loforð um fje, eins og það líka hefir þegar fengið. **(Forsrh. TrÞ:** Það er ekki rjett). Það er þó í þessu umrædda brjefi. **(Forsrh. TrÞ:** Það er ekkert á því að byggja). Það er ekki rjett; þetta stendur í brjefinu; jeg hefi sjálfur sjeð það.

Jeg gat ekki varist því að skilja hv. 1. þm. Árn. svo, sem hann vildi nú gera tortryggileg ýms ummæli mín frá í fyrra. Þykir mjer mjög leitt að heyra það, og það því fremur, sem hann segist vera sömu skoðunar nú og þá. Í fyrra talaði hann um það, að fyrst skyldi krefja fjelagið fjárins, er það hefði fengið sjerleyfið. Þá væri fyrst hægt að búast við, að það gæti fengið fje. En nú hefir hann komið því til leiðar með þessari áskorun, að sjerleyfið verður varla veitt, nema peningarnir liggi á borðinu. Það er leiðinlegt, að hv. þm. skyldi ekki sjá það í fyrra, ef hróður landsins er skertur með því, að útlendingar fái þetta sjerleyfi í hendur.

Jeg hefi ekkert á móti því, að heimtað sje, að fjelagið sýni öll gögn um það, að það geti fengið peninga, en jeg vil aðeins ekki láta það stranda á því, þó að lögfræðilega sönnun vanti, ef fyrir liggja loforð frá mönn-

um, sem ekki er ástæða til þess að rengja. Jeg skildi hv. 1. þm. Árn. svo, sem hann hefði iðrast þess, að þessi lög voru samþ. í fyrra. En til þess hefir hann enga ástæðu, því engar líkur eru til, að neitt frekar hefði verið gert í járnbrautarmálinu. Og heimildarlögin voru alls ekkert því til fyrirstöðu. Hefði hv. þm. viljað hrinda járnbrautarmálinu áfram á einhvern annan hátt, þá var honum í lófa lagið að bera fram frv. þess efnis á þessu þingi, því ekkert var því til hindrunar. Titan hefir enn engan rjett fengið. Jeg get vel tekið undir, að ef við hefðum innlenda peninga til fyrirtækisins, þá væri það betra. En jeg er því miður ekki viss um, að unt verði að útvega þá á næstu árum. — Þótt jeg vildi gjarnan hafa tíma til að fara nánar út í ræðu hv. þm., held jeg, að jeg megi til með að sleppa því að sinni.

Hv. 2. þm. Árn. (MT) mælti hjer fáein orð og kvað sig hafa greitt atkvæði í fyrra á mína ábyrgð. Jeg hjelt nú, að hv. þm. hefði þann sið að greiða atkvæði á eigin ábyrgð, en ef þessi hv. þm. er undantekning frá þeirri reglu, þá vænti jeg, að hann haldi áfram að hafa sannfæringuna í sömu vistinni. Jeg kann ekki við, að hann sje að hringla með hana sitt á hvað, og vildi gjarnan, að hann greiddi áfram atkvæði á mína ábyrgð. **(MT:** Hjer liggur ekki fyrir nein atkvæðagreiðsla!). Það er nú sama sem, þegar hv. þm. sendir hæstv. stj. áskorun um að breyta þvert á móti því, sem hann vildi láta hana gera í fyrra. — Jeg veit ekki, hvað farið hefir á milli hv. þm. og Klemensar Jónssonar, en mjer finst það koma þinginu lítið við, þó að það hafi verið einhver ónot. En út af ummælum hans um mig og hv. þm. Borgf. vil jeg minna hann á, að sá hv. þm. hefir ætíð verið mjög eindregið á móti járnbrautarmálinu, svo að það er a. m. k. ekki sönnun fyrir, að hann trúi meira á mig en hv. 2. þm. Árn., nema síður sje.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. hefir bæði í þessari ræðu og áður gert mikið úr brjefi, sem hann segir, að sjer hafi verið sýnt, og leggur hann megináherslu á það sem sönnunargagn fyrir því, að peningar sjeu til. Jeg get lýst yfir því, að þetta brjef hefir ekki fylgt skjölum málsins eða umsókn fjelagsins. Jeg hefi að vísu fengið að sjá það, en alveg „prívat", og álít mig ekki hafa leyfi til að segja neitt úr því. En þar sem hv. 1. þm. Skagf. leggur svo mikið upp úr brjefinu, krefst jeg þess, að hann sjái fyrir, að það verði birt, svo að alþjóð megi dæma um, hvers virði það er.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. veit vel, að jeg á ekki brjefið og get því ekki ráðið, hvort það verður birt eða ekki. En jeg skal reyna að fá það birt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. hefir vitnað í þetta brjef, dregið ályktanir af því og bygt fullyrðingar á því. Hann er því skyldugur að birta brjefið, ef hann vill standa við orð sín.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki hægt að heimta af neinum, að hann

birti brjef, sem hann á ekki sjálfur. En jeg stend við það að reyna að fá brjefið birt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ef hv. þm. hefir ekki trygt sjer leyfi til að birta brjefið, hafði hann enga heimild til að koma með staðhæfingar bygðar á efni þess.

Magnús Guðmundsson: Jeg hafði fult leyfi frá eiganda brjefsins, Klemensi Jónssyni, til að segja það, sem jeg sagði úr brjefinu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta er alls ekki brjef, heldur afrit af brjefi. (**MG:** Hefir þá tengdafaðir hæstv. ráðh. falsað brjefið?). Brjefið er alls ekki til Klemensar Jónssonar, heldur er það afrit af brjefi til alt annars manns.

Forseti (BSv): Þá er umræðu þessa máls lokið. En þar sem svo mikið hefir verið rætt um samgöngumál, vildi jeg spyrja hv. formann samgmn., hvað liði nál. um frv. það til breytinga á vegalögum, er fram kom snemma þings.

Gunnar Sigurðsson: Nefndinni er þetta kærkomið tilefni til að lýsa yfir því, að henni hefir þótt tilgangslaust, að málið kæmi frekar til umræðu, þar sem vegamálastjóri hefir lýst sig andvígan öllum breytingum á vegalögum, nema helst þeirri, er jeg hefi borið fram, það er brtt. um veginn frá Garðsauka inn Fljótshlíð að Teigi, og þaðan yfir Þverá og Aurana austur yfir Markarfljót. En jeg beygði mig þó fyrir meiri hl. nefndarinnar, og vænti jeg, að hv. þd. sje okkur þakklát fyrir að gera ekkert til þess, að þetta mál þvælist fyrir henni og tefji umræður dögum saman. Vegamálastjóri var sem sagt á móti öllum breytingum, en taldi þó, að taka mætti mína tillögu til athugunar til næsta þings.

Forseti (BSv): Mjer þykir þessu undarlega svarað, því að jeg hugði, að Alþingi rjeði löggjöf í landinu, en ekki vegamálastjóri. Jeg hefi litið svo á til þessa, að hann væri aðeins þjónn þings og stjórnar, en ekki herra þeirra.

Gunnar Sigurðsson: Má vera að hæstv. forseta þyki svarið undarlegt, en jeg skýrði aðeins „objektivt" frá málavöxtum og áliti samgmn. Og jeg vænti, að hv. þd. virði okkur ekki svarið til verri vegar í þeim önnum, sem hjer eru nú, þar sem augljóst er, að engar breytingar ná fram að ganga á þinginu. — Það hefir og jafnan reynst örðugt að koma fram þeim breytingum, sem vegamálastjóri hefir lagt eindregið á móti. Þótt hann eigi ekki að ráða frá stjórnskipulegu sjónarmiði, er hann þó sá, sem flestir taka mest tillit til í vegamálum. Þetta fór alveg á sama hátt í fyrra, að þá varð ekkert af breytingum á vegalögunum, enda þótt frv. væri borið fram um þær.

Forseti (BSv): Það var full ástæða til að spyrja hv. nefnd, hvað þessu frv. liði, og engu síður, þótt sama hv. nefnd vanrækti í fyrra að skila nál. fyr en 2—3 dögum fyrir þinglausnir. Eftir þingsköpum getur forseti krafið

nefndir um álit, ef það dregst um skör fram, að þau komi. Því gerði jeg það nú, að gefnu tilefni, eftir hinar löngu umræður um samgöngumál.

Hannes Jónsson: Jeg vil aðeins geta þess sem minnar skoðunar, að það er ekki eingöngu vegna álits vegamálastjóra, að jeg er andvígur öllum breytingum á vegalögunum. Jeg lít svo á, að ekki beri að taka fleiri vegi upp í lögin fyr en búið er að leggja þá, sem nú þegar eru komnir þar. Jeg held, að það sje nógu rækilega rannsakað, að það sjeu nauðsynlegustu vegirnir, og til þess að ljúka þeim þarf stórfje á hverju ári, a. m. k. fram yfir 1940. Ef jeg á eitthvað um þetta mál að fjalla á næsta þingi, þarf jeg engra ráða að leita til vegamálastjóra, heldur verð jeg á móti öllum breytingum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

---

2. Skógar, kjarr og lyng.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er endurskoðun á nærfelt 20 ára gamalli löggjöf. Skógræktarstjóri samdi það upphaflega og sendi til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún bæri það fram á Alþingi. Stjórnin sneri sjer til Einars Helgasonar garðyrkjustjóra og leitaði álits hans um frv. Gerði hann við það nokkrar athugasemdir, sem stjórnin hefir tekið til greina. Jeg hygg, að greinargerð frv. geri nægilega grein fyrir þeim nýmælum, sem í því felast, svo að jeg mun ekki fara lengra út í þá sálma, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 54, 57).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er breyting á 19 ára gamalli löggjöf. Mun sú löggjöf vera einhver fyrsta lagasetning hjer á landi um friðun og græðslu skóga. Þegar hún var sett, var vitanlega ekki um neina innlenda reynslu eða þekkingu að ræða í þessu efni, svo að ekki varð hjá komist að byggja að miklu leyti á útlendum fyrirmyndum. Þó að ekki sje hægt að segja, að árangurinn af lögum þessum hafi orðið sjerlega mikill eða framfarirnar stórstígar, þá ber að viðurkenna, að nokkrar framfarir hafa orðið, einkum að því leyti, að þekking manna og skilningur á skógræktarmálum hefir aukist. Sjerstaklega má

segja, að þessa hafi orðið vart meðal yngri kynslóðarinnar, og spáir það góðu um framtíð skógræktarmálsins.

Það er því ekki undarlegt, þó að eftir 19 ár komi fram breyting á þeirri löggjöf, sem gilt hefir, þar sem menn þykjast vita, að nú muni nokkur innlend reynsla fengin um þessi mál. Um þetta frv. er það að segja, að í því felast í raun og veru engar miklar breytingar á fyrirkomulaginu eins og það er nú. Þær breytingar, sem gerðar eru, eru á þá leið, að það er komið undir skilningi og velvilja einstakra manna, sem hlynna vilja að skógrækt, hvort nokkuð verður gert framvegis til þess að friða skóg.

Þess er lauslega getið í nál., hverjar sjeu aðalbreytingarnar, og skal jeg ekki orðlengja um það. Landbn. flytur nokkrar brtt. við frv. Hún fjekk til viðtals skógræktarstjórann og Einar Helgason garðyrkjumann. Það voru einkum ákvæði 7. gr. frv., sem vöktu athygli nefndarinnar. Hún var í vafa um, hvort rjett væri að leyfa beit í skógunum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Nefndin spurðist ítarlega fyrir um þetta atriði hjá skógræktarstjóranum. Hann taldi, að engin hætta væri á skemdum á skógunum, þó að beitt væri í þá um sumartímann, en vetrarbeit væri slæm og hana þyrfti að útiloka.

Þá ætla jeg að minnast örfáum orðum á brtt. nefndarinnar.

1. brtt. er við 2. gr. frv. Nefndin vill setja inn í frv. ákvæði um að banna vetrarbeit í skógum, sem fjarri eru búfjárhögum eða í afrjettum liggja. Eins og kunnugt er, hafa víða hjer á landi frá fyrstu tíð haldist við skógar til dala og inni á afrjettum, þó að skógar, sem nær lágu sveitunum, hafi eyðilagst. Hinsvegar er það vitanlegt, að skógar inni á afrjettum eiga við engu blíðari náttúru að stríða en skógar nálægt sveitum, svo að ætla má, að mannshöndin hafi eyðilagt þá. Að skógar hafa haldist við til dala og afrjetta, sýnir, að þeir hafa þolað sumarbeitina, en ætla mætti, að þar sem skógar eru svo fjarri mannabygðum, að ekki er hægt að beita í þá á vetrum, muni ekki þurfa um það ákvæði í lögunum. En af sjerstakri ástæðu hefir nefndin gert þetta, aðallega vegna þriggja skóga: Þórsmerkur-, Bæjarstaða- og Núpsstaðaskóga. Um Þórsmerkurskóg hefir nefndin fengið þær upplýsingar, að búið sje að eyða miklu fje úr ríkissjóði til þess að girða hann, og þó er því verki ekki lokið. En samkvæmt umsögn skógræktarstjóra mundi sú girðing, þó að hún væri fullger, aldrei koma að notum til þess að koma í veg fyrir vetrarbeit. Og þar sem nefndinni hefir borist vitneskja um, að ýmsir fjáreigendur sjeu farnir að reka fje sitt þangað á haustin og láta það ganga þar sjálfala á vetrum, virðist henni ákvæði um þetta atriði vera nauðsynlegt, enda getur friðunin sparað girðingar í skógunum.

2. brtt. nefndarinnar er við 6. gr. Þar er bætt inn ákvæði um það, að atvinnumálaráðherra sje heimilt, „að fengnum tillögum skógræktarstjóra“, að veita eigendum eða notendum jarða, „eða jarðarskika“, tillag úr ríkissjóði til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, í þeim tilgangi að koma þar upp skógargróðri. Það var fyrirsjáanlegt, að atvinnumálaráðherra hefði ekki aðstöðu til þess að

geta dæmt um í hvert skifti, hvernig ástæður væru hjá þeim, sem hefðu sótt um styrkinn, nje heldur nægan kunnugleik á því, hvort rjett væri að leggja fram fje. Þetta er því einungis varúðarákvæði, til þess að ekki verði misnotaðar styrkveitingar í þessu skyni. Einnig hefir nefndin bætt inn orðinu „jarðarskika“. Svo stendur á því, að allmörg ungmennafjelög hafa fengið sjer bletti til þess að friða og rækta, og þessum áhugafjelögum vill nefndin koma undir ákvæði 6. gr., eins og eigendum og ábúendum jarða.

Þá skal jeg geta þess, að nefndin áleit nauðsynlegt að ákveða styrkinn að einhverju leyti í fjárlögum. Henni datt fyrst í hug að setja ákvæði um það inn í frv., en fjell frá því aftur og ljet sjer nægja að láta þess getið í framsögu, að hún ætlaðist til, að styrkurinn væri tekinn af því fje, sem annars er ætlað til skógræktar. Nefndin áleit sem sje, að ekki væri víst, að það fyrirkomulag stæði lengi, sem nú er um þann lið fjárlaganna, sem snertir þetta mál. Það gæti til dæmis hugsast, að í framtíðinni gengi skógræktarmálið inn undir Búnaðarfjelag Íslands og styrkur til þess yrði tekinn af því fje, sem veitt er til Búnaðarfjelagsins.

Um 3. brtt. þarf jeg ekki að tala. Hún er bein afleiðing af 1. brtt.

Jeg ætla að minnast nokkrum orðum á brtt. hv. 3. landsk. (JÞ). Það, sem fyrir honum vakir, er eiginlega það sama og vakir fyrir landbn. Og þó að nefndarmenn telji hans brtt. alls ekki nauðsynlegar, þá gera þær hinsvegar engan skaða. En jeg vil vekja athygli hv. dm. á 2. brtt. hv. 3. landsk. Það er tæpast hægt að bera hana upp sem brtt. við frv. sjálft, heldur sem brtt. við brtt. nefndarinnar, eða svo skilst mjer það vera.

Jón Þorláksson: Jeg hefi hjer komið fram með 2 brtt., sem eru á þskj. 57 og eiga við 5. og 6. gr. frv. þess, er hjer liggur fyrir, þar sem heimilað er að veita fje úr ríkissjóði til framkvæmda samkv. tilgangi frv. Brtt. eru til skýringar á því, að þessi kostnaður skuli greiddur af skógræktarfje. Jeg lít nú ekki svo á, að þessar brtt. geri neina efnisbreytingu á frv., því jeg geri ekki ráð fyrir því, að það sje ætlunin, að frv. meini þetta öðruvísi, enda þótt orðalagið gefi tilefni til að skilja það svo, að í því felist heimild um sjálfstæða greiðslu úr ríkissjóði. En sje það ekki meiningin, eins og mjer skildist á hv. frsm. (EÁ), þá er rjett að setja það skýrt fram. Og sjerstaklega er ástæða til þess, ef fjárveitingum til skógræktarinnar verður ráðið á annan hátt, t. d. þann, að Búnaðarfjelagi Íslands yrði fengið það til meðferðar, þá veitir frv. þetta, er að lögum verður, sjálfstæða heimild um greiðslu úr ríkissjóði.

Viðvíkjandi formi á þessum brtt., þá vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri síðari brtt. mína upp sem brtt. við brtt. nefndarinnar á þskj. 54, 2. lið við 6. gr. frv. Jeg geri sem sagt ráð fyrir því, að brtt. nefndarinnar verði samþ., og þá á mín brtt. að falla inn í hana.

Það er þá ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram viðvíkjandi þessum brtt., en mun þó, áður en jeg sest, víkja nokkrum orðum að frv. í heild sinni. Er það einkum tvent, sem mjer þykir athugavert. Í 6. gr. frv. er ákveðið

framlag ríkissjóðs; skal það vera girðingarefni, komið á næstu höfn, og verkstjórn við uppsetningu, hvorki meira nje minna. Mjer þykir nokkuð óheppilegt að einskorða þetta svo, því stundum gæti það komið fyrir, að ríkissjóður kæmist af með minna framlag en þetta, er svo stendur á. Mjer þætti heppilegra að tiltaka aðeins hámark framlagsins, og vildi skjóta því til hv. nefndar, hvort hún teldi fært að laga þetta með innskoti í frv. Þá er það og svo með verkstjórann, að óþægilegt getur verið að útvega hann, þegar enginn maður, sem skógræktin hefir í þjónustu sinni, er nálægt, en um smáar girðingar er að ræða. Gæti þá orðið óþarfa kostnaður að útvega mann, enda oft um hæfa menn að ræða á staðnum. Álít jeg því heppilegra, þegar um smærri girðingar er að ræða, að heimilt sje að fela hlutaðeigandi mönnum að koma þeim upp, en taka þær síðan út. Gætu starfsmenn skógræktarinnar gert það, er þeir ættu næst leið um það svæði. Í sambandi við 8. gr. frv. má geta þess, að þó samningarnir um hin girtu svæði sjeu að vísu þinglýstir, þá er hegningin, ef samningur er brotinn, sú, að skógræktarstjóri getur, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, tekið girðinguna burt á kostnað notanda eða eiganda. — Mjer þykir óviðfeldið, þegar ríkissjóður leggur til fje á þennan hátt, að hafa engin bein viðurlög. Að girðingin sje tekin burtu, er að vísu hugsanlegt. En það gæti nú líka farið svo, að henni yrði lofað að standa og ganga úr sjer, þar sem hún er.

Þá þykir mjer ákvæði frv. um það atriði, hversu mikla beit megi leyfa á hinum afgirtu svæðum, nokkuð rúmt. Friðunin er þó óneitanlega höfuðatriði skógræktarinnar. Skógræktarstjóra er samkv. frv. heimilt að leyfa beit kúa og sauðfjár frá 20. júní til 1. október. Jeg skal að vísu játa það, að þar sem mikill skógur er fyrir, þá mundi það ekki saka, þó nokkuð væri beitt. En þar sem skóglaust land er tekið til ræktunar, þá er það gefið, að ekkert verður úr skógrækt, ef beit er leyfð. Nú eru það stór svæði af landinu, jafnvel heilar sýslur, og þær ekki svo fáar, sem enginn skógur er. En nú má ætla, að margur vildi fá girta afmælda landspildu, sem þá gæti verið þægilegt að hafa búfje í, t. d. að taka upp fráfærur og hafa ærnar í girðingunni yfir sumarið. En það þarf enginn að segja mjer, að þar geti vaxið upp nýr skógur, sem sauðfje er beitt.

Þá tel jeg það ósamræmi í frv., að þótt skógræktarstjóri vilji ekki leyfa beit á hinu afgirta svæði lengur en til 1. október, þá getur þó skógarvörður leyft beitina lengur, eða til 1. nóvember. Það er óviðkunnanlegt, að undirmaður geti á þennan hátt tekið ráðin af yfirmanni sínum. — Jeg vil ekki rengja hv. nefnd um, að skógræktarstjóri hafi talið heppilegt að hafa frv. þetta eins og það er, en mjer finst vart hafa kent nægs skilnings á því, hvernig það ætti að vera og hvað þarf að gera. Enda hefir farið svo, að margt af því hefir mistekist, sem gert hefir verið um hans daga. — Þar sem þetta er mikilsvert mál vegna framtíðarinnar, þá hefir mjer þótt rjett að gera þessar aths. um þau atriði frv., þar sem mjer finst kenna alt of mikils linleika í ákvæð-

um þess og votts um of lina hugsun hjá forstöðumönnum þessa máls.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get lýst yfir því, að jeg er samþykkur till. hv. landbn. Sömuleiðis er jeg samþykkur brtt. hv. 3. landsk. (JÞ). Jeg tel, að frv. feli ekki í sjer heimild til sjerstakra fjárveitinga. Get því fallist á þær.

Um athugasemdir hv. sama þm. um frv. skal jeg ekki fjölyrða. Aðeins skal jeg geta þess, að frv. þetta er ekki borið fram að frumkvæði stj., heldur var það skógræktarstjórinn, sem óskaði, að það væri borið fram. En jeg get tekið undir það með hv. þm., að jeg er ekki ánægður með árangurinn af starfi því, sem int hefir verið af hendi á liðnum árum í þágu skógræktarinnar. Enda hefi jeg áður látið þá skoðun mína í ljós. Mun skortur á nægri þekkingu á staðháttum hafa valdið, og mun það trauðlega lagast fyr en nýr maður tekur við. — Fyrir ca. 20 árum var mikill áhugi fyrir skógrækt innan ungmennafjelaganna. Þá hefði mátt fá mikla hjálp frá þeim sem sjálfboðaliðum til að vinna þessu máli gagn. En það hefir farist fyrir, að sú hjálp væri notuð.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg get verið fáorður um brtt. hv. 3. landsk. (JÞ), því auðvitað ber okkur þar ekki neitt sjerstaklega mikið á milli En þó sje jeg ekki, að þessar brtt. hafi mikla þýðingu, því vitanlega yrði þessi kostnaður greiddur af því fje, sem heimilað er til skógræktar í fjárlögunum. Og þótt forstjórn þessara mála væri lögð undir Búnaðarfjelag Íslands, þá mundi sama regla haldast um það, sem áður hefði gilt.

Hv. 3. landsk. hafði ýmislegt við frv. þetta að athuga. Get jeg verið honum sammála um sumt af því, ef hægt væri að koma því í framkvæmd. En því er ekki að leyna, að ýmsir örðugleikar geta verið á því og við margt að stríða. Reynsla og þekking er enn lítil á þessu máli hjá almenningi, og skógræktarstjórinn og skógarverðir hafa oft orðið að láta undan kröfum þeirra, er skógana áttu. Girðingar til friðunar hafa venjulega orðið að gerast á því landi, sem nota þurfti til beitar, og hefir þá orðið að taka tillit til þeirra manna, er höfðu afnotarjett landsins. Jeg tók fram áður, að nefndin leit líkum augum á þetta atriði sem hv. 3. landsk., en vantaði sjerþekkingu til að segja það rangt vera, sem skógræktarstjórinn hjelt fram í málinu, og treysti sjer ekki til að ganga móti hans vilja í þessu efni. — Ef land er tekið til nýræktar, þá er nú gert ráð fyrir því í frv., að það sje girt og varið.

Um framlög ríkissjóðs til girðinganna, að þau sjeu fastákveðin, skal jeg ekki deila. Það er sumt, sem mælir með því, en sumt á móti. Sje t. d. miðað við sandgræðsluna, sem er styrkt að $\frac{2}{3}$ af ríkisfje, þá verður að gæta þess, að þar er um það að ræða að gera blásið land verðmætt. En um skógræktina er það svo, að þar er einatt verið að takmarka afnot manna af landi. Um verkstjórnina er það að segja, að ákvæðið um, að landið leggi til verkstjórann, er aðeins smáatriði. Því má svo koma fyrir í framkvæmdinni, sem haganlegast þykir. En um hitt, að ríkissjóður greiði vissan hluta

kostnaðarins, þá er eigi víst, hve mikill hagur er að því fyrir hann, því mat er ekki ávalt sem ábyggilegast, svo það gæti komið fyrir, að styrkurinn yrði í sumum tilfellum óþarflega mikill, en í öðrum máske of lítill.

Jón Þorláksson: Jeg þarf ekki að eyða fleiri orðum að brtt. mínum, þar sem bæði hæstv. atvmrh. og hv. frsm. töldu þær vera til skýringar á skilningi þeirra á frv.

Það gladdi mig að heyra það álit þeirra, að þeir væru í raun og veru ekki ánægðir með frv. eins og það kom frá skógræktarstjóra. En með tilliti til orða hv. frsm., að frv. gerði ráð fyrir því, að lönd, sem tekin væru til nýræktar, væru alfriðuð, þá er það nú tvíbent í frv., en því væri hægt að ná með brtt. til 3. umr.

Frsm. kvartaði undan litlum skilningi manna á skógræktarmálinu. Svona lagaákvæði eru einmitt ekki vel fallin til að auka hann, þar sem gert er ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut, að þessi afgirtu lönd verði notuð til beitar.

Eftir að hafa heyrt þessar undirtektir við aths. mínar, þykir mjer rjett að athuga, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um þær til 3. umr., og segi því ekki meira nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 54,1 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57,1 samþ. með 8:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57,2 samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 54,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 54,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 67, 72).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 72. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. þetta á þskj. 72, og get jeg verið fáorður um efni þeirra, því að það bar hjer um bil alt á góma við 2. umr. Tvær fyrri brtt. mínar, við 6. gr., ganga í þá átt, að framlag ríkissjóðs verði ekki einskorðað með lögum, eins og nú er eftir frv., þannig að ef einhversstaðar stæði svo á, að ástæða þætti til, að það yrði minna, þá gæti það orðið svo án þess að lögin væru brotin. En jeg geri ráð fyrir, að þó að brtt. mínar yrðu samþ., þá mundi venjulega reglan verða sú sama og gert er ráð fyrir í frv.

Þá er 3. brtt. mín, við 7. gr., og hefi jeg leyft mjer að orða greinina upp. Eftir 7. gr. frv. eins og hún er nú er ekki nægilega skýr munur gerður á því, að beit má aldrei leyfa í landi, sem girt hefir verið til þess að koma þar upp nýjum skógargróðri, en hinsvegar getur verið meinlaust að leyfa

beit í skóglendi, þó girt sje. Með ákvæðum frv. er þetta lagt alveg leiðbeiningarlaust á vald skógræktarstjórans.

Sem sagt, jeg vona, að þetta verði ekki skoðað sem nein efnisbreyting, heldur sem nauðsynleg skýring og leiðbeining fyrir þá, sem eiga að hafa framkvæmd laganna með höndum.

Frsm. (Einar Árnason): Vegna þess að brtt. þessar, sem hjer liggja fyrir, komu ekki fram fyr en nú í fundarbyrjun, hefi jeg ekki getað borið mig saman við samnefndarmenn mína í landbn. um þær.

Jeg veit því ekki, hvernig nefndin í heild sinni lítur á þær og verð að segja það, sem jeg segi hjer, á eigin ábyrgð.

Mjer skilst, að brtt. við 6. gr. sjeu miðaðar við það, að framlag ríkissjóðs verði eða geti orðið minna til þessara girðinga, og væri það í sjálfu sjer auðvitað gott, að ríkissjóður yrði fyrir sem minstum útgjöldum. En eins og jeg tók fram við 2. umr., hafa slíkar girðingar oftast nær í för með sjer, að nytjar jarðanna rýrast, og er því hætt við, að menn yrðu síður fúsir á að ráðast í framkvæmdir, ef framlagið væri minna. Þannig má búast við, að eftir því sem framlag ríkissjóðs yrði minna, yrði minna gert að því að hlynna að skógrækt í landinu. Að þessu athuguðu get jeg ekki álitið, að brtt. hv. 3. landsk. (JÞ) við 6. gr. sjeu þannig vaxnar, að þær mundu, ef samþ. yrðu, verða til þess að lyfta undir framkvæmdir í þessu máli, og jeg get ímyndað mjer, að meiri hluti nefndarinnar sje á sömu skoðun.

Þá er 3. brtt. hv. þm. (JÞ), og er 7. gr. frv. þar orðuð alveg upp. Í fljótu bragði virðist ekki vera hjer um efnisbreytingu að ræða. Um það, sem hv. flm. tók fram um muninn á landi með nýjum skógargróðri og landi, þar sem skógur hefði verið áður, er nefndin auðvitað alveg sammála honum, en jeg verð að halda því fram, að þessi munur sje ákveðinn fullskýrt í frv.-greininni eins og hún nú er orðuð. Aftur er um hitt atriðið að segja, þar sem hann vill gera nánari fyrirmæli um, hvernig skógræktarstjóri veiti heimildina, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð um þetta, og það hefir nefndin talið nóg. Jeg verð að líta svo á, að tvær fyrri brtt. sjeu frekar til spillis málinu, en sú þriðja óþörf.

Jón Þorláksson: Jeg skil það vel, að háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) finnist óþarfi, að jeg sje að koma og umbæta verk þeirrar nefndar, sem hann er frsm. fyrir. Það er þetta, sem jeg held að sje aðalundirstaðan undir ummælum þeim, sem hann hefir haft um till. mínar. Annars er hv. þm. (EÁ) svo gamall og vanur löggjafarstarfinu, að hann ætti að skilja það, að fjölbreytnin er í þessu efni sem öðrum svo mikil, að það er ekki gott, að ákvæðin sjeu mjög einskorðuð. Við skulum taka til dæmis, að land, sem taka á til nýræktar, sje áður girt að nokkru leyti; þar sje til dæmis landamerkjagirðing. Þá verður ekki komist hjá því, að sú girðing, sem fyrir er, verður hluti af skógargirðingunni, og væri þá ekki annað en rjett, að framlagið úr ríkissjóði væri minna en ella. Alt ann-

að væri rangt gagnvart hinum, sem verða að gera að öllu leyti nýja girðingu. Þegar svona tilfelli koma fyrir, hlýtur framkvæmdarstjórnin að sjá, að lögin eru illa smíðuð. Og þannig má halda lengi áfram að telja upp slík tilfelli, þar sem þessi einskorðaða regla reynist óhentug, og ef reynt verður að lifa eftir henni, verður framkvæmdin óeðlileg. Hv. þm. (EÁ) má eiga það víst, að það kemur í ljós, að það hefði verið betra að hafa orðalagið þannig, að framkvæmdarstjórnin hefði dálítið meira svigrúm án þess að þurfa að brjóta lögin.

Þriðju brtt. minni hafði hv. þm. ekkert sjerstakt á móti, en jeg verð nú að álíta, að 7. gr. væri betur orðuð eftir minni till. Annars hefi jeg ekki skilið 2. gr. svo, að í þeim reglum, sem setja á samkvæmt henni, eigi að vera frekari fyrirmæli um rjett skógræktarstjórans til að veita leyfið. En jeg skal játa, að það má lappa upp á missmíði greinarinnar, með því að bæta því inn í 7. gr., ef brtt. mín verður feld.

Svo skal jeg geta þess, þar sem hv. þm. talaði um, að brtt. mínum væri of seint útbýtt, að frv. endurprentað kom ekki fyr en svo seint, að jeg skrifaði þá þegar brtt. mínar og gat ekki skilað þeim fyr en þetta.

Frsm. (Einar Árnason): Það er rjett, að það er ekki sök hv. þm. (JÞ), að brtt. komu svo seint. Það stafar aðeins af því, að málið kemur svo fljótt á dagskrá.

En það atriði, sem hv. 3. landsk. (JÞ) mintist á, hvernig ætti að fara að, ef eldri girðing væri fyrir einhverjum hluta þess svæðis, sem ætti að girða, breytir í rauninni engu, t. d. ef landamerkjagirðing væri þar fyrir. Ríkissjóður verður að tryggja sjer það, að hann hafi yfirráð yfir þessari girðingu, og þá að sjálfsögðu verður hann að leggja fram fje að einhverju leyti, sem svarar þeim kostnaði, sem sú girðing, sett upp að nýju, mundi kosta. Það er nauðsynlegt, vegna þess að ef einhver annar á girðinguna, þá getur hann tekið hana upp hvenær sem er, en það eru engin vandræði að vita, hve mikið framlag ríkissjóðs skuli vera til þeirra girðinga, sem fyrir eru, svo að það sje í samræmi við aðrar girðingar, sem settar eru upp um þetta skógræktarsvæði. Jeg held, að það sje engin hætta á því, að það verði nein vandræði út af þessu framlagi, þótt það verði eins og ákveðið er í frv. Það mundi oftast nær verða miðað við það, sem talað er um í frv., og jeg býst við, að ef ríkissjóður leggur einhversstaðar fram eins og sem svarar öllu girðingarefni, þá vilji allir aðrir, sem á nokkurn hátt geta það, einnig fá þau kjör.

Þá skildist mjer, að hv. 3. landsk. þætti ekki trygging fyrir því, að þær reglur, sem nefndar eru í 2. gr., næðu út yfir alt það, sem hann vill vera láta. En landbn. bætti þar inn í einu orði. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að setja reglur um meðferð skóga og kjarrs. Nefndin kynti sjer þessa reglugerð, en í henni er ekkert annað en reglur fyrir því, hvernig eigi að höggva skóg. Nefndin bætir þess vegna inn í 2. gr. frv. orðinu „notkun“, og með því hafði hún það fyrir augum, hvernig skóglendi yrði notað til beitar, og ætlast nefndin til, að einmitt þetta atriði komi fram í

reglugerðinni. Gerir hún ráð fyrir, að það geti staðið svo sjerstaklega á sumstaðar, að hyggilegra sje að hafa þetta ákvæði í reglugerð heldur en í lögunum sjálfum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Þetta er í rauninni ekkert stórmál, svo það er ekki mikil ástæða fyrir mig til að taka afstöðu til þess. En mjer þykir nokkur vafi á því, hvort þetta frv. sje til verulegra bóta, því mjer finst í raun og veru, að eðlilegast væri, að það væri á valdi ríkisstjórnarinnar, hvar væri varið fje í þessu skyni. En mjer finst, að það sje að mestu leyti á valdi þeirra, sem landið eiga, hvað gert verður í þessu efni, svo að mjer þykir sem þetta gefi mönnum að sumu leyti óþarflega mikið undir fótinn með það að seilast eftir fje úr ríkissjóði til þessara hluta, og þykir mjer ekki ólíklegt, að það kunni að verða notað þar, sem ekki sje mikil ástæða til, eða lítill árangur verði af. En í raun og veru er málið ekki svo mikils virði, að jeg vilji leggja neitt kapp á það.

Að því er mjer virðist, þá eru tvær fyrri brtt. á þskj. 72 heldur til bóta, að því leyti, að það verður ekki eins greiður gangur að því að heimta fje þar, sem lítil ástæða er til að hefjast handa í þessu efni.

Að því er snertir brtt. við 7. gr., þá vil jeg geta þess, að það er eitt atriði í frvgr., sem mjer þykir dálítið óeðlilegt; það er það vald, sem komið gæti til mála, að skógarvörður hefði fram yfir skógræktarstjóra, að skógarvörður geti leyft nytjar lands fram yfir það, sem skógræktarstjóri hefir heimild til. Auðvitað getur staðið nokkuð misjafnt á um landið, en samt er óeðlilegt, að tímatakmarkið skuli ekki vera það sama, og finst mjer því, að sú bót sje að brtt., að þetta ósamræmi verði leiðrjett með því að samþykkja hana.

Það hefði kannske verið allra rjettast að taka ekki ákvörðun um þetta mál þegar á þessum fundi, þar sem nefndin hefir ekki haft tækifæri til að ræða brtt.

En þrátt fyrir það, þó þetta mál sje í sjálfu sjer ekki mikils virði, verð jeg samt að álíta það rjettara að greiða heldur atkv. með brtt., þar sem það þó virðist vera tilgangur þeirra að hindra ríkissjóð frá að leggja fje í það, sem lítill eða enginn árangur verður af.

ATKVGR.

Brtt. 72,1 feld með 7:6 atkv.
— 72,2 feld með 7:6 atkv.
— 72,3 feld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 67).

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins taka það fram, að hjer er um að ræða endurskoðun á 20 ára gamalli, úreltri löggjöf. Frv. er sniðið eftir till. skógræktarstjóra, en jafnframt hefir garðyrkjustjóri haft það til meðferðar. Það hefir nú verið rækilega athugað í hv.

Ed. og gerðar á því nokkrar breytingar. Vona jeg, að hv. Nd. sjái sjer fært að samþykkja það, en legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 119).

Frsm. (Lárus Helgason): Eins og hv. þdm. hafa eflaust tekið eftir, þá eru ekki nema 4 nefndarmenn skrifaðir undir þetta nál. En það kemur af því, að einn nefndarmaður, hv. 1. þm. Árn. (JörB), var fjarverandi. Hefir hann því vitanlega óbundnar hendur í þessu máli. Eins og sjest á nál., hafa þessir 4 nefndarmenn lagt til, að frv. sje samþ. óbreytt. Er því varla ástæða til að halda langa framsöguræðu um málið. Þó vil jeg minnast lítið eitt á 2. gr. frv., vegna þess, að helst mætti ætla, að hún gæti valdið misskilningi. Það er ekki útlit fyrir, að hún geti átt víða við. Skógræktarstjórinn álítur, að ekki sje nema um 2—3 slíka staði að ræða hjer á landi. Einkum mun hann hafa átt við Þórsmörk, er þessi gr. var samin. Annars sker atvmrh. úr ágreiningi, er verða kann um þessa gr. En um fje, sem sjálfkrafa rennur á slík ógirt lönd, er það að segja, að til þess nær þessi gr. auðvitað ekki, því slíkt er ekki hægt að banna.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg þekki einn staðinn af þessum 3, sem skógræktarstjóri talaði um. Það er Núpsstaðaskógur. Væri heimild þessi notuð, þá kæmi það í bága við notkun bóndans á Núpsstað á greindu landi, sem hann má alls ekki missa af að nota og sem engin ástæða væri að koma í veg fyrir á nokkurn hátt. Að vísu hefir hann þar ekki fje yfir veturinn, aðeins á sumrin. En svo hagar til, að hann verður að reka þær kindur, er hann hefir þar, í apríl, vegna jökulvatna, sem eru á leiðinni og ófær eru, þegar kemur fram á vor. Nefndinni þótti rjett, að á þetta væri minst í framsögu, þar sem um svo fáa staði er að ræða hjer á landi, sem frvgr. getur átt við. — Þá hefir skógræktarstjóri minst á það við nefndina, að hann sje ekki ánægður með eitt orð í 7. gr. frv., þar sem skógarvörðum er heimilað að leyfa eigendum eða notendum að hafa fje innan hins girta svæðis til 1. nóv., ef hið girta svæði er stórt og í því skóglaus mýrarsund o. s. frv. Hann telur, að þar hafi orðið þau mistök, að í stað „skógarvörður" hafi átt að standa: atvinnumálaráðherra eða skógræktarstjóri. En nefndin var ekki á sama máli og hann um þetta og vill láta gr. standa óbreytta. Hún telur, að skógarvörður, stöðu sinnar vegna, muni hafa betra vit á og vera kunnugri en atvmrh. um, hvað óhætt sje í þessu efni. Jeg tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Jeg vona, að það nái fram að ganga og að það geti orðið skógræktinni að liði, svo að hún gangi betur hjer eftir en hingað til á þessu landi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 67, 156).

Frsm. (Lárus Helgason): Það þarf ekki langt mál til að skýra þessa brtt., sem landbn. flytur á þskj. 156. Við nánari athugun sá nefndin, að rjett var að bæta inn í 7. gr. einu orði, þar sem skógræktarstjóra er heimilað að leyfa beit í hinu friðaða landi. Nefndin sá enga ástæðu til að banna að beita þar hrossum, því að það er alkunna, að þau skemma slíkt land miklu síður en sauðfje. Verður málsliðurinn þá þannig, þegar orðinu „hrossum" er bætt við: „Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm, hrossum og sauðfje frá 20. júní til 1. október".

Hjer er ekki um neina aðra breytingu að ræða, og vona jeg, að háttv. deild sjái ekki neitt athugavert við það að taka þessa brtt. til greina.

ATKVGR.
Brtt. 156 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 22. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 158).

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er komið aftur frá Nd. Hefir verið bætt inn í 7. gr. einu orði, „hrossum". Landbn. sjer ekki ástæðu til að gera ágreining út af þessu, en leggur til, að frv. verði samþ.

Jón Þorláksson: Jeg álít ákvæði 7. gr. frv. um að leyfa að nota skógsvæði sem beitiland alt sumarið og fram á haust svo mikla afturför frá þeim ákvæðum, sem gilt hafa um þetta efni, að jeg get ekki greitt því atkv. mitt. Jeg geri mjer hinsvegar vonir um, að svo mikill áhugi sje fyrir skógrækt í landinu, að ef tími vinst til þess að athuga málið, muni verða fitjað upp að nýju á nauðsynlegum endurbótum á löggjöfinni, en þá sneitt hjá þessum ágalla, sem jeg tel svo mikinn, að hann gengur næst því að leggja alla starfsemi í þessu efni niður.

Frsm. (Einar Árnason): Háttv. 3. landsk. (JÞ) taldi ákvæði 7. gr. frv. þess eðlis, að frv. væri afturför frá því ástandi, sem verið hefir. Þetta get jeg ekki fallist á. Í frv. er gert ráð fyrir, að girt verði stór svæði, sem nú eru ógirt. Á þessum svæðum ganga nú allar skepnur sumar og vetur. En ef girðing kemst upp, er tekið fyrir vetrarbeit. Að vísu væri æskilegt, ef hægt væri að koma því við, sem hv. 3. landsk. vill, að skógsvæði sjeu friðuð alt árið. En nefndin býst ekki við, að girðingar geti komist á alment með því að taka allar nytjar svæðisins undan þeirri gagnsemi, sem ábúendur jarða hafa af þeim. Nefndin telur, að frv. sje spor í rjetta átt, en hinsvegar viðurkennir hún, að með því sje

ekki gengið eins langt og þörf væri á um skógrækt, ef aðeins er litið á þá hlið málsins, en ekki það gagn, sem bændur hafa af beitinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 218).

3. Lífeyrir starfsmanna Búnaðarfjelagsins.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands (stjfrv., A. 21).

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er kunnugt, að langt er síðan mönnum er orðið það ljóst, að nauðsynlegt sje að tryggja það, að embættismenn og starfsmenn ríkisins geti átt eitthvert athvarf, þegar þeir, vegna elli eða heilsuleysis, geta ekki lengur sjeð fyrir sjer og sínum. Að vísu var það áður fyrri eitthvert helsta „agitations-númerið" á þingmálafundum víðsvegar um landið að afnema öll eftirlaun. Nú er öldin önnur og niðurstaðan orðin sú, að æ lengra er gengið í þá átt að tryggja það, að embættismenn og starfsmenn ríkisins geti átt kost á að lifa sæmilegu lífi á elliárum sínum.

Lögin um lífeyri embættismanna og starfsmanna ríkisins hafa ekki reynst nægilega víðtæk. Eins og sjá má af frv. því, sem hjer liggur fyrir, hafa komið fram óskir frá stofnun, sem jeg tel, að megi nefna ríkisstofnun, um það, að starfsmenn hennar öðlist samskonar hlunnindi og aðrir starfsmenn ríkisins. Jeg geri ekki ráð fyrir að þurfa að tala um þetta langt mál. Í fyrsta lagi mundi breyting sú, sem hjer er farið fram á, verða útgjaldalítil fyrir ríkissjóð. Ennfremur stendur svo sjerstaklega á, að skólastjórinn við annan bændaskólann lætur nú af því starfi og gengur í þjónustu Búnaðarfjelags Íslands, og mundi hann þannig missa eftirlaunarjettindi sín, ef ekkert væri að gert. En það er meðfram að undirlagi skólastjórans á Hólum, að mál þetta er fram borið.

Nú má vel vera, að enn sjeu einhverjir menn eða stofnanir, sem kynnu að óska þessara sömu rjettinda. En jeg sje ekkert á móti því, að þær óskir verði teknar til athugunar, þegar þær koma fram.

Þar sem það er ekki venja að halda langar ræður við 1. umr. málanna, nema sjerstaklega standi á, ætla jeg að láta nægja þessi fáu orð. Vænti jeg, að máli þessu verði vel tekið, en þar sem það getur ekki skoðast sem eiginlegt fjárhagsmál, ætti líklega helst að vísa því til allshn.

Magnús Jónsson: Það voru náttúrlega fögur orð, sem hæstv. fjmrh. (MK) sagði um það, að þegar menn væru búnir að slíta sjer út í þjónustu ríkisins, þá mætti ekki kasta þeim út á kaldan klakann í ellinni. En jeg verð að segja, að þannig er um búið lífeyrissjóð embættismanna, að það yrði að minsta kosti ekki nema jarð-

neskur sælustaður fyrir þá, sem kæmust undir ákvæði hans. Jeg vil beina því til þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar, — og að rjettu lagi ætti það að vera fjhn. —, hvort hún vildi ekki athuga yfirleitt lögin um lífeyrissjóð embættismanna. Væri svo ekki rjettast, fyrst á annað borð er verið að hreyfa við þessu máli, að taka fleiri menn undir lögin en starfsmenn Búnaðarfjelagsins? Jeg hygg, að það sje athugamál, hvort ástæða sje til að bíða eftir því, að menn gefi sig fram. Jeg vil ennfremur benda hv. nefnd á, að það að taka nýja menn undir ákvæði laganna um lífeyrissjóð embættismanna hefir áhrif á afkomu sjóðsins, vegna þess, að sjóðurinn lifir ekki eingöngu á framlögum, heldur líka á stofnsjóði. Það gæti því þurft að athuga, hvort ekki ætti að hækka stofnsjóðinn. Æskilegast væri, að hv. nefnd vildi athuga kjör starfsmanna ríkisins og hvort ekki væri frekari breytinga þörf en hjer er farið fram á.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil aðeins gera það að tillögu minni, að mál þetta fari til fjhn. Mjer finst það hvergi eiga frekar heima en þar, þar sem það snertir útgjöld fyrir ríkissjóð, og vil beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh., að hann fallist á þessa tillögu.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg álít ekki, að ummæli hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hafi gefið mjer tilefni til svars. En það gæti orðið erfiðleikum bundið að taka nú þegar alla undir lögin, sem til mála gætu komið. Þegar laun slíkra starfsmanna eru lág, eða þeir gefa sig ekki að starfinu nema að nokkru leyti og fást við önnur störf jafnframt, þá er vandamál að skera úr, hvað gera skuli.

Um stofnsjóðinn má geta þess, að hann hefir að vísu verið nokkur styrkur, en eftir því sem hann vex, gætir þess minna. En jeg hefi ekkert á móti því, að tekið væri til athugunar, hvort ekki mundi vera rjett að styrkja hann frekar. Með það fyrir augum get jeg fallist á tillögu hv. 2. þm. Rang. (GunnS) um, að vísa skuli málinu til fjhn.

Pjetur Ottesen: Jeg vil einungis benda á, að þegar slík mál sem þetta hafa legið fyrir þinginu að undanförnu, hefir þeim altaf verið vísað til allshn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla aðeins að gera örlitla athugasemd út af þeim orðum hv. 1. þm. Reykv. (MJ), hvort ekki bæri að taka fleiri stofnanir inn undir ákvæði lífeyrissjóðslaganna en Búnaðarfjelagið.

Þegar stjórninni barst brjef frá Búnaðarfjelagi Íslands um þetta mál, sneri atvmrh. sjer til Fiskifjelagsins og spurði, hvort það óskaði eftir að njóta sömu kjara og hjer er farið fram á. Stjórn Fiskifjelagsins svaraði með brjefi, að hún gæti ekki lagt til, að svo yrði eins og nú stæðu sakir.

Magnús Jónsson: Mjer þykir gott að heyra, að mál þetta er svona vel undirbúið af hendi hæstv. stj. En hvað rjettast er að gera, fer ekki einungis eftir því, hvað menn óska að gert sje. Stundum hefir reynslan orðið sú, að slíkum tryggingum hefir

svo að segja orðið að neyða upp á menn.

Jeg er hissa á þeim upplýsingum, sem hv. þm. Borgf. (PO) gaf. Launamál fara auðvitað altaf til fjhn. En það gæti að vísu komið til mála að vísa þessu frv. til landbn., þar sem það fjallar um kjör starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til fjhn. með 19:3 atkv.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 58).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það sjest af nál., að fjhn. hefir fallist á frv.

Það verður að teljast æskilegt, að sem flestir borgarar þjóðfjelagsins tryggi fjárhagslega afkomu sína á elliárunum, enda verið um það rætt allmikið að gera það jafnvel að skyldu öllum borgurum þjóðfjelagsins. En það hefir ekki verið árætt ennþá að ganga svo langt. Ríkið hefir þó tekið upp það ráð að gera starfsmönnum sínum að skyldu að gera þetta. Því virðist það vera rjett, ef sótt er á um það að tryggja sig á elliárunum, að þá sje ekki staðið á móti því, og allra síst þegar svo stendur á, að um er að ræða menn, sem hafa líka aðstöðu til ríkisins eins og starfsmenn þess, og er fyrir því gerð grein í greinargerð frv., að svo er um þessa starfsmenn Búnaðarfjelagsins. Þetta eru þær almennu ástæður til að fallast á frv.

Það var bent á það við 1. umr. þessa máls, hvort ekki mundu vera líkar ástæður um fleiri en starfsmenn Búnaðarfjelagsins, og voru þá sjerstaklega tilnefndir starfsmenn Fiskifjelagsins. Nefndin leitaði til stjórnar Fiskifjelagsins um þetta, og skýrði hún svo frá, að það væri ekki, því að Fiskifjelagið hefði enga fasta starfsmenn, sem sambærilegir væru við starfsmenn Búnaðarfjelagsins, enda engin ósk um þetta frá þeim.

Það var einnig bent á það við 1. umr., að það væri ástæða til að athuga, hvort lífeyrissjóðurinn væri þannig staddur fjárhagslega, að hann gæti vel tekið við fleiri mönnum. Nefndin leitaði um þetta til reikningshaldara sjóðsins og fjekk þær upplýsingar, að sjóðurinn væri yfir höfuð vel staddur. Hann var stofnaður með 50 þús. kr. framlagi frá ríkinu. Það mun hafa verið árið 1921, og síðan hefir hann vaxið allört, fyrstu árin um rúmar 50 þús. kr. á ári, og eitt árið um nær 100 þús. kr., sem stafaði af vaxtabrjefakaupum, sem hann hafði hagnað af. Það er ekki búið að gera upp reikning sjóðsins fyrir síðastl. ár, en reikningshaldarinn sagði mjer, að sjóðurinn myndi nú vera orðinn um 600 þús. kr., og taldi ekkert athugavert við að ganga að þessu frá fjárhagslegu sjónarmiði lífeyrissjóðsins.

Ákvæði þessa frv. mundu taka til þeirra starfsmanna Búnaðarfjelagsins, sem eru ráðnir með erindisbrjefi, en það eru 8 manns, tveir búnaðarmálastjórar og sex ráðunautar.

Jeg vil þá víkja að brtt. nefndarinnar. Eins og allir vita, er nokkur munur á ráðningarháttum starfsmanna Búnaðarfjelagsins og ríkisins, því að fastir starfsmenn þess fá ekki veitingarbrjef fyrir starfa sínum, heldur fá þeir erindisbrjef til óákveðins tíma, og er báðum aðiljum heimilt að segja upp samningnum með nokkrum fyrirvara. Eins og frv. kom frá hæstv. stjórn er ekki sjeð fyrir því, hvernig fari, ef einhver starfsmaður fer úr þjónustu fjelagsins fyrir þá sök, að uppsagnarrjettarins er neytt af annarshvors hálfu. Í lífeyrislögunum er svo ákveðið, ef embætti er lagt niður, að embættismaðurinn hafi rjett til annaðhvort að fá útborguð iðgjöld sín, vaxta- og affallalaust, eða, ef hann kýs heldur, að láta þau standa í sjóðnum og fá þá á sínum tíma rjett til lífeyris. Þessi brtt. áskilur starfsmönnum Búnaðarfjelagsins sama rjett, ef þeir fara úr fjelagsins þjónustu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins þakka hv. nefnd greiða og góða afgreiðslu þessa máls. Jeg hygg, að brtt. hennar sje til bóta og sje nauðsynlegur viðauki við frv. Vænti jeg þess, að hún nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt 58 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 73).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Af hálfu nefndarinnar hefi jeg ekkert frekar um frv. þetta að segja en tekið var fram við 2. umr. Leyfi mjer aðeins að óska, að það fái að ganga áfram til efri deildar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 73).

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Þótt þetta mál virðist smámál, þá verður því ekki neitað, að það er mjög mikilsvert, enda hefir það fengið allgóðar undirtektir í Nd.

Að vísu hefir Nd. aukið nokkru við frv., en jeg álít, að það sje aðeins til bóta og geri frv. aðgengilegra.

Með þessu frv. er stigið spor í rjetta átt, því að jeg álít, að stefna beri að því að afla sem flestum landsmönnum aðstöðu til þess að tryggja sjer fastan lífeyri eða varasjóð, sem þeir geti gripið til á elliárunum. Hvað snertir þessa starfsmenn Búnaðarfjelagsins, þá er það ekki einungis eftir ósk þeirra, að þetta frv. er fram borið, heldur einnig af hálfu Búnaðarfjelagsins sjálfs. Tel jeg því fullgildar ástæður fyrir því, að mál þetta nái fram að ganga. Sje jeg svo ekki á-

stæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en álít vafalaust, að frv. verði samþykt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins beina því til fjhn., að það væri mjög æskilegt, að hún afgreiddi málið fljótt. Svo stendur á, að það er undir afgreiðslu þessa máls komið, hvort skólastjórastaðan á Hólum losnar, og vegna þeirrar ráðstöfunar væri æskilegt, að málinu væri flýtt.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg gerði ekki till. um að vísa málinu til nefndar, vegna þess að æskilegt væri, að málinu væri hraðað svo sem hægt er.

Jón Þorláksson: Jeg legg til, að málinu verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 188).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og drepið er á í nál., fjekk fjhn., undir meðferð þessa máls, erindi frá 5 af starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, og var þar farið þess á leit við nefndina, að frv. væri breytt í þá átt, að ákvæði þess væru heimild, en ekki skylda. Nefndin leit svo á, að rjett væri að verða við þessari ósk starfsmannanna, og hefir hún því orðað frv-gr. upp aftur. Jeg sje ekki annað en að það sje rjettasta leiðin að heimila starfsmönnum Búnaðarfjelagsins að tryggja sjer lífeyri, en ekki skylda þá, þar sem ýmsir meðal þeirra óska ekki eftir því.

ATKVGR.

Brtt. 188 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 227).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 227).

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Frv. þetta hefir tekið dálítilli breytingu í hv. efri deild, sem er í því fólgin, að þar sem í frv., eins og það var afgr. hjeðan, var skylda fyrir þessa starfsmenn að kaupa sjer lífeyri, þá er þeim það nú í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja tryggja sjer þennan lífeyri eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti tel breytinguna ekki til bóta, en get þó látið hlutlaust, hvort frv. verður samþykt eða ekki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 272).

4. Laun embættismanna (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Hjer er ekki um neitt nýmæli að ræða, heldur aðeins framlengingu á núverandi ástandi. Lögin um laun embættismanna frá 1919 voru framlengd á þinginu 1925, en ganga úr gildi um næstu áramót. Það er því óhjákvæmilegt að gera annaðhvort meiriháttar undirbúning til nýrrar lagasetningar eða að framlengja núgildandi lög. Jafnvel þó að stjórninni sje ljóst, að fyrirkomulagið um laun embættismanna yfirleitt kunni að vera orðið úrelt, þá er þetta hinsvegar svo umfangsmikið mál, að ekki má gera verulegar breytingar án vandlegrar athugunar og undirbúnings. Jeg álít því, að hæpið sje, að breytingum á þessum lögum verði vel ráðið til lykta, þó að þm. færu að starfa að því nú. Jeg álít, að málið væri best komið í milliþinganefnd, og væri þá eðlilegt, að embættismennirnir sjálfir fengju íhlutunarrjett um málið og ættu kost á að hafa mann úr sínum hópi í þeirri nefnd.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að svo stöddu. Það getur ekki leikið vafi á, til hvaða nefndar á að vísa því, sem sje fjhn., og geri jeg það hjer með að tillögu minni.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að fara út í þetta mál eins nákvæmlega og gæti verið ástæða til. Það tæki of langan tíma, jafnvel þó að ekki væri farið út í einstök atriði.

Jeg býst við, að ýmsum starfsmönnum ríkisins þyki það vonbrigði, að mál þetta skuli ekki vera meira undirbúið en raun er á. Það er öllum kunnugt, að mjög sterklega rökstuddar óskir embættismanna, er lágu fyrir þinginu í fyrra, voru kveðnar niður með þeirri röksemd, að endurskoðun launalaganna lægi við borð. Jeg hugsa, að þessi klögumál eða hróp embættismannanna í fyrra hafi helst þaggast niður af því, að nú höfðu þeir von um, að lögin yrðu endurskoðuð. Það er alveg rjett hjá hæstv. fjmrh., að mál þetta er nokkuð þungt í vöfunum fyrir þingnefnd. Það þarf ekki aðeins smábóta við, heldur gagngerðra breytinga. Og einmitt þess vegna þurfti það að fá undirbúning stjórnar. En fyrst stj. hefir ekki undirbúið málið til fulls, þá verður fyrst um sinn að hverfa að því að lappa upp á dýrtíðaruppbótina. Hv. þm. geta skorið úr því með atkv. sínu, hvort þeim þyki rjettmætt að draga ⅓ frá dýrtíðaruppbótinni, eins og nú er gert. Það er mjög einfalt mál.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri

spurningu til hæstv. fjmrh., hvort nokkurt erindi hefir borist stj. frá starfsmönnum ríkisins um launamálið. Hann mintist á milliþinganefnd í þessu máli, sem jeg get fallist á, að yrði erfitt að koma í kring. Þrátt fyrir það, að launanefndin hjerna um árið yrði einhver sú óvinsælasta milliþinganefnd — (**Einhver:** Af embættismönnum). Af öllum, svo að altaf er vitnað í hana, þegar verið er að standa á móti kröfum um milliþinganefndir, — þá býst jeg við samt sem áður, að þetta verði kannske ekki vel unnið nema milliþinganefnd komi til.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. stj., hvort stj. ætlar þá að bera fram till. um milliþinganefnd á þessu þingi.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) byrjaði ræðu sína með því að láta í ljós, að honum og að líkindum flestum af starfsmönnum ríkisins mundi verða nokkur vonbrigði, að málið kom hjer fram í þeirri mynd sem það er komið. Jeg verð að segja, að jeg álít þvert á móti, að þeim muni ekki geta orðið það mikil vonbrigði.

Viðvíkjandi spurningu hv. þm. um það, hvort nokkuð lægi fyrir frá stjórn Sambands starfsmanna ríkisins, er það að segja, að jeg bjóst við, að tilefni gæfist að upplýsa það, þótt jeg nefndi það ekki í fyrstu. Það er einmitt svo, að skjal liggur fyrir frá stjórn Sambandsins. Og eftir því, sem jeg skil það, er það einmitt ósk Sambandsins, að málið yrði ekki afráðið á annan hátt en þann, að milliþinganefnd yrði skipuð, einmitt þar sem Sambandið hefði tækifæri til þess að koma að áhrifum sínum gegnum sinn eiginn fulltrúa. Svo að þess vegna hygg jeg, að öllu athuguðu, að það hafi ekki eiginlega verið hægt að fara neina leið, sem nær gæti komið vilja hlutaðeigandi embættismanna, nema því aðeins, að rokið væri í það umsvifalaust, undirbúningslaust og hugsunarlítið að hækka laun þeirra svo að verulega miklu nemi.

En nú er því svo varið, að fjárhagur ríkisins hefir reynst erfiðari en við var búist, þannig að útkoma þessa síðasta reikningsárs verður talsvert bágbornari en menn höfðu búist við. Það er meðfram af þessari ástæðu, að það virðist ekki rjett að hrapa svo mjög að þessu. Jeg hygg það sje rjetta leiðin, að þingið fyrst og fremst fái að athuga málið.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. (**MJ:** Hæstv. ráðherra á eftir að svara spurningu minni). Jeg vil ekki svara þessari spurningu afdráttarlaust, því að það hlýtur að hafa mjög mikil áhrif, hvernig sú þingnefnd snýr sjer í málinu, sem fær það til meðferðar. Er því að minni hyggju ótímabært að svara þessari spurningu afdráttarlaust.

Magnús Jónsson: Jeg hefi ekki fylgst með í störfum stjórnar Sambands starfsmanna ríkisins, en mjer kemur þetta ákaflega einkennilega fyrir, að hún skuli hafa skrifað stj. á þessa leið, að hún hafi verið ánægð með kjörin eins og þau eru. Mjer skildist á hæstv. ráðh., að fyrir lægi brjef á þá leið, að þeir legðu til, að málið færi í nefnd, en kærðu sig ekki um, að frekar yrði í því gert að svo komnu.

Á síðasta þingi fór stjórn Sambands-

ins fram á nokkra hækkun á dýrtíðaruppbót. Sætti jeg töluvert þungum ávítunum, en litlum vinsældum meðal minna samstarfsmanna fyrir það, hve laust jeg hafði haldið á því máli í fyrra, enda verð jeg að segja, að jeg á dálítið erfiða aðstöðu; því það er leiðinlegt að berjast fyrir því máli, sem snertir mann sjálfan ákaflega mikið.

Þarna fann jeg þá greinilegan vott þess, að starfsmennirnir voru óánægðir með kjör sín. Þykir mjer merkilegt, ef þeir verða ekki fyrir vonbrigðum, er þeir sjá, hvernig stjórnin tekur í málið nú.

Hæstv. ráðh. vildi ekki gefa svar um, hvort stjórnin mundi leggja til fyrir sitt leyti, að milliþinganefnd yrði skipuð í málið. Það gerir raunar ekki mikið til; það má bera málið fram, þó að liðið sje á þingið. En mjer er hinsvegar ekki vel ljóst, hvað undirtektir fjhn. hafa að segja í þessu máli, nema fjhn. takist að leysa svo vel úr þessu, að ekkert þurfi þar um að bæta. En jeg er sammála því, sem hæstv. fjmrh. sagði í fyrstu ræðu sinni, að um það sjeu litlar eða hjer um bil engar vonir.

Ef þingið á að gera umbót á þessu máli, verður það að vera með einhverju einföldu ráði, svo sem dýrtíðaruppbót. Við getum lítið spáð um framtíðina, en ýmislegt sýnist benda í þá átt, að verðlag ætti að fara að verða nokkuð stöðugt í landinu. Jeg býst við, að hæstv. stjórn, eftir sinni stefnu, reyni að koma í veg fyrir, að gildi peninganna haggist hjer eftir, og mætti þá sennilega fá endanlega ákveðin laun embættismanna, og yrði þar með látinn hverfa af þeim þessi dýrtíðar-, bráðabirgða- og stríðsbragur, sem á þeim lögum hefir verið nú um hríð.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er í raun og veru mjög lítið tilefni fyrir mig að standa upp, því að jeg sje naumast annað en háttv. 1. þm. Reykv. sje nokkurn veginn sammála því, sem fram hefir komið í málinu. Hann er því sammála, að litlar líkur sjeu til þess, að þingið muni geta gengið frá málinu nú, svo að viðunandi sje. Það er auðvitað, að Samband starfsmanna ríkisins heldur altaf á lofti þeirri sömu kröfu, sem kom fram á síðasta þingi. Þarf varla að taka það fram sjerstaklega. Auðvitað er enginn annar vegur en að leggja málið fyrir þingið. En undirbúningur allra starfa, sem nauðsynleg voru fyrir þing, var langtum styttri en áður hefir átt sjer stað. Það hljóta allir að sjá, að þar sem stj. hefir ekki setið meira en 4 mánuði og hefir öllum venjulegum störfum að gegna auk undirbúnings margra mála. Og þegar þar við bætist, að þingið hefst nálega mánuði fyr en venjulega, þá hygg jeg öllum hljóti að vera ljóst, að það verði ekki með nokkurri sanngirni heimtað af stj., að hún geti komið með rækilega undirbúin önnur eins stórmál og þetta, sem hjer er um að ræða.

Jeg hygg því, að þetta mál sje á rjettri leið. Till. er borin upp um það, að þetta ástand, sem nú er, haldist þangað til annað nýtt og betra er fundið. Því að jeg geri fastlega ráð fyrir, að það hefði ekki þótt viðeigandi að láta þetta ákvæði um dýrtíðaruppbót — enda þótt hún þyki af skornum skamti — niður falla án þess

að nokkuð kæmi í staðinn. Jeg tel því, að stj. hafi ekki átt annars úrkostar en bera málið fram eins og hún hefir gert.

Magnús Jónsson: Mjer fanst það liggja í róminum hjá hæstv. fjmrh., þegar hann talaði um erindi stjórnar starfsmannasambandsins, að það væri í raun rjettri ekki mikið mark á því takandi. Þessi fjelagsstjórn yrði auðvitað að standa vel í ístaðinu fyrir sína menn, en slíkt mætti ekki taka of alvarlega.

Út af þessu vil jeg segja það, að erindið var ákaflega sterklega rökstutt. Það var fjarri því, að það væri sett fram sem málamyndarkrafa; og jeg held meira að segja, að allir hv. þm. hafi orðið að hallast að þeim rökum, sem færð voru fyrir því, að starfsmenn ríkisins hefðu of lág laun, en það sje bara getuleysi, sem geri það að verkum, að menn skoða huga sinn um það, hvort eigi úr því að bæta.

Auðvitað er tíminn stuttur fyrir stj. að undirbúa mál. En það lá mjög skýrt fyrir t. d. að hækka dýrtíðaruppbótina, þannig að hún sje reiknuð af öllum launum, en ekki ⅔. Og það er svo einfalt, að það þurfti ekki þrjá mánuði eða þrjár vikur eða þrjá daga, — ekki nema þrjá klukkutíma fyrir stj. til þess að setja í launalögin ákvæði um þetta, ef hún áleit það rjett. Og það getur verið alveg eins mikil ástæða til að setja milliþinganefnd í launamálinu, þótt stj. hefði borið fram þessa breytingu.

Af því að þetta á að vera aðeins stutt aths., ætla jeg ekki að lengja umr., en mjer skildist hæstv. ráðherra taka orð mín svo, að jeg færi fram á, að stj. sjálf breytti launalögunum. Mjer datt vitaskuld ekki í hug annað en það mál kæmi í frv.-formi fyrir þingið.

Jeg fjölyrði svo ekki um málið, en vil fyrir mitt leyti fela það þeirri nefnd, sem fær það til fyrirgreiðslu. Það, sem farið er fram á af hálfu starfsmanna ríkisins, er ákaflega einfalt; aðeins er það að athuga, hvort hægt sje vegna fjárhags ríkissjóðs að verða við kröfum þeirra eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 125).

Frsm. (Hannes Jónsson): Jeg býst ekki við að þurfa að vera margorður um þetta frv. Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með, að það nái fram að ganga. Dýrtíðaruppbót á launum embættismanna, sem ákveðin er með lögum frá 1919 og breytingu á þeim lögum frá 1925, getur að áliti nefndarinnar á engan hátt niður fallið. Fyrir nefndinni hafa legið ýms gögn viðvíkjandi breytingum á dýrtíðaruppbótinni, sem mundu valda ríkissjóði allmikilla útgjalda. Ef farið yrði að kröfum sambands embættismanna ríkisins, mundi það kosta ríkissjóð hjer um bil 293 þús. kr., en eins og fjárhag ríkisins er nú háttað, sjer nefndin ekki fært að mæla með slíku. Hún hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eins og nú standa sakir, muni ekki annað heppilegra en að samþykkja frv. eins og

það liggur fyrir. Að öðru leyti vill nefndin, að stj. undirbúi framtíðarskipulag launamálanna, eftir því sem unt er, fyrir næsta þing. Það er augljóst, að þetta þing getur ekki gengið svo frá þeim málum, að vel sje. Á meðan verðlag í landinu er ekki búið að jafna sig betur genginu, er enginn grundvöllur fenginn, er hægt sje að byggja á. Búreikningsvísitala hagstofunnar er stöðugum breytingum undirorpin. Síðustu árin hefir hún lækkað töluvert, og jeg býst við, að enn eigi eftir að verða á henni breytingar svo mikilvægar, að endanlegt skipulag launamálanna geti ekki komið til greina, fyr en jafnvægi er fengið.

Tveir nefndarmenn hafa skrifað undir nál. með fyrirvara. Jeg býst við, að þeir geri grein fyrir sinni sjerstöðu, en hún er í því fólgin, að þeir taka sjerstaka aðstöðu til undirbúnings launamálanna. En jeg get ekki ætlað, að sú endanlega ákvörðun verði tekin, fyr en á því ári, sem ákvæðin um dýrtíðaruppbótina ná síðast yfir. Það virðist því vera nægur tími til stefnu, ef frv. það, sem hjer liggur fyrir, nær fram að ganga. Það, sem fyrir mjer vakir persónulega, er það, að stjórnin athugi launamálin fyrir næsta þing og rannsaki þá einkum grunnlögin frá 1919, svo hægt væri að leiðrjetta, ef ástæða væri til, hlutföllin í launakjörum embættismannanna. Það er einkennilegt, hvað grunnlaunin hækka afskaplega misjafnt hjá hinum ýmsu embættismönnum. Og það er merkilegt, að einmitt þeir embættismennirnir, sem fastast hafa staðið saman og haldið fram kröfum um launahækkun, eru í hæsta hækkunarflokkinum.

Jeg hygg, að undirbúningur stjórnarinnar geti ekki orðið svo ákveðinn og víðtækur, að þegar á næsta þingi verði hægt að byggja á honum til fulls. Á undanförnum árum hefir ekki tekist að finna hagkvæmari grundvöll fyrir laun embættismanna en þann, sem bygt var á 1919, enda hefir, mjer vitanlega, ekkert verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar síðan 1925 til þess að finna slíkan grundvöll. Fyrv. fjmrh. lýsti því yfir á þinginu 1925, að sú aðferð, sem farin var 1919 til þess að bæta embættismönnum upp laun þeirra í hlutfalli við dýrtíðina í landinu, hefði gengið svo nærri sanngirniskröfum þeirra, að önnur leið væri ekki líklegri til betri árangurs í því efni.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer í stuttri aths. að gera grein fyrir, í hverju fyrirvari minn liggur. Jeg er því ekki mótfallinn, að stj. verði falið að rannsaka þetta mál, en jeg álít, að málið sje svo mikilvægt, að sjálfsagt sje að skipa nú þegar milliþinganefnd, er taki það til meðferðar. Jeg vil geta þess, þó að það að vísu ráði engu sjerstöku um þetta efni, að embættismenn ríkisins hafa eindregið borið þá ósk fram, að þeir mættu hafa mann úr sínum hópi í milliþinganefndinni.

Þá vil jeg benda á eitt atriði, sem jeg tel vera mikinn galla á þessu máli. Það er sem sje gerður alt of lítill munur á þeim embættum, sem eru erfið og vandasöm, og hinum, sem eru ljett og heimta litla vinnu. Þó að litið sje burt frá embættismönnunum sjálfum, þá hefir það mikla þýðingu fyrir þjóðina, að gerður sje munur í þessu efni. Engum blandast hugur um, að það

skiftir miklu, þegar um vandasöm embætti er að ræða, að í þau fáist hæfileikamenn. Ef þau eru launuð betur en önnur embætti, skapar það kapp hjá embættismönnunum um að verða sem færastir til að gegna slíkum embættum. Jeg vil benda á það, að áður en lögin frá 1919 gengu í gildi, voru viss embætti, t. d. bæjarfógetaembættið á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og í Reykjavík, talin alveg sjerstakt keppikefli. Nú er öðru máli að gegna. Þessi embætti eru miklu erfiðari en önnur sýslumannsembætti, en launin eru lítið hærri. Það verður að athuga það, að svo framarlega sem laun embættismanna eru of lág, fást ekki nema ljelegir menn í embættin, þannig að slíkt getur orðið til þess að snúa straumi hæfileikamannanna frá embættisbrautinni.

Ef stj. er falið þetta mál, þá er mögulegt, að henni geti tekist að ráða fram úr því án þess að skipuð sje milliþinganefnd. Ef stj. væri ekki búin að undirbúa málið fyrir næsta þing, eins og hv. frsm. (HJ) gerði ráð fyrir, og þá þyrfti að skipa milliþinganefnd, mundi sú nefnd ekki geta unnið svo fljótt, að endanlegt skipulag yrði fengið fyrir 1930. Þess vegna álít jeg best að skipa milliþinganefnd nú þegar og fela síðan stjórninni málið til rækilegrar íhugunar. Þó að það sje athugað í milliþinganefnd, þá er það stjórnin, sem mestu ræður um úrslitin. Að þessu vjek hæstv. fjmrh. í sinni ræðu, og jeg er honum alveg sammála. Ýmislegt mundi vinnast við þetta. Það mundi vekja traust hjá embættismönnum ríkisins, sem eru mjög óánægðir með kjör sín, og hafa að ýmsu leyti ástæðu til að vera óánægðir, ef þeir vissu, að nú yrði mál þeirra tekið til íhugunar í milliþinganefnd, þar sem þeir hefðu jafnvel fulltrúa úr sínum hópi.

Ólafur Thors: Jeg hefi skrifað undir nál. fjhn. með fyrirvara. En fyrirvarinn er í því fólginn, hvort ekki mundi vera tiltækilegt að framlengja gildi ákvæðanna um dýrtíðaruppbót embættismanna til ársloka 1929, í stað ársloka 1930, eins og segir í stjfrv. Jeg geri ráð fyrir, að við 3. umr. muni jeg bera fram brtt. um þetta efni. Jeg skal fyllilega játa, að þetta er mjög umfangsmikið mál, en hinsvegar er töluvert langur tími til stefnu, þó að ákvæðin gildi ekki nema til ársloka 1929.

Um milliþinganefnd, sem nál. fjhn. gerir ráð fyrir, hefi jeg líka sjerstöðu. Jeg hefði helst óskað, að stj. undirbyggi launamálin fyrir næsta þing án milliþinganefndar og tæki sjer til aðstoðar kunnugustu menn á þessu sviði. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Dal. (SE), að æskilegt væri, að starfsmenn ríkisins hefðu tækifæri til að vinna með að undirbúningi málsins. Hinsvegar legg jeg ekki mikið upp úr milliþinganefnd, meðal annars af því, að það er stjórnin og þingið, sem ræður hinu endanlega skipulagi, en ekki tillögur einhverrar og einhverrar milliþinganefndar. Mjer er sagt, að till. slíkra nefnda hafi verið mjög að vettugi virtar, þegar þær hafa verið lagðar fyrir Alþingi áður.

Frsm. (Hannes Jónsson): Hv. þm. Dal. sagðist ekki vera því mótfallinn, að stj. rannsakaði þetta mál, en betra væri að skipa milliþinganefnd nú þeg-

ar. Mjer kemur þetta kynlega fyrir sjónir. Jeg veit ekki betur en að það væri hann og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem báru þá ósk fram í nefndinni, að sú leið yrði farin að vísa málinu til stjórnarinnar. Hv. þm. (SE) sagði, að ef skipuð yrði milliþinganefnd á næsta þingi, mundi sú nefnd skila svo seint af sjer, að stjórninni ynnist ekki tími til að ganga frá málinu fyrir 1930. Jeg hefi enga ástæðu til að ætla það. En hinsvegar er alveg óvíst, hvort þá, 1930,verður kominn tími til að ákveða hið endanlega skipulag launamálanna. Verðlag í landinu getur verið á þann veg, að enn þurfi að framlengja núgildandi ákvæði.

Hv. 2. þm. G.-K. sagðist vilja framlengja núgildandi ákvæði til ársloka 1929, í stað 1930. Það þykir mjer líka mjög kynlegt. Í nefndinni var hann okkur hinum algerlega sammála um, að samþykkja bæri frv. eins og það lá fyrir. Fyrirvari hv. þm. var aðeins um undirbúning þeirrar launalöggjafar, sem við tæki 1930. Þetta er bókað í fundargerð fjhn., og jeg skil ekki, að hv. þm. hlaupi frá því, sem hann hefir þar samþykt.

Ólafur Thors: Jeg verð að lýsa undrun minni yfir þessum fáu orðum hv. frsm. Jeg veit vel, að jeg gerði ekki fyrirvara minn fyr en jeg að forminu til var búinn að samþykkja frv. En það er undarlegur skrípaleikur, sem hv. frsm. leikur hjer. Hann kemur fram hátíðlega og lætur eins og aldrei hafi gerst það, sem honum hlýtur þó að vera í fersku minni. Hv. þm. er varla svo minnislaus, að hann muni ekki eftir þeim umræðum, sem urðu um fyrirvara minn í nefndinni, þótt ekki sjeu þær skráðar í fundargerðina.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er líka, eins og hv. 2. þm. G.-K., undrandi yfir ræðu hv. frsm. Það er að vísu satt, að þegar hæstv. fjmrh. kom á fund nefndarinnar, þá var talað um þann mögulegleika, að stj. væri látin undirbúa það fyrir næsta þing. En á síðasta fundi nefndarinnar tók jeg það einmitt fram, í hverju minn fyrirvari lægi. Jeg skal samt ekki úthella úr neinum reiðiskálum yfir hv. frsm. fyrir þetta. Jeg verð að gera ráð fyrir, að eftirtökuleysi valdi. En hitt vil jeg segja, að það er álit mitt, að betra sje að skipa milliþinganefnd í launamálið. Og jeg hygg, að það mætti einkum gleðja hæstv. stj., ef það væri gert, því þetta er erfitt verk og vandasamt. Fyrir mjer vakir aðeins það, að sem best niðurstaða fáist í þessu máli, án þess jeg ætli að fara að fylgja því fram af neinu ofurkappi, að milliþinganefnd verði skipuð, sem jeg tel þó bestu og hyggilegustu leiðina. En ef máli þessu er nú vísað til stjórnarinnar, en svo skipuð milliþinganefnd í það 1929, þá er tíminn orðinn of naumur fyrir stjórnina að athuga það fyrir Alþingi 1930.

Frsm. (Hannes Jónsson): Hv. samnefndarmenn mínir, 2. þm. G.-K. og þm. Dal., hafa báðir talið sig vera hissa yfir ræðu minni áðan. En jeg get aftur á móti sagt, að jeg sje ekkert hissa á þeim, eða rjettara sagt, að jeg er hættur að vera hissa á þeim.

Jeg býst samt við, að þeir eigi erfitt með að hrekja það, sem jeg sagði, enda er það að nokkru leyti viðurkent af hv. 2. þm. G.-K. — Hv. þm. var búinn að ganga inn á að samþykkja frv. óbreytt, þótt honum hafi síðar komið til hugar, að betra væri að láta það aðeins gilda til 1929. En jeg skal skýra till. þessara hv. þm. nánar. Hv. 2. þm. G.-K. vill breyta frv. í þá átt, að lögin gildi aðeins til 1929. Hv. þm. Dal. heldur því aftur á móti fram, að mál þetta þurfi svo mikils undirbúnings við, að setja beri nú þegar í það milliþinganefnd, með það fyrir augum, að það verði endanlega afgreitt 1930. Till. eða skoðanir þessara hv. þm. eru því illa samrýmanlegar hvor annari. Ef málið á að afgreiðast á þingi 1929, samkv. skoðun hv. 2. þm. G.-K., þá verður undirbúningstíminn síst lengri heldur en ef stjórnin athugar málið til næsta þings, þótt því þingi þætti þörf á að skipa í það milliþinganefnd vegna endanlegrar afgreiðslu 1930. Ef skoðun hv. 2. þm. G.-K. er frambærileg, þá hefir hún í raun og veru lagt að velli skoðun hv. þm. Dal. (**SE:** Jeg hefi ekki sagt, að málið ætti að afgreiðast á Alþingi 1929). Nei; en jeg var að bera saman fyrirvaratill. hv. samnefndarmanna minna og sýna fram á, að röksemdir þeirra gætu ekki samrýmst hvor annari. Jeg tel þó skoðun hv. 2. þm. G.-K. betri. Hún yrði kostnaðarminni og væri máske framkvæmanleg, ef grundvallarskilyrðið vantaði ekki. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá tel jeg of snemt að ráða máli þessu til endanlegra lykta á þingi 1929, og verður jafnvel of fljótt á þinginu 1930. Verðlagið þarf að laga sig eftir genginu áður. Sem stendur er það að breytast. Síðastliðið ár var lækkun á búvísitölunni 8%, og á sjálfsagt enn eftir að lækka. En þetta er sá grundvöllur, sem á að bera uppi launalögin.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins endurtaka það, sem jeg hefi bent á áður, að fult rjettlæti fæst aldrei meðan dýrtíðaruppbótin af sömu launaupphæð er alstaðar höfð jöfn, vegna þess hvað verðlagið er misjafnt á landinu. T. d. það, að veita sömu uppbót í Reykjavík og uppi í sveit skapar misjafna aðstöðu hjá embættismönnum. Dýrtíðaruppbætur eru til þess greiddar að bæta að nokkru þá verðlagsbreytingu, sem lággengi og þar af leiðandi verðhækkun lífsnauðsynja skapar.

Sje litið á fyrirkomulagið hjá öðrum þjóðum, þá sjest, að þar er mikið gert til að leiðrjetta það misrjetti, sem mismunandi aðstaða skapar. Í Danmörku, Þýskalandi og, að því er jeg ætla, líka í Svíþjóð, er dýrtíðaruppbótin þrenskonar og ávalt hærri í dýrtíðarhjeruðunum. Sumstaðar eru uppbætur að nokkrum hluta miðaðar við stærð fjölskyldna. Til þess að ná nokkurn veginn jafnrjetti til handa starfs- og embættismönnum þurfa dýrtíðarbætur að vera margskonar, t. d. staðarbætur, fjölskyldubætur o. s. frv., auk hinnar ákveðnu verðlagsuppbótar.

Jeg vildi aðeins benda á þetta, hæstv. stj. eða öðrum þeim, sem um málið fjalla, til athugunar.

Halldór Stefánsson: Jeg hefði gjarnan viljað jafna þann ágreining, sem orðið hefir milli hv. meðnefndarmanna minna, frsm. annarsvegar og

2. þm. G.-K. og þm. Dal. hinsvegar. Jeg kannast við þessa fyrirvara þeirra og að þeir komu fram í nefndinni, en þó ekki fyr en nefndin var einróma búin að bóka álit sitt. Það varð þó að samkomulagi innan nefndarinnar, að þeir mættu átölulaust koma fram með fyrirvarana, og ætti því alt orðaskak um það að vera óþarft hjer í deildinni.

Hvað milliþinganefnd viðvíkur, þá álít jeg gott að komast hjá henni, vegna þess kostnaðar, sem af henni leiðir, og reynslan misjöfn hvað árangurinn snertir. Hinsvegar er ekki loku fyrir það skotið, að setja megi nefnd í málið, ef þurfa þykir. Til þess er nægur tími á næsta þingi.

Ólafur Thors: Jeg vil aðeins benda hv. frsm. á það, að þótt verðlag kunni eitthvað að jafnast, þá kemst það þó aldrei á fastan grundvöll, sem ekki geti raskast.

Jeg vil þakka hv. form. nefndarinnar (HStef) fyrir það, að staðfesta ummæli okkar hv. þm. Dal. um, að fyrirvari okkar hefði fullan rjett á sjer og hefði samþykki nefndarinnar. Þar með er hrakin umsögn hv. frsm. um þetta. — Jeg er nú að vísu ungur, og situr því máske illa á mjer að gefa öðrum ráð. En jeg vil þó ráðleggja hv. frsm. að fara varlega í það að skýra rangt frá niðurstöðum nefnda. Gæti svo farið, að það yrði til að kljúfa nefndirnar og þeir, sem ekki geta unað við rangan málflutning, fengju sjer annan frsm.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins vekja eftirtekt hv. frsm. á því, að jeg ætlaðist ekki til, að milliþinganefnd sú, er jeg vildi skipa nú til að athuga launamálið, lyki störfum sínum fyrir næsta Alþingi, heldur væri nóg að hún lyki þeim svo snemma, að stjórnin gæti íhugað málið fyrir þing 1930. En hv. frsm. blandaði saman skoðun minni og till. hv. 2. þm. G.-K. Jeg vil þakka hv. form. nefndarinnar (H-Stef) fyrir það, að hann hefir sýnt það, að jeg hefi farið með rjett mál. Jeg skal samt ekki vera þungorður í garð hv. frsm. Vil líta svo á, að unggæðisháttur hafi valdið þessari frásögn hans.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 6, 157, 159).

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 159, um að sú eina breyting verði gerð á launalögunum, að þeir embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, fái sömu dýrtíðaruppbót og aðrir. Hjer er sem kunnugt er um að ræða sveitaprestana. Þegar dýrtíðaruppbótin var lögleidd í fyrstu, fengu þeir ⅔ hluta þeirrar dýrtíðaruppbótar, er aðrir fengu. Þegar lögin um dýrtíðaruppbót voru endurskoðuð síðast, var þessu breytt, en þó vantaði ⅙ hluta til þess, að prestar í sveit fengju sömu dýrtíðaruppbót og aðrir. Jeg gerði þá tilraun til þess að fá

þetta lagað, en tókst aðeins að hálfu. Jeg hygg, að sú hugsun, er liggur því til grundvallar, að þessir embættismenn fá lægri dýrtíðaruppbót en aðrir, sje algerlega röng. Þessir embættismenn eru langlægst launaðir og hafa minstar aukatekjur, og er það þeim mun ranglátara að láta þá fá minni dýrtíðaruppbót en aðra.

Þessari lægri dýrtíðaruppbót til stuðnings hefir verið bent á það, hve miklu ódýrara sje að lifa í sveit en í kaupstað. Því er þar til að svara fyrst, að sveitaprestar hafa bæði erfiðari prestaköll og lægri laun yfirleitt en prestar í kaupstöðum, sem vanalega hafa fjölmennari prestaköll og meiri aukatekjur af embætti sínu en sveitaprestar. Jeg álít því alls ekki rjett, að prestar í sveitum sjeu settir skör lægra en aðrir embættismenn.

Það kann að vera rjett, að það sje dýrara að lifa í kaupstað, en þó sækjast allir eftir því að komast þangað. Annarsvegar er ásóknin að komast í kaupstaðina, og hinsvegar er dregið úr launum sveitaprestanna; áranguriinn hlýtur að verða sá, þegar stundir líða, að í sveitirnar fæst ekki annað en úrkast þessara embættismanna. Það er búið að rýja sveitirnar svo að mentamönnum, að mjer finst ekki mega fara lengra á þeirri braut.

Loks má á það minna, að sveitaembættismennirnir fara á mis við fjölmörg þau þægindi, sem embættismenn í kaupstöðum njóta; en það er þá líka ekki sanngjarnt að refsa þeim fyrir það að fara á mis við þægindi.

Jeg veit ekki fyrir víst, hve mikil gjöld það yrðu fyrir ríkissjóð, ef það yrði að lögum, að embættismenn í sveitum nytu sömu dýrtíðaruppbótar og aðrir, en mikil gætu þau ekki verið. Eftir því, sem jeg hefi komist næst, geri jeg ráð fyrir, að það yrðu ca. 10 þús. kr. á ári.

Ólafur Thors: Jeg hefi borið hjer fram þá brtt., er jeg boðaði við 2. umr. þessa máls og gerði þá grein fyrir, að í stað „1930“ í niðurlagi frv. komi: 1929. Þessi brtt. mín er borin fram í fullu trausti þess, að sá tími nægi stjórninni til þess að athuga þetta mál svo, að hún sjái sjer fært að bera fram frv. um það á næsta þingi.

Viðvíkjandi till. hæstv. forsrh. vil jeg geta þess, að fjhn. hefir ekki athugað hana. Jeg álít það vel við eiga, að nefndinni gefist kostur á að rannsaka og ræða hana nánar, áður en hún er lögð fyrir hv. deild, og óska jeg því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg álít þessa brtt. mína svo einfalt mál, að ekki sje ástæða til þess að taka málið út af dagskrá hennar vegna.

Annars vil jeg geta þess, að jeg mun heldur leggja á móti brtt. hv. 2. þm. G.-K. Það er ástæðulaust að miða við svo stuttan tíma. Er alveg rangt að farið að fara að endurskoða lögin um laun embættismanna, fyr en fenginn hefir verið fastur grundvöllur í peningamálum. Það kann að vera, að hv. 2. þm. G.-K. álíti, að búið verði að festa peningana 1929, en jeg álít mjög vafasamt, að búið verði að ganga frá því til fulls þá.

Ólafur Thors: Hæstv. forsrh. skýrði

frá því í fyrri ræðu sinni, að áður hafi þessi till. orðið ágreiningsefni hjer á Alþingi. Nú er málið aftur á móti svo einfalt í hans augum, að honum finst ekki nema eðlilegt, að það verði afgreitt án þess að nefnd fái tækifæri til þess að fjalla um það. — Hæstv. forsrh. leggur á móti minni brtt. og færir þau rök, að ef stjórninni vinnist tími til, muni hún afljúka þessu máli fyrir 1929. Með sama rjetti get jeg sagt, að ef stj. er ekki nægilega undirbúin þá, megi framlengja þennan frest. Jeg vildi með till. minni gefa stj. það aðhald, að hún hraðaði máli þessu sem hægt er.

Hæstv. forsrh. sagði, að ekki væri unt að ákveða laun embættismanna fyr en búið væri að festa peningana. Jeg er þar ekki sammála hæstv. ráðherra, en þó svo væri, að þetta væri rjett, þá tel jeg ekki ólíklegt, ef þjóðin nýtur forsætis þessa hæstv. ráðh. til 1929, að þessu eina stóra áhugamáli hans hafi verið siglt heilu í höfn fyrir þann tíma. Jeg skil ekki í því, að hæstv. ráðh. sætti sig við það, að gengismálið, sem hann í ræðu og riti hefir nefnt „mál málanna“ og stöðugt blandað inn í umr. annara mála, verði ekki til lykta leitt innan þess tíma.

Jeg held því fast við brtt. mína og óska þess ennfremur, að málið verði tekið út af dagskrá. Vona jeg, að hv. form. fjhn. sje mjer sammála um það.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forsrh., að ef till. hans verður samþ., er með henni gerð breyting á grundvellinum undir dýrtíðaruppbótinni. Það, sem vakti fyrir nefndinni, var að reyna að humma það mál fram af sjer í þetta skifti. En ef farið verður að breyta lögum þessum á annað borð, þyrfti án efa að taka fleiri atriði í þeim til meðferðar en þetta eina. Jeg teldi því rjett, að nefndin fengi tækifæri til að athuga málið.

Halldór Stefánsson: Brtt. hæstv. forsrh. er svo einfalt mál, að jeg sje enga ástæðu til að tefja málið með því að taka það nú út af dagskrá og vísa því til nefndar. Það væri líka tafsöm afgreiðsla mála, ef það væri gert að venju að taka þau út af dagskrá einungis vegna þess, að brtt., sem fram koma, hefðu ekki verið athugaðar í nefnd.

Hvað brtt. sjálfa snertir vil jeg taka undir það með hv. þm. Dal., að það sje ekki ástæða til að breyta þessu atriði launalaganna fremur en öðrum, þegar lagt er til, að þau verði látin haldast óbreytt til bráðabirgða, enda gæti það leitt af sjer kröfur til fleiri breytinga.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. form. fjhn. (HStef) hefir tekið undir með mjer um það, sem við hv. 2. þm. G.-K. deildum um, hvort till. mín væri svo flókin, að þyrfti að taka málið út af dagskrá hennar vegna. Þetta mál hefir legið hjer svo oft fyrir áður, að það er öllum hv. þm. kunnugt, nema þá ef til vill hinum nýju þm. Hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M. bentu á, að hjer væri komið inn á atriði, sem leiddi það af sjer, að taka þyrfti fleira til athugunar. Jeg álít, að ef einhverjum sjerstökum aðilja er gert rangt til, þá beri að sjálfsögðu að reyna að leiðrjetta

það svo fljótt sem auðið er. Og það stendur svo sjerstaklega á um sveitaprestana, að þeir einir, og einmitt þeir, hafa orðið fyrir miklum misrjetti, því að þeir eru ekki aðeins lægst launaðir allra embættismanna, heldur hafa þeir líka minsta dýrtíðaruppbót. Jeg vil því láta greiða atkv. um það í deildinni, hvort þetta eigi að eiga sjer stað í framtíðinni.

Út af ummælum hv. 2. þm. G.-K. hve lengi eigi að framlengja þessi lög, og út af ummælum hans um gengismálið í því sambandi vil jeg segja það, að þar mættum við margt upp rifja. En það hefir ef til vill fallið af hv. þm. sá fjötur, er legið hefir um hendur hans og fætur undanfarin ár í þessu máli. Þegar mál þetta verður á dagskrá, er jeg reiðubúinn að ræða það við hann, en um leið vil jeg nota tækifærið til þess að brýna það fyrir hv. þm., að hann komi þá djarflegar fram í málinu en á fyrri þingum.

Ólafur Thors: Jeg vil láta í ljós óánægju mína í tilefni af orðum hv. form. fjhn. viðvíkjandi þeirri ósk, er jeg bar fram, og það því fremur, sem þau eru ekki í samræmi við það, er við höfðum talað um í gær. Það er satt, að fyrir fjhn. liggja mörg störf, og það skal síst sagt um hv. form. þeirrar nefndar, að hann geri ekki sitt ítrasta til þess, að nefndinni notist vel að störfum sínum. „En of mikið af öllu má þó gera", og mjer fanst það sanngirniskrafa, að hann tæki undir þá ósk mína að taka málið út af dagskrá. Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að þetta væri svo einfalt mál. En málið verður flóknara, ef vikið er af þeirri braut að halda öllu óbreyttu, og í kjölfar þessarar brtt. munu sigla ýmsar sanngjarnar og sjálfsagðar kröfur.

Það er alveg rjett, að gengismálið er ekki til umr. En jeg fór hjer að dæmi hæstv. forsrh. Hæstv. ráðherra taldi, að í tíð fyrv. stj. hefði jeg verið viðjum reyrður og hvergi mátt mig hreyfa í þessu máli. Þetta er nú að vísu ekki rjett. Jeg fylgdi fram festingarfrv. á undanförnum þingum. Greiddi því atkv. til 3. umr. Lengra komst það ekki, því þá bar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fram þingsál., er feldi frumvarpið.

Jeg hefi í þessu sem öðrum málum verið frjáls og ófjötraður, og slíkt hið sama hefir þm. Str. (TrÞ) verið alt þangað til hann varð forsrh. Þá sýnist fjötur á hann fallinn, og má hann nú helst ekki heyra minst á „mál málanna".

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði síðast um dýrtíðaruppbótina. Með brtt. minni er einmitt verið að leiðrjetta hið eina misrjetti, sem átt hefir sjer stað um dýrtíðaruppbótina. Hv. þm. sagðist hafa leyft sjer að sigla í mitt kjölfar í gengismálinu. Að vísu hefir sú sigling hans verið nokkuð skrykkjótt. Jeg vona, að hann geri það þá í framtíðinni. Og það skal aldrei þurfa að brýna mig til þess að verðfesta peninga. Það er áreiðanlegt.

Magnús Torfason: Ef till. á að fara til nefndar til athugunar, þá er það sennilega fjvn. En ekki geri jeg það að tillögu minni.

Jeg tel sjálfsagt, að prestar fái

þessa uppbót. Ástæðan er sú, að þeir eru ver launaðir en áður, þegar þeir gátu stundað búskap sjer til framdráttar, en nú mun óhætt að segja, að búskapurinn er það ekki lengur. Það getur verið, að einstaka eldri menn geti það, sem voru búnir að hreiðra um sig fyrir stríð. En nú er búskapurinn ekki gróðavegur, nema þá fyrir sjerstaka búmenn. Jeg verð að vera með brtt., af því að jeg álít það algerlega órannsakað mál, hvort embættismenn í kaupstöðum eigi að fá hærri laun en embættismenn í sveitum, þegar alt kemur til alls. Og ef á að gera mun, dugir alls ekki að binda sig við sveitir eða kaupstaði. Jeg legg því til, að brtt. hæstv. forsrh. verði samþ.

Frsm. (Hannes Jónsson): Mig skal ekki undra, þótt háttv. 2. þm. G.-K. vilji fá brtt. til nefndar. Jeg býst við, að hann vilji leika sama skollaleikinn í meðferð till. sem í málinu sjálfu við 2. umr. Þessi hv. þm. hefir tekið sjer fyrir hendur að gerast lærifaðir minn. En hv. þm. verður að sætta sig við það, að jeg tek ekki meira tillit til hans en þótt karlinn Gossari vildi fara að kenna mjer siðfræði. En ef hv. þm. vill gerast lærimeistari, ætti hann að kenna skipstjórum sínum að lesa dulmál úr mæltu máli. Það gæti haft talsverða þýðingu fyrir hann, ekki síst ef „amma gamla yrði lasin".

Út af brtt. hv. þm. vil jeg taka það fram, að jeg fæ ekki sjeð, að hún verði til annars en að undirbúningur launalaganna verði verri en vera þarf. Og ekki veit jeg heldur, hvaðan hann hefir þann vísdóm, að nú sje sá rjetti tími til að ráða því stórmáli til lykta. Jeg held, að hann ætti að ganga í skóla til flokksforingja síns, sem gæti sýnt honum fram á, að nú er ekki tímabært að ljúka málinu.

Ekki held jeg, að það sje rjett hjá hv. þm., að hann vilji fá till. til nefndar svo að hann geti athugað hana sjálfur, heldur til hins, að geta hlaupið með hana út í bæ og fengið að vita, hvað hann eigi að segja um málið hjer á þingi.

Jeg mun greiða atkv. á móti brtt. 157, en með brtt. 159, af því að þessir embættismenn hafa hingað til verið beittir ranglæti og ekkert tillit tekið til þess hagræðis, sem er að búa hjer í Rvík. Margir embættismenn vilja heldur búa hjer, vegna þess að þá verður þeim ódýrara að kosta börn sín í skóla. Og embættismenn úti um land vilja engu síður en embættismenn í Rvík láta börn sín njóta sömu mentunar sem þeir hafa sjálfir hlotið.

Sigurður Eggerz: Jeg held, að það sje óhyggilegt að sækja þetta mál svo fast, að till. fari ekki til nefndar. Þegar frv. stj. kom, voru engar breytingar á dýrtíðaruppbótinni fyrir hendi, svo að nefndin bjóst ekki við neinum kröfum í þá átt, að henni yrði breytt. En þegar brtt. er komin fram, finst mjer sjálfsagt, að málið fari aftur til nefndarinnar og að hún athugi, hvort ekki hafi fleiri embættismenn sjerstöðu en prestarnir. Jeg efast ekki um, að skórinn kreppir hart að embættismannastjettinni. Mjer er kunnugt um, að ýmsir embættismenn í bæjum lifa við örðugan hag og jeg álít sanngjarnt, að nefndin fái málið til að athuga það í heild, úr því að hæstv. stj. á annað borð fór að breyta dýrtíðarreglunum.

Jeg vil koma fram sem miðlunarmaður og skjóta því til hæstv. forsrh. og hæstv. forseta, að málið verði tekið út af dagskrá þangað til á morgun. Jeg vorkenni nefndinni ekkert að hafa þá lokið athugun sinni á málinu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil benda á það, að fjórir þm. úr fjhn. hafa þegar lýst skoðun sinni á málinu. Það er því aðeins einn þm. úr nefndinni, sem á eftir að athuga það.

Hv. þm. Dal. rökstuddi með því, að málið ætti að fara til nefndar, að athuga bæri, hvort ekki hefðu fleiri sjerstöðu en prestarnir. En nú fá allir aðrir embættismenn fulla dýrtíðaruppbót, svo að prestarnir eru einir um sjerstöðuna.

Út af því, að hv. þm. sagði, að stj. hefði fundið ástæðu til að breyta dýrtíðarreglunum, vil jeg taka það fram, að jeg ber ekki fram brtt. sem meðlimur í stj., heldur sem þm. Annars er þetta ekki veigamikið mál. **(ÓTh:** Vill hæstv. forsrh. upplýsa, hvaða útgjöld þetta hefir í för með sjer fyrir ríkissjóð?). Eitthvað í kringum 10 þús. kr. — ekki meira að minsta kosti.

Ólafur Thors: Jeg held, að það hafi sjaldan komið fyrir, að nokkur þm. hafi orðið sjer eins rækilega til skammar í jómfrúræðu sinni sem hv. þm. V.-Húnv. (HJ). Það þarf ekki að minna á það, enda er stutt síðan. Hv. þm. rjeðist með illkvitni á mig og hv. þm. Dal. fyrir að hafa borið fram fyrirvara, sem ekki væri samkvæmur gerðabók fjhn. Sannleikurinn er sá, að okkur var leyft að flytja fyrirvarann með samþykki form. nefndarinnar. Þessi hv. þm. rýkur upp til að svala illkvitnislund sinni og flokksbróðir hans, form. fjhn., verður að fella yfir honum óvægasta dóm. Svo líða nokkrir dagar, þm. fær tíma til að jafna sig. En viti menn, honum er enn ekki runnin reiðin. Hann svíður enn þá undan meðferðinni, sem hann fjekk hjá okkur þm. Dal., en þó einkum hjá form. fjhn. Það hefir þá aðeins verið af getuleysi, að hann þagnaði síðast — við sem vorum að vona, að hann hefði sjeð að sjer og iðrast. Hann hefir aðeins þurft umhugsunarfrest til að sækja í sig veðrið, einungis tíma til að ávaxta sitt pund, því nú í dag rís hann upp á ný, hálfu verri en áður. Það er almennur dómur um þennan hv. þm., að vond væri hans fyrsta ganga. Og víst er, að verri var hin önnur ganga hans.

Hv. þm. dróttaði því að mjer, að jeg vildi fá málið í nefnd til þess að geta rokið með það út í bæ. Hann telur það ósamboðið þm. að leita sjer upplýsinga og spyrja um álit annara! En því aðeins verður þm. að liði, að hann kappkosti að rannsaka málin og leiti sjer upplýsinga um þau hjá öðrum, en hafi þó lundfestu til að halda dómgreind sinni eftir sem áður.

Nei, slíkum rökum sem þessum er best fyrir hv. þm. að beita fyrir kjósendur sína, því að hann getur verið þess fullviss, að deildin gleypir ekki við þeim.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð út af till. hæstv. forsrh. Það er alveg rjett, að margir sveitaprestar sitja við örðugan hag. En það er afleiðing þeirra erfiðleika, sem atvinnurekend-

ur alment eiga við að búa. Það má ekki miða frambúðarfyrirkomulag dýrtíðarbóta við ástand, sem ekki er áframhaldandi. Búandi prestar hafa sumir keypt bústofn sinn á erfiðum tíma, eins og margir aðrir, og því er eðlilegt, að að þeim kreppi. En dýrtíðaruppbót á ekki að veita af slíkum ástæðum. Það er líka fjöldi embættismanna í kaupstöðum, sem hafa keypt hús í dýrtíðinni og sitja því framvegis við afardýra húsaleigu.

Það er full ástæða til að vísa till. til fjhn. Bæði er óvíst, hvaða kostnað þetta hefir í för með sjer, og svo þarf það ekki að taka langan tíma. Og jeg er hissa á því, að hæstv. forsrh. skyldi ekki undirbúa svo brtt. sína, að rannsaka, hvaða útgjöld hún hefir í för með sjer fyrir ríkissjóðinn. Sem betur fer leyfa þm. sjer ekki að koma með svona óundirbygðar till.

Jeg er samþykkur hv. 1. þm. N.-M., að það sje hættulegt að hreyfa við launamálinu, því að þá koma fram fleiri kröfur, sem ekki verður hægt að neita, því vissulega væri sanngjarnt úr að bæta hjá mörgum embættis- og starfsmönnum ríkisins, og úr því að á að endurskoða launamálið innan 1—2 ára, er rjettast að halda í horfinu og breyta engu þangað til.

Frsm. (Hannes Jónsson): Mjer er óhætt að segja, að hv. 2. þm. G.-K. hafi ekki verið sjerlega kennimannlegur (**ÓTh:** Eins og kennari, sem var að hýða nemanda), heldur eins og lundillur og illa innrættur götustrákur, sem hefir verið flengdur og ber sig illa. (Forseti hringir). Hann segir, að form. fjhn. hafi sagt, að fundarsamþykt hafi verið fyrir því, að hann og hv. þm. Dal. mættu bera fram fyrirvarann. (**ÓTh:** Það sagði jeg aldrei). Það var samþykt af öllum í nefndinni að mæla með því, að frumvarpið næði fram að ganga. Þetta veit hv. þm., það er til einskis að neita og belgja sig upp með vonsku. Það er fyrst eftir 3—4 daga, að hann fær þá hugmynd að breyta frv., eftir að hafa leitað sjer upplýsinga úti í bæ um, hvað hann ætti að gera. Á þeim fundi, sem hv. 2. þm. G.-K. skrifaði undir nefndarálitið, ljet hann þess getið við form. nefndarinnar, að hann vildi hafa fyrirvara. En jeg neita því, að form. nefndarinnar hafi gefið honum leyfi til að hlaupa frá skoðunum sínum. Hitt sagði hann, að hv. þm. gæti skýrt frá ástæðunum til þess, að hann breytti um skoðun. Og það hefði verið drengilegar gert en að rjúka upp með fúkyrðum og reyna að velta þessum hugsanagraut sínum yfir á mig.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að eltast frekar við þennan hv. þm. Hann hefir nú fengið tækifæri til að hrista sig og sýna, hvað hann hefir lært mikið hjer á þingi.

Magnús Jónsson: Það er meiri stormurinn, sem hefir risið út af þessu máli. Jeg er með báðum brtt., sem fram hafa komið, og mæli með því, að þær fari í nefnd. Hæstv. forsrh. tók það fram, er hann fylgdi till. sinni úr hlaði, að hann hefði ekki rannsakað kostnaðinn. Að vísu giskaði hann á 10 þús. kr., en viðkunnanlegra er, að þetta liggi hreint fyrir. Ekki er það rjett hjá hæstv. ráðh., að þeir fjórir nefndarmenn, sem talað hafa, hafi

látið uppi skoðun sína í málinu. Ræður þeirra hnigu einungis að því, hvort málinu skyldi vísað til nefndar eða ekki. Jeg vil mælast til þess, að hæstv. forsrh. láti till. fara til nefndar. Málinu er engin hætta búin með því. Það er ekki fyr en á þing líður, að mál lognast út af í nefndum. Þeirri hættu er ekki til að dreifa. Og þótt nefndin blandaði fleiru í við meðferð sína, hefir deildin það ávalt á valdi sínu að vinsa úr. Jeg lít svo á, að nefndir hafi skyldu til að rannsaka málin til hlítar, en þær verða þá líka að fá að skoða þau. Það má teljast mikið ólag hjer á Alþingi, að brtt. rignir oft niður í fundarbyrjun og eru bornar undir atkv. án þess, að nefndir fái tækifæri til að athuga þær. Jeg vil því styðja þá till., að nefndin fái að athuga málið á ný, en auðvitað verður hún að hraða sjer svo, að málið komist aftur á dagskrá næstu daga. Þá getur málinu ekki stafað af þessu nein hætta.

Halldór Stefánsson: Jeg held fast við þá skoðun, að rjett sje að ganga að frv. óbreyttu eins og það kom frá stjórninni og eins og það var samþ. hjer við 2. umr. Því er jeg á móti báðum brtt. Mismuninn á launum embættismanna í sveitum og kaupstöðum má líta á sem staðaruppbót, enda þótt hann væri ef til vill ekki hugsaður svo í upphafi. Við 2. umr. kom fram bending til stjórnarinnar um það, hvort ekki væri rjett að hafa ýmiskonar uppbætur í lögunum, þegar þau væru endurskoðuð. Það álíta margir, að svo eigi að vera. Þess vegna álít jeg óþarft að vera nú að afnema þann litla vísi til staðaruppbótar, sem er í gildandi lögum.

Jeg er alveg andvígur því að taka málið af dagskrá, eins og jeg hefi áður sagt. Hjer er um svo einföld atriði að ræða, að það verður að teljast algerlega óþarft, enda eru flestir fjhn.-menn þegar búnir að lýsa afstöðu sinni til málsins. Ef málið yrði tekið af dagskrá, yrði það aðeins til dráttar. Þótt málið sjálft væri máske ekki í neinni hættu fyrir þetta, þá tefur það þó þingstörfin. Ef tekin væri upp sú venja að vísa málum jafnan að nýju til nefndar, þegar fram koma brtt. við þau, hversu einfaldar og smávægilegar sem þær till. eru, þá yrði það til að tefja mjög afgreiðslu mála og lengja þingin, og jeg gæti trúað, að það yrði til að lengja heldur umræðurnar á Alþingi, og veit jeg þó ekki betur en að þær þyki þegar nógu langar. — Mjer virðist ekki heldur líklegt, að málið gæti komið á dagskrá aftur á morgun, ef það væri nú tekið út. Í dag er ekki reglulegur nefndarfundur, og ef marka má af reynslunni, verður ekki gott að ná mönnum saman á aukafund. Svarið er venjulega, þegar þess er farið á leit: „Konu hefi jeg mjer festa“ o. s. frv. Enda myndi það lítill tími fyrir suma nefndarmenn að fá ekki nema einn sólarhring, ef þeir þyrftu að fara út í bæ og spyrja „vitra menn“ ráða, áður en þeir tækju óbreytanlega afstöðu. En það sýnist hafa komið fyrir suma í þessari nefnd.

Jeg vil ekki blanda mjer mikið í þrætu þá, er hjer hefir fram farið milli tveggja nefndarmanna. Jeg hefi áður skýrt frá, hvernig í því máli lá. Auðvitað var það síst að furða, þótt sumum þætti skrítið, að einstakir nefndarmenn óskuðu að breyta af-

stöðu sinni eftir á, þegar þeir höfðu öðlast æðri þekkingu úti í bæ. Það var ekki „af nefndinni samþykt", að tveir nefndarmenn mættu gera fyrirvara, eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði, heldur var svo um talað, að það skyldi óátalið af nefndinni.

Ólafur Thors: Jeg verð enn að fá að bera af mjer sakir. Hv. form. fjhn. (HStef) gaf fyrir nokkrum dögum yfirlýsingu hjer í hv. deild, sem bæði var ákveðnari og drengilegri en sú, sem hann hafði nú yfir. En bæði hann og aðrir nefndarmenn vita, að jeg neitaði að skrifa undir nál., nema jeg hefði samþykki nefndarinnar til að bera fram þennan fyrirvara. Fyrir nokkrum dögum gaf hv. þm. yfirlýsingu um, að nefndin hefði samþykt að láta þetta óátalið, en nú reynir hann að gera öll sín ummæli loðin og óhrein. Þetta kalla jeg að bera af mjer sakir, því að jeg vil, að hv. deild viti sem rjett er, að mín framkoma í þessu máli hefir verið alveg hrein. Enda var það engin stórbreyting, er jeg gerði fyrirvara um. Það var ofurlítið meira traust, sem jeg vildi sína hæstv. landsstjórn, heldur en flokksbræður hennar. Þessari till., að hafa frestinn ári skemri en frv. segir, var skotið að mjer af vitrum Framsóknarmanni, og af því að jeg sá rjettmæti hennar, bar jeg hana fram.

Jeg vænti, að hæstv. forseti taki mjer það ekki illa upp, þótt jeg hnýti hjer við örstuttri aths. Hæstv. forsrh. sagði, að jeg skyldi aldrei þurfa að brýna hann í gengismálinu. En það vil jeg nú gera. Jeg eggja hann lögeggjan að bera fram verðfestingarfrv. og leggja það við, að hann týni engu fyrir nema lífinu, ef frv. gengur ekki fram, — jeg á auðvitað aðeins við stjórnmálalíf hæstv. forsrh.

Lárus Helgason: Jeg mótmæli því, að málið sje tekið út af dagskrá vegna þeirrar brtt., sem fram er komin. Málið er svo einfalt og sanngjarnt, að enga nefndarathugun þarf til að sjá, hversu sjálfsagt er að það gangi fram. Ef sami þingmaður kemur hjer dag eftir dag og heimtar svo einföld mál sem þetta tekin af dagskrá, þá má búast við, að þingið verði nokkuð langt, ef altaf er orðið við þeim óskum. Vænti jeg því, að hæstv. forseti verði ekki við tilmælunum um að taka málið út. Allir, sem talað hafa, hafa viðurkent, að prestar úti um sveitir eigi við mjög erfiðan efnahag að etja. Till. fer fram á að bæta ofurlítið úr þessu, og sje jeg enga þörf á, að nefnd þurfi að velta því fyrir sjer.

Hjeðinn Valdimarsson: Nú hafa 2 fjhn.-menn lýst yfir, að þeir vilji fá málinu vísað til nefndar á ný og aðrir tveir mótmælt því. Sem fimti nefndarmaður og sá eini, sem ekki hefir sagt álit sitt, vil jeg lýsa yfir, að jeg sje enga ástæðu til, að málið fari aftur til nefndar. Hjer er um svo einföld atriði að ræða. Ef málið fer til nefndarinnar aftur, sýnist endirinn geta orðið sá einn, að það þvælist fyrir hv. deild óendanlega lengi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Nú hefir öll nefndin látið heyra til sín, og vænti jeg, að hæstv. forseti ætti að geta úrskurðað úr

þessu, hvort málið skuli tekið af dagskrá. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagðist líta á hina mismunandi dýrtíðaruppbót sem staðaruppbót, — raunar hefði líklega verið rjettara að tala um staðarfrádrátt. En hvers vegna nær þetta þá ekki til annara embættismanna, sem búsettir eru í sveit, til lækna, sýslumanna o. s. frv.? (**MG:** Þeir hafa ekki embættisbústaði). Já, en prestarnir gjalda leigur af bústöðum sínum, og ef afgjaldið er sumstaðar of lágt metið, þá á að sækja þá sök á hendur þeim, sem metið hafa, en ekki prestunum.

Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú talað þrisvar til að bera af sjer sakir, en hefir aldrei getað stilt sig um að bera að minsta kosti jafnframt sakir á aðra. Jeg er ekki fjármálaráðherra og mun ekki taka fram fyrir hendur á honum um að bera fram frv., sem heyrir undir hann. En við hv. 2. þm. G.-K. vinnum báðir í gengisnefnd, og þar vona jeg, að við getum undirbúið þetta mál í sameiningu. (**MJ:** Vinnur nefndin nokkuð?).

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði eitthvað á þá leið, að aðalfjárhagsörðugleikar sveitapresta nú stöfuðu af búskap þeirra. Þetta er alveg rjett. En ástæðan til þess, að þeir voru settir skör lægra en aðrir um dýrtíðaruppbót, var einmitt sú, að þeir stóðu betur að vígi vegna búskaparins, þegar lögin um laun þeirra voru samþykt, eða að minsta kosti var álit Alþingis, að þeir hefðu betri aðstöðu af þeim sökum. En þar sem þetta hefir nú alveg snúist við, sje jeg ekki betur en að þar með sje alveg fallin ástæðan til þess að taka prestana út úr um launakjör. Raunar ættu þeir nú að fá hærri dýrtíðaruppbót en aðrir, ef haldið væri áfram að byggja á sama grundvelli og áður, þar sem búskapurinn er nú orðinn prestum fjötur um fót. En fram á slíka breytingu er ekki farið í frv., heldur aðeins, að sveitaprestar fái að njóta sanngjarns jafnrjettis. Jeg tel mjer skylt að fylgja frv. með atkv. mínu.

Frsm. (Hannes Jónsson): Jeg vil leiðrjetta það hjá hæstv. forseta, að jeg sje frsm. meiri hl., því að mjer er ekki kunnugt um neina aðra frsm. í nefndinni.

Hv. 2. þm. G.-K. er nú búinn að viðurkenna, að hann hafi farið villur vegar og skýrt rangt frá í deildinni. (**ÓTh:** Alveg rangt!). Hann hefir nú játað, að hv. formaður fjhn. hafi aðeins sagt, að það skyldi óátalið af honum, þótt hv. þm. gerði þennan fyrirvara. Auðvitað kemur það ekki nefndinni við, hvað form. segir, að einstakir nefndarmenn megi gera fyrir sjer. En áður hefir hv. þm. sagt, að þeir háttv. þm. Dal. hafi haft leyfi nefndarinnar til að gera fyrirvara. (**ÓTh:** Við höfðum leyfi nefndarinnar!). Þetta er alrangt, og hv. þm. getur ekki breytt staðreyndum með fullyrðingum út í loftið. Áður en þessi hv. þm. fer að reyna að kenna öðrum, ætti hann að læra eitthvað sjálfur, það er að segja, ef hann getur nokkuð lært af því, sem hverjum manni er nauðsynlegt að vita til þess að geta hagað sjer sæmilega.

Halldór Stefánsson: Jeg vil aðeins mótmæla orðum háttv. 2. þm. G.-K., að jeg hafi sagt annað nú en um dag-

inn, er þetta mál var hjer á ferð, og vil jeg vísa til deildarinnar að dæma um það. Aðeins var frásögn mín nokkru fyllri nú. (ÓTh: Þá!).

Jón Auðunn Jónsson: Út af ræðu hv. þm. Mýr. (BÁ) vil jeg benda á, að jeg átti ekki eingöngu við presta, þegar jeg talaði um dýrtíðarbætur í fleiri liðum. Jeg átti þar við alla embættismenn ríkisins. En þar sem hann sagði og hafði að nokkru leyti eftir mjer, að prestarnir stæðu ver að vígi vegna búskaparins, þá er það ekki rjett. Margir þeirra standa einmitt betur að vígi fyrir þessa sök, eða allir þeir, sem byrjuðu búskap áður en dýrtíðin hófst, en svo mun ástatt um flesta þeirra. En í bæjunum þurfa allir embættismenn að borga mjög ríflegan hluta af tekjum sínum í húsaleigu, nema þeir örfáu, sem eignuðust hús fyrir 1915. Prestar eru ekki heldur knúðir til að hafa búskap frekar en þeim sjálfum sýnist. Og jeg held, að margir þeirra leigi jarðirnar. Jeg hefi fullar sannanir fyrir því, að sumir prestar leigja jarðirnar jafnvel fyrir helmingi hærra afgjald en þeim er reiknað afgjaldið upp í embættislaun, auk þess sem þeir fá ódýra íbúð. Þessa eru áreiðanlega dæmi, þó það sje ekki í mínu kjördæmi, því að þar sitja prestarnir sjálfir prestssetrin. Hinsvegar eiga vitanlega margir prestar erfitt vegna þess, að þeir hafa keypt bústofn sinn mjög dýrt. En með dýrtíðaruppbót verður ekki við því gert. Ákvæðin um dýrtíðaruppbætur verða að vera sniðin að mestu með framtíðina fyrir augum. Sem betur fer eru margir prestar svo settir, að þeir eiga betri lífsafkomu en flestir aðrir embættismenn þessa lands. En jeg fæ ekki skilið, hvernig á að vera hægt að gera upp á milli þeirra og hins hluta prestastjettarinnar, sem nú hefir bágari afkomu, nema þá helst með því að leigja prestssetrin með áhöfn.

Pjetur Ottesen: Það ætti varla að þykja tiltökumál, þótt þingdm. fyndu ástæðu til að segja örfá orð, þegar allir fjhn.-menn hafa nú talað, sumir 4 eða 5 sinnum, og með því þverbrotið öll þingsköp og venjur. Jafnvel hafa flestir nefndarmenn gert sig að framsögumönnum, eða tekið sjer framsögumannarjett.

Jeg hefi litið svo á þetta mál, að hið eina, sem gerlegt væri, væri að samþykkja eins og nú stendur á stjfrv. óbreytt og breyta ekki grundvelli launalaganna að þessu sinni í einu eða neinu. Mjög háværar raddir hafa heyrst frá ýmsum embættismönnum um launabætur, og jeg býst við, að þeir þykist geta fært gild rök fyrir máli sínu. En það eru margir, sem hafa ástæðu til að kvarta undan bágum kjörum. — Hæstv. ráðh., — hv. þm. Str. (TrÞ) á jeg víst að segja, því að hann hefir nú gert skilnað á ýmsum mismunandi persónum í sjálfum sjer og skilið forsætisráðherrann eftir heima, — já, hv. þm. er nú að minni hyggju að leiða asnann inn í herbúðirnar, með því að bera fram till. um breytingar á launalögunum. Mjer er nú ekki kunnugt um, að fyrir liggi neinar kröfur frá sveitaprestum um launahækkun, en hinsvegar hefir starfsmannasambandið hjer í bæ kvartað mjög ákveðið. Samþykt þessarar brtt. hlýtur því að leiða af sjer það, að yfir þingið fellur

stríður straumur af ótal tillögum um breytingar á launalögunum. Þá er hætt við, að út um þúfur fari sá góði ásetningur hæstv. stj., að afgreiða málið aðeins í þeirri mynd að framlengja dýrtíðaruppbótina.

Um rjettmæti brtt. hv. þm. Str. út af fyrir sig verð jeg að líta svo á, sem jeg gerði 1919, þegar launalögin vöru samþykt. Jeg álít sem sje, að sá munur, sem gerður er á sveitaprestum og öðrum, sje fyllilega rjettmætur. Raunar er mismunurinn minni nú en þá, vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á þessum ákvæðum fyrir tveim árum. — Það er e. t. v. rjett, sem sumir segja, að sveitabúskapur sje erfiðari nú en hann var fyrir nokkrum árum, en jeg vil benda á, að þetta kemur ekki niður á prestunum einum. Það kemur alveg eins niður á bændunum alment, sem eiga að borga brúsann, ef nú verða hækkuð laun sveitaprestanna.

Það er nær altaf svo, að prestunum eru lagðar til bestu jarðirnar í bygðarlaginu. Þegar kirkja og konungsvald voru að sölsa undir sig jarðeignirnar, þá sleiktu þau víðast rjómann ofan af. Á þeim rjóma lifa prestarnir enn. Auk þess er fyrirkomulagið á því, hvernig afgjöldin eru metin, þannig, að eftirgjaldið er mjög lágt hjá prestunum og lægra en alment gerist í sveitum. Í því hlýt jeg að telja allmikla launabót handa sveitaprestum. Hv. þm. N.-Ísf. benti á dæmi, þar sem þetta kom greinilega fram. Jeg gæti bætt við dæmi, sem jeg þekki, um prest, sem að lögum ætti að vera sveitaprestur, en hefir heldur kosið sjer það hlutskifti að búa í kaupstað. Hann hefir upp úr prestsetursjörðinni margfaldar tekjur við það, sem honum er reiknað eftirgjald hennar upp í launin.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um lækna og sýslumenn, sem búsettir væru í sveit. En þessir menn verða vitanlega að sjá sjer fyrir jarðnæði sjálfir á þann hátt, sem bændur alment verða að gera. Og auk þess er það svo um störf lækna að minsta kosti, að það er ekki sambærilegt, hvaða tíma þeir hafa til að sinna búskap eða prestar.

Þar sem verið var að tala um það mikla ranglæti hjá þeim, sem afgreiddu launalögin frá 1919, þá vildi jeg upplýsa um ástæðurnar, sem lágu til grundvallar fyrir þeirri skipun, sem þá var upp tekin að því er snertir presta í sveit. Það hefir verið ýmsu blandað inn í þessar umræður hjer, meðal annars því, hvernig gengi til á fundum hjá fjhn., þó að slíkt sjeu venjulega einkamál, og einnig einu stórmáli, sem sje gengismálinu. Jeg ætla ekki að fara að ræða gengismálið hjer; en út af því, að það kom fram fyrirspurn — jeg held frá hv. 1. þm. Reykv. — um það, hvort gengisnefnd gerði nokkuð, þá vildi jeg gjarnan fá að vita, hvort svo væri. Og það er meðal annars af því, hvað gengisnefndin 1926 hafði ótrúlega rífleg laun, að minsta kosti miðað við sinn starfstíma. Þeir hafa 1800 kr. á ári. (**Forsrh. TrÞ:** 900 kr. nú, áður 1800. — **ÓTh:** Þeir höfðu 400 kr. um klukkutímann; jeg hefi reiknað það! — **Forseti** (hringir): Ekki samtal!). Ekki var nú svo langt gengið, en þeir hjeldu 11 fundi, sem hver stóð yfir í klukkutíma, svo þá eru það um 164 kr. um tímann. Er nú ekki ástæða til að

spyrja, hvaða gagn hafi orðið að svo vel borguðum störfum?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ræða hv. þm. Borgf. (PO) var í því frábrugðin öðrum ræðum nú, að hún snerist nálega öll um það, sem hjer liggur fyrir, nema nokkur spaugsyrði seinast.

Hv. þm. gat þess, að jeg hefði leitt asnann inn í herbúðirnar með þessari till. Það er nú svo. Yfirleitt, þegar komið er með brtt., þá gefa þær tilefni til umræðna. En jeg álít rjett að rekja þetta lengra. Þeir, sem hafa leitt asnann inn í herbúðirnar, eru þeir, sem eiga upptök að því að setja einn flokk embættismanna lægri en aðra, hafa látið lægst launa þeim embættismönnum í sveit, sem hafa minstar aukatekjur.

Hv. þm. (PO) mintist á það, að það lægi ekki fyrir krafa frá sveitaprestum, heldur frá ýmsum öðrum embættismönnum. Getur rjett verið. En það er ekki altaf víst, að þeir, sem eru háværastir að heimta, þeir sjeu verst settir. **(PO:** Jeg sagði ekkert um það). Jeg veit það, en hv. þm. bar það fram sem ástæðu, að ekki lægi fyrir nein krafa. En jeg vil minna á það, að þeir, sem eru aðallega að berja sjer, búa í kauptúnum, þar sem þeir njóta óteljandi þæginda, en hinir í sveitinni verða að neita sjer um marga hluti.

Eitt af því, er hv. þm. Borgf. tók sem dæmi máli sínu til stuðnings, var það, að prestar, sem búsettir væru í kauptúnum, hefðu getað leigt prestssetrið fyrir allmiklu meira en það er metið. En þetta dæmi um presta í kauptúni á hreint ekki við mína tillögu, þó að dæmið geti verið rjett. **(PO:** Má jeg skjóta inn í? Jeg talaði um þetta í sambandi við það, að það væru hlunnindi að búa á prestssetrum). Já, en hv. þm. veit, að það á að fara að endurskoða þetta mat, og á því að vera lokið 1930.

Loks kom hv. þm. með þá ástæðu, að ekki væri sambærilegur tími, sem læknar hefðu til þess að sinna búskap eða prestar. Hvers vegna? Af því að þeir eru að sinna sínum aukaverkum, sem þeir fá sjerstaka borgun fyrir. Það hækkar þeirra tekjur. Það má því ekki refsa prestunum tvöfalt, láta þá fá lægri laun vegna þess að þeir hafi minni aukatekjur.

Um gengismálið er það að segja, að jeg hefi ekki gefið tilefni til að blanda því inn í umræðurnar. Formaður gengisnefndar er hjer staddur og þrír menn aðrir, sem geta svarað, ef þeim finst ástæða til þess.

Hákon Kristófersson:* Jeg verð að segja, að mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. forsrh. (TrÞ), sem nú er, eins og menn vita, sameinaður hv. þingmanni Strandamanna, fer að sneiða til þeirra manna, sem höfðu þetta mál til meðferðar á sínum tíma. Af því að jeg er einn úr þeirri nefnd, verð jeg að segja, að mjer kemur það mjög á óvart, að það komi frá þessum heiðursmanni, sem jeg vil óska að sje sem allra varfærnastur í orðum, og þá ekki síst í getsökum í annara garð. Jeg og fleiri álitum á sínum tíma, að við styddumst við rjettlæti; og jeg hefi ekki, þrátt fyrir hinar ítarlegu ræður þeirra hæstv. forsrh. og hv. þm. Str.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

(TrÞ), að þessu sinni getað sannfærst um neitt, sem hnekt gæti þeirri skoðun minni.

Það er verið að kveina og kvarta yfir bágbornum ástæðum þessara heiðursmanna, presta til sveita. Jeg spyr: Eru ekki fleiri á þeim sviðum, sem skórinn kynni að kreppa að? Það er ómögulegt að neita því með nokkrum rjetti, að aðstaða sveitamanna og þeirra, sem í kaupstöðum búa, er ólík. Lifnaðarhættirnir gera það að verkum, að það verður að ýmsu leyti dýrara fyrir kaupstaðabúa að lifa. Auk þess, eins og háttv. þm. Borgf. (PO) benti á, er því svo háttað um sveitapresta, ef það eru ekki búskussar, þá geta þeir búið búi sínu eins og hverjir aðrir bændur í vel flestum prestaköllum landsins án þess að sleppa neinu að öðru leyti. Og það verður ómögulegt að telja ekki sæmilegan styrk til búskapar í þeim embættistekjum, sem þeir hafa.

Auk þess má benda á það, að fyrir utan sín embættisstörf hafa sumir hverjir allmiklar tekjur af kenslu á heimilum sínum, og gætu haft það fleiri, ef þeir nentu að leggja það á sig.

Jeg vil þess vegna algerlega mótmæla því, að jeg eða aðrir, sem með þetta mál fjölluðu hjer um árið, höfum orðið til þess að leiða þennan asna inn í herbúðirnar, sem nú um sinn hefir verið teymdur fram og aftur hjer í hv. deild.

Jeg lýsi yfir því, að jeg greiði atkv. móti þessari tillögu af þeirri ástæðu, að jeg lít svo á, að hún sje allmikil hróflun á þeim grundvelli, sem hjer er til yfirvegunar, og það hlýtur að leiða af sjer mjög almennar og háværar óskir um breytingu á fleiri atriðum, ef þessu er smeygt að nú.

Hæstv. forsrh. (TrÞ) benti á það, að sveitaprestar neituðu sjer um margt, sem hinir gætu veitt sjer. Jeg býst við, að hann álíti, að tekjur sveitaprestanna leyfi þetta ekki, en aðeins tekjur kaupstaðaprestanna væru nægar til þess að afla sjer þæginda. En eins og bent hefir verið á, þá eru það staðhættirnir, sem gera það að verkum, að lifnaðarhættir geta ekki orðið svipaðir í kaupstöðum og sveitum.

Um lækna og sýslumenn hefir einnig verið talað í þessu sambandi. Er vert að geta þess — eins og hv. þm. Borgf. gerði —, að þeir menn verða jafnaðarlegast að sjá sjer og sínum fyrir bústað. En eftirgjald eftir prestssetur er mjög lágt, svo að húsnæði sveitapresta er nær ókeypis.

Jeg skal að lokum geta þess, að jeg skildi yfirlýsingu þess merka manns, hv. form. fjhn., á sama hátt og hv. 2. þm. G.-K. tók hana við fyrri umr. málsins. En mjer finst yfirlýsing hans nú vera gagnstæð þeirri, sem þá kom fram. Annars ætla jeg ekki að blanda því frekar inn í umr.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svo hljóðandi brjef:

„Undirritaðir óska, að umræðum sje slitið nú þegar.

Neðri deild Alþingis, $^{14}/_{2}$ 1928.

Magnús Torfason, Þorleifur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Haraldur Guðmundsson".

Tveir háttv. þm. höfðu kvatt sjer hljóðs áður en þessi till. kom fram; mun þeim heimilast málfrelsi samkv.

þingvenju. Með þessu fororði verður tillagan borin undir atkvæði.

ATKVGR.

Samþ. að slíta umr. með 15:5 atkv.

Sigurður Eggerz: Nú þykir mjer ekki vera farið að gera þessu máli embættismanna hátt undir höfði á Alþingi, þegar fyrst og fremst er lagt á móti því af hæstv. forsrh., að það megi athuga í nefnd, og þegar þar að auki kemur till. um að skera niður umr. um málið.

Jeg hefi fært rök að því, hvað mikil ósanngirni ræður hjer, með því að benda á það, að hæstv. stjórn hjelt fram við nefndina, að hún ætlaðist til, að málið yrði samþ. óbreytt; en svo við síðustu umr. þessa máls kemur till. frá stjórninni sjálfri um það að breyta grundvellinum undir dýrtíðaruppbótinni. Og þá till. vill stj. ekki, að nefnd fái að athuga, og deildin vill heldur ekki, að þm. fái að tala um málið. Þetta er svo mikil harðstjórn, svo mikil ósanngirni, svo mikil misbeiting á meirihlutavaldinu, að jeg stend hjer upp til þess að mótmæla slíkum aðförum.

Magnús Jónsson: Jeg vil taka undir það, sem hv. þm. Dal. sagði nú. Mjer finst það dálítið hart, þegar byrjað er að ræða um það, hvort þessari till. eigi að vísa í nefnd, og þegar byrjað er að tala um málið sjálft yfirleitt, þá skuli koma till. um að skera niður umræður. Maður getur sagt, að það sje búið að tala í tvo tíma fyrir utan málið, að undanskilinni framsöguræðunni. En síðustu tvær ræðurnar hafa snúist um þessa till., en þá þjóta þm. upp og samþ. að skera niður umr., úr því að farið er að tala um málið.

Annars finst mjer það sannast að segja ákaflega hart að leggjast á móti jafnsjálfsögðu atriði eins og því, þegar menn úr nefnd óska eftir að fá að athuga mál betur. Ef á að standa á móti því, að menn fái að athuga mál betur, þá verður að sýna fram á, að það sje eitthvert gerræði í óskinni, að það sje verið að reyna að eyðileggja málið eða því um líkt.

Annars verð jeg að segja, að jeg ætlaði að tala um málið sjálft, úr því að örvænt er um, að það fáist betur athugað í nefnd, en mjer þykir ákaflega leiðinlegt að halda ræðu, þegar búið er að taka fyrir munninn á öllum, sem vilja andmæla. Það er tekið með annari hendinni, sem veitt er með hinni, þegar einum er gefið málfrelsi. (**LH:** Það er búið að tala svo mikið um þetta mál). Já, fyr á þingum, en löngum tíma er ekki búið að verja í umr. um slíkt stórmál á þessu þingi, aðeins á aðra klukkustund, og er langt frá, að nokkurt málþóf sje enn orðið.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) kom með það sem ástæðu á móti því að rjetta þannig hag sveitaprestanna, að þeir hefðu margir tekjur af því að leigja jarðir sínar dýrara en þær eru metnar, og ýmsir þeirra hefðu einnig vel upp úr búskapnum. Jeg skal ekki neita, að þeim búnist sumum svo vel, að verulegar tekjur sjeu að. En það er svo um ýmsa embættismenn í kaupstað — án þess að jeg ætli að fara að halda fram, að þeir eigi nein sældarkjör —, að fjölmennið skapar

þeim ýmsa möguleika fyrir aukatekjum. En þeir, sem í sveit lifa, hafa ljelega aðstöðu til þess, að fráteknu þessu eina, búskapnum. Og þar sem hv. þm. Barð. mintist á, að prestar gætu haft upp úr kenslu, ef þeir nentu því, þá þykir mjer skjóta nokkuð skökku við, ef það eru forrjettindi fyrir sveitapresta að taka nemendur á heimili sín til kenslu, forrjettindi miðað við þá, sem búa í kaupstað og geta kannske fengið tímakenslu við skóla eða annað slíkt.

Mjer finst einmitt, að búskapurinn og það, að þeim eru metnar jarðirnar eitthvað lægra en alment gerist, það sje bara til þess að bæta upp þann aðstöðumismun þeirra, sem í sveit búa og kaupstað.

Þá sagði sami hv. þm. (HK), að aldrei væri hægt að gera við, þótt einstöku prestar hefðu fengið afardýran bústofn og eigi því erfitt með að hafa upp úr búum sínum. Þetta er satt. En úr því að aðstaða margra sveitapresta er nú svo slæm, þá er farið fram á aðeins að refsa þeim ekki fyrir, með því að bæta þeim ekki launin Það er eins og háttv. þm. Mýr. (BÁ) sagði, að ýmsir prestar þurfi uppbótina fyrir það, að þeir eru svo að segja neyddir út í búskap, sem þeir bíða svo tjón af. Og jeg er þakklátur honum og hv. þm. V.-Sk. (LH) fyrir, hve vel þeir hafa lagt til þessa máls; og jeg þekki um þann síðarnefnda, að hann mun hafa áður fylgt þessu sama sanngirnismáli hjer á þingi.

Það, sem mjer finst það harðasta í þessu, er yfirleitt ekki sjálfir peningarnir, — ekki er um svo mikla upphæð að ræða —, heldur er það hitt, að einmitt þessir embættismenn, er hafa öldum saman gert öll kjör sveitamanna að sínum kjörum, þolað með þeim súrt og sætt og komist af með því að setja sínar kröfur niður, — þeir þurfi að búa við það ranglæti að mega ekki fá hlutfallslega uppbót á sín lágu embættislaun. Jeg hygg það sje ekki drengilegt að nota sjer það, þó að þeir sjeu ekki vanir að gera eins háar kröfur og sumir aðrir embættismenn. Jeg ætla nú ekki að fara að halda því fram — (**PO**: Þm. er óhætt að halda fram hverju sem er; það fær enginn að svara!). Já, jeg ætla þess vegna að vera áreitnislaus við þessa hv. þm., þeir mega vera vissir um það. (**HK**: Ekki tek jeg þetta illa upp hjá hv. þm.). Jeg greiddi atkv. móti því að skera niður umr.; vildi jeg miklu heldur tala skarpara og að hægt væri að svara mjer.

Hv. þm. Borgf. og hv. þm. Barð. voru að tala um, hve hættulegt væri að samþ. þessa till., af því að heill straumur af brtt. gæti þá eftir farið. Jeg vil spyrja: Hvað hindrar það, að þessi straumur komi inn hvort sem er? Þegar mál eru til umr., — hvað er það, sem varnar mönnum að koma með brtt. sínar? Málið er ekki opnað einum þumlungi meira, þótt þessi brtt. hæstv. forsrh. yrði samþ. Og það verður að taka á öllum þeim sömu meðulum, eftir sem áður, þó að þessi till. yrði feld, til þess að halda þessum straum úti, sem menn óttast.

Hv. þm. Borgf. sagði líka, að ef búskapur bæri sig svo illa hjá prestum, þá sýndi það, að búskapurinn hjá bændum yfirleitt væri slæmur, og þess vegna væri ekki hægt að leggja á þá þessi auknu gjöld. Mjer dettur ekki í hug að halda, að allir bændur sjeu

svo ósannsögulir, að þeirra sögur um erfiðleika sína sjeu rangar; en það er aðgætandi, að það eru ekki einungis bændur, sem eiga að borgar þessar 10 þús. kr., eða hvað það nú yrði, heldur yrðu meðal annars prestarnir að borga það sjálfir. Það er því ekki farið fram á að leggja aukin gjöld á bændur fram yfir presta. Þeir eiga sjálfir að borga sinn hlut í þessari launahækkun. (**LH:** Allir landsmenn. — **PO:** Munurinn er sá, að bændurnir fá bara að borga, en prestarnir njóta). Allir borga aðeins, nema þessir fáu sveitaprestar. Jeg býst við, að jeg fengi að borga minn part og mundi ekki sjá eftir því frekar en öðru, sem hægt er að heimta með fullri sanngirni til opinberra mála.

Vegna þess, hvernig á stendur, ætla jeg ekki að ræða meira um þetta, býst enda við, að menn sjeu orðnir leiðir á umr., fyrst þeir hafa skorið þær niður.

Mjer fanst það sláandi, sem háttv þm. Borgf. sagði seinast, að sveitaprestar hefðu valið sjer þetta hlutskifti. En jeg álít það mikið ólán, ef Alþingi vill með því að svifta þá nokkru af þeim tekjum, sem þeim ber, og með þeirri ósanngirni, sem þeim er sýnd, neyða sveitapresta til að bregða búi og flytja í kaupstaðarholurnar hingað og þangað umhverfis landið.

Forseti (BSv): Áður en ályktun var tekin um að slíta umr., hafði hv. þm. N.-Ísf. gert till. um að vísa málinu í nefnd. Er það heimilt á hverju stigi máls sem er, og vil jeg því bera þá till. fyrst undir deildina.

ATKVGR.

Felt að vísa málinu í nefnd með 14:11 atkv.

Brtt. 157 feld með 15:11 atkv.

— 159 samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HjV, IngB, JJós, JÓl, LH, MJ, MT, BSv.

nei: PO, SE,* SvÓ, EJ, HStef, HK, JAJ, JS, JörB, MG.

ÞorlJ, ÓTh** greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 185).

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 254).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi

* Með svo látandi greinargerð: Jeg vil ekki breyta grundvelli dýrtíðaruppbótarinnar án ítarlegrar rannsóknar. En nú er neitað um frest til þeirrar rannsóknar og segi jeg því nei.

** Með svo látandi greinargerð: Jeg vil leyfa mjer að gera grein fyrir minni afstöðu. Jeg fór fram á, að málið væri rannsakað í nefnd; en þar sem það var felt og mjer eru meinaðar þær upplýsingar, sem jeg hefði fengið við frekari umræður, með því að skera niður umræður, þá sje jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði.

lítið að segja um þetta mál fram yfir það, sem er í nál. Enginn ágreiningur hefir orðið í nefndinni um, að málið ætti fram að ganga. Frv. sjálft er svo ljóst, að jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 185).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 311).

---

5. Fræðslumálanefndir.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um fræðslumálanefndir (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. ætti að geta orðið til allmikils gagns, án þess kostnað leiði af því. Í 2. gr. frv. er tilgangurinn tekinn fram, sem er sá, að koma á samræmi í kenslu barna um land alt. Enn er slíkt samræmi ekki fengið. Börnunum er á ýmsan hátt sjeð fyrir mentun, svo sem með heimavistarskólum, heimangönguskólum og farkenslu, auk hinna föstu skóla í kaupstöðunum. Tilgangurinn er að fá fast kerfi innan hvers fyrirkomulags, þannig að börn lesi sömu bækur og sje sett sama námsefni á hverju stigi kenslunnar. Ætti þá ekki að þurfa að koma fyrir, að barn, sem flytst úr hjeraði, yrði látið læra alt annað eða beitt yrði við það ólíkum kensluaðferðum og áður. Ætlun mín er sú, að alstaðar þar, sem sama skólafyrirkomulag ríkir, sje jafnlangt gengið á hverju aldursstigi. Ekki hugsa jeg mjer þó, að hjer sje myndað dautt og óhreyfanlegt kerfi, heldur sjeu höfuðlínurnar dregnar af þessari nefnd.

Nefndin ætti að geta gert allmikið gagn, án þess að starfið væri mjög mikið eða margir fundir haldnir. Hún á aðeins að leggja grundvöllinn að því að samræma kensluna. Kröfurnar, sem henni ber að gera, verða að miðast við meðalhæfileika. Best gefnu börnin yrðu þá að fá viðbótarfræðslu.

Gert er ráð fyrir annari nefnd, sem hafi sama starf á hendi fyrir unglingaskólana, þegar þeim fjölgar, og þessi á að hafa fyrir barnaskólana. Óska jeg svo, að frv. þetta gangi til mentmn. að umr. lokinni.

Halldór Steinsson: Jeg vildi aðeins skjóta þeirri spurningu til hæstv. stj., hvort hún ætlast til, að nefnd þessi vinni kauplaust. Og ef svo er ekki, þá hvaða kaup henni er ætlað.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Spurning þessi er alveg rjettmæt. Það er gert ráð fyrir því, að nefndin vinni kauplaust. Er það ekki harðara að-

göngu fyrir hana en t. d. Þingvallanefndina, sem vinnur nú kauplaust. Sama ætti að geta gengið yfir þessar nefndir, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til mentmn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 171).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það þarf ekki langa framsögu. Þótt að vísu hafi verið gerðar nokkrar breytingar við frv., þá virðast mjer þær frekar vera á búningi þess og orðalagi en aðalefni. Eins og sjest á greinargerðinni og heyrðist í framsögu við 1. umr., gengur frv. í þá átt, að leiðtogar og trúnaðarmenn barnakennara taki saman höndum um að skipulagsbinda vinnubrögð við kenslu barna og unglinga. Það liggur í augum uppi, að slíkum mönnum er best til þess trúandi. Nefndin hefir orðið sammála um að gera við frv. nokkrar breytingar, er frekar lúta að formi þess en efni, eins og jeg gat um áðan.

1. brtt. er tekin orðrjett upp úr 3. gr. og skeytt við 1. gr., af því að með hliðsjón af þeim breytingum, sem nefndin vill gera, þykir henni það fara betur svo. 2. brtt. er að vissu leyti sama efnis og 2. gr. frv. Greinin er orðuð upp, en þó má segja, að sú efnisbreyting komi fram, að eftir brtt ber meira á áhrifum stjórnarráðsins en í frv., vegna þess að eftir brtt. eru tillögur fræðslumálanefnda gerðar til stjórnarráðsins, en í frv. sjálfu ber minna á stjórnarráðinu. Um 3. brtt. er það að segja, að hún er sama sem óbreytt niðurlag 3. gr. Nokkuð af greininni er felt burtu, en niðurlaginu haldið, og vegna samræmisins er ætlast til, að 3. gr. færist aftur fyrir 4. gr., af því að hún á við báðar greinarnar, sem á undan eru komnar. Með hliðsjón af því færist 4. gr. fram og verður 3. gr. 5. brtt. nefndarinnar er að mestu orðabreyting til samræmis við 2. gr. eins og nefndin ætlast til, að hún verði.

Þá er 6. brtt. nefndarinnar um, að 6. gr. falli burt. Nefndin telur hana óþarfa eftir að samþ. hafa verið þær breytingar á frv., sem hún ber fram. Að svo mæltu vil jeg leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að hv. deild samþ. frv. með þeim breytingum, sem hjer hefir verið um rætt og prentaðar eru á þskj. 171.

ATKVGR.

Brtt. 171,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 171,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 171,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 171,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 171,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 171,6 (6. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. feld með 7:7 atkv.

8. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 220).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 220).

Á 28. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 300, 301).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. hefir ekki borið fram neinar brtt. við þetta frv. Þó þykir rjett að láta þess getið í framsögu, að þar sem talað er um skriflega kosningu í stjórn barnakennarafjelags Íslands, þá kemur slíkt ekki til framkvæmda fyr en vorið 1929. Auk þess er rjett að benda á, að „starfandi kennarar" eru þeir kennarar, sem settir eru og skipaðir af kenslumálaráðuneytinu samkvæmt lögum frá 1919. Orðin „tilhögun prófa" í 2. gr. ná og til þess, á hvaða tíma próf skuli haldin.

Aðrar aths. þarf jeg ekki að gera fyrir hönd nefndarinnar. Taldi hún nægja að geta þessa í framsögu án þess að gera nokkrar brtt. um það.

Magnús Jónsson: Það er aðeins viðvíkjandi brtt. þeirri, er jeg á við 1. gr. frv., sem jeg vildi segja nokkur orð. Mjer er nú að vísu ekkert kappsmál um þessa brtt., en jeg vildi þó benda hv. þdm. á, að það er hálfóeðlilegt, að þessa fræðslunefnd, sem á að gera tillögur um kenslu í barnaskólunum, skipi öll stjórn barnakennarafjelagsins, 3, 5 eða 7 menn, eða máske fleiri. Mjer þykir eðlilegra, að þessa nefnd skipi 3 menn, forstöðumaður kennaraskólans, fræðslumálastjóri og svo einn úr stjórn barnakennarafjelagsins. Mjer finst, að slík þriggja manna stjórn yrði hagkvæmari og veitti þó kennurunum nægan íhlutunarrjett.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg mun heldur fylgja frv. heldur en brtt. Jeg tel ekki athugavert, þó öll stjórn kennarafjelagsins sje tekin, þar sem fræðslumálanefndinni er ekki veittur nema tillögurjettur samkv. frv., þar sem viðkomandi ráðherra hefir úrskurðarvaldið og getur beitt því án tillits til meiri eða minni hluta. En þetta verkefni, sem barnakennarafjelaginu er þarna fengið í hendur, gerir það talsvert myndarlegra og veitir því meiri festu, þar sem því er sýnt traust, líkt og Búnaðarfjelaginu, Fiskifjelaginu og fleiri svipuðum fjelögum. Þetta er að vísu ekki mikilsvert atriði, en jeg tel þó frv. betra,

Pjetur Ottesen: Í frv. þessu er gengið inn á verksvið fræðslumálastjóra, þar sem þessari nefnd er ætlað að ráða til lykta þeim málefnum, sem heyra undir fræðslumálastjóra og hann getur vel int af hendi. Það er engin þörf á þessu. Fræðslumálastjóri getur þetta alt eins vel og þetta fyrirhugaða ráð. Auk þess leiðir kostnað af þessu, enda er gert ráð fyrir því í 4. gr. frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg var því miður ekki inni, þegar umr. hófust um þetta mál, og misti því af upphafi þeirra. En þetta mál er svo einfalt, að jeg hygg, að ekki þurfi meiru að svara en því, sem fram mun koma í þeim fáu orðum, er jeg ætla að fara um frv.

Eins og nú er háttað, hefir í raun og veru enginn rjett til að ráðstafa þeim málum, sem frv. gerir ráð fyrir, að nefndin fjalli um. Reyndar mætti veita fræðslumálastjóra og stjórnarráðinu rjett til að gera þessar ráðstafanir, en það væri tæplega eins gott. Hjer er því eingöngu verið að hugsa um það gagn, sem af þessu gæti leitt, en hvorki um það, að ljetta eða þyngja störf fræðslumálastjóra. Jeg vissi, að þetta ákvæði vantaði í fræðslulögin, og vildi því tryggja, að verkið yrði vel gert í framtíðinni.

Út af till. hv. 1. þm. Reykv. (MJ) vil jeg taka það fram, að jeg tel ekki alveg sama, hvernig vali nefndarinnar er hagað. Álít, að betur sje frá því gengið í frv. Jeg skal til dæmis benda á það, að ekki er ávalt víst, að í forstöðumannsembættið við kennaraskólann veljist maður, sem sjálfur hefir fengist við barnakenslu. Þannig störfuðu við skólann á fyrstu árum hans tveir ágætir vísindamenn, sem hvor um sig hefði verið fær um að taka að sjer skólastjórn, en hafði þó hvorugur beinlínis fengist við barnakenslu, og höfðu þeir því ekki eins mikla reynsluþekkingu á henni og gera má ráð fyrir, að æfðir kennarar hafi. Þessir tveir menn, sem jeg á við, voru þeir doktorarnir Ólafur Daníelsson og Björn Bjarnason. Sama getur og verið um fræðslumálastjóra. Þetta tel jeg helst mæla á móti brtt. hv. 1. þm. Reykv., því með frv. er það betur trygt, að æfðir kennarar fjalli um þessi mál.

Ein af ástæðunum fyrir þessu frv. er sú, að víða mun vera heimtað of mikið nám og of þungt af ungum börnum. T. d. er heimtað brotareikningsnám af 10 ára gömlum börnum. Það er mikil spurning, hvort brotunum eða börnunum er gert gagn með því. Jeg hygg, að fæst börn sjeu fær um það. Sama er að segja um kverkensluna. Á henni er byrjað áður en skilningur barna er svo þroskaður, að hann leyfi það. Býst jeg við, að hv. 1. þm. Reykv. viðurkenni það, að í kverinu sje svo þung guðfræði, að hún sje skilningi 11—12 ára gamalla barna ofvaxin, og jafnvel ekki alt í því hæft þroska 14 ára gamalla barna. Vona jeg, að það komi í ljós við samanburð á skólunum, hvað börnin þola á hverjum aldri. Jeg hefi þegar með þessu svarað hv. þm. Borgf. (PO). Tilgangurinn er að fá samræmi í barnaskólanámið um land alt, þannig að barn geti flutst úr einu kauptúni í annað án þess í nokkru raskist nám þess. En eins og nú er, er algengt, að barn, sem flytst búferlum, hefir lært

ólíkar kenslubækur og stendur á öðru námsstigi en börn á þeim stað, þar sem það á að halda áfram námi sínu. Í farskólum gilda og aðrar reglur. Alt þetta myndi slík nefnd best geta samræmt. Um kostnaðinn er það að segja, að hann getur aldrei orðið mikill, tæplega annar en brjefa- og símakostnaður, sem myndi jafnt verða að greiðast, þótt framkvæmdarstjórnin á þessu væri í höndum annara.

Magnús Jónsson: Jeg get tekið undir það með hæstv. dómsmrh., að frv. þetta stefnir í rjetta átt. Að vísu má segja, að hjer sje ekki um stórt atriði að ræða og að fela mætti fræðslumálastjóra þetta verk, sem nefndinni er ætlað að hafa með höndum. En það er annar aðalkostur við frv., og hann er sá, að það hvetur kennarastjettina til umhugsunar og metnaðar, þegar ráðin eru að nokkru lögð þeim í hendur. Það liggur uppörvun til þeirra í því, að ekki komi skipun til þeirra um alt ofan að, heldur eigi þeir sjálfir að vera með í ráðum. Ef til vill væri gott, að fleiri stjettir þjóðfjelagsins væru þannig hafðar með í ráðum um vinnubrögð sín. Jeg er sammála hæstv. dómsmrh. um það, að það er hættulegt að kenna börnum of fljótt námsgreinar, sem fjalla um hreint hugrænt efni, sem er ofvaxið skilningi þeirra. Jeg get tekið sem dæmi barn, sem átti að segja, hverjir tugirnir væru. Það taldi tugina þannig: 10, 20, 30 o. s. frv., 80, 90 og króna. Það miðaði tugina eða tölurnar við búðarverðið. En það hafði auðsjáanlega ekki tileinkað sjer „matematiskan" skilning á þeim.

Jeg tel það rjetta stefnu, að kennararnir fái hlutdeild um þessi mál. En jeg tel engu ver sjeð fyrir því í brtt. minni. Eftir henni á stjórn kennarafjelags Íslands að velja einn mann í nefndina. Það er rjett, sem háttv. frsm. (ÁÁ) sagði, að ef nefndin væri ósammála, þá gæti ráðherra úrskurðað án tillits til meiri eða minni hluta. En þá fæ jeg heldur ekki sjeð, að það sje betra, að það sjeu 7 menn heldur en 1 í nefndinni af hálfu kennarafjelagsins, þegar þeir hvort sem er ráða ekki meiru fyrir því. En kennarastjettinni er sýndur óvenjulegur sómi, sem á, að jeg hygg, við fá fordæmi að styðjast, þótt þeir hafi ekki nema einn mann. Að vísu geta kennararnir sífelt komið fram vilja sínum í nefndinni sakir fjölmennis samkv. frv. En þeir hafa þó ekki úrskurðarvaldið, sem er hjá stjórninni. Jeg held því, að ef mín brtt. verður samþ., þá verði það meiri hvöt fyrir þann kennara, er verður í nefndinni, að berjast vel fyrir sínum áhugamálum og reyna að vinna hina nefndarmennina til fylgis við sig. Jeg get tekið undir það með hv. frsm., að ekki muni vera neitt hættulegt að skipa þessa nefnd eins og ætlast er til í frv., en þó gæti þessi tilhögun, sem er nokkuð óeðlileg, valdið óánægju innan nefndarinnar. En jeg tek það þó fram, að það er þykkjulaust frá minni hálfu, hvort brtt. mín verður samþykt eða ekki. Jeg get hugsað, að það geri máske ekki svo mikið til í raunveruleikanum.

Pjetur Ottesen: Það mun vera rjett hjá hæstv. dómsmrh., að heimild mun vanta í fræðslulögin um það að veita fræðslumálastjóra og stjórnarráði rjett til að ákveða námsskrár, kenslubæk-

ur og hámarks- og lágmarksstundafjölda í barnaskólunum og samræma þá yfirleitt. Jeg get einnig fallist á það, að börnum muni nú ætlað fullmikið nám, miðað við þroska þeirra. Jeg get því fallist á það, að rjett sje að setja ákvæði um þetta. En jeg vil þá auka vald fræðslumálastjóra að þessu leyti; tel ekki þörf á að blanda fleirum inn í þetta en fræðslumálastjóra. Jeg álít, að fræðslumálastjórinn hljóti, stöðu sinnar vegna, að standa í svo nánu sambandi við stjórn barnakennarafjelagsins, að henni sje í lófa lagið að koma fram áhrifum um skipun þessara mála, að svo miklu leyti sem heppilegt álítst að taka þær tillögur til greina. Ennfremur ber þess að gæta, að með lögunum frá 1926 var aðstaðan milli fræðslumálastjóra og kennara gerð nánari. Ef því ástæða er til að auka valdið, þá tel jeg rjettara, að framkvæmdarstjórnin fái það í sínar hendur.

Þó kostnaður við þetta verði máske ekki mjög mikill, þá verður hann þó áreiðanlega meiri heldur en ef fræðslumálastjóra færi falið þetta einum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Aðeins nokkur orð. Það er rjett, að starfssvið nefndarinnar er takmarkað og ekki um margvísleg störf að ræða. Aðalstarfið verður að semja námsskrár og velja kenslubækur. Þetta hvorttveggja er kennurunum sjálfum svo náið, að það er rjett að veita þeim tillögurjett um það, þar sem hjer er um hið daglega starf kennaranna að ræða. Nefndin er því nokkurskonar uppsprettuauga tillagna um heppilega starfshætti í skólum. En hjer er ekki um neina „administration" að ræða, og á ekki að vera. Á Englandi er það tíðkað að hafa slíkar aðstoðarnefndir, sem gera tillögur um kenslufyrirkomulag hinna ýmsu skóla, hver á sínu sviði. Jeg legg því til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt. Jeg tel ekki, að nein hætta geti af því stafað, þar sem hjer er ekki um nein hagsmunamál kennarastjettarinnar að ræða, heldur aðeins um heppilega niðurröðun daglegra starfa. Loks, í tilefni af því, sem hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Borgf. sögðu, að börnin væru ofhlaðin störfum og ákveða þurfi hámarkskenslu, þá vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að jeg tel aðalatriðið að tiltaka lágmarkskensluna, því þær syndir, sem drýgðar eru á þann hátt, að of mikið nám sje heimtað af börnunum, eru fáar, en hinar, sem stafa af of litlum kröfum, eru óteljandi. Aðaláhersluna ber því að leggja á það að ákveða lágmarkskensluna.

ATKVGR.
Brtt. 301 feld með 14:11 atkv.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 342).

6. Hjúalög.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til hjúalaga (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Því er eins varið með þetta mál og það, sem áðan var nefnt, að það er flutt samkvæmt áskorun samþyktri hjer í deildinni í fyrra. Hjúalögin, sem nú gilda, eru orðin 60 ára gömul og því ekki undarlegt, þó að þau þurfi að endurskoðast. Hinsvegar hafa frv. í þessa átt legið fyrir tveim þingum og ekki náð fram að ganga, og veit jeg ekki, hvort vænta má, að málið fái meiri byr nú. Hinsvegar þótti stj. sjálfsagt að verða við þessari áskorun þingsins.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að í þessari sömu þál. var því beint til stj. að láta endurskoða ákvæði gildandi laga um lausamenn og um skylduna til að eiga lögheimili. Var tveim hv. þm. falið að athuga þetta. En eins og hjer í deildinni í fyrra varð ágreiningur í þessu efni, eins fór svo nú, að þær till., sem fram komu, urðu ekki samhljóða, og eru því ekki lagðar fram af stj. hálfu neinar till. um þetta í frv.formi að þessu sinni. Enda hafði stj. mjög nauman tíma til að sinna málinu. En till. verða afhentar hv. allshn. Að svo mæltu vil jeg leggja til, að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 127).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv. með fáeinum breytingum, ekki stórum. Þegar núgildandi vinnuhjúatilskipun var sett árið 1866, voru tímar og staðhættir mjög ólíkir því, sem nú er. Það er því sannarlega engin furða, þó að þau lög, sem þá voru sett, eigi ekki lengur við. Jeg skal nefna sem dæmi, að þá var vistarbandið í gildi, svo að þeir, sem ekki voru sjálfir húsráðendur, urðu að vera í vistum. Var mjög erfitt að fá undanþágu frá þessu, enda voru flestir, sem hjá öðrum unnu, árshjú. Nú er þetta gerbreytt. Vistarbandið er afnumið. Einu leifarnar, sem eftir eru af því, eru það, að fólki er ætlað að kaupa sjer lausamenskubrjef. En það ákvæði hefir ekkert gildi lengur, því hver, sem vill, gerist lausamaður án þess að kaupa leyfisbrjef til þess. Árshjú eru því mjög fá. Fólkið er venjulega ráðið til stutts tíma, oft til missiris. Það orkar því ekki tvímælis, að það lagafrv., sem hjer liggur fyrir, er í meira samræmi við tímann en löggjöfin frá 1866.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi gert sjer þetta ljóst, og skal jeg því ekki fara nánar út í það.

Af nýmælum frv. skal jeg aðeins nefna fátt eitt. Í því er svo ákveðið, að vinnuhjúaskildagar skuli vera tveir, haust og vor. Gilda lögin þá um það fólk, sem ráðið er til hálfs árs. Hefir það nokkra þýðingu, því að eftir núgildandi lögum hefir það fólk, sem ekki er í ársvist, engin þau rjettindi, sem vinnuhjúum eru ætluð.

Rjetturinn til framfærslu vegna veikinda yfirfærist eftir frv. á hjú, sem ráðin eru til hálfs árs.

Í ýmsum öðrum greinum eru mannúðarlegri ákvæði en áður. T. d. er svo ákveðið í 19. gr., að ekki megi hindra hjú í kaupstað frá því að sækja kvöldskóla, svo framarlega sem hjúið hefir ekki með samningi skuldbundið sig til þess að vinna einhver ákveðin störf á þeim tíma, þegar kenslan fer fram.

Um breytingar þær, sem nefndin hefir gert, er fátt að segja. Það eru mest orðabreytingar og raska í litlu efni frv. Jeg skal fyrst minnast á breytinguna við 16. gr. Þar er ákvæðið um, ef endurgreiðsla af opinberu fje á sjer stað til húsbænda vegna veikinda vinnuhjús. Í frv. er ekkert tekið fram um það, hvers eðlis greiðslan sje. En nefndinni þótti rjett að taka það fram, að hana beri að skoða sem sveitarstyrk, veittan hjúinu, og leiðir þá af því, að dvalarsveitin á rjett til endurgreiðslu frá framfærslusveit hjúsins.

Í frv. eru sumstaðar ákvæði, sem eru hliðstæð ákvæðum í öðrum lögum. Nefndin hefir viljað komast hjá því, að svo þyrfti að vera, og talið rjettara að vísa aðeins til þeirra laga, en sleppa þeim ákvæðum úr frv. Á einum stað hefir hún gert tillögu um, að í stað þess að taka fram um, hvernig fara skuli að, ef hjú á kröfu í þrotabúi, sje vísað í skiftalögin. Um afskifti sveitarstjórnar af hjúi væri einnig æskilegt að vísa í fátækralögin. En það er ekki hægt, því að þau lög taka aðeins til ársbjúa. Í þess stað verður því að taka ákvæði um það efni upp í þetta frv. og nema tilsvarandi greinar fátækralaganna úr gildi. Að lokum vil jeg geta þess, að þar sem stendur í 33. gr. frv., að þau mál, sem þar eru nefnd, heyri undir lögreglurjett, þótti nefndinni rjett að taka það fram, hverskonar lögreglurjett átt væri við. Taldi hún því heppilegra að kveða svo á, að þau skyldu vera almenn lögreglumál. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu nú. En það getur verið, að jeg geri brtt. við þetta frv. við 3. umr. Ástæðan til þess að jeg kvaddi mjer hljóðs er sú, að jeg vildi bera fram fyrirspurn til hæstv. atvmrh.

Á síðasta þingi var samþykt þál. um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða vinnuhjúatilskipunina frá 1866 og koma með till. um breytingar á henni. Þetta hefir hæstv. stjórn gert. En þál. fól í sjer tvö önnur atriði, sem sje það, að endurskoða lög um lausamenn og þurrabúðarmenn, nr. 60, 22. nóv. 1907, einkum fyrirmæli þau, er lúta að skyldu manna til að eiga lögheimili, og að taka til athugunar, hvort ekki sje tiltækilegt að setja lagaákvæði, er gefi sveitar- og bæjarfjelögum rjett til að takmarka innflutning fólks, sem hætta er á, að verði þeim til byrði.

Nú vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðh., hvað hann ætli sjer að gera með tilliti til tveggja síðustu liða þingsályktunarinnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þór-

hallsson): Jeg vil aðeins minna á það, að jeg gat þess við 1. umr. þessa frv., að tillögur liggja fyrir um þau mál, sem tveir síðustu liðir þál. fjalla um. Ef ekki er þegar búið að afhenda hv. allshn. tillögurnar, þá verður það gert að vörmu spori. Jeg skal taka það fram, að ólíkar skoðanir komu fram hjá þeim, sem undirbjuggu, og vanst stj. ekki tími til að gera upp á milli þeirra.

Getur hv. þm. Borgf. fengið aðgang að öllum gögnum málsins hjá hv. allshn.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að skilja svar hæstv. atvmrh. svo, að stj. ætli sjer ekki að leggja fram frv. um þessi mál. **(Forsrh. TrÞ:** Já).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 127,1 samþ. án atkvgr.
2. gr. (verður 2.—3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 127,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 127,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 127,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 127,5 (ný 21. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 127,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 127,7 samþ. með 19 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflaskifting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 153).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 153).

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 2. mars., var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 329).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta var lagt fyrir háttv. neðri deild, og hefir því verið athugað af allshn. þeirrar deildar. Voru þar gerðar á því lítilsháttar breytingar. Allshn. þessarar deildar hefir nú athugað frumvarpið og leggur til, að það verði

samþykt óbreytt. Að vísu telur hún, að það geti orkað tvímælis, hvort orðalag þess sje alstaðar sem heppilegast, en telur samt ekki ástæðu til að fara að hrekja frv. á milli deilda fyrir þær sakir.

Þess skal getið, að frv. þetta er fram komið vegna þál., sem samþykt var á síðasta þingi, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa löggjöf um þetta efni fyrir þetta þing, með því að gildandi hjúalöggjöf væri orðin mjög gömul.

Á þinginu 1923 kom fram frv. um þetta efni, en náði ekki fram að ganga. Er nú frv. það, sem hjer liggur fyrir, að mestu leyti samhljóða því. Virðist mál þetta því vera orðið sæmilega vel undirbúið, og telur nefndin því rjett, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv..

2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

15.—29. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

30. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

31.—34. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

---

7. Eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útútbýtt:

Frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum (stjfrv., A. 20).

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. núverandi 2. þm. Reykv. (HjV) bar fram hjer í deildinni í fyrra áskorun til stj. um, að hún legði fyrir þetta þing frv. um þetta efni. Máli þessu var þá vel tekið, bæði af þáverandi stj. og öðrum, og þáverandi atvmrh. (MG) gat þess í umr., að nokkur gögn væru í stjórnarráðinu þessu máli viðvíkjandi.

Nú hafa þessi gögn verið notuð og hinsvegar einnig höfð hliðsjón af lögum annara þjóða um þetta efni, einkum sambandsþjóðar vorrar.

Að lokinni þessari umr. legg jeg til, að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 71).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Eins og tekið er fram í nál., er frv. þetta borið fram af stjórninni samkv. þál. Nd. á síðasta þingi. Frv. er í 4 köflum. Í 3 fyrstu köflunum er greint sundur, hvernig eftirlitið skuli vera, en

í 4. kaflanum eru almenn ákvæði. 1. og 2. kafli eru sniðnir eftir dönsku verksmiðjulögunum frá 1913, en jafnframt höfð hliðsjón af lögum nr. 37 1922, um eftirlit með skipum og bátum. 3. kaflinn, um eftirlit með vjelum á landi, er bygður á tillögum Verkfræðingafjelags Íslands, er ríkisstjórninni bárust í árslok 1926. Ætlast er til, að ákvæði 1. og 2. kafla verði síðar nánar afmörkuð með reglugerð, og það því fremur, sem þesskonar löggjöf er ný hjer á landi og ætla má, að hana þurfi smámsaman að sníða eftir hinum sjerstöku staðháttum hjer.

Nefndin hefir ekkert verulegt að athuga við frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt. Þess skal þó getið, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) var ekki viðstaddur á nefndarfundi, og veit jeg ekki um afstöðu hans.

Prentvilla hefir slæðst inn í frv. á bls. 4, 15. gr., og vona jeg, að skrifstofan leiðrjetti hana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

10.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

15.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

18.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

23.—28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., kaflaskifting og fyrirsagnir kafla samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 20).

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 297).

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir nú eiginlega að öllu leyti fallist á þetta frv., en ber þó fram, eftir nákvæma athugun, nokkrar brtt. á þskj. 297, sem eru þó að mestu leyti orðabreytingar aðeins. Jeg skal nefna þær helstu af þessum brtt.

Það er í fyrsta lagi lagt til, að 1. gr. verði orðuð um og sett í greinina sjálfa það, sem nú stendur í aths. við frv.: að þau fyrirtæki skuli geta orðið eftirlitsskyld eftir lögunum, þar sem þrír menn hið fæsta vinna að jafnaði; í frvgr. er óákveðnara orð, nefnilega „nokkrir“. Að öðru leyti hefir bæði á þessum stað og öðrum verið vikið við orðalagi.

Við 2. grein leggjum við til, að í

staðinn fyrir „iðju“ komi „vinnu“; er sú orðabreyting bygð á því, að orðið iðja hefir fengið nokkuð sjerstaka merkingu í lagamáli með löggjöf síðustu ára, en hefir hjer víðtæka merkingu.

3. og 4. brtt. er orðabreyting einungis.

Þá er 5. brtt., við 6. gr. Það er í rauninni líka orðabreyting, um loftræsting í vinnustofum. Það stendur svo í frv., að það skuli vera loftræsting til þess að veita hreinu lofti inn. Loftræsting getur líka verið með öðru móti og jafngóð, þannig að veitt er út spiltu lofti. Viljum við orða það þannig, að hvora aðferðina mætti nota, eftir því sem á stendur.

6. brtt. er aðeins málsleiðrjetting.
7. brtt. sömuleiðis.

8. brtt. er um það að fella burt tilvísun til núgildandi laga um raforkuvirkjun, en setja þar í staðinn „gildandi lögum um raforkuvirkjun“, þannig að farið verði eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

9. brtt. er málslögun, að dómi nefndarinnar.

10. brtt., við 13. gr., má kannske skoða sem efnisbreytingu, en hún er algerlega í samræmi við það, sem hreyft er í athugasemdunum við frv., sem sje að undanþiggja eftirlitsskyldu eimkatla með lágþrýsting, sem notaðir eru einungis til hitunar á íbúðarhúsum. Það er að vísu ekki mikið um það nú orðið, að eimkatlar sjeu notaðir til þess, heldur mest vatnskatlar; en þar, sem eimkatlar kynnu að vera notaðir í þessu skyni, mundu þeir venjulegast aðeins hirtir af heimafólki, og það er ekki meiri hætta af slíkum eldfærum en hverri eldstó sem er; sýnist því ástæðalaust að láta þá katla falla inn undir eftirlitsskyldu.

11. brtt., við 15. gr., er aðeins til skýringar.

12. brtt. er aðeins orðabreyting til skýringar. Sömuleiðis 13. brtt.

En um 14. og síðustu brtt., sem fer fram á, að lögin gangi í gildi 1. júlí, í staðinn fyrir 1. október, hefir nefndin það að segja, að henni er að vísu ljóst, að það er ýmislegt viðvíkjandi framkvæmd þessara laga, sem verður að bíða bæði þangað til reglugerðir hafa verið settar og skoðunarmenn skipaðir. En nefndinni fanst ekki ástæða til þess að draga það til 1. okt., að lögin sjálf gengju í gildi, heldur taldi hún rjettara, að það yrði nú þegar 1. júlí, til þess að þá mætti gera það, er gera má til undirbúnings á framkvæmd laganna. Að öðru leyti eru slík lög náttúrlega nokkurt aðhald fyrir alla þá, sem hafa með höndum fyrirtæki, sem eftirlitsskyld verða, um það, að brjóta ekki í bága við reglur laganna, þegar þau eru komin í gildi. Einnig út frá þessu sjónarmiði þótti nefndinni rjett að bera fram þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 297,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 297,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 297,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 297,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 297,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 297,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,9 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,10 samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 297,14 samþ. með 11 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 1. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 333, 340).

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. flytur hjer tvær örlitlar brtt. á þskj. 340. Hin fyrri er um fyrirsögn 1. kafla frv.; það er aðeins orðabreyting, sprottin af því, að nefndin kann illa við þá fyrirsögn, sem nú er, „Svið laganna", en telur kaflann rjettnefndan svo sem í brtt. greinir.

Þá er önnur brtt. um að fella burtu orðin úr 15. gr. „og notkun heitvatnstækja".

Greinin fjallar um kröfur til þeirra manna, sem megi gæta eftirlitsskyldra eimkatla, og kröfurnar eru þær, að þeir hafi nægilega þekkingu á þeim verkum. Og svo stendur „og notkun heitvatnstækja", en þetta er eitthvert innskot, sem af vangá hefir komist þarna inn. Nefndin athugaði það og þótti rjettast að láta falla niður þessi orð, því að þau ættu þar ekki heima. Leit nefndin svo á, að kröfurnar, sem greinin gerir um kunnáttu gæslumanna, væru nægilegar, þó að þetta innskot stæði þar ekki.

ATKVGR.
Brtt. 340,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 340,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 357).

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir athugað þær breytingar á frv., sem gerðar hafa verið í

Ed., og telur þær til bóta. Þær skifta litlu máli allar, en þó eru tvær lítilsháttar efnisbreytingar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

8. Bændaskólar (stjfrv.).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla (stjfrv., A. 27).

Á 8. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það væri freistandi í sambandi við þetta mál að fara út í sögu búnaðarskólanna og búnaðarskólamálsins hjer á Alþingi. Sú saga er allmerkileg og stendur í nánu sambandi við strauma þá, er voru með þjóðinni á síðustu öld. En bæði er, að slíkt mun ekki algengt á Alþ., og svo hitt, að vegna hinnar löngu umr. í gær eru hjer fáir þm. viðstaddir, svo að jeg mun aðeins rifja upp helstu atriðin úr sögu búnaðarskólanna hjer á landi.

Eins og allir vita, eru nú nálega 50 ár síðan fyrsti búnaðarskólinn var stofnaður, í Ólafsdal. Hitt vita færri, að saga búnaðarskólanna á Alþ. er nærri 30 árum eldri. Árið 1853 er fyrst vakið máls á því, að stofnaður verði jarðræktar- og búnaðarskóli, og var þm. Suður-Þingeyinga fyrsti frsm. búnaðarmálanna. Á Alþ. 1855, '59, '63 og '71 var búnaðarskólamálið einnig flutt og oft af miklu kappi, en það strandaði altaf á því sama og aðrar framkvæmdir á þeim tíma; stjórnin neitaði að leggja fram það fje, er til þurfti. Var þá reynt að fá ýmsa sjóði til þess að leggja fram fje, svo sem Thorkilliisjóðinn og kollektusjóðinn, en búnaðarskólarnir voru ekki settir á stofn, fyr en Alþ. bauð að leggja sjerstakt gjald á allar jarðir á landinu til þess að hægt væri að hrinda máli þessu í framkvæmd.

Á grundvelli tilskipunarinnar frá 2. febr. 1882 eru svo allir 4 búnaðarskólarnir stofnaðir, hver í sínu amti. Elstur er skólinn í Ólafsdal, þá Hólaskóli, Eiðaskóli og Hvanneyrarskólinn yngstur.

Starfa þeir allir í samvinnu við amtið til 1902, eftir gamla fyrirkomulaginu. Árið 1902 keypti Torfi Bjarnason skólann í Ólafsdal og rak hann síðan til 1907. Hólaskóli starfar til 1902 eftir gamla fyrirkomulaginu, Eiðaskólinn til 1918 og Hvanneyrarskóli til 1907. Allir voru skólarnir stofnaðir á árunum 1880—'90 og um aldamótin hafa þeir allir lifað sitt fegursta. Eru þá sjóðir allir orðnir uppjetnir, aðsókn orðin lítil að skólunum og komin almenn óánægja um skipulag þeirra. Árið 1902 gengst Páll Briem fyrir breytingu á skipulagi skólanna, og varð sú breyting síðar fyrirmynd bændaskólalaganna frá 1905. Með þeirri breytingu, sem þá varð, var búnaðarskólunum breytt í bændaskóla og urðu nú tveir í stað fjögurra. Nú er aðaláherslan lögð á hið bóklega, en minna á hið verklega.

Eftirtektarvert er það, að nálega engin rödd heyrðist á Alþ. móti aðalbreytingunum, sem voru: að auka bóklega kenslu í stað hinnar verklegu og að hætta við opinberan rekstur. Aðaldeilan stóð um það, er flytja átti skólann frá Hólum, og urðu menn ekki á eitt sáttir um staðinn. Hver hugur manna var á þingi, kemur best í ljós í ræðu frsm. Sigurðar Stefánssonar í Ed. Breyting þessi var svo framkvæmd fyrir 20 árum og á grundvelli laganna 1905 hafa tveir bændaskólar starfað síðan.

En nú er skoðun manna aftur breytt. Vilja nú flestir hverfa að gamla fyrirkomulaginu, þykir of lítil verkleg kensla og heimta opinberan rekstur — einmitt hið sama og hætt var við fyrir 20 árum síðan. Jafnframt dæma menn bændaskólana hart og telja þá hafa borið lítinn árangur.

Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, þótt jeg beri fram þetta frv., að jeg er ekki algerlega sammála þessum röddum. Sjerstaklega get jeg ekki tekið undir það, að bændaskólarnir hafi verið til lítils gagns. Jeg er kunnugur svo að segja um land alt, og víða eru það einmitt hinir ungu búfræðingar, sem útskrifast hafa af bændaskólunum, er verða helstu framtaksmennirnir heima í sínu hjeraði. Jeg get heldur ekki fallist á að gera jafnstóra breytingu og gerð var 1905 og hverfa algerlega að því gamla. Fyrir mitt leyti vil jeg koma með þá till. að gera breytingu á öðrum bændaskólanum, einkum þar sem aðsókn að þeim skóla hefir verið lítil undanfarið og nú mun losna skólastjóraembættið. Aftur á móti finst mjer ekki tími kominn til þess að breyta báðum skólunum, en tel nóg að gera breytingu á öðrum þeirra fyrst og sjá, hvernig hún gefst. Í þeim anda er frv. þetta fram borið. Annars er mjer form þess ekki fast í hendi, og er jeg reiðubúinn til samvinnu bæði við hv. landbn. og hverja þá, er vilja endurvekja hinn gamla Hólaskóla á þessum grundvelli. — Ef það mark næst, liggur mjer í ljettu rúmi, hvort farin verður þessi leið til þess eða önnur.

Að svo mæltu legg jeg til, að málinu verði vísað til landbn.

Jón Sigurðsson: Jeg var ekki inni, er hæstv. atvmrh. hóf ræðu sína, og misti því af nokkrum hluta hennar. En niðurlag ræðunnar gaf minna tilefni til að gera þær aths., er jeg hafði hugsað mjer að gera við frv., einkum vegna þess, að hæstv. ráðh. sagði, að form frv. væri sjer ekki fast í hendi og hann væri fús til samvinnu. Samt sem áður tel jeg það skyldu mína að segja nokkur orð um þetta mál.

Í frv. er gert ráð fyrir því að stofna unglingaskóla í sambandi við skólann á Hólum. Jeg verð að segja, að mjer finst þetta vera spor aftur á bak. Áður voru 4 búnaðarskólar á landinu, nú eru þeir aðeins tveir eftir, og ef þessi breyting kemst í framkvæmd, mætti segja, að þá væri aðeins eftir 1½ búnaðarskóli. Nú er það kunnugt, að meira en helmingur landsmanna stundar landbúnað, en þessir tveir skólar geta aðeins rúmað 40—50 nemendur. Sá fjöldi er aðeins lítið brot þeirra manna, sem gera má ráð fyrir, að árlega bætist í hóp landbúnaðarmanna. Það er því síst ástæða til að þrengja enn meir að þessu námi. Jeg veit, að Hólaskóli hefir verið lítið

sóttur undanfarin ár, en ástæðan fyrir því er sú í fyrsta lagi, að skólinn hefir vegna brunans legið að nokkru í rústum nú í 2 vetur. Í öðru lagi af því, að hann er ekki lengur í samræmi við kröfur þær, er bændur gera til búnaðarskóla nú. Fyrir 20 árum var þörf á vakningu eftir dauðamók það, er landbúnaðurinn hafði legið í þá um margar aldir, og var full þörf á að vekja bændur til þess að hefjast handa. En þegar sú vakning var fengin, vantaði þekkingu til framkvæmda. Þess vegna hafa komið fram kröfur um verklega kenslu, og sú er orsökin til þess, að Hólaskóli hefir verið miður sóttur en skyldi. — Ef hæstv. forsrh. er sannfærður um, að breytingar hans við verklega námið geti orðið til verulegra bóta fyrir skólann, verða þær um leið til þess að efla aðsókn að skólanum. Afleiðingin hlyti að verða sú, að þá yrði ekkert rúm fyrir unglingaskóla, og er þetta því að mínu áliti hvað upp á móti öðru. Jeg hallast því að því, að þessi unglingadeild verði látin bíða fyrst um sinn, þar til sjeð er, hvernig hin fyrirhugaða breyting gefst og hver áhrif hún hefir á aðsókn að skólanum. Af því, sem eg hefi nú sagt, veit eg, að öllum er ljóst, að jeg er fylgjandi verklegu námi. Bændur gera yfirleitt þær kröfur til þeirra, sem frá búnaðarskólum koma, að þeir kunni til verklegra framkvæmda í búskap.

En úr því að farið er að hrófla við bændaskólunum á annað borð, vil jeg skjóta því til hv. landbn., hvort ekki er fleira, sem þarf að athuga í þessu máli. Jeg held, að t. d. væri athugamál, hvort hin bóklega kensla gæti ekki tekið verulegum breytingum til bóta. Jeg hefi það í huga, hvort ekki mætti breyta Hólaskóla allverulega, t. d. í eins árs skóla. Jeg veit, að sumir menn segja, að í slíkum skóla verði kenslan aldrei annað en kák. Samt er það svo, að í Noregi eru allmargir slíkir skólar. Og þeir hafa gefist svo, að þar er næstfjölmennasti hluti búfræðinga þjóðarinnar útskrifaður frá slíkum skólum. Fyrirkomulagið er þannig, að á veturna er stundað bóklegt nám, en verklegt yfir sumarið. Norðmenn hafa nú nýlega fjölgað þessari tegund búnaðarskóla hjá sjer. Og úr því að nánustu frændþjóð okkar hefir gefist þetta fyrirkomulag svo vel, þá eru líkurnar fyrir því, að það gæti einnig reynst vel hjer, þar sem staðhættir eru að mörgu svipaðir. — Mín hugmynd er sú, að bóklega kenslan verði höfð með lýðskólasniði. Fyrst og fremst verði valið það hagnýtasta, en jafnframt verði kostað kapps um að vekja áhuga nemendanna, ekki aðeins fyrir námsgreinunum, heldur og fyrir landbúnaðarmálum yfirleitt. Og hvað sem segja má nú um Hólaskóla og ófullkomleika hans hvað snertir verklegt nám, þá var það svo, þegar jeg þekti hann best og var þar lærisveinn, að hann vakti áhuga hjá nemendum sínum. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að hver nemandi hafi farið þaðan fullur af brennandi áhuga fyrir því að gera gagn og verða nýtur bóndi, þegar aðstaða hans leyfði.

Þá er enn eitt atriði, sem frv. fjallar um, að reka skólabúið fyrir reikning hins opinbera. Jeg hefi ekki hugsað það mál til hlítar, en þó er í mjer talsverður uggur við að taka upp þá

aðferð. Sú reynsla, sem fjekst meðan amtið kostaði rekstur Hólaskóla, hvetur engan veginn til þessa. Og hvort sem það er sambærilegt eða ekki, þá er það víst, að slíkt skólafyrirtæki, sem rekið er fyrir opinberan reikning, þarf strangt eftirlit og sjerlega vandaður maður verður að veita því forstöðu, ef það á ekki að verða ríkissjóði til stórkostlegrar útgjaldabyrði. Ef landbn. áliti hægt að koma því fyrir, þá hefði jeg frekar kosið, að þessu hefði verið komið svo fyrir, að bústjóri ræki búið á eiginn reikning, með svo hagstæðum kjörum, sem hann getur frekast átt kröfu á.

Loks langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., á hvern hátt hann hafi hugsað sjer þær breytingar, sem nauðsynlegar verða á kennaraliði skólans eftir frv. Mjer skilst, að einn eða tveir kennarar eigi að víkja á einhvern hátt, og þætti fróðlegt að heyra skýringu hæstv. ráðh. á því og hverja á að reka, ef einhverjir eiga að fara.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð til að svara hv. 2. þm. Skagf. Hann vjek fyrst að a-lið 1. gr., um að setja á stofn undirbúningsdeild við skólann á Hólum. Það er rjett til getið hjá honum, að þetta er gert til þess að hafa betri not af starfskröftum skólans, meðan hann er svo lítið sóttur sem nú er. Jeg álít, að ef aðrar þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru, koma að fullu gagni og verða til þess, að aðsóknin eykst að skólanum, þá verði undirbúningsdeildin að víkja. Hinsvegar er það rangt, að þetta geri það að verkum, að ekki verði nema 1½ bændaskóli í landinu. Þessi undirbúningsdeild á á engan hátt að draga úr Hólaskóla sem bændaskóla, heldur á aðeins að bæta henni við skólann, ef rúm og aðstaða leyfir. Annars var það sjerstakt tilefni, sem olli því, að þessi heimild var sett í frv., sem sagt merkileg grein um skólann á Hólum, sem nýlega birtist á prenti.

Jeg get að öllu verulegu leyti tekið undir það með hv. þm., að í mjer er uggur við það að fara að reka skólabúið fyrir opinbert fje. Er það vegna þeirrar reynslu, sem fengin er, og eins er jeg ekki sammála þeim mönnum, sem álíta, að það geti verið fyrirmyndarbú, sem þannig eru rekin, að þau bera sig ekki. Þar á móti verður mjög erfitt að koma við verklegu námi, ef búið á að vera í einstaks manns höndum og rekið fyrir hans reikning, en ef háttv. landbn. getur fundið einhverja leið til þess, að það megi takast, þá mun jeg verða henni þakklátur.

Jeg vil upplýsa, að breytingar þær, sem talað er um á kennaraliðinu, standa í nánu sambandi við 1. lið 1. gr. Ef undirbúningsdeildin verður stofnuð, þá er nauðsynlegt að hafa einn kennara vegna hennar sjerstaklega. Annars get jeg sagt, að þessu er ekki stefnt að neinum sjerstökum kennara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 217).

Frsm. (Jón Ólafsson): Það þarf ekki langan formála fyrir jafnlitlu efni og hjer er um að ræða frá hálfu nefndarinnar. Eins og nál. ber með sjer, höfum við aðeins lagt til fáeinar smábreytingar, ekki af því, að við álítum ekki þörf á gagngerðari breytingum í þessu efni, heldur af því, að í fyrra var skipuð milliþinganefnd, sem meðal annars hefir þetta mál til athugunar, og vildum við ekki á nokkurn hátt taka fram fyrir hendurnar á henni, enda má búast við, að ekki dragist lengur en til næsta þings, að hún leggi fram ítarlegar tillögur í þessu máli. Brtt. nefndarinnar eru því aðeins til bráðabirgða.

Við viljum ekki taka upp c-lið í stjfrv. að þessu sinni, sem sje stofna við skólann sjerstaka deild, er veiti lýðfræðslu. Við álítum það svo mikilsvert atriði, er þurfi svo gagngerðrar athugunar við, að við treystum okkur ekki til þess að gera neinar tillögur um það að svo stöddu. En þar með er ekki sagt, að þetta sje ekki nauðsynlegt. Á það hefir enginn dómur verið lagður í nefndinni. Aðeins álítum við, að það atriði verði betur athugað og undirbúið í milliþinganefndinni.

Nefndin vill ekki taka upp skýlaus ákvæði um, að skólabúin skuli rekin fyrir opinberan reikning, en hún vill rýmka ákvæði um það úr lögunum frá 1905. Í stað orðanna í 1. gr. laganna: „ef öðru verður ekki við komið", vill nefndin setja: ef hentara þykir. Þar með er ákvæðið gert svo rúmt, að ef augsýnilegt skyldi reynast, getur stjórnin, í samráði við Búnaðarfjelagið, hvenær sem er gert þá breytingu.

Þá kem jeg að hinni verklegu hlið skólanna. Í seinni tíð hafa heyrst æ háværari og háværari raddir um það, að meiri áherslu beri að leggja á verklega kenslu en hingað til hefir verið gert. Fyrir síðasta búnaðarþingi lá ítarleg greinargerð um þetta efni, og yfirleitt virðist áhugi manna fyrir því vera mikill. Ef á að krefjast mikillar verklegrar kenslu við búnaðarskólana, hefir það að sjálfsögðu aukin útgjöld í för með sjer, þannig að það fara að renna á menn tvær grímur um það, hvort ekki sje heppilegast, að skólabúin sjeu rekin fyrir opinberan reikning. Mjer þykir sennilegt, að á sínum tíma, þegar mál þetta hefir verið rækilega íhugað, verði horfið að því ráði. En þá á auðvitað eitt yfir báða skólana að ganga, en ekki að taka annan út úr. Í frv. stj. er aðeins farið fram á breytingu á öðrum skólanum. Jeg hefi ekki kynt mjer, af hverju það stafar, en mjer virðist það sama muni eiga við um báða skólana. Þeir njóta nú mikils styrks frá því opinbera, sem ekki virðist fara minkandi, heldur þvert á móti, eftir því sem aukið er við kensluna. Það er auðsjeð, að annar skólinn, eins og því búi er fyrir komið, á að vera sjálfum sjer nógur. Öðru máli er að gegna um hinn skólann, sem orðið hefir aftur úr og á yfirleitt við verri skilyrði að búa.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Jeg legg sem sagt aðaláhersluna á, að breytingar landbn. sjeu aðeins bráðabirgðabreytingar, sem standa kannske ekki árinu lengur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get verið hv. nefnd þakklátur fyrir afgreiðslu þessa máls. Að minsta kosti þrjú veruleg atriði

hefir hún orðið stjórninni sammála um. Vil jeg þar fyrst og fremst nefna aukningu verklegs náms við annan bændaskólann og það, að skólabúið megi reka fyrir opinberan reikning. Jeg hefi ekkert að athuga við það, sem nefndin stingur þar upp á. Jeg get að vísu gjarnan sagt, að ef hægt er að ná því marki, sem stefnt er að, án þess að skólabúið sje rekið fyrir opinberan reikning, tel jeg það mjög æskilegt. En ef ekki fæst annað, verður að gera tilraun til opinbers búrekstrar. Einnig hefir hv. nefnd fallist á að hafa þetta alt í heimildarlagaformi. Það er gert út frá þeim forsendum, eins og aðrar tillögur hv. nefndar, að mál þetta verði endurskoðað í milliþinganefnd. Loks er nefndin stjórninni sammála um að láta það nægja í bili, að þessi ákvæði nái til þess skólans, sem laus er á næsta vori. Þess hefir verið getið í sambandi við annað mál, að við eigum að láta okkur nægja að gera tilraunir með annan skólann, bæði af því, að tækifærið kemur nú upp í hendurnar á okkur, og auk þess eru ekki nema um 20 ár síðan breytt var fyrirkomulagi skólanna.

Um þessi atriði er nefndin stjórninni sammála. Aftur á móti hefir nefndin ekki getað fallist á það, að undirbúningsdeild skólans veiti almenna lýðfræðslu. Eins og jeg sagði við fyrri umr. þessa máls, er d.-liður settur í samband við a.-lið, þannig að ef a.-liður fellur, þá fellur d.-liður líka. Jeg skal ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Þessarar heimildar var leitað af því, að skólinn hefir verið svo lítt sóttur. Stjórnin vildi koma í veg fyrir, að hús og kenslukraftar væri látið að miklu eða einhverju leyti ónotað. Ef það kemur í ljós, að sú breyting, sem nefndin vill gera, hafi það í för með sjer, að skólinn verði vel sóttur, þá er engin ástæða til að veita þessa heimild, enda hefði hún þá ekki verið notuð. En jeg er hræddur um, að sú breytingýti ekki mikið undir aðsókn að skólanum. Þess vegna greiði jeg atkvæði á móti brtt. nefndarinnar.

Pjetur Ottesen: Jeg hreyfði því hjerna á dögunum, þegar frv. það um breytingar á bændaskólunum, sem þeir flytja, hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf., var til umræðu, að jeg væri andvígur þeirri stefnu, sem að nokkru leyti kom fram í því frv., en sem bert kemur fram í þessu frv., að skólabúin verði rekin fyrir ríkisreikning. Jeg sje, að landbn. hefir fallist á þá stefnu. Nefndinni virðist þó ekki vera fast í hendi með það, þar sem hún vill láta skoða sínar tillögur um samþykt frv. aðeins sem bráðabirgðatillögur. Um þetta atriði, ríkisrekstur á skólabúunum, hefi jeg það eitt að segja, að jeg álít það síst vera til bóta. Jeg hygg, að samkvæmt þeirri reynslu, sem fjekst áður fyr, meðan búin á bændaskólunum voru rekin fyrir ríkisreikning, sje þetta alveg öfugt spor. Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að ekki væri hægt að koma við auknu verklegu námi á annan hátt. Þetta er með öllu órökstutt hjá hæstv. ráðh.; það eru ekki fyrir hendi neinar staðreyndir, sem benda í þessa átt. Jeg vildi fyrst fá reynslu um það, hvort ekki gæti farið saman aukið verklegt nám og einkarekstur búanna. Mjer finst það vera sjálfsagður hlutur að

athuga fyrst, hvort þetta tvent getur ekki vel farið saman. Ef reynslan sýnir, að svo er ekki, þá horfir málið öðruvísi við. Jeg er því alveg á móti þessu og jeg undrast það mikillega, að landbn. skyldi undireins hoppa inn á þessa braut, án þess að fengin væri reynsla fyrir því, hvort ekki væri hægt að sameina aukið verklegt nám og einkarekstur skólabúsins. Jeg þykist þess fullviss, að á Hvanneyri væri þetta hægt, og jeg er í litlum vafa um, að þetta mætti líka gera á Hólum. Það verður vitanlega að gæta þess, þegar skólabúin eru leigð, að forstaða þeirra sje ekki falin öðrum mönnum en þeim, sem trúandi er til þess að reka þau myndarlega í alla staði. Nemendur verða að eiga kost á að kynnast myndarlegum búrekstri samfara hinu bóklega námi.

Jeg skil nál. landbn. þannig, að hún ætli að setjast á frv., sem flutt var hjer um daginn og jeg gat um í upphafi ræðu minnar, og láta það ekki koma fram. Í því efni skírskota nefndarmenn til þess, að á síðasta þingi var skipuð milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, sem meðal annars átti að athuga bændaskólalöggjöfina. Þetta hefir auðvitað mikið til síns máls.

Það hefði óneitanlega legið næst, og enda að öllu sæmilegast, að hreyfa ekki við þessu máli nú, bíða heldur till. milliþinganefndarinnar. Og það er blátt áfram fjarri öllum sanni að fara nú að samþykkja í því stórfeldar stefnubreytingar á þessu þingi, eins og það að fara að taka upp ríkisrekstur, þar sem það líka er upplýst af manni úr milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, að hún hugsar sjer að bera fram tillögur um breytingar á tilhögun bændaskólanna strax á næsta þingi. Því tel jeg sjálfsagt að slá öllum breytingum á bændaskólalöggjöfinni á frest, þangað til milliþinganefndinni hefir unnist tími til að undirbúa málið. Vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að málinu verði ráðið til lykta með svofeldri rökst. dagskrá:

Bændaskólamálið er eitt þeirra mála, sem milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum er ætlað að taka til íhugunar og gera tillögur um. Með því að ætla má, að tillögur nefndarinnar um það efni verði komnar fyrir næsta þing, þykir ekki rjett að fara nú að gera hjer mikilsvarðandi lagabreytingar, sem komið gætu í bága við frambúðarskipun málsins, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Guðmundsson: Því hefir verið haldið hjer fram í hv. deild, að vegna þess, hve bændaskólinn á Hólum hefir verið illa sóttur síðustu árin, þá væri rjett að taka til athugunar, hvort ekki væri rjett að breyta kenslufyrirkomulaginu þar. Það er nú að vísu satt, að skólinn hefir verið lítið sóttur síðustu árin, en það hefir sínar sjerstöku ástæður. Eins og allir vita, þá brann skólahúsið á Hólum í fyrrahaust, svo engin von er til þess, að margir skólasveinar væru í fyrravetur og nú. En þá mætti kannske segja, að þetta hafi ekki gilt fyrir tímann þar á undan. En það er þó svo í raun og veru, því að gamla húsið var orðið svo slæmt, að naumast var verandi í því. Þetta var orðið kunnugt um flest hjeruð landsins og dró úr umsóknum að skólanum. Það má því

segja, að happ væri að því, að það brann. Jeg hefi fulla von um, að nú, þegar búið er að byggja þar gott hús, þá muni aðsókn þangað aukast aftur og verða lík því, sem gerist um aðra skóla hjer á landi.

Þetta atriði hygg jeg, að hafi ekki verið athugað nógu vel í hv. nefnd, og að hæstv. stjórn hafi heldur ekki tekið nægjanlegt tillit til þessa, þegar hún bar fram till. sínar, að bæta unglingadeild við skólann. En jeg er viss um, að til þess að hafa slíka deild við skólann yrði húsrúm þar alt of lítið. Mjer þótti því vænt um, að nefndin leggur til að fella niður þennan lið frv.

Viðvíkjandi rekstri skólans vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að skilja beri brtt. nefndarinnar um, að reka megi skólabúið á opinberan kostnað, ef hentugra þyki, þannig, að fyrst beri að gera tilraun með að reka búið á kostnað einstaklinga. Mjer skildist helst, að það væri vegna verklega námsins, sem þetta gæti talist nauðsynlegt. En í sambandi við það vil jeg geta þess, að það atriði er mikið undir því komið, hvernig samið verður um verklega námið. Ef ábúandi fær vinnuna, þá ætti það að ýta undir hann að láta vinna að jarðabótum. En jeg vil heldur, að styrkurinn verði hækkaður til verklega námsins, heldur en að tekinn verði upp ríkisrekstur á skólabúunum.

Jeg held ekki, að undanfarandi reynsla gefi ástæðu til gagngerðra breytinga, og vil því taka undir með hv. þm. Borgf., að þar sem þetta mál verður væntanlega útkljáð á næsta þingi, þá sje ekki ástæða til að breyta nú. Það virðist mega fara þá leið að setja skólastjóra á Hólum til bráðabirgða og láta fullnaðarsamninga vera komna undir þeim ákvörðunum, sem teknar verða síðar um fyrirkomulag bændaskólanna. Þannig ætti að vera hægt að komast yfir þetta millibilsástand með sjerstökum samningi.

Forseti (BSv): Fram hefir komið till. til rökstuddrar dagskrár, frá hv. þm. Borgf., svo hljóðandi: (sjá dagskrártill. á bls. 1454). Er þá þessi rökstudda dagskrá einnig til umræðu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins segja örfá orð út af þessari rökstuddu dagskrá hv. þm. Borgf., sem leggur til, að þessu máli verði algerlega frestað með tilliti til þess, að milliþinganefndin, sem nú starfar að landbúnaðarmálum, hefir ekki lokið tillögum sínum um þetta mál, en leggur þær væntanlega fyrir næsta þing. En í því sambandi vil jeg minna á það, að tveir af þremur mönnum, sem eiga sæti í þessari nefnd, eiga einnig sæti í hv. landbúnaðarnefnd þessarar deildar, sem hefir fjallað um þetta mál. Ætti þeim hv. þm. því að vera ljóst, hvað hentar best í bili í þessu máli, með tilliti til væntanlegra breytinga.

Þótt nú vafasamt teljist, hvernig máli þessu verður skipað í framtíðinni, þá er það þó ekki vafasamt, hygg jeg, að verklega námið verður aukið. Ennfremur vil jeg minna á það, að þessar breytingar eru gerðar í samráði við tvo menn úr milliþinganefndinni. Og í þriðja lagi, að nú stendur svo á, að á þessu vori þarf væntanlega að ráðstafa Hólaskóla, bæði skólastjórn og búi. Hv. 1. þm. Skagf. hjelt því fram, að bíða mætti með skipun skóla-

stjóra og setja hann í bili. En hv. þm. mun sjá, að það er ekki neitt skemtilegt að eiga að gera það, ef ekkert er hægt að segja um fyrirkomulagið í framtíðinni. Jeg held nú, að þar sem till. þessi er fram komin frá meiri hl. landbn. og eftir ósk frá stjórn Búnaðarfjelags Íslands, þá muni vera óhætt að samþykkja hana, með það fyrir augum, að hún komi ekki í bága við síðari tíma ráðstafanir. Hitt get jeg sagt, að mjer er óljúft að stofna til opinbers búrekstrar á Hólum og mun ekki gera það, nema þá eftir eindreginni ósk frá Búnaðarfjelagi Íslands. Jeg vil því benda hv. þm. Borgf. á það, að það gæti verið fær vegur að bíða með ákvörðun um, hvernig búið á Hólum verði rekið framvegis, þangað til milliþinganefndin hefir lokið störfum sínum. Jeg gæti vel fallist á að gera það, sem hægt er, í því efni, en sje hinsvegar, að vandræði geta leitt af því, ef rökstudda dagskráin verður samþykt.

Bjarni Ásgeirsson: Mjer þykir leitt, að hv. landbn. hefir ekki getað tekið frv. okkar hv. 2. þm. Skagf. (JS) á þskj. 114 til greina. En þar sem þetta mál liggur nú fyrir milliþinganefnd til endurskoðunar, þá get jeg þó, eftir atvikum, sætt mig við það, að málið bíði eitt ár enn eftir endanlegri úrlausn. En þó tekur mig sárt til þess, að eitt atriðið, aukin jarðyrkjukensla, getur ekki komist strax til framkvæmda. Það er áreiðanlega ekki í samræmi við áhuga manna á því máli, bæði hjer á þingi og úti um alt land, að svo getur ekki orðið. Því áreiðanlega telja flestir það undirstöðu aukinnar ræktunar, að hert verði á jarðræktarnámi. Jeg held nú ekki, að það hefði valdið stórri röskun nje komið í bága við framtíðarskipulag þessara mála, þó jarðyrkjunámstími nemenda við bændaskólana hefði verið aukinn upp í 8 vikur. Nú sem stendur eru það 6 vikur, svo ekki vantar nema herslumuninn. Býst jeg við að koma fram með brtt. í þá átt til 3. umr. — Annars býst jeg við að greiða atkv. með þessu frv. að sinni, í þeirri von, að næsta Alþingi hepnist að binda heppilegan enda á þessi mál.

Pjetur Ottesen: Hæstv. atvmrh. taldi, að mikið mætti leggja upp úr meðferð hv. landbn. í þessu máli, þar sem meiri hl. milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum ætti sæti í henni. Jeg veit ekki, hvort hæstv. ráðherra hefir átt við það, að vilji milliþinganefndarinnar kæmi þannig fram, að sýnilegt væri, að hún, eða meiri hluti hennar, væri hlynt ríkisrekstri á skólabúunum. Þetta er eiginlega hið eina, sem hefir þýðingu í þessu sambandi. En jeg veit ekki, hvort hæstv. atvmrh. hefir skilið það svo. Hæstv. ráðherra virðist hafa áhuga fyrir aukningu á verklegu námi og leggur áherslu á það. Jeg get verið honum sammála um það. En jeg held, að ekki sje miklu glatað, þó sú breyting bíði eitt ár enn. Það hefir hvort sem er beðið lengur.

Mjer heyrðist hæstv. atvmrh. ekki vera fjarlægur því að ganga inn á það að nota ekki þessa heimild um ríkisrekstur á skólabúinu næsta ár. En sje svo, þá er ekki um neinn ávinning að ræða með samþykt þessa frv. Þá má eins samþykkja þá rökstuddu

dagskrá, sem jeg hefi borið fram. Verður þá málið væntanlega afgreitt af milliþinganefndinni fyrir næsta þing og þá tekin fullnaðarákvörðun um málið.

Frsm. (Jón Ólafsson): Jeg þarf litlu að svara. Allir hv. þm., sem tekið hafa til máls, hafa fallist á, að rjett væri að samþ. þessar bráðabirgðatillögur, sem nefndin leggur til, að samþyktar verði að þessu sinni, að undanteknum hv. þm. Borgf.

Út af orðum hæstv. fors.- og atvmrh. vil jeg geta þess, að það vöktu líkar ástæður fyrir nefndinni og þær, er hv. 1. þm. Skagf. tók fram, að húsrúm myndi reynast of lítið, ef aðsókn yrði sæmileg, til þess að setja þar á fót unglingadeild. Húsakynni hafa verið svo ljeleg og vansæmandi skólasetri, að ekki er full reynsla um það, hvernig aðsókn verður, þegar bætt hefir verið úr þeirri þörf. En fari svo, að skólinn verði illa sóttur áfram, þá má ávalt færa þetta í betra horf.

Hv. þm. Borgf. taldi, að nefndin hefði hoppað inn á nýja braut í þessu máli. Það má nú vera, að þetta frv. geri lögin nokkru rýmri en þau voru áður. En jeg hygg, að nokkur ástæða væri til að rýmka lögin frá 1905, sem eru svo þröng, að gert er ráð fyrir, að skólarnir sjeu reknir fyrir einkareikning, meðan einhver fæst til að reka þá. Það væri því ekki, meðal annars, vanþörf á að ganga svo frá, að skólunum væru trygðir sem bestir kraftar. Jeg verð líka að segja það, að með þessu ekki litla tillagi, sem skólarnir hafa fengið og fá úr ríkissjóði, þá eru þeir ekki að fullu reknir sem fyrirtæki einstakra manna. Það er tæplega hægt að kalla þá með öllu óþjóðnýtta.

Hv. sami þm. vildi heimta mikla verklega kenslu af skólunum, en taldi, að semja mætti um það við bústjórann, sem ætti að hafa fyrirmyndarbúskap. En slíkt verður nú altaf mikið undir mannvali komið. Og þótt gerðir sjeu samningar um verklega kenslu, þá er nú jafnan svo, að það má á ýmsan hátt fara í gegnum þá. Slíkt er erfitt að tryggja, svo vel sje. En jeg held, að hjer sje ekki um stóra stefnubreytingu að ræða. Þetta frv. er bráðabirgðabreyting á þessum lögum, eins og búið er að margtaka fram. Er því ekki víst, hversu lengi hún varir. En brtt. nefndarinnar eru gerðar með samþykki meiri hl. milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, þar sem 2 af 3 eiga sæti í landbn. þessarar deildar. Er því tæplega hægt að búast við, að þeir taki aðra stefnu í þessu máli, nema ef þeir kynnu að finna önnur betri úrræði við nánari rannsókn. Það er því engin ástæða fyrir hv. þm. Borgf. eða aðra að óttast það, að rekstur skólabúanna sje nær ríkisrekstri, því ef þeir hv. þm. landbn., sem eiga sæti í milliþinganefndinni, verða á það sáttir að leggja það til, að ríkið reki skólabúin, þá hafa þeir meiri hluta til að koma því fram og gera það að till. þeirrar nefndar. En í raun og veru er þetta látið vera óútkljáð frá hálfu landbn.

Hv. þm. Mýr. (BÁ) þótti það miður, að landbn. gat ekki fallist á að taka upp till. þær, sem fólust í frv. hans á þskj. 114. Við í nefndinni skoðuðum það frv. sem bendingu fyrir milliþinganefndina, sem gott gæti verið að kæmi fram. En í þessar bráðabirgða-

tillögur okkar gátum við ekki tekið meira en orðin „ef hentara þykir".

Jeg held, að það hafi verið óþarfi af hv. þm. Borgf. að fara að koma fram með þessa dagskrá sína, því hún getur ekki í raun og veru bundið stjórnina að neinu leyti og gefur engar ákveðnar tillögur eða ákveðna stefnu. Enda hefir og hæstv. forsrh. lýst því yfir, að hann muni ekki nota heimildina um ríkisrekstur á skólabúinu á Hólum, nema í fylstu nauðsyn. Jeg held því, að það sje ástæðulaust fyrir hv. þm. Borgf. að vera á móti þessum bráðabirgðabreytingum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Aðeins örfá orð til hv. þm. Borgf. Hv. þm. sagði, að það skifti ekki svo miklu máli, hvort till. hans eða nefndarinnar í þessu máli væru samþyktar. Jeg vil segja það, að ef engin breyting hefði verið í vændum með Hólaskóla, þá hefði þetta frv. ekki verið borið fram. Þá hefði að fullu verið beðið eftir till. milliþinganefndarinnar um málið. En nú stendur einmitt svo á, að það þarf að ráðstafa Hólaskóla í vor. Ef dagskrá hv. þm. verður samþykt, þá fæst engin bending um það, hvernig haga skuli skólanum í framtíðinni. Verði þar á móti till. nefndarinnar samþ., þá kemur fram sú stefnubreyting, að kenslan, sem var áður nær eingöngu bókleg, verður nú að miklum mun meira verkleg, þar sem frv. gerir ráð fyrir auknum kröfum á því sviði.

Verði frv. samþ., er því um leið slegið föstu að breyta aðeins Hólaskóla. Undanfarin 20 ár hefir aðalsvipurinn verið bókleg kensla, en verði frv. samþ., verður aðallega um verklega kenslu að ræða. Þetta er það, sem skilur, hvort samþ. verður frv. eða hin rökstudda dagskrá.

Magnús Guðmundsson: Út af orðum hæstv. forsrh. vil jeg geta þess, að jeg hygg engan ágreining um það á þingi, að nauðsynlegt sje að auka verklega námið við bændaskólana. Verði frv. samþ., vil jeg minna á það, að verklega námið yrði að fara fram á sumrin, og til þess að piltar geti notið þess, þarf að veita þeim þann styrk að gjalda þeim kaup yfir sumarið. Það er mjög oft svo, að margir hinna ungu manna, er stunda nám við þessa skóla, eru bláfátækir og hafa alls ekki efni á því að missa sumarkaup sitt. Samþ. þessa frv. hlyti því að hafa talsverðan kostnað í för með sjer.

Annars vil jeg þakka hæstv. forsrh. þau ummæli hans, að hann vildi ekki gera þá breytingu á búrekstrinum, að hann yrði rekinn af opinberu fje, fyr en endanlegt skipulag hefir fengist á skólunum. Jeg vona, að jeg hafi skilið orð hæstv. ráðh. rjett. **(Forsrh. TrÞ:** Jeg sagðist geta athugað þetta til 3. umr.). Jeg verð að álíta það sjálfsagt að breyta þessu ekki, þegar von er um að fá endanlegar till. og samþyktir á næsta þingi um bændaskólana.

Að síðustu vil jeg benda á, að það er ekki vel ljóst, hvort standa á b-lið, ef það verður samþ. að fella a-lið. **(Forsrh. TrÞ:** Nei, alls ekki). Hv. nefnd hefir gert það að till. sinni, að fella aftan af 4. lið orðin: „til þess að reka skólann með þessu skipu-

lagi". Vil jeg því spyrja hv. nefnd, hvort hún geti fallist á 4. liðinn, því að það væri óneitanlega óviðkunnanlegt að gera breytingu á kennaraliði skólans, ef engin breyting verður gerð á skólanum sjálfum.

Jón Sigurðsson: Jeg stend illa að vígi að ræða þetta mál, þar eð jeg hefi ekki heyrt nema lítið brot af umr. Skal jeg því vera stuttorður, til þess að endurtaka ekki það, er áður hefir verið sagt.

Mjer skilst, að með þessu frv. eigi að gera tilraun til þess að auka verklega námið við bændaskólana. Um það er að sjálfsögðu aðeins gott eitt að segja, en jeg vil benda á, að þó slík tilraun verði gerð, er hætt við, að hún sýni ekki nema helming þess, er henni er ætlað. Það má búast við því, að aukin verkleg kensla dragi úr aðsókn að skólanum, vegna þess að margir piltar eru þannig settir, að þeir geta ekki fórnað tveim vetrum og einu sumri til þessa náms. Jeg álít, að miklu nær væri að gera þá tilraun, er jeg og hv. þm. Mýr. bentum á. Á þann hátt fengist meiri reynsla og það yrði öruggara, að aðsókn að skólanum yrði eins og verið hefir, eða ef til vill betri. Úr því hjer er um tilraun að ræða og skoða á næstu ár sem tilraunatímabil, virðist mjer liggja beinast við að stíga sporið fyllra, eins og jeg hefi bent á. Frá mínu sjónarmiði hefir hæstv. stj. og hv. nefnd ekki stigið nema hálft spor í þessa átt.

Pjetur Ottesen: Hv. frsm. landbn. vildi líta svo á, að það væru nokkuð stór orð hjá mjer, er jeg sagði, að hjer væri um stórvægilega stefnubreytingu að ræða, þar sem breyting þessi ætti aðeins að vera um skamma stund. Jeg vil benda honum á, að breytingin er í sjálfu sjer jafnstórvægileg fyrir því, þó gert sje ráð fyrir, að hún sje aðeins til bráðabirgða.

Hv. frsm. sagði ennfremur, að ekki væri forsvaranlegt að láta rekstur skólabúsins í hendurnar á hverjum sem er. Þetta er alveg rjett og hlýtur að vera ljóst þeim, sem hafa með höndum byggingu skólabúanna.

Jeg sje ekki mun á því, hvort um er að ræða einkarekstur á skólabúum eða að þau sjeu rekin fyrir ríkisreikning; það er vitanlega jafnnauðsynlegt í báðum tilfellunum, að búin sjeu í höndum ötulla og hagsýnna manna. En það er síður en svo, að meiri trygging sje fyrir því, að slíkir menn veiti búum forstöðu, ef þau eru rekin fyrir ríkisreikning, og að þau verði rekin myndarlega, heldur alveg hið gagnstæða. Jeg álít aftur þvert á móti miklu meiri tryggingu fyrir því, að búin verði „praktiskt" rekin og til fyrirmyndar, ef um einkarekstur er að ræða. En það hefir áreiðanlega miklu meiri þýðingu fyrir nemendurna á bændaskólunum að sjá og kynnast slíkum búrekstri, sem „praktiskt" er rekinn og myndarlega og gefur góðan arð, heldur en þó borið sje mikið fje í búskapinn án tillits til þess, hver arðurinn er, eins og oft vill verða, þegar ríkið er annarsvegar.

Eins og tekið hefir verið fram af hv. 1. þm. Skagf., hefir ekkert það komið fram, sem bendir til þess, að það sje ekki vilji þingsins að auka verklega námið við bændaskólana. Og það er engin ástæða til þess hjá hæstv. forsrh. að óttast, að svo verði á þetta

litið, þó dagskrá mín verði samþykt; þvert á móti lúta umræðurnar allar um þetta mál að því, að auka beri verklega námið, og þarf milliþinganefndin í landbúnaðarmálum ekkert um að villast, hver er vilji þingsins í því efni, er hún fer að semja tillögur til breytinga á bændaskólalöggjöfinni. En ef það verður ofan á hjá hæstv. atvmrh., að stofna ekki til ríkisrekstrar á Hólum fyr en útsjeð er um afdrif tillagna milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, þá skiftir það ekki í rauninni miklu máli, hvort samþ. verður frv. hans eða dagskrá mín. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu, fyr en við 3. umr., og get jeg því vel frestað að láta dagskrá mína koma undir atkvæði þangað til.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins geta þess, að þótt mjög skýr orð hafi fallið hjer í Nd. í þá átt að auka verklegu kensluna, þá veit hv. þm. Borgf., að það þarf ekki að vera vilji þingsins fyrir því. Hann veit vel, hvernig fór með gin- og klaufaveikifrv. t. d. í fyrra, sem var samþ. í Nd., en strádrepið fyrir okkur í Ed. Slíkt gæti eins vel komið fyrir í þessu máli.

En það er hin stóra spurning, hvort það er vilji þingsins að breyta kenslunni í Hólaskóla og láta hana vera meira verklega, í stað hinnar bóklegu kenslu. **(HK:** En hví má ekki breyta báðum skólunum?). Hjer er aðeins um tilraun að ræða, og gefist hún vel á Hólum, er auðvitað sjálfsagt að breyta báðum skólunum.

Jörundur Brynjólfsson: Þótt hv. frsm. nefndarinnar hafi tekið fram flest þau atriði, sem eru í nál., vil jeg leyfa mjer að bæta hjer við nokkrum orðum.

Nefndin gekk út frá því, að hjer væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða og að stjórnin vildi fá heimild til þess að breyta skólanum. Okkur nefndarmönnum var kunnugt um, hvað skólinn hefir verið fámennur og lítið sóttur, og hjeldum við, að fyrirkomulag skólans kynni að valda þar nokkru um. Hinsvegar er heimildin bundin því skilyrði, að ef önnur breyting yrði gerð á skólanum, þá verði það ríkissjóði að kostnaðarlausu. Við bárum ekki fram brtt. þess efnis, en þótti nóg að taka það fram, að stj. gerði ekki bindandi samninga nema til þess tíma, er kæmi ný skipun á skólann. Við höfum skoðað þetta sem heimild fyrir stjórnina, ef ekki er hægt að ráðstafa skólanum á viðunandi hátt eftir þeim reglum, er nú gilda.

Jeg get að sjálfsögðu ekki sagt neitt um álit milliþinganefndarinnar í þessu máli; við erum aðeins tveir hjer í bænum, og þótt við kunnum að hafa borið okkur saman, höfum við ekki náð til þriðja mannsins, og er því ekki hægt að láta neitt uppi um það. Jeg býst við, að við gerum þær tillögur, sem við álítum rjettastar í þessu máli, hvað sem samþ. þessa þings líður. Jeg álít því rjett að samþ. þetta frv., þar sem í því felst ekki annað en heimild til bráðabirgðaskipulags.

Að lokum vil jeg víkja stuttlega að því, er hv. 1. þm. Skagf. sagði um 4. lið frv., hvort nefndin vildi ekki fella hann allan. Við höfum aðeins felt niður nokkur orð úr þeim lið, en

sjáum ekki ástæðu til að fella hann allan.

Við treystum okkur ekki til að dæma um það, hvort nauðsynlegt sje að breyta kenslukröftum skólans, enda þótt skólanum verði ekki breytt, en það er með þetta eins og annað, að hjer er aðeins um heimild til bráðabirgðaráðstafana að ræða, sem ekki verður tekið til nema þörf skólans krefji.

ATKVGR.

Dagskrártill. þm. Borgf. tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 217,1 samþ. með 17:3 atkv.
— 217,2 samþ. með 15:8 atkv.
— 217,3 samþ. með 16:4 atkv.
— 217,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 1 atkv.

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 249, 267).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 267. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Jeg sje, að hv. meðflm. minn og 1. flm. að brtt. 267 er ekki viðstaddur, og jeg ætla því að segja nokkur orð um þessa brtt. okkar.

Það, sem fyrir okkur vakir með þessari brtt., er það, að gera kröfurnar um verklegt nám nokkuð ákveðnari en er í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Því hefir verið lýst yfir af hæstv. stjórn, að það, sem þetta frv. fer fram á, eigi að vera nokkurskonar tilraun um það, hvaða leið muni líklegust til að fara í þessum efnum í framtíðinni. En úr því að þessi tilraun er gerð, þá óskum við flm. brtt. á þskj. 267, að hún verði gerð þannig, að eitthvað verulegt verði á því að græða. Eins og frv. nú er orðað, er engin skylda til þess, að þeir piltar, sem skólana sækja, stundi verklegt nám. Það er því alveg undir hælinn lagt, hvort skólarnir láta í tje þá verklegu kenslu, sem þyrfti og æskilegt væri. Því er það, að við flm. brtt. 267 viljum binda það fastar, að piltar **skuli** stunda verklegt jarðyrkjunám í 8 vikur, til þess að fá upptöku í eldri deild skólans.

Eins og tekið var fram við 1. umr. málsins, hefir verklega námið fram að þessu verið hreinasta kák, og það er sorglegt til þess að vita, að sá afturkippur í áhuga fyrir búnaðarfræðslu, sem hefir farið í vöxt ár frá ári, er í raun og veru mikið að kenna þessari vöntun á verklegu námi við búnaðarskólana. Ef þessi tilraun með ákveðið jarðyrkjunám leiðir það í ljós, að ekkert er að óttast í þessu efni, þá er um leið hrundið þeim mótbárum, sem fram hafa verið færðar gegn verklegu námi, bæði því, að fólk fáist ekki til að sinna því, og að ekki fáist hentug kensla fyrir pilta, því að reynslan mun sýna, að svo er ekki.

Við leggjum til, að það verði gert að skilyrði fyrir upptöku í eldri deild skólans, að piltar hafi lokið 8 vikna jarðyrkjunámi. Við höfum ekki sjeð ástæðu til að fara nánar út í þetta, en um leið og við stingum upp á því, að þetta verði framkvæmt við Hólaskóla,

leggjum við til, að landsstjórninni heimilist að gera tilraunina einnig á Hvanneyri. Ef þess er þörf við annan skólann, þá ætti líka að vera vert að gera tilraunina við hinn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð út af brtt. á þskj. 267. Mjer þykir það nokkuð þröngur skór, sem eldri deild Hólaskóla er sniðinn með þessari brtt., þar sem sagt er í henni: „enda fái þeir einir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi". Mjer finst þetta nokkuð langt gengið, þegar tekið er tillit til þess, hve aðsókn að skólanum hefir verið lítil. Ef aðsókn eykst ekki að honum, má jafnvel búast við, að ekki verði nema 3—4 piltar í eldri deild hans á ári hverju. Hví má ekki nota hús og kenslukrafta, sem til eru á Hólum? Jeg vil því leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi skriflega brtt., sem jeg óska, að komi til atkvæða hjer í hv. deild, ef afbrigði fást: „Fyrir orðin „enda fái þeir einir" komi: enda sitji þeir fyrir.

Jeg get tekið það til dæmis, að hv. þm. Mýr. sótti um inngöngu í eldri deild Hvanneyrarskóla. Hann hafði ekki lokið 8 vikna jarðyrkjunámi. En hvað er á móti því, að hann fái inntöku, ef nóg rúm er fyrir hann?

Jeg get gengið inn á þá hugsun, sem liggur til grundvallar þessari brtt., en mjer finst tilgangi hv. flm. fyllilega náð með þessari skriflegu brtt. minni.

Jeg afhendi hjer með hæstv. forseta brtt. og óska, sem sagt, að hún verði borin undir atkvæði, ef afbrigði fást.

Frsm. (Jón Ólafsson): Það er eins og hv. flm. þessarar brtt. 267 hafi þótt hún svo ákaflega nauðsynleg, að þeir yrðu að koma með hana nú, þótt nefndin sje búin að lýsa því yfir mörgum sinnum, og 2 hv. þm. úr milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum hafi tekið undir það, að lagt mundi verða fyrir næsta Alþingi ítarlegt frv. um bændaskóla, samið af milliþinganefndinni. Og með það frv. í huga áleit landbn. rjett, þegar þetta frv. kom fyrst til umr., að gera sem minst í þessu máli, áður en milliþinganefndin hefði látið uppi álit sitt.

Jeg get ekki sjeð, að menn sjeu nokkru nær því að hafa þá bráðabirgðabreytingu, sem með þessu frv. er ætlast til, að gerð sje á skólanum, í góðu lagi, þótt þessi brtt. sje samþ. Jeg sje heldur ekki, að þessi bráðabirgðaframkvæmd, sem gert er ráð fyrir í brtt., verði betri en hin, sem ætlast er til að hæstv. atvmrh., sem á að ráða skipun skólans í samráði við skólastjórann á Hólum og stjórn Búnaðarfjelags Íslands, myndi ákveða.

Margir segja, að það sje að mörgu leyti erfitt að koma á jarðyrkjunámi og halda því uppi. Bændur megi ekki missa syni sína frá vinnu um þennan tíma nema af mjög skornum skamti. Það virðist því ekki ástæða til þess að ákveða með lögum, að þetta skuli vera svo, og því rjett, að mínu áliti, að halda sjer við þá skoðun, að slíka breytingu eigi ekki að framkvæma fyr en að vel athuguðu máli. Jeg verð því að líta svo á, að þessi brtt. sje alls ekki nauðsynleg.

Annars mun nefndin taka alt þetta til athugunar og gera þá tilhögun á skólunum, sem henni líst heppilegust

fyrir þá báða. Það er óhætt fyrir mig að segja það fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun ekki mæla með brtt. á þskj. 267.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. á þskj. 267, því að hv. meðflm. minn hefir þegar gert það, en jeg vil aðeins svara þeim andmælum, sem síðar hafa komið fram gegn brtt.

Það er þá fyrst hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), sem benti á það, að það lægi fyrir að endurskoða rækilega löggjöfina um alt þetta mál og leggja tillögur milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum um það fyrir næsta þing; þess vegna lægi ekki á að fara nú að hraða þessu máli. Jeg lít svo á, að það liggi svo mikið á þessu máli, að það megi alls ekki draga lengur að framkvæma þessar ákaflega mikilsverðu breytingar á bændaskólunum, þar sem nú gefst tækifæri til þess.

Þá hafði hv. þm. (JÓl) heyrt því fleygt, að bændur mættu ekki missa syni sína frá vinnu þennan tíma vor og haust. Það má vel vera, að einhverjir líti svo á, en jeg verð að halda, að ef þeir hafa efni á að missa þá frá vinnu til annars hluta námsins, þá muni þeir eins geta það til þessa. Jeg vil í þessu sambandi leyfa mjer að benda á tillögu, sem fram hefir komið frá skólastjóranum á Hvanneyri, um það að ljetta mönnum þetta verklega nám með því að veita nemendum styrk til þess að stunda það. Og ef sú tillaga nær fram að ganga, þá get jeg ekki sjeð, að mönnum ætti að verða tilfinnanlegt að stunda námið.

Hæstv. fors.- og atvmrh. sagði, að það væri dálítið hart, ef ekki væru nægilega margir nemendur í skólanum, að vísa mönnum frá eldri deild vegna skilyrðanna um verklega námið, og láta skólann standa hálftóman fyrir bragðið. Jeg álít, að uppfylling þessa skilyrðis sje ekki svo mikil kvöð, að það eigi þeirra hluta vegna að geta komið til greina, að menn hætti við að setjast í eldri deild. Jeg álít, að þeir menn, sem ekki vilja leggja það á sig að læra handtök við jarðyrkju, þeir eigi ekkert erindi upp í þá deild. Svona var það með mig. Það er alveg rjett, að þetta var einmitt ástæðan. Jeg var þá svo mikið barn, að jeg hafði ekki vit á að gera það, og jeg gerði það ekki vegna þess að það var ekki skylda. En síðar í lífinu hefi jeg sjeð, hve illa farið það var, og þess vegna vil jeg stuðla til þess, að aðrir lendi ekki í sömu fordæmingunni og jeg. Jeg vil því mæla mjög eindregið með brtt. okkar hv. 2. þm. Skagf., en leyfi mjer að leggja til, að hin skriflega brtt. hæstv. atvmrh., sem eyðileggur það, að brtt. okkar komi að notum, verði feld.

Magnús Guðmundsson: Jeg man ekki betur en að hæstv. forsrh. lofaði við 2. umræðu þessa máls að svara ákveðnu atriði við þessa umræðu. Og nú vil jeg spyrja um, hvort þetta svar komi ekki.

Jeg verð að segja það, að það var bæði leitt og ilt, að brtt. skyldi ekki vera útbýtt fyrr en á fundinum, því að fyrir vikið er illkleift fyrir þm. að átta sig á þeim og taka afstöðu til þeirra. Hin skriflega brtt. hæstv. forsrh. er að mínu áliti miklu varlegri en till. þeirra hv. 2. þm. Skagf. og hv.

þm. Mýr. Það er rjett að hafa skilyrðin ekki harðari fyrst um sinn, meðan fyrirkomulagið er að komast á. Annars var það aðalatriðið fyrir mjer, að ýta undir hæstv. forsrh. að svara.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. vil jeg geta þess, að jeg bjóst við, að fram kæmi till. á grundvelli þeirra aths., sem bæði hann og hv. þm. Borgf. komu með við 2. umr. Skal annars segja það, að samkv. frv. á stj. að ákveða í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, hvort hafa skuli opinberan búrekstur. Jeg er því ekki ákveðið meðmæltur, en jeg veit, að einn stjórnarmeðlimurinn er það, hv. þm. Mýr. Það er því undir fulltrúa Íhaldsflokksins í stjórn Búnaðarfjelagsins komið, hvaða stefna verður tekin í málinu. En stj. ræðst ekki í opinberan búrekstur, nema eftir ein dregnum kröfum Búnaðarfjelagsins, og þær koma ekki frá mjer; þær koma frá hv. þm. Mýr. og fulltrúa Íhaldsflokksins, ef þær koma.

Pjetur Ottesen: Jeg bar fram rökstudda dagskrá við 2. umr. þessa máls, sem gekk út á það að breyta ekki lögunum um bændaskólana á þessu þingi, þar sem milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hefir málið til meðferðar og mun gera till. um framtíðarskipulag skólanna fyrir næsta þing. Einn nefndarmannanna hefir lýst yfir þessu, og því sje jeg enga ástæðu til breytinga og finst sjálfsagt að bíða. Og mjer er þyrnir í augum, ef á að fara að gera þá höfuðbreytingu á skólunum að stofna til ríkisrekstrar á skólabúunum. Hæstv. atvmrh. lofaði við 2. umr. að gefa svar við því nú við þessa umr., hvort hann mundi stofna til ríkisrekstrar á skólabúinu á Hólum nú þegar, eða láta sitja við það, sem er, þar til útsjeð er um, hvernig fer um væntanlegar tillögur milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum um breytingar á bændaskólunum, og því geymdi jeg dagskrártill. mína þar til nú. Hæstv. ráðh. hefir brugðist þeim vonum, fer nú undan í flæmingi og skírskotar til þess, að stj. eigi að ákveða þetta í samráði við Búnaðarfjelag Íslands. Hjer á þingi er ekki hægt að vita neitt um, hverjar verða till. stj. Búnaðarfjelags Íslands í þessu máli. Það, sem jeg fer fram á hjer, er að fá skýr og ótvíræð svör við því frá hæstv. atvmrh., hvort hann ætlar að láta reka skólabúið á Hólum fyrir ríkisreikning, ef frv. verður samþykt, eða ekki. Jeg ætla að bíða eftir ákveðnu svari um þetta, en á því veltur, hvort mjer þykir ástæða til að láta dagskrá mína koma undir atkvæði eða ekki.

Mjer virðist, að brtt., sem útbýtt hefir verið á fundinum, geti alls ekki — hvað sem framtíðarskipulagi skólanna líður — komið til framkvæmda nú, þar sem hjer er aðeins um eins árs frest að ræða, og finst þær því algerlega óþarfar. Hjer er gert ráð fyrir, að þeir einir fái að sitja í efri deild skólans, sem lokið hafi jarðyrkjunámi, en hinsvegar eru nú útskrifaðir menn úr neðri deild án þess að hafa átt nokkurn kost á slíku námi. Það nær þess vegna ekki nokkurri átt að ætla að útiloka þá frá efri deild skólans fyrir þessar sakir.

Frekar ætla jeg ekki að ræða um þetta að sinni, en vænti þess að fá ákveðin svör frá hæstv. ráðh.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer þykir það nokkur ósanngirni, þegar háttv. þm. Borgf. bregður mjer um það að hafa ekki gefið ákveðin svör. Í frv. stendur, að ráðherra afráði málið í samráði við aðra aðilja, og því er ósanngirni að ætlast til, að hann gefi ákveðin svör án þess að hafa talað við þessa aðilja. Auk þessa á að kjósa í stjórn Búnaðarfjelagsins á þessu þingi, svo að ekki er gott að segja, hverjir muni skipa hana. Jeg álít, að samvinnan sje alls ekki nein „húmbugs"-ráðstöfun. Búnaðarfjelagið er til til þess að sjá um þrifnað landbúnaðarins og bændaskólanna, og því er rjett, að það ráði nokkru í þessu efni. Sjálfur hefi jeg enga sjerstaka tilhneigingu til ríkisrekstrar, en mun ekki standa á móti, ef fram kemur sterk áskorun og það verður skoðun Búnaðarfjelagsins, að rekstur skólanna og verklega kenslan sje „húmbug" nema af opinberu fje. Jeg er ekki að segja, að svo fari. Það er ekki síst komið undir væntanlegum fulltrúa Íhaldsflokksins, svo að hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf. geta treyst því, geri jeg ráð fyrir, að ekki verður hrasað að neinu.

Í sambandi við till. hv. þm. Borgf. vil jeg geta þess, að fyrir svo sem klukkutíma voru samþ. lög um breytingu á lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og með því að núverandi skólastjóri á Hólum setti sem skilyrði fyrir því, að hann starfaði í þágu Búnaðarfjelagsins, að slík breyting gengi í gegn, má vita nú með vissu, að skólastjórastaðan á Hólum losnar í vor. Og því vil jeg, að afgreidd sjeu hjer lög um þetta, svo að hægt sje að velja mann með tilliti til þess, hvort hann á að standa fyrir verklegum eða bóklegum skóla. Og þess vegna legg jeg til, að frv. komi fyrir báðar deildir.

Jón Sigurðsson: Hæstv. forsrh. hefir komið með brtt. í þá átt, að þeir nemendur sætu fyrir með inngöngu í efri deild skólans, sem lokið hefðu 8 vikna jarðyrkjunámi, og taldi, að það gæti hamlað skólanum, að ekki fengjust nógu margir menn, ef till. okkar væri samþ., og sín till. væri miðlunartill.; en það er fullkominn misskilningur. Yfirleitt fara ekki aðrir í efri deild en þeir, sem útskrifast hafa úr neðri deild, svo að till. er gersamlega þýðingarlaus og setur alt í sama farið og nú er. Hún getur þess vegna fallið niður. **(Forsrh. TrÞ:** Menn koma þó beint í efri deildina). Já, kannske einn á sex árum eða eitthvað svoleiðis, svo að þetta hefir enga „praktiska" þýðingu. Það er því auðsýnt, að brtt. hæstv. forsrh. færir málið í sama horf og það var, enda virðist mjer till. sýna það eitt, að hæstv. ráðh. vill ekki láta leggja meiri rækt við verklega námið en nú er gert. Hann var að tala um, að það ætti að gera tilraunir. Með hvað á að gera tilraunir, þegar verklega námið verður sama kákið sem nú er það? Háttv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði, að það væri þýðingarlaust að taka þetta upp, þar sem aðeins eitt ár væri til stefnu, og að það mundi ýta undir milliþinganefndina og flýta brtt. hennar á skólalögunum, ef þetta yrði ekki gert. En þá er líka fallin burt sú ástæða, sem þessi

hv. þm. og hæstv. atvmrh. voru að tala um, að væri aðaltilgangurinn með frv., að afla sjer reynslu áður en fullnaðarlöggjöf væri sett um þessi efni. — Ef litið er á frv. og till. nefndarinnar, sjest, að 1. liður frv., um unglingaskólana, á að falla burtu. — Um 2. liðinn, verklega námið, stendur það að vísu, að auka eigi verklegt nám. Og þetta fer vel á pappírnum. En þegar ekki má setja nein föst skilyrði um námið, verður þetta aðeins, að piltum er heimilt að stunda það, en ekki skylt, eins og nú er. Það er því engin breyting frá núverandi ástandi. Í 3. lið frv. stendur líka, að reka eigi skólabúin fyrir opinberan reikning. Hæstv. forsrh. hefir nú lýst yfir því, að hann sje því andvígur, og jeg býst heldur ekki við, að það nái fram að ganga. Þá er eftir síðasti liður frv., um breytingarnar á kennaraliði skólans, með öðrum orðum heimild til að reka eitthvað af kennurunum; þessi liður er þá það eina, sem eftir er af þessu frv. stj. En jeg tel, að ástæðulaust sje að samþ. slíkt og frv. eigi því ekkert erindi lengra. Jeg vil að lokum lýsa yfir því, að verði brtt. feld og þar með auðsýnt, að hv. deild vill aðeins taka vetlingatökum á málinu, þá mun jeg greiða atkvæði á móti frv. Fyrir mjer er jarðyrkjunámið aðalatriðið. Hæstv. forsrh. sagði það í lok ræðu sinnar, að fyrir dyrum stæðu breytingar á skólunum og að úr yrði að skera um það, hvort bóklegt eða verklegt nám eigi að skipa höfuðsessinn. Jeg er á sama máli. En hvað sker hjer úr? Frv. gerir það ekki, og hæstv. forsrh. stuðlar manna best að því, að svo verði. En brtt. mín og hv. þm. Mýr. gerir það, og verði hún feld, virðist mjer sem því sje slegið föstu, að bóklegt nám skuli framvegis vera ríkjandi í skólunum, eins og verið hefir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. sagðist hafa búist við brtt. frá mjer viðvíkjandi rekstri skólanna. En jeg ætlaði að láta yfirlýsingu hans nægja, og þar sem hann við 2. umr. að fyrra bragði talaði um að svara, fæ jeg ekki sjeð, að ósanngjarnt hafi verið að ganga eftir svarinu. Og jeg skal taka það fram, að mjer kemur ekki til hugar að rengja, að hann standi við það, sem hann segir.

Nú er jeg búinn að fá það svar, sem jeg ætlaðist til. Hæstv. forsrh. segist vera persónulega á móti því, að skólinn sje rekinn af ríkinu. Spurningin er þá bara, hvort hann lætur stjórn Búnaðarfjelagsins beygja sig. Þó að í frv. standi, að stj. heimilist í samráði við Búnaðarfjelagið o. s. frv., þá þýðir það engan veginn, að hæstv. ráðh. sje skylt að fara eftir því, sem stjórn Búnaðarfjelagsins leggur til. Jeg viðurkenni þó, að skeggið er skylt hökunni, þar sem hæstv. forsrh. er og verður form. Búnaðarfjelagsins, svo að hann kemur til með að ráðgast við sjálfan sig um þetta. En þó nú að hæstv. forsrh. hafi látið uppi þessa skoðun sína, held jeg, að jeg verði að greiða atkv. með dagskrártill. hv. þm. Borgf. Einmitt vegna þess, að út fyrir lítur, að skólastjórastaðan á Hólum losni á næsta ári, virðist auðsætt, að ekki eigi að ráðstafa embættinu til langframa, heldur að setja mann í bili, á meðan verið er að gera út um framtíðarskipulag búnaðarskólanna.

Það er annars álitamál, hvort ekki eigi að taka málið út af dagskrá, þar sem brtt. var ekki útbýtt fyr en á fundinum og þm. hafa ekki fengið tækifæri til að athuga þær. Út af c-lið frv. vil jeg geta þess, að mjer finst óþarfi að gefa í skyn, að kennaralið skólans sje svo skipað, að breyta þurfi um, þó að upp sje tekin ný kensluaðferð. Mjer skilst, að alþýðufræðslu eigi að veita í skólanum eftir sem áður. Ætti því c-liður frv. að falla niður.

Lárus Helgason: Jeg efast ekki um, að hv. flm. brtt. hafi borið þær fram af góðum hug. Nú hefir verið sýnt fram á, að þær verða ekki að tilætluðum notum, þar sem þær komi ekki til með að gilda nema eitt ár. En þó að svo væri, fæ jeg ekki sjeð, að þær yrðu til bóta, síst sú fyrri. Jeg efa það ekki, að hæstv. stj. hafi fullan hug á, að verklega kenslan komi að sem mestum notum. En jeg fæ ekki sjeð, að brtt.ýti undir það. Að minsta kosti eru þær skorður settar með brtt., að piltar verða að hafa leyst af hendi hið verklega nám á fyrra ári, svo að þeir fái inngöngu í efri deild. Nú getur það vel komið fyrir, að piltar, sem eru í skólanum, eigi erfitt með að vera hinn tilsetta vikufjölda við verklegt nám á fyrra ári sínu í skólanum. Og svo eiga þeir ekki að fá að setjast í efri deild, þó að þeir vilji ljúka því, sem á vantar verklega námið, á næsta vori. Mjer finst því ekkert vit í að samþ. þetta. Brtt. hæstv. forsrh. virðist mjer nær sanni, því að þar eru ekki settar eins ríkar skorður, og mun jeg því hiklaust greiða henni atkv. mitt.

Jeg felst á það með háttv. 1. þm. Skagf., að rjettast sje að taka málið út af dagskrá, með því að till. var svo seint útbýtt. Þetta er ekkert smámál og gott fyrir hv. þm. að fá tíma til að athuga það. Enda ætti það ekki að vera neinum kappsmál, að málið verði rekið áfram með hasti. Mælist jeg svo til þess fyrir hönd nefndarinnar, sem um það fjallar, að málið verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 249, 267, 280).

Pjetur Ottesen: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs, er umr. var frestað síðast. Jeg þurfti aðeins að svara hæstv. atvmrh. nokkrum orðum. En jeg sje, að hann er ekki viðstaddur; hann er ef til vill bundinn við umr. í Ed.

Það, sem jeg vildi segja, var út af því að hæstv. ráðh. fanst það ósanngjarnt af mjer og hv. 1. þm. Skagf., að við kröfðumst ákveðins svars af honum um það, hvort hann ætlaði að láta reka skólabúið á Hólum fyrir ríkisreikning, ef frv. yrði samþykt. Hann var búinn að lofa að gefa svör við þessu við þessa umr. Fyrst hæstv. ráðh. lítur svo á, að það sje ósanngjörn krafa, að hann standi við loforð sitt um að gefa ákveðið svar um þetta efni, þá verður auðvitað við það að sitja.

Hæstv. atvmrh. hafði það á móti dagskrártill. þeirri, er jeg bar hjer fram, að ef málinu yrði vísað frá, eins og tilætlunin væri með henni, þá yrði ekki sjeð, hver stefna þingsins væri

gagnvart verklega náminu við bændaskólana.

Jeg hefi áður bent á, að þetta er allsendis rangt. Það sjest fullkomlega af umr. hjer, hver stefna þingsins er. Hún er sú, að auka beri verklega námið. Því að hjer hafa heyrst margar raddir með því, en engin andmæli. Það þarf ekki að samþykkja þetta bráðabirgðafrv. til þess að hæstv. stj. og milliþinganefndin í landbúnaðarmálum geti fyllilega sjeð, hvern hug þingið ber til þessa máls.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja um þetta mál, en vil leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta þá rökst. dagskrá, sem jeg bar hjer fram áður, en tók aftur af þeim ástæðum, sem jeg gerði þá grein fyrir.

Forseti (BSv): Þá er fram komin svofeld rökstudd dagskrá: (Sjá 1454. dálk hjer að framan).

Er þá þessi rökst. dagskrá einnig til umr., og atkvgr. að lokinni umr.

Frsm. (Jón Ólafsson): Flm. brtt. á þskj. 267, og sjerstaklega hv. þm. Mýr., leggja ákaflega mikla áherslu á það, að það verði að vinda bráðan bug að því að koma á verklegu námi við þennan skóla. Við nefndarmenn erum honum sammála um það, að það þurfi að gera alt, sem hægt er, til þess að auka verklegt nám, svo sem nauðsynlegt er og sanngjarnt er að heimta. En við erum alveg sammála hv. þm. Borgf. um það, að ekki liggi á því nú, þar eð sú breyting geti ekki komið til framkvæmda við þennan skóla, sem hjer er um að ræða, á næsta ári eða næsta skólaári, þannig að milliþinganefndin og næsta Alþingi geti verið búin að ganga endanlega frá þessu máli áður en gert er út um þetta atriði. Það er alveg eins og hv. flm. brtt. 267 hafi alt í einu fundið þetta púður, að það þyrfti nauðsynlega að drífa þetta í gegn. En mjer er spurn: Er ekki þetta mál búið að vera svo lengi á döfinni, búið að liggja svo lengi órætt og óhugsað, að það þoli enn þessa bið? Því að málið hefir að kalla má legið órætt og óhugsað þangað til á síðasta Búnaðarþingi.

Jeg býst nú við, að þessir tveir hv. þm., hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Mýr., muni báðir eiga sæti hjer í þessari deild, þegar tillögur milliþinganefndarinnar koma, og fái þá kost á því að segja álit sitt á því, að hve miklu leyti beri að auka verklega námið, hve mikið eigi að heimta af nemendum o. s. frv. En þeir hljóta að viðurkenna það, sem hv. þm. Borgf. benti rjettilega á, að það getur ekki komið að notum fyr en á næsta skólaári, þótt það væri lögleitt nú.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að c-liðurinn í frv. sje óþarfur, en þar er talað um að gera þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð, sem nauðsynlegar eru. Þetta má líka bíða. En það er gert ráð fyrir þessu með tilliti til þess, að eitthvað verði gert til þess að auka verklegt nám, og er þá eðlilegt, að ekki dugi þeir kenslukraftar, sem áður voru fyrir, og afleiðingin yrði sú, að breyta þyrfti um kenslukrafta. Þetta er meinlítið atriði, og höfum við nefndarmenn því ekki sjeð sjerstaka ástæðu til þess að fella það burtu úr frv.

Þótt við nefndarmenn sjeum sammála háttv. þm. Borgf. um það, að

verklegt nám muni ekki komast í framkvæmd á næstu skólaárum, þá getum við ekki mælt með því, að dagskrá hans verði samþykt. Því að það er búist við því, að skólastjórinn, sem nú er á Hólum, muni láta af því starfi á næstunni, og er þá eðlilegt, að gerðar verði þær breytingar, sem álitnar eru heppilegar í heild sinni, og er þá að minsta kosti ekki bagi að því að hafa heimildina til þess.

Það var ekki nema stutt aths., svo að jeg læt þetta nægja að sinni.

Bjarni Ásgeirsson: Það er aðeins örstutt aths., því að málið er þegar þrautrætt. Jeg vildi aðeins svara hv. frsm., hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), nokkrum orðum. Hann sagði, að þetta mál hefði þegar beðið svo lengi, að það gæti beðið enn nokkurn tíma. Jeg álít, að þetta mál hafi þegar beðið svo lengi, að það megi ómögulega bíða lengur.

Þá get jeg svarað því, hvers vegna jeg hefi ekki borið það fram fyr. Það er vegna þess, að jeg hefi ekki haft tækifæri til þess fyr. Jeg álít þetta svo mikið nauðsynjamál, að það sje sjálfsagt að láta ekkert tækifæri ónotað til þess að koma því fram. Og fyrst lögunum er á annað borð breytt allverulega, þá sje jeg enga ástæðu til þess að geyma þessa breytingu, sem ætti að mínu áliti að vera komin á fyrir löngu, og þótt hún komist ef til vill ekki í framkvæmd í ár, þá mun hún þó áreiðanlega koma að ári. En það er gömul regla að geyma ekki til morguns það, sem gera ber í dag, og jeg mun halda fast við brtt. mína, þar til yfir lýkur. Því að jeg sje engin vandkvæði á því að fella brtt. okkar inn í frv. án þess að nokkur bagi sje að. Þeir piltar, sem nú útskrifast úr neðri deild, hafa vor og haust fyrir sjer. En því fyrr sem þetta verður gert, því fyrr kemst breyting á til batnaðar. Og þess vegna legg jeg áherslu á, að brtt. verði samþykt.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg er undrandi yfir þessum umr. og yfir því kappi, sem háttv. sessunautur minn (BÁ) leggur á, að brtt. sín nái fram að ganga. Bæði hann og fleiri viðurkenna, að fyrirkomulag búnaðarskólanna sje óheppilegt og síst við okkar hæfi frá því breytingin var gerð á þeim 1905 og þess vegna megi ekki dragast eitt árið enn að breyta fyrirkomulaginu. Þetta er nú gott og blessað út af fyrir sig. En hvað leggja þeir svo til? Um Hólaskóla ekkert frekar því, sem segir í frv. á þskj. 249. Um skólann á Hvanneyri hafa þeir að vísu flutt brtt., þess efnis, að stj. heimilist að auka þar einnig verklegt nám. En það er ekkert nema heimild og virðist hafa lítið að þýða. Því að hvaða tök eru á að knýja þetta fram, nema skólastjóranum þóknist svo? Bjargræði þessara hv. þm. er því þessi heimild, sem er algerlega komin undir geðþótta skólastjórans á Hvanneyri. Ef þessir hv. þm. vildu bæta fyrirkomulag skólanna, hefðu þeir því átt að flytja miklu róttækari till. til bóta. Jeg hefi skoðað frv. um breyting á Hólaskóla sem bráðabirgðaráðstöfun, sem ekki ætti að standa lengur en þar til búnaðarskólalögin hefðu verið endurskoðuð, því að verklega námið verður ekki aukið að neinum mun nema með gagngerðri breytingu á skólalögunum.

Mjer er nokkurnveginn sama, hvort brtt. þessara hv. þm. verða samþ. eða ekki, en einkennilegt þykir mjer, að þeir skuli gera þetta að kappsmáli, þar sem það breytir engu, nema einn viss maður vilji. Skólastjórinn á Hvanneyri hefir algerlega frjálsar hendur og þetta gæti því orðið samningamál milli hans og stj., en eins þó að till. væri feld. Því að jeg efast ekki um, að stj. vilji auka verklega námið, og þar sem allir þeir þm., sem talað hafa, hafa snúist á þá sveif, getur stj. gert ráðstafanir í þessa átt, hvort sem brtt. verður feld eða ekki. Annars get jeg látið mjer þessa brtt. í ljettu rúmi liggja; jeg skoða hana sem ósk til stj., en ekki bindandi. Viðvíkjandi 1. lið till., um skilyrði námsmanna á Hólum til að komast í efri deild skólans, vil jeg segja það, að það er náttúrlega sjálfsagt að samþykkja brtt. 280 fremur, þar eð hún einskorðar ekki við það, að piltar skuli hafa lokið 8 vikna námi.

Mjer þykir eðlilegt, að menn vilji breyta búnaðarskólunum. Þeim hefði alls ekki átt að breyta eins og gert var 1905. Þar var hermt eftir öðrum, farið eftir löggjöf Dana í þessum efnum, sem sumstaðar hafa ekki fullkomna verklega kenslu. En þar læra menn verkleg störf við landbúnaðinn strax frá blautu barnsbeini. Okkar landbúnaður er aftur á móti með gamaldags sniði, svo að fáir kunna að fara með nýtísku áhöld. Þessar aðstæður voru til staðar 1905 og eru enn, svo að þess vegna þurfa bændaefni ekki síður að læra verkleg störf en bókleg fræði. Jeg skil mætavel, hvað fyrir þessum hv. þm. vakir, en þeir mega bara ekki blanda nauðsyn þessara breytinga saman við málið, sem hjer liggur fyrir. Nú getum við ekki breytt skólalögunum eins og þarf; það skortir bæði tíma og tækifæri til að gera það eins fullkomið sem þörf er á. Jeg vona því, að hv. þm. sjái, að í raun og veru er engu slept, þó að frv. sje samþ. óbreytt. Hinu hefi jeg lýst yfir, að mjer er sama, þótt 2. liðurinn í brtt. þeirra verði samþ., en jeg hefi ekki trú á því, að það hafi mikið að segja. Hvað 1. liðinn snertir, finst mjer sjálfsagt að samþ. brtt. hæstv. forsrh. Hún er ekki eins einskorðuð og gengur ekki eins langt og hin, að bægja öllum frá inngöngu í efri deild, nema þeir hafi notið átta vikna verklegrar kenslu. Það er sjálfsagt að nota húsrúm skólans og leyfa piltum að setjast í efri deild, þó að þeir hafi ekki getað stundað verklegt nám eins lengi og til er tekið. Og jeg vona, að hv. flm. sjái, að þetta er ekki þess virði að leggja slíkt kapp á það.

Jón Sigurðsson: Hv. 1. þm. Árn. er að bregða okkur flm. um kappgirni í þessu máli. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að skjóta því undir dóm deildarinnar, hvorir hafi beitt meira kappi, við eða landbn. Mjer kom það dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar hv. 1. þm. Árn. stóð upp með þjósti og sagði, að hjer væri aðeins um heimild að ræða fyrir stj. Það er eins og hv. þm. treysti stj. svo illa, að ekki sje til neins að veita henni heimild. (**JörB:** Þetta er ekki rjett). Jú, við erum þetta kröfuharðari, að vilja veita stj. heimild til að setja viss skilyrði. (**JörB:** Það er skipun). Ef hv. þm. ber frv. saman við brtt., sjer hann,

að hjer er aðeins um heimild að ræða. Hv. þm. sagði, að seinni liður brtt. væri kominn undir geðþótta skólastjórans á Hvanneyri. Mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi vald til að hindra breytingar á reglugerð skólans nje heldur að hann geti ráðið meira en hæstv. ráðh. (**JörB:** Hann er ráðinn með ákveðnum skilyrðum). Já, alveg rjett, en jeg veit ekki betur en að hann sje skyldur til að veita tilsögn í verklegu námi.

Þetta átti að vera stutt aths. og jeg vil ekki misnota leyfi hæstv. forseta. En jeg vona, að hv. deild sjái, að við setjum merkið hærra, gerum meiri kröfur og heimilum hæstv. ráðh. að ganga lengra en landbn.

Hákon Kristófersson: Það er rjett hjá hv. 1. þm. Árn., að sumir hafa beitt kappi í þessu máli, en jeg er með hv. 2. þm. Skagf. í því, að kappið hafi verið meira hjá andstæðingum brtt. en flm. Og jeg verð að lýsa yfir því, að mjer finnast brtt. þeirra þakkaverðar, en get sagt það um leið, að jeg tel þær ganga of skamt. Jeg skil ekki í því hjá hv. 1. þm. Árn., að erfiðara verði að koma breytingunum á á Hvanneyri en Hólum á þessum byltingaárum, sem nú eru. Því skyldi hæstv. ráðh. ekki geta komið ekki meiru í verk hliðstætt með Hóla og Hvanneyri? Þó að ef til vill sje það ekki góðgjarnt, verð jeg að leyfa mjer að segja það, að viljaleysi sje til að dreifa. Og ef brtt. 267 er lítils virði, hvers virði er þá frv. sjálft? Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nokkurs virði, og allra síst, ef lagt er til grundvallar það, sem margir hv. þm. hafa sagt, að málið fari til rannsóknar í milliþinganefnd, sem skili till. sínum fyrir næsta þing. Jeg skil orðið „heimilast" í brtt. 267 sem kurteislega ábendingu tillögumanna til stj. um, að þeir ætlist til, að stj. framkvæmi þetta, og jeg vil þakka þeim fyrir að hafa beint málinu inn á rjettan farveg, sem er meiri verkleg kensla í skólunum en verið hefir. Og jeg sje ekki, að menn hafi áhuga fyrir aukinni verklegri kenslu, ef ekki er frambærilegt, að hún standi 8 vikur; áhuginn er þá ekki fyrir öðru en einhverju skólatildri. Ef til vill er ekki hægt að búast við viðunandi kenslu í búfjárgeymslu og þess háttar, en jeg efast ekki um, að nóg kensla fáist í jarðrækt og meðferð vjela. Að vísu hefir maður frá þessum skóla gert sljettu í túni hjá mjer, og það er sú eina, sem hefir mistekist. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg er með brtt. 267, en hinsvegar, þar sem aðeins er um eitt ár að ræða, tel jeg ekki úr vegi að bíða og finst því dagskrártill. háttv. þm. Borgf. frambærilegust. Að það sje vörn í málinu, að breytingar standa fyrir dyrum á Hólum, fæ jeg ekki skilið. Mjer finst það aukaatriði. Sá maður, sem tekur við, verður að gera ráð fyrir að halda búi og skóla með því skipulagi, sem vænta má, að muni verða.

Ef brtt. verður feld, tel jeg frv. einskis virði. Jeg sje ekki betur en brtt. byggist á fullkominni hugsun og einlægum vilja, og eigi því fram að ganga, svo fremi menn álíti þetta nauðsynjamál, sem beri að hraða. — B-liður frv. er nægilegur þyrnir í mínum augum til þess, að jeg treystist ekki til að vera með, enda er hægt að teygja það og toga vegna ríkissjóðs.

Jörundur Brynjólfsson: Það er tilgangslítið að vera að þrátta um ekki meira atriði en þetta. Jeg vil segja hv. þm. Barð. það, að búið er að gera grein fyrir, til hvers frv. er fram borið; ákvæði fyrstu greinar sýna, að hjer er aðeins um ráðstafanir til bráðabirgða að ræða. (**HK:** Á ríkisrekstur-inn að vera til bráðabirgða?). Það felst í frv., að það er borið fram til bráðabirgða í einu sem öllu.

Hv. 2. þm. Skagf. gekk inn á, að þetta væri bara heimild. (**JS:** Hefi aldrei sagt annað). Jeg átti líka meir við hv. þm. Mýr., sem ekki sagðist mundu skiljast við þetta mál fyr en yfir lyki. Það er ekki vani að taka svo til orða, nema um eitthvað mikilsvert sje að ræða. Hv. 2. þm. Skagf. sagði einnig, að fyrsti liður brtt. væri heimild, en hann ræðir um, hvaða kröfur eigi að gera til pilta um verklegt nám. Hv. þm. fer ekki rjett með sína eigin till. í þessu efni. Í a-lið frv. stendur: „að auka“ o. s. frv., og á eftir komi samkvæmt brtt. 267: „enda fái þeir einir“ o. s. frv. Jeg held því, að jeg halli ekki rjettu máli, þó að jeg segi, að brtt. 280 sje rjettara að samþykkja. En nú vill hv. 2. þm. Skagf. skjóta sjer undir 1. málsgr. 1. gr. frv. og segir, að heimildin eigi líka að ná til þeirra skilyrða, sem setja á um verklegt nám. — En hvað á þetta alt að þýða og hvað bætir það um ákvæði a-liðsins? Ekki nokkurn hlut. Annars má mönnum enn meira standa á sama, þótt brtt. nái fram að ganga, þegar það hefir komið fram, að einnig aðrir megi sitja í efri deild en þeir, sem lokið hafa þessu ákveðna verklega námi.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Borgf. feld með 16:7 atkv.

Brtt. 280 samþ. með 11:8 atkv.

— 267,1, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

— 267,2 samþ. með 12:9 atkv.

— 267,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JÓl, JörB, LH, MT, BSv.

nei: ÓTh, PO, HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ.

Tveir þm. (EJ, GunnS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 27. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 304).

Á 35. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 354).

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir á þskj. 304, er í upphafi borið fram sem stjfrv. á þskj. 27, en hefir orðið fyrir allmiklum breytingum í hv. Nd., sem

jeg fyrir mitt leyti verð að telja til mikilla bóta.

Í stjfrv. á þskj. 27 var talað um að bæta undirbúningsdeild við bændaskólana, þar sem veitt yrði almenn lýðskólafræðsla. En þetta var felt niður í hv. Nd., sem betur fór, því annars hygg jeg það hefði getað orðið til þess að draga úr búnaðarkenslunni, og einkum þó verklega náminu, sem allir eru sammála um, að þurfi að auka. Að vísu var það tekið fram í stjfrv. á þskj. 27, að auka bæri kröfurnar til verklegs náms, en það atriðið var í frv. sett skör lægra en unglingafræðslan, sem skipað var efsta sætið.

Annars vil jeg taka það fram sem mína skoðun og fjölda annara, sem til þekkja, að það var illu heilli gert að breyta fyrirkomulagi bændaskólanna þannig, að verklega fræðslan var minkuð til stórra muna, en munnlega fræðslan eða bóknámið aukið að sama skapi. Þetta varð skólunum til svo mikils tjóns, að þeir hafa borið menjar þess síðan og ekki komið að þeim notum, sem menn gerðu sjer vonir um í öndverðu. Því miður er það orðin tíska í þessu landi, eins og raunar víðar, að ekkert er talið mentun nema það, sem bóklegt er. Menn líta smáum augum á verklega námið og telja það ekki eins mentandi. Þó mun óvíða meiri þörf á verklegri fræðslu en einmitt í okkar landi, þar sem alt er svo að segja óunnið og verkefnin bíða hvert sem litið er. Þess vegna verður að leggja aðaláhersluna á verklega námið, svo að ungum mönnum lærist í tíma að meta gildi slíkrar fræðslu.

Eins og kunnugt er, var annað frv. á ferðinni í hv. Nd., sem þeir báru fram hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf., og fór það fram á að auka enn meira verklega námið við búnaðarskólana. Þessir hv. flm. vildu lögfesta 8 vikna verklegt nám sem skilyrði fyrir upptöku í efri bekk skólans. En þessu var breytt á þann hátt, að inn í stjfrv. var tekið ákvæði um, að þeir, sem stundað hafa 8 vikna verklegt nám, ganga fyrir öðrum um upptöku í efri deild skólans, og verð jeg að telja þá breytingu til hins verra.

Annars þarf jeg ekki að hafa þessi orð fleiri, því eins og nál. á þskj. 354 ber með sjer, leggur landbn. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Það er vel farið og æskilegt, að breytingar þessar komist á, og það sem fyrst, af því að ráðstafa þarf skólabúinu þegar í vor og skólastjórastarfinu fyrir næsta haust. En jafnframt því að þakka hv. nefnd fyrir skjóta afgreiðslu málsins vildi jeg víkja fáeinum orðum að ræðu hv. frsm.

Hann mintist á, að í frv. eins og stj. lagði það fyrir hefði verið heimild til að setja á stofn lýðskóladeild við skólann, en hjelt því hinsvegar fram, að það mundi hafa orðið til þess að draga úr hinni almennu bændamentun. En því var yfirlýst af mjer í hv. Nd., að það hefði alls ekki verið meiningin. Þessa heimild vildi stj. setja með það fyrir augum, að lítil aðsókn hefir verið að skólanum undanfarið, en

taldi ekki fullvíst, að aðsóknin ykist, þótt skólanum yrði breytt í þetta horf. Hinsvegar þótti stj. rjett, af því að þarna er nóg húsrúm og góðir kenslukraftar, að gefa ungu fólki kost á aukinni fræðslu með lýðskólasniði. En jeg hefi ekki gert þetta að neinu kappsmáli, vegna þess að jeg lít á þessa breytingu sem bráðabirgðaráðstöfun, eins og milliþinganefndin í landbúnaðarmálum gerir einnig ráð fyrir.

Þá mintist hv. frsm. á þá breytingu, sem gerð var á búnaðarskólunum fyrir rúmum 20 árum, og sagði, að þá hefði illu heilli verið horfið frá verklegu námi, en bóklegt tekið upp í staðinn. Jeg býst nú við, að sá sje dómur manna nú, en áður var það alment álitið, að þörf væri á þessari breytingu, og því var hún upp tekin. Jeg hefi farið í gegnum sögu þessa máls í þinginu, og er það eftirtektarvert, hvað menn eru einróma um það á Alþingi 1905 að breyta skólunum í þetta horf. Sjerstaklega var það þó sr. Sigurður heitinn Stefánsson, frsm. þessa máls í hv. Ed., sem rakti nauðsyn þess og taldi sjálfsagt að taka meira bóknám upp við skólana en verið hafði þá um langt skeið.

Aftur á móti dróst það inn í umr. í hv. Nd., að þeir tveir hv. þm., sem frv. fluttu þar, vildu nú stíga sporið alveg öfugt við það, sem gert var 1905. Þeir og ýmsir fleiri vildu skipa báðum skólunum í það horf, sem þeir voru fyrir 20 árum. En á móti því lagðist jeg og vildi ekki stíga sporið fult að þessu sinni, heldur taldi jeg heppilegra að gera aðeins tilraun um verklegt nám við annan skólann.

Þá vjek hv. frsm. að atriði, sem talsverðar deilur urðu um í hv. Nd., till. þeirra hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. um átta vikna verklegt nám sem skilyrði til þess að fá upptöku í eldri deild skólans. Það er rjett, að þessu var breytt þann veg, að slíkir nemendur skyldu sitja fyrir öðrum. Jeg benti einmitt á, að þetta ákvæði mætti ekki vera of þröngt, ekki einskorða við þetta átta vikna verklegt nám, því að þá gæti svo farið, ef aðsókn væri lítil, að sætin í eldri deild stæðu auð, en það má helst ekki eiga sjer stað, ef kostur er, og því er betra að slaka á inntökuskilyrðunum.

Annars er hjer ekki um löggjöf að ræða, sem standa á lengi. Hjer er verið að tjalda aðeins til einnar nætur, því að á næsta þingi má gera ráð fyrir, að lögin verði endurskoðuð.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um aðsóknina að Hólaskóla, að hún hefði verið afarlítil síðastliðið haust, þá vildi jeg aðeins benda á, að eftir því millibilsástandi, sem skólinn hefir verið í síðan hann brann, þarf engan að furða, þó að aðsóknin hafi minkað, því vísa hefir orðið piltum á burt vegna þess að húsrúm skorti. En úr þessu væntum við, að rakni, þegar skólahúsið er fullgert, og aðsóknin að skólanum vaxi þá aftur.

Forseti (GÓ): Umr. er lokið. En eins og hv. þdm. hafa sjeð, hefir verið útbýtt á fundinum brtt. frá hæstv. dómsmrh., sem hann ætlar þó að geyma til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 304, 368).

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi flutt litla brtt. við frv. þetta, og ætla jeg að mæla fyrir henni með fáeinum orðum. Er þar farið fram á, að í bráðabirgðaskipulagi því, sem nú á að koma á Hólaskóla, megi setja eins missiris undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir. Skólinn er nú fásóttur. Stafar það að vísu að nokkru leyti af húsnæðisvandræðum og byggingaraski, en þó eru lítil líkindi til, að aðsókn aukist mjög á næstu árum. Straumurinn er snúinn frá skólanum í bráð. Jeg hefi nýlega átt tal við þrjá merka hjeraðsmenn, og töldu þeir skólann mundu þurfa nokkur ár til að komast aftur til forns vegs. Er jafnvel ekki ósennilegt, að menn þurfi nokkurn tíma til að átta sig á þeirri góðu umbót, sem nú á að gera á skólanum. En breytingin verður, eins og hv. bdm. er kunnugt, í því fólgin að færa kensluna nær lífinu, taka upp verklegt nám eitt sumar og telja ekki aðra fullkomna búfræðinga en þá, sem numið hafa algengustu búnaðarstörf, svo sem skepnuhirðingu, með því að vinna sjálfir að þeim. Þó er vonandi, að ekki líði á löngu, þar til hin nýja tegund náms verði svo vinsæl, að 50—60 rúm í skólanum fyllist. En mjer þykir ólíklegt, að það verði þegar í stað. Þess vegna hefi jeg lagt til, að stjórninni sje veitt heimild til að setja þar undirbúningsdeild, ef húsrúm leyfir, svo að hin ágætu húsakynni skólans standi ekki ónotuð, meðan ekki þarf að nota þau öll til búnaðarnámsins sjálfs.

Með þjóðlegum fræðum á jeg aðallega við móðurmálið og sögu landsins. Halldór skólastjóri á Hvanneyri hefir oft kvartað undan því, hve bókleg kensla væri erfið, er nemendur kæmu illa undirbúnir í skólann. Er það sýnilega óheppilegt að þurfa að fara að kenna mönnum undirstöðuatriði reiknings og málfræði í bændaskólum.

Jeg vona, að hv. bdm. sjái ekki ástæðu til að leggjast á móti þessari till., þó að þeir sjeu með verklegum skóla. Undirbúningsdeildin verður einungis höfð svo lengi sem húsrúm leyfir. Þegar skólinn fyllist af þeim, sem ætla að stunda búnaðarnám eingöngu, fellur hún niður.

ATKVGR.
Brtt. 368 samþ. með 8:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 395).

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Ólafsson): Jeg verð að lýsa yfir því, að landbn. hefir ekki haft neitt tækifæri til að bera sig saman um þessa allþýðingarmiklu breytingu, sem hv. Ed. hefir gert við

frv. Þess vegna get jeg ekkert sagt um þetta fyrir nefndarinnar hönd; en jeg verð að minna á það, að þessar breytingar, sem gerðar voru á fyrirkomulaginu, og sem nefndin lagði til, voru allar til bráðabirgða, og þar sem milliþinganefnd í landbúnaðarmálum er ennþá starfandi, þá sýnist nefndinni ekki nauðsynlegt, að þingið ráðist í að gera þessar breytingar nú.

Jeg vil ekki gera mikinn ágreining um þetta, ef það þykir nauðsynlegt, en jeg hefði kunnað betur við, að þessu atriði hefði ekki verið hraðað svo mjög, svo sem hv. efri deild vili vera láta, með jafnófullkomnum undirbúningi og að jafnlítt athuguðu máli og þetta virðist vera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hygg, að það væri rjettast að láta frv. fara í gegn eins og það er. Jeg býst við, að allir sjeu sammála um það, að hafa þessa undirbúningsdeild og að betra sje að nota kenslustofurnar til þess en að láta þær standa auðar.

Annars stóð jeg upp til að segja hv. þm. Borgf. það, út af ummælum hans við 1. umr., að búið á Hólum mun ekki verða þjóðnýtt á þessu ári.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

9. Betrunarhús og vinnuhæli.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð (stjfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum dögum lagði stj. fyrir Nd. frv. um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni, og gat þess um leið, að annað frv. því skylt myndi bráðlega verða lagt fyrir þessa deild, og er það frv. það, sem nú er til umr.

Jeg býst ekki við, að um það geti verið skoðanamunur, að þörf sje á að reisa hjer betrunarhús, því að margoft hefir verið kvartað um það, bæði af bæjarfógetanum hjer og fleirum, að fangahúsið gamla hjer í Reykjavík sje með öllu ófullnægjandi og uppfylli alls ekki þær kröfur, sem hegningarfræðin gerir nú á tímum til hegningarhúsa. Er það meðal annars sökum þess, hversu mjög bygðin hefir aukist hjer síðan það var bygt. Þá má og geta þess, að múrinn í kringum það er svo lágur, að hægt er fyrir utanaðkomandi menn að tala við fangana yfir hann úr húsum, sem alveg eru bygð upp að hegningarhúsinu, því að bærinn á lóðirnar í kring og þar hafa verið bygð hús, sem auðvelt er að tala frá yfir garðinn.

Eins og jeg gat um áðan, hefir Reykjavíkurbær aukist mjög síðan hús þetta var bygt; er því oft ekkert pláss þar fyrir alla þá, sem setja þarf í „steininn“, t. d. ölvaða óspektarmenn, sem oft þarf að setja inn að næturlagi. Gera slíkir menn líka hinum föngunum ónæði, meðan ölvíman er að renna af þeim. Þá hefir það og

komið fyrir, að menn, sem fengið hafa dóm, hafa orðið að bíða með að taka út hegninguna, sökum rúmleysis í fangahúsinu.

Það getur ekki komið til nokkurra mála, að hægt verði að stækka fangahús það, sem nú er, svo að koma megi þar fyrir vinnustofu fyrir fangana, en vinnustofa, þar sem hægt er að láta fangana vinna, er alveg nauðsynleg.

Í seinni tíð hefir skoðun manna um meðferð fanga allmjög breytst frá því, sem áður var. Nú er alment talið heppilegra að hafa fangahúsin ekki í kaupstöðum, heldur uppi til sveita, svo hægt sje að láta fangana stunda útivinnu á sumrum. Hvað snertir staðinn fyrir fangahús það, sem hjer er um að ræða, þá er engu slegið föstu um hann hjer í frv. Þeir tveir lögfræðingar, sem mest hafa um mál þetta hugsað, auk bæjarfógetans, hallast helst að því að hafa fangahúsið t. d. annaðhvort á Bústöðum eða í Viðey, eða að minsta kosti einhversstaðar hjer nálægt Reykjavík.

Um það hygg jeg engan skoðanamun vera, að fangahúsið eigi að vera einhversstaðar þar, sem svo hagar til, að hafa megi fangana við útivinnu á sumrin, og jafnframt sje svo um búið, að þeir geti unnið innivinnu á vetrum. Í því sambandi þykir mjer rjett að segja frá því, að stjórnin hefir látið sjer detta í hug, að nota mætti spítalabygginguna á Eyrarbakka til þessara hluta. Það mun orðið fullvíst, að sýslan rís ekki undir því að koma byggingu þessari upp. Landið hefir lagt í hana 80 þús. kr. og nú telst Landsbankinn eiga hana. Þar sem það mun nú með öllu óhugsanlegt, að bygging þessi verði nokkurn tíma notuð fyrir spítala, eins og fyrst var til ætlast, þá leyfi jeg mjer að slá þessari hugmynd fram til athugunar. Landsbankinn mun að sjálfsögðu fúslega vilja losna við þennan steinkassa, og er því fullvíst, að fá má húsið fyrir það, sem á því hvíldi til bankans, er hann tók við því. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að þarna í kring á bankinn mikið land, sem hentugt væri t. d. til kartöfluræktar. Og jeg teldi alveg frágangssök að hafa fangahúsið á þessum stað, nema því aðeins, að land þetta fengist með góðum kjörum. En sem sagt, um þetta er engu slegið föstu í frv., enda þótt fjáruppháð sú, sem nefnd er, sje frekar miðuð við það, að hús þetta verði notað, því að annars myndi hún verða og lág.

Í sambandi við þetta betrunarhús í sveit er hjer gert ráð fyrir, að verði vinnustofnun fyrir þá menn, sem ekki fást til að vinna sökum leti og ómensku. Getur líka verið gott ýmsra annara hluta vegna að einangra slíka menn frá öðru fólki. Einn tölufróður maður úr bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sagt mjer, að Reykjavíkurbær borgi árlega út fullar 100 þús. kr. með börnum slíkra slæpingja. Jeg hefi átt tal um þetta mál við borgarstjórann hjer, og er hann málinu hlyntur. Hann telur hugsanlegt, að þessir menn, sem ekki nenna að vinna, myndu fara að vinna, þegar þeir ættu von á því að verða settir á vinnustofnun, þar sem þeir yrðu knúðir til að vinna.

Að sjálfsögðu er það ekki fullvíst, að allir þessir letingjar myndu vinna fyrir sjer á slíkri vinnustofnun, en það yrði samningsatriði við hlutaðeigandi sveitarfjelag að bæta því við, sem á vantaði.

Þá er eitt, sem miklum vandræðum hefir valdið bæði fyrir dómara og stjórnina. Það er meðferð þeirra afbrotamanna, sem útvega sjer læknisvottorð um það, að þeir heilsu sinnar vegna sjeu ekki færir um að vera í venjulegu fangahúsi. Og síðan í haust hafa nokkrir slíkir menn verið látnir vinna af sjer hegninguna í sjúkrahúsi undir eftirliti hlutaðeigandi dómara. Þannig hafa t. d. þrír einhverjir mestu vínsalar þessa bæjar verið einangraðir síðan í haust í sjúkrahúsi suður í Hafnarfirði, og nú síðast, þegar ekki fjekst þar lengur rúm fyrir þá, hafa þeir verið einangraðir í húsi, sem Hjálpræðisherinn á þar syðra. Það, sem við þetta hefir unnist, er aðeins það, að menn þessir hafa ekki getað haldið áfram sínum ólöglega atvinnurekstri. En slíkt fyrirkomulag sem þetta er óviðunandi til lengdar. Fyrir þessa menn verður að borga í sjúkrahúsunum eins og fyrir hverja aðra sjúklinga. Er uppihald þessara manna því alt of dýrt fyrir þjóðfjelagið.

Í fangahúsi, sem bygt yrði eftir kröfum tímans, væri óumflýjanlegt að hafa sjúkradeild. Kæmi þá tilhögun Eyrarbakkaspítalans í góðar þarfir að því leyti, ef að því ráði yrði horfið að hafa hann fyrir fangahús.

Að síðustu vil jeg undirstrika það, *að undir öllum kringumstæðum er óumflýjanlegt að byggja nýtt fangahús*, fyrst og fremst sökum þrengsla í því, sem nú er, og í öðru lagi sökum þess, að bygging þess gæti haft í för með sjer breytta meðferð á afbrotamönnum frá því, sem nú er, í samræmi við hugsunarhátt nútímans, og það út af fyrir sig er ekki svo lítið nauðsynjamál. Að umr. lokinni legg jeg til, að frv. þessu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allshn. í e. hlj.

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 82 og 86).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Eins og sjá má af þskj. hefir allshn. ekki getað orðið sammála um þetta mál. Meiri hl. lítur svo á, að eins og sakir standa sje ekki einungis rjett, heldur sjálfsagt að veita stjórninni þessa heimild. Eins og frv. ber með sjer, er hjer aðeins um heimildarlög að ræða, og þótt meiri hl. verði að viðurkenna, að málið hafi ekki að öllu leyti fengið þann undirbúning, sem æskilegt hefði verið, svo ekki er hægt að segja með vissu, á hvern hátt það verði leyst, þá hefir meiri hl. þó álitið rjett að veita heimildina.

Um það þarf ekki að fjölyrða, því að um það mun ekki verða deilt, að brýn nauðsyn sje á því að bæta úr vandkvæðum á ástandinu í þeim efnum, sem frv. fjallar um. Það er einróma álit allra þeirra manna, sem það mál þekkja, að hegningarhúsið hjer í Reykjavík sje orðið alt of lítið og algerlega ófullnægjandi og standi á ótilhlýðilegum stað. Í nál. sínu gerir meiri hl. grein fyrir því áliti sínu, að þegar slíkt hús verði reist, þá eigi það ekki að vera í Reykjavík, og er það í samræmi við þá skoðun, sem kemur fram í greinargerð þessa frv. Er það atriði einnig viðurkent í nál. minni

hl. Um hitt atriðið, sem bent er á í nál. minni hl. í sambandi við sjúkrahúsið á Eyrarbakka, hvort hugsanlegt sje, að það geti komið til mála sem betrunarhús í framtíðinni, er það að segja, að um þær ástæður, sem fram eru færðar móti frv. í nál. minni hl. í því sambandi, get jeg ekki dæmt að öllu leyti. Jeg er ekki nægilega kunnugur staðháttum á Eyrarbakka til þess að geta dæmt um málið að því leyti. En það get jeg ekki talið ókost, sem talið er í nál. minni hl., þótt sá staður sje nokkuð langt frá Reykjavík. Minni hl. bendir á, að ómögulegt sje að nota það hús sem gæsluvarðhald fyrir fanga, sem eru undir rannsókn.

Jeg lít nú svo á, að það sje ekki nauðsynlegt, að alment fangahús og gæsluvarðhald um stuttan tíma fari saman. Jeg álít það óhjákvæmilegt, að Reykjavík hafi eitthvert hús, þar sem hægt sje að stinga inn mönnum um stuttan tíma, og jeg sje ekkert á móti því, að það sama hús sje hægt að nota til geymslu fanga, sem eru í gæsluvarðhaldi um stundarsakir, t. d. meðan mál er undir rannsókn.

Hvað snertir þessa mótbáru minni hl. um vegalengdina frá Reykjavík, þá get jeg ekki sjeð, að það eitt eigi að nægja til fyrirstöðu því, að sjúkrahúsið á Eyrarbakka verði tekið til þessarar notkunar. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir því, að hæstv. dómsmrh., sem hefir kynt sjer þetta mál vel, geri grein fyrir því, sem mæla kann með því, að þetta hús verði tekið til þessarar notkunar. En jeg mun ekki fara út í það, vegna þess að jeg er ekki svo kunnugur staðháttum þar, að jeg geti bygt umræður um það mál á þekkingu.

En þegar tillit er tekið til þess, að hjer er aðeins um heimildarlög að ræða, en hinsvegar viðurkent, að vinda þurfi bráðan bug að því að bæta úr fangahússkorti Reykjavíkur, þá get jeg ekki annað sjeð en að það sje sjálfsagt fyrir þingið að veita stjórninni þessa heimild. Og það væri í fylsta máta undarlegt. ef þm. sæju sjerstök vandkvæði á því að veita stjórninni þessa heimild, sem aðeins nemur 100 þús. kr., þegar litið er á það, að á undanförnum þingum hafa verið samþyktar heimildir fyrir þáverandi stjórnir, sem hafa numið, ekki hundruðum þúsunda, heldur mörgum miljónum. Það þarf ekki, þessu til sönnunar, að benda á fleira en járnbrautarmálið, sem var afgr. frá síðasta þingi sem heimildarlög, og það þótti þó vel viðeigandi að afgreiða það þannig. Jeg efast þó um, að undirbúningur þess máls hafi á nokkurn hátt verið betri en hjer á sjer stað. Því sje jeg ekki, að neitt sje því til fyrirstöðu, að þetta litla frv. um aðeins 100 þús. kr. heimild sje samþykt.

Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje rjett af Alþingi að vísa málinu á bug, eins og lagt er til í nál. minni hl. Því að það er að vísa málinu á bug að neita stjórninni um þessa 100 þús. kr. heimild, ef málið yrði afgr. með rökst. dagskrá, eins og minni hl. vill. Sú „rannsókn", sem minni hl. vill láta framkvæma, er aðeins töf á málinu. Hinsvegar hefir hæstv. dómsmrh. látið það greinilega í ljós, að ef kostnaðurinn við framkvæmdir í málinu fari fram úr 100 þús. kr., þá verði aftur leitað til þingsins um heimildina. Að svo mæltu vil jeg mælast til þess, að

hv. deild leyfi þessu litla frv. að komast óhindruðu sína leið, því að hjer er um að ræða þarfa- og nytsemdarmál, sem víst er, að landinu er enginn fjárhagslegur baggi bundinn með.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og greinargerð þessa frv. ber með sjer, liggur ekki fyrir neinn undirbúningur undir þetta mál eða neinar skýrslur um það, að slíkur venjulegur undirbúningur hafi farið fram.

Út af þessu kom hæstv. dómsmrh. á fund allshn., og var hann þar spurður um það, hvort ekki lægju fyrir neinar skýrslur frá einhverjum sjerfróðum mönnum, sem látnir hefðu verið gera till. til stjórnarráðsins, svo sem vani er í slíkum málum, viðvíkjandi fyrirkomulagi þessarar væntanlegu stofnunar, stærð hennar o. s. frv. Hæstv. dómsmrh. upplýsti það, að ekki hefði farið fram annar undirbúningur en sá, að það hefði verið athugað af sjer, hvort gerlegt mundi að taka hinn hálfgerða Eyrarbakkaspítala til þessarar notkunar. En hann kvaðst þó ekki hafa komist að neinni endanlegri niðurstöðu um það, hvort það mundi tiltækilegt eða ekki. Eftir þessum upplýsingum, og þær eru þær einu, sem unt er að fá, verð jeg að álíta, að hreint enginn undirbúningur hafi átt sjer stað, og jeg minnist þess ekki, að nokkurn tíma í minni tíð á þingi hafi jafnalvarlegt og að mörgu leyti merkilegt mál sem þetta er verið lagt fyrir þingið jafnundirbúningslaust og þetta.

Hv. frsm. meiri hl. þótti það ekki meira en oft áður hefði átt sjer stað, þótt stjórninni væru nú heimilaðar 100 þús. kr. Hann benti í þessu sambandi á það, að stærri upphæðir en þetta hefðu áður verið heimilaðar stjórnum. En það, sem hjer um ræðir, er ekki einungis það, að stjórninni sjeu heimilaðar 100 þús. kr., heldur er henni um leið gefið fult og ótakmarkað leyfi til þess að ákveða alt um legu og fyrirkomulag þessarar stofnunar. Ávalt hingað til, þegar stjórn hefir farið fram á slíka heimild, hefir hún talið sjer skylt að láta áður framkvæma rannsókn af sjerfræðingum eða þeim mönnum öðrum, sem best eru til þess færir, og leggja álit þeirra fyrir þingið. Þar eð jeg hefi ekki átt kost á að sjá neitt slíkt, verð jeg að ræða málið með þeirri mjög ófullkomnu þekkingu, sem jeg hefi getað um það fengið. Það virðist þá fyrst og fremst liggja í augum uppi, að þótt þessi stofnun yrði mjög smá, þá mundi þessi tiltekna upphæð, 100 þús. kr., alls ekki nægja. Hingað til hefir ekki verið hægt að fá hjá hæstv. dómsmrh. neinar upplýsingar um það, fyrir hve marga heimamenn þessi vistarvera á að vera sniðin. Það eitt er upplýst, að ef Eyrarbakkaspítali verður notaður, þá verður stærð þess húss látin ráða. Verði hinsvegar bygt nýtt hús á einhverjum öðrum stað, þá mætti ætla, að stærð þess yrði eitthvað í líkingu við spítalann. Nú var gert ráð fyrir því, að hann yrði handa 30 sjúklingum, en sennilega kæmust þar varla fyrir jafnmargir fangar, vegna þess, að líklega þyrfti fleiri einbýlisstofur í fangelsi en í spítala. Þó gæti maður ímyndað sjer, að hæstv. landsstjórn hefði hugsað sjer, að

þarna yrði nálægt 30 vistarverum. Og eftir því, sem byggingarkostnaður svo stórra húsa er nú, má ekki vænta þess, að 100 þús. kr. mundu hrökkva langt. Þótt landið tæki Eyrarbakkaspítala fyrir þær 30 þús. kr., sem hvíla á honum í Landsbankanum og annarsstaðar, hygg jeg, að 100 þús. kr. mundu engan veginn nægja til að fullgera hann sem fangahús. Til er áætlun um kostnað við að ganga frá húsinu sem sjúkrahúsi, og nemur hún 120 þús. kr. Nú er það auðsjeð, að þar sem húsið má kallast fullgert að utan og innveggir allir eru þegar steyptir, þá mundi kosta enn meira að breyta því nú í fangahús, því að til þess þyrfti að rífa mikinn hluta innveggjanna. Auk þess þyrfti að kaupa nauðsynleg verkfæri til þess, að hægt væri að halda þarna uppi vinnu sumar og vetur. Sjálfsagt mundi það þó kosta enn hærri fjárhæð að byggja hús alveg að nýju, enda þótt það verði vafalaust niðurstaðan. Því að Eyrarbakkaspítali er mörgum þeim ágöllum haldinn, sem gera hann óhæfan, að minni hyggju, til þessara nota. Það stendur svo á, að spítalinn stendur í útjaðri fjölmenns sjávarþorps, fast við eina alfaraveginn til þorpsins. Húsið sjálft stendur mjög lágt og er bygt í votlendu landi, að heita má niðri í tjörn mestallan tíma ársins. Jeg fæ ekki sjeð, að þarna sje einu sinni hægt að gera garð til venjulegrar, daglegrar útivistar fanganna, nema með því að fylla upp nokkurn hluta tjarnarinnar. — Hinum megin tjarnarinnar háttar að vísu svo til, að þar er nokkur sjávarkambur, sem hefði ekki verið óálitlegt svæði til kartöfluræktar, ef hann hefði verið fast við húsið. En nú er tjörnin á milli og þessi kambur inni í sjálfu þorpinu. Þar yrðu fangarnir því altaf á almannafæri við vinnu sína. Og jeg hygg, að það sje ekki rjett gagnvart þeim mönnum, sem í þá ógæfu hafa ratað, að komast í þessa stofnun, að láta þá altaf vinna fyrir allra augum. Jeg veit ekki betur en að alstaðar erlendis sje sú regla viðhöfð að láta fangana vinna svo mjög út af fyrir sig, sem kostur er á.

Þá er og annað, sem gerir það óaðgengilegt að nota þennan stað. Það er það, hve gæsla fanganna hlyti að verða dýr. Þarna er ekki til neinnar lögreglu að leita, ef eitthvað skerst í odda með gæslumanni og föngunum eða letigarðsbúum. Jeg hygg, að það sje beinlínis frágangssök að byggja stofnunina annarsstaðar en þar, sem aukin lögregla er nærtæk, ef á þarf að halda.

Jeg býst nú við, að sjerfróðir menn hefðu getað gert betri grein fyrir sumum þessara atriða heldur en mjer hefir verið unt. Jeg er hissa á því, að hæstv. dómsmrh., sem fyrir nokkrum mánuðum brá sjer til Eyrarbakka með fríðu föruneyti, skuli ekki geta eða vilja leggja fyrir Alþingi álit sjerfræðinga á þessum efnum. Þó sýnist svo, sem nægur tími hefði verið til að afla þeirra. Jeg álít, að Alþingi geti ekki annað gert, eins og málið liggur fyrir, en að æskja eftir betri undirbúningi þess fyrir næsta þing. Að vísu er ekki hægt að fortaka, að hæstv. stjórn kynni að geta bætt eitthvað úr þessu undirbúningsleysi meðan þing situr. En þó gerði jeg ekki ráð fyrir, að svo yrði, og gerði því ekki þá kröfu í nefndinni, að hún frestaði að skila áliti sínu. Af þessum ástæðum hefi

jeg komið með rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

„Þingdeildin skorar á landsstjórnina að rannsaka og undirbúa byggingu nýs betrunarhúss fyrir landið og að rannsaka, hvort tiltækilegt muni að hafa letigarð í sambandi þar við. Í því trausti, að rannsókninni verði lokið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Út af letigarðinum vil jeg aðeins geta þess, að jeg er í miklum vafa um, hvort yfirleitt er tiltækilegt að reka hann í sambandi við betrunarhúsið. Ekki liggja heldur fyrir neinar upplýsingar um það, hvort yfirleitt sje þörf á honum, hvað kosta muni uppihald letingjanna eða rekstur garðsins, hve margir megi búast við að verði þar, hvort sveitarstjórnir vilja nota hann eða telja sig hafa þörf á honum, o. s. frv. Því hefi jeg ekki getað myndað mjer neina rökstudda skoðun um það, hvort rjett gæti talist að ráðast í byggingu letigarðs.

En hinu verður áreiðanlega ekki skotið á frest lengur, svo að neinu nemi, að byggja nýtt betrunarhús. Jeg get skýrt frá því, eftir upplýsingum frá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að í fangahúsinu við Skólavörðustíg eru 8 fangaklefar, og auk þess tvær skonsur, þar sem stinga má inn óróamönnum næturlangt. Það er auðsjeð, að þetta húsnæði er ekki meira en nauðsynlega þarf vegna lögreglubrota í bænum. Það er ekki stærra en svo, að það getur hæglega fylst á einni nóttu. Má því í raun rjettri segja, að landið sje algerlega fangelsislaust.

Hv. frsm. meiri hl. vildi ekki gera mikið úr þeirri mótbáru gegn Eyrarbakkaspítala, að hann væri ekki nothæfur fyrir gæsluvarðhald handa Reykjavíkurdómþinghá. Það er nú að vísu alveg rjett hjá hv. frsm., að það þarf ekki nauðsynlega að fara saman, fangelsi landsins og gæsluvarðhald Reykjavíkur. En fangahúsið hjer er orðið svo lítið, að á næstu árum verður að sjá Reykjavík fyrir öðru húsi til gæsluvarðhalds, ef ekki verður hægt að nota hið nýja betrunarhús landsins í því skyni. Jeg álít óhentugt að skjóta því þannig á frest að leysa úr annari þörfinni, því að þá þyrfti þegar á næstu árum að fara að hugsa um byggingu gæsluvarðhalds fyrir dómþinghá Reykjavíkur. Yrði fráleitt sparnaður að þeirri skiftingu. Ummæli hv. frsm. meiri hl. álít jeg því aðeins enn eina sönnun þess, að málið er engan veginn svo undirbúið, að viðunandi geti talist.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla að þessu sinni að segja fáein orð, enda þótt jeg hafi farið nokkrum orðum um málið og undirbúning þess við 1. umr.

Jeg vil þá fyrst víkja að því, sem háttv. 3. landsk. (JÞ) sagði, að ekki væri rjett að heimila landsstjórninni að ráðstafa svo miklu fje, sem hjer um ræðir, án þess að málið væri lagt betur undirbúið fyrir Alþingi. Jeg vil biðja menn að bera þetta frv., um alt að því 100 þús. kr. fjáreyðslu, saman við frv. flokksbróður hv. 3. landsk., hv. þm. Snæf. (HSteins), sem ber fram frv. um að heimila stjórninni alt að 1 miljón kr. eyðslu af opinberu fje til byggingar strandvarnarskips. Ekki liggur þó fyrir Alþingi nokkur teikn-

ing af slíku skipi, og er þó mikið vafaatriði, hvernig því skuli fyrir komið, eftir því sem við mættum hafa lært af reynslunni. En háttv. þm. Snæf. treystir stj. til að ráða fram úr því eftir bestu samvisku og með ráði hæfustu manna.

Út af tali hv. 3. landsk. um undirbúningsleysi málsins vil jeg ekki neita því, að oft getur verið gott að hafa áætlanir um ýmsa hluti. En þó held jeg, að þjóðin sje alveg hætt að trúa á áætlanir, jafnvel sjerfræðinga. Þær hafa ekki gefist betur en svo. Hvernig var t. d. með allar þær áætlanir, sem sjerfræðingar gerðu um rafveitu í Reykjavík og virkjun Elliðaánna? Hefir þeim ekki skeikað ofurlítið? Þótt bæði almenningur og stjórnarvöld sjeu oft og einatt neydd til að treysta þessum áætlunum, þá er síður en svo, að af þeim sje góð reynsla.

Annars var það rjettilega fram tekið af hv. 3. landsk., að jeg mun varla nota þá heimild, sem í frv. felst, áður en Alþingi kemur saman aftur, nema það reynist álitlegt að fullgera spítalahúsið á Eyrarbakka í þessu skyni. Jeg skal taka það fram, að allar þær athuganir, sem á þessum málum hafa verið gerðar að stjórnarinnar tilhlutun, eru gerðar af leikmönnum. En hjer á landi er varla völ á öðrum í þessum efnum. Málið horfir annars þannig við, að landssjóður hefir lagt fram 50—60 þús. kr. til þessarar byggingar. Staðurinn undir hana var valinn í stjórnartíð Jóns heitins Magnússonar, einmitt í samráði við sjerfróða menn. Jeg veit ekki betur en að æðsti maður heilbrigðismálanna, landlæknir, hafi einmitt ráðið miklu um þetta. Því get jeg ekki verið eins bölsýnn í þessu efni og hv. 3. landsk., að álíta, að ekki sje hægt að nota staðinn. Ef ekki er hægt að hafa þarna vinnuheimili handa sæmilega hraustum föngum og slæpingjum, þá sýnist það þaðan af síður hægt að hafa þar sjúkraheimili. Annars vænti jeg, að hv. 3. landsk. falli frá þessari mótbáru sinni, er hann athugar, að í henni felst einmitt þung ásökun í garð hinnar sjerfræðilegu þekkingar, sem hann gumar svo mjög af aðra stundina.

Þá langar mig til að fara fáeinum orðum um þörfina á nýju fangahúsi í þessu landi. Nú sem stendur eru ekki nema þessir fáu klefar í fangahúsinu hjer í bæ. Þar er alls enginn möguleiki til útivinnu, og innivinna mjög erfið viðfangs og lítið sem ekkert stunduð. Bæði frá bæjarfógetanum í Reykjavík og þeim lögfræðingum landsins, sem málið varðar, hafa komið ákveðnar óskir um byggingu nýs betrunarhúss. En ekki hefir komið fram nein ákveðin tillaga úr þeim áttum um tilhögun hússins, nema ef telja skyldi eina blaðagrein eftir ungan lögfræðing, er nýlega var prentuð í einu dagblaði bæjarins. Fáir eða engir hafa kynt sjer að ráði tilhögun fangelsa erlendis, enda þótt sumir kunni að hafa nokkra bóklega eða „teoretiska“ þekkingu á fangelsismálum. Einn ungur lögfræðingur mun þó hafa gert sjer nokkurt far um að kynnast þessu í stuttri utanferð í sumar. Jeg hygg, að það megi teljast hið eina fræðilega, sem úr þeirri átt hefir verið gert til úrlausnar málinu. Þegar að því kemur, að leysa verður úr þessum málum, verður því ekki af neinni innlendri reynslu að taka. Því verður að fara eftir reynslu erlendra þjóða, þá

helst nágrannaþjóðanna, eftir því sem hjer getur átt við, en sjer í lagi eftir heilbrigðri skynsemi. Jeg skal geta þess, að frá minni hálfu hefir nú verið framkvæmdur lítill þáttur af því, sem gera þarf málinu til undirbúnings, því að húsameistari ríkisins, sem er í skammri utanferð, fjekk það sem eitt af sínum erindum að kynna sjer byggingarlega fyrirkomulag betrunarhúsa á Norðurlöndum.

Þá vildi hv. 3. landsk. skera úr um það, hvort hægt yrði að nota Eyrarbakkaspítala í þessu skyni. Jeg hefi játað það þegar, að málið hefir ekki mikinn „tekniskan“ undirbúning, en jeg held, að það sje siður Alþingis að treysta stjórnunum til að ráða fram úr því, sem vandasamara er en þetta. Og úr því að enginn undirbúningur var gerður af fráfarandi stjórn, þá hefði mátt hugsa sjer, að jeg, sem fyrstur ber þetta mál fyrir Alþingi, mundi ekki telja eftir mjer að láta gera þann undirbúning, sem þörf er fyrir. En vitanlega er það mjög mikil vanræksla af undanfarandi stjórnum að láta þetta mál ganga svo, sem gert hefir verið. — En svo að jeg snúi mjer aftur að Eyrarbakkaspítala, þá get jeg vel játað það með hv. 3. landsk., að ef spítalinn hefði ekki verið til þarna hjá Eyrarbakka, þá hefði sennilega engum dottið í hug að hafa fangelsi þar. Því að Eyrarbakki er ekki nema fáum þeim kostum búinn, sem geri hann allra staða sjálfsagðastan fyrir betrunarhús. Það gæti vel komið fyrir, að stjórnin kæmist að þeirri niðurstöðu, að betra væri að hafa húsið á öðrum stað, að málavöxtum athuguðum, t. d. við heitar laugar í Mosfellssveit eða á einhverjum öðrum stað austan fjalls en Eyrarbakka. En menn verða að minnast þess, að tugir þúsunda kr. úr ríkissjóði eru þarna komnar í byggingu, sem ekki eru minstu horfur á, að nokkurn tíma geti orðið að nokkru gagni, nema hægt væri að nota hana í þessum tilgangi. Og jeg skal geta þess, að einn merkur flokksbróðir hv. þm. hefir látið þá skoðun í ljós við mig í einkasamtali, að a. m. k. sje mjög sennilegt, að nota megi Eyrarbakkaspítala fyrir letigarð. Þá myndi það eflaust vel fallið til þess að geyma þá fanga, sem fengið hafa berklaveiki, þar sem þetta hús var upphaflega ætlað fyrir spítala. Þá talaði háttv. 3. landsk. um það, að engar tölur væru til, sem sýndu það, hve marga húsið þyrfti að taka. En því má svara svo, að ástandið nú er svo, að fangar, sem hafa hlotið dóm, komast ekki nærri strax að til að taka út refsinguna. T. d. er núna maður hjer í Reykjavík, sem dæmdur hefir verið í tveggja ára betrunarhúsvinnu, en verður nú sökum rúmleysis að leika lausum hala. Svo er það nærri ávalt, að dómum er ekki hægt að fullnægja nærri strax vegna húsnæðisleysis. Þótt aðstaðan væri ekki bætt meira en svo, að rúm fyrir 10 menn fengist til viðbótar, þá mundi þó oftast vera hægt að fullnægja dómi án tafar. Jeg get upplýst það, að stjórnin hefir orðið að fá rúm í spítala hjer í grend fyrir 5 berklaveika fanga. Og nú eru þeir í byggingu Hjálpræðishersins í Hafnarfirði. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi ástand, sem úr þarf að bæta sem fyrst. Eyrarbakkaspítalinn ætti þó altaf að koma í veg fyrir, að nota þyrfti sjúkrahús eða gistihús fyrir

berklaveika fanga. Og sömuleiðis ætti hann að geta tekið á móti þeim föngum, sem fljóta út af betrunarhúsinu hjer.

Jeg skal bæta því við, að þótt reist yrði betrunarhús og letigarður hjer í nánd við Reykjavík, þá vantar þó enn rúm fyrir sakakonur, því að þær gætu alls ekki verið í sömu stofnun, þar sem útivinna karlmanna á að fara fram. Yrðu þær þá að vera hjer í Reykjavík. Sem betur fer, eru enn fáar konur, sem vinna til hegningar, en þetta er þó ein hlið málsins.

Um slæpingjahæli eða letigarð er það að segja, að enn vantar skýrslur um, hvað það þyrfti að vera stórt. En mjer er kunnugt um það, að slíkir menn eru orðnir þung byrði á bæjunum, einkum hjer í Reykjavík. Jeg veit, að bæði borgarstjórinn hjer og fleiri eru þess mjög fýsandi, að slík stofnun sje sett á fót, og að þessu máli er fylgt með athygli víða um land, vegna þess að menn finna til þarfarinnar. Jeg get meira að segja glatt hv. 3. landsk. á því, að einn mikilsvirtur fylgismaður hans, prestur, sem var svo trúaður, að hann breytti bæn sinni í kirkjunni, er stjórnarskiftin urðu, hefir þann áhuga fyrir þessu máli, að ekki er vonlaust um, að hann snúist til síns fyrra bænahalds, ef frv. þetta nær fram að ganga.

Niðurstaðan er þá þessi, að allir viðurkenna þörf á nýju fangahúsi. Almenn ósk um að fá letigarð, til að fá menn til að vinna, og þó einkum til að hvetja menn til vinnu, svo að þeir þurfi ekki þangað.

Viðvíkjandi því, að undirbúningur sje ófullkominn, má geta þess, að hjer vantar alla innlenda reynslu í fangelsismálum með útivinnu. Að vísu var hjer um útivinnu að ræða áður, eins og ritgerð dr. Björns Þórðarsonar ber með sjer, en slíkt er fyrir löngu niður lagt.

Mjer þykir rjett að bæta því við nú þegar, þar sem ekki er víst, að jeg taki aftur til máls nú, að ef Eyrarbakki er notaður, þá ætti að mega bæta þar við húsum síðar, einkum peningshúsum, á ódýran hátt, með því að nota vinnu fanganna sjálfra til þess að koma þeim upp.

Þá hefir og verið gerður samningur við Landsbanka Íslands, að ef að þessu ráði verður horfið, þá gefi hann kost á landi, sem er vel fallið til ræktunar og liggur fast að spítalanum. Það heyrir til smájörð, sem Landsbankinn á þar. Mætti því láta fangana vinna bæði að túnrækt og kartöflurækt. Auk þess gæti komið til mála, að þeir væru látnir vinna að vegagerð, hlaða sjóvarnargarða fyrir lönd, sem liggja í hættu fyrir sjávargangi. Á vetrum ýmsa innivinnu, smíðar, vefnað o. fl. Á Englandi og víða erlendis annarsstaðar eru menn látnir vinna slíka vinnu. T. d. eru á Englandi gerð þannig ferðakoffort, sem algeng eru og hingað hafa flutst.

Af þeim rökum, sem hv. 3. landsk. bar fram og jeg skal aðeins minnast á, var uppreisnarhætta sú, sem stafað gæti frá föngunum. Það er nú svo, að ef hafa ætti örugt lögreglueftirlit með föngunum, þá yrði að hafa fangahúsið fast við Reykjavík. En jeg sje ekki annað en að Eyrarbakki sje hentugur hvað það snertir. Þar er fjölment þorp og ávalt nóg heima af karlmönnum. Jafnvel mætti semja svo

um, að ávalt væri viss aðgangur að hæfilega mörgum bæjarbúum, ef á þyrfti að halda. — Jeg sje, að hv. 3. landsk. brosir. (**JÞ:** Það gera fleiri!). Jeg vil þá minna hann á það, að hann áleit einu sinni fært að kalla saman varalögreglu hjer í Reykjavík og víðar. En annars held jeg, að þetta sje ástæðulaus ótti. Hver myndi t. d. hafa, svona fyrirfram, talið það óhætt, að sjúklingar frá Kleppi færu á bíl hjer í gegnum bæinn og væru látnir slá tún í útjaðri bæjarins? Jeg er hræddur um, að það hefði orðið efni í mælska ræðu hjá hv. þm. Hann hefði vafalaust bent á það, að sjúklingarnir myndu stökkva út úr bifreiðunum og myrða varnarlaust fólk með ljáunum. — En þetta er nú gert, og hefir ekki komið að sök. Í Danmörku hafa fangar verið látnir rækta heiðarlönd undir umsjón verkstjórans eins, og hefir það ekki komið að sök. Þetta ætti að geta verið okkur til fyrirmyndar. Auðvitað er ekki hver fangi hæfur til þess að vera í svona vinnu. Suma yrði að loka inni. Um strokhættu er naumast að ræða, enda er svo, að sakborningar eru tíðast hafðir lausir, meðan þeir bíða dóms, án þess saki. Enda er svo, að ekki er neinn hægðarleikur að komast til annara landa vegabrjefslaus.

Jeg ætla mjer ekki að reyna til að snúa hv. 3. landsk., enda getur auðveldlega farið svo, þó frv. þetta verði samþ., að sama verði niðurstaðan hjá mjer og honum, að ekki verði aðhafst í bili. En mjer virðist þó ekki ástæða til að draga rannsókn málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg skal nú ekki verða eins margorður og hæstv. dómsmrh. En jeg vil þó leiðrjetta nokkur atriði í ræðu hans, sem hann fór skakt með. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ríkissjóður hefði lagt í Eyrarbakkaspítalann 80 þús. kr. Þetta tvítók hann. En það er ekki rjett. Það mun hafa verið, ef jeg man rjett, 50 þús. kr., sem hann fjekk. Hæstv. ráðh. ætti að geta, með hægu móti, aflað sjer upplýsinga um þetta atriði og skýrt rjett frá því. Þá sagði hæstv. ráðh., að ef spítalahúsið á Eyrarbakka, vegna umhverfis síns, væri óhæft fyrir fangahús og letigarð, þá hefði það líka verið óhæft sem sjúkrahús. En þetta er algerlega gripið úr lausu lofti, því hjer er ekki um sömu kröfur að ræða í báðum tilfellum. Letigarðurinn eða fangahúsið gerir kröfur um hentugt land til útivinnu, sem sjúkrahús gerir vitanlega ekki. Þá liggur vegur mjög nærri, sem er stór ókostur við fangahús, sem þarf að standa afskekt, en vegurinn er þó ekki svo nærri, að friði sjúklinga sje hætta búin af skarkala frá honum. Þetta sýnir, að hann hefir alls ekki gert sjer það ljóst, hverjar kröfur beri að gera til slíkrar stofnunar. — Hæstv. sami ráðh. sagði tvisvar, að þetta mál væri ekki hægt að rannsaka, en það sýnir bara, að hann hefir ekki hugmynd um, hvernig á að rannsaka mál. Hann sagði í sambandi við þetta, að menn væru hættir að bera traust til áætlana þeirra, er verkfræðingar gerðu, og tók rafveituna hjer í Reykjavík til dæmis. En jeg verð að segja, að það dæmi var mjög óheppilega valið, því sú áætlun stóðst að öllu öðru leyti en því, sem verðlag hafði breytst frá því hún var gerð og þar til verkið var framkvæmt, og bet-

ur er ekki hægt að gera og meira má ekki krefjast.

Þá sagði sami hæstv. ráðh., að stj. hefði oft verið treyst til þess að fara með stærri fjárupphæðir en þessi er. En það er alls ekki vegna þess, hve upphæðin er mikil, sem óviðkunnanlegt er að veita þessa heimild, heldur vegna þess, að hjer er um algerlega nýja stofnun að ræða, sem allar áætlanir vantar um, hvað kosta muni, og til hverra nota muni verða og hvort það muni ekki verða helst til þungur baggi. Jeg er hræddur um, að ef heimildin verður veitt og þarna verður sett á fót betrunarhús og letigarður, þá sje stofnað til stórra útgjalda um langt árabil og að þessar 100 þús. kr. verði eins og fjöður af fati, þegar öll kurl koma til grafar.

Mjer þótti vænt um að heyra hæstv. ráðherra segja það, að væntanlega hefði engum komið til hugar að setja þessa stofnun á fót á Eyrarbakka, ef þetta spítalahús hefði ekki verið komið þar, og að hann enn væri í vafa um, hvort hverfa ætti að því ráði. Jeg vil því gefa hæstv. dómsmrh. eitt ráð, sem jeg sjálfur hefi jafnan reynt að fylgja, og það er að hafa það hugfast, þegar hann ræðst í einhverjar framkvæmdir, að gera þær svo vel sem framast er kostur á, enda þótt tækifæri sýnist til að spara fje í bili. Slíkt má aldrei láta villa sjer sýn, því þá getur farið svo, að verkið beri frá upphafi í sjer ófullkomleika, er ávalt haldist. Stofnkostnaðurinn gleymist fljótt, og eiginlega strax og fyrirtækinu er lokið. En gallarnir minna ávalt á sig. Þetta ráð er gefið í algerðri einlægni, og veit jeg, að hæstv. ráðh. skilur það, að svo er.

Þetta mál má vitanlega rannsaka, svo hægt sje að komast nærri hinni raunverulegu þörf. Það má finna það með útreikningum og samanburði við aðrar þjóðir, hve mörgum föngum þarf að ætla húsnæði. Þá má einnig athuga það, hvort refsivistin krefur meira húsrúms hjer en annarsstaðar. Þetta má alt rannsaka til hlítar, t. d. eins og gert er með sjúkrahús. Það þarf aðeins að fá mann, er vill sökkva sjer niður í rannsókn á þessu máli. Eins má rannsaka þörfina fyrir letigarð. Það má láta sveitarstjórnirnar vita, hve mikið þær þurfi að borga með slíkum mönnum, og fá það á móti uppgefið af þeim, hve marga menn þær vilji senda þangað. — Allir þeir erfiðleikar, sem hæstv. dómsmrh. taldi vera á rannsókn þessa máls, sýna einungis það, að hann hefir ekki hugsað málið til hlítar.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um lögreglu í sambandi við þessa stofnun og taldi hennar ekki þörf. Hann vitnaði í, að í Danmörku hefðu verkstjórar einir umsjón með föngunum, sem væru látnir vinna. En þetta er ekki sambærilegt. Í Danmörku er svo þjettbýlt, að þar má alstaðar ná í lögregluna með örstuttum fyrirvara, jafnvel innan klukkutíma.

Jeg tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Að lokum vil jeg geta þess, að jeg viðurkenni, að fullkomin þörf sje á að byggja nýtt betrunarhús, en hinsvegar álít jeg mjög ósanngjarnt að ámæla fyrv. stj. fyrir að hafa ekki leyst það verkefni.

Hjer hafa altaf legið fyrir svo mörg og stór verkefni, að það er hverri stj. ofvaxið að leysa úr þeim öllum, enda finst mjer, að engin stjórn þurfi að

kvarta undan því, þótt skilin sjeu eftir verkefni handa henni til þess að framkvæma.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla ekki að bæta hjer miklu við, en vegna þess að hv. 3. landsk. kom með fáeinar aths., er jeg álít ekki rjettar, ætla jeg að svara þeim með nokkrum orðum.

Jeg vil benda á það, að það mundi trauðla hækka álitið á vissri tegund af áætlunum, ef það væri rifjað upp fyrir mönnum, hvaða skoðun sjerfræðingar höfðu á raflýsingu Reykjavíkur um það leyti sem gasstöðin var bygð, og svo þegar áætlaður var kostnaður á rafstöðinni, fimmfaldaðist sú kostnaðaráætlun, er til framkvæmdanna kom. Að slíkum áætlunum er ekkert gagn. Mætti þar t. d. benda á kostnaðaráætlun við Skeiðaáveituna, sem fjórfaldaðist í meðförunum. Viðvíkjandi því, er háttv. 3. landsk. sagði um það, hve nauðsynlegt er að byggja vel fyrir framtíðina, þá er enginn því jafnkunnugur og hv. 3. landsk., sem er verkfræðingur, hve erfitt er að sjá slíkt fyrirfram. Sem dæmi þess er brúin á Gljúfurá í Borgarfirði, sem ekki er hættulaus yfirferðar að vetrarlagi, einungis vegna þess, að þessa var ekki gætt í fyrstu. Jeg mun því taka vel upp hinar föðurlegu ráðleggingar, er hv. 3. landsk. gaf mjer í þessum efnum. Annars mun hv. 3. landsk. eflaust eiga fleiri endurminningar frá starfi sínu en þessa um brúna á Gljúfurá; ein af þeim er hinn frægi Kveldúlfsbúkki, sem sjest þegar ekki er hátt í sjó og kennir sína eigin lífsspeki. En sem sagt, þegar þess er gætt, hve verkfræðingar hjer á landi, eins og t. d. hv. 3. landsk., hafa lítið reynt að fylgjast með þróun og framförum í fræðigrein sinni erlendis, þá verð jeg að álíta það virðingarvert, að gerðar sjeu tilraunir til þess af leikmönnum að leysa þau mál, er ætla mætti, að þeir (verkfræðingar) ljetu sig nokkru skifta, úr því að reynslan, sem fengin er af þessum mönnum, er ekki glæsilegri en þetta. Jeg er ekki eins bölsýnn og hv. 3. landsk., sem álítur, að þetta muni ekki takast.

Þar sem hv. þm. vjek að þeim orðum mínum, að engum mundi hafa dottið Eyrarbakki í hug í þessu sambandi, ef ekki stæði þannig á með spítalann, þá er alls ekki þörf á því að gera ráð fyrir, að ekki megi nota þennan stað. Mjer finst aftur á móti margt mæla með því, að staðurinn sje góður, þar sem hann er mjög nærri þessu stóra þorpi og þar að auki mun þar ódýrast fæði á öllu Íslandi.

Hv. 3. landsk. hjelt, að það mundi nokkuð dýrt fyrir landið að reka bú á þessum stað. Jeg álít, að ekki sje hægt að spá neinu um það fyrirfram. Aftur væri jeg algerlega á móti því, ef reka ætti mörg bú á þennan hátt. Jeg hygg, að hv. 3. landsk. viðurkenni með reynslu þeirri, er fengin er frá Vífilsstöðum, að ekkert vit sje í að hafa þarna mannmargt heimili, nema nota landið umhverfis til ræktunar, svo að fá mætti a. m. k. mjólk og kartöflur til búsins sjálfs.

Það yrði alveg að fara eftir reynslunni um það, hvort það þætti tiltækilegt að hafa stærra bú, til þess einungis að græða á því. Á svona mann-

mörgu heimili, sem þarna mætti búast við að yrði, er það sjálfsagt að nota vinnukraft fólksins til þess að afla fæðu, svo sem föng eru á eftir þörfum búsins.

Jóhannes Jóhannesson: Mönnum er orðið það ljóst, að ástand fullnustu refsidóma hjer á landi er fyrir löngu orðið óviðunandi. Um þetta eru allir sammála, en aftur á móti virðist mál það, er hjer er um að ræða, ekki vera nægilega undirbúið.

Jeg verð að segja, að mjer finst ekkert undarlegt, þótt stj. hafi ekki getað veitt því þann undirbúning, sem æskilegt hefði verið, á þeim stutta tíma, er hún hefir setið að völdum, vegna þess, að hún hefir átt mörgum öðrum vandamálum að sinna.

Það má ekki dragast lengur, að úr þessu ástandi verði bætt. Ef hin rökstudda dagskrá, sem fram hefir komið um þetta, verður samþ., geri jeg mjer enga von um, að neitt verði gert í þessu máli fyr en á næsta þingi. Verði frv. aftur á móti samþ., má gera sjer von um, að ráðin verði hin nauðsynlegasta bót á þessu ástandi, sem er, í náinni framtíð, þótt jeg að vísu sje ekki alveg viss um það eftir orðum hæstv. ráðh.

Jeg mun því greiða frv. atkv. í von um, að gerðar verði umbætur á þessu ástandi á næstunni. Aftur á móti er jeg í vafa um það, hvort hentugt sje að reisa betrunarhús á Eyrarbakka. Jeg álít, að ýmislegt mæli á móti því, en hinsvegar gæti jeg hugsað, að hentugt væri að hafa þar letigarð og sjúkrahús fyrir fanga. Mætti eflaust finna hentugri stað fyrir betrunarhús en þar.

Jeg vil lýsa yfir því, að hæstv. dómsmrh. hefir sýnt mikinn áhuga á því að bæta úr þessu illa ástandi, síðan hann tók við völdum, og í trausti þess, að eitthvað verði gert í máli þessu hið bráðasta, greiði jeg frv. atkvæði.

Annars finst mjer frv. ekki allskostar heppilega orðað, og vildi jeg í því sambandi skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvort sú heimild, er frv. fer fram á, eigi við kaup á Eyrarbakkaspítala. **(Dómsmrh. JJ:** Já). Þá virðist mjer, að orða mætti frv. betur, því ef kaupa ætti spítalann, geri jeg ráð fyrir, að þyrfti að greiða lán það, er Landsbankinn hefir veitt til byggingarinnar, og mundi því verða um kaup á húsi að ræða, en ekki á landi, en í frv. er gert ráð fyrir kaupum á landi, en ekki húsi. Vil jeg skjóta því til hæstv. ráðh. og þeirrar nefndar, er um málið fjallar, hvort ekki mætti haga orðalagi frv. þannig, að það fjelli saman við framkvæmdirnar. **(Dómsmrh. JJ:** Það mætti athuga þetta til 3. umr.).

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg gat ekki hugsað mjer, að hæstv. dómsmrh. væri of stór upp á sig til þess að hlusta á vinsamlegar ráðleggingar mínar og tillögur í þessu máli. — Sú hefir samt orðið raunin, og notar hann tækifærið til þess að hreyta í mig ónotum, eins og hans er vani bæði utan þings og innan. Jeg mun heldur ekki þreytast á að nota málfrelsi mitt til þess að svara honum, eins oft og þess þarf við.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði um kostnaðaráætlanir verkfræðinga um rafmagnsveituna í Reykjavík, var

bara vitleysa. Þar hefir aldrei neitt ósamræmi átt sjer stað, svo jeg viti til. Það, sem gert hefir verið, hefir verið í algerðu samræmi við áætlanirnar, nema með þeim breytingum, sem leiða af almennum verðlagsbreytingum. Hið sama er að segja um Skeiðaáveituna. Þegar hæstv. dómsmrh. segir, að hún hafi orðið 4 sinnum dýrari en áætlað var, þá er það í fyrsta lagi fals vegna þess að þar tekur hann með vexti og afföll á veðdeildarlánum, sem aldrei er vani hjer á landi að reikna með kostnaði við áætlanir um mannvirki. Í öðru lagi er það fals vegna þess, að svo stóð á, að milli kostnaðaráætlunarinnar og framkvæmdanna lá hin mesta breyting, sem orðið hefir á verðlagi hjer. Kostnaðaráætlunin var gerð árið 1915, en framkvæmd á árunum 1919—'22, eða þegar mest var dýrtíðin. Hæstv. dómsmrh. má grípa til þessa eins oft og hann vill í rökþroti sínu; jeg mun ætíð endast til að leiðrjetta framburð hans.

Þá drap hæstv. dómsmrh. á það, að mannhætta væri að fara yfir brúna á Gljúfurá. Brúin er vel traust og hefir þar að auki þann kost, að hún er lagleg. (**Dómsmrh. JJ:** Hverjum þykir sinn fugl fagur!). Hún hefir verið gefin út á póstkorti meðal mynda af fegurstu stöðum landsins, og verð jeg að segja, að þetta kort er eitt af þeim fallegri.

Átylla hæstv. dómsmrh. til þess að koma með slettur í garð þeirra manna, er unnu að brúnni, er sú, að báðumegin við hana eru brattar brekkur og festir stundum snjó á nyrðri brekkunni á vetrum. Því er nú svo farið hjer á landi, að erfitt mun að gera við því, þótt skafl komi í veg, enda mun slíkt ekki fyr hafa verið gert að niðrunarefni í garð þeirra verkfræðinga, er vegina lögðu. Í þessu tilfelli er það nú með öllu ástæðulaust, því að fyrir mörgum árum lagði jeg ráðin á að byggja grjótgarð uppi á hæðinni til þess að beina skafrenningnum frá brekkunum og koma þannig í veg fyrir, að þar myndaðist skafl. Þetta dugði á meðan þessu litla mannvirki, sem kostaði innan við 100 kr., var haldið við. Náttúran hefir kannske ekki ennþá mint á þörfina á að endurreisa garðinn, með því að leggja duglegan skafl í brekkuna.

Kveldúlfsbúkkann getur hæstv. dómsmrh. sjálfur sjeð á sínum stað, jafnvel þótt hásjávað sje, og þarf ekki að kafa eftir honum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg held jeg verði að segja fáein orð ennþá um þessar áætlanir. Það væri gaman, ef hv. 3. landsk. vildi skýra frá því seinna, t. d. við 3. umr., hverju verkfræðingar svöruðu bæjarstjórn um rafvirkjun í Reykjavík um það leyti, sem gasstöðin var bygð, og hvers vegna hinir fróðu menn voru þá svo bölsýnir, að þeir rjeðu frá því að ráðast í slíkt. Ef kostnaðurinn við rafvirkjun Elliðaánna er orðinn alls ca. 4 milj. kr., þá verð jeg að segja, að það er nokkuð mikið fyrir ekki stærri stöð. Það virðist hafa verið nokkuð skammsýn forsjón, sem sjeð hefir fyrir því, að þessi litla á var virkjuð, og það á allra verstu og dýrustu tímum, sem yfir þetta land hafa komið.

Það hefði áreiðanlega verið betra að gera það fyr, eða þá seinna; þá

hefði kostnaðurinn ekki orðið svona mikill. Og jeg vil skjóta því til hv. 3. landsk., hvort hann hjeldi, að Reykvíkingar hefðu nokkurntíma lagt í þennan kostnað, ef þeir hefðu vitað, hve dýrt það yrði.

Ummæli hv. 3. landsk. um Skeiðaáveituna bera vott um mjög virðingarvert yfirlætisleysi, — en hann gleymdi þessari óbilgjörnu klöpp, sem kostaði jafnmikið að vinna eins og þeir stóru spámenn áveitunnar áætluðu verkið alt í upphafi, eða um 120 þús. kr. Þetta sýnir alt, hve mannlegar áætlanir og útreikningar ná skamt og hve hæglega þær geta strandað.

Viðvíkjandi Gljúfurárbrúnni get jeg sagt hv. 3. landsk. það, að síðast þegar jeg var á ferð um Borgarfjörð, var mjer sagt, að á leiðinni væri undirskriftaskjal frá bílstjórum þeim, er þarna eiga hlut að máli, og krefðust þeir þess, að eitthvað verði að gert. svo að manntjón verði ósennilegra af völdum brúarinnar en nú er.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 86, frá minni hl. allshn., feld með 7:5 atkv.

Frvgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 12, 123).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 123. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Meiri hl. allshn. hefir leyft sjer að koma með eina breytingu við frv., eftir bendingu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Eins og sjest, þá er þetta fremur orða- en efnisbreyting, en nefndin taldi þó rjett að gera hana. Annars er þessi brtt. svo ljós, að um hana þarf ekki að fara fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og frv. er og verður, þó þessi brtt. verði samþ., þá felur það í sjer heimild fyrir ríkisstjórnina til að koma upp nýrri stofnun, þ. e. letigarði. En af því að það er algerlega órannsakað mál, bæði þörfin fyrir þessa stofnun og kostnaður bæði ríkis og sveitarfjelaga, þá mun jeg greiða atkv. móti þessu frv., þótt jeg viðurkenni hinsvegar, að full þörf muni vera á nýju hegningarhúsi.

ATKVGR.

Brtt. 123 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 129).

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi við 1. umr. í hv. Ed. skýrt þetta mál nokkuð, og ætla þess vegna ekki að fara ítarlega út í það nú. Það hefir rækilega komið fram við meðferð málsins, sem ef til vill ekki allir hjer vita, að ástandið er orðið alveg óvið-

unandi hvað hegningarhúsið snertir. Það er orðið alt of lítið og óhentugt, og það er jafnvel svo, að menn, sem hafa verið dæmdir, koma til bæjarfógeta hjer eða fangavarðar og spyrja, hvenær þeir muni geta komist að, en þá er sjaldnast hægt að taka á móti þeim, af því að alt húsrúm er upp tekið.

Ennfremur er óhægt að einangra fangana, því að bæði er, að garðurinn umhverfis húsið er of lágur, og svo hefir bærinn látið byggja skúra upp að fangelsisgarðinum, og er slíkt sjerstaklega óhentugt, þegar menn eru undir rannsókn. En ef til vill koma gallar núverandi fangahúss einna skýrast í ljós, þegar fangar eru jafnframt sjúklingar, og það kemur ósjaldan fyrir. En þar eru engin húsakynni til þess að taka á móti slíkum mönnum, þegar þeir koma með læknisvottorð um það, að þeir þoli ekki almenna fangavist. Þá verður annaðhvort að sleppa þeim við fangavistina eða grípa til bráðabirgðaúrræða. Nú er eitthvað til af mönnum, sem hafa fengið dóm og hafa líka berklaveikivottorð. Nokkrir berklaveikir áfengissalar hafa verið teknir og dæmdir. Hefir þeim verið komið fyrir suður í Hafnarfirði, ýmist á spítala þar eða undir eftirliti bæjarfógetans. En þetta er nokkuð kostnaðarsamt og alls ekki hugsanlegt til frambúðar.

Jeg nefni þessi dæmi aðeins til þess, að þeir hv. þm., sem ekki eru kunnugir hjer, sjái, hvernig ástandið er. Við það verður ekki unað til lengdar, og bæjarfógetinn í Reykjavík sagði við 2. umr. þessa máls í Ed., að ástandið væri svo slæmt, að hann fagnaði hverri tilraun, sem gerð væri til þess að reyna að bæta úr því, jafnvel þótt ekki væri nema til bráðabirgða.

Jeg skal að vísu játa það, að ekki hefir mikill tími unnist til undirbúnings þessu máli síðan nýja stjórnin tók við. En þar sem bæði bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumannastjett landsins hefir ýtt fast á eftir því, að eitthvað væri gert, þá varð það úr að leggja þessi heimildarlög fyrir þingið. En jeg hefi áður tekið það fram, að jeg myndi þó varla hugsa til, að heimildin yrði notuð í sumar, nema því aðeins, að við nánari athugun þætti tiltækilegt að nota hús, sem landið á nokkuð mikið í og stendur austur í Árnessýslu. Jeg á hjer við sjúkrahúsið á Eyrarbakka, sem landið hefir lagt nokkuð mikið fje í. En Landsbankinn hefir nú tekið það í sínar hendur upp í nál. 20 þús. kr. skuld, sem á því hvíldi. Þessa skuld myndi ríkið verða að yfirtaka, ef til kæmi, og húsameistari ríkisins hefir gert lauslega áætlun um, að það mundi verða hægt að setja húsið í lag fyrir þá upphæð, sem talað er um í frv. Húsameistari er nú erlendis, og eitt af því, sem stjórnin hefir beðið hann um að gera, er að heimsækja nýtísku fangelsi ytra, til þess að geta gefið stjórninni ráðleggingar um það, hvernig slíkri stofnun yrði best fyrir komið. En áður en nokkuð verulegt gerist í þessu máli, geri jeg helst ráð fyrir, að senda þurfi mann til útlanda til þess að sjá og kynna sjer þær bestu fyrirmyndir, sem til eru, og undirbúa betur þetta nýja fyrirkomulag.

Annað nýtt í þessu frv. er það, að gert er ráð fyrir, að koma megi upp vinnustofu í sambandi við þetta fang-

elsi fyrir menn, sem t. d. ekki sjá fyrir börnum sínum, en eru þó vinnufærir. Nú liggur fyrir þessari hv. deild bráðabirgðabreyting á hegningarlögunum, þar sem það er gert hegningarvert að vera slæpingi. Það er óhætt að fullyrða, að slík stofnun myndi ekki aðeins verða til gagns fyrir Reykjavíkurbæ, heldur líka mörg önnur sveitarfjelög á landinu. Hún mundi verða mikils virði, m. a. vegna þess, að menn, sem annars vildu ekki vinna, myndu heldur kjósa það en að verða settir í slíkt hæli.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem er sá maður, sem hefir mesta reynslu allra þingmanna í þessum efnum, hefir látið þá skoðun í ljós, bæði á þingi og endranær, að hann gerði ráð fyrir, að Eyrarbakkaspítalinn yrði hentugur fyrir slæpingjahæli og sjúkradeild, en hinsvegar ekki ósennilegt, að fljótlega yrði hallast að því að hafa hið eiginlega betrunarhús annarsstaðar, og þá nær bænum. Fyrir mitt leyti get jeg vel hallast að því, að þetta kunni að verða niðurstaðan í framtíðinni.

Þetta frv. er aðeins heimildarlög, og jeg tek það fram aftur, að ekki er hugsað til að nota þau, nema því aðeins, að framkvæmanlegt þyki að nota sjúkrahúsið. Reynist það ekki fært, kemur málið aftur fyrir næsta þing, og þá sennilega á öðrum grundvelli en nú.

Magnús Torfason: Jeg stend ekki upp til þess að ræða þetta mál alment, því að allir viðurkenna, að eitthvað verður að gera til þess að bæta um fangavist hjer. En jeg stend upp sakir þess, að hæstv. dómsmrh. nefndi sjúkrahúsið á Eyrarbakka sem fallið til að gera að fangahúsi. Jeg skal nú ekki fara neitt nákvæmlega út í þær sakir, en í sambandi við það, að hæstv. dómsmrh. gat þess, að á húsinu mundi hvíla eitthvað um 20 þús. kr. skuld við Landsbankann, veðrjettur, sem hann hefði í húsinu, vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. dómsmrh. um það, hvort hann myndi ekki verða mjer sammála um það, ef ríkið tæki þetta að sjer, að greiða spítalasjóði Eyrarbakka það, sem var lagt í spítalann. Spítalinn var upphaflega reistur fyrir nær 40 þús. kr., sem safnað hafði verið með samskotum og svo hafði aukist með vöxtum. Jeg hefði nú litið svo á, að það væri eðlilegt, að þessi sjóður eða Eyrarbakkahreppur fengi þetta borgað aftur, til þess að geta komið upp sjúkraskýli á sínum tíma. Þessu vildi jeg gjarnan fá svar við, og jeg tek það líka fram til athugunar fyrir þá nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Magnús Guðmundsson: Jeg tók svo eftir hjá hæstv. ráðh., að Landsbankinn væri nú eigandi þessa húss hjá Eyrarbakka og að hann hefði keypt það á uppboði fyrir um 20 þús. kr. Þess vegna vildi jeg spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort það mundi standa til boða hjá Landsbankanum, að hann ljeti húsið af hendi fyrir þessa upphæð. Mjer er nefnilega ekki ljóst, hvort Landsbankinn hefir fengið fult endurgjald fyrir þá kröfu, sem hann hafði, eða hvort krafan hefir verið hærri. Vildi jeg því spyrja, hvort leitað hefði verið hófanna um það, hvort bankinn ljeti húsið af hendi fyrir þetta verð.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hv. 2. þm. Árn. vildi jeg taka það fram, að jeg geri ráð fyrir, ef úr því verður, að sjúkrahúsið verði notað, þá eigi ríkið eingöngu við núverandi eiganda þess, Landsbankann. Það kemur ríkinu í sjálfu sjer ekkert við, hvað á undan er gengið í sjálfu húsbyggingarmálinu. Jeg geri auk þess ráð fyrir, að nógu margir annmarkar muni þykja á því að nota þetta hús, þótt ekki verði það keypt dýrara verði en eigandinn setur upp.

Jeg viðurkenni fyllilega, að það væri mjög heppilegt að byggja lítið sjúkraskýli á Eyrarbakka, og jeg býst við, að landið hjálpi til þess á sínum tíma. En jeg vil jafnframt taka það fram, að fyrir Eyrarbakka er það sjálfsagt mjög gott, að ríkið taki sjúkrahúsið að sjer. Það er nú sjeð, að hvorki Eyrarbakki nje heldur hjeraðið getur risið undir þessu, því með þeirri ráðstöfun, sem hjer er um að ræða, er sjeð fyrir því, að þetta hús geti orðið Eyrarbakka að nokkru gagni. Þykist jeg vita, að hv. þm. (MT) viðurkenni það, þótt hann vildi auðvitað miklu heldur, að það hefði verið keypt til að nota það sem sjúkraskýli.

Jeg heyrði ekki, hvort það var nokkuð sjerstakt, sem hv. 1. þm. Skagf. beindi til mín, af því að jeg brá mjer frá til þess að vera við umr. í Ed. Vil jeg því biðja þann hv. þm. að endurtaka það, ef eitthvað hefir verið. (**MG:** Jeg spurði um, hvort vitað væri, að Landsbankinn ljeti húsið fyrir þetta verð, því að mjer væri ekki ljóst, hvort hann hefði fengið sína kröfu að fullu goldna með húsinu). Það hefir náttúrlega ekki verið samið við Landsbankann ennþá, en jeg geng út frá því sem gefnu, að húsið fáist fyrir það, sem Landsbankinn hefir keypt það fyrir. Jeg mundi heldur ekki samþykkja að kaupa það, ef það fengist ekki fyrir sama verð.

Magnús Torfason: Jeg vildi aðeins taka það fram, að landsstjórninni kemur það talsvert við, hvernig komið er með þetta hús á Eyrarbakka. Jeg skal fullkomlega játa, að það er vandræðamál, en það er alls ekki svo að skilja, að sýslunefndin eigi ekki nokkra sök á því. Jeg verð að líta svo á, að það sje engu síður hlutverk landsstjórnarinnar að sjá um það, að þetta steinhús standi ekki þarna eins og einhverskonar minnisvarði yfir fyrri stríðsvitleysu, heldur en Eyrbekkinga, sem við þetta mál hafa fengist. Ástæðan til þess er sú, að hjer á þingi voru einu sinni veittar 80 þús. kr. til þess að fullkomna spítalann, en svo, í staðinn fyrir að nota þá peninga til þess, voru 50 þús. kr. af því fje látnar ganga til Íslandsbanka upp í skuld, sem á húsinu hvíldi. Jeg skal nú ekki deila um það, hver eigi sök á þessu. (**MG:** Hvenær var þetta?). Það var fyrir árið 1923, eða að minsta kosti fyrir þingið 1924. Spítalinn hefði ábyggilega komist upp, ef fjeð hefði verið látið ganga til spítalabyggingarinnar.

Þetta kemur því ríkisstjórninni mikið við. Jeg lít svo á, að um spítalasjóð eigi að mínsta kosti að fara svo, að hann missi einskis í, ef byggingin skyldi verða tekin til landsþarfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 259 og 322).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykt.

Eins og frv. ber með sjer, er það heimild fyrir stj. til að verja 100 þús. kr. til að kaupa land og reisa á því betrunarhús og letigarð. Eiga þar að vera góð skilyrði fyrir útivinnu. Sjerstaklega mun stj. hafa í huga að nota spítalann á Eyrarbakka í þessu augnamiði. Hæstv. dómsmrh. hefir skýrt frá, að hægt sje að fá spítalann af Landsbankanum, sem á hann með öllu, fyrir um 20 þús. kr. Yrði spítalanum þá breytt eftir því sem þyrfti, en ekkert er afráðið um þetta enn.

Það er viðurkent, að það er full nauðsyn á að fá nýtt fangahús. Það, sem til er, er of lítið og mjög svo ófullnægjandi. Fangarnir, sem inni eiga að vera, munu jafnvel þurfa að senda umsóknir til þess að komast að. Nefndin álítur, að úr þessum húsnæðisvandræðum þeirra þurfi að bæta, eins og t. d. bæjarfógetinn í Reykjavík og allir, sem hafa afskifti af þessu, eru sammála um.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Minni hl. er sammála meiri hl. um það, að nauðsyn sje á að reisa nýtt betrunarhús. **(SE:** En letigarð?). Jeg kem að því seinna. En það er svo margt, sem þarf að gera hjer á landi, að spurningin er einkum, á hverju eigi að byrja og hvaða röð eigi að hafa á framkvæmdunum. Jeg skal viðurkenna, að betrunarhús verður að reisa áður en á löngu líður. En þetta frv. er enganveginn nægilega undirbúið. Það er heimild fyrir stj. til að verja 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús o. s. frv. En ef slíkt hús á að reisa, svo að í lagi sje, nægja þessar 100 þús. kr. alls ekki. Og ekki heldur, þótt stj. hugsi sjer að taka Eyrarbakkaspítala, auk þess sem það er þá rangt í frv. að tala um að reisa betrunarhús, þegar húsið er reist. Jeg vil minna á alt það, sem ráðgert er að gera á næstunni. Það á að byggja strandferðaskip fyrir 700—800 þús. kr. Nýlega er búið að samþ. heimild fyrir stj. til að koma upp útvarpsstöð, sem ekki kostar minna en ½ miljón. Jeg veit og ekki betur en kaupa þurfi nýtt miðstöðvarborð fyrir landssímann, og eftir því, sem landssímastjóri segir, mun það kosta um ½ miljón. Líka er nauðsynlegt að bæta við símahúsið, og það kostar ekki minna en 200 þús. kr. Svo er betrunarhús og letigarður áætlað í þessu frv. 100 þús. kr., en verður áreiðanlega miklu meira. Þá er landsspítalinn, sem ríkissjóður er með samningi skuldbundinn til að leggja stórfje næstu árin. Þá kemur sundhöllin, og þar er hluti ríkissjóðs 100 þús. kr. Enn mætti margt telja, t. d. framlag til byggingar- og landnámssjóðs, sem eflaust verður samþykt á þessu þingi. Rætt hefir verið um heimavistir við hinn almenna mentaskóla. Heimildarlög eru til um að leggja mikið fje í hafnargerð í Borgarnesi. Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um heimild til að byggja hús undir opinberar skrifstofur. Það mundi kosta um 200 þús. kr. Jeg gæti eflaust fundið margt fleira, ef jeg leitaði vel.

Jeg sje engar líkur til, að öllu þessu verði komið í framkvæmd á næstunni. Því verður að vinsa úr það, sem mest þörfin er fyrir. En þörfin á betrunarhúsi er ekki svo brýn, þótt hún sje mikil, að ekki sje óhætt að bíða, meðan rannsakað er, hvar húsið á að vera og hvað kosta muni að koma því upp. Jeg er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að kostnaðurinn verður margfalt meiri en hjer er ráðgert, ef þessi stofnun á að verða svo góð, sem menn mundu kjósa og sem hún verður að vera. Það versta, sem hægt er að gera í opinberum framkvæmdum, er að vinna allskonar hálfverk, reisa stofnanir, sem altaf þarf að vera að lagfæra, en menn eru þó altaf óánægðir með.

Jeg lít svo á, að tal frumvarpsins um *letigarð* hafi litla þýðingu, og það því fremur, ef samþykt verður frv. það, sem fyrir Alþingi liggur, um að hegna mönnum, sem fyrir leti og slæpingsskap hafa ekki ofan af fyrir sjer. Með því að gera þetta að sjerstökum glæp — og það er síður en svo, að jeg hafi neitt á móti því — er ákveðið, að þessir menn skuli dæmdir til vistar í betrunarhúsi eða fangelsi, svo sem aðrir glæpamenn. — En ef þetta væri ekki gert að sjerstökum glæp og fara ætti að byggja yfir slæpingjana, þá væri þeim vissulega gert of hátt undir höfði. Þeir verðskulda sannarlega eitthvað annað frekar en að ríkið byggi undir þá stórhýsi. Þeir eiga hvergi betur heima en í steininum.

Að því athuguðu, hve margt þarf að gera á næstu árum, sýnast engar líkur til þess, að það tefji framgang málsins, þótt það verði athugað betur og lagt síðan fyrir næsta þing. Eins og á stendur, má það teljast nær óhugsandi hvort sem er, að nokkuð verði farið að gera fyrir þann tíma. Og jeg fyrir mitt leyti vil vita fyrir víst, hvað lagt er út í, áður en hafist er handa. — Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. dómsmrh. finnist sjer ekki sýndur neinn fjandskapur með afstöðu minni hl. allshn. í þessu máli, því að eftir orðum hæstv. forsrh. mega teljast litlar líkur til, að í bygginguna verði ráðist á þessu ári.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer fanst í ræðu hv. frsm. minni hl. ekki gæta nægilegrar tilfinningar fyrir því, hvert ástandið er hjer á landi í þessum efnum. Betrunarhúsið er orðið alt of lítið. Svo má segja, að heilir hópar af dæmdum mönnum leiki lausum hala, af því að þeir komast ekki inn í fangelsið. Fleiri og fleiri koma með læknisvottorð um það, að þeir sjeu sjúkir og þoli ekki að vera í sólarlausum klefum betrunarhússins við Skólavörðustíg. Jeg hefi áður skýrt frá því, að stjórnin hefir gert lítilsháttar tilraun til að einangra suma af þessum mönnum í sjúkrahúsi í Hafnarfirði, undir umsjón bæjarfógetans þar. En það hefir náð til alt of fárra. — Í haust skoraði almennur fundur lögfræðinga, sem haldinn var hjer í bænum, á landsstjórnina að taka þetta mál til skjótrar athugunar. Og einhver reyndasti dómari landsins greiddi frv. atkv. í hv. Ed., enda þótt hann sje íhaldsmaður. Hann sagðist gera það til þess, að sem allra skjótast yrði ráðist í framkvæmdir.

Þörfin á nýju betrunarhúsi væri svo brýn, að málið þyldi enga bið.

Mjer var það strax ljóst, að ef byggja ætti nýtt hús, hlyti það að verða töluvert dýrt, enda þótt að því ráði kunni að verða hallast. En nú stendur svo á, að landið á 50 þús. kr. í húsi austur á Eyrarbakka, sem upphaflega átti að verða spítali, en fróðir menn telja, að aldrei muni verða notað í þeim tilgangi. Nú er það ætlun mín, að athugað verði, hvort ekki megi nota þennan 120 þús. kr. hússkrokk til fangelsis. Jeg get skýrt frá því, að í haust fjekk jeg nokkra menn, bæjarfógetann í Reykjavík, einn af fulltrúum hans, sem töluvert hefir kynt sjer þessi málefni, og húsameistara ríkisins, til að fara austur með mjer og athuga spítalann. Þeim fanst sumt mæla með því að gera hann að betrunarhúsi og annað á móti, og komust að svo stöddu ekki að neinni ákveðinni niðurstöðu. Ennfremur get jeg getið þess, að í morgun hitti jeg að máli húsameistara ríkisins, sem nýkominn er úr utanför. Hafði hann það m. a. að erindi að athuga um 10 betrunarhús í Danmörku frá byggingarlegu sjónarmiði. Jeg hefi ekki enn haft tíma til að tala nákvæmlega við hann um árangur ferðalagsins. En jeg hefi gert ráðstafanir til að láta skoða erlend fangelsi nú í sumar frá fleiri sjónarmiðum.

Jeg get bætt því við, að það er sameiginleg skoðun mín og hv. þm. Seyðf., bæjarfógeta í Reykjavík, að ef það reynist hægt að nota Eyrarbakkaspítala í þessu skyni, þá sje mjög sennilegt, að eftir nokkur ár verði hann aðeins notaður sem slæpingjahæli og e. t. v. sem sjúkradeild, en nær Reykjavík yrði þá reist lítið hús, með vaxtarmöguleikum, fyrir almenna fanga. — Þetta er að vísu aðeins hugmynd okkar, sem vel má vera, að við hverfum frá við nánari rannsókn. En jeg tek þetta fram til að sýna, að jeg er ekki einn um þessar hugmyndir, heldur jafnframt einhver reyndasti dómari landsins, sem manna kunnugastur er ókostum fangelsisins í Reykjavík.

Jeg veit, að hv. frsm. minni hluta hlýtur að skilja, að ekki er til neins að breyta hegningarlögunum þannig, að slæpingsháttur sje gerður að glæp, nema hægt sje að þvinga slæpingjana til vinnu. Það gerði aðeins ilt verra að samþykkja slík lög, meðan ekki er í annað fangahús að venda en það, sem hjer er til. Það verður að fá þessa menn til að vinna, annaðhvort utan fangelsisins eða þar inni, en þá verða þeir líka að vera a. m. k. matvinnungar.

Jeg held, að háttv. 1. þm. Skagf. þurfi ekki að vera hræddur við að samþ. þetta frv. Þörfin er brýn á því, að eitthvað sje gert. Og við komum áreiðanlega ekki á annan ódýrari hátt upp heimili fyrir þessa menn. En jeg get lýst afdráttarlaust yfir því, að þessi heimild mun af núv. stjórn ekki verða notuð til að byggja nýtt fangelsi, ef spítalinn reynist ekki nýtilegur, nema leitað verði til Alþingis áður.

Magnús Torfason: Jeg skal ekki fara út í deilu þá, er hjer hefir orðið milli nefndarhlutanna. Jeg veit, að þörf er á að auka hegningarvistir á Íslandi, og það nægir mjer til að fylgja þessu frv. — En jeg held, að það hafi ekki verið alveg rjett með farið hjá hv. 1. þm. Skagf., að slæp-

ingjum væri gert hærra undir höfði en öðrum þegnum þjóðfjelagsins með því að byggja fyrir þá sjerstakt hús. Jeg hefi aldrei heyrt þess getið, að letigarðslimirnir væru sjerlega mikils metin stjett í neinu þjóðfjelagi, eða að keppikefli þætti að komast í þann samastað. Þvert á móti hefir fólki staðið stuggur af þessum stöðum, og þeir orðið öðrum til viðvörunar.

Ef litið er á ástandið hjer, þá er mjer sagt af skilríkum mönnum, að sumir þeirra, er hjer eiga að taka út refsingar, lifi í vellystingum praktuglega. Þeir eru að nafninu til settir í sjúkrahús, en koma moldfullir heim á hverju kvöldi. Það kalla jeg að gera glæpamönnum hærra undir höfði en öðrum borgurum, að láta þeim haldast þetta uppi.

Hæstv. dómsmrh. sagði hjer við 1. umr., að Eyrarbakkalæknishjerað ætti ekki að standa ver að vígi vegna þess, að þetta hús væri tekið undir fangelsi, ef hjeraðsbúar vildu einhverntíma byggja sjúkrahús við sitt hæfi. Þessi orð hæstv. ráðh. vil jeg undirstrika og lít svo á, sem þau sjeu samþykt af deildinni, ef enginn mælir á móti.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara, sakir þess, að jeg get í raun rjettri gengið inn á nokkuð af röksemdaleiðslu hv. minni hl. — Hjer er ómótmælanlega tilfinnanlegur skortur á betrunarhúsi og mikil nauðsyn, að undinn sje bráður bugur að því að byggja það. Jeg álít, að það borgi sig meira að segja vafalaust frá hagfræðilegu sjónarmiði. Hegningarhúsið hjer er vandað hús, og það er á góðum stað í bænum, og má nota það undir opinberar skrifstofur eða hafa mikið fje upp úr því á einhvern annan hátt. Það er svipað eins og um ýmsar þær byggingar, sem hv. 1. þm. Skagf. nefndi, að það er beinn fjárhagslegur gróði að ráðast í þær, t. d. hús fyrir opinberar skrifstofur. Þótt taka þurfi nokkur lán til að koma á fót slíkum fyrirtækjum, er það ekki lengi að borga sig fjárhagslega, auk óbeins hagnaðar.

Mín hugsjón er sú, að byggja sameiginlega betrunarhús og letigarð á einhverjum afviknum stað, sem helst ætti að vera í nágrenni við Reykjavík. Því álít jeg það algerða bráðabirgðaráðstöfun, ef Eyrarbakkaspítali yrði notaður, enda þótt jeg vilji ekki setja mig á móti því, vegna hinnar brýnu nauðsynjar. En það mun sýna sig, að dýrara verður að reka þessar stofnanir, letigarðinn og betrunarhúsið, sína í hvoru lagi. Enda mun það nú óvíða gert í þeim löndum, sem lengst eru komin í þessum efnum.

Sigurður Eggerz: Jeg stend upp til að lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkv. með hinni rökstuddu dagskrá hv. minni hl. Það hefir ljóslega komið fram í umræðunum, að málið þarfnast betri undirbúnings. Og þótt dagskráin verði samþykt, fæ jeg ekki sjeð, að það geti tafið málið nokkurn hlut. Það er svo margt, sem athuga þarf, að mjer sýnist óhugsandi, að til nokkurra framkvæmda geti komið fyrir næsta þing.

Það er sjálfsagt rjett, að mikil þörf er á nýju hegningarhúsi. En jeg efast um, að hjer sje mjög mikil þörf fyrir

letigarð. Jeg er ekki viss um, að reynslan hafi enn sýnt nokkra slíka þörf, og þá er ástæðulaust að koma með löggjöf um efnið. — Um leið vil jeg geta þess, að í breytingu þeirri á hegningarlöggjöfinni, sem liggur fyrir þessu þingi, fanst mjer gæta of mikillar hörku gagnvart hinum svonefndu letingjum. Þetta eru í mjög mörgum tilfellum annaðhvort sjúkir menn eða úrættaðir, sem þurfa eitthvað annað sjer til hjálpar frekar en ströng hegningarlagaákvæði. — Jeg hefi átt tal um það við borgarstjóra þessa bæjar, hvort oft hafi verið notuð ákvæði þau í fátækralögunum, sem svara til þessara nýju ákvæða, og sagði hann mjer, að það hefði verið gert sársjaldan.

Loks vil jeg segja, að mjer finst hæstv. stjórn vel geta tekið á móti hinni rökstuddu dagskrá frá hv. minni hl., þar sem sýnilegt er, að ekkert getur orðið gert í málinu fyr en betri undirbúningur er fenginn.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg tek undir með hv. þm. Dal. um það, að mjer þykir undarlegt, að hæstv. stjórn skuli ekki vilja taka á móti rökstuddu dagskránni, því að hún er algerlega áreitnislaus í stjórnarinnar garð, eins og framsöguræða mín einnig var. Um það er enginn ágreiningur, að þörf sje á nýju betrunarhúsi. Það viðurkenna allir. En þar með er ekki sagt, að ráðast eigi í byggingu þess án nákvæmrar rannsóknar. Við í minni hl. allshn. höfum það eitt á móti betrunarhúsbyggingunni, að undirbúningur sje ekki nægilegur. Og það er viðurkent af hæstv. dómsmrh. Hann sagði, að rannsaka ætti málið í vor og í sumar. En hvernig á þá að vera búið að gera nokkuð fyrir næsta þing?

Hæstv. ráðh. talaði um, að sjúkir fangar hefðu verið geymdir í sjúkrahúsum, og líkaði það ekki vel. En það mun haft svo víða erlendis, og jeg sje ekki, að annað sje hægt við þá að gera, því að í vinnustofnun geta þeir ekki verið.

Það er að vísu rjett, að fangarnir geta oft ekki komist að þegar í stað, og að umsóknir hafa legið fyrir frá þeim um það. En það er nú svo, að þeir vilja fá að komast að, þegar best hentar þeim sjálfum. Þeir vilja síður vera inni á sumrin, um hábjargræðistímann, eins og þeir segja. En það er mikið vafamál, hvort rjett er að fara nokkuð eftir óskum sakamannanna í þessu efni. Mjer virðist, að um þetta beri aðeins að líta á þarfir og hentugleika þjóðfjelagsins, en ekki þeirra, sem sekir hafa orðið um lögbrot gegn því.

Jeg var á lögfræðingafundi þeim, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, og fór hann rjett með, að þar var mikill áhugi fyrir fangelsismálum. En svo sem jeg sagði áður, eru engar líkur til, að fyrir næsta þing verði hægt að snúa sjer að nokkrum framkvæmdum, þar sem í svo mörg önnur horn er að líta.

Hæstv. dómsmrh. gaf það í skyn í ræðu sinni, að ríkissjóður myndi vinna upp aftur nokkuð af því fje, er hann lagði í Eyrarbakkaspítalann, ef að því ráði væri horfið að stofna þar betrunarhús og letigarð. Mjer þykir þessi orð hæstv. dómsmrh. meira en lítið vafasöm og að hann hafi í raun og veru tekið undir kröfu hv. 2. þm. Árn. Jeg held, að hæstv. dómsmrh. ætti heldur

að halda því fram, að enginn annar en Landsbankinn eigi þetta hús, því ef ríkissjóður á eitthvert tilkall til þess, þá á Árnessýsla það líka með sama rjetti. Nei, slíkri kenningu ætti hæstv. ráðh. ekki að halda fram, enda er það svo, að enginn nema Landsbankinn á þetta hús, þar sem hann hefir keypt það á nauðungaruppboði.

Þá sagðist hæstv. ráðh. ekki búast við því, að þetta yrði nema til bráðabirgða, því síðar væri hugsanlegt, að hentugra þætti að taka þetta hús fyrir spítala handa þeim föngum, er veikjast. Jeg er hræddur um, að hyggilegra sje að rannsaka þetta mál alt betur niður í kjölinn en þegar hefir verið gert, áður en framkvæmdir eru hafnar í því. Og jeg er sannfærður um, að þó frv. verði samþykt nú, þá fer svo mikill tími til að rannsaka þetta mál til hlítar, að framkvæmdir verða ekki hafnar í því fyrir næsta þing. Kæmi þá að því leyti í einn stað, hvort frv. eða dagskrártill. verður samþ. Við þessa rannsókn gæti það og komið í ljós, að breyting og umbætur á Eyrarbakkahúsinu yrðu svo dýrar, að betur þætti borga sig að reisa nýtt hús á hentugum stað að nýju.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að slæpingjarnir ættu að vinna fyrir sjer í fangahúsunum. Þetta er rjett, og frv., sem hjer hefir verið til umr. áður, gerir einmitt ráð fyrir því, að slíkir menn sjeu látnir vinna. En það þarf ekki að stofna neina sjerstaka deild handa þeim, því þeir eru í raun og veru ekki annað en glæpamenn og þarf engan greinarmun á þeim að gera. Ef það á að fara eitthvað sjerstaklega með þá, þá er þeim að óþörfu gert hærra undir höfði en öðrum glæpamönnum, en jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til þess.

Út af ræðu hv. 2. þm. Árn. þarf jeg ekki annað að segja en það, að mjer skilst, að hann vilji vernda rjett Árnesinga til þess að þeir á sínum tíma geti heimtað endurgreiðslu á því, er þeir hafa lagt í þetta hús á Eyrarbakka. Hann sagði ennfremur, að ef engin mótmæli kæmu fram gegn þessari kröfu, þá skoðaði hann það svo, að þá hefðu Árnesingar kröfurjett á hendur ríkissjóði um jafnhátt fjárframlag til nýs spítala og þeir hafa lagt í þennan spítala. Jeg skil það nú vel, að þessi hv. þm. vilji vernda rjett Árnesinga. Það er að vissu leyti eðlilegt. En ef uppfylla skal þessa kröfu, þá fer nú böggull að fylgja skammrifi, og gæti þá þetta hús orðið nokkuð dýrt, áður en lýkur. Hygg jeg, að hæstv. dómsmrh. megi ganga vel frá samningunum gagnvart Árnesingum. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá hygg jeg, að Árnessýsla eigi engan kröfurjett til þessa húss og að bæði sýslan og landið tapi tvímælalaust því fje, er þau höfðu lagt í spítalann. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, að legið hefir fyrir munnlegt tilboð frá Landsbankanum, að hann mundi selja húsið fyrir það verð, er hann gaf fyrir það, en það voru rúmar 20 þús. kr. Jeg vona, að hæstv. dómsmrh. geti við nánari athugun fallist á það, að dagskráin verði samþykt, þar sem lítil líkindi eru til, að tími vinnist til að hefjast handa um þessa framkvæmd fyr en eftir næsta þing.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hv. 2. þm. Árn., sem jeg að vísu heyrði ekki, þar sem jeg var bundinn

við umr. í Ed., en mjer hefir verið sagt efnið úr, vil jeg taka það fram, að jeg er samdóma hv. 1. þm. Skagf. um það, að Árnesingar hafi engan kröfurjett til Eyrarbakkaspítalans. Jeg átti aðeins við það í ræðu minni áðan, að ef húsið væri tekið til notkunar af ríkinu, þá ynnist máske óbeint upp nokkuð af því fje, er ríkissjóður hefir til þess lagt og tapað, að því leyti sem ríkið gæti eignast þarna ódýrara fangelsi heldur en að þurfa að byggja upp að nýju. Jeg tel því, eins og hv. 1. þm. Skagf., að enginn eigi nú neina rjettarkröfu til þess, nema Landsbankinn.

Það er nú sannað, að þarna getur aldrei orðið spítali fyrir hjeraðið, vegna þess hve húsið var bygt óhæfilega stórt. En eins og ríkissjóður leggur nú fram fje til sjúkrahúsa í ýmsum hjeruðum, þá er og sjálfsagt, að Árnesingar fái styrk til sjúkrahúss, þegar þeir fara fram á það og leggja fje á móti, auðvitað án tillits til þess, er þeir hafa áður lagt í Eyrarbakkaspítalann.

Þá skal jeg geta þess, að jeg tel ekki rjett að samþykkja rökstuddu dagskrána, sem fyrir liggur, um að vísa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings fyrir næsta þing. Jeg álít þetta mál svo aðkallandi, að flýta þurfi framkvæmd þess, eftir því sem rannsókn leyfir. Málið hefir nú þegar verið rannsakað nokkuð, en þarf þó enn frekari rannsóknar við, og leiði sú rannsókn það í ljós, að hagfelt sje að byrja þetta verk, þá er ekki rjett að binda framkvæmd þess sumarlangt. Jeg vonast til, að hv. 1. þm. Skagf. rengi ekki umsögn bæjarfógetans hjer í Reykjavík, og viti það enda sjálfur sem fyrv. dómsmrh., að framkvæmd hegningarlaganna er í aumasta ólestri. Greinar, sem birst hafa í dagblaðinu „Vísi“ undanfarna daga og eru eftir guðfræðing einn hjer í bænum, sýna líka, að frá því sjónarmiði, sem þar er lýst, er ástandið, sem nú er, alveg óviðunandi.

Jeg vil bæta við einni röksemd enn, sem styður það mál, að þessari hegningardeild verði komið upp í þessum stað. Einhverjir mestu erfiðleikarnir á að skipa þessu máli vel eru fólgnir í því, hve fámenn þjóð vor er, og að — sem betur fer — fáir eru dæmdir fyrir glæpi. Er því erfitt að ná því marki, sem aðrar þjóðir, t. d. Danir, keppa nú að, en það er að flokka fangana eftir aldri, kyni o. fl., þannig, að það fólk eingöngu sje saman í fangelsi, sem líkt er ástatt um, t. d. unglingar í einni, fullorðnir í annari og forhertir glæpamenn í þeirri þriðju o. s. frv. Það er því margt, sem mælir með því að hafa ekki alla fanga saman á einum stað. T. d. þurfa letingjar að jafnaði ekki sömu aðbúð sem morðingjar og stórþjófar. Að vísu er hjer lítið um morðingja, sem betur fer, en getur þó altaf komið fyrir. Sje þessi skifting höfð í huga, er sennilegt, að skoðun mín og bæjarfógetans hjer í Reykjavík sje rjett, að sje Eyrarbakkaspítalinn lagfærður fyrir hegningarhús, þá muni hann duga um nokkurt árabil, en að síðar megi svo nota hann sem eina deild fangelsa, t. d. sem letigarð og sjúkrahús. — Eins og nú er, þá eru hin mestu vandræði með að geta látið sjúkrafanga taka út hegningu. Svo er það t. d. með berklafanga. Jeg get tekið það sem dæmi, að í fyrradag var berkla-

veikur maður dæmdur í eins árs fangavist. Nú hefir lögfræðingur einn farið fram á það, að hann verði náðaður, og færði fram sem rök fyrir þeirri beiðni, að hann færi hvort sem væri aldrei í „steininn". Aðstaðan er því ekki góð, þar sem aðstandendur mannanna koma og segja þetta með fullum rjetti. Hvað skal gera, þegar ekkert húsnæði er til fyrir þessa menn? Er þá ekki hreinlegast að náða þá? Í raun og veru er hegningarlöggjöf okkar brotin á bak aftur með þessu ástandi. — Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf. er vel kunnugt um þessa erfiðleika, því það mun hafa komið fyrir áður, að berklasjúklingar, sem höfðu læknisvottorð, hafa verið látnir sleppa við refsingu. Og það er ekki hægt að átelja það, því aðstaðan leyfði í raun og veru ekki annað.

Jeg vil segja hv. þm. Dal. það, að hans góða hjarta hefir leitt hann á glapstigu í þessu máli. Hann vill ekki, að slæpingjunum sje hegnt sem hverjum öðrum afbrotamönnum þjóðfjelagsins og finst það bera vott um hörku og tilfinningaleysi, ef svo er gert. En hjer erum við hv. 1. þm. Skagf. á sama máli, og sennilega meiri hluti þingsins. Og jeg get sagt hv. þm. Dal. það, og vil fullyrða það, að þeir menn, sem eiga börn, skilgetin eða óskilgetin, og vilja á engan hátt vinna fyrir þeim, eru viss tegund afbrotamanna. En þessum mönnum, sem þannig hafa brotið við þjóðfjelagið, hefir ekki verið hægt að hegna, vegna þess, að alla aðstöðu til þess hefir vantað. En nú er þingið sammála um það, að þetta sje hegningarvert. Og þessu er einnig fylgt með athygli af hugsandi mönnum víðsvegar um land, og það jafnt íhaldsmönnum sem öðrum. Einn flokksmaður hv. 1. þm. Skagf. sagði t. d. við mig núna rjett fyrir fundinn, að hann ætlaði að greiða atkvæði með dagskránni, af þeirri ástæðu einni, að sjer þætti jeg vera of seinlátur í þessu máli. Hann vildi setja letigarðinn strax á fót. Þetta er því áreiðanlega ekki gert gagnstætt vilja þjóðarinnar, að hrinda þessu máli í framkvæmd. En markmiðið með því og aðalgagnið, sem af því ætti að leiða, er þó ekki það, að hafa þarna fult hús af slæpingjum, heldur hitt, að við svona fangelsi ætti þessum mönnum að fækka.

Það, sem mælir með því að taka Eyrarbakkaspítalann til þessa, er meðal annars það, að kringum kauptúnið er ágætt kartöfluland, og auk þess hefir Landsbankinn lofað að selja jörð, sem liggur að spítalanum og vel er fallin til ræktunar. Þarna má því vinna að kartöflurækt og almennum búskap, a. m. k. til framleiðslu handa föngunum. Á vetrum má svo vinna að smíðum, vefnaði o. fl., og auk þess að vegagerð, sjóvarnargörðum, girðingum, sandgræðslu o. fl. Skilyrði fyrir vinnu eru því ágæt þarna. Hið eina, sem enn þarf fyllri rannsóknar við, er það, hvort það muni borga sig að nota þetta hús, vegna þeirra breytinga, er verður að gera á því.

Jeg vil því biðja hv. þdm. að athuga það, að ef þeir fella dagskrá minni hl., en samþykkja frv., sýna þeir a. m. k. viðleitni til þess að láta fylgja fram lögum landsins.

Magnús Torfason: Jeg verð að játa, að orð hæstv. dómsmrh. fjellu nokkuð

kuldalegar en jeg hafði búist við. Rjett eins og hann hefði orðið fyrir áhrifum af gusti þeim, er stóð af hv. 1. þm. Skagf. til Eyrarbakkaspítalans. En jeg verð að minna hæstv. dómsmrh. á það, — reyndar hjelt jeg, að hæstv. dómsmrh. væri svo minnugur, að þess myndi ekki þurfa —, að Árnesingar eiga í þessu máli nokkra hönk upp í bakið á ríkinu. Það stendur svo af sjer, að ríkið hafði lofað 80 þús. kr. til þess að fullgera spítalann. En af þeirri upphæð voru teknar 50 þús. kr. og látnar í hít Íslandsbanka, án þess til væri ætlast og þvert á móti mínum vilja og tillögum. Ef þessar 50 þús. kr. hefðu verið látnar ganga til spítalans, eins og vera bar, þá væri hann nú kominn upp og fullgerður. Hæstv. dómsmrh. sagði, að spítalinn hefði verið reistur svo stór, að hann hefði orðið hjeraðinu ofviða. Þetta er nú rjett að vissu leyti. Hjeraðið hefði ekki verið þess megnugt að kosta rekstur hans fyrst um sinn. En þess hefði heldur ekki þurft, því það lá fyrir tilboð um það frá St. Josephssystrum að sjá um rekstur spítalans, þegar hann væri kominn upp, hjeraðinu að kostnaðarlausu.

Það er ekki rjett farið með hjá hv. frsm. minni hl. (MG), þar sem hann taldi, að jeg hefði krafist fullrar endurgreiðslu á öllu því fje, er lagt hafði verið fram í spítalann. Jeg sagði aðeins, að sýslan mætti einskis í missa, og ef hún rjeðist að nýju í spítalabyggingu, þá þyrfti hún að fá sitt endurgreitt. En það sjá allir, hver munur væri á að reisa sjúkrahús með 10 rúmum eða þetta, sem átti að hafa 36 rúm. Jeg vænti nú, að þessar upplýsingar hafi dregið kuldann úr svari hæstv. dómsmrh., svo svar hans verði hlýrra næst.

Jeg sje ekki, hvað það getur skaðað, að frv. þetta verði gert að lögum, því það stendur ekki einungis í frv., að stjórnin skuli fá heimild til að reisa betrunarhús og letigarð, heldur líka, að hún skuli láta rannsaka málið, en til þess þarf fje. Er því rjett að samþykkja þetta frv. þegar á þessu þingi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að svo vel vill til, að hv. þm. Dal. á sæti hjer í deildinni, vil jeg beina til hans að svara spurningu hv. 2. þm. Árn. (MT), hvernig stóð á því, að teknar voru 50 þús. kr. úr landssjóði og lagðar í Íslandsbanka, því að þetta mun hafa verið gert í hans stjórnartíð. Jeg er þessu ókunnugur, en býst við, að hv. þm. Dal. geti svarað því. (**MT:** Ríkið verður að borga fyrir axarsköft ráðherranna!). Jeg vildi helst, að ráðherrarnir borguðu það sjálfir, og jeg vil því beina því til hv. þm. Dal., hvort hann geti borgað þetta. Þegar landsspítalinn er kominn upp, þá er jeg þess fullviss, að 8 rúma spítali muni duga á Eyrarbakka. Stykkishólmur er t. d. að undirbúa að koma sjer upp spítala með styrk úr landssjóði. Tel jeg víst, að slíkri styrkbeiðni til sjúkrahúss Árnesinga yrði vel svarað, en það mundi komið undir þáverandi þingi og stjórn, hvort hún ljeti náð ganga fyrir rjetti og vildi bæta þeim það tjón, er þeir urðu fyrir í þessu efni vegna forgöngu manna, sem að byggingunni hafa staðið. En ekki beini jeg þessum orðum til núverandi þm. Árn.

Sigurður Eggerz: Áður en jeg svara

fyrirspurn hæstv. stj., hvernig stóð á þessum 50 þús. kr., verð jeg að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann veiti mjer aðgang að skjölum stjórnarráðsins. En hinu, þó sýslunefndin eða spítalanefndin hafi greitt þessa upphæð á víxil í Íslandsbanka, getur engin stjórn borið ábyrgð á. Jeg tel víst, að upphæðin hafi verið greidd af því skilyrðum fyrir útborguninni hafi verið talið fullnægt. Og svo hygg jeg, að spítalanefndin hafi fengið bráðabirgðalán hjá Íslandsbanka og brúkað þessa peninga til að standa í skilum. Annars er fyrir löngu búið að samþykkja þessa ráðstöfun.

Hæstv. dómsmrh. áleit, að jeg vildi halda einhverri vernd yfir slæpingjum þjóðarinnar. Þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur, en hinu hefi jeg haldið fram, að ákvæði sje um þessa menn í fátækralögunum, og sýnt hafi sig, að þeim hafi verið mjög sjaldan beitt, og því sje engin sjerstök ástæða til harðari hegningar í þessu efni. Aðalreglan fyrir löggjöfinni á að vera sú, að aðallega sjeu gefin lög um þau efni, þar sem nauðsynin, reynslan heimtar lögin.

Jeg hefi enga tröllatrú á því, að hægt sje að ala þjóðina upp með harðri hegningu. Ef hegningarákvæðin í fátækralögunum eru ekki nægileg, þá efast jeg um, að sú hegning, sem hjer er gert ráð fyrir, muni duga að heldur. Það er gert ráð fyrir, að hegningin geti orðið betrunarhúsvinna alt að einu ári. Jeg efast um, að nokkur ástæða sje til þess að byggja hjer letigarð. Þessi krafa um letigarð er alveg ný og er ekki til orðin fyr en hæstv. dómsmrh. kom fram með frv. sitt. Áður hafði engum komið letigarður til hugar. Hæstv. dómsmrh. þurfti ekki annað en tæpa á þessu orði, þá bergmálar frá öllu liðinu: letigarður, letigarður, — eins og það væri það eina, sem hægt væri að gera þjóðinni til bjargar. Það er svo langt frá, að jeg sje hrifinn af þessari letigarðskröfu. Þvert á móti tel jeg alt þetta letigarðshjal þjóðinni til mjög lítils heiðurs eða sóma. En það er alveg rjett hjá hæstv. dómsmrh., að það er þörf á að koma upp betra hegningarhúsi, og það af mannúðarástæðum. En það er ekki þar með sagt, að afgreiða eigi það mál með flýti; það þarf einmitt mjög mikinn undirbúning og rannsókn.

Jeg held, að hæstv. stjórn mætti vel við una og vera mjög þakklát, ef hin rökstudda dagskrá væri samþykt, því að það er sannarlega nóg, sem hvílir á stjórninni, þótt hún losni við þetta mál. Fyrir því vil jeg skora á alla þá menn, sem unna stjórninni af hjarta, að fylgja hinni rökstuddu dagskrá, í stað þess að leggja stjórninni nýjar byrðar á herðar.

Magnús Torfason: Jeg skal ekki taka til þess, þótt háttv. þm. Dal. öfundi hæstv. dómsmrh. af liðsfjölda þeim, sem hann hefir á þingi. (**SE:** Ekki nema af sumu liðinu). En það er um þessar 50 þús. kr. að segja, að þeir menn, sem voru í spítalanefndinni, höfðu sjerstakan áhuga á að borga Íslandsbanka, sökum þess að þeir voru í ábyrgð fyrir þessu fje. Þessu var mótmælt af mjer sem sýslunefndaroddvita, en það er víst, að Íslandsbanka var ekki ókunnugt um

þetta fje, því að hann lagði mikla áherslu á að fá þetta goldið. Hitt nær engri átt, að Íslandsbanki hafi ekki átt að fá sitt, en jeg hefði álitið rjett að ljúka við að byggja spítalann fyrst, og borga síðan Íslandsbanka. En þetta varð alveg öfugt. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. Dal. hefir gefið ávísunina á þetta fje; mig minnir, að hann hafi verið fjarverandi, þegar ávísunin var gefin út, svo að jeg vík þessu ekki sjerstaklega að honum.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það er að sönnu alveg rjett, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það er mikil þörf á að byggja nýtt betrunarhús, en það er ekki þar með sagt, að það eigi að gera að órannsökuðu máli. Það er nú svo, að margt þarf að gera, og þá þarf að vita, á hverju er mest nauðsyn. Álít jeg, að margt annað ætti að sitja fyrir, að minsta kosti ætti ekki að tala um letigarð. Hitt er það, að þótt menn, sem dæmdir eru, komist ekki að í hegningarhúsinu, þá nær það ekki nokkurri átt, að þeir heimti það af því opinbera að fá að taka út hegningu á ákveðnum tíma. **(Dómsmrh. JJ:** Mennirnir þurfa þó að komast að). Já, en þeir geta ekki heimtað það eftir sínum geðþótta að komast að svo þeir geti verið lausir um hábjargræðistímann.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á, að það væri siður erlendis að hafa vissa fanga saman. Hafa t. d. hættulega fanga saman, kvenfólk í öðru lagi og slæpingja alla saman og loks sjúklinga sjer. Þetta er að vissu leyti rjett, en það er dálítið annað fyrir margra miljóna þjóðir en okkur, sem aðeins erum um 100 þús. Við gætum ekki haft svo margar tegundir fangelsa, sem þá þyrfti með fyrir alla þessa flokka. **(Dómsmrh. JJ:** Ef fangarnir vinna allir fyrir sjer). Ef þeir vinna fyrir sjer, segir hæstv. dómsmrh. Heldur hann, að t. d. sjúklingar vinni fyrir sjer? Jeg get sagt hæstv. dómsmrh., að ef ætti að hafa svo mörg smá betrunarhús, þá mundu þær stofnanir aldrei geta borið sig, hversu mikið sem fangarnir ynnu, enda bera hegningarhús sig hvergi í víðri veröld.

Þá eru veiku fangarnir. Hvað á að gera við sjúklingana? Það er hinn veiki punktur hjá öllum þjóðum. Þar er ekkert annað úrræði en að setja þá í sjúkrahús eða gefa þeim upp sakir, því að engin þjóð getur látið sjer sæma að láta þessa menn í betrunarhús, þar sem gera má ráð fyrir, að þeir missi alveg heilsuna. Alveg eins mundi fara, þótt reist yrði nýtt betrunarhús; þessir sjúku menn yrðu aldrei látnir þangað, sem þeir gætu beðið enn meira tjón á heilsu sinni.

Alla glæpamenn má skoða skuldunauta þjóðfjelagsins, vegna þess, að þeir hafa brotið lög þess. Skuld sína við þjóðfjelagið eiga þeir að greiða með fangelsisvist eða betrunarhúsvist. Ef þessir menn eru veikir, eru þeir eins og aðrir, sem ekki geta greitt skuldir sínar. Skuldin verður að falla niður eða getur ekki greiðst í bili. Við þessu er ekkert að gera. Það verður svo að vera.

Letigarð er heimska að reisa einmitt vegna þess, að við erum að gera á þessu þingi slæpingsskapinn að sjerstakri tegund glæpa, og þá eiga slæpingjar heima með öðrum föngum, er vinnuskylda hvílir á.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 259, frá minni hl. allshn., feld með 15:11 atkv.

Frvgr. samþ. með 16:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:8 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 129, 436).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 436. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Brtt. mín er þess efnis að breyta heitinu á vinnustofnun þeirri, sem ráðgert er að koma upp í sambandi við væntanlegt betrunarhús, þannig, að í staðinn fyrir „letigarður" komi: vinnuhæli. Rjettara er, að stofnunin sje kend við tilgang sinn, sem er vinnan, heldur en að henni sje gefið óvirðulegt nafn, sem vekur eingöngu umhugsun um illa fortíð og minnir ekki á góðan tilgang. Orðið „letigarður" er „stúdentaslang" frá Höfn og ætti ekki að komast inn í íslenska löggjöf. Hinsvegar er auðvitað ekkert hægt að gera við því, hvort orðið almenningur vill heldur nota. En Alþingi ætti að stuðla að því að útrýma þessu leiðinlega orði úr málinu og festa annað, sem minnir á uppeldishlið stofnunarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 436,I samþ. með 16:5 atkv.

— 436,II samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:8 atkv. og endursent Ed. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli.

Á 44. fundi í Ed., 10. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 441).

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 463).

---

10. Kynbætur nautgripa.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um kynbætur nautgripa (stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það stendur eins á um þetta frumvarp og hið fyrra (frv. um búfjártryggingar). Það er samið í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands og hlutaðeigandi starfsmenn þess.

Jeg fjölyrði ekki um þá almennu nauðsyn að stuðla að kynbótum búpenings í landinu. Það er viðurkent af skynbærum mönnum, að þær sjeu mikils til of hægfara, þrátt fyrir virðingarverða viðleitni einstakra manna og fjelaga. Er tími til kominn að geta

með löggjöf hjálpað til frekari framkvæmda á þessu sviði.

Fyrir tveimur árum voru hjer á þingi sett lög um kynbætur hesta. Þau hafa borið góðan árangur, jafnvel meiri en við var búist. Framkvæmdir, stofnun kynbótafjelaga, girðingar o. s. frv., hafa orðið meiri þessi 2 ár heldur en mörg ár næstu þar á undan.

Tilgangurinn með þessu frv. er að koma sama skriði á framgang kynbóta á sviði nautgriparæktarinnar.

Jeg legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 122).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv., sem er stjórnarfrumvarp, er í öllum aðalatriðum sniðið eftir lögum um kynbætur hesta, sem samþ. voru á Alþingi 1926. Landbn. hefir athugað frv. og lítur svo á, að ekki sje minni þörf á að kynbæta nautgripi en hross, og því fremur beri að snúa sjer að því, sem líkindi eru til þess, að fljótari og betri árangur náist af kynbótum nautgripa en hrossa, þar sem þessir gripir eru undir daglegu eftirliti og umsjá manna.

Löggjafarvaldið hefir áður sýnt, að það telur vel forsvaranlegt að setja ákvæði og fyrirskipanir um þessi mál. Og með því að landbn. felst á þetta frv. í öllum aðalatriðum, leggur hún til, að það sje samþykt. En hún leyfir sjer jafnframt að koma fram með 3 brtt., sem hún telur rjett, að verði samþ.; þær gera á frv. nokkrar, en þó ekki stórvægilegar breytingar.

1. brtt. er við 2. gr. frv. og er aðeins málsrjetting.

2. brtt. er við 3. gr. frv., en þar eru fyrirmæli um það, hvernig kynbótanefnd eigi að koma fyrir kynbótum innan síns hrepps. Er svo að orði komist, að hún skuli kaupa eða taka á leigu undaneldisgripi, eftir því sem hún hefir heimild til og telur rjett, og verður að skilja svo, að ekki sje hægt að fara fleiri leiðir. En nefndinni virtist 3. möguleikinn vera fyrir hendi og vill nú opna þá leið með þessari brtt. Er þá gert ráð fyrir, að kynbótanefnd geti samið við einstaka menn um, að þeir haldi undaneldisnaut fyrir víst gjald á hverja kú, er þeir sjálfir innheimti eða kynbótanefnd fyrir þeirra hönd. Þetta ætti að verða allmikil fyrirgreiðsla fyrir kynbótanefnd, að komast hjá að taka naut í sínar vörslur og sjá um fóður og hirðing á þeim.

Í þessari sömu brtt. er ný málsgrein, sem nefndin telur nauðsynlegt að setja inn. Hún ræðir um þá hreppsbúa, er búa einangraðir og geta þar af leiðandi ekki notað sama naut handa kúm sínum og aðrir sveitarbændur. Það er alkunna, að sumar jarðir eru svo afskektar, að bændur, sem þar búa, verða að hafa undaneldisgripi fyrir sig. En þar sem frv. kveður svo á, að þann kostnað við kynbótastarfsemina, er fram úr fer 8 kr. á kú, skuli greiða úr sjóði viðkomandi hrepps, þykir landbn. varhugavert að láta þetta ákvæði ná til bænda, er svo er um háttað sem fyr segir. Það

gæti orðið ekki alllítil fúlga, er hreppssjóður yrði þannig að borga, ef honum væri skylt að greiða kostnað við fóðrun nauts, er notað væri aðeins til fárra kúa. Þykir því rjett, að kynbótanefnd hafi leyfi til að undanskilja þá bændur, er ekki geta notað naut í samlögum við aðra.

3. brtt., sem landbn. flytur og er við 7. gr. frv., er í raun og veru aðeins afleiðing af 2. brtt. Ef kynbótanefnd semur við einstaka menn um nautahald, svo sem brtt. við 3. gr. fer fram á að heimilað sje, þá má gera ráð fyrir, að nautaeigendur hafi sjálfir innheimtu á hendi.

Jeg hefi þá skýrt þær breytingar, er landbn. vill gera á þessu frv., og þarf ekki að segja fleira um málið að sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins þakka nefndinni fyrir góða afgreiðslu frv. og skal taka það fram, að jeg hefi ekkert að athuga við brtt. nefndarinnar, en vil þó hinsvegar benda á það, að jeg get búist við, að 2. brtt., við 3. gr., geti orðið til ágreinings. Sem sagt, það geti orðið ágreiningur um það, hverjir geti talist svo afskektir, að undanþiggja beri, o. s. frv. (**JóhJóh:** Það er nægilega skýrt, að kynbótanefnd á að úrskurða það). Það má vera, að svo verði litið á, og það er gott, að þetta atriði skýrist við umr.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg vil fyrir hönd nefndarinnar taka það fram, að fyrir henni vakti, að kynbótanefnd ætti að skera úr öllum vafaatriðum, og þá að sjálfsögðu einnig úr þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 122,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 122,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 122,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 138).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 138).

Á 23. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 287).

Frsm. (Lárus Helgason): Um þetta frv. þarf jeg ekki að segja margt. Það er hvorki langt nje margbrotið. Það er fram komið af fullri þörf, þar sem vitanlegt er, að mikið er ógert af því að bæta nautgriparækt. Þau heimildarlög, sem áður hafa gilt um þetta efni, hafa ekki haft mikil áhrif til þess að ýta undir þetta mál. En það er svo þýðingarmikið, að enda þótt þessi lög hljóti að valda talsverðum erfiðleikum, virtist nefndinni ekki mega horfa í það. Nefndin er þeirrar trúar, að ef frv. þetta verður að lögum, verði mikil bót á þessu sviði. Það er ekki hægt að segja, að frv. valdi mönnum svo mikilla erfiðleika, að ekki sje við það unandi, þar sem undantekning er gerð fyrir þá, sem búa á afskektum stöðum. Yfirleitt sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en vænti þess fyrir hönd nefndarinnar, að því verði vel tekið í hv. deild.

Halldór Stefánsson: Mjer skilst á áliti landbn. um þetta frv., að henni þyki samþ. þess vera örðugleikum og annmörkum bundin. Nefndin fer þó ekkert inn á það, í hverju örðugleikarnir eru fólgnir. Mjer líst, eins og hv. nefnd, að örðugleikar á framkvæmdum nautgripakynbóta á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, sjeu æðimiklir. En jeg álykta út frá þeirri skoðun minni nokkuð á annan veg en nefndin hefir gert. Hún vill samþ. frv., en það vil jeg ekki. Frv. er sniðið eftir lögum um hrossakynbætur. En hjer gegnir nokkuð öðru máli, því að það er miklu erfiðara að fylgja þeim reglum, sem lögin setja um nautgripi, en hross. Auk þess vil jeg benda á það, að svo mikill kostnaður og óþægindi mundu fylgja slíkum reglum, að jeg tel mjög vafasamt, að það vinnist upp með þeim ávinningi, sem jeg skal ekki neita, að gæti fengist. Naut yrðu ekki fóðruð á sumrin nema í girðingu eða húsum. Gömul naut yrðu varla fóðruð nema í húsum, því að girðingar væru ekki tryggar og ekki hættulaus umferð um þá staði, þar sem þau ljeku lausum hala, ef þau slyppu úr girðingu. Vegna þess hve hæpið er að eiga undir að þurfa að sækja naut um langan veg, þá mundi þurfa margar girðingar og það yrði mjög kostnaðarsamt, svo að það nær engri átt, að þær 8 kr., sem gert er ráð fyrir í frv., hrökkvi til kostnaðarins. Vegna kostnaðarins er jeg hræddur um, að menn mundu reyna að hafa nautin sem fæst, en þá gæti hæglega komið fyrir, að kýr mistu fangs, en af því mundi leiða meira tjón en sem nemur þeim ávinningi, sem af lögunum yrði. Það hefir verið í lögum heimild um samþyktir fyrir nautgriparæktarfjelög, en lítið verið notuð. Þó hefir nokkur reynsla fengist um árangur, og hefir komið í ljós, að hann hefir verið mjög seinvirkur. Mjer er sagt, að meðalnyt í nautgriparæktarfjelögum sje 2200 lítrar. Jeg á bágt með að trúa þessu, því að fyrir mörgum árum var talað um, að hún væri þetta sama. Mjer þykir ólíklegt, að engin framför hafi orðið. En til samanburðar skal jeg geta þess, að jeg veit um fjölda bænda, sem eru ekki í nautgriparæktarfjelögum og vildu ekki eiga þær kýr, sem ekki mjólkuðu meira en þetta.

Mjer finst mjög tvísýnt, að þetta beri að setja í lög nú þegar. Jeg veit

ekki til, að bændur úti um land hafi nokkuð rætt um þetta fyrirkomulag sín á milli, og þeir búast alls ekki við lögum eins og þessum. Jeg skal ekkert um segja, að svo geti ekki farið, að menn vilji fallast á þessar tillögur seinna meir, og þá ef til vill eitthvað breyttar. En óneitanlega hefði mjer þótt viðkunnanlegra, að bændur fengju að melta þetta svolítið með sjer, áður en það yrði sett í lög.

Jeg fæ ekki sjeð, að brýna nauðsyn beri til að samþykkja þetta frv. endilega nú á þessu þingi, og með skírskotun til þess, er jeg hefi þegar sagt, vil jeg leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

Þar sem framkvæmd nautgripakynbóta eftir ákvæðum frv. þessa er sýnilega ýmsum annmörkum og erfiðleikum háð og bændur landsins hafa ekki átt kost á að láta uppi álit sitt um efni frumvarpsins, þá þykir deildinni ekki rjett, að frv. verði afgreitt á þessu þingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess af hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að hann geymi dagskrártillögu sína til 3. umr. þessa máls.

Hv. þm. vjek að ýmsu og kom með ýmsar upplýsingar, sem hann gat þó ekkert fullyrt um. Alt það, er hv. þm. var að tæpa á, getur hann fengið fullnaðarupplýsingar um. Það er hægt að fá þær hjá Búnaðarfjelagi Íslands. Jeg vil geta þess, að þetta frv. er borið fram í samráði við Búnaðarfjelagið. Það er samið af Metúsalem Stefánssyni ásamt kynbótaráðunautnum. — Þetta mál hefir og verið rætt mikið og athugað undanfarið, að vísu ekki af bændum alment, heldur á Búnaðarþingi.

Jeg vil því mega mælast til þess, að hv. þm. geymdi dagskrána rökst. að minsta kosti til 3. umr., er við, hann og jeg, höfum sótt frekari upplýsingar í Búnaðarfjelag Íslands.

Frsm. (Lárus Helgason): Mjer finst hv. 1. þm. N.-M. (HStef) líta nokkuð svörtum augum á þetta frv. og erfiðleikana, sem jeg skal játa, að eru talsverðir í sambandi við framkvæmd þeirra ákvæða, er það setur. Hv. þm. mintist á, að miklar girðingar þyrfti fyrir nautin til þess að þau væru í fullri vörslu. Jeg er þeirrar skoðunar, að slíkt sleifarlag hafi til þessa átt sjer stað hvað það snertir, að tími sje til kominn að bæta úr því, þótt það kunni að kosta nokkurt fje. Sömuleiðis bjóst hv. þm. við, að margfalda þyrfti þann 8 króna skatt, sem gert er ráð fyrir í frv., að greiða skuli á hverja kú. Jeg er ekki á þeirri skoðun, og það því síður, sem gert er ráð fyrir í frv., að sveitarfjelagið komi til, ef þessar 8 kr. nægja ekki. Þá er að vísu gengið út frá því, að þetta mál sje þess virði, að það borgi sig fyrir sveitarfjelagið í heild að ljetta undir með einstaklingunum um þann kostnað, er af því kann að leiða.

Hv. þm. dró í efa eftir upplýsingum um nautgriparæktarfjelögin, að starfsemi þeirra hefði borið svo mikinn árangur, sem menn hefðu vænst. Um þetta er mjer að vísu ókunnugt, en býsna ótrúlegt þykir mjer það. Við vitum það allir, að það er misjafnt með einstaka gripi, hversu mikið afurðamagn þeirra er. Og þá væri stórt

spor stigið, ef það tækist á nokkrum tíma að bæta kúakynið svo, að lökustu kýrnar væru ekki verri en þær betri nú.

Eins og jeg tók fram áðan, þá eru erfiðleikarnir ekki svo gífurlegir sem af er látið. Í 2. málsgr. 3. gr. frv. er tekið fram, að þeir, sem búa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, skuli vera undanþegnir því að vera háðir þessum lögum. Jeg tel víst, að þetta ákvæði megi nota nokkuð víða.

Jeg fæ ekki betur sjeð en full þörf sje á að rumska eitthvað við því framkvæmdaleysi, sem ríkt hefir og ríkir á þessu sviði búnaðarmálanna. Jeg vænti þess því, að hv. 1. þm. N.-M. verði við tilmælum hæstv. forsrh. að geyma dagskrártill. til 3. umr. og að hv. deild fallist þá ekki á hans rökst. dagskrá, heldur á frv.

Hákon Kristófersson: Jeg get tekið undir það með hv. frsm. (LH), að tilgangurinn með þessu frv. er sjálfsagt góður, en jeg sje ekki, að þeim góða tilgangi verði náð með frv. eins og það er úr garði gert. Mjer virðist sem sje engin trygging fyrir því, að ekki verði notuð til undaneldis hvaða kálfótugt sem vera skal. Að þessu leyti er frv. ólíkt lögunum um kynbætur hesta. Kynbótanefnd þarf að hafa heimild til að ákveða, hvaða gripir skuli notaðir til undaneldis. Meðan slík heimild er ekki í lögum, koma þau að litlu eða helst engu haldi.

Í því bygðarlagi, þar sem stofnað væri til kynbótastarfsemi eftir fyrirmælum frv., er líklegast, að nokkrir menn gengju í fjelagsskap í því skyni, en aðrir bændur hirtu ekki um að notfæra sjer það hagræði, er þeim mætti hlotnast af þessu að mínu áliti nauðsynlega máli. Þar af leiðandi mundu tekjur reynast miklu minni en hugsað er með frv. að ná upp í fóður- og hirðingarkostnað af kynbótanauti.

Þar, sem jeg þekki til, hefir mikið gott leitt af slíkri starfsemi sem þeirri, er löggjöfinni er hjer ætlað að hrinda af stað og styðja. En ef vilji manna er ekki almennur, þá er lítil von til, að frv. bæti úr ágöllum, sem nú eru á ástandinu.

Jeg vildi mega skjóta því til hv. nefndar, hvort hún telji ekki hæfilegt að athuga frv. til 3. umr. viðkomandi þeim atriðum, sem jeg hefi nú bent á. Mjer hefir hugsast, að eftir 1. málsgr. 3. gr. mætti koma ákvæði eitthvað svipað þessu: og er öllum óheimilt að nota önnur naut en þau, er kynbótanefnd hefir gefið samþykki sitt til að nota mætti. Ef einhver tryggingarákvæði sem þessi vantar í frv., þá verður tilgangi þessarar löggjafar tæplega náð, eins og jeg hefi þegar bent á. Jeg er sammála hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að 8 kr. gjaldið er helst til lágt, og sjerstaklega mun það reynast svo, ef samlagsmenn um kynbæturnar eru fáir. Þetta vil jeg biðja hv. nefnd að athuga til næstu umr., því að það er sýnilegt, að það vantar í frv. ákvæði í þá átt, er jeg hefi bent til.

Halldór Stefánsson: Hæstv. atvmrh. (TrÞ) beindi þeim tilmælum til mín, að jeg tæki dagskrá mína aftur til 3. umr. Jeg er fús til að gera það, því að mjer er ekkert kappsmál, að hún komi til atkvæða nú frekar en seinna. Jeg hefi ekkert á móti, að málið fái sem besta athugun og leitað

sje frekari upplýsinga, áður en gengið er til fullnaðar atkvæðagreiðslu um dagskrána. Af því leiðir, að jeg sje ekki ástæðu til þess að tala um andmæli þau, er komu frá hæstv. atvmrh. og hv. frsm. landbn. (LH). Bæði voru þau lítil, og svo mun veitast nægur tími til þess við 3. umr., ef þá þykir ástæða til.

Frsm. (Lárus Helgason): Hv. þm. Barð. (HK) vildi halda því fram, að þetta frv. kæmi ekki að notum, vegna þess að í það vantaði nægilega trygg ákvæði. Jeg get ekki skilið, að það sje rjett. Í 3. gr. segir svo: „Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum". Og í 5. gr.: „Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu". Þetta virðist mjer nægilegt til þess að tryggja, að ekki sje til mikið af nautum nema af góðu kyni. Öll önnur naut skulu gelt. Ef þessi ákvæði reynast í framkvæmd ekki nógu trygg, þá er um vanrækslu af hendi kynbótanefndar að ræða. **(HK:** Í þessum ákvæðum felst ekkert bann gegn því að nota önnur naut en valin eru af kynbótanefnd). Það er skýrt tekið fram, hvað kynbótanefnd á að gera: velja naut til undaneldis og sjá til, að önnur sjeu gelt.

Hákon Kristófersson: Út af ummælum háttv. frsm. (LH), að nægar tryggingar væri að finna í ákvæðum 3. og 5. gr. frv., verð jeg að taka það fram, að í þeim eru ekki fólgnar neinar tryggingar. Þar er ekkert sagt um það, að mjer sje ekki heimilt að ala hvaða ótugtarnaut að kyni til, sem mjer sýnist, og nota hvort heldur fyrir kýr mínar eða annara. Það stendur alls ekkert um það í gr., þótt kynbótanefnd hafi sjeð til þess, sem henni er þar heimilað að gera ráðstafanir um, að þá sje mjer eða öðrum óheimilt að hafa þau naut til undaneldis, sem okkur gott þykir. Þau mega bara ekki ganga á öðrum. Það má hver sem vill ala upp naut til sjálfsafnota og láns handa öðrum, hvað sem kynbótanefnd segir. Þótt svo sje ákveðið í 5. gr., að öll naut önnur en þau, er kynbótanefnd ætlar til undaneldis, skuli gelt eða höfð í öruggri vörslu, ef eldri eru en 8 mánaða, þá afsannar það alls ekki það, sem jeg hefi bent á. Vilji jeg ala naut, er mjer það heimilt, aðeins skylt að sjá til, að það leiki ekki lausum hala.

Jeg get ekki gert að því, þótt hv. frsm. vilji ekki viðurkenna þetta. Það er jafnrjett fyrir því.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N.-M. tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

8.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 138, 323).

Hákon Kristófersson: Jeg flyt tvær

brtt. á þskj. 323. Hin fyrri er við 3. gr. og fer í þá átt, sem jeg mintist á við 2. umr., að mjer þætti vanta í frv. Hún er svo ljós, að jeg þarf ekki að gera langa grein fyrir henni, enda held jeg, að menn hafi skilið við 2. umr., hvað fyrir mjer vakir. Með samþykt tillögunnar vil jeg koma í veg fyrir, að þeir erfiðleikar verði á kynbótastarfseminni, sem jeg þá nefndi. Jeg vænti, að hv. deild sjái, að það er síður en svo, að brtt. mín valdi nokkrum óþægindum á framkvæmd þessa máls, heldur er hún áreiðanlega til bóta.

Síðari brtt. er við 7. gr., þess efnis, að hækka það framlag, sem gert er ráð fyrir í frv., úr 8 kr. upp í 10 kr. Jeg lít svo á, að þetta mál sje þess eðlis, að það komi frekar við einstaklingum en hreppsfjelögum, þótt segja megi, að afurðirnar heyri hreppsfjelögunum til. En þetta ætti að vera sveitarsjóðum óviðkomandi, enda munu það vera einstakir menn innan bygðarlaganna, sem njóta hagnaðarins, — og hví skyldu þeir þá ekki bera hinar fjárhagslegu byrðar? Það er síður en svo, að ekki sje í hóf stilt, þó að upphæðin sje hækkuð upp í 10 krónur. Þó að jeg telji þessa tillögu vera til bóta, mun jeg samt ekki leggja eins mikla áherslu á hana og fyrri tillögu mína. Fyrri tillagan á að tryggja það, að menn geti ekki gert neitt, sem sje kynbótastarfseminni beint til tjóns, en það tel jeg vera hægt að gera með frv. eins og það liggur nú fyrir. Verði frv. samþykt eins og það liggur nú fyrir, tel jeg það einskis virði. Aftur á móti ef brtt. mín á þskj. 323 verður samþ., tel jeg frv. nokkurs virði.

Halldór Stefánsson: Jeg bar fram dagskrá við 2. umr. þessa máls, sem jeg tók aftur samkvæmt tilmælum hæstv. atvmrh., til þess að menn ættu frekar kost á að átta sig á málinu til 3. umr. Jeg sýndi fram á, að ólíku er saman að jafna, þar sem eru kynbætur hrossa og nauta, að því leyti að erfiðara er að framkvæma kynbætur nauta með sama skipulagi. Í öðru lagi benti jeg á, að kostnaðurinn væri mikill og miklu meiri en svo, að sú upphæð, sem tiltekin er í frv., muni hrökkva. Hv. þm. Barð. (HK) hefir nú borið fram tillögu um að hækka þessa upphæð, en ekki nærri nógu mikið. Í þriðja lagi benti jeg á, í hverju kostnaðurinn væri aðallega fólginn: Annaðhvort þyrftu menn að koma sjer upp mörgum og rambygðum girðingum, eða að öðrum kosti að ala nautin í húsum á sumrin. Jeg gat þess einnig, að af samþ. frv. gæti leitt beint tjón, þar sem menn vegna kostnaðarins yrðu að hafa nautin sem fæst, en það gæti aftur orðið orsök að því, að bændur mistu þann tíma á kúm sínum, sem væri þeim hentugastur.

Mjer virðist árangur kynbótanna í nautgriparæktarfjelögunum hafa verið æðiseinvirkur. Jeg man, að fyrir að minsta kosti 10 árum var sagt á bændanámsskeiði í fyrirlestri um þetta efni, að meðalnytin í nautgripakynbótafjelögunum væri 2200 lítrar, en nú er mjer sagt, að hún sje 2230 lítrar. Þetta er lítill árangur, svo lítill, að ekki er vert að vera að stofna til mikils óhagræðis vegna hans. En í lögum er nú þegar heimild fyrir menn til að stofna af frjálsum vilja til kynbótastarfsemi. Hún hefir eitthvað verið notuð, og þar sem til eru heimildar-

lög, sem menn geta notað, ætti engin þörf að vera á því að lögskylda þetta nú þegar, fyrirvaralaust. Það er í alla staði eðlilegra, að bændum sje gefið tækifæri að athuga það fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á. Jeg leyfi mjer því enn á ný að afhenda hæstv. forseta svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Þar sem framkvæmd nautgripakynbóta eftir ákvæðum þessa frv. er sýnilega ýmsum annmörkum og erfiðleikum háð og bændur landsins hafa ekki átt kost á að láta uppi álit sitt um efni frv., þá þykir deildinni ekki rjett, að frv. verði afgreitt á þessu þingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Frsm. (Lárus Helgason): Jeg ætla að segja fáein orð fyrir hönd landbn. um brtt. hv. þm. Barð. (HK) á þskj. 323. Nefndin hefir tekið hana til athugunar, en ekki getað fallist á, að hún sje til bóta. Eins og jeg tók fram við 2. umr., er ekki hægt að sjá annað en að fulltrygt sje það, sem í frv. stendur um það, sem tillagan á við. Nefndin getur ekki betur sjeð en að ef brtt. væri samþ., yrði það jafnvel frekar til þess að kreppa að þessu máli en greiða fyrir því. Þó að einhverjir kynnu að komast undan því að nota kynbótanautin, yrðu þeir aldrei margir. Kostnaðurinn virðist nefndinni vera nógur 8 krónur á hverja kú. Ef það nægir ekki, á sveitarsjóður að taka við. En það atriði gerir nefndin ekki að neinu kappsmáli.

Um dagskrá hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) skal jeg geta þess, að eins og jeg ljet í ljós við 2. umr., hefir nefndin ekki getað fallist á hana. Hún væntir þess, að frv. nái fram að ganga eins og það liggur nú fyrir. Hv. 1. þm. N.-M. virðist gera alt of mikið úr kostnaðinum við girðingar o. s. frv. En vitaskuld getur þetta mál ekki náð fram að ganga, nema eitthvað sje lagt í sölurnar. Hjer er til mikils að vinna, svo að ekki dugir að horfa í smákostnað. Enda ætti hann innan fárra ára að borga sig. Sem sagt væntir nefndin þess, að hv. deild samþ. frv. óbreytt.

Hákon Kristófersson: Jeg mun ekki gera þetta deiluatriði að kappsmáli frá minni hálfu. Jeg get ekki gert að því, þótt hv. landbn. líti öðrum augum á það en jeg. Hún um sína skoðun. En jeg vil aðeins leyfa mjer að skjóta því undir dóm háttv. þingdeildarmanna, sem sennilega lesa frv. — en það verð jeg að freistast til að halda, að háttv. landbn. hafi ekki gert —, hvort nokkur þau ákvæði felist í frv., sem jeg legg til í brtt. á þskj. 323, að bætt sje inn í það og jeg verð að álíta ómissandi tryggingarráðstafanir. Í 5. gr. frv. vísar háttv. frsm. (LH). En þar er ekkert bann við því að nota þá undaneldisgripi, sem manni sýnist, svo fremi þeir ekki geri öðrum skaða. Pjetur eða Páll má hafa til notkunar hvaða óskapnað, sem hægt er að fá í nautslíki; ef hann álítur það nóg, þá hann um það. Í 3. gr. frv. segir, að kynbótanefnd skuli tilkynna hreppsbúum ráðstafanir sínar. En ekki er bannað hverjum, sem vill fara utan hjá, að hafa þær ráðstafanir að engu.

Jeg hefi gert mitt til að ráða bót á

þessu. Það er opinn vegur að heimila nautahald, einungis ef kynbótanefnd samþykkir. Háttv. landbn. hyggur sig hafa sett sig inn í málið, en leggur þó til að samþykkja einskisverða löggjöf um það. En einskisvert kalla jeg þetta frv., ef það á fram að ganga án einhverra líkra ákvæða og brtt. mínar fela í sjer.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer þykir leitt, að háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir við nánari athugun komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að halda fast við dagskrártill. sína. Því miður heyrði jeg ekki, hvað hann færði því til stuðnings. En jeg vil minna á út af þeirri atkvgr., er nú fer í hönd um það, hvort vísa skuli frá þessu máli eða ekki, að það er þegar vel undirbúið og kemur frá rjettum aðilja, sem er Búnaðarfjelag Íslands. Og það ætti ekki síst að hvetja til löggjafar sem þessarar, að hliðstæð lög um kynbætur hrossa hafa verið sett fyrir skömmu og borið mikinn og góðan árangur um land alt.

Háttv. þm. (HStef) sagði seinunnar kynbætur á nautgripum og nefndi til dæmi. En reynsla annara þjóða í þessu efni er sú, að þær sjeu öruggar, ef rjett er að farið. Og nythæð og afurðamagn má hækka um 25—50%. Í fótspor þeirra eigum við að feta með aðstoð þess opinbera. Með þeim leiðbeiningum, sem til þarf, fáum við þessu framgengt. Að við höfum ekki náð eins langt og aðrar þjóðir, er meðal annars því að kenna, að ekki hefir verið að því unnið með eins myndarlegum ráðstöfunum.

Háttv. þm. (HStef) hjelt því fram, að það væri heldur snemt ennþá að setja þessi lög, en var ekki frá því, að seinna gæti það komið til mála. Jeg skal ekki um það deila. Jeg hefi með mjer þá, er að þessum málum hafa starfað og mesta þekkingu hafa á þessu sviði.

Um brtt. á þskj. 323 get jeg sagt það, að hún spillir ekki til, og hefi jeg ekkert við að athuga, að hún verði samþykt.

Halldór Stefánsson: Háttv. frsm. (LH) og hæstv. atvmrh. (TrÞ) geta ekki fallist á rjettmæti dagskrártill. minnar og þykir til svo mikils að vinna, eins og háttv. frsm. orðaði það, að ekki megi fresta þessari löggjöf. Og á líkan hátt fjellu orð hæstv. atvmrh.

Jeg hefi vikið að því áður, hver árangur hefir orðið af þessari starfsemi hjá nautgriparæktarfjelögunum. Og þótt jeg neiti því ekki, að hann kunni einhver að vera, þá er hann afarlítill á svo löngum tíma, sem um er að gera. Hitt er jafnvíst, að bændur margir hverjir vinna að þessum árangri hver fyrir sig og komast lengra en þessi fjelagsskapur. Þetta, um lítinn árangur kynbótastarfseminnar, stafar af þeim örðugleikum, sem eru á því að halda uppi og starfrækja slíkan fjelagsskap hjer í strjálbýlinu.

Jeg hefi ekkert sagt um það, að jeg kynni ekki að fallast á slík lög sem þessi síðar meir, er jeg teldi þau nægilega og rjettilega undirbúin. Hæstv. atvmrh. heldur því fram, að málið sje komið frá rjettum aðiljum, með því að frv. er samið af 2 ráðunautum Búnaðarfjelags Íslands. Jeg get ekki

talið, að svo sje. Þeir rjettu aðiljar þessa máls eru bændur landsins. Jeg álít, að áður en til samþyktar slíkrar löggjafar komi, þurfi að fá álit þeirra á því fyrirkomulagi, sem á að lögleiða.

Jeg get vel trúað, að vel sje um hnútana búið á grundvelli frv. En það er þetta, sem fyrir mjer vakir, að jeg sje ekkert, sem rekur á eftir að samþykkja þetta frv. nú, áður en bændur hafa átt kost á að kynna sjer grundvöll þess og láta uppi sitt álit og sínar óskir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) ætti að koma í fjósið á Hvanneyri og sjá hið skínandi fallega kúakyn, sem þar er upp komið á tiltölulega mjög skömmum tíma fyrir skynsamlegar kynbætur. Eða þá nautgripastofn Blikastaðabóndans, sem er á sama hátt til kominn og ber langt af því, sem íslenskir bændur eiga að venjast. Á þessum tveim stöðum er árangurinn af kynbótum sýnilegur, og hann er: hækkuð ársnyt kúnna um mörg hundruð lítra. Þetta getur og tekist annarsstaðar. Það er staðreynd, að hægt er að hækka meðalkýrnytina, og má öllum vera ljóst, hvílíkur hagur bændum gæti orðið að því. Það er meiningin með þessu frv. að setja þá löggjöf, er setji skrið á kynbætur nautgripa og stuðli að því, að fljótum og góðum árangri verði náð.

Gunnar Sigurðsson: Það mætti virðast sem þetta mál væri smámál. En svo er þó ekki. Þetta er stórmál, stærra en margan grunar. Þess vegna er það, að jeg — með allri virðingu fyrir bændum þessa lands — efast um, að þeir sjeu sá rjetti aðili um framkomu þess. Og það er af því, að mjer er kunnugt um, að margir bændur halda stór kúabú í sveitum og hafa þó til þessa ekkert hugsað um kynbætur á nautgripastofni sínum. Þannig er tómlæti bænda á þessu sviði. Jeg veit það, að kynbætur á kúm eru langmerkustu nauðsynjamál bænda og borga sig betur en kynbætur á nokkrum öðrum skepnum.

Hæstv. atvmrh. (TrÞ) tilnefndi tvö kúabú, sem hafa bætt og umskapað kúakyn sitt. En jeg get nefnt þriðja dæmið. Það er af bændum í Þykkvabæ eystra. Þeir höfðu þá aðstöðu fyrir þjettbýlis sakir að geta á skömmum tíma og með hægu móti bætt kúakyn sitt að stórum mun. Enda eru kýr þeirra nú taldar með allra bestu kúm í Rangárvallasýslu. Það hafði þau áhrif, að þeir hafa nú mun betri aðstöðu með sölu á nautgripum en áður fyr; auk þess sem afurðir kúnna voru meiri en gerðist áður.

Jeg vil undirstrika það, að það borgar sig áreiðanlega að hafa þessa kynbótastarfsemi í sem allra bestu lagi. Tel jeg hjer rjett af stað farið, þótt breyta megi til, eftir því sem reynslan kennir, að betur fari. Í fjeð, sem til þess fer, er ekki horfandi. Það kemur margfalt aftur.

Sveinn Ólafsson: Jeg veit ekki til, að nokkursstaðar sje dregið í efa, að kynbætur nautgripa hafi þýðingu fyrir landbúnaðinn. Jeg veit, að það er alment viðurkent þar, sem jeg er kunnugur, og viðleitni í þá átt er almenn, jafnvel á þeim stöðum, þar sem enginn opinber fjelagsskapur hefir

nokkru sinni verið starfandi í því skyni.

Það er því ekki af því, að jeg hafi á móti slíkri starfsemi, að jeg greiði atkvæði með rökst. dagskrá háttv. 1. þm. N.-M. (HStef). Jeg vil láta bændur frjálsa í þessu efni. Sumstaðar er svo ástatt, að þetta lögbundna fyrirkomulag mundi aðeins verða til trafala og erfiðisauka. Tel jeg varhugavert að lögleiða það skipulag, sem getur bakað mörgum einstaklingum óþægindi, en enga tryggingu gefur um betri árangur en fæst án opinberra ráðstafana. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara frekar út í efni þessa máls. Vildi jeg aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna jeg greiði dagskrártill. atkvæði. Tel jeg frv. óþarft að svo komnu.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg stend upp vegna fyrri brtt. á þskj. 323. Að vísu getur leikið nokkur vafi á, hvort sú brtt. sje nauðsynleg. En þó verð jeg að telja vissara og skýrara, að sú breyting komist að, er þar er farið fram á, til þess að taka af öll tvímæli. En mjer líkar ekki orðalag brtt. Tvær litlar setningar eru þar óþarfar og frekar til lýta og til þess að gera rugling. Sú fyrri er orðin: „hvort heldur fyrir sjálfa sig eða aðra". Þetta er óþarft. Sömuleiðis niðurlag till.: „nema samþykki hennar komi til".

Jeg legg til, að hvorttveggja verði felt burt og brtt. hljóði svo: og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, er til þess hafa verið valin af kynbótanefnd. Vonast jeg til, að háttv. flm. till. (HK) sjái, að þetta raskar ekki efni hennar, og geti því fallist á að breyta henni svo. Er hún á þennan hátt gleggri og nær til fulls því, sem til er ætlast.

Leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. í þessa átt og óska eftir, að hún fái að koma til atkvæða.

Forseti (BSv): Fram er komin brtt. frá háttv. þm. S.-Þ. (IngB) við brtt. á þskj. 323. Er hún skrifleg; þarf því afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 344) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Út af tali hæstv. atvmrh. (TrÞ) um árangur kynbóta á stórbúum þeim, er hann tilnefndi, vil jeg geta þess, að þar er ólíku saman að jafna við strjálbýlið í sveitunum. Stórbændur, sem hafa svo stór bú, að þeir geta haft sjerstakt naut handa kúm sínum, eiga ólíkt auðveldari aðstöðu en smábændur, sem eiga fáar kýr hver og búa dreifðir og afskektir. Í þjettbýlinu er það aftur á móti miklu auðveldara að koma við skipulagsbundnum kynbótum. Við þurfum aldrei að gera okkur vonir um eins mikinn árangur í strjálbýlinu úti um sveitir landsins. Þá er og fleira, sem stuðlar að því, hve nythár kýr reynast á þessum stórbúum, svo sem t. d. haganlegt fóður, óvenjulega góð húsvist o. fl.

Aðalágreiningurinn milli mín annarsvegar og hæstv. atvmrh. og háttv. landbn. hinsvegar er um það, hvort rjett sje að afgreiða þetta mál án þess

að leita álits viðkomenda, þ. e. bænda, sem eiga að því að búa í framtíðinni.

Frsm. (Lárus Helgason): Hv. þm. Barð. (HK) endaði ræðu sína með því að segja, að þetta frv. yrði ónýt lög, ef brtt. sínar kæmust ekki að. Þykir mjer hann taka nokkuð mikið upp í sig þar. Hann getur auðvitað sagt, að sjer sýnist svo. En landbn. sýnist brtt. hans óþarfar.

Þá vil jeg svara háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) fáum orðum, þótt hæstv. atvmrh. (TrÞ) hafi tekið fram nokkurnveginn það, er jeg vildi sagt hafa. Hv. þm. (HStef) var að tala um árangur af kynbótum nautgripa samkvæmt heimildarlögunum gömlu, og kvaðst vita til þess, að hann væri næsta lítill. Um það má deila. Jeg get eins sagt, að hann sje mikill. Kynbótafjelag hefir starfað 15—20 ár í mínu kjördæmi, Mýrdal, og kunnugra manna dómur er sá, að kúakyn hafi mjög batnað á þeim slóðum þessi ár. En það er satt, að þessi heimildarlög eru helst til þung í vöfum og hafa ekki komið að fullum notum nema á fáum stöðum.

Eins og hæstv. atvmrh. hefir þegar tekið fram, er ekki hægt að segja annað en það, að þetta mál er komið frá rjettum aðilja, Búnaðarfjelagi Íslands. Um hitt má lengi deila, hvenær það sje nægilega undirbúið. Ef bíða á þangað til allir bændur í landinu hafa verið spurðir álits, mundi það tefja framgang málsins meira en góðu hófi gegndi. Tel jeg það ekki rjetta leið.

Það er vitanlegt, að við bændur erum alt of daufir til framkvæmda, sem við þó jafnvel vitum að eru nauðsynlegar og arðvænlegar. Jeg sje því ekkert á móti því, að við fáum dálítið aðhald, til þess að koma því í verk, sem horfir okkur til heilla. Þótt það kosti fje og fyrirhöfn, er ekki í það horfandi.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tók í sama streng og háttv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hann vill láta bændur ráða sjálfa um framkvæmdir í þessu, hvern fyrir sig. Telur sig því fylgjandi hinni rökstuddu dagskrá og vill ekkert láta aðhafast í málinu.

Það má benda á, að heimildarlögin hafa svo lítið verið notuð, að árangurinn er ekki að marka. Áhugi manna þarf að skerpast fyrir þessu nauðsynjamáli, og hann gerir það best með því, að bændur fái það aðhald, sem í þessu frv. felst, verði það að lögum.

Um brtt. háttv. þm. S.-Þ. (IngB) er það að segja, að jeg get frekar fallist á hana en brtt. háttv. þm. Barð. (HK) eins og hún kemur fyrir. Jeg veit að vísu ekki, hvað landbn. í heild sinni hefði sagt, ef hún hefði um hana fjallað. En mín vegna má brtt. gjarnan ná fram að ganga, þó að jeg telji hana ekki nauðsynlega.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N.-M. feld með 17 : 7 atkv.

Brtt. 344 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 323,1 sjálffallin.

— 323,2 feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, HStef, HG, HK, JAJ, MJ, TrÞ, BSv.

nei: ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ, HjV, IngB, JJós, JS, JörB, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ.

Tveir þm. (JÓl, ÓTh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 : 4 atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Ed., 1. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 345).

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta er komið hingað aftur frá Nd. Hefir það ekki tekið neinum efnisbreytingum þar, og sjer landbn. því ekki ástæðu til neinna athugasemda við það, heldur leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478)

---

11. Búfjártryggingar.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um búfjártryggingar (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil mega gera ráð fyrir, að þetta mál geti á sínum tíma orðið mjög þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn. Það hefir áður verið til umræðu tvívegis á Búnaðarþingi, hið fyrra sinn 1925, og hafði þá fengið undirbúning af Theodór Arnbjarnarsyni ráðunaut, og fjekk þar nokkra afgreiðslu og alment fylgi, að það næði fram að ganga. Eins og frv. liggur nú fyrir er það samið í samráði við hlutaðeigandi starfsmenn Búnaðarfjelags Íslands.

Á Búnaðarþingi var meðal annars vakin athygli á því, að safna þyrfti ýmsum gögnum, t. d. um vanhöld á búpeningi, til þess að reikna út iðgjöld o. s. frv., áður en hafist yrði handa. Einn ráðunauta Búnaðarfjelagsins tók sig því til og skrifaði öllum hreppstjórum á landinu og leitaði upplýsinga hjá þeim í þessu efni. En reyndin hefir orðið sú, að einir 37 hafa svarað fyrirspurnunum, sem til þeirra var beint, um vanhöld á skepnum.

Búnaðarfjelag Íslands hefir ekki vald til að heimta af hlutaðeigandi yfirvöldum, að þau láti í tje skýrslur um þetta efni.

Tilgangurinn með þessu frv. er meðal annars sá, að veita stjórninni heimild til þess að skylda hreppstjóra til þess að afla vitneskju á þessu sviði og safna skýrslum um það.

Jeg geri ráð fyrir, að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að hinni almennu hlið þessa máls. Engum mun blandast hugur um, að nauðsynlegt sje, að búfjártryggingar komist á. Stefna tímans er sú, að koma tryggingum að alstaðar sem hægt er. Hjer í höfuðstaðnum er t. d. skylduvátrygging á húsum. Og einstaklingar, að minsta kosti þeir, sem eiga fyrir öðrum að sjá, munu telja það siðferðislega skyldu sína að vátryggja þær eigur, sem þeir hafa undir höndum.

Eins ætti þessu að vera háttað í landbúnaðinum. Hinsvegar er vafamál, í hve ríkum mæli hægt er að

koma tryggingum við, hversu há iðgjöld eiga að vera o. s. frv.

Mjer dettur ekki í hug, að hjer sjeu sett lög, sem standi um aldur og æfi. Þetta frv. ber aðeins að skoða sem byrjun til þess að hrinda af stað víðtækari löggjöf. Því er það fyrst og fremst látið ná til verðmestu gripanna, kynbótagripa o. s. frv.

Hinsvegar á það að skapa aðstöðu til þess að geta fengið skýrslur og annað það, er heyrir til undirbúningi þess, sem kept er að, en það er almennar búfjártryggingar.

Jeg vil leggja fram frv. á þessum grundvelli, er jeg hefi nú frá greint. Jeg vænti þess, að háttv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, taki því vel og leggi í það góða og mikla vinnu. Er jeg sannfærður um, að við getum með þessu frv. lagt fyrsta steininn í farsæla byggingu, er verða mun landi og lýð til mikillar nytsemdar, ef upp kemst.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 88 og 109).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Ástæðurnar fyrir því, að meiri hl. landbn. leggur til, að frv. þetta verði samþ., eru að mestu leyti færðar fram í nál. meiri hl. á þskj. 88. Jeg sje ekki ástæðu til að fara að endurtaka hjer í ræðu það, sem þar er sett fram, og get þess vegna verið stuttorður um málið að svo komnu.

Frv. þetta, ef samþykt verður, er heimildarlög, sem segja má, að sjeu hliðstæð gömlu lögunum um vátrygging sveitabæja, og þetta frv. er að mörgu leyti bygt upp mjög líkt þeim lögum.

Það kann að vera, að það verði færðar fram einhverjar ástæður fyrir því, að ekki sje tímabært að samþ. þetta frv. eða setja lög um það, að búfjáreigendur í sveitum geti komið sjer upp búfjártryggingasjóði.

Það er í raun og veru ekkert nýtt, að meiri hl. manna í sveitarfjelagi sje gefið vald til þess að láta minni hl. hlíta þeim reglum, sem fyrirskipaðar eru eftir heimildarlögum. Og þó að það verði ef til vill talið ósanngjarnt, að meiri hl. geti neytt vissum reglum upp á minni hl., þá er það engin röksemd móti þessu frv. út af fyrir sig, af því að þetta er töluvert algengt í löggjöfinni.

Þessu frv., sem hjer um ræðir, er skift í þrjá kafla, og ræðir þá fyrsti kaflinn um vátryggingarsjóði í sveitum og bæjarfjelögum. Frv. ræðir aðallega um vátryggingar nautgripa almennt, og svo á kynbótahestum og hrútum. Við þetta eru ákvæði frv. aðallega miðuð, þó að í 5. gr. frv. sje gefin sjerstök heimild um það, að líka megi falla undir þetta bæði sauðfje og hestar. Meiri hl. hefir við athugun sína á frv. líka að mestu leyti lagt þar þetta til grundvallar, að vátrygg-

ingin nái aðeins til nautgripa og kynbótahesta og hrúta.

Jeg skal strax geta þess sem minnar persónulegrar skoðunar, en ekki sem frsm. nefndarinnar, að jeg álít heimild þá, sem gefin er í 5. gr. frv., dálítið vafasama, eða að minsta kosti sje full ástæða fyrir viðkomandi ráðherra að ganga úr skugga um það, að það sje ekki nein hætta á ferðum fyrir vátryggingarsjóðinn um leið og hann gefur það leyfi, sem þar er gert ráð fyrir. Jeg álít sem sje, að það sje enn ekki kominn tími til þess að láta vátryggingu ná til sauðfjár og hesta alment.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara að skýra hverja einstaka grein í frv. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynt sjer frv., svo að þeim sje fullkomlega ljóst, hvert stefnt er. Um einstök atriði frv. ætla jeg ekki fyrirfram neitt að deila. Jeg geri ráð fyrir, að sumir kunni að segja, að einhver ákvæði sjeu í þessu frv., sem orki tvímælis. En meiri hl. nefndarinnar lítur þó svo á, að frv. sje það vel undir búið í öllum aðalatriðum, að það sjeu lítil líkindi til, að þingið breyti þar til hins betra. Vitanlega eru það ákvæði væntanlegrar reglugerðar, sem eru aðalfyrirmæli um framkvæmd laganna. Og það er sjálfsagt að vanda til þeirrar reglugerðar.

Meiri hl. nefndarinnar flytur hjer eina brtt. við 10. gr. í 1. kafla frv. Nefndin leit svo á, að fyrirkomulagið um virðingu á gripum til vátryggingar væri nokkuð umfangsmikið og gæti orðið töluvert vafningasamt verk, sem yki nokkuð kostnað við framkvæmd laganna. Því flytur meiri hl. brtt. í þá átt að gera framkvæmd laganna að því er verðlagningu gripanna snertir miklu einfaldari og óbrotnari, og þar af leiðandi ódýrari en gert er ráð fyrir í frv. En hinsvegar vildi nefndin ekki fella niður ákvæði frv. um þetta, heldur hafa hvoratveggja leiðina opna, þannig að þeir, sem eiga hlut að máli, geti valið um, hverja aðferð þeir noti.

Annar kafli laganna fjallar um búfjártryggingasjóð Íslands, þar sem gert er ráð fyrir, að stofnuð sje einskonar baktrygging gagnvart sjóðum sveitarfjelaganna, og ríkissjóður leggi þá nokkra fjárhæð árlega í 20 ár. Þessi ákvæði eru samskonar og eru í gildandi lögum um vátryggingu sveitabæja. Meiri hl. leggur áherslu á, að slíkur baktryggingarsjóður verði stofnaður sem fyrst og að stofnun hans verði að ganga á undan stofnun sveitavátryggingasjóðanna sjálfra.

Þriðji kafli er um almenn ákvæði, þar sem nánar er tekið fram um þau atriði, sem í reglugerð þurfa að standa, einnig viðurlög fyrir brot og þess háttar.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. minni hl. geri grein fyrir sinni till. um þetta efni, en það eru tvö atriði í áliti minni hl., sem jeg vildi þegar minnast nokkuð á. Því er slegið fram, að undirbúningur þessa frv. sje svo slæmur, að ekki sje forsvaranlegt að gera það að lögum. Í rauninni eru þessi ummæli ekki neitt rökstudd í nál. En jeg vildi aðeins láta þess getið, að frv. er samið af tveimur ráðunautum Búnaðarfjelags Íslands, og þeir hafa kynt sjer mjög nákvæmlega lög og reglur, sem gilda í nágrannalöndunum um þessi efni, og hafa reynt — eftir því sem hægt var — að samræma þær

reglur og lög við staðhættina hjer á landi.

Um formið á frv. verð jeg að segja, að meiri hl. sjer ekkert við það að athuga. Hjer gæti vitanlega verið um fleiri en eina leið að ræða um tryggingu búfjár. Það mun vera í Noregi, að til eru fjelög, sem jafna niður á gripina á eftir því gjaldi, sem þarf eftir hvert ár. En til þess að slík leið sje fær, verður að ganga út frá því, að fjelagslegur þroski sje það mikill, að það verði ekki til óánægju og vafninga, ef iðgjöldin eiga að borgast eftir á. Álít jeg rjettari leið valda, að iðgjöldin greiðist fyrirfram.

Jeg býst við, að með undirbúningsleysi eigi hv. minni hl. við það, að það sje ekki ákveðið í lögunum, hvað iðgjaldið eigi að vera hátt. Um það er fyrst og fremst það að segja, að slíkt er alls ekki rjett að gera, og er heldur ekki svo jeg viti nokkurntíma gert, að setja í lögin sjálf, hvað iðgjald skuli vera hátt, heldur heyrir það undir reglugerð.

Meiri hl. lítur svo á, að langt geti orðið að bíða framkvæmdanna í þessu efni, ef finna á ábyggilegan grundvöll fyrir iðgjöldin, áður en lögin öðlast gildi.

En þar sem hjer er aðeins um heimildarlög að ræða, er enginn skyldugur að ganga undir þau, fyr en vitað er, hvað iðgjaldið er hátt. Annars skal jeg engu spá um, hver reynslan yrði um lög þessi á næstu árum. Gæti eins búist við, að alment yrði það ekki, að menn gengju undir þau til að byrja með. En með því að koma heimildarlögum fram, er auðveldara að finna grundvöllinn til þess að byggja á iðgjöldin. Og þegar hann er fundinn, þá á að stofna þá baktryggingu, sem nauðsynleg er í þessu efni.

Jeg hefi þá minst á þau atriði, sem jeg hnaut sjerstaklega við í nál. hv. minni hl. En í nál. okkar meiri hl. er að nokkru gerð grein fyrir þeim ástæðum, er við teljum mæla með því, að frv. þetta verði samþ. Get jeg þá með þessu látið lokið máli mínu að sinni, og legg á vald hv. deildar, hvernig fer um frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg skal þá með nokkrum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi ekki getað fallist á frv. þetta um búfjártryggingar, sem hjer liggur fyrir.

Eins og frv. ber með sjer, er hjer aðeins um heimildarlög að ræða, og er það kostur út af fyrir sig, en hinsvegar finst mjer það ókostur á frv. þessu, ef það er þannig úr garði gert, að það fælir búfjáreigendur frá því að vátryggja pening sinn, ef að lögum verður. Og það er einmitt þetta, sem jeg er hræddur um. Ef það er alment álitið, að búfjártryggingarfjelög sjeu bændum nauðsynleg, þá er það ókostur að ganga svo frá lögunum, að þau verði til þess, að menn hverfa frá þeirri sjálfsögðu skyldu, sem á þeim ætti að hvíla um að tryggja búpening sinn.

Eins og nál. mitt á þskj. 109 ber með sjer, þá er hjer um stórmál að ræða, sem alla landsmenn snertir, er lifandi pening hafa undir höndum. Og af því að þetta er svo mikið nauðsynjamál, þá er öll þörf á, að það sje sem best undirbúið. Nú hefi jeg vikið

að því í nál. mínu, að mjög skorti á, að málið sje þann veg úr garði gert eða undirbúið, að við megi una, og á jeg þar þá einkum við, að enn vantar með öllu þann grundvöll, sem byggja verður á um hæð iðgjaldanna. Jeg álít, að slá eigi þann varnagla í upphafi að láta bændur sjálfa fjalla um þetta mál; þeir eru sínum hnútum kunnugastir og vita best, hvað þeim hentar, og geta þá ekki sagt á eftir, að lögin sjeu þeim óhentug. Jeg ætlast til þess fjelagsþroska af bændum, að þeir sjeu færir um að upplýsa, í hvaða mynd lögin ættu að vera og hvað sjálfum þeim væri hentugast og fyrir bestu. Þess vegna hefði jeg heldur kosið, að bændum hefði gefist kostur á að búa þessi lög í hendur sjer eins og tíðkast hjá þeim um verkfæri þau, er þeir nota við vinnu sína í þarfir búskaparins.

Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp dálítinn kafla úr nál., sem lagt var fram á Búnaðarþinginu 1927 og hljóðar svo:

„Á síðasta Búnaðarþingi var samþykt, út af frumvarpi Theodórs Arnbjörnssonar um búfjártryggingar, að fela Búnaðarfjelaginu að afla upplýsinga um vanhöld kynbótaskepna, svo komast mætti nær sanni um það, hve hátt tryggingargjaldið þyrfti að vera. Í þessum tilgangi hefir ráðunauturinn skrifað öllum hreppstjórum, en á svörunum hafa verið vanhöld; einungis 37 borist honum.

. . . . . .

Fyrir því vill nefndin láta safna betri upplýsingum, og til þess að eiga vissara að fá svör, vill nefndin, að stjórnarráð Íslands sje fengið til þess að kalla þær inn hjá hreppstjórum".

Jeg skal ósagt láta, hvort þetta hefir verið gert, en jeg hefi að minsta kosti ekki orðið var við það, eða sjeð nein plögg, er benda til þess. En það, sem bent er á í þessu nál. Búnaðarþingsins, verð jeg að telja nauðsynlegan undirbúning málsins, og fyr en hann er gerður, finst mjer óráð að ganga frá lögunum til fullnustu.

Jeg get vel skilið, þó að hæstv. atvmrh. (TrÞ) hafi viljað flýta þessu máli, sem er í sjálfu sjer gott og hann jafnan velviljaður bændum. En jeg er hræddur um, að hans góði hugur hafi borið hann ofurliði og hann lagt of mikla áherslu á að flýta lagasmíðinni, svo að á henni er sá galli, að eftir á verður að ákveða um iðgjöldin.

Jeg er t. d. hræddur um, að búfjáreigendur í kaupstað, sem eiga kannske eina kú eða aðeins fáar skepnur, leggi ekki út í að vátryggja þessar skepnur sínar af þeim ástæðum, að þeir sjeu hræddir við, að iðgjöldin verði of há, — og þau verða of há. Þetta eru meðal annars aðalorsakirnar til þess, að jeg get ekki fallist á frv. eins og það er, enda álít jeg, að það sje ekki forsvaranlegt, að það verði að lögum að svo búnu.

Þá er annað atriði, sem mjer þykir ábótavant í frv., og það er um atkvæðamagn, sem til þess þarf að stofna vátryggingarsjóði. Jeg fyrir mitt leyti hefði fremur kosið, að í staðinn fyrir einfaldan meiri hluta þeirra manna, sem hlut eiga að máli, væri ákveðið, að ⅔ hlutaðeigandi búfjáreigenda þyrfti til þess að samþ., hvort ráðast skyldi í að stofna vátryggingarsjóð fyrir búpening eða ekki. Annars gæti svo farið, að þeir ráði úrslitum þessa máls, sem eru í miklum minni

hluta hvað tölu búpenings þess, er vátryggja á, snertir. Að þessu leyti hefði jeg haldið, að full nauðsyn væri á, að leitað væri til sem flestra búfjáreigenda í landinu um upplýsingar í þessu efni, og það áður en gengið væri frá lögum þessum að fullu.

Þá er í nál. mínu vikið að einu atriði enn, sem frv. þessu er fundið til foráttu. Og það er það, að atvmrh. sje gefið fullmikið vald eftir því, sem frv. gerir ráð fyrir. Það getur auðvitað stundum verið sá maður atvmrh., sem hefir ekki eins gott vit á þessum málum og bændur sjálfir, þótt hann geti verið góður og gegn á öðrum sviðum. En þessum hlutum hljóta bændur að vera best kunnugir, og ættu því öll slík deilumál að útkljást heima í hjeraði af bændum sjálfum, en ekki að leggjast undir úrskurð atvmrh. í stjórnarráðinu. En þó vil jeg taka það fram, svo ekki valdi misskilningi, að þessu, sem jeg sagði, er á engan hátt stefnt til þess manns, sem nú er atvmrh., enda er mjer kunnugt um, að hann ber mjög fyrir brjósti allan hag bænda.

En mjer virðist, að hjer geti verið um allumfangsmikið starf að ræða, er hefði það í för með sjer, að bæta yrði við einum eða fleiri mönnum í þá skrifstofu stjórnarráðsins, sem þetta heyrir undir. Hinsvegar hefir oft verið á það minst, að skrifstofubáknið í stjórnarráðinu væri orðið nóg og því meiri ástæða til að ljetta þar af einhverju heldur en bæta við.

Jeg álít líka, að það mundi fremur auka þroska bænda að leyfa þeim sjálfum að ráða þessum málum sínum til lykta og jafna sjálfir það, sem á milli bæri, t. d. um virðing á kálf eða hrút, en vera ekki að ónáða stjórnarráðið með slíka smámuni.

Annars finst mjer yfir höfuð, að á seinni árum hafi verið fullmikið að því gert að draga úr höndum bænda þau völd, sem eiga að vera heima í hjeraði til að útkljá innbyrðis deilur, í stað þess að leggja það undir stjórnarráðið. Öll slík „centralisation" er að minni hyggju óheppileg og gerir ríkisreksturinn of dýran og margbrotinn. Sveitirnar eiga sjálfar að hafa vald til þess að útkljá það einfaldasta í sveitarmálum, sem milli ber, og ónáða ekki stjórnina nema í brýnustu nauðsyn.

Jeg hefi þá með þessum orðum nefnt þær ástæður, sem liggja til þess, að jeg vil nú að þessu sinni afgreiða málið með rökst. dagskrá.

Jeg tel betra fyrir málið, að það bíði eitt eða tvö ár enn að lögleiða búfjártryggingar, og afla á meðan allra nauðsynlegustu upplýsinga, eins og síðasta Búnaðarþing lagði til. Að hasta málinu nú, þvert ofan í till. Búnaðarþings, og samþ. þetta frv. eins og það er úr garði gert, tel jeg ekki forsvaranlegt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. meiri hl. landbn. fyrir undirtektir þessa máls, en sjerstaklega vil jeg þó þakka fyrir þá hugsun, sem lýsti sjer í rökum þeim, er komu fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. (EÁ) fyrir nauðsyn þessa máls, því að það var sú sama höfuðhugsun, sem fyrir mjer vakti í máli þessu, þegar jeg ákvað að leggja þetta frv. fyrir þingið.

Hv. meiri hl. hefir skilið, að full þörf sje á, að hafist verði handa í

þessu efni, að vátryggja búpening manna, og að ekki megi lengur dragast að hefjast handa í málinu. Um hitt verðum við að þreifa okkur áfram, hvernig þessu verði best komið fyrir í einstökum atriðum. Það verður reynslan að kenna okkur. Það er ekki meiningin að reisa hjer lagabálk, sem standi um aldur og æfi. En þetta frv. er fyrsta sporið til þess að geta reist þá stóru byggingu, sem á að tryggja búfjárræktina í framtíðinni. Við verðum að byrja strax að draga að efniviðinn í þá lagasmíð, sem gera má ráð fyrir að taki ein 5—10 ár að byggja að fullu.

Viðvíkjandi 5. gr. frv. skal jeg taka fram, að jeg er sammála háttv. frsm. meiri hl. (EÁ) og get fallist á athugasemdir hans. Og um þá heimild, sem þar er gefin atvmrh., vil jeg taka það fram, að ætti að koma til minna kasta sem atvmrh. að fjalla um það mál, þá mundi jeg telja mjer skylt að fara mjög gætilega af stað. Þegar þeir menn, sem að frv. unnu, báru þetta atriði undir mig, þá leit jeg svo á, að það mætti ekki fella niður, heldur ættum við að gera ráð fyrir, að búfjártryggingarnar yrðu almennar og næðu sem allra fyrst til alls búpenings. Hitt blandaðist mjer ekki hugur um, að hjer væri um það vandamál að ræða, sem ekki yrði skipað svo með lögum, að þau þyrftu ekki endurskoðunar og breytingar við þegar á næstu árum. Jeg vissi, að hjer var um frumsmíð að ræða, sem stendur til bóta, og nota þá tækifærið um leið til að lýsa því yfir, að jeg felst á brtt. hv. meiri hl. við 10. gr. og tel hana til bóta.

Því miður hefir hv. landbn. ekki getað orðið sammála um frv. Minni hl., hv. 6. landsk. (JKr), leggur til, að frv. sje vísað til stj. til frekari undirbúnings.

Jeg verð nú að segja það, eftir að hafa bæði lesið nál. á þskj. 109 og hlustað á framsöguræðu hv. 6. landsk., að mjer virðist afstaða hans í þessu máli að mestu leyti, ef ekki öllu, bygð á misskilningi. Hann segir í nál., að frv. sje „eigi þannig að undirbúningi eða frágangi, að forsvaranlegt sje, að það verði gert að lögum".

Jeg skal viðurkenna, að þegar um er að ræða nýmæli sem þetta, þá er vitanlega byrjunin vandasöm. En jeg vil ekki þar með játa, að undirbúningur þessa frv. sje sjerstaklega flaustursverk eða lítið til hans vandað.

Fyrst og fremst hefir þetta mál legið fyrir tveim Búnaðarþingum í röð, sem bygðu á ritgerð, er birtist um málið í Búnaðarritinu og lesin hefir verið af þorra bænda í öllum sveitum landsins. Síðan hefir verið dregið að efni úr nágrannalöndunum, fengnar þaðan fyrirmyndir í þessu efni, sem tveir af starfsmönnum Búnaðarfjelagsins hafa unnið úr: ráðunauturinn í búfjárrækt, sem frá upphafi hefir mest að undirbúningi frv. unnið, og búnaðarmálastjóri sá, sem þetta mál heyrir undir.

Þá hefir og frv. verið sent fjölda bænda hjer um nærsveitirnar og víðar og ýmsum hv. þm. nokkru fyrir þing, og þar á meðal hv. frsm. minni hl. Og frá ýmsum af þeim mönnum, er frv. var sent til athugunar, hafa borist ýmsar góðar bendingar, eins og t. d. frá skólastjóranum á Hvanneyri, og alt slíkt hefir verið tekið til greina við samning frv.

Þó var þetta ekki látið nægja, heldur var frv. borið undir einn mann

úr milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, þann, sem hjer var þá staddur, sem taldi sig fyrir sitt leyti geta fallist á það. Að lokum var svo fenginn lögfræðingur til þess að yfirfara frv. og leggja síðustu hönd á það. Jeg verð því að álíta, að við samning þessa frv. hafi ekki verið kastað til höndunum, heldur hafi allur undirbúningur verið vandaður svo, sem kostur var á.

Hv. minni hl. segir í áliti sínu, að fram verði að koma „nauðsynleg gögn ... áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um fyrirkomulag búfjártryggginganna".

Þetta er undarlega að orði komist, þegar vitanlegt er, að þetta frv. á ekki að vera og getur heldur ekki á neinn hátt orðið „endanleg" lausn á málinu. Með frv. er alls ekki um að ræða „endanlega ákvörðun búfjártryggginganna", heldur er meiningin sú, að þreifa fyrir sjer um það, hvernig hinum ýmsu og margþættu atriðum málsins verði best komið fyrir í framtíðinni.

Þá telur hv. minni hl. „varhugavert, að lög ákvarði skyldutrygging sumra búfjáreigenda, án þess leitað hafi verið álits rjettra hlutaðeigandi búfjáreigenda um það atriði".

En til þess ætlast lögin ekki, heldur er það tekið fram með berum orðum, að tryggingarsjóður verði ekki stofnaður nema meiri hluti lögmæts fundar samþ. það.

Hinsvegar er jeg fús á að taka til athugunar bendingu hv. 6. landsk. um það, að stærra atkvæðamagn en einfaldur meiri hl. skuli ráða um stofnun vátryggingarsjóða. Má vel vera, að rjettara sje að miða það við ⅔ atkv. á lögmætum fundi, og mun jeg ekki gera það atriði að kappsmáli, ef hagfeldara þætti að breyta því.

Loks segir hv. minni hl. í nál. sínu, að það sje „varhugavert, að lögin sjeu lögð óbundin í hendur eins manns, atvmrh." En ef það er varhugavert, þá er ótal margt fleira, sem lagt er undir úrskurð atvmrh., það ekki síður. Enda er jeg fullviss um, að hver, sem er atvmrh., mundi aldrei upp á sitt eindæmi ákveða fjárframlög þeirra, er tryggja vilja búfje sitt. Atvmrh. hefir svo marga góða ráðunauta sjer við hönd til að fá bendingar hjá, enda mun hver einasti atvmrh. telja það skyldu sína að leita bæði til bænda sjálfra úti um sveitir, svo og Búnaðarfjelagsins. Þess vegna held jeg, að hjer sje mjög lítil hætta á ferðum og svo um búið, að fjárframlögin verða aldrei ákveðin fyr en fyrir liggja till. um það utan úr sveitum, og þá frá Búnaðarfjelaginu. Auk þess verður þessu ekki hraðað svo mjög; þetta mál verður að hafa sinn jafna gang. Og þó að frv. yrði nú að lögum, geri jeg ráð fyrir, að eftir 3—4 ár þyrfti kannske að endurskoða þau.

Annars vildi jeg skjóta því til hv. frsm. minni hl., af því mjer fanst anda hlýtt frá honum um nauðsyn þessa máls, hvort hann gæti ekki, ef dagskrártill. hans fellur, fylgt frv. a. m. k. til 3. umr. Verði þetta frv. afgreitt nú, er þessu stórnauðsynlega máli hrundið í framkvæmd. Þá getum vjer þegar byrjað á því að láta reynsluna kenna oss.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg þarf ekki að tefja umræðurnar lengi. En það er ekki rjett, að

jeg hafi misskilið hæstv. forsrh. Það, sem okkur ber á milli, er það, að mjer finst, að byrjað sje á öfugum enda í þessu máli. Þau nýmæli, sem frv. fer fram á, þurfa öruggan undirbúning. Yfirleitt er það bráðnauðsynlegt í öllum málum, að undirstaðan sje góð. Ef málin eru sæmilega rannsökuð í byrjun, þarf ekki altaf að vera að breyta ákvæðum laganna. En því er nú ver og miður, að mestöll löggjöf okkar hingað til hefir verið fálm út í loftið, af því að oftast skortir nægilegan undirbúning. Því betur sem lögin eru undirbúin, því betri verða þau.

Af því, hve lítið er vandað til mála, kemur það, að lagabreytingar eru óhóflega tíðar. Mjer er satt að segja óskiljanlegt, hvernig lögfræðingar fara að vita, hvað eru lög hjer í landi og hvað ekki. En þrátt fyrir sífeldar breytingar verða lögin ávalt gölluð. Það er með illa samin lög eins og um vansniðna flík. Flíkin eða fatið ber altaf keim þess, að hún hefir í fyrstu verið illa sniðin, og úr því verður aldrei bætt.

Þetta er það, sem mjer og hæstv. forsrh. ber á milli. Jeg játa, að lögin sjeu nauðsynleg, en þá vil jeg ekki hraða þeim svo mjög, að hroðvirkni til tjóns eigi sjer stað.

Jeg þarf ekki að gera margar aths. um einstök atriði, er hæstv. atvmrh. tók fram. Þó skal jeg geta þess, að mjer þykir 5. gr. frv. einna athugaverðust. Það er ákaflega óhyggilegt að leggja eins mikið vald í hendur eins manns, atvmrh., og þar er gert. Jeg er sannfærður um, að margt af því, sem frv. gerir ráð fyrir að skjóta til ráðh., mætti eins vel og jafnvel betur gera heima í sveitum.

Jeg hefi hlaupið yfir eitt atriði, sem jeg þarf að gera grein fyrir. Í fyrri ræðu minni talaði jeg um skyldutryggingar. Það hefir ef til vill verið ófimlega að orði komist. En jeg skal skýra með dæmi það, sem jeg átti við. Gerum ráð fyrir, að smábændur í Mosfellssveit samþykki með einföldum meiri hluta atkvæða að stofna búfjártryggingarsjóð hjá sjer. Nú gæti skæð fjárpest komið upp á einhverju stórbúinu. Það er augljóst, að greiðsla vátryggingargjaldsins mundi verða mjög tilfinnanlegur baggi fyrir smábændurna.

Jeg geri ráð fyrir því, að þessi rökst. dagskrá mín muni verða feld. En þrátt fyrir það mun jeg ekkert hafa leggja á frv. og gera þvert á móti það, sem í mínu valdi stendur, til þess að greiða fyrir því góða máli, sem í því felst.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg þarf í rauninni fátt að segja, því að eftir því, sem mjer skilst á háttv. frsm. minni hl., ber okkur ekki mikið á milli. Hann er mjer alveg sammála um það, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða. Það eitt skilur okkur á um, að hann vill fresta framkvæmd nauðsynjamáls, en á það getur meiri hl. ekki fallist. Hv. frsm. minni hl. hjelt því fram, að áreiðanlegan grundvöll vantaði til þess að byggja á, þegar iðgjöld væru ákveðin. Jeg vil benda honum á, að iðgjaldaákvæðin á að taka upp í reglugerð, en þau eiga ekki að standa í lögunum. En reglugerð er auðvitað hægt að breyta eftir ástæðum.

Þá talaði hann um, að heppilegra væri, að ⅔ atkv. þyrfti til þess að stofna vátryggingarfjelag. Um þetta mætti auðvitað tala. Og jeg hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að það verði athugað í nefnd. Mætti breyta ákvæðunum, sem að þessu lúta, ef þörf þykir. Í þessu sambandi vil jeg þó geta þess, að í lögum um vátryggingu sveitabæja er einfaldur meiri hl. látinn ráða.

Hv. frsm. minni hl. er hræddur um, að atvmrh. fái of mikið vald. Jeg held, að þessi ótti hans sje ástæðulaus. Aðalstarf ráðherrans verður að sjá um reglugerðina. Hann þarf að safna drögum til hennar, og til þess nýtur hann vafalaust aðstoðar sjerfróðra manna. Þegar búið er að semja reglugerðina, er afskiftum hans að mestu lokið. Það er því engin ástæða til að ætla, að bæta þurfi manni í stjórnarráðið þeirra vegna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það væri ákaflega æskilegt, ef hægt væri að lifa eftir lögmáli hv. frsm. minni hl. og gera öll lög svo vel úr garði, að aldrei þyrfti að breyta þeim. En vjer mennirnir erum nú einu sinni svo ófullkomnir, að verk vor standa til bóta. Hins er og að gæta, að reynslan kennir mönnum ávalt ýmislegt, sem ómögulegt er að sjá fyrirfram. Og mönnum er þetta líka flestum ljóst. Jeg skal taka það sem dæmi, að þegar jarðræktarlögin voru sett 1923, var beinlínis gert ráð fyrir því í þeim sjálfum, að þau yrðu endurskoðuð. Jeg tók það þá fram við 1. umr. í þingræðu, að óhjákvæmilegt mundi verða að breyta þessu frv., er reynsla ykist. Þau ummæli get jeg endurtekið.

Hv. frsm. minni hl. hjelt, að ákvæði 5. gr. mundu reynast hættuleg. Jeg er sammála honum um, að rjett sje að fara varlega í að beita þeim. Jeg hefi jafnvel gert ráð fyrir, að þau kæmu ekki til framkvæmda fyr en búið er að endurskoða lögin.

Dæmið, sem hv. frsm. tók um smábændurna í Mosfellssveit, var ekki heppilega valið. Ef þeir samþykkja að stofna til tryggingar, er rjett, að þeir taki afleiðingunum af gerðum sínum. Frv. gerir líka ráð fyrir baktryggingarsjóði, og hann mundi bera hallann, ef svo stæði á sem hv. frsm. talaði um. **(JKr:** En þá hækka iðgjöldin). Já, en bændur, sem eiga margar kýr, borga meira en hinir. Um iðgjöld til nautgripatrygginga höfum vjer erlendar fyrirmyndir, því að þeir eru víða vátrygðir. Og vjer verðum a. m. k. að gera ráð fyrir, að þeir verði það einnig hjer.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 109, frá minni hl. landbn., feld með 8:6 atkv.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 88 samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

11.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

16.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

21.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 124, 126).

Páll Hermannsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 126. Mjer kom fyrst til hugar að bera brtt. fram á þeim grundvelli, að 5. gr. frv. fjelli burt. En við nánari athugun komst jeg þó að þeirri niðurstöðu, að enda þótt sauðfje yrði ekki trygt í náinni framtíð, þá gæti það þó átt sjer stað um hross. Brúkunarhross eru svo gagnlegir og verðmætir gripir, að líkur eru til, að þau mundu fljótlega verða tekin með. Að öðru leyti er rjett, að sjerákvæði 5. gr. haldi sjer, sjerstaklega vegna útigangshrossanna. Verður allri varfærni að beita hvað þau snertir.

Til þessarar brtt. liggja tvær ástæður. Önnur sú, að jeg álít, að ekki sje framkvæmanlegt að tryggja sauðfje alment, af því heilsufar og höld fjárins miðast mikið við eigendurna sjálfa. Vanhöld á fje fara eins mikið eftir mönnunum, er um það hirða, eins og þau ákveðast af almennum ástæðum. Sjúkdómar stafa æðioft og engu síður af meðferð fjárins en af óviðráðanlegum orsökum. Sama er að segja um hættur fyrir fje bæði af vötnum og veðrum. Það fer eftir umhyggju fjármanna, hvort hættur af slíkum orsökum koma að sök eða ekki. Þannig er þá sýnt, að almenn trygging sauðfjár gæti um of orðið á kostnað hirðumannanna.

Hin ástæðan er sú, að jeg lít svo á, að ótti eða uggur við þetta atriði kynni að verða til þess, að menn færðu sjer síður í nyt þau hlunnindi og það gagn, er af þessu frv. gæti stafað, ef það yrði að lögum.

Jeg hygg, að hjer muni fara á sama hátt og um vátrygging sveitabæja, að meira beri á of mikilli tregðu í byrjun heldur en ógætilegri notkun heimildarinnar.

Jeg býst við, að þessi breyting sje í raun og veru meira á orðum en anda. Þótt greinin hefði staðið óbreytt í frv., geri jeg ekki ráð fyrir, að það kæmi að beinni sök, því áður en farið væri að nota ákvæði 5. gr. myndi að öllum líkindum vera farin fram fyrsta endurskoðun og máske endurbót á þessum lögum. En jeg hygg, að brtt. sje til bóta og að hv. deild ætti að samþ. hana.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það ræður að líkindum, að jeg mun ekki gera brtt. hv. 2. þm. N.-M. (PH) að ágreiningsatriði. Háttv. frsm. meiri hl. landbn. (EÁ) tók það vel fram í ræðu sinni við 2. umr., að alla varfærni bæri að hafa um þetta atriði, og tók jeg vel undir það. En þessi heimild yrði ef til vill ekki notuð á þeim tíma, sem liði þar til endurskoðun færi fram. Þótt jeg nú geri þetta ekki að neinu ágreiningsatriði, þá held jeg samt fast við þá skoðun mína, sem jeg ljet í ljós við 2. umr. þessa máls, að engin hætta geti stafað af þessari heimild. Í reyndinni yrði útkoman sama. En það er auðheyrt, að hv. flm. till. gengur einlægni til,

og því er ekki rjett að leggjast á móti, með því að brtt. er meinlaus og getur aldrei skaðað.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg hefi ekkert um þessa brtt. að segja fyrir hönd meiri hl. landbn. Nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til hennar og hefir óbundin atkvæði um hana.

ATKVGR.
Brtt. 126 samþ. með 9:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 139).

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 388).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sjá má á nál. á þskj. 388, er landbn. sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþykt óbreytt eins og hv. Ed. gekk frá því. Hjer á landi vantar alla reynslu í þessu efni. Leiðir því af sjálfu sjer, að tvímælis kann að orka um ýms einstök atriði í byrjun. En nefndin hefir ekki getað fundið nein ákvæði í frv., sem sjálfsagt væri að breyta. Reynslan verður að skera úr því, hvernig þetta fyrirkomulag reynist. Það er auðvitað, að þegar þessi starfsemi er komin á laggirnar og reynsla er fengin, muni þykja sjálfsagt að breyta ýmsu. En nú í byrjun er ekkert í frv., sem sje þann veg vaxið, að fyrirfram verði sagt, að málum sje betur skipað á annan veg. — Landbn. er á einu máli um það, að búfjártryggingar sjeu hið mesta nauðsynjamál fyrir landbúnaðinn og sjálfsagt sje, að málið gangi fram. Öllum er ljóst, að afkoma landbúnaðarins og þeirra, sem stunda hann, er komin undir búfjenu og afurðum þess. Landbúnaðurinn er því altaf í hættu, meðan búfjeð er svo ótryggur stofn sem til þessa hefir verið. Við Íslendingar höfum þar mjög sorglega reynslu. Á undanförnum öldum, þegar hjer hefir orðið harðrjetti og hungur, hefir það nær altaf verið sakir þess, að búfjeð hefir fallið. Harðrjetti hefir varla þekst hjer af öðrum ástæðum. Vitanlega er svo enn, að aðalhættan er hin sama, fóðurskorturinn, þó að löggjöfin hafi á seinni árum gert nokkuð til að draga úr þeirri hættu, og eins heilbrigð skynsemi og þroski landsfólksins. Enn er það þó mikið alvörumál. Þetta frv. fjallar þó ekki um það efni, heldur tryggingu búfjárins gegn sjúkdómum og slysum. Það nær aðeins skamt, en nefndin er þess fullviss, að það er þó spor í rjetta átt. Þó frv. gangi ekki lengra en þetta, er auðsjeð, hvílíkt hagræði einkum hinum fátækari bændum er að geta trygt hina verðmætari gripi sína. Annað má og nefna.

Þegar þetta mál nær þroska og tryggingarnar verða almennar, þá verður búfjeð veðhæft, sem það er ekki nú. — Búast má við, að framkvæmdir verði heldur litlar fyrst í stað, þótt lögin verði samþ. Enda er frv. aðeins hugsað sem heimildarlög um, að sveitirnar geti tekið upp búfjártryggingar, en engin skylda er lögð á um það. Má búast við, að fyrst í stað verði ekki margir, sem nota þessa heimild. En jafnvíst tel jeg hitt, að með tímanum verði æ fleiri og fleiri, sem taka upp tryggingarnar, og þær fái meiri og almennari þýðingu fyrir þjóðarheildina. Þá mun framtíðin og leiða í ljós, að tryggingarnar verða víðtækari. Að öðru leyti er ekki ástæða til að tala um málið alment. Vísa jeg um þau atriði til greinargerðar frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þakka háttv. landbn. greiða og góða afgreiðslu þessa máls. Einkum er mjer ánægja, að nefndin er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt. Vona jeg, að það geti nú hindrunarlaust orðið að lögum. Í þessu sambandi vil jeg og taka fram, að hvorki mjer nje öðrum hefir komið til hugar, að þessi löggjöf eigi að standa nema stuttan tíma óbreytt. Það merka við þetta mál er, að það er fyrsta sporið, sem hjer er stigið í þessa átt til þess að láta reynsluna kenna sjer. Það gleður mig, ef Alþingi vill fallast á þetta frv. nú, því að þeim mun fyr sem fyrsta sporið er stigið, þeim mun fyr verður komist áleiðis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

11.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

16.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

21.—26. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Kaflaskifting og fyrirsagnir kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

---

12. Mentamálaráð Íslands.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um mentamálanefnd Íslands (stjfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Samkv. frumvarpi þessu er ætlast til, að Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu í byrjun hvers kjörtímabils nefnd, er hafi með höndum nokkurn hluta mentamálanna. Yrðu henni með því falin nokkur störf, er stjórnin og aðrir trúnaðarmenn landsins hafa áður haft.

Fyrsta hlutverkið, sem nefndinni er ætlað, er að úthluta því fje, sem Alþingi leggur fram til viðurkenningar skálda og listamanna. Ýmsar aðferðir hafa nú verið reyndar til úrlausnar á þessu máli. Sú fyrsta var, að þingið sjálft úthlutaði þessu fje. Var það eflaust lakasta úrlausnin, ekki vegna þess, að þingið væri ekki í sjálfu sjer dómbært um þau mál, heldur af hinu, að jafnan lenti í hörðum deilum og löngum umræðum, þegar farið var að meta og vega verðleika umsækjenda. Slíkar umræður urðu nokkurskonar kvikskurður á mönnunum.

Næst var sú skipun upp tekin, að fela sjerstakri nefnd málið til meðferðar. Var hún skipuð af háskólaráðinu og Bókmentafjelagsstjórninni. Síðast fjekk svo landsstjórnin úthlutunina í sínar hendur.

Að vísu hefir ekki komið fram nein veruleg „kritik" á því fyrirkomulagi, sem nú er. En hitt sýnist þó betra og eðlilegra, að sjerstök föst nefnd hafi þetta með höndum heldur en stjórnir, sem venjulega sitja aðeins skamma stund og brestur því eins gott yfirlit yfir þetta og nefnd, sem búast má við, að starfi um lengri tíma. Stjórninni mundi frekar hætta við að gera glappaskot. Get jeg nefnt dæmi, sem að vísu er alveg heiðarlegt, en sýnir þó, að stjórnirnar hafa ekki ávalt fylgt sömu reglu um kaup listaverka. Um tíma hafði ekkert verið keypt af Ásgrími málara. En nú hefi jeg keypt 3 málverk af honum. Má vera, að það sje of mikið, en að áður hafi það verið of lítið.

Í nefnd, þar sem allar stefnur ættu fulltrúa, ætti að mega búast við meiri jöfnuði. Jeg skal ekki fjölyrða mjög um aðra liði frv. Aðeins drepa á sumt lauslega.

Það hefir verið kvartað yfir því af listamönnum landsins, að talsvert fje færi úr landi fyrir altaristöflur, sem gerðar væru af útlendum mönnum. Það sýnist mjög vel við eigandi að láta íslenska málara búa til altaristöflur handa íslensku kirkjunum. Aðrar þjóðir keppast við að nota sína eigin málara. Og í öðrum löndum er það svo, að málarar geta ekki vænst neins markaðs utan síns eigin lands, nema þeir sjeu orðnir heimsfrægir. Nefndin ætti einmitt að sjá um það, að íslensku málararnir fái að sitja fyrir í þessu efni.

E-liðurinn, sem er um það, að nefndin úthluti styrk til stúdenta og líti eftir, hvernig honum sje varið, er að nokkru leyti breyting á eldri lögum. Nefndin ætti að geta haft góð tök á að úthluta þessum styrk þannig, að hann kæmi sem rjettlátast og hagkvæmast niður. T. d. ætti hún að vita, í hvaða stöður helst vantaði menn í það og það skiftið, og koma í veg fyrir, að of margir fengju styrk til sama náms. Er ilt, að slíkir menn þurfi að leita úr landi til atvinnufanga og tapist þannig þjóðinni að loknu námi.

F-liðurinn lýtur að atriði, sem ekki er enn komið í framkvæmd, en gert er ráð fyrir að komi, nefnilega því, að ein tegund af styrk sje sú, að styðja námsmenn og aðra til utanfarar með því að sjá þeim fyrir ókeypis fari með skipum Eimskipafjelagsins. Fjelagið er nú styrkt af ríkisfje, en hefir oft alt of fáa farþega milli landa, vegna samkepni hinna fjelaganna tveggja, er við það keppa nú. Þetta

gæti því verið ýmsum þægilegt, án þess að það kostaði landið eða Eimskipafjelagið mikið. Að greiða þannig fyrir utanferðum manna gæti oft gert mikið gagn. Jeg skal taka dæmi. Þjóðskáldið Matthías Jochumsson, sem var alla æfi efnalítill og sat í lágt launuðu embætti, hafði brennandi löngun til utanfarar og gat ótrúlega oft veitt sjer það, að fara utan. En það er sennilegt, að einmitt þessar ferðir hans hafi átt mikinn þátt í því, að hann hjelt miklum sálarkröftum til hárrar elli. Þar var að vísu um stórskáld að ræða, en þó gætu fleiri haft gott af því, að gata þeirra væri greidd á þennan hátt.

Síðasti liðurinn lýtur að öðru frv., og skal jeg ekki tala um hann að sinni.

Ekki er gert ráð fyrir, að nefnd þessi fái nein laun fyrir störf sín fyrst um sinn. Ef störf hennar kynnu síðar að verða aukin svo, að ekki þætti fært, að hún starfaði kauplaust, má altaf ákveða þóknun til hennar í fjárlögum.

Jeg vil svo óska, að frv. þessu verði vísað til mentmn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til mentmn. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 85 og 101).

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Mentmn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv., heldur klofnað, og leggur hvor hluti nefndarinnar fram sitt álit.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að sú breyting, sem frv. gerir á skipun þeirra mála, sem samkvæmt frv. koma til með að heyra undir mentamálanefnd Íslands, sje til bóta, og leggur því til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Eins og nú standa sakir, heyrir það undir stjórnarráðið að úthluta fje því, er Alþingi veitir árlega til listamanna og skálda. Einnig úthlutar stjórnarráðið styrk þeim, sem ætlaður er til verklegs náms erlendis. Aftur á móti er það sjerstök nefnd manna, sem ætlað er að ákveða, hverjir hljóti styrk þann, er veittur er af opinberu fje 4 stúdentum árlega til náms við erlenda háskóla.

Samkv. frv. á nú alt þetta, ásamt fleiru, að sameinast á hendur einni nefnd. Það má ef til vill segja, að það sjeu helst til óskyld mál, sem hjer er verið að draga undir einn og sama hatt.

En því er nú einu sinni svo farið, að þau þessara mála, sem til þessa hafa heyrt undir stjórnarráðið, verða þar ekki farsællegar af hendi leyst en ef þau væru falin fastri nefnd, þegar þess er gætt, hve tíð eru taumaskifti í stjórnarráðinu, þegar ráðuneytið er eitt árið skipað íhaldsmönnum, annað árið framsóknarmönnum, og kannske er fram líða stundir jafnaðarmönnum í þriðja tilfellinu. Það yrði því að líkindum til þess að auka festu og öryggi um meðferð þessara mála, ef þau heyrðu undir sjerstaka nefnd, er kosin væri af Alþ. Sennilega mundu verða valdir í þá nefnd líkir menn frá ári til árs, og kæmu þeir því til með að verða æfðir í þessu starfi.

Minni hl. mentmn. hefir lagt fram

allmikið nál. Þótt þar sje ekki beinlínis gengið á móti frv., felur það þó það í sjer, að ef brtt. þær, sem þar eru gerðar, eru samþ., þá er frv. um leið búið að tapa tilgangi sínum.

Meiri hl. mentmn. lítur svo á, að ef að nokkru leyti eigi að fylgja þeim anda, sem felst í þessu frv., þá sje ekki um annað að gera en fella allar brtt. hv. minni hl.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um frv. Till. meiri hl. er sú, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og tekið er fram í nál. minni hl. mentmn. á þskj. 85, tel jeg verkefni nefndar þeirrar, er frv. gerir ráð fyrir, of ósamstætt, af því að nefndinni eru ætluð störf, sem krefjast mjög ólíkrar þekkingar, og of víðtækt að því leyti, sem umráð þeirra mála, sem undir nefndina eiga að heyra, virðast beinlínis með þessu frv. dregin úr höndum landsstjórnarinnar. Jeg álít það tæplega gerlegt um svo stóran flokk mála, sem frv. nær yfir. Það er fyrirsjáanlegt, ef þessu yrði framgengt og nefndin tæki til starfa á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir, þá mundi innan langs tíma hlaðast svo mikið starf á hana og safnast svo stórt skjalasafn, skjöl, sem nú eiga að rjettu lagi heima í kenslumálaráðuneytinu, að myndast mundi heil stjórnarskrifstofa.

Jeg álít heldur ekki heppilegt að draga ábyrgð um tilhögun þessara mála úr höndum ráðherra. Það er satt best að segja, að nefnd skipuð þrem mönnum, kosin með hlutfallskosningum af Alþingi, þar sem hver stjórnmálaflokkur reynir að koma að sínum fulltrúa, ber í raun og veru ekki ábyrgð á neinu. Valdinu þarf að vera svo fyrir komið, að hægt sje að koma fram ábyrgð, a. m. k. fyrir dómstóli almenningsálitsins, fyrir það, sem þykir misfarast um meðferð þessara mála.

Á einu sviði þessara mála álít jeg, að stj. þurfi að hafa fasta nefnd sjer við hlið til aðstoðar. Og það er nefnd, er fjalla skyldi um þau mál, er snerta listir.

Eins og kunnugt er, hefir verið gerð tilraun til þess að koma skipulagi á þau mál að því leyti, sem reynt hefir verið að fá nefnd utan þings til þess að vera til aðstoðar stjórninni um úthlutun styrks til skálda og listamanna. En það hefir mistekist. Jeg er því fylgjandi, að nú verði gerð tilraun til að bæta úr á þann hátt, sem frv. fer fram á. Með því að kjósa slíka nefnd geta þingflokkarnir valið menn í hana með tilliti til þess, að þeir geti lagt eitthvað gagnlegt til þeirra mála, er snerta listir. Það er svo, að það eru dálítið sjerstakir hæfileikar, er menn þurfa að vera gæddir til þess að vera liðtækir til þeirra hluta, og það eru þeir sjerstöku hæfileikar, sem eiga að ráða valinu. Aftur á móti er vonlaust um málið, ef verksvið nefndarinnar á að vera svo vítt, að einskis eins manns þekking nje gáfur spenni yfir. Þá verður ekki um annað að ræða en pólitískt reiptog um skipun nefndarinnar og ábyrgðarleysi.

Það er tvent í þessu frv. þeim málum alveg óviðkomandi. Úthlutun námsstyrks til stúdenta er þessu alveg óskylt mál. Svo er fyrir mælt í lögum nr. 35 frá 1925, að landsstjórn sje heimilt að veita 4 stúdentum ár-

lega, í 4 ár hverjum, styrk til náms við erlenda háskóla. Till. um þennan utanfararstyrk, sem bundinn er við nýútskrifaða stúdenta, skulu koma frá nefnd, sem skipuð er þrem mönnum, rektor mentaskólans, öðrum manni, kosnum af stúdentaráði háskólans, og þeim þriðja, sem tilnefndur er af háskólaráðinu. Með þessari skipun á jafnan að vera fyrir hendi í nefndinni næg þekking á hinum nýútskrifuðu stúdentum, svo að hægt sje að telja fulltrygt, að ekki fái styrk aðrir en þeir, sem líklegir eru til þess að geta stundað nám til menningar sjer og frama og verða þjóð sinni þarfir menn að námi loknu. Það er alveg nauðsynlegt, að þeir menn, sem eiga að gera till. eða ákveða um þessa utanfararstyrki, hverjum þeir sjeu veittir, hafi til að bera sem nánastan kunnugleika af hæfileikum umsækjenda, þegar úr svo stórum hópi er að velja. Tel jeg því betur borgið í höndum þeirra aðilja, er nú eru til kvaddir, heldur en ef væntanleg mentamálanefnd Íslands ætti þar ein völd um.

Sama er að segja um utanfararstyrk, sem veittur er til verklegs náms og aðallegast fer til iðnaðarmanna, sem ætla að fullkomna sig í iðn sinni erlendis. Sú styrkveiting mun fara fram á þann hátt, að iðnfjelögin á hverjum stað, ef þau þá eru til, eða einhver velmetinn handiðnarmaður veitir ungum umsækjanda meðmæli sín sem efnilegum iðnnema, og þessi skjöl fara síðan ásamt umsókn í atvinnumálaráðuneytið. Þar eru þau metin af hlutaðeigandi embættismanni og ráðherra. Tel jeg það líka afturför frá því, sem nú er, ef þingkosin nefnd ætti að fara að ráða fram úr þeim efnum.

Jeg álít, að um þessa úthlutun námsstyrkja skifti það mestu máli, að sem minst pólitísk áhrif komist þar að. En með þessu frv. er einmitt boðið upp á reiptog pólitískra hagsmuna innan nefndarinnar. Jeg skal að vísu játa, að jeg veit ekki, hvort þetta frv., sem borið er fram af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, getur og náð til þeirra mála, sem heyra undir atvinnumálaráðuneytið. En mjer skilst hinsvegar, bæði af orðalagi og efnismeðferð 2. gr. frv. og greinargerðar, er því fylgir, að það muni vera tilætlunin.

Eftir þessar almennu aths. skal jeg þá snúa mjer að einstökum gr. frv. og brtt. mínum.

Í 1. gr. frv. er það ákvæði, að hlutgengir eða kjörgengir í nefndina sjeu þeir einir, sem búa í Reykjavík eða svo nærri bænum, að þeir geti sótt þangað fundi daglega. Þar er ennfremur það ákvæði, að nefndin skuli starfa endurgjaldslaust, nema öðruvísi sje ákveðið í fjárlögum. Jeg get nú ekki álitið, að það sje rjett eða sanngjarnt að krefjast þess af mönnum, að þeir vinni þessi störf launalaust fremur en önnur. Þess vegna hefi jeg borið fram brtt. á þá leið, að kostnaður við nefndarstörfin greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins, eftir reikningi, sem ráðh. úrskurðar. Það þýðir það, að ráðh. getur fært reikninginn niður, ef honum sýnist hann of hár.

Þá er 2. brtt. mín um það, að nefndin skuli vera ríkisstjórninni til aðstoðar í þeim málum, sem falla í hlutverk hennar, og það þýðir ekki

annað en það, að öll þau gögn, sem nefndin hefir með höndum, skuli jafnan ganga til stjórnarráðsins og afgreiðast þaðan, að athuguðum tillögum nefndarinnar, en ekki beint frá nefndinni sjálfri.

Jeg verð að líta svo á, að ef hæstv. dómsmrh. (JJ) setur sig upp á móti þessu, þá sje það af því einu, að hann sje enn ekki nógu kunnugur stjórnarframkvæmdum. Það væri ákaflega óheppilegt, ef nefndinni væri fengin heimild til að gefa út ávísanir á fje úr ríkissjóði, sem ríkisfjehirðir yrði að greiða eins og þær kæmu frá ráðuneytinu. Með því væri verið að dreifa ávísanavaldinu, sem nú er hjá fjmrh., þannig, að allar ávísanir verða að vera undirritaðar af honum eða þeim manni, sem hann hefir til þess löggilt. Jeg vona, að hæstv. dómsmrh. fallist, hvað sem öðru líður, á þessa brtt. mína. Þetta var nú um 1. gr. og upphaf 2. gr.

Þá er d-liður 2. gr. Í stjfrv. hljóðar hann svo: „Að kaupa altaristöflur handa kirkjum allra þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum". Nú er það svo, að þegar keyptar eru altaristöflur fyrir þjóðkirkjusöfnuði, eru þær oftast nær keyptar fyrir gjafafje. Jeg álít nú, að löggjöfin geti alls ekki bundið hendur þessara manna, sem fjeð gefa, um kaupin, enda er þeim þá altaf önnur leið opin, nefnilega að gefa hlutinn, en ekki fjeð. Það eina, sem hægt er að gera af ríkisvaldsins hálfu, er orðað í brtt. minni: að leiðbeina um kaup á altaristöflum handa kirkjum. Það mundu bæði gefendur og söfnuðirnir láta sjer vel líka, því að þeir aðiljar væru þá ekki bundnir við að fara eftir till. nefndarinnar, nema því aðeins, að þær líkuðu vel.

Þá hefi jeg lagt til, að stafliður e. falli burtu. Þessi námsstyrkur stúdenta, sem hjer um ræðir, mun vera sá, sem heimilað er að veita samkv. lögum frá 1925, en hinn styrkurinn „til annara nemenda erlendis", hefi jeg litið svo á, að væri sá styrkur, sem veittur er í fjárlögum til verklegs framhaldsnáms erlendis. Jeg álít nú, að þessum málum sje betur komið eins og nú er. En það stendur fleira en þetta í þessum lið. Nefndinni er þar uppálagt, með aðstoð sendimanna landsins erlendis, að hafa eftirlit með styrkþegum erlendis, og hún á að geta svift þá framhaldsstyrk, ef sannanlegt sje, að þeir fari illa með fje sitt og tíma.

Það er nú yfirleitt föst regla um sendimenn landa, að minsta kosti sendiherra, að allar málaleitanir til þeirra eiga að koma frá heimastjórninni, nefnilega frá þeim ráðherra, sem fer með utanríkismálin, sem hjer er forsrh. Sendiherrar eru yfirleitt tregir til að taka við öðrum málum en þeim, sem koma beint frá stj. þeirra, enda álít jeg, að heppilegra verði að fylgja þessari reglu einnig í þessu máli, með því að stj. hefir miklu betri aðstöðu til að fá þetta eftirlit framkvæmt en nefndin.

Þá hefi jeg ennfremur lagt til, að f-liður 2. gr. fjelli niður. Þessi liður hljóðar svo í frv.: „Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns".

Mjer finst það ekki rjett að setja

svona klausu í lög, þar sem landið hefir ekki, mjer vitanlega, ráð á neinu ókeypis fari milli landa, nema þegar „Esja“ fer út til eftirlits og viðgerðar. Það væri þá, að minni hyggju, betra að kveða svo á, eins og felst í 6. brtt. minni, að nefndin skuli hafa á hendi þau störf önnur, sem henni kunna að verða falin.

Þá hefi jeg ennfremur lagt til, að 3. gr. frv. falli burt. Hún hljóðar svo:

„Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi“.

Jeg verð nú að segja það, að það út af fyrir sig að setja svona gr. í stjfrv., lýsir alveg óverjandi hroðvirkni. Það hefir hingað til verið alveg ófrávíkjanleg regla að taka til, hvaða lög og fyrirmæli væru feld úr gildi, til þess að allur almenningur gæti vitað, hvað væri lög í landinu. Jeg minnist þess ekki að hafa fyrri sjeð það í stjfrv., að slept væri allri aðgæslu um þetta, en nú sjer maður þetta í fjölda stjfrv. Ef mínar brtt. yrðu samþ., sje jeg ekki. að þetta frv. geri neina breytingu á eldri lögum eða fyrirmælum. Samkvæmt því hefi jeg lagt til, að 3. gr. yrði feld niður.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Háttv. 3. landsk. (JÞ) hefir nú talað langt mál, en jeg býst ekki við, að jeg þurfi langan tíma til að svara honum. Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er gerð tilraun til að láta þingið fá varanlegt vald yfir þessum málum. Það er óneitanlega nokkuð undarlegt, að þm. skuli setja sig upp á móti því, að vald þingsins sje aukið. Nefnd þessi á að vera kosin með hlutfallskosningu, og er því líklegt, að hún verði skipuð trúnaðarmönnum flokkanna. Og það er einkennilegt, að hv. formaður Íhaldsflokksins skuli setja sig upp á móti því, að sá flokkur fái þar fulltrúa.

Jeg get búist við, að það geti valdið nokkru um afstöðu hv. 3. landsk., að hann sje ókunnugur því, hvernig þessum málum er háttað með öðrum þjóðum. Með till. minni er miðað að því að skapa meira jafnvægi í stjórn þessara mála og gera þau óháðari þeim sveiflum, sem tíð stjórnarskifti og pólitísk bylgjuköst valda. Í því sambandi get jeg sagt honum það, að til dæmis í Sviss er það svo, að minni hluti hefir altaf menn í stj., og er það talið holt einmitt af sömu ástæðum og jeg nefndi áðan. Hv. þm. (JÞ) hefir hjer sem oftar reynt að verja skipulagsleysið og núverandi ástand. En til dæmis um það, hvernig þessum málefnum er nú farið, má nefna, að árum saman hefir landið ekkert keypt af okkar mesta og frægasta málara.

Svo að jeg snúi mjer beint að till. hv. 3. landsk., þá er það um þær að segja, að þær mundu, ef samþ. yrðu, verða til þess að eyðileggja grundvallarhugsun frv., svo að hún nyti sín alls ekki í framkvæmdinni. Og þó að ýmsir hafi, ef til vill, ekki enn gert sjer ljósa grein fyrir nauðsyn þess að breyta til um meðferð þessara mála, þá er það spá mín, að bráðlega muni svo fara, að það þyki hyggilegra að koma einhverju skipulagi á í þessum efnum.

Jeg skal geta þess, að till. um altaristöflurnar er komin frá listamönnum landsins og miðar að því, að íslenskir málarar fái tækifæri til að vinna að

þessum verkefnum. Undanfarið mun það yfirleitt hafa verið svo, að flestar þær altaristöflur, sem keyptar hafa verið til kirkna, hafa verið verk erlendra málara. Ef engir íslenskir málarar eru til, sem int geta þetta af hendi, er því að svara, að þeir munu koma um leið og þeim er gert mögulegt að stunda list sína. Hitt, að frelsi safnaðanna sje skert um of með þessu, er vitanlega hin mesta firra. Ef hv. 3. landsk. gæfi mjer fje til húsbyggingar hjer í Reykjavík, þá yrðum við báðir, hann sem gefandi og jeg sem þiggjandi, að beygja okkur fyrir byggingarsamþykt Reykjavíkur. Það er þjóðfjelagið sjálft, sem leyfir sjer að hafa þannig eftirlit með athöfnum einstaklinganna, alveg á sama hátt og hjer er til ætlast, og við því er ekkert að segja. Það er nokkuð, sem menn verða að láta sjer lynda.

Þá er námsstyrkurinn. Nú er það á valdi algerlega ábyrgðarlausrar nefndar, hvaða stúdentar fá styrk til náms erlendis, og hún hefir enga aðstöðu til þess að hafa eftirlit með þeim. Hún er nú skipuð 3 mönnum. Einn þeirra er rektor mentaskólans, sem nú er fjörgamall maður og hefir því enga aðstöðu til þess að fylgjast með þróun þjóðfjelagsins og þörfum þess fyrir starfsmenn á ýmsum sviðum. Jeg segi þetta ekki honum til lasts persónulega og vil taka það fram, að hann er hinn mætasti maður og vel lærður í sinni grein. En hann hefir enga aðstöðu til þess að geta dæmt um, hvað landið þarf til dæmis marga verkfræðinga. Svipað mætti jafnvel segja, þótt ungur maður væri rektor. Um stúdentaráðið, sem skipar annan mann í nefndina, er það að segja, að það er ekki rjettur aðili í þessu máli. Sama er að segja um háskólakennarana, sem leggja til þriðja manninn.

Ennfremur er þess að gæta, að þegar kominn er annar mentaskóli, sem ef til vill útskrifar eins marga stúdenta og Reykjavíkurskólinn, þá er það hlutdrægni að láta aðeins annan skólann hafa áhrif á veitingu styrkjanna. Með mínu frv. á að koma í veg fyrir, að úthlutun þessa styrks verði leikur eða dutlungaverk. Það er skylt að sjá svo um, að hún sje framkvæmd samviskusamlega og hlutdrægnislaust, fyrst og fremst með tilliti til þarfa þjóðfjelagsins og jafnframt til verðleika nemendanna. En sleifarlagið í þessum efnum kom berlega í ljós, þegar sú stjórn, sem þessi hv. þm. (JÞ) studdi, veitti öllum stúdentum, sem voru við nám erlendis, styrk, án þess að vita, til hvers átti að nota fjeð. Tel jeg nú fyllilega tíma til kominn að ráða bót á skipulagsleysi því og ráðleysi, sem verið hefir.

Um það, að þessi nefnd geti ekki staðið í sambandi við sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, er það að segja, að sendiherrann svarar brjefum frá fleirum en stj. og þinginu, og engu síður myndi hann svara brjefum frá slíkri nefnd sem þessari, löglega skipaðri af þinginu.

Að því leyti, sem háttv. þm. (JÞ) neitar því, að nefndin geti úthlutað ókeypis farseðlum til útlanda, skal jeg geta þess, að í minni stuttu stjórnartíð hefir stjórnin úthlutað nokkrum slíkum farseðlum. Nú lítur út fyrir, að hún fái nokkurt vald yfir fari til útlanda hjá Eimskipafjelagi Íslands,

vegna þess mikla styrks, sem ríkið veitir því. Skal jeg nú nefna eitt dæmi þess, hvernig jeg hugsa mjer, að stjórnin noti þetta vald. Í sumar verða olympisku leikarnir háðir, og mun Íþróttasamband Íslands vilja senda þangað flokk manna, en stærsti útgjaldaliðurinn verður sjálfsagt fargjaldið. Af gömlum vana mun nú þingið líklega leggja nokkurt fje til fararinnar. En sje það engum skilyrðum bundið, geta íþróttamennirnir farið með hvaða skipum sem þeir vilja, dönsku eða norsku skipunum, en íslensku skipin fara þá ef til vill nærri tóm. Hjer er aðeins farið fram á að undirbúa það, sem jeg efast alls ekki um, að verði verulegur sparnaður að, nefnilega að landið spari sjer fje með því að nota þann farkost, sem segja má, að það eigi, þegar litið er á þann mikla styrk, sem ríkið leggur fjelaginu til.

Beiskja sú, sem kemur fram hjá hv. þm. (JÞ) gagnvart 3. gr. frv., er með öllu óverðskulduð. Hv. þm. er beinlínis illa við, að numin sjeu úr gildi lögin frá 1925, ákvæðin um þessa miður hyggilegu ráðstöfun á námsstyrk stúdenta. En jeg verð að benda hv. 3. landsk. á það, að naumast verður á hann litið sem neitt „autoritet" í þessu efni. Hv. þm. mætti vera þess minnugur, hversu hraparlega honum hefir sjálfum yfirsjest, bæði gagnvart stjórnarskránni og þingsköpunum. Hann þarf ekki að búast við, að vindhögg sín skjóti nokkrum skelk í bringu. Og jeg býst líka við, að hann reki sig á það, að sá kancellistíll, sem gerði það að verkum, að ekki var skoðað hjá sýslumönnum þessa lands nema á tíu ára fresti, getur horfið eins og ýmsir aðrir gamlir stjórnarhættir frá einveldistímanum, og menn verða að sætta sig við það.

Till. hv. þm. (JÞ) um að greiða nefndinni kaup er jeg algerlega mótfallinn. Ef flokkarnir hafa menn, sem vilja gera þetta fyrir ekki neitt, þá er það gott. En sje svo ekki, verður að ákveða einhverja upphæð í fjárlögum, og má fara nærri um, hversu mikil hún þurfi að vera, þegar nefndin hefir starfað um stund.

Jeg hygg, að í þeim stjórnmálaflokki, sem jeg telst til, sjeu menn, sem mundu taka þetta að sjer kauplaust, og að óreyndu hefi jeg ekki ástæðu til ætla annað um flokk hv. 3. landsk. Tel jeg því rjett og sjálfsagt að fresta að ætla nefndinni kaup, en nota tækifærið til að reyna fórnfýsi þeirra manna, er unna menningu þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. þótti það undarlegt, að jeg sem þm. skyldi hafa á móti því, að vald þingsins sje aukið með því að fá þann hluta af stjórnarstörfunum í hendur þingkjörinni nefnd og ólaunaðri. En jeg gæti með miklu meiri sanni sagt, að nú, þegar í fyrsta sinni hefir verið settur í sæti dóms-, menta- og kirkjumálaráðherra maður, sem ekki er lögfræðingur, en sem helst er talið það til gildis að hafa nokkuð til að bera frá sjálfum sjer á sviði mentamála, þá verður það fyrsta verk hans að koma til þingsins og biðja það að losa sig við þau störf, sem hann helst er álitinn að hafa eitthvað til brunns að bera í, — því að hvað er þetta annað? **(Dómsmrh. JJ:** Og mína eftirkomendur líka). Já, ef þeir verða þá

ekki manntaksmeiri en hæstv. ráðherra. En þeir geta líka komið til þingsins og sagt: Jeg skal taka við þessum störfum, hvenær sem þingið vill. Svo er hæstv. ráðh. að vísa til fyrirkomulagsins í Sviss, en varð það um leið á að geta þess, að þar er það stjórnin og ráðherrarnir, sem fara með þessi mál.

Hæstv. ráðh. gat um, að jeg hefði ekki reynt til að afsaka það, að ekki hefðu verið keypt nein málverk af Ásgrími Jónssyni málara. Mjer þótti það satt að segja ekki þess vert að fara að gera það að umtalsefni, en úr því að hæstv. ráðh. nefnir þetta, þá get jeg sagt honum, að það hefir verið svo um mælt í þinginu, að það fje, sem lagt væri til málverkakaupa, ætti að koma í staðinn fyrir styrk til þeirra manna, sem eru að brjótast áfram til þess að verða viðurkendir sem listamenn, en þeirri viðurkenningu hefir Ásgrímur Jónsson náð fyrir löngu. Upphæðin var auk þess mjög lítil og getur hugsast, að þeim, sem áttu að kaupa í styrktar skyni, hafi fundist svo þröngt í búi hjá sjer, að ekki væri rjett að kaupa af þeim málaranum, sem búinn var að ná viðurkenningu og gat unnið fyrir sjer. Og jeg hygg, að það hefði verið gerð alt önnur ráðstöfun, ef fjenu hefði átt að ráðstafa með tilliti til þess að kaupa það besta, sem í boði væri. Teldi jeg og miklu æskilegra, ef fylgja mætti þeirri reglu að kaupa jafnan það besta, sem í boði er.

Þá sagði hæstv. ráðh., — jeg skal lesa upp orðin eins og jeg skrifaði þau um leið og þau voru sögð: „Hann vill ekki, að nefndin hafi eftirlit með altaristöflukaupunum". Þarna kemur nú þessi losaraháttur á hugsun, sem hæstv. ráðh. fylgir. Hann hefir ekki stungið upp á því, að nefndin hafi eftirlit með kaupum á altaristöflum. Nei, hæstv. ráðh. hefir stungið upp á því, að nefndin kaupi þær. Og svo fer hæstv. ráðh. að blanda þessu saman við eftirlit með að byggja hús í bæjunum. Slík eftirlitsnefnd byggir ekki húsin; hún hefir aðeins eftirlit með því, að þau sjeu bygð eftir settum reglum. En nú má miklu fremur segja, að mín uppástunga hafi það í för með sjer, sem hæstv. ráðh. vill, því að það er skamt á milli þess að leiðbeina og hafa eftirlit með kaupum á altaristöflum.

Ef hæstv. ráðh. er það nokkurt áhugamál að fá sitt frv. svo orðað, að það verði honum ekki til vansa í framtíðinni, þá skal jeg fúslega snúa mjer að því með honum að fá það svo orðað sem hann óskar og koma okkur saman um, að nefndin hafi eftirlit með kaupum á altaristöflum, en það er ekki það, sem stendur í frv. hæstv. ráðherra.

Þá fór hæstv. ráðh. næst að tala um, að það væri meira en barnalegt af mjer að gera ráð fyrir, að löggjöfin næði ekki yfir atriði, sem nú liggur undir atvinnumálaráðuneytið. Jeg gerði einmitt ráð fyrir því, en get sagt hæstv. ráðh. hitt, að þetta er ekki svo ljóst orðað í frv. sem skyldi, því ef forsætisráðherra vildi halda undir sitt ráðuneyti því, sem þar er, þá er frv. ekki svo tvímælalaust orðað. En jeg gerði nú einmitt ráð fyrir því, að þetta væri meiningin, svo að allar ásakanir hæstv. ráðh. fara þess vegna framhjá mjer.

Þá gerði hæstv. ráðh. ekki mikið úr

því, að þeir menn, sem nú úthluta stúdentastyrknum, gætu vitað neitt um það, hverskonar lærdómsmenn vantaði í landið. Þetta er dálítið undarlegt, og jeg held, að hæstv. dómsmrh. geti ekki meint það, að okkar almenna vitneskja um land og landshagi sje svo sjerstaklega bundin við það, að mennirnir sjeu kosnir af flokkum þingsins. Í nefndinni kom það fram, að mentaskólakennarar, stúdentaráðið og háskólakennarar fylgjast mjög vel með í því, í hvaða greinum er útlit fyrir, að landið muni vanta menn, og er það alveg eðlilegt, því að fyrst og fremst hvað stúdentana snertir, eiga þeir að miklu leyti framtíð sína undir því, hvort þeim tekst að hitta á það nám, sem þörf verður fyrir hjá þjóðfjelaginu, þegar þeir hafa lokið námi.

Þá var hæstv. ráðh. ekki neitt sjerlega hógvær eða lítillátur, þegar hann fór að lýsa mismun á viti í kolli manna, eftir því, hvort þeir væru kosnir af þinginu eða ekki, og talaði um, að hjer væri tekið á málinu með festu og framsýni, en eftir hinu fyrirkomulaginu með skipulagsleysi og ráðleysi, og þótti það bera vott um fávisku að hugsa sjer, að menn, kosnir af háskólaráðinu og stúdentaráðinu, hefðu nokkra vitneskju um það, er vita þyrfti í þessu sambandi, samanborið við það, sem þingkosnir menn myndu vita. Það má vel vera, að sendiherra svaraði brjefum frá þessari nefnd, en jeg álít þó betra, að hann eigi ekki of marga húsbændur, og álít jeg heppilegast, að landsstjórnin ein sje hans húsbóndi.

Þá mintist hæstv. ráðh. á ókeypis far með skipum Eimskipafjelagsins, en jeg ætla ekki að fara að ræða það frekar; jeg hefi aðeins bent á, að það er heppilegra að orða það atriði eins og jeg geri, en ekki eins og hæstv. ráðh. gerir í sínu frv.

Þá skal jeg benda á, að það má skoðast sem nokkurskonar venja, að landsstjórnin eigi kost á niðursettu fari fyrir stúdenta og iðnaðarnámsmenn, þegar þeir fara utan. Það má náttúrlega fela hvaða nefnd sem er að ráðstafa þessu, en það er ekki ókeypis far; það er aðeins far með niðursettu verði.

Aðfinslum mínum við 3. gr. gat hæstv. ráðh. engu svarað öðru en því, sem alment er kallað skætingur, en engar slíkar umr. geta afsakað þá hroðvirkni, sem stjfrv. ber vott um. Það yrði tekið eftir því sem hroðvirknislegu og gölluðu verki, ef það kæmi þannig frá þm., en það verður að átelja slíkt, þegar það kemur í stjfrv.

Þá gerði hæstv. ráðh. ráð fyrir því, að það mundi reynast óþarft að borga þessum mönnum. Jeg álít það rangt, að borga þeim ekki. Þegar hæstv. ráðherra er borgað fult kaup fyrir að stjórna þessu máli og taka við þeim aðfinslum og óvinsældum, sem óhjákvæmilega fylgja því að hafa þetta á hendi, þá er rangt að láta hann sitja uppi í stjórnarráði með öll launin, en þrjá þingkosna menn fara að vinna talsverðan hluta af verki hans ókeypis.

ATKVGR.

Brtt. 85,1 feld með 7 : 5 atkv.
1. gr. samþ. með 7 : 4 atkv.
Brtt. 85,2 feld með 7 : 5 atkv.
— 85,3 feld með 6 : 6 atkv.
— 85,4 feld með 7 : 5 atkv.

Brtt. 85,5 feld með 7 : 5 atkv.
— 85,6 feld með 7 : 5 atkv.
2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 85,7 feld með 7 : 6 atkv.
3. gr. samþ. með 7 : 5 atkv.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 : 6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 9).
Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 308).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það er fátt um þetta frv. að segja fram yfir það, sem stendur í nál. Hefi jeg þar litlu verulegu við að bæta.

Brtt. þær, sem nefndin hefir gert á frv., lúta flestar að formi þess, að eins að litlu leyti að efni þess og gera engar stórvægilegar breytingar á frv.

Nefndin leggur það til, að nafni þessarar nefndar verði breytt, þannig að í staðinn fyrir „mentamálanefnd“ komi: mentamálaráð. Einnig að mönnum sje fjölgað í þessu ráði úr 3 í 5. Nefndin lítur svo á, að það starf, sem þessu ráði er ætlað, sje svo yfirgripsmikið, að ekki veiti af, að 5 menn fjalli um það. Ennfremur vill nefndin, að þessir menn fái ákveðna þóknun fyrir störf sín í ráðinu, og telur rjettara, að sú þóknun verði ákveðin þegar í stað, svo að vísu sje að ganga, enda tæpast von, að rækt verði lögð við starfið, ef ólaunað er með öllu. Það fer auðvitað eftir áliti háttv. þingdeildar, hve há sú þóknun verður ákveðin. Hjer er aðeins nefnd lítil fjárhæð, sem ætti þó að gera það að verkum, að menn bindust starfinu fastar en ella.

Þá er lítilfjörleg brtt. við d-lið 2. gr. Nefndinni þykir rjettara að láta söfnuðunum það frjálst, hvort þeir leita til þessa ráðs með útvegun á altaristöflum eða ekki, og vill hún ekki binda söfnuðunum þá skyldu á hönd, að hlíta dómi ráðsins í þeim efnum, hvernig sem verða kann.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, þar sem hjer er aðeins um smábreytingar að ræða, sem nær eingöngu lúta að formi frv.

Magnús Jónsson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem á við frv. í heild. Í því felst nú það, að jeg hefi unnið með nefndinni og ekki sjeð ástæðu til að kljúfa hana nje leggjast þungt á móti frv., þó mjer hinsvegar virðist ekki stefnt til mikilla bóta í

meðferð þeirra mála, sem frv. nær yfir. Þetta verk hvílir nú að mestu á landsstjórninni.

1. liðurinn er um úthlutun á þeim styrk, sem þingið veitir til skálda og listamanna. Um þessa úthlutun hafa nú margar leiðir verið prófaðar. Fyrst gerði sjálft Alþingi það, en slíkt þótti fljótt óviðkunnanlegt, þar sem ræða varð um verðleika styrkþeganna, og úrslitin þóttu líka oft nokkuð vafasöm. Þá var næst tekinn sá siður að láta stjórnina fara með þetta. Þá tók við nefnd, er starfaði nokkur ár. Og þótt jeg vilji nú naumast lasta hana, þar sem jeg var í henni sjálfur, þá verð jeg þó að segja, að henni þótti ekki takast betur en stjórninni, og þótti því rjettast, að landsstjórnin tæki við því starfi aftur. Stjórninni er nú einu sinni borgað fyrir að taka á móti skömmum fyrir opinberar framkvæmdir, og þá var rjett, að hún bætti þessu við sig líka. Samkv. þessu frv. á það nú að verða nefnd, kosin af Alþingi, og því pólitiskt lituð sennilega. Jeg geri því naumast ráð fyrir því, að nefnd þessari fari þetta betur úr hendi en stjórninni, sem getur kvatt færustu menn í hverri grein til ráðuneytis við sig, og þar með máske fengið hæfari starfskrafta heldur en þetta „ráð" hefir yfir að ráða. — Annars tel jeg það enga hættu að fela slíkri nefnd eða ráði þetta, og legg því ekki neitt fast á móti því.

Svipað er að segja um b-liðinn. Stjórnin hefir það starf nú með höndum, að kaupa listaverk handa landinu, og getur þar skipað á hverjum þeim, sem hún treystir best.

Þá er c-liður, það að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa byggingu listasafns í Reykjavík. Það kann nú að vera, að eitthvert lið geti orðið að þessu. En jeg held nú, að bygging listasafnshúss hjer í Reykjavík sje ekki svo ákaflega aðkallandi, að það geti ekki vel dregist eitthvað og verði að bíða eftir því, að ýmsar aðrar byggingar komist upp. Og jeg hygg, að þegar að því kemur, að slík bygging verður reist, þá væri nógur tími að ráða fram úr með umsjón þess.

Þá er það d-liðurinn, að kaupa altaristöflur handa kirkjum. Þetta er nú, að því er jeg best veit, alveg frumlegt. Jeg veit ekki til, að löggjafarvaldið hafi neitt skift sjer af þessu hingað til. Nefndinni þótti nú of sterkt að orði komist, að skylda sóknarnefndir til þess að láta nefndina kaupa altaristöflur í kirkjurnar. Og ef einhver vildi gefa kirkju altaristöflu, þá hefði hann orðið að gefa peningana og láta nefndina ráða kaupunum. Nefndin vissi ekkert hliðstætt dæmi og þótti þetta of langt gengið. Það getur að vísu komið fyrir, að kirkjur sjeu óprýddar með illa gerðum altaristöflum, en það má þá líka gera með mörgu fleira, meðan engin umsjón er með því, hvernig þær eru gerðar að öðru leyti. En jeg veit nú ekki til, að þær altaristöflur, sem keyptar hafa verið, sjeu þær ómyndir, að þetta sje sjerlega aðkallandi. Jeg hefi að vísu heyrt, að þetta eigi að vera til þess að útiloka erlendar altaristöflur, en halda því fje, sem til þeirra gengur, til íslenskra listamanna. En í frv. er engin trygging fyrir því, að keypt verði af íslenskum mönnum, svo sá tilgangur þarf ekki að nást. Getur verið, að þetta sje fram komið af því

biskup hefir útvegað eitthvað af útlendum myndum, en jeg sje ekki, hvaða trygging er fyrir því, að ráð þetta sje altaf og verði svo miklu þjóðlegra en biskup. Og þegar ekki eru til nógu hugþekkar altaristöflur eftir íslenska menn, þá er hart að mega ekki kaupa útlendar. Altaristöflur eftir íslenska menn hafa, sannast að segja, lánast misjafnlega vel. Þeir hafa ekki náð þeim stíl eða blæ, sem gefendurnir vilja hafa. Eins og nefndin hefir gengið frá þessu, er þetta nú að vísu gagnslítið, en getur þó verið til bóta, að menn viti, að þeir geti snúið sjer til þessarar nefndar með kaup á altaristöflum. En það er svo smátt atriði, að varla er þess vert að ómaka löggjafann með því.

E-liðurinn í frv. er langumfangsmesti og erfiðasti liðurinn. Nú er þessum styrk úthlutað af nefnd manna, sem stöðu sinnar vegna eiga að vera kunnugir. En það er engin trygging fyrir því, að þetta ráð verði það. Að vísu gæti það farið í smiðju til rektors mentaskólans eða prófessoranna við háskólann. En jeg sje ekki, að sú krókaleið sje betri, því þá eru ráðin komin í hendur sömu manna og nú hafa þau. Niðurlagsákvæði þessa liðs eru í sjálfu sjer þörf og sjálfsögð, að veita þessa styrki eftir því, sem þörf þjóðarinnar krefur um störf, og að litið sje eftir þeim, sem styrksins njóta. En þetta gæti sú nefnd eins vel gert, sem nú úthlutar þessum styrk, og með aðstoð sendiherrans. Hitt er ekki nema gott, að hæstv. ráðh. (JJ) sýnir, að hann hefir áhuga á þessum málum.

Um f-liðinn nægir að geta þess, að þar sem líklegt er, að landsstjórnin eigi einatt frumkvæði að slíkum utanferðum, sem þar greinir, þá er hálfóviðkunnanlegt, að stjórnin verði að sækja til nefndarinnar um ókeypis far handa slíkum mönnum. Heppilegra, að hún hefði þessa úthlutun sjálf í hendi sinni.

Um meðferð sjóða þeirra, sem um getur í g-lið, sýnist vera óþarfi að gera ráðstafanir, meðan þeir sjóðir eru ekki stofnaðir. Að vísu er eitt frv. um sjóðstofnun á ferðinni hjer í þinginu, en því mætti hæglega ráðstafa öðruvísi.

Afstaða mín til þessa frv. er því sú, að það sje fremur gagnslítið, en tiltölulega meinlaust. Þetta er smámál, hálfgert hjegómamál. En jeg sje þó ekki ástæðu til að beita mjer mikið á móti því, að þetta verði gert.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Frv. þetta skýrir sig að miklu leyti sjálft, en þó vildi jeg fara nokkrum orðum um tilgang þess. Það er að vísu rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv. (MJ), að þetta er ekkert stórmál. En það er þó fyllilega þess vert að samþykkja það.

Jeg ætla fyrst að minnast á 2. liðinn, sem er um það, að nefndin, fyrir landsins hönd, festi kaup á listaverkum fyrir það fje, sem til þess er veitt. Í þessi kaup ríkissjóðs hefir vantað festu hingað til. En jeg geri ráð fyrir, að hún skapist með þessu, þar sem líklegt er, að slík nefnd, sem hjer er gert ráð fyrir, myndi starfa lengi. Jeg geri og ráð fyrir, að þeir menn, hvort sem þeir væru 3 eða 5, sem þingið kysi til þessara starfa, yrðu ekki háðir stjórnarskiftum, og fáist því meiri festa og samræmi í meðferð þessara mála en

nú á sjer stað og verið hefir að undanförnu.

Viðvíkjandi c-liðnum er jeg ekki eins vondaufur eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ), og vil jeg í því sambandi benda á annað frv., sem er síðar á dagskránni í dag. Jeg hugsa mjer, að ákvæði þess liðs geti t. d. komið til greina, þegar erlend smyglaraskip koma hjer til lands og eru gerð upptæk. Mætti það verða til þess, að hjer yrði síðar meir hægt að koma upp listasafnshúsi. Málverkasafn ríkisins er nú á flækingi. Sumt af því er hjer í þessu húsi, sumt í ráðherrabústaðnum, 5—6 málverk hefi jeg lánað til ríkisskólanna og eitt er jeg nú að senda til kennarastofu háskólans.

Þá kem jeg að d-liðnum, sem nefndin hefir ekki getað fallist á óbreyttan. Málurum vorum þykir nú, sem vænta má, ekki gott, að 3. til 4. flokks útlendir málarar skuli vera látnir mála altaristöflur í kirkjur vorar, þó að hinir innlendu menn væru alveg eins eða betur færir um að gera það. Og það varðar miklu í þessu efni, að smekkleysið sje ekki látið ráða. Til dæmis um það vil jeg benda á, að Magnús heitinn á Grund rjeðst í að láta gera þar kirkju og sparaði ekkert til, eyddi í það miklum hluta af auði sínum, en árangurinn varð smekkleysa. Jeg álít jafnvel betra, að engin kirkja væri á Grund en þetta hlægilega víravirki, sem þar er, og er leitt að þurfa að segja þetta, því að það er víst, að Magnús Sigurðsson vandaði bygginguna eftir mætti og af bestá vilja. Hjer er einmitt bent á leið til að koma í veg fyrir, að slíkt komi fyrir að því er snertir altaristöflur. Ríkið hefir fullan rjett á að gera kunnugt, að það vilji ekki láta óprýða kirkjur sínar með smekklausum altaristöflum, og koma í veg fyrir, að það sje gert. Meðan þjóðkirkja er, sem ríkið kostar, virðist alveg sjálfsagt, að eftirlit sje haft með þessu. En jeg verð að segja, að frá mínu sjónarmiði er sama að samþ. brtt. nefndarinnar og að fella liðinn.

Þá er e-liðurinn, um úthlutun á námsstyrk. Hann á ekki fremur við stúdentastyrk en annan styrk, sem veittur er til náms erlendis. Jeg hefi þá skoðun, að þingkosin nefnd, skipuð fulltrúum allra stærstu flokkanna á þingi, hljóti að vita betur en til dæmis rektor mentaskólans um það, hvort landið þarfnast margra sjerfróðra manna og á hvaða sviði helst. Með því að gera ráð fyrir, að allir flokkar eigi þarna fulltrúa, má líka vænta þess, að hugsunarháttur allra þjóðmálastefna fái að njóta sín.

Í sambandi við þessa ráðstöfun get jeg ekki stilt mig um að nefna hið merkilega dæmi Japana, sem gerði þá að vestrænni þjóð á einum mannsaldri. Þar voru valdir úrvalsmenn úr öllu landinu og sendir til Evrópu til að kynna sjer vestræna menningu og læra af henni. Þegar þessir menn komu heim, bygðu þeir upp hið japanska stórveldi. Hjer er ekki til neitt varanlegt vald nema þingið, og sýnist því rjettast, að þessum málum sje stjórnað sem mest í samræmi við það.

Þá er f-liðurinn, um að nefndin skuli úthluta ókeypis fari milli landa til þeirra manna, sem ferðast til alþjóðar gagns. Í því sambandi vil jeg benda á menn eins og Matthías Jochumsson. Hvílíkur fögnuður hefði verið fyrir þann mann að eiga þess kost

að komast til útlanda með þeim hætti. Um umráð ríkisins yfir ókeypis fari milli landa hefi jeg það að segja, að jeg tel, að vegna þess mikla styrks, sem ríkissjóður veitir árlega Eimskipafjelagi Íslands, eigi stjórnin og hljóti að hafa ráð á nokkrum farrýmum. Matthías Jochumsson barðist við það, þrátt fyrir mikla fátækt, að komast nokkrum sinnum utan, og það er alveg víst, að þær ferðir áttu mikinn þátt í að gera hann að þeim manni, sem hann varð. Og það er einmitt svipað ástatt um suma okkar bestu menn nú, til dæmis Einar Jónsson myndhöggvara, að þeim er það lífsnauðsyn að komast til útlanda öðru hverju. Við erum oft að reyna að hjálpa listamönnum vorum til þessa, og jeg skal geta þess, að mjer tókst nýlega, í fjelagi við hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að hjálpa Kjarval málara, sem nú er í París, til þess að komast utan, með því að útvega honum ókeypis far til Englands. Jeg þykist vita, að hv. 1. þm. Reykv. (MJ), sem sjálfur er listamaður, skilji þetta vel og geti fallist á þetta.

Jeg sje, að ýmsir hv. þdm. munu vera ánægðir með frv., þar sem fram er komin till. til þál., sem gerir ráð fyrir tilveru þessarar nefndar. Það atriði, að nefndarmenn skuli vera 5, en ekki aðeins 3, er auðvitað ekki verra, að öðru leyti en því, að ef nefndin verður launuð, eykur mannfjölgunin kostnaðinn.

Magnús Jónsson: Jeg ætla aðeins að svara hæstv. ráðh. (JJ) nokkrum orðum. Það er yfirleitt ósköp lítið, sem skilur okkur í þessu máli. Jeg álít, að það eigi að vera takmörk fyrir því, hvað mál þurfi að vera mikilsvert til þess að vert þyki, að Alþingi setji um það lög. Og mjer finst það vera svo um þetta frv., að það sje fremur neðan við en ofan við þau takmörk.

Hæstv. ráðh. gat um þörfina á að koma upp listasafni, og get jeg mjög tekið undir það með honum. Það verður ekki ofsögum af því sagt, að á því er hin mesta þörf, úr því við erum að burðast með málverkasafn. Málverkin eru nú sum látin óprýða þennan sal, sem við nú erum staddir í. Þau njóta sín hjer alls ekki. Þeim er tylt svo hátt á vegg, að birta fellur ekki á þau nema snjór sje á jörð. Hefir Kjarval málari rjettilega skrifað um það, hve illa fer á því að rugla samræmi salsins með því að hengja í hann málverk, sem ekki eiga við hann. Það á vitanlega vel við að hengja upp myndir af þektum stjórnmálamönnum í reitina neðan til á veggjunum, en hin stærri málverk, sem hjer eru hengd upp undir lofti, njóta sín alls ekki og eru ekki til neinnar prýði. Auk þess er þörfin á húsum hvarvetna mikil. Háskólinn er húsnæðislaus og er hjer á neðri hæð þessa húss og eyðileggur með því húsrúm þingsins, og svo mætti halda áfram að telja. Það skyldi þá vera, að frv. um menningarsjóð gengi fram og að einhvern stóran hvalreka bæri að landi, smyglaraskip eða annað því um líkt „lán í óláni". Annars hefir hann nú lýst því hjer, hvernig búið væri að ganga milli bols og höfuðs á bannlagabrjótunum, svo að menn skyldu halda, að ekki væri mikilla tekna að vænta úr

þeirri átt. Það er nú svo yfirleitt, að það verður ekki bæði slept og haldið. En eins og jeg benti á áðan, get jeg ekki sjeð, að úrlausn þessa máls sje neitt nær með skipun þessarar nefndar en án hennar. (**Dómsmrh. JJ:** Hún „agiterar" fyrir málinu). Agiterar hún fyrir bannlagabrotum?

Viðvíkjandi því, hvort eigi að ákveða nefndarmönnum þóknun, vil jeg skjóta því fram, að mjer finst mjög óviðfeldið að leggja á menn störf, sem þeim er þröngvað til að taka að sjer, án þess að launa þeim nokkuð fyrir. Þar að auki er ekki meiri munur en það á frv. og brtt. nefndarinnar, að það er alveg eins hægt eftir frv. að ákveða nefndinni þóknun.

Jeg efast ekki um, að íslenskir málarar sjeu færir um að mála eins góðar altaristöflur eins og þær útlendu, sem fluttar hafa verið hingað, en þeir eru aðeins ekki búnir að finna það snið, sem á þeim þarf að vera, eða öllu heldur hafa ekki viljað leggja sig eftir því. En ef þeir vildu brjóta odd af oflæti sínu og taka upp þennan stíl eða „copiera", þá efast jeg ekki um, að þeirra verk yrðu ekki síður keypt. Jeg viðurkenni fullkomlega tilgang hæstv. ráðh. með því að vilja ekki taka við smekklausum altaristöflum í kirkjur landsins. Hann mintist í því sambandi á kirkju, sem hefði verið bygð af miklu fje en lítilli smekkvísi, og er jeg honum alveg sammála um það, að það er hróplegt að eyða svo miklu fje í þessa byggingu án þess að nokkurt eftirlit væri haft með því, að hún væri smekkleg að gerð. Jeg hefi að vísu ekki sjeð þessa kirkju, en eftir myndum að dæma sýnist mjer, eins og hæstv. ráðh., hún vera mjög ósmekkleg. — Hinsvegar kann jeg ekki við þessi höft, sem hjer á að leggja á frelsi manna þeirra, sem gefa vilja altaristöflur, og jeg viðurkenni heldur ekki þörfina á því að taka þannig fram fyrir hendur þeirra. Það munu fá eða engin dæmi til þess, að keyptar hafi verið altaristöflur án þess að fengin væri til þess leiðbeining hæfra manna.

Viðvíkjandi úthlutun námsstyrks, þá má vera, að þingið viti betur, hver þörf er á mönnum í hinum ýmsu greinum, en jeg býst við, að nefnd sú, sem nú hefir þetta með höndum, muni sjerstaklega afla sjer upplýsinga um það.

Þá fór hæstv. dómsmrh. nokkrum orðum um f-liðinn, um úthlutun á ókeypis fari til útlanda. Kvað hann mikils virði fyrir einstaka menn að geta komist utan og tók til dæmis um það Matthías heitinn Jochumsson. Þetta er vitanlega alveg rjett, og býst jeg við, að enginn ágreiningur sje um slíkt. En þetta kemur bara ekki málinu við. Því að í frv. er ekki útvegað neitt ókeypis far. Jeg skal verða manna fyrstur til að styðja að því, að slíkum mönnum sje hjálpað í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 308,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 308,1.b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 308,1.c samþ. án atkvgr.
— 308,1.d samþ. með 15 : 6 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 308,2.a samþ. án atkvgr.
— 308,2.b samþ. án atkvgr.
— 308,2.c samþ. með 16 : 8 atkv.

Brtt. 308,2.d samþ. án atkvgr.
— 308,2.e samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 308,3 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 3 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til laga um mentamálaráð Íslands.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 349).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 349).
Á 46. fundi í Ed., 13. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 349, 471).
Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 471. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Jeg hefi ásamt 2. þm. N.-M. leyft mjer að bera fram brtt. við b-lið 2. gr. frv. þessa, sem er á dagskrá. Hún er í því fólgin, að liðurinn er gerður fyllri og inn í hann aukið, að mentamálaráðið leggi samþykki sitt á uppdrætti af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa. Ennfremur er farið fram á, að orðalagi verði breytt lítið eitt á sama lið, þannig að þetta „ef óskað er" falli burt. Því það liggur í augum uppi, að ekki verða keyptar altaristöflur, nema hlutaðeigandi söfnuðir óski þess. Annars er ekki ástæða til þess að fjölyrða um þessa brtt. En jeg og hv. meðflutningsmaður minn lítum svo á, að það sje nauðsynlegt, að mentamálaráðið hafi hönd í bagga með uppdráttum af kirkjum, bæði ef bygðar eru nýjar kirkjur og ef kirkjum er breytt. Einnig er þess full þörf, að ráðið hafi íhlutunarrjett um það, hvar kirkjur eru settar.

Jeg býst nú að vísu við, að um þetta geti verið skiftar skoðanir. En af því að mjer fanst eðlilegt og sjálfsagt, að þessum ákvæðum væri bætt í frv., þá leyfði jeg mjer að koma fram með þessa brtt., ásamt meðflutningsmanni mínum. Og meðan henni hefir ekki verið andmælt, sje jeg ekki ástæðu til þess að fara um hana fleiri orðum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. flutningsmönnum þessarar brtt. fyrir að hafa borið hana fram, því það er í mesta máta gleðilegt, ef haft yrði meira eftirlit með byggingu og útliti kirkna hjer eftir en hingað til. Gott dæmi þess, hversu mikil nauðsyn hefði verið að hafa eftirlit með því, hvar kirkjur væru reistar, er Hafnarfjarðarkirkja, einhver fegursta kirkja landsins, þetta meistaraverk Rögnvalds Ólafssonar. Forráðamenn hennar völdu henni stað þar, sem lægst var, niðri á mölinni. Ef þessi kirkja hefði verið reist í Noregi eða Svíþjóð, hefði henni

verið valinn staður hærra uppi, þar sem hún hefði getað staðið til ævarandi prýði. Eins og jeg tók fram, er kirkjan sjálf fögur. En ókunnugir menn, sem koma til Hafnarfjarðar, finna sárt til þess að sjá hana þarna niðri í lægðinni.

Viðvíkjandi fyrri lið till., um teikningar á kirkjum, er það að segja, að með því að hv. Nd. hefir gengið svo frá þessu máli, að í ráðinu eiga að vera 5 menn, mun mega ganga út frá því, að það eigi nægilega fjölbreyttum hæfileikum á að skipa til þess að geta haft góð áhrif í þá átt, að útlit kirkna verði fegurra og smekklegra en oft hefir átt sjer stað. Og það ætti að vita betur, hvað heppilegast er í þessum málum, heldur en menn, sem aldrei hafa átt kost á að kynnast slíku og fátt sjeð af fyrirmyndum.

ATKVGR.

Brtt. 471 samþ. með 8 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., 14. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 472).

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

---

13. Ríkisrekstur á útvarpi.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á víðvarpi (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta er þriðja frv., sem borið er fram samkvæmt áskorun þessarar hv. deildar í fyrra.

Það var eins og kunnugt er skipuð nefnd í þetta mál, og er frv. borið fram algerlega í þeirri mynd, sem hún gekk frá því.

Þetta er að mínum dómi eitt hið merkasta menningarmál. En jeg skal játa, að jeg hefi ekki haft tíma til að athuga það eins og vert væri. Það fór nokkuð framhjá mjer, þegar það kom til umr. hjer á þingi í fyrra, vegna þess, að í mörgu var að snúast, og eins og menn sjá á nál., hvenær það er dagsett, hefir stjórnin ekki haft mikinn tíma til að athuga málið síðan.

Hinsvegar hefir málið fengið rækilega athugun í nefndinni. Um einstök atriði málsins ætla jeg ekki að ræða að þessu sinni, en vil sjerstaklega beina því til þeirrar nefndar, sem væntanlega fær málið til umsagnar, að hún athugi, hverja afstöðu skuli taka til þess fjelags, sem nú hefir rekstur víðvarps með höndum. Vitanlega er sjálfsagt við athugun málsins að snúa sjer bæði til þessa fjelags og eins til milliþinganefndarinnar.

Jeg skal geta þess, að mjer finst nokkur vafi geta leikið á því, í hvaða nefnd málið ætti helst heima. Eftir eðli málsins finst mjer það jafnvel helst ætti heima í mentmn., en það hefir áður verið í allshn., og mun jeg því, vegna venju, gera það að till. minni, að því verði vísað til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 8, n. 262).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Það þarf í raun og veru ekki langa framsögu í þessu máli, því að jeg býst við, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer það og sjeu því velviljaðir. Þó skal jeg í fáum orðum drepa á aðdraganda þess.

Eftir þál. frá síðasta þingi voru þeir Gísli J. Ólafson landssímastjóri, Páll E. Ólason prófessor og Jón Eyþórsson veðurfræðingur skipaðir í nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um ríkisrekstur útvarps. Hefir nefnd þessi svo samið ítarlega skýrslu um málið, og nægir að vísa til hennar, því að í henni felast upplýsingar um flest það, sem menn þurfa að vita í þessu máli.

Um nauðsyn þessa máls þarf ekki að fara mörgum orðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við, sökum strjálbygðar landsins og erfiðra samgangna, höfum mikla þörf á því að fá sem best útvarpstæki, til þess meðal annars að fá veðurfregnir, tímamerki, afla- og markaðsfregnir. Þá má og benda á sparnaðarástæður í sambandi við frv. Eftirspurnin eftir nýjum símalínum fer altaf vaxandi, meira til þess að fá fregnir en til þess að senda skeyti víða hvar. En margir líta svo á, að þörfum þeirra hjeraða, sem afskekt eru, væri betur fyrir komið á þann hátt að gera þeim kleift að fá víðvarp heldur en þó bygðar væru þar símalínur, sem engan veginn bera sig fjárhagslega. Þá má líka benda á, að útvarpið getur haft mikla þýðingu til menningar og mentunar, ef viturlega er á haldið. Gegnum það getur farið fram ýmiskonar fræðsla. Það má víðvarpa bestu fyrirlestrum, söng og hljóðfæraslætti. Jafnvel er ekki óhugsandi, að fækka mætti prestum, ef það næði almennri útbreiðslu.

Að því er snertir rekstur útvarpsstöðva, þá er hann mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum. En flest ríki virðast þó hallast að því, annað tveggja að reka það sjálf eða hafa hönd í bagga með því. Því að reynslan vill altaf verða sú, þegar slík fyrirtæki eru rekin af einstaklingum, þá hugsa þeir fyrst og fremst um sinn hag. Alveg eins og t. d. ef síminn væri einkaeign, þá myndu eigendurnir kinoka sjer við að leggja línur þangað, sem lítilla tekna væri von.

Það varð ofan á í útvarpsnefndinni að leggja það til, að ríkið tæki málið í sínar hendur, og að sömu niðurstöðu komst allsherjarnefnd líka. Útvarpsnefndin leggur til, að ríkið láti reisa útvarpsstöð í Reykjavík, er ekki hafi minni orku en 5 kw. í loftneti til víð-

varpssendingar og sje ennfremur þannig gerð, að nota megi hana til venjulegra skeytasendinga til útlanda, og sje orka hennar í loftneti þá ekki minni en 10 kw. Aðalatriðið er, að hún leggur til að reisa eina stóra stöð, en ekki margar minni. Áætlað er, að stöð þessi kosti um hálfa miljón kr. Þetta er mikið fje, og er von, að mörgum blæði það í augum. En það er ekki eins tilfinnanlegt eins og maður heldur í fyrstu, því að samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar er rekstrarhallinn ekki nema 4 fyrstu árin; eftir það er gert ráð fyrir, að stöðin fari að gefa tekjur.

Niðurstaða allshn. er því sú, að stefna beri að því, að ríkið taki að sjer rekstur stöðvarinnar, og leggur nefndin áherslu á, að útvarpsstarfseminni verði haldið áfram hjer á landi, því ella myndi alt það starf, er fjelag það, sem hjer hefir rekið útvarp, hefir int af hendi, verða til einskis. Eins og jeg hefi tekið fram áður, tel jeg það sjálfsagt að hafa ríkisrekstur á þessari stöð, en myndi þó skoða huga minn, ef kostur væri á að gefa einkafjelagi leyfi um stuttan tíma, með því skilyrði þó, að ríkið tæki fljótlega málið í sínar hendur. Til þess að sýna fram á, hve nauðsynlegt er að flýta því, að ríkið taki mál þetta í sínar hendur, vil jeg geta þess, að talið er heppilegast að hafa væntanlega stöð með langri bylgjulengd. En svo stendur á, að nýlega er búið að banna stöðvar með langri bylgjulengd í Evrópu. Var það gert á alþjóðafundi, sem haldinn var í Washington. Dragist því lengi að koma stöðinni upp, má gera ráð fyrir, að ekki verði hægt að fá tæki með þessari bylgjulengd.

Brtt. nefndarinnar eru allar lítilvægar. Aðalbreytingin er í því fólgin að heimila stjórninni að taka lán í þessu skyni. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki væri tiltækilegt að fá þjóðleikhússjóðinn lánaðan til þessara hluta. Og jeg fyrir mitt leyti tel ekkert á móti því. En sjái stjórnin sjer fært að útvega peninga á annan hátt, er jeg því samþykkur.

Þá hefir allshn. talið betur fara á því að hafa orðið „útvarp“ um þessa hluti. Finst það viðfeldnara en „víðvarp“.

Að því er snertir bráðabirgðaákvæðið, að stjórninni sje heimilt að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar með minni stöð en hjer ræðir um, meðan verið er að koma upp hinni stærri, vil jeg taka það fram, að minsta kosti fyrir hönd margra í nefndinni, að við væntum þess, að stjórnin fari ekki á neinn hátt ver með þá menn, sem brotið hafa ísinn í þessum málum hjer, og jafnframt hafa tapað fje á því, heldur en nauðsyn ber til, án þess jeg vilji á nokkurn hátt hvetja til þess, að hún geri það landinu til tjóns.

Hjeðinn Valdimarsson: Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er, eins og menn vita, hið mikla ólag, sem verið hefir á útvarpinu hingað til.

Það yrði of löng saga að rekja það hjer, bæði hvernig útvarpinu hefir verið stjórnað af h/f „Útvarpi“ og afskifti fyrv. stjórnar af því fjelagi.

Menn eru alment sannfærðir um það, að aldrei komist gott lag á útvarpið hjer á landi, fyr en h/f „Útvarp“ hættir rekstrinum og ríkið hefir tekið hann í sínar hendur, og að

eina ráðið til þess að útvega stóra og góða stöð sje, að ríkið taki þá framkvæmd að sjer.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer í þá átt, að stofnuð verði stór og öflug stöð, sem dragi um land alt, í stað þeirrar, sem nú er og aðeins dregur mjög takmarkað. Útvarpsnefndin, sem samið hefir frv. og kynt hefir sjer málið sjerstaklega, áætlar, að til þess að koma á fót slíkri stöð þurfi ekki að taka nema um 300 þús. kr. lán, því að stöðina er líka hægt að fá að láni hjá þeim, sem búa hana til. Þetta er ekkert afskaplega mikill kostnaður, samanborið við það, sem fæst í aðra hönd.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þdm. á, að þetta mál er fyrst og fremst stórmál fyrir sveitirnar, og að mínu áliti er það eitthvert stærsta málið af mörgum, sem fyrir þessu þingi liggja og sveitirnar varða. Að minsta kosti er það miklu meir mál sveitanna en kaupstaðanna.

Og þeir, sem vilja láta fólkið tolla í sveitunum, og vilja til þess veita menningarstraumunum um sveitirnar, svo að fólk þurfi ekki að sækja þá til höfuðstaðarins, þeir ættu að fylgja þessu máli fast og stuðla að því, að það komist sem fyrst í framkvæmd, því að það, sem hjer er verið að gera, er að tengja menningu sveitanna við höfuðstaðinn.

Jeg tel það ekki aðalatriðið í þessu máli, sem hv. frsm. (GunnS) taldi, að útvarpinu verði haldið áfram, svo að ekki verði hlje á. Jeg álít það aðalatriðið, að nú á næstunni komist upp svo stór stöð, að hún nái til flestra býla á landinu.

Hinsvegar er jeg auðvitað ekki á móti því, ef það hefir ekki óþarfan kostnað í för með sjer, að vel verði farið með h/f „Útvarp", en jeg held, að það hafi haft svo góð sjerleyfisskilyrði, að það hefði átt að geta bjargað sjer sjálft.

Mjer skildist á háttv. frsm., að hann væri ekki fráhverfur því, að fjelagið hjeldi áfram rekstri sínum með einkarjettindum þeim, sem það hefir, ef ríkið tæki ekki útvarpið í sínar hendur. (**GunnS**: Nei, jeg vildi, að fjelagið hjeldi áfram heldur en að útvarpið legðist niður). Jeg get ekki talið það líklegt, að svo fari. Ríkið ætti að hafa svo mikið lánstraust, að því væri innan handar að fá það lán, sem þarf til að koma stöðinni upp og reka hana.

Það hefir komið til mála, að h/f Dansk Radio gerði samninga við útvarpsfjelagið eða stjórnina um að taka að sjer rekstur útvarpsins hjer að einhverju eða öllu leyti. Jeg vil taka það fram hjer, að jeg er því algerlega mótfallinn, að danskt fjelag fái sjerleyfi til útvarpsrekstrar hjer á landi, og mjer finst, að þeir, sem mest hafa talað um þá hættu fyrir sjálfstæði landsins, sem stafaði af framlögum dansks verkalýðs til styrktar íslenskum verkalýð, ættu að leggjast fast á móti því, að danskt fjelag fengi einkarjett hjer á landi til slíkrar starfsemi sem útvarpsrekstur er, hvort heldur sem það stæði eitt eða gengi inn í h/f „Útvarp" og fengi yfirráð hess.

Viðvíkjandi bráðabirgðaákvæðinu um heimild handa ríkisstjórninni til að taka að sjer útvarpsrekstur nú begar með minni stöð en í frv. sjálfu er gert ráð fyrir til bráðabirgða, þá vil

jeg taka það fram, að jeg mun ekki leggjast sjerstaklega á móti því, að ríkið keypti þá stöð útvarpsfjelagsins til þess, en með því skilyrði aðeins, að það væri aðeins um stuttan tíma, sem sú stöð yrði rekin, og að það væri fyrirfram trygt, að ríkið gæti selt þá stöð upp í aðra stærri.

Það er skoðun margra, sem vel vilja fara með h/f „Útvarp", að þetta beri að gera, og ef hægt væri að fá þá skilmála hjá því fjelagi, sem seldi væntanlega stærri stöð, að litla stöðin gæti gengið upp í hina stærri, þá er jeg meðmæltur því, að það verði gert, en aðeins með þessum skilyrðum. Ef hinsvegar er farið út á þá braut, að ríkið keypti stöð útvarpsfjelagsins til þess að reka hana um lengri tíma, þá er jeg alveg viss um, að það mundi verða svipuð óánægja út af rekstrinum og nú er, og sje jeg enga ástæðu til þess að gera það, nema þá til þess að hjálpa því fjelagi út úr kröggunum. En það væri of langt gengið að halda útvarpsmálinu óleystu um langan tíma aðeins í þeim tilgangi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. nefnd hefir gert nokkrar breytingar á frv., og hefi jeg ekkert við þær að athuga.

Út af 1. brtt. vil jeg taka það fram, að jeg álít það alveg nauðsynlegt að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að taka lán, ef á að gefa henni heimild til ríkisrekstrar á útvarpi. Hinsvegar get jeg ekki af stj. hálfu lýst yfir neinu um það að svo komnu máli, hvort ráðist verður í þetta fyrirtæki eða ekki.

Það er vitanlegt, að það kostar mikið fje; bæði verður stofnkostnaður samkvæmt áætlun mikill, og líka dæmin til þess, að áætlanir standist ekki betur en svo og svo, þegar farið er að reka slík fyrirtæki.

Það, hvort ráðist verður í þetta eða ekki, verður algerlega að fara eftir því, hvort fjárhagur ríkissjóðs leyfir það eða ekki.

Út af orðum, sem fallið hafa hjer í hv. deild um þær heimildir í ýmsum lögum, sem þetta þing mun veita stj., get jeg lýst yfir því í eitt skifti fyrir öll, að þær heimildir verða alls ekki notaðar, nema því aðeins, að fjárhagsafkoman leyfi.

Þá hefir hv. nefnd bætt við frv. bráðabirgðaákvæði, sem aðallega er um aðbúð að því fjelagi, sem nú hefir útvarpið með höndum, og einnig heimilar stj. að taka að sjer útvarpsrekstur í minni stíl en annars er gert ráð fyrir í frv.

Jeg get heldur ekki, að svo vöxnu máli, lýst yfir neinu um það, hvort stj. muni þykja gerlegt að taka að sjer útvarpsrekstur í smærri stíl um stundarsakir. Jeg mundi fyrst og fremst ráðgast um það við þá menn í útvarpsnefndinni, sem hingað til hafa verið í ráðum með stj. um þessi mál.

Jeg heyri af ræðum háttv. frsm. (GunnS) og hv. 2. þm. Reykv. (HjV), að það eru skiftar skoðanir um það, hvað beri að gera í þessu efni, þótt báðir sjeu með því að samþykkja heimildina. Jeg get, sem sagt, ekkert sagt um það, hvað stj. muni gera, en svo mikið get jeg sagt, að jeg hefi enga tilhneigingu til þess að fara illa með þá menn, sem hingað til hafa brotist í því að gera fyrstu tilraun-

ina í þessu máli. En hinsvegar mun þess verða gætt, að ríkinu verði engir óþarfir baggar bundnir vegna þessa.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg rjett hjá hæstv. atvmrh. (TrÞ), að þótt nefndin hafi komist að sömu niðurstöðu, þá hefir hún ekki komist að henni með sömu forsendum.

Jeg fyrir mitt leyti vildi, að stjórnin hefði sem óbundnastar hendur í þessum efnum, og þar sem hún vildi fá þessa heimild, taldi jeg sjálfsagt, að hún fengi hana.

Við yfirlýsingu hæstv. atvmrh. hefi jeg ekkert að athuga. Mjer þykir það ekki nema vonlegt, að hæstv. stjórn hafi enn ekki tekið endanlega afstöðu til þess, hvernig þessi vandamál verða leyst í framtíðinni. Jeg vil því skjóta því til hæstv. atvmrh., að þótt jeg greiði atkvæði með því, að þessi heimild verði veitt, þá liggur ekki í því nein ósk frá mjer til hæstv. stj. um það, að heimildin verði notuð, nema því aðeins, að hæstv. stj. sýnist það rjett. Jeg veit, að hæstv. stjórn mun hafa í mörg horn að líta á næstunni, og vil engan veginn, að þingið leggi hart að henni um að nota þær stóru heimildir til framkvæmda, sem það mun gefa henni, nema því aðeins, að hún sjái, að fjárhagsafkoman leyfi það.

Hinsvegar álít jeg þetta mál svo mikið menningar- og framfaramál, að jeg álít, að það væri mjög æskilegt, að undinn væri eins bráður bugur að framkvæmd þess og hægt er.

Hvað það atriði snertir, að fyrirhuguð stöð væri höfð svo stór, að hún dragi um alt land, þá vil jeg aðvara hv. þdm. um það, að það eru alstaðar til svo kallaðir „dauðir punktar", þar sem ekkert heyrist. Og reynslan hefir sýnt, að þessir staðir eru sjerstaklega margir hjer á landi. Er það talið vera vegna hinna mörgu og háu fjalla. Jeg er því ekki viss um, að hægt sje að fá svo öfluga stöð, að til hennar heyrist á hverju býli á landinu, eins og hjer hefir verið til orða tekið. Jeg vil taka undir með hv. frsm. (GunnS) um það, að það beri að leggja meginálersluna á það, að útvarpið leggist ekki niður hjer á landi. Jeg mundi álíta það mjög misráðið, jafnvel þótt menn hafi verið talsvert óánægðir með starfsemi þess fjelags, sem hingað til hefir með það farið.

Jeg hefi það eftir formanni millibinganefndarinnar, að það muni taka um eitt ár að koma upp nýrri stöð, og ef hlje ætti að verða á útvarpsstarfseminni allan þann tíma, þannig að engu væri útvarpað hjeðan, þá held jeg, að það sje óhætt að telja það fullvíst, að þá mundi óánægjan með það verða engu minni en hún er nú með h/f „Útvarp".

Jeg vil að lokum aðeins undirstrika það, að þótt þessi heimild verði samþ., þá ætlast jeg ekki til þess, að hún verði neitt band á hæstv. stj. til framkvæmda í þessu efni, frekar en hún sjálf vill vera láta.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Mjer virðist, að okkur hv. 2. þm. Reykv. (HjV) greini ekki á um veruleg atriði í þessu máli. Mjer skilst, að það, sem okkar skoðanir skilur, sje það, að jeg álít, að ríkinu beri að taka að sjer rekstur útvarpsins aðeins til þess að

útvarpsstarfsemin leggist ekki niður hjer á landi, en hann leggur á hinn bóginn enga áherslu á það atriði.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, get jeg vel hugsað mjer þá leið, að ríkið taki lán í því skyni, og jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að það væri gert. Því að það er ómótmælanlegt, enda hefir enginn mælt því í gegn, að þetta mál er mjög mikið menningarmál, og þá sjerstaklega fyrir sveitirnar.

Mjer skildist á hv. 2. þm. Reykv., að hann vildi jafnvel heldur, að útvarpið legðist niður um stund en að h/f „Útvarp" hefði það með höndum áfram.

Jeg vil aðeins benda hv. þm. (HjV) og öðrum hv. þdm. á það — því jeg veit ekki, hvort öllum er það nægilega ljóst —, að ef svo færi, að útvarpið yrði algerlega lagt niður um hríð, þá mundi vafalaust mikill hluti þeirra 600 manna, sem nú hafa tæki hjer á landi, ekki taka það aftur, er það væri endurreist.

Afstaða hæstv. atvmrh. (TrÞ) til þessa máls líkar mjer yfirleitt vel, en jeg vildi þó frekar undirstrika það sem mína skoðun, að jeg legg mjög mikið upp úr því, að útvarpsstarfseminni verði haldið áfram, og meira en hinu, hvort það yrði ríkið eða h/f „Útvarp", sem það gerði.

Viðvíkjandi hinu danska radiofjelagi og samningum þess get jeg getið þess, að jeg legg ekki mikið upp úr samningum við það. En annars er það mál ekki til umr. hjer, og jeg álít, að hæstv. atvmrh. eigi að hafa alveg óbundnar hendur um það, hvernig hann hagar samningum við það eða h/f „Útvarp".

Um það getur þingið engu ráðið öðruvísi en gagnvart hæstv. atvmrh.

Hjeðinn Valdimarsson: Það má vel vera, að jeg hafi ekki gert nægilega skýra grein fyrir skoðun minni á bráðabirgðaákvæðinu í fyrri ræðu minni, og skal jeg því reyna að gera það nokkuð ítarlegar.

Mín skoðun er í stuttu máli þessi: Ef megináhersla er lögð á það, eins og hv. frsm. nefndarinnar gerir, að útvarpið megi með engu móti leggjast niður, og ef stj. líst ekki af einhverjum ástæðum rjett að nota lántökuheimildina til þess að kaupa nýja og stóra stöð, en vill hinsvegar taka að sjer rekstur útvarpsins með minni stöð til bráðabirgða, þá fæ jeg ekki annað sjeð en að stj. sje til neydd að semja við h/f „Útvarp" um að kaupa eða taka að sjer á annan hátt hina litlu og ófullkomnu stöð þess.

Byggi jeg þetta á orðalagi bráðabirgðaákvæðisins, þar sem segir, að stj. sje því aðeins heimilt að taka að sjer bráðabirgðarekstur með minni stöð, að „það komi ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps".

Jeg sje enga ástæðu til þess að hjálpa því fjelagi með því að kaupa stöð þess, nema því aðeins, að það verði gert ríkinu að skaðlausu. En það álít jeg, að ekki verði, nema stj. sje viss um það, áður en hún festir kaup á hinni litlu stöð, að hún geti komist að þeim samningum við það fjelag, sem mundi selja stóru stöðina, að hin litla mætti ganga upp í verð hennar.

En ef svo væri ekki, álít jeg betra að hætta við útvarpið um hríð en að

eiga það á hættu að verða að hafa enn um mörg ár þessa alt of litlu stöð, sem aðeins er fyrir Reykjavík og nágrenni, en alls ekki fyrir sveitirnar.

En jeg álít, að fyr sje útvarpinu ekki komið í gott horf en það nær um land alt, jafnvel þótt einhversstaðar kunni að vera „dauðir blettir", eins og hv. 1. þm. Skagf. (MG) var að vara menn við.

Jeg ber hið besta traust til hæstv. forsrh. (TrÞ) í þessu máli, en tel það ekki óeðlilegt, þegar stj. er veitt slík víðtæk heimild, að einstakir nefndarmenn láti í ljós skoðun sína á því, hvort henni skuli beitt eða ekki, eða hvenær henni skuli beitt.

Jeg er ekki eins hræddur og hv. 2. þm. Rang. (GunnS) um, að þótt útvarpið legðist niður nokkra stund, þá mundu menn eyðileggja tæki sín og mundu ekki byrja að hlusta aftur, er það væri tekið upp af nýju. Menn eru ekki svo áfjáðir í að ónýta eignir sínar, þó að þeir geti ekki notað þær í bili. Enda er það kunnugt, að allmörg þeirra tækja, sem hjer eru til, eru svo stór, að með þeim heyrist frá útlöndum, og geta menn því notað þau, þótt útvarpsstöðin hjer legðist niður.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt aths. Út af því, sem fram hefir komið hjer í umr., vildi jeg aðeins vekja athygli manna á því, hve fráleitt það væri, ef slíkt mál sem þetta lenti í höndum annara en íslenskra manna.

Það viðurkenna allir, að þetta mál sje hið mesta menningarmál, og mjer liggur við að segja, að væri útlendingum falið þetta mál, þá væri það svipaðast því, sem menn t. d. fengju þeim skólamál vor í hendur.

Jeg vil mælast til þess, að hæstv. forsrh. (TrÞ) lýsi því yfir hjer, að slíkt geti ekki komið til mála.

Jeg ber fult traust til hans í þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal geta þess út af því, sem hv. þm. Dal. (SE) sagði, að hjer kom í vetur maður frá „Dansk Radio". Hann var ekki kvaddur hingað af stj., en mun hafa komið að tilhlutun útvarpsfjelagsins. Þessi maður kom til mín, en jeg vísaði honum til þeirra manna, sem þá höfðu málið með höndum, sem sje útvarpsnefndarinnar. Getur hv. þm. Dal. fengið upplýsingar hjá henni.

Annars held jeg, að engum detti í hug að fá þetta mál í hendur útlendingum.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og ætlaði að bera fram brtt., en fresta því af sjerstökum ástæðum til 3. umr.

Án þess jeg sje nokkuð að setja út á hina ágætu ræðu háttv. frsm. (GunnS), þá verð jeg að segja, að jeg held ekki, að útvarpið verði uppfylling á þörfum einstakra hjeraða að því er landssímann snertir.

Það er á öðru sviði en hann, en getur þó, ef það kemst í gott horf, orðið til hinna mestu þæginda og komið að góðu gagni.

Pjetur Ottesen: Það er nú svo um þetta mál, að á því eru tvær hliðar. Önnur er þau fjárhagslegu not, sem

þjóðin getur haft af víðvarpi, en hin er hin menningarlegu not, sem þjóðin hefir af því.

Sú reynsla, sem fengist hefir af víðvarpinu erlendis, og síðar hjer fyrir þá ófullkomnu tilraun, sem hjer hefir verið gerð, sýnir, að ekki kemur til mála að láta útvarpsstarfsemina falla niður. Hjer á landi eru alveg sjerstakar aðstæður, strjálbygð og erfiðleikar á samgöngum og fleira, sem gerir víðvarp hjer sjerstaklega nauðsynlegt.

Þá kemur sú spurning, hvaða leið sje líklegust til framkvæmda í þessu máli, og virðist það hafa komið fram í umr., sem hjer væri ekki um aðra leið að ræða en þá, að ríkið tæki að sjer rekstur útvarps. Mjer skilst, að þessi skoðun muni aðallega byggjast á því, hvað miklir erfiðleikar hafa orðið á vegi þess fjelags, er brotið hefir ísinn og haft forgöngu að því að hrinda málinu í framkvæmd. En það lætur að líkum, þó að fjelaginu reyndist þetta erfitt, þar sem hjer er um nýmæli að ræða, og í slíkum tilfellum eru byrjunarörðugleikarnir jafnan miklir.

Nú vil jeg spyrja: Eru ekki líkindi til þess, að þetta fjelag geti eflt svo fjárhagsaðstöðu sína, að við það mætti hlíta?

Samkvæmt útreikningum nefndar þeirrar, sem skipuð var til að rannsaka og undirbúa útvarpsmálið, sem fljótt á litið virðast ekki ógætilegir, þá á þetta fyrirtæki — að minsta kosti þegar nokkuð líður frá — að geta borið sig fjárhagslega.

Jeg er þess fullviss, að þær áætlanir, sem nefndin hefir gert um notkun víðvarps, muni standast, þegar frá líður, og jeg er sannfærður um, að notkunin verður síst minni en nefndin hefir gert ráð fyrir. Og því finst mjer ástæða til að halda, að hægt sje að stofna fjelag til að framkvæma málið á öruggum fjárhagslegum grundvelli. Hitt finst mjer ekki óforsvaranlegt, meðan notkun víðvarps er að fá útbreiðslu og fjelagið á við fjárhagslega erfiðleika að stríða, þó að ríkið veiti styrk til að hrinda málinu áfram á þeim grundvelli. Jeg vildi benda á það, að framkvæmd málsins er alveg eins hugsanleg á þennan hátt, því að jeg fyrir mitt leyti vil alls ekki slá því föstu, að það sje eina lausnin á málinu, að ríkið taki við rekstri útvarpsins. En ef það er rjett, sem jeg býst við að sje, að rekstur á víðvarpi falli vel saman við starfsemi landssímans, eru sjerstakar ástæður fyrir hendi, þó að hin sjerstaka aðstaða landssímans gæti vitanlega líka komið að liði, ef útvarpsreksturinn væri í höndum einkafjelags. En að slá því fram órökstuddu að öðru leyti, að eina leiðin sje að starfrækja víðvarp með ríkisrekstri, vil jeg ekki fyrir mitt leyti samþykkja, þó að jeg greiði atkv. með frv. Og jeg vil skjóta því til hæstv. stj., sem jeg býst við að verði falið málið, að taka þessa möguleika til athugunar. Jeg efast ekki um, að víðvarpið muni hafa mikla fjárhagslega þýðingu fyrir landsmenn og sömuleiðis mikið menningargildi. Af því að jeg hefi heyrt því haldið fram, að það sje nauðsynlegt fyrir sveitirnar að geta notið þeirra menningarstrauma, sem gert er ráð fyrir að streymi frá Reykjavík, er það athugandi, hvað menn telja menningarstrauma. Og jeg fyrir mitt leyti vil alls

ekki slá því föstu, að allir straumar frá Reykjavík sjeu menningarstraumar. Hitt er auðsætt og beint fjárhagsatriði, að þegar menn hafa tileinkað sjer víðvarp alment, þá má t. d. fækka prestunum. Það leiðir af sjálfu sjer, að í strjálbygðum sveitum er betra að vetrarlagi að hlýða messu heima hjá sjer en að sækja um langan veg til kirkju, auk þess sem þeir munu fengnir til að prjedika í víðvarp, sem bæði hafa tök og hæfileika til að hrífa hjörtu manna, en í jafnfjölmennri stjett sem prestastjettinni eru ekki allir færir til þess.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg greiði atkv. með frv., en vil leggja áherslu á það, að stj. athugi jafnframt, hvort ekki eru tök á að reka víðvarpið áfram á grundvelli einka- eða fjelagsrekstrar.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg hefi ekki miklu að svara. Við hv. 2. þm. Reykv. (HjV) höfum gert upp skoðanir okkar í nefndinni. Þó vil jeg taka það fram, að fæst útvarpstæki eru svo úr garði gerð hjer, að hægt sje að ná því, sem útvarpað er erlendis frá.

Hv. þm. Borgf. (PO) tók það fram sem sína skoðun — og er ekki neitt við það að athuga —, að hann vildi hafa einkarekstur, en sagði þó sem rjett er, að vel mundi fara á að reka útvarp í sambandi við landssímann. En jeg vil drepa á það, að ef útvarp er rekið sem einkafyrirtæki, er hætt við, að meira verði miðað við hagsmuni fjelagsins en hagsmuni þjóðarinnar og sjerstaklega sveitanna. Annars verð jeg fyrir nefndarinnar hönd að gefa það á vald hæstv. stj., hvaða leið hún tekur í rekstri útvarpsins. Aðalatriðið er, að útvarpinu verði haldið áfram. Jeg vil taka það fram, að það fjelag, sem nú rekur útvarpið, er ólíklegt til að halda því áfram; jeg byggi það á miklum rökum, að því verði ekki að heilsa. Jeg vil benda á eitt enn, sem sýnir, hvað útvarpið getur orðið til mikils gagns fyrir þjóðina, en það er, að mikil líkindi eru til, að hægt verði, ef hjer fæst sterk útvarpsstöð, að útvarpa til margra miljóna manna því, sem þessi litla þjóð hefir á boðstólum í vísindum og listum, auk allra frjetta.

Hv. þm. Barð. (HK) þarf jeg ekki miklu að svara. Hann sagði, að útvarpið gæti ekki komið í stað síma. Jeg sagði það heldur ekki, en benti hinsvegar á, að það bætti um, að menn gætu fengið skeyti til sín, þó að þeir gætu ekki sent þau frá sjer. Jeg vil svo nota tækifærið til að þakka hinar vingjarnlegu undirtektir, sem málið hefir fengið, og vona, að þetta verði eitt af þeim málum, sem allir geta fallist á.

Magnús Torfason: Það hefði sjálfsagt átt vel við að lýsa raunasögu þessa fyrirtækis frá því það var stofnað 1925, en hún er svo ömurleg, að lítil skemtun verður að, og því sleppi jeg því. Það hefir verið bent á, að á þinginu 1925 var því haldið fram í allshn., að stöðin ætti að vera stærri, en þeir urðu ofan á, sem ljetu sjer nægja, að stöðin yrði lítil, og því voru engin takmörk sett, hvað hún mátti vera lítil. En það má sjálfsagt rekja meginhluta þessarar raunasögu fyrirtækisins til þess, að stöðin var höfð of lítil.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, að hinir mörgu „dauðu deplar" mundu ekki hverfa, þótt stöðin yrði aflmeiri. Jeg vil ekki neita því, en jeg er hræddur um, að á löngu líði þangað til almenningur getur fengið sjer þessi tæki, sem verða kostnaðarsöm, ef þau eiga að draga langt; yfirleitt eru það efnuðu mennirnir, sem fá sjer þessi tæki, en þeir una betur við sinn hag og flytja því síður úr sveitunum. Annars geri jeg ekki mikið úr því, að útvarpið verði til þess að halda fólkinu í sveitunum. Þó að þetta eigi að verða menningartæki, og verði það ef til vill, geri jeg ekki ráð fyrir, að svo fari fyrst um sinn. En hinsvegar er mjög undir því komið, hvað menningarstöðin Reykjavík hefir upp á að bjóða í tækin. Jeg hygg, að það sje æðimisjafnt. Frá mjer er það að segja, að jeg hefi ekki keypt útvarpstæki vegna þess, að maður ekki óskyldur mjer varð fyrir illri reynslu í þeim efnum. Jeg hefi nokkrum sinnum hlustað á útvarp, og fyrir utan nokkrar góðar ræður af prjedikunarstóli var það ekki á marga fiska. Og því get jeg fyrir mitt leyti lýst því yfir, að jeg þykist ekki bættari, þó að jeg lægi í útvarpinu. Og víst er um það, að sumt af því, sem boðið hefir verið upp á í útvarpinu til þessa, hefir ekki verið til bóta. Mjer er sagt, að upphaf draugagangsins á Litlu-Þverá, sem nú er mest talað um, megi rekja til þess, að útvarpið flutti þangað draugasögur, þar sem getið var um, að draugar hefðu drepið kindur. Það er því sýnt, að áhrifin eru ekki ávalt sjerlega góð. Þá verð jeg að taka það fram, að verði ríkisrekstur á útvarpinu, er sjálfsagt, að settar verði rammar skorður við því, að öðru verði útvarpað en því, sem frambærilegt er og til bóta horfir. Jeg vil taka undir með hv. 1. þingmanni Skagf. (MG) og háttv. þingmanni Borgf. (PO), að það er best að fara að öllu varlega í þessu máli, og þó að jeg greiði atkv. með heimildinni, má á engan hátt skilja það svo, að jeg vilji ýta undir, að flasað verði að málinu á ný.

Bjarni Ásgeirsson: Mig langar til að andmæla hv. 2. þm. Árn. (MT), vegna þess, að það kvað við hjá honum í öðrum tón en öðrum þeim, sem talað hafa í þessu máli. Jeg er honum mjög ósammála og er sannfærður um, að útvarpið er hið mesta nytja- og menningarmál, sjerstaklega fyrir sveitirnar.

Það er nú svo í mörgum sveitum, að fjöldi manns er vikum og jafnvel mánuðum saman slitinn úr sambandi, ekki aðeins við umheiminn, heldur einnig við sveitunga sína. Fyrir þá menn er þetta mál reglulegur fagnaðarboðskapur. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að rekja mætti hina frægu draugasögu á Litlu-Þverá frá útvarpinu. (**MT:** Mjer var sagt það). Jeg lít svo á, að hjer sje haft hausavíxl á hlutunum. Hjátrú og hindurvitni þróast best hjá þeim, sem slitnir eru út úr sambandi við þjóð sína og landa. Ef menningarstraumar þeir, sem veita má í gegnum útvarpið, geta ekki kveðið slíkar bábiljur niður, veit jeg ekki, hvað ætti að geta það. Jeg viðurkenni, að ekki er hægt að fullyrða, að alt, sem frá Reykjavík kemur, sje til bóta. Við, sem lesum blöðin, með öllum sínum ósannindum, vitum best, að svo er ekki. En jeg er sannfærður um,

að þetta getur orðið hið mesta menningarmál fyrir þjóðina, ef rjett er á haldið, og því er nauðsynlegt, að ríkið taki málið að sjer og reki það til fræðslu og menningar. Að því leyti er jeg algerlega andvígur hv. þm. Borgf. (PO). Það getur ekki komið annað til greina en að ríkið reki útvarpið. Ella mætti alveg eins fela einhverju gróðafyrirtæki barnafræðslu í landinu og kirkjumálin. Jeg vil taka undir með hv. 2. þm. Reykv. (HjV), að þetta getur orðið framtíðarmál, og því má til að koma því á fastan grundvöll, svo að þjóðin verði ekki aftur fyrir vonbrigðum. Það verður að leggja meiri áherslu á það en þó að starfsemin falli niður í nokkra mánuði. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að menn ættu erfitt með að eignast tækin, vil jeg benda á það, að ef stöðin verður nógu stór, er það trygt, að allir geti eignast tækin. Og jeg vil skora á hæstv. atvmrh. (TrÞ) að beita sjer svo fyrir þessu máli, að tækin verði komin inn á hvert heimili í landinu, og þá sjerstaklega í sveitunum, áður en á löngu líður.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki miklu að svara hv. þm. Mýr. (BÁ). Jeg býst við, að hann hafi ekki heyrt nokkurn hluta ræðu minnar. Jeg benti einmitt á, að þetta gæti orðið menningartæki og vildi, ef ríkið ræki það, að svo yrði um búið, að tækin yrðu góð og það, sem út yrði varpað, frambærilegt. Mjer finst í þessu máli sem öðrum, að betra sje að bíða og gera það, sem gert er, svo vel, að það verði ekki til leiðinda. Bendi á það aftur, að útvarpið fer eftir innvarpinu.

ATKVGR.

Brtt. 262,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 262,1.b samþ. án atkvgr.
— 262,2 samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, TrÞ, BÁ, GunnS, HStef, HK, HjV, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, MT, ÓTh.

nei: SvÓ, ÞorlJ, EJ, HJ, HG, IngB, JörB, LH, PO, BSv.

Þrír þm. (ÁÁ, BSt, JÓl) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 262,3 samþ. með 14:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 334).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 2. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 334).

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 334, n. 449).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki langt síðan samþ. voru á Alþingi lög um útvarp, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að gefa út leyfisbrjef handa fjelagi einu, með tilteknum skilyrðum í þeim lögum. Hefir fjelag þetta nú starfað í tvö ár og farið svo, sem við mátti búast eftir lögum þessum, að útvarpsstöðin hefir reynst ónóg með öllu. Allir, sem nokkuð þektu til þessara mála, vissu, að stöð, sem ekki hafði nema ½ kw. í loftnet, drægi ekki nema um nokkurn hluta landsins, síst þar sem fjöll og hálendi var til hindrunar, nema því aðeins, að viðtækin væru svo dýr, að öllum almenningi væri ofvaxið að eignast þau; en útvarpið er sjerstaklega mikils virði í því fámenni og strjál bygð, sem hjer er til sveita. Liggur í augum uppi, hve mikilsvert er fyrir sveitaheimili að geta fylgst með öllum nýjungum utan lands og innan. En högum flestra bænda er svo háttað, að þeir hafa ekki fje til að kaupa dýr viðtæki. En ef menn í fjarlægum hjeruðum fá sjer viðtökutæki svo sterk, að þeir geti haft samband við þessa litlu stöð hjer í Reykjavík, geta menn haft fullkomið samband við útlönd, og hlýtur þá að hverfa áhugi fyrir innanlandsstöðinni, af því að frá henni sje svo lítillar og ófullkominnar fræðslu að vænta.

Þeir, sem einhverja þekkingu höfðu á þessum efnum, sáu fyrirfram, að málið mundi lenda í hinu mesta öngþveiti, af því hvernig leyfisbrjef útvarpsfjelagsins var úr garði gert af fyrv. stjórn. Umbótakröfum á útvarpsmálum í heild sinni hefir samt stöðugt verið haldið vakandi, bæði af notendum útvarps og áhugamönnum, og kom fram áskorun í Nd. í fyrra um að athuga ríkisrekstur á útvarpi.

Jeg skal ekki rekja raunasögu útvarpsfjelagsins hjer. Fjelagið mun nú vera næstum því fjárþrota. Stöðin var ljeleg í upphafi, og hefir líka reynst eftir því. Nú liggur fyrir frv. um að bæta úr þessum agnúum í rekstri útvarps hjer á landi, og er það samið af nefnd þeirri, er skipuð var í Nd. í fyrra til að athuga þetta mál. Í greinargerð þessa stjfrv. er sagt margt frá útvörpum í öðrum löndum, en búast má við, þar sem framfarir í þessum efnum eru svo örar sem þær eru, að ýmislegt sje orðið á eftir tímanum í þessari þriggja mánaða gömlu skýrslu.

Í frv. er stjórninni heimilað að láta reisa og starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík. Ekki er þó ákveðið með öllu, hve miklu fje skal verja í því skyni, og hefir nefndin fleiri en eina till. um það. Hæsta till. fer fram á 700 þús. kr., en óvíst er, að svo mikils þurfi með. Nú er stungið upp á, að stöðin verði ekki minni en sem nemi 5 kw. á loftnet til talsendinga, en 10 kw. til skeytasendinga. Verður það lagt á vald stjórnarinnar að ákveða, hve stöðin verður stór, og má telja sjálfsagt, að hún ráðfæri sig við fróðustu menn í þessum efnum og að tekið verði tillit til nýjustu uppgötvana á þessu sviði.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Þó þykir henni orðalagi frv. allmjög ábótavant, en hefir þó ekki viljað breyta um þar, enda hefði þá orðið að orða upp næstum heilar greinar, og hefði það ef til vill þótt tiltektarsemi af nefndinni. Í háttv. Nd. voru gerðar lítilsháttar breytingar á frv. Þannig var bætt inn í það heimild um lántöku.

Þá er og bráðabirgðaákvæðið aftan við 8. gr., að ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar með minni stöð en í frv. ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps. — Þetta þýðir það, að landsstjórnin eigi að semja við útvarpsfjelagið, en mjer virðist það nú svo að þrotum komið, að það geti ekki lengur framkvæmt hlutverk sitt eins og Alþingi ætlaðist til, og jafnvel ekki eftir leyfisbrjefi því, er hv. 1. þm. Skagf. (MG) á sínum tíma veitti fjelaginu. Í þessu bráðabirgðaákvæði er hugsað til þess, að stjórnin kaupi útvarpsstöðina hjer. En hún ætti ekki að kaupa hana hærra verða en fáanlegt er fyrir hana erlendis. Ef hin nýja stöð yrði keypt hjá Standard Electric, — sem áður hjer Western Electric —, er sennilegt, að það fjelag fengist til að taka litlu stöðina aftur, með því að hún er upphaflega frá því. En ef hagkvæmara boð um nýja stöð fæst frá einhverju öðru fjelagi, þá er sjálfsagt fyrir ríkisstjórnina að taka því. Og þá má hún ekki taka við stöðinni af útvarpsfjelaginu við hærra verði en fæst fyrir hana aftur. Þetta var að vísu ekki beinlínis rætt í nefndinni, en svona horfir málið við frá mínu sjónarmiði.

Að öðru leyti vísa jeg til þeirrar tillögu nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt. Ef einhverjar brtt. koma fram, geri jeg þó ráð fyrir, að nefndin taki þær til athugunar, og má vel vera, að hún gæti fallist á breytingar á frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi segja fáein orð út af bráðabirgðaákvæði þessa frv. Þegar lög þau, er nú gilda um útvarp, voru samþykt, var jeg þeim fylgjandi, með því að mjer fanst ekki ósennilegt, að málinu yrði fyr hrundið í framkvæmd með því að fá það einkafjelagi í hendur. Framkvæmd þessara laga hefir nú gengið að ýmsu leyti skrykkjótt, að allmiklu leyti vegna annmarka, sem stafa af því, hve erfitt er að halda uppi útvarpi í svo litlu landi sem þessu. En fjelaginu hefir þó aðallega mishepnast í skiftum sínum við notendur sakir þess, að það var of bráðlátt eftir tekjunum. Það gerði of harðar kröfur til notenda, og hefir það orðið til flokkadráttar í útvarpsmálinu, milli fjelagsins annarsvegar og útvarpsnotenda hinsvegar. — Aðstaða útvarpsfjelagsins hefir altaf verið mjög erfið og þröngur fjárhagur þess. En jeg tel nauðsyn bera til, að það fyrirtæki, er frv. fjallar um, verði sjálfstætt fjárhagslega. Í 3. gr. er sagt, að halli af rekstrinum eigi að greiðast úr ríkissjóði. Mjer virðist óhjákvæmilegt, að nokkur halli verði fyrst í stað, ef ekki eru heimtuð ósanngjörn iðgjöld. Má búast við, að fjárhagur fyrirtækisins verði bestur, ef

iðgjöldin eru við almennings hæfi. Þá ætti það ekki lengi að verða baggi á landinu. Þótt framkvæmd þessa máls heyri ekki undir þá stjórnardeild, er jeg veiti forstöðu, vil jeg segja þá skoðun mína, að jeg tel ekki geta komið til mála, að landið skifti sjer af útvarpsmálinu fyr en reist verður ný og stór stöð. Jeg tek þetta fram til þess, að það sje skýrt, að a. m. k. einn úr stjórninni álítur enga skyldu hvíla á henni um að sjá fyrir minni bráðabirgðastöð, enda mundi sennilega svo fara, að allir yrðu óánægðir með hana.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg álít, að það liggi fullkomlega í hendi stj. að ákveða, hversu myndarlega stöð hún byggir. Að því leyti var fyrirvari hæstv. dómsmrh. (JJ) óþarfur. Hæstv. stjórn ræður því alveg sjálf samkv. frv., hvort hún lætur byggja stöð fyrir t. d. ½ miljón eða 700 þús. kr. En það er ætlunin, að stj. geti í bili tekið að sjer þá stöð, sem hjer er nú. Útvarpsfjelagið er alveg að þrotum komið. Ef það hættir ekki í dag eða á morgun, sem svo má kalla, þá hlýtur það að gera það á næstunni. Það hefir ekki fjárhagslegan mátt til að halda áfram, og eins eru tæki þess ófullkomin. Það er a. m. k. mín ætlun, að stj. snúi sjer sem bráðast að byggingu nýrrar stöðvar. Það er hugsanlegt, að nokkur tími líði milli þess, að ný stöð komist á fót, og hins, að útvarpsfjelagið gefst upp; og verður að taka því, þótt hlje verði á starfrækslu útvarpsins, meðan stj. undirbýr framkvæmdir í málinu.

Um nánara fyrirkomulag stöðvarinnar verður annars að fara eftir tilögum sjerfræðinga. Það mun vera erfitt að fá stöð, sem nær til allra staða á landinu, sakir þess, hvernig landslagi er hjer háttað. En þar fyrir getur stöðin verið svo sterk, að hún dragi um alt landið, t. d. til staða í þröngum fjörðum, sem há fjöll liggja að. En það er alveg á stj. valdi að ráða fram úr málinu. Þetta eru heimildarlög, sem Alþingi afgreiðir til hennar og hún notar svo sem lögin veita heimild til. Alþingi lætur hana á sínum tíma vita, hvort hún hefir gert rjett eða rangt, að dómi þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Fyrir mjer vakti að taka það skýrt fram, að jeg sem einn úr stj. álít, að ekki geti komið til mála neitt millistig í útvarpsmálinu, áður en fullkominni stöð er komið upp. Jeg tek þetta fram vegna þess, að bráðabirgðaákvæði það, sem hv. Nd. bætti við frv., er svo skilið af sumum, að ætlast sje til, að stj. komi í veg fyrir, að útvarpsstarfsemi hætti á meðan verið er að undirbúa framkvæmdir. Jeg vildi með því, sem jeg sagði áðan, gera hv. þdm. kunnugt, að jeg er algerlega mótfallinn því, að ríkið fari að reka smástöð. Fyrir mjer er aðalatriðið að fá góða stöð, sem geti borið sig sjálf og þjóðin geti orðið ánægð með. Slíka stöð á ríkið að reisa, eða enga ella.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg held, að hæstv. ráðh. hafi ekki getað fengið það út úr orðum mínum, að jeg væri að mæla með einhverju kákmillistigi milli þess, að útvarpsstöðin hjer hætti og ný stöð kæmist á fót. Jeg sagði einmitt, að komið gæti fyrir millibilsástand, þegar engu verði útvarpað. —

En jeg vil nú aðeins drepa á eitt, sem ekki hefir enn komið fram í umræðunum. Á það verður að leggja mikla áherslu, að fullkomið eftirlit verði með því, að engin hlutdrægni eigi sjer stað við útvarpssendingu, þegar það er komið í hendur hins opinbera. Árið 1925 var lagt ríkt á við stj. að gæta þess, að engri hlutdrægni væri beitt, einkum að einum stjórnmálaflokki væri ekki gert hærra undir höfði við útvörpun frjetta en öðrum o. s. frv. En því er ekki að leyna, að á þessu þykir hafa orðið nokkur misbrestur. Vil jeg þess vegna víkja því til hæstv. stj., að hún gæti þess vandlega að búa svo um, þegar hin nýja stöð kemur, að þar eigi sjer engin hlutdrægni stað. T. d. getur það haft mikla þýðingu, ef einu blaði eru veitt forrjettindi fram yfir önnur um að lesa upp frjettir þess, sem e. t. v. eru meira og minna litaðar. En það er víst, að slíkt hefir átt sjer stað nú. Skora jeg á hæstv. stj. að taka það til athugunar.

Jón Þorláksson: Út af orðum hæstv. dómsmrh. (JJ) vil jeg, að það komi fram, að sú skoðun er til, að óheppilegt sje, að langt hlje þyrfti að verða á útvarpsstarfseminni, þó ekki væri vegna annars en veðurfrjettanna. Sú stöð, sem hjer er nú, dregur að vísu ekki um land alt. En hún nær þangað, sem mest eru stundaðar fiskiveiðar að vetrarlagi. Og það hefir mikla þýðingu, að veiðiskipin geti haldið áfram að fá þessar frjettir óslitið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu háttv. frsm. vil jeg taka fram, að jeg er honum alveg sammála um, að fullkomið hlutleysi verði að ríkja við útvarpið. En þótt ef til vill hafi þótt nokkuð á bresta í því efni, þá hefi jeg fyrir mitt leyti litið á það eins og önnur bernskubrek, sem ef til vill stöfuðu meðfram af fátækt útvarpsfjelagsins. Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að amast við þessu hjá tilraunafjelagi. Hinsvegar mætti ekki þola það stofnun, sem ríkið ræki til almenningsheilla. Í nefnd þeirri eða ráði, sem veldi verkefni handa útvarpinu, væri ástæða til að hafa fulltrúa fyrir hvern þingflokk, svo að engin þjóðmálastefna hefði meiri aðgang að stöðinni en aðrar.

Vegna orða hv. 3. landsk. (JÞ) skal jeg taka fram, að jeg er hræddur um, að því vandaðri sem stöðin á að verða, því lengri tíma taki að undirbúa hana. Verkinu má ómögulega flaustra af. Það skiftir minstu, hvort stöðin kemst upp missirinu fyr eða síðar. Aðalatriðið er að stefna í rjetta átt. En ef fullnægja ætti ósk hv. 3. landsk., sem er að vísu ekki með öllu óeðlileg, um að starfsemin fjelli aldrei niður, gæti svo farið, að landið yrði að binda sig við smástöð, sem hefði svo mikinn aukakostnað í för með sjer, að ekki gæti talist verjandi að greiða hann af opinberu fje. Það er mikið vafamál, hve miklu má til kosta, að þessi starfsemi falli ekki niður í hálft eða heilt ár, enda þótt gott væri, að hún gæti haldið áfram óslitið. En þetta er framkvæmdaratriði, sem á sínum tíma mun tekið til athugunar. En jeg óttast, að rekstur smástöðvar mundi leiða af sjer mikinn aukakostnað og tefja fyrir viðunandi lausn málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 334, 495).
Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 495. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg mintist á það við 2. umr., að nefndin væri ekki ánægð með orðalagið á frv., en gerði þó ekki brtt. við það, af því að þá þyrfti að orða upp að nýju flestar greinar frv. Nú hefir nefndin borið fram brtt. við upphaf 1. gr., þar sem stendur: Alþingi heimilar ríkisstjórninni o. s. frv. Leggur nefndin til, að í stað þess komi: Ríkisstjórninni er heimilt o. s. frv. Það þykir viðkunnanlegra að orða þetta svo. Í öðru lagi vill nefndin breyta um orð í 1. gr., taka út orðið „hún" og setja „stöðin" í staðinn, til þess að fyrirbyggja þann misskilning eða útúrsnúning, að það sje stjórnin, en ekki stöðin, sem megi vera þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng o. s. frv., eins og í greininni stendur.

ATKVGR.
Brtt. 495 samþ. í e. hlj.
Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 498).
Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 524).

---

14. Sundhöll í Reykjavík.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um sundhöll í Reykjavík (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir legið fyrir Alþingi nokkrum sinnum áður, þótt það hafi ekki verið borið fram í frumvarpsformi fyr en nú, og hefir stjórninni verið falið að rannsaka skilyrðin fyrir því, að því mætti hrinda í framkvæmd. Einnig hafa íþróttamenn gert mikið á síðustu missirum til þess að koma málinu áleiðis. — Í frv. er stj. veitt heimild til að leggja fram 100 þús. kr. til sundhallarinnar, en það er þeim skilyrðum bundið, að Reykjavíkurbær leggi fram jafnmikið fje, ókeypis lóð undir húsið nálægt barnaskólanum nýja og kosti viðhald fyrirtækisins og rekstur. Borgarstjóri, sem er máli þessu mjög hlyntur, hefir álitið það heppilegustu leiðina, að samvinna ætti sjer stað milli landsins og Reykjavík-

urbæjar um þetta mál. Það sýnist og sjálfsagt, með því að bæði ber landinu skylda til að styrkja almenna framfaraviðleitni hjer sem annarsstaðar, og einnig munu mjög margir utan af landi njóta góðs af því, ef sundhöllin verður reist.

Þótt Alþingi samþykki þetta frv., er ekki hægt að fullyrða, að það komist til framkvæmda á þeim tíma, sem til er skilið. Bæði er það bundið því skilyrði, að bærinn sjái sjer fært að leggja fje á móti og fullnægja að öðru leyti þeim skyldum, sem sundhöllin mundi leggja honum á herðar, og auk þess verður það vitanlega undir fjárhag ríkissjóðs komið, hvort hægt verður að byrja á byggingunni. Hjer er aðeins um heimild að ræða.

Það má segja, að hjer sje farið fram á allmikið fje, 200 þús. kr. frá ríkinu og bænum; en þegar það er aðgætt, að ríkissjóðs hluti er ekki nema 4 kr. á hvern íbúa höfuðstaðarins, þá er það ekki svo tilfinnanlegt, er menn hugsa til þess, að auk annara menningaráhrifa, sem slíkt fyrirtæki mundi hafa, mundi það og breyta heilsufari íbúa höfuðstaðarins til hins betra. Það er vafasamt, hvort nú sem stendur er hægt að gera nokkurn hlut eins mikilsverðan hjer í bæ til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma eins og það að byggja sundhöll. Og þegar athuguð eru hin ljelegu húsakynni, sem margir eiga við að búa, og hinar erfiðu aðstæður til að halda uppi hreinlæti, þá hlýtur mönnum að skiljast, hve mikilsvert það er, að bæði ungir og gamlir geti átt kost á því að baða sig og synda daglega. En þó býst jeg við, að engum hefði dottið í hug að leggja út í þetta fyrirtæki, ef ekki hefði staðið svo á, að náttúran hefir öll þessi ár, sem hjer hefir verið mannabygð, veitt heitu vatni úr skauti sínu upp á yfirborð jarðarinnar svo að segja við bæjarvegginn hjá Reykvíkingum. Nú fyrst er vaknaður skilningur manna á því, hvers virði þetta er fyrir bæinn, og er svo komið, að á næstunni mun vatninu verða veitt til bæjarins til að hita nýja barnaskólann, landsspítalann og stúdentagarðinn, sem sennilega verður byrjað að byggja nú í vor. — Nú hafa verkfræðingarnir gert ráð fyrir, að vatnið úr barnaskólanum verði nægilegt handa hinni fyrirhuguðu sundlaug, en það verður orðið of kalt til þess að veita því í aðrar byggingar til hitunar.

Aðrar þjóðir telja góðar sundhallir mjög mikilsverðar. Norðmenn eru t. d. nýbúnir að reisa eina í Osló, og er verið að byggja aðra. Það sýnist því einsætt, að við ættum að nota okkur þessa sjerstöku aðstöðu: að hafa nóg af volgu vatni, sem ekki verður notað til gagns á annan hátt en þennan.

Jeg ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að málinu verði vísað til hv. mentmn. að umr. lokinni.

Magnús Jónsson: Mjer finst jeg ekki geta annað, sem 1. þm. Reykv., en þakkað hæstv. stjórn fyrir þetta frv. Okkur Reykvíkingum hefir stundum fundist Framsóknaráttin dálítið lík norðrinu; það hefir ekki altaf andað svo hlýtt þaðan til lýðsins „á mölinni“. En þeim mun þakklátari hljótum við nú að vera. Jeg er ekki þannig að hugarfari, að jeg geti látið fylgi eða andstöðu við stjórnina hamla mjer að þakka það, sem hún gerir vel. Enda

býst jeg ekki við, að það verði svo margt, að þakkargerðirnar þurfi að stela frá mjer mjög miklum tíma.

Jeg hefi líka dálitla freistingu til að þakka fyrir hönd vinar míns, Guðjóns Samúelssonar, þann fádæma heiður, sem honum er sýndur með þessu frv. Jeg efast um, að nokkrum húsameistara í heimi hafi hlotnast sá heiður á undan honum, að beinlínis væri tekið fram í lagafrv., að ekki mætti víkja frá mjög svo lauslegum bráðabirgðauppdrætti, sem hann hefir gert að byggingu. — Þótt tvímælalaust væri breytt til hins betra, þá verður að fá Alþingi til að fallast á það með *nýjum* lögum. Árið 1871 fjekk rómverska kirkjan óskeikulan páfa. En mjer er ekki kunnugt um, að við höfum enn komið okkur upp óskeikulum húsameistara, og á meðan mun vera heppilegast fyrir okkur að vera ekki að lögleiða annað eins og þetta.

Þetta er mikið menningarmál, og vil jeg vona, að það fái nú framgang með aðstoð landsstjórnarinnar. En jeg get ekki stilt mig um að benda á hin miklu veðrabrigði í Framsóknarflokknum frá því sem var í fyrra, ef hann stendur nú sem einn maður að því að koma fram þessu máli. Við erum nú raunar ekki orðnir því alveg óvanir að sjá hitt og þetta breytast um afstöðuna, síðan flokkurinn tók við stjórn landsins. Sem betur fer sjest ekki bóla á því, að flokkurinn ætli að standa við sína stefnu um margt af því, sem hæst var látið út af, áður en hann tók við stjórninni. — En það, sem jeg vildi minna á. var, að í fyrra lá fyrir Alþingi frv. til laga um heimavistir við mentaskólann hjer, einmitt í heimildarlagaformi, eins og þetta frv. En þá reis upp Framsóknarherinn allur, nema hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), — sem þá eins og oftar ljet ekki þrælbindast af flokkssamviskunni —, og taldi öll tormerki á, að frv. mætti ganga fram. Jafnvel var mentmn. klofin um málið. Hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Dal., sem þá var, töldu þetta form, að samþykkja heimildarlög, alveg óverjandi. Háttv. 2. þm. Eyf. talaði um, að með þessu væri Alþingi að afsala sjer fjárveitingarvaldinu í hendur landsstjórninni, og tók jafnvel svo djúpt í árinni, að eins rjett væri að breyta stjórnarskránni og taka fjárveitingarvaldið alveg af Alþingi. Nú er mjer mikil forvitni á að vita, hvort hann getur fylgt því, að fá sinni stjórn þannig fjárveitingarvaldið í hendur. (**Dómsmrh. JJ:** Það er ekki eins hættulegt nú eins og þá). Af hverju? (**Dómsmrh. JJ:** Verður betur farið með það). Hæstv. forsrh. var ekki síður á móti þessu máli í fyrra, og færði það einkum fram, hve ákaflega erfiður fjárhagur ríkissjóðs væri. En nú er hann í stjórn, sem ber fram fleiri en eitt samskonar frv. Mjer þykir vænt um að sjá þetta. Jeg skal ekki lasta, þótt „Framsókn" hafi skoðanaskifti í sem allra flestum málum; það er altaf gleðiefni, þegar syndari bætir ráð sitt.

Jeg sje ekki ástæðu til að segja fleira að sinni, með því að jeg á sæti í þeirri nefnd, sem málinu verður væntanlega vísað til. Þar vona jeg, að jeg fái tækifæri til að gera aths. við helstu agnúana, sem mjer virðast vera á frv. En jeg vil endurtaka, að jeg er samþykkur aðalefni þess og er ekki

hræddur við að samþykkja heimildarlög, jafnvel handa þessari stjórn, sem nú situr.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla ekki að fara út í neinar stórpólitískar hugleiðingar út af þessu máli. En jeg saknaði þess, að hæstv. dómsmrh. færði rök að því, af hverju hann vill gera Reykjavík svo mikið hærra undir höfði um framlag til sundhallar heldur en öllum öðrum kaupstöðum og sveitarfjelögum landsins, er aðeins hafa fengið 1/5 hluta greiddan úr ríkissjóði. En í þessu frv. er farið fram á, að Reykjavík fái helming frá ríkinu. Auðvitað er hjer um hærri upphæð að ræða en alment gerist, en hjer eru líka fleiri til að bera kostnaðinn heldur en í sveitum landsins. Og jeg vil segja, að Reykjavík á áreiðanlega ekki verra með að byggja þessa sundhöll af eigin ramleik heldur en ýms sveitarfjelög eiga með að koma upp smærri sundlaugum. Því vil jeg spyrja hæstv. ráðh., af hverju þessi mismunur stafar, eða hvort hann hefir hugsað sjer að bera fram tillögur um að hækka framlögin til sundlauga í sveitum. Jeg minnist ekki að hafa enn rekist á neina tillögu í þá átt, og man ekki betur en í fjárlagafrv. því, sem stjórnin hefir nú lagt fyrir þingið, sje gert ráð fyrir 1/5 hluta kostnaðar, eins og að undanförnu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil fyrst svara hv. 1. þm. Skagf. (MG). Það er rjett, að telja má ósamræmi í því að ætla hærri styrk hlutfallslega til sundhallar í Reykjavík en sundlauga alment. Það er og rjett, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir fjárveitingum til sundlauga úti um land með líku sniði og áður. En jeg hefi áður beitt mjer fyrir því í hv. Ed., að hækkaður væri þessi styrkur, og jeg get endurtekið, að það er mín persónulega skoðun, að hann eigi að hækka upp í helming alstaðar. Hann má í raun rjettri ekki minni vera. Þótt jeg sje ókunnugur í kjördæmi hv. þm., þá get jeg sagt honum, að jeg hefi þar augastað á a. m. k. tveim stöðum, þar sem mjer sýndist rjett að koma upp yfirbygðum sundlaugum, og hefi jeg í hyggju að fylgja honum að því að koma þeim málum fram.

Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. vil jeg taka fram, að þetta frv. var ekki sjerstaklega borið fram til að gleðja hann, þó gott sje, heldur til þess að gera gagn. Og þótt honum hafi þótt anda heldur kalt til Reykjavíkur frá Framsóknarflokknum, þá vil jeg minna hann á, að fyrir fám árum hjálpuðum við Framsóknarmenn honum og samþm. hans til að koma fram bæjargjaldafrv. fyrir Reykjavík, sem annars hefði sennilega strandað.

Hv. þm. gat ekki á sjer setið að blanda öðru máli inn í þessar umr., óskyldu þó, nefnilega byggingu heimavista við mentaskólann. Það er eins og hv. þm. sje sama, hver tilgangurinn er með fjárframlögum, ef þau aðeins eru af svipaðri stærð, t. d. 100 eða 150 þús. kr. Það er eins og hann ætlist til, að upphæð fjárveitingarinnar muni skapa meðhald eða andstöðu, hver sem hún er. En hjer er ólíku saman jafnað. Af heimavistinni höfðu aðeins sárfáir menn gagn, en hjer er um að ræða gagn fyrir alla Reykja-

vík og fjölda manna utan af landi, sem hjer dvelja vetrarlangt, t. d. alt aðkomandi námsfólk. Nú eru ennfremur líkur fyrir, að ríkið sleppi við að byggja heimavistir við mentaskólann, en geti á annan og ódýrari hátt greitt fyrir nemendum utan af landi. Þessi tvö mál eru því óskyld og sje jeg ekki, hverja skynsamlega ástæðu hann hefir til þess að bera þau saman nú.

Bernharð Stefánsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls nú, en þar sem hv. 1. þm. Reykv. fór rangt með orð mín frá í fyrra, þykir mjer rjett að leiðrjetta það.

Hann sagði, að jeg hefði látið þá skoðun í ljós þá, að eins rjett væri að breyta stjórnarskránni og taka fjárveitingarvaldið alveg af Alþingi eins og að þingið heimilaði stjórninni að verja fje til framkvæmda með lögum, án þess að fjárveiting væri sett í fjárlög. En þetta er ekki rjett. *Jeg* hjelt þessu ekki fram, heldur spurði jeg aðeins hv 1. þm. Reykv., hvort *hann* vildi ekki flytja tillögu í þessa átt, því mjer fanst það í fullu samræmi við kenningar hans þá.

Annars verð jeg að segja það, að ekki lítur út fyrir, að þakklæti hv. þm. til stjórnarinnar fyrir flutning þessa frv. hafi komið frá hjartanu. Jeg fæ ekki skilið ræðu hans öðruvísi en að hann sje að kalla fram mótstöðu gegn þessu máli, sem þó er til hagsbóta fyrir hans kjördæmi. En að blanda saman heimavistarmálinu frá í fyrra og þessu máli, þá er ólíku saman jafnað, og sje jeg ekki, að þessi tvö mál komi hvort öðru neitt við.

En hvað mína skoðun á þessu máli snertir, þá sje jeg enga ástæðu til þess að fara að skýra hv. þm. frá henni fyrirfram. Hún kemur í ljós síðar. Jeg mun leitast við að forsvara mínar gerðir, og þarf hv. þm. engar áhyggjur að bera mín vegna um það. Og hv. þm. hefir enga sönnun fyrir því enn, hvernig jeg mun greiða atkvæði um þetta mál. Var því fullsnemt að gera ráð fyrir ósamræmi frá minni hálfu.

Magnús Guðmundsson: Jeg skildi hæstv. dómsmrh. svo, að hann væri því meðmæltur að veita öðrum tiltölulegan styrk til sundlaugabygginga við það, sem hjer er gert ráð fyrir að veitt sje Reykjavíkurbæ. En það hefir þá gleymst að breyta þessu í fjárlagafrv. Það hefði þó að minsta kosti mátt geta um það í athugasemdunum við frv. En það hefir ekki verið gert, svo það lítur svo út, sem hæstv. ráðherra hafi ekki komið til hugar það misrjetti, sem hjer er farið fram á, að skuli eiga sjer stað, fyr en nú.

En hvað segir hæstv. ráðherra um það, hvað gera skuli til að rjetta hlut þeirra, sem búnir eru að byggja sundlaugar með styrk, er nemur aðeins ⅕ hluta? Fá þeir meira?

Þótt svo kunni að vera, að sumum finnist heimavistin við mentaskólann ekki sambærileg við þetta mál, þá er þó til annað mál, sem heimavistin þolir vel samanburð við, og það er letigarður hæstv. stjórnar.

Magnús Jónsson: Hv. 2. þm. Eyf. var frsm. minni hl. um frv. um heimavist við mentaskólann og lagði ásamt sínum flokki, að undanteknum hv. þm. V.-Ísf., á móti frv. Hann sagði þá — með leyfi hæstv. forseta—: „Það

neitar víst enginn því, að þetta hefir verið gert. En jeg er þeirrar skoðunar, að þetta sje óheppilegt og alls ekki forsvaranlegt, og síst, þegar fjárhagur ríkissjóðs er jafnörðugur eins og nú". Þetta var ástæðan þá. Annars sagði bæði hann og háttv. þm. Str., núverandi forsrh., að þeir væru í sjálfu sjer fylgjandi frv. Það var fyrst, er frv. var komið til Ed., að hv. 1. landsk. kvað upp úr um virkilega mótstöðu gegn frv.

En þar sem þeir bygðu andstöðu sína þá á erfiðleikum ríkissjóðs, þá má spyrja: Halda þeir afkomu hans betri nú? Ekki virðist fjárlagafrv. nú benda á, að þeir álíti, að svo sje. Og hið sama virðast þær greinar benda á, sem núverandi dómsmrh. hefir skrifað í kjallaradeild Tímans og hann nefnir „Úttekt". Það virðist því lítið hafa breytst til batnaðar í þessu efni frá því, sem var í fyrra. Þá sagði sami hv. þm. ennfremur, að það „að veita svona lagaðar heimildir fyrir alla skapaða hluti" væri „með öðrum orðum: að gera fjárlögin alveg óþörf. Það má altaf segja svo um allar framkvæmdir, að þær geti orðið fljótari, ef stjórninni er gefin heimild til að taka fje úr ríkissjóði, án þess það standi í fjárlögum. Kannske hv. frsm. meiri hl. (MJ) vilji flytja þá till. t. d. til breytingar á stjórnarskránni, sem liggur fyrir, að fjárlög sjeu alls ekki samin, heldur hafi stjórnin ríkissjóðinn í sínum höndum og megi nota hann eins og hún vill. Þetta er í raun og veru alveg í samræmi við hans skoðun".

Þetta var hans skoðun í málinu þá.

Þá var hv. þm. hræddur um, að jeg væri að vekja andstöðu gegn þessu máli. Ekki þarf hann að vera svo mjög hræddur um það, þar sem jeg bað hv. þingdeildarmenn um að samþykkja frv. og þakkaði stjórninni fyrir að flytja það.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa miðað við teikningu Guðjóns Samúelssonar, til þess að slá því föstu, hvað kostnaðurinn mætti verða mikill við byggingu sundhallarinnar. Já, það er undarlegt um þennan hæstv. ráðherra, sem oft er svo hugkvæmur, að hann getur haldið ræður klukkustundum saman og skrifað óþrotlegar greinar í blöð — að það er stundum eins og alveg lokist fyrir hans gáfnaljós, eins og þar sje ekkert inni fyrir annað en andleg fátækt og óþrjótandi ládeyða. Má í því sambandi minna á varðskipamálið. Þar hugkvæmdist honum ekkert annað en lagabrot, þótt hægt hefði verið að ná fullkomlega sama marki á alveg löglegan hátt. Eins er hjer. Það hefði fullkomlega dugað að taka það fram í aths. við frv., að fjárframlagið væri miðað við svipaða byggingu og þá, er sjest á teikningu húsameistara, en í frumvarpinu þurfti ekkert að nefna nema fjárupphæðina, sem heimila átti. Þessa sjálfsögðu leið gat hæstv. ráðherra ekki fundið.

Þá segir hæstv. ráðh., að mismunur sje á sundhöll og heimavistum. Er það rjett. Munurinn er sá, að heimavistirnar voru ætlaðar utanbæjarmönnum, þar á meðal sveitapiltum, er hingað sækja nám, en sundhöllin verður aðallega handa Reykvíkingum. Get jeg glaðst af þeirri ást, sem hæstv. ráðh. virðist orðið bera til Reykvíkinga fram

yfir alla aðra. Þar er ekki lengur Grímsbylýður.

En þar sem við erum sammála um þetta mál í aðalatriðunum, þá orðlengi jeg þetta ekki meira.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er þakklátur fyrir það, að þetta frv. er komið fram. Sundið er hollasta íþróttin og jafnframt nauðsynlegasta. Samkvæmt gildandi lögum má koma á sundnámsskyldu í kaupstöðum, og er það hin brýnasta nauðsyn, ekki síst í Reykjavík, sem er mesti fiskiveiðabær í Norðurhöfum og þar sem hver maður ætti því að vera syndur. En slíkri sundnámsskyldu er ekki hægt að koma á fyr en til eru nægar sundlaugar til náms, og það verður ekki í Reykjavík fyr en slík sundhöll er komin upp, því að sundlaug sú, sem nú er notuð, er allskostar ófullnægjandi nú, hvað þá heldur ef öll hin upprennandi kynslóð ætti að læra sund.

Jafnframt er hjer um hagsýni að ræða á notkun laugavatnsins, því að ætlast er til, að það verði leitt til bæjarins og með því fyrst hitaðar upp opinberar byggingar, en síðan aðeins notaður afgangurinn af vatnshitanum í sundlaugarnar í sundhöllinni.

Þetta mál hefir verið mikið áhugamál íþróttamanna hjer í bæ, en átt litlum vinsældum að fagna meðal ráðandi íhaldsmanna hjer, sem hafa tafið framgang þess á ýmsa lund.

Jeg hygg því, að lofsyrði hv. 1. þm. Reykv. hafi naumast verið af heilum huga töluð. Jafnvel þegar kunnugt var, að hæstv. stjórn ætlaði að leggja þetta frv. fyrir þingið, þá kostaði það harða „agitation" að koma málinu gegnum bæjarstjórnina hjer. Í ljósi þeirrar staðreyndar skiljast lofsyrðin.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. um það, að tillagið til sundhallarinnar, sem gert er ráð fyrir í frv., væri miklu hærra hjer en lagt hefði verið til sundlauga annarsstaðar.

Það er gert ráð fyrir því, að sundhöllin kosti 220—230 þús. kr., og af því leggur ríkissjóður 100 þús. kr., en Reykjavíkurbær þá 120—130 þús. kr., auk þess sem bærinn leggur til endurgjaldslaust leiðslu á vatninu, sem mun kosta yfir 100 þús. kr., lóð alldýra, er kostar sjálfsagt 20—30 þús. kr., og fleira, svo hjer er ekki um það að ræða, að ríkið leggi til helming kostnaðar, heldur sennilega fjórðung. Hitt væri ekki óeðlilegt, þótt ríkið legði tiltölulega meira til sundlaugar hjer í bænum en annarsstaðar, vegna þess að hjer eru opinberir skólar, sem sóttir eru hvaðanæfa af landinu og ætlast er til, að fái ókeypis aðgang að sundhöllinni og ókeypis sundkenslu. Er því aðstaðan öll önnur hjer en úti um sveitir landsins, þar sem ekki er eins alment gagnið af sundlaugunum eins og hjer í bænum, og því ekki nema eðlilegt, þótt sundhöllin í Reykjavík væri styrkt fram yfir venjulegar sundlaugar í sveitum, þótt þær eigi alt gott skilið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. var óánægður yfir því, að Reykjavík væru veitt hjer hagstæðari kjör en öðrum hjeruðum landsins hafi verið veitt hingað til.

Hv. þm. virðist gleyma því, að jeg hefi í Ed. reynt að fá tillagið til sundlaugabygginga hækkað, en ekki tekist það vegna mótstöðu íhaldsins,

hans eigin flokksbræðra. Og þegar litið er til mótstöðu þeirra gegn samskonar byggingu við Laugaskólann, þá er einkennileg umhyggja sú, er nú kemur fram hjá honum fyrir hönd annara hjeraða. En ummæli hv. þm. ættu þó að gefa vonir um, að hann yrði síðar með hlutfallslegri hækkun styrks til sundlauga í sveitum.

Þá spurði sami hv. þm., hvort stjórnin hugsaði sjer að hækka tillag til þeirra, sem þegar hafa fengið styrk úr ríkissjóði til sundlauga. Ef rjett væri að taka upp að nýju hið svonefnda Krossanesmál, þá ætti að mega gera hitt líka. Er rjett að spyrja hv. þm. um álit hans í því efni.

Hv. 1. þm. Reykv. var að bera saman sundhöll og heimavistir við mentaskólann. Þó er þar ólíku saman jafnað, meðal annars af því, að sundhöllin á að geta borið sig fjárhagslega. Mætti meira að segja sennilega gera hana að gróðafyrirtæki, ef almenningshagur mælti ekki á móti því. En um heimavistirnar var um beinan framhaldskostnað að ræða, sem ríkið hefði orðið að taka á sínar herðar.

Hv. 1. þm. Reykv. var eitthvað að gefa mjer að sök, að jeg hefði brotið lög, af því að jeg hefði ekki fundið heppilegri leið til úrlausnar. Ef á annað borð þarf að brjóta lög, geri jeg ráð fyrir, að það geti hent mig ekki síður en aðra. Í því sambandi get jeg bent honum á, að einn þektur þm. í hans flokki, hv. þm. Snæf., lýsti því yfir í gær í þingræðu, að ekki hefði verið hjá því komist í fyrra að brjóta þingsköpin. Þess vegna vonast jeg eftir, þegar hv. 1. þm. Reykv. sjer svo fagurt fordæmi í lögbrjótaheimspekinni, að hann viðurkenni, að hjá mjer geti einnig sannast hið fornkveðna: að nauðsyn brýtur lög. (**MJ:** Var þá haldið áfram að brjóta þingsköpin?). Fordæmið var fengið og því var haldið áfram meðal annars af þeirri einföldu ástæðu, að rjett þótti, að íhaldið, sem brotið hafði lög á andstæðingum sínum í fyrra, fyndi nú, hvernig það væri, að brotin væru lög á þeim. (**MJ:** En mórallinn!).

Því var óspart haldið fram í fyrra af þáverandi stjórnarflokki, að andstöðuflokkurinn notaði máltafir að óþörfu. En hvað gera andstæðingar núverandi stjórnar í dag? Þeir teygja tímann með endalausum útúrsnúningum um mál, sem þeir þykjast þó vera fylgjandi. Ef þetta er ekki sönnun um óþarfa máltafir, þá veit jeg ekki, hvað það er, nema þá að á þeim ætli að sannast, þegar fýkur í íhaldsskjólin: að hægra er að kenna heilræðin en halda þau.

Jón Ólafsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala á þessu stigi málsins, en orð hv. 2. þm. Reykv. urðu þess valdandi, að jeg kvaddi mjer hljóðs.

Jeg vil þá, áður en jeg sný mjer að ræðu hv. 2. þm. Reykv., þakka hæstv. dómsmrh. fyrir flutning þessa máls. Að svo stöddu hefi jeg enga ástæðu til að halda, að honum gangi annað en gott eitt til með flutningi frv. Þess vegna vona jeg, að flokksmenn hæstv. dómsmrh. styðji þetta mál, svo að Reykvíkingar og aðrir landsmenn megi líta slíka menningarbót höfuðstaðar síns fullgerða árið 1930.

Það var ekki rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. vildi láta skína í gegnum orð sín, að við íhaldsmennirnir í bæjarstjórn hefðum beitt okkur móti þessu

máli. En hitt er satt, að við höfum alla jafnan haldið því fram, að hjer væri um svo mikið vandamál að ræða, að ekki mætti að því flana að órannsökuðu máli, eins og börn, sem við öllu gleypa án þess að gera sjer ljóst, hvað gera þarf fyrst. Fyrir okkur vakti altaf, að heita vatnið yrði fyrst leitt til bæjarins í þeim tilgangi aðallega að hita með því stórhýsi bæjarins, og frá þeim rynni svo vatnið aftur í sundhöllina. Að þessu vildum við láta rannsóknina miða, en það var þvert á móti því, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans samherjar í bæjarstjórn hjeldu fram. Þeir vildu flana að öllu órannsökuðu í þessu máli, eins og þeirra er venja í allflestum málum.

Nú í vetur hafa fyrst legið fyrir endanlegar upplýsingar um þetta mál. Og þá stóð ekki heldur á fjárhagsnefnd bæjarstjórnar að taka málið upp og leggja til, að bærinn gengist fyrir byggingu sundhallarinnar. Hitt þykist jeg mega segja, að bæjarstjórn muni ekki veita fje til byggingar sundhallar úr bæjarsjóði. Að minsta kosti erum við íhaldsmennirnir í bæjarstjórn þeirrar skoðunar, að bærinn geti ekki veitt til sundhallar 200 þús. kr., en leggjum fremur til, að tekið verði lán í þessu skyni, enda telja flestir hugsandi menn það heppilegra.

Jeg þykist nú ekki þurfa að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hv. deild geti fallist á frv. og viðurkenni, að hjer sje um hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir Reykjavíkurbæ og borgara hans, heldur nái það og til fjölda manna víðsvegar af landinu, sem dvelja hjer að vetrinum. Og þó að hjer sje farið fram á allháan styrk úr ríkissjóði, þá vona jeg, að hv. þdm. sjái, að hjer er ekki um neina ósanngirni að ræða, enda eru það ekki stórar upphæðir, sem ríkissjóður hefir hingað til látið af höndum rakna til bæjarins, og þetta, sem frv. fer fram á, þá fyrsti styrkurinn, sem um munar.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er aðeins ofurlítil leiðrjetting til hv. 3. þm. Reykv.

Þetta mál var nægilega upplýst fyrir ári síðan. Þá lá frammi í bæjarstjórn bæði uppdráttur af sundhöllinni og kostnaðaráætlun. Hefði þá verið vilji íhaldsliðsins í bæjarstjórn og íhaldsstjórnarinnar, er þá fór með völdin, að byggja sundhöllina, þá hefðu þeir getað borið þetta frv. fram á síðasta þingi, og þá hefði verið byrjað á sundhöllinni nú.

Það er því mesti misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv., að íhaldsmennirnir í bæjarstjórninni hafi verið málinu hlyntir. Þeir hafa frá byrjun verið því andvígir og reynt að tefja fyrir framgangi þess á alla lund. Reki maður málið frá því það kom inn í fjárhagsnefnd bæjarstjórnar, þá sjest, að íhaldsmenn vildu láta sjer nægja aðeins að tala við Alþingi og stjórn, án þess að ákveðið yrði, að sundhöllin skyldi komin upp fyrir 1930, sem þó var metnaðarmál, ekki aðeins allra helstu íþróttamanna hjer í bæ, heldur og fjölda annara borgara bæjarins.

Hitt er annað mál, að eftir að bæjarstjórn og íhaldslið hennar heyrði, að frv. þetta mundi á döfinni hjá hæstv. dómsmrh. og að íþróttamenn bæjarins mundu fylgja því fast eftir, þá sneru þeir við blaðinu, íhaldsmennirnir, og gengu inn á að heimila borgarstjóra að taka lán fyrir bæinn, til

þess að fullnægja skilyrðum þeim, er Alþingi mundi heimta gegn styrknum úr ríkissjóði. Má því búast við, að málið komist nú í höfn, enda þótt heppilegra hefði verið, að ákveðið hefði verið af bæjarstjórn að leggja kostnaðinn við sundhöllina á í útsvörum 2—3 ára, eins og við jafnaðarmenn vildum, heldur en að eiga á hættu, hvort lán fáist í þessum tilgangi handa bænum.

Magnús Guðmundsson: Það er aðeins örstutt athugasemd.

Út af samanburði þeirra hv. þm. Reykv., sem talað hafa um kostnaðinn við byggingu sundhallar hjer og sundlauga úti um land, þá tók jeg það fram áðan, eins og líka hæstv. dómsmrh. viðurkendi, að ríkissjóðsstyrkur sá, sem veittur er samkvæmt fjárlögum til byggingar sundlauga úti um land, er bundinn því skilyrði, að sundlaugarnar sjeu á eftir almenningi til nota. Þetta hefir líka altaf orðið svo í framkvæmdinni; sveitirnar hafa látið í tje laugina og landið umhverfis almenningi til afnota.

Annars þarf ekki lengra að fara í þessum samanburði um hagstæðari kjör Reykjavíkurbæjar á móts við það, sem sveitunum er boðið, en að hlusta á þakklæti allra háttv. þm. Reykv., sem talað hafa, til hæstv. dómsmrh. Þeir vita áreiðanlega, fyrir hvað þeir eru að þakka, og finna jafnframt, að rjettur sveitanna er fyrir borð borinn.

Hæstv. dómsmrh. sagði eitthvað á þá leið, að hann hefði ekki getað komið þessu öðruvísi fyrir. En bágt á jeg með að trúa því. Jeg get ekki trúað, að hann megi sín svo lítils í stjórninni, að hann hefði ekki getað komið því inn í fjárlagafrv. að hækka styrkinn til sundlaugabyggingar úti um land í samræmi við þá upphæð, sem hann leggur til, að Reykjavíkurbær fái til sundhallarinnar. Að minsta kosti hefði honum verið innan handar — eins og jeg drap á áður — að láta þess getið í greinargerð frv., að hann mundi leggja til, að sundlaugastyrkurinn til sveita yrði hækkaður. En úr því hann hefir ekki gert það, virðist mega ætla, að honum hafi ekki verið það mikið áhugamál.

Hann skaut því fram, hæstv. dómsmrh., hvort hægt mundi að taka upp Krossanesmálið aftur. Það þykir nú kannske undarlegt, að dómsmálaráðherra skuli spyrja um slíkt, því líklega ætti engum að standa nær að vita það en einmitt honum. Jeg fyrir mitt leyti held, að það sje ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sje að taka upp málið aftur.

Annars mætti benda honum á, ef hann hefir gleymt því, að það hefir fallið dómur í þessu máli í einkamáli, sem höfðað var gegn verksmiðjunni, og hún vann málið. (**Dómsmrh. JJ:** Ekki landsdómur!). Að vísu hefir það ekki verið rekið fyrir landsdómi. (**MJ:** Jeg held ráðherrann ætti ekki að nefna landsdóm!). Og það var merkur lögfræðingur og Framsóknarmaður, sem flutti málið fyrir Krossanesverksmiðjuna, og því lauk svo, að hann vann það. Sýnir þetta, að merkur Framsóknarmaður áleit málstað verksmiðjunnar góðan og dómstólar samþyktu það. Jeg held því, að hæstv. ráðherra hefði lítið upp úr að taka málið upp, en svo mikið vil jeg kenna honum í lögfræði, að hann getur það.

Jón Ólafsson: Það er nú í sjálfu sjer óþarft að vera að svara fullyrðingum hv. 2. þm. Reykv., en af því honum er svo lagið að skýra rangt frá gangi þessa máls í bæjarstjórn, þá vildi jeg árjetta lítilsháttar það, sem jeg sagði áðan.

Við höfum aldrei verið á móti málinu, þó við höfum ekki getað fylgst með hugsanahrærigraut hans og fljótfærnisályktunum þeim, sem komið hafa frá honum og skoðanabræðrum hans í bæjarstjórn. Það mun engan undra, þó að gætnir menn gleypi ekki allar flugur athugasemdalaust, sem frá þessum flokki koma.

Hefði verið farið að orðum hv. 2. þm. Reykv. og skoðanabræðra hans í bæjarstjórn, að flýta málinu, þá er vitanlegt, að um það hefði ekki verið svo búið, sem þurfti og við íhaldsmennirnir vorum sammála um.

Nú fyrst er málið svo undirbúið, að allar líkur benda til þess, að sundhöllin komist upp fyrir 1930. Með öðrum orðum, málið er komið á þann rekspöl, sem meiri hluti bæjarstjórnar hefir altaf verið að vinna að, og við það mega allir vel una.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 106).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til við hv. deild, að þetta frv. verði samþ. með tveimur minniháttar breytingum.

Nefndinni þykir betur til fallið, að ráðuneytið úrskurði uppdráttinn og lýsinguna á sundhöllinni heldur en að bygging og snið hennar sje bundið við teikningu, sem er nú þegar gerð. Það geta komið fram góðar till. í þessu máli, sem enn hefir ekki bólað á, og er sjálfsagt, að hægt sje að taka tillit til slíkra hluta án lagabreytinga.

Eins þykir nefndinni sjálfsagt, þar sem ríkissjóður styrkir þetta fyrirtæki svo ríflega, að ráðuneytið eigi að hafa úrskurðarvald um aðgangseyri eftir að sundhöllin er upp komin.

Að öðru leyti lítur nefndin svo á, að hjer sje um eitt hið þarfasta frv. að ræða. Þetta frv. getur haft stórmikið gildi fyrir Reykjavíkurbæ um það að efla hjer hreinlæti, styðja að aukinni sundkunnáttu og yfirleitt bæta úr þeirri miklu vöntun á vetrariþróttum, sem er einn af höfuðókostum þessa bæjarfjelags. Aðstaðan hjer í Reykjavík á vetrum er mjög örðug fyrir alt íþróttalíf; en hjer er um stærsta möguleikann að ræða til þess að bæta úr því og gefa æskulýðnum og einnig fullorðnum borgurum tækifæri til þess að iðka hressandi íþrótt.

Eins og jeg hefi sagt, þá er Reykjavík ríflega styrkt samkvæmt þessum lögum. Afleiðingin er vitanlega sú, að það þarf að breyta hlutfallinu um sundlaugastyrk úti um landið, þannig að sundlaugar annarsstaðar á landinu hljóti framvegis helmingsstyrk, eins og hjer er ætlast til um Reykjavík. Jeg vil segja, að afleiðingin sje líka sú, að það þurfi að hækka þann sundlaugastyrk, sem er í fjárlögum til sundlauga annarsstaðar á landinu,

að miklum mun. En kannske er hjer ekki rjett að orði komist, að þetta sje afleiðingin af því frv., sem fyrir liggur; hitt er í rauninni rjettara, að bæði þetta frv. og þörfin á að hækka styrk til hverrar einustu sundlaugar úti um landið, — það sje hvorttveggja afleiðing af hinni ríku þörf þjóðarinnar til sundnáms og sundiðkana.

ATKVGR.

Brtt. 106,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 106,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 1 atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 132, 142, 144).

Jón Auðunn Jónsson: Skoðun mín er sú, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, en því miður eru mörg nauðsynjamál, sem við getum ekki framkvæmt á næstu árum, jafnvel þó að við viðurkennum þörfina. Þetta mál er nú samt eitt þeirra, sem rjett er að framkvæma fyrir 1930. En eins og frv. er og eins og áætlað er framlag ríkissjóðs, get jeg ekki fylgt því. Með frv. er gengið inn á nýja braut, þar sem farið er fram á, að ríkissjóður styrki byggingu sundhallar að helmingi, en hingað til hefir ríkissjóður styrkt slíkar framkvæmdir í sveitum landsins með aðeins einum fimta hluta, og oft ekki einu sinni svo mikið. Oft eru sundlaugar bygðar aðeins fyrir samskotafje og framlög frá viðkomandi hjeraði. Það má að vísu segja, að fleiri en Reykvíkingar hafi not hinnar fyrirhuguðu sundhallar hjer, en svo er og um aðrar sundlaugar í landinu, að þeirra njóta fleiri en íbúar þess hjeraðs, sem sundlaugin er í. Til dæmis hafa bæði Vestur-Ísfirðingar og Austur-Barðstrendingar stundað sundnám í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er líka svo, að Reykjavíkurbær hefir komist undan ýmsum kvöðum, sem alment eru lagðar á önnur hjeruð, og vil jeg þar sjerstaklega til nefna, að bærinn mun ekki hugsa til sjúkrahúsbyggingar, þar sem nú er verið að reisa landsspítalann. En ýmsir kaupstaðir, eða að minsta kosti Ísafjarðarkaupstaður, hafa lagt á sig þunga byrði til þess að geta komið sjer upp vönduðu sjúkrahúsi. Um styrk til Reykjavíkurbæjar sjerstaklega virðist mjer stundum vera gengið of langt, þegar borið er saman við aðra kaupstaði landsins. En hitt skal fúslega viðurkent, að frá Reykjavík fljóta ríkissjóði miklar tekjur.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 142, sem gengur nokkuð lengra en brtt. sú, sem hjer hefir verið lýst. Brtt. mín snertir aðeins eitt atriði frv., nefnilega hlutfallið milli framlags ríkissjóðs og framlags annarsstaðar frá. Mjer þykir æðifjeskylft að ganga að frv. óbreyttu. Það munar 60 þús. kr., hvort samþ. er tillaga mín eða frv. óbreytt. Jeg býst

ekki við, að það þyki rjett, að Reykjavík fái forrjettindi um fjárframlög fram yfir það, sem verið hefir. Auk þess vil jeg benda á, að mjer þykir minni þörf á að leggja þetta mikla fje fram hjer en annarsstaðar, því að margar hendur vinna ljett verk, eins og kunnugt er. Hjer er saman kominn fjórði hluti landsbúa. Og höfuðborg landsins dregur á margan hátt að sjer fje af öllu landinu. Gegnum siglingar og viðskifti, embættiskerfið og skólana og jafnvel sjálft Alþingi dregur höfuðstaðurinn að sjer fje af öllu landinu, og á því hægri aðstöðu til fjárframlaga og framkvæmda en aðrir landshlutar.

Þá má geta þess, að í þessu máli hefir Reykjavík sjerstaklega góða aðstöðu, þar sem til sundhallarinnar á að taka vatn, sem hvort sem er á að leiða í stórhýsi, sem verið er að reisa. Hjer er gert ráð fyrir að byggja „sundhöll", en annarsstaðar eru bygðar sundlaugar, svo að að því leyti er lengra gengið hjer um fjárframlög af hálfu ríkissjóðs en alment hefir verið áður.

Jeg vil ekki leggja á móti málinu sjálfu. Jeg viðurkenni, að það er mikið menningar- og framfaramál. Mjer þykir bara ekki rjett, að lagt sje fram úr ríkissjóði svo hlutfallslega miklu meira fje en áður hefir tíðkast — nú þegar höfuðstaðurinn sjálfur á í hlut.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þar eð hæstv. dómsmrh. er bundinn við umræður í Ed., ætla jeg að segja nokkur orð fyrir hans hönd.

Bæði hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. N.-M. hafa þegar gert grein fyrir brtt. sínum. Jeg er þeim alveg sammála um, að ekki beri að leggja fram tiltölulega meira fje til sundhallar í Reykjavík en til sundlauga úti um landið. En það er til önnur leið til lagfæringar á því atriði en sú, sem hv. þm. vilja fara. Þeir vilja lækka framlag til sundhallar í Reykjavík, en jeg álít miklu betra að hækka framlag til sundlauga úti um land. Mjer finst þetta mál yfirleitt vera eitthvert hið allra þýðingarmesta, sem nú er á dagskrá þjóðarinnar, vafalaust enn þýðingarmeira en spítalamálin. En jeg álít sjálfsagt, að um leið og styrkt er bygging sundhallar í Reykjavík verði í sama hlutfalli lagt fram fje til eflingar sundíþróttinni úti um sveitir landsins. Ef aðrir verða ekki til þess, mun jeg gera það. Jeg skal geta þess, að það er af tilviljun einni, að ekki er í fjárlögunum sama hlutfallið í framlagi til Reykjavíkur og annara landshluta. Það var talað um það í stjórninni, en fyrir óaðgæslu komst það ekki inn í fjárlögin.

Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta eitt atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann sagði, að bæirnir þyrftu að leggja á sig þungar byrðar til þess að geta komið sjer upp og rekið sjúkrahús. Jeg veit, að til dæmis á Seyðisfirði er, samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins, sem birt var í blaði eystra, gert ráð fyrir ágóða af rekstri sjúkrahússins. Hinsvegar er það alveg rjett, að þar sem margmenni er, eins og hjer í Reykjavík, er miklu betri aðstaða til verklegra framkvæmda en annarsstaðar á landinu. En bærinn á í mörg horn að líta, og eins verður að gæta þess, að ef bæjarlífið er óholl-

ara en sveitalífið, verður að leggja áherslu á að bæta úr því eins og hægt er. En að því miðar hin fyrirhugaða sundhöll. Mjer finst sem sagt, að hjer sje um svo mikið menningarmál að ræða, að ríkið verði að láta það verulega til sín taka. Þeir menn, sem aðallega berjast fyrir þessu máli, íþróttamennirnir, eiga líka skilið að fá röskleganstuðning, því að þeir hafa sýnt mikinn dugnað og einlægan vilja á að hrinda því í framkvæmd. Jeg vil eindregið mæla með því, að hv. deild samþykki frv. eins og það er nú.

Sigurður Eggerz: Þó að jeg hafi ekki kvatt mjer hljóðs fyr en nú, er það ekki af því, að jeg sje ekki fylgjandi þessu máli. En mjer fanst undirtektirnar hjer í hv. deild vera svo einróma góðar, að óþarfi væri að auka við umræðurnar. En nú hafa komið fram tvær brtt., sem mjer finst geta orðið hættulegar fyrir framgang málsins. Jeg verð að leggja eindregið með því, að þær brtt. verði feldar. Um leið verð jeg að gera grein fyrir ástæðunum til þess.

Jeg er alveg sammála hæstv. forsrh. um það, að hjer er mjög merkilegt mál á ferðum. Ef sundhöllin kemst upp, hefir það mikla þýðingu fyrir alt íþróttalíf á öllu landinu. Þó að mál þetta sje aðallega bundið við Reykjavík, hefir það þó þýðingu fyrir alla þjóðina. Jeg hefi tröllatrú á því, að í framtíð skólamálanna, sem eru nú aðalmál þjóðarinnar, muni íþróttir verða miklu meira í hávegum hafðar en þær eru nú. Heilbrigði líkamans er alls ekki gætt eins og skyldi. Jeg er sannfærður um, að sá tími, sem unglingum er ætlað að sitja í skóla, sem eru að minsta kosti 6 klukkustundir daglega, er stórhættulegur fyrir heilsu þeirra. Mjer þykir vænt um, að sjálfur fræðslumálastjórinn, hv. þm. V.-Ísf., heyrir á mál mitt. Jeg vona, að hann láti til sín taka einmitt þetta atriði. Íþróttaiðkanir í skólum ættu að vera sjálfsagðar.

Jeg mun sem sagt greiða atkvæði á móti báðum brtt. Ef þær verða samþyktar, er jeg hræddur um, að áhugi sje ekki nógur hjer í Reykjavík til þess að hrinda málinu bráðlega í framkvæmd, enda ætti sundhallarmálið að vera mál þjóðarinnar yfirleitt og hún öll að láta það til sín taka.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. hefir komið sjer saman um að leggja til, að brtt. verði feldar. Jeg veit þó ekki með vissu um afstöðu eins nefndarmanns, en hinir fjórir eru ákveðið á móti báðum brtt.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, telur mentmn. sjálfsagt að breyta hlutfallinu milli fjárframlaga úr ríkissjóði og annarsstaðar frá, þannig að það verði hið sama úti um landið og þetta frv. gerir ráð fyrir hjer í Reykjavík. Hjer er því um það hlutfall að ræða, sem verða mun á öllu landinu framvegis. Úti um landið er full ástæða til að styrkja sundlaugar miklu meira en gert hefir verið. Í Reykjavík er aðstaða betri en víða annarsstaðar til framkvæmda í þessu efni, meðal annars vegna fjölmennisins. En jeg hygg, að eftir gangi þessa máls í bæjarstjórn hingað til, muni lækkun þess styrks, sem gert er ráð

fyrir í frv., geta orðið hættuleg. Þó að íþróttamenn og ýmsir aðrir hafi sýnt töluverðan áhuga fyrir sundhallarmálinu, er jeg hræddur um, að ekkert geti orðið úr því nema með ríflegum fjárstyrk. Hv. þm. ættu að samþ. frv. með glöðu geði, því að það verður öllum landslýð til gagns. Hjer í Reykjavík dvelja menn af öllu landinu einmitt á þeim aldri, þegar þeir læra helst að synda. Ef menn læra ekki að synda á unglingsárunum, er hætt við, að þeir geri það aldrei.

Jeg er alveg sammála hv. þm. Dal. um það, að æskilegt væri að efla íþróttalíf í skólum. En það má ekki gera með því að draga að mun úr bóknámi, að minsta kosti ekki í barnaskólunum. Það tekur oft ekki nema ⅕—½ þess tíma, sem til þess fer í skólum annara þjóða. En hin óhjákvæmilega aukning skólatímans á að fara til íþrótta og handavinnu. Í hinum nýja barnaskóla Reykjavíkur verður sundlaug, sem á að nægja skólanum. En sú laug er ætluð aðeins til að kenna byrjendum. Hinsvegar bætir þetta frv. úr vöntun á sundlaug, þar sem menn geta iðkað sundíþróttina, auk almennrar sundkenslu, sem þar fer fram.

Jeg hefi áður bent á, að Reykjavík er ef til vill sá bær á Norðurlöndum, þar sem allra erfiðast er að iðka íþróttir á vetrum. Á sumrin kemur það oft fyrir, að Reykjavíkurbær er nær tómur; það sjest varla mannsbarn á götunum. Allir, sem vetlingi geta valdið, fara burtu úr bænum, á hestum, bílum eða fótgangandi eitthvað upp í sveit til þess að njóta þar náttúrunnar. Aftur á móti sjer maður aldrei mannlausa borg hjer á vetrum. En dvelji maður að vetrarlagi t. d. í Osló, eða öðrum borgum í Noregi og Svíþjóð, þá getur komið fyrir, að maður sjái bæina alveg mannlausa. Allir, sem tök hafa á, eru fyrir utan þá við íþróttaiðkanir, skauta- og skíðahlaup o. fl. Hjer hagar ekki þannig til, að menn geti alment stundað útiíþróttir á vetrum, enda þótt það sje öllum nauðsynlegt. Og úr því verður ekki bætt nema með sundhöllinni.

Auk þess er sundhöllin nauðsynleg vegna heimilisþrifnaðar fyrir almenning, því að það er ekki nema í tiltölulega fáum íbúðum bæjarins, að hægt er að framkvæma hinn nauðsynlegasta þrifnað hvað líkamsþvott snertir. Þeir, sem hafa ráð á baðherbergi, eru hjer kallaðir ríkismenn. Úr þessu er skylt að bæta.

Með frv. þessu er Alþingi að ýta undir framkvæmdir Reykjavíkurbæjar um sundhallarbyggingu, og heiður þess verður þeim mun meiri, sem það á meiri þátt í framkvæmd þessa nauðsynlega fyrirtækis, og einmitt með þessu frv. er og verið að ákveða að styrkja sundlaugar úti um land ríflegar en verið hefir. Nú er styrkurinn til þeirra 4 þús. kr., en eigi hann að miðast við helming kostnaðar, þarf hann að hækka upp í 10 þús. kr.

Jón Auðunn Jónsson: Það er alveg óþarfi að halda hjer langar ræður um nytsemi sundíþróttarinnar. Okkur flm. þessara brtt. er ekki síður en öðrum kunnugt um, að sund er einhver hin nytsamasta íþrótt, sem menn iðka, og jeg get bætt því við frá sjálfum mjer, að jeg fjekk heilsubót á unga aldri fyrir það, að jeg lærði þessa íþrótt.

Jeg ætti því síst að vera að hafa á móti ágæti þessarar íþróttar, enda er langt frá því, að svo sje. Það, sem hjer er um að ræða, er fyrirkomulagsatriði, það, hvert framlag ríkissjóðs á að vera. Jeg lít svo á, að Reykjavíkurbær muni alveg eins byggja sundhöll, hvort heldur sem hann er styrktur til þess með 65 eða 100 þús. kr. Ef hann gerði það ekki, þá mætti þar af draga þá ályktun, að nauðsyn sundhallar hjer væri ekki eins brýn og margir ætla. Annars er gott að eiga von á því, að hæstv. dómsmrh. beiti sjer fyrir, að meira fje verði lagt til sundlauga úti um land en hingað til hefir verið gert. Þó ber að líta á efnahag ríkissjóðs í þessu sem öðru.

Það er að sjálfsögðu rjett hjá hæstv. ráðh., að þörfin fyrir sundlaugar sje brýnni í kaupstöðum og kauptúnum landsins en til sveita, en þá verður maður jafnframt að gera ráð fyrir, að íbúar þessara staða leggi meira á sig til þess að fá þær umbætur en sveitirnar gera eða geta gert, og hvað bæjarfjelag Reykjavíkur snertir, þá finst mjer, að aðstaða þess sje að miklum mun betri en annara kaupstaða, að jeg tali ekki um sveitirnar. Að hætt verði að byggja sjúkrahús, þó að sundhöllin verði bygð, er jeg ekki viss um. En því get jeg aftur á móti trúað, að það dragi úr aðsókn að þeim.

Því, sem hæstv. ráðherra var að tala um reikninga Seyðisfjarðarkaupstaðar, ætla jeg ekki að svara. Jeg hygg þó, að byggingarkostnaður sjúkrahússins þar sje ekki talinn með, þegar talað er um, að bær þessi geti rekið sjúkrahúsið hallalaust fyrir bæjarfjelagið. Líka getur vistin verið seld svo dýrt í því sjúkrahúsi, að óhæfilegt sje. Auk þess ber þess að gæta, að sjúkrahús þetta er langt frá því að fullnægja kröfum tímans.

Hvað snertir heiður þingsins, sem hv. þm. V.-Ísf. var að tala um, þá held jeg, að hann sje mestur, ef það gætir fullrar sanngirni í öllum tillögum.

Eins og tekið hefir verið fram, hefir tillag ríkissjóðs til sundlauga úti um land verið 4 þús. kr. á ári, en nú á að veita til sundhallar hjer í Reykjavík á einu ári 100 þús. kr. Það sjá allir, hvílíkt ósamræmi er í þessu, enda þótt það sje rjett, sem haldið hefir verið fram, að þetta tillag til sundhallarinnar væri í eitt skifti fyrir öll; en svo er líka um tillag til annara hjeraða.

Ef maður leggur til grundvallar þörfina í hinum ýmsu hjeruðum landsins fyrir því að fá sundlaugar, þá myndi fje það, sem verja þyrfti til þeirra árlega, verða svo mikið, að á einum áratug skifti miljónum kr., ef það ætti að vera í samræmi við þetta tillag ríkissjóðs til sundhallarinnar í Reykjavík.

Að sjálfsögðu eiga íþróttamenn landsins alt gott skilið, og jeg er viss um, að hvorugur okkar flm. þessara brtt. viljum leggja stein í götu þeirra. En við viljum, að gætt sje samræmis í þessum tillögum eins og öðrum og litið á getu ríkissjóðsins.

Halldór Stefánsson: Ýmsir hv. þm. hafa orðið til þess að leggjast af kappi á móti brtt. minni á þskj. 142. Ummæli þeirra hafa þó að ýmsu leyti ekki snert málið sjálft, heldur verið almennar hugleiðingar um íþróttalíf,

Út í þær umr. ætla jeg alls ekki að fara að blanda mjer. Jeg fæ ekki sjeð, að slíkar umræður komi máli við í þessu sambandi. Fleiri eru íþróttir en sund. Hjer kemur það eitt máli við, hvort ástæða er til að leggja fram hlutfallslega meira fje úr ríkissjóði þegar Reykjavík á í hlut en verið hefir áður.

Hæstv. forsrh. sagði, að tvær væru leiðir í þessu máli til þess að ná samræmi. Önnur væri sú, að lækka tillagið úr því, sem nú er, en hin að hækka það í framtíðinni. Það er alveg rjett, þessar leiðir eru báðar til — þó verður misrjetti gagnvart þeim, sem búnir eru að koma upp sundlaugum. En mig furðar á, að ekki skuli hafa opnast augu sumra þeirra, sem þessu fylgja, fyrir auknu hlutfallsframlagi ríkissjóðs fyr en nú, og það einmitt þegar sá aðili á í hlut, sem minsta þörf hefir á auknu hlutfallsframlagi.

Hv. þm. Dal. sagði, að brtt. mín væri hættuleg fyrir málið. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig það má vera, ef áhuginn fyrir því er eins mikill hjer í bænum og af er látið. Því aðeins getur hún verið hættuleg fyrir það, að bæjarbúa skorti skilning og áhuga fyrir því, en það er gagnstætt því, sem mótmælendur till. hafa fullyrt. Ef sú væri nú raunin á, þá væri æskilegt, að áhrifa- og áhugamennirnir, sem hjer hafa talað, beittu fortölum sínum í þá átt að hafa áhrif á áhugaskort bæjarbúa. Það væri þá rjettmætt og gæti orðið málinu til mikils gagns. Annars þykir mjer leitt, að meiri hl. nefndarinnar skuli vera á móti brtt. minni, því að jeg álít rjettmætt, að hún nái fram að ganga.

Hv. þm. V.-Ísf. hefi jeg svarað með því, sem jeg hefi þegar sagt, og skal ekki orðlengja það frekar.

Ólafur Thors: Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta mál, og það því síður, þar sem sumir hv. deildarmenn hafa þegar tekið fram margt af því, sem jeg taldi rjett, að kæmi fram í þessari hv. deild í sambandi við frv. þetta.

Það munu nú liðin full 15 ár frá því að tillagan um sundhöll hjer í bæ kom fyrst fram á prenti, frá núverandi formanni Íþróttasambands Íslands, og síðan hafa íþróttamenn barist fyrir þessu máli.

Jeg hafði nú lesið það, sem þessir menn skrifuðu um málið, og taldi það þjóðþrifamál, en hafði aldrei orðið fyrir verulegri hrifningu, svo jeg þess vegna teldi rjett að styðja það fyr eða fremur en margt annað þrifamálið. En svo fór fyrir mjer eins og mörgum öðrum, að sjón verður sögu ríkari. Mjer varð reikað einn fagran sunnudagsmorgun inn í sundlaugar og sá þar smábörn busla í lauginni á svo kölluðu „hundasundi“, fagrar yngismeyjar synda eins og svani á vatni og íturvaxna íþróttamenn, sem „hnituðu hringa marga“ um leið og þeir steyptu sjer úr háalofti af sundpallinum niður í laugina. Jeg fyltist löngun til þess að kasta mjer úr fötunum og fara á hundasundi með krökkunum, en skammaðist mín fyrir það, máske af hjegómagirni, því að jeg kann lítið að synda, en frá þessari stundu skildi jeg nauðsyn þessa máls og sór því fylgi mitt í gegnum þykt og þunt.

Þeir hv. þm., sem hafa orðið til þess að andmæla þessu sundhallarmáli,

telja því ekkert mein gert, þó að frv. þetta nái ekki fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú, og benda ennfremur á, að ástæðulaust sje að leggja Reykjavík hlutfallslega meira fje til sundlaugar en öðrum landshlutum. Þessum hv. þm. vil jeg segja það, að það er hvorttveggja, að mjer er ekki grunlaust, að verði framlag ríkissjóðs minkað frá því, er stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir, muni af því stafa tafir á framkvæmd málsins, og hitt, að mjer finst, að Reykjavík hafi lagt og leggi enn svo mikið til almenningsþarfa, að ekki sje gerandi mikið úr því, þó að það komi einu sinni fyrir, að hún beri hlutfallslega meira úr býtum en aðrir landshlutar. Jeg minnist í þessu sambandi ársins 1925, þegar tekjur ríkissjóðs voru alls 16 milj. kr., og þar af innheimt af tollheimtu Reykjavíkur og annara bæja 11 milj. kr. Jeg nefni þessar tölur aðeins til þess að sýna, að Reykjavík á alla sanngirni skilið hvað þessi mál snertir. Af framansögðu verð jeg að halda því fram, að full sanngirni mæli með því, að frv. það, sem hjer er til umræðu, verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Eins og kunnugt er, er jeg í Íhaldsflokknum, flokknum, sem hefir það efst á stefnuskrá sinni að miða öll útgjöld við hina raunverulegu getu ríkissjóðs. Þó getur það komið fyrir, að hugsjónirnar beri mig út fyrir þessi takmörk, þegar jeg vil láta eitthvert hugsjónamál ná fram að ganga, eins og t. d. þetta sundhallarmál, sem jeg tel eins þýðingarmikið til líkamlegra þrifa eins og jeg tel hugmynd Kristjáns Albertssonar um ríkisforlag vera til andlegra þrifa.

Jeg skal svo ljúka máli mínu með því að taka undir orð eins merks borgara þessa bæjar. Orð hans voru þessi: „Hafið það hugfast, að ef þið stofnið íþróttaskóla og byggið sundhöll, þá þurfið þið ekki að byggja spítala". Jeg veit, að ekki ber að skilja þessi orð bókstaflega, en mikill sannleikur er samt í þeim fólginn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi talað áður í þessu máli og fært þá fram rök fyrir því, og skal ekki endurtaka þau nú.

Viðvíkjandi því, að tillag það úr ríkissjóði, sem hjer ræðir um, sje of mikið, þá er það rjett, ef litið er á það hlutfall, sem verið hefir á milli framlags ríkissjóðs og hjeraða til sundlauga úti um land. En eins og tekið hefir verið fram, er sú stefnubreyting orðin í þessu máli, að hjer eftir verður sama töluhlutfall til sundlauga úti um land og hjer er farið fram á að verði til sundhallarinnar. Jeg vænti því, að hv. þm. utan Reykjavíkur sjái, að hagur þeirra kjördæma verður ekki fyrir borð borinn hvað þetta snertir. Og hv. þm. N.-Ísf. vil jeg segja það, að hann má eiga von á mínum stuðningi við þær framkvæmdir, sem stendur til að gera á Reykjanesi vestra.

Pjetur Ottesen: Enda þótt mál þetta sje nauðsynlegt, sem jeg vil síst bera brigður á, þá tel jeg þó, að taka þurfi tillit til mögulegleikanna. Hjer er farið fram á að veita 100 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík, og það er gert af stjórn, sem samtímis fer fram á í tillögum sínum að lækka svo skiftir hundruðum þúsunda króna fjárframlög til verklegra framkvæmda í land-

inu, þ. e. vega, brúa, síma og vita. Mjer finst því ástæða til þess að athuga þetta dálítið nánar. Er þá fyrst að athuga, hvort hjer sje veitt fje eftir sömu hlutföllum og gert hefir verið áður til hliðstæðra fyrirtækja; en því skýtur þá heldur skökku við, því til sundhallar þessarar á að veita helming kostnaðar, í stað þess að til sundlauga úti um land hefir ekki verið veitt nema ⅕ kostnaðar. Það er fyrst þegar til þess kemur, að það á að fara að reisa sundhöll fyrir Reykjavík, að stjórnin rýkur upp til handa og fóta og ber fram tillögur um, að ríkið leggi fram helming kostnaðar. Jeg vil ekki þar með segja, þótt freistandi sje, að þessi stefnubreyting eigi sjer stað vegna þess, að hjer á Reykjavík hlut að máli. En það er óneitanlega lítið samræmi í því hjá hæstv. stjórn, að jafnframt því, að hún leggur til, að ríkið greiði helming kostnaðar til sundlaugar í Reykjavík, lætur hún standa óbreytt í fjárlögum ákvæðið um það, að til sundlauga úti um land skuli ekki greitt úr ríkissjóði nema ⅕ hluti kostnaðar.

Það er enn annað, sem bendir á það, að þessi skoðanaskifti sjeu tengd við það, að um er að ræða fjárframlag til framkvæmda hjer í Reykjavík, sem sje það, að það eru eingöngu búsettir menn hjer og gjaldendur þessa bæjar, sem beita sjer fyrir þessari fjárveitingu. (**ÓTh**: Og þeir einir tala á móti frv., sem eru utan Reykjavíkur). Já, það er ekki nema eðlilegt; þeir sjá ekki ástæðu til að gera Reykjavík hærra undir höfði í þessu efni en öðrum hjeruðum landsins. Það er talað um þetta sundhallarmál hjer sem ákaflega mikið nauðsynjamál, og vil jeg ekki bera brigður á það, að svo sje, en að nauðsyn Reykvíkinga í þessu efni sje svo miklu brýnni en annara hjeraða á landinu, að það rjettlæti að verja svo miklu fje nú úr ríkissjóði til þessa verks og gera Reykjavík svo miklu hærra undir höfði um fjárframlög í þessu efni en öðrum hjeruðum, því mótmæli jeg algerlega.

Það er öllum kunnugt, að hjer í Reykjavík er sundlaug og hefir verið haldið þar uppi sundkenslu um langt skeið, en þeirri sundlaug kann að vera í ýmsu ábótavant. Þá er því haldið fram, að í þessari sundlaug sje eini möguleikinn fyrir Reykvíkinga til sundiðkana. Þetta er ekki rjett. Jeg veit ekki annað en hjer sje skamt til sjávar, en það er alkunnugt, að sjóböð og það að synda í sjó er hámark hollustunnar við böð.

Það er að vísu svo, að á ýmsum tímum árs er ekki öllum hent að synda í sjó, því þrátt fyrir alt íþróttaskvaldrið munu þeir margir vera, sem kveinka sjer við kalda vatnið. En á dögum Bessastaðaskóla — en þar var vagga íþróttanna á landi hjer í þá tíð — víluðu skólapiltar ekki fyrir sjer að steypa sjer í sjóinn um háveturinn, og mig minnir, að Páll Melsteð segi frá því einhversstaðar, að þeir hafi synt, þótt svo mikið frost væri, að „það tólgaði fjöruna", eins og hann komst að orði. Nei, þótt þetta sje mikið nauðsynjamál, þá má ekki gleyma því, að það eru fleiri leiðir til þess að skola skítinn af skrokknum á sjer en að gera það í yfirbygðri sundlaug, og jeg yrði að telja það mikla afturför og mjög óheppilegt, ef þessi „höll" yrði til þess að draga menn frá sjónum.

Jeg sje enga ástæðu til þess að hækka nokkuð tillagið úr ríkissjóði til þessarar sundlaugar frá því, sem verið hefir og aðrir hafa notið og eiga auðsjáanlega að njóta áfram.

Ef hjer er um svona mikið nauðsynjamál að ræða fyrir Reykjavíkurbæ eins og haldið er fram, þá þarf síst að telja það eftir Reykvíkingum að byggja sína sundlaug með sama styrk og aðrir hafa notið. Það er þá bara af því, að þetta er ekki eins mikið nauðsynjamál og af er látið, ef það stendur í vegi fyrir framkvæmd málsins, hvort veitt verður úr ríkissjóði ½ eða ⅕ kostnaðar.

Ræða háttv. þm. Dal., eða sá hluti hennar, þar sem hann talaði um það, hve langar skólasetur væru óhollar fyrir unglingana, og það þyrfti að gera sjerstakar ráðstafanir þess vegna, var mjer mikið gleðiefni.

Þetta gladdi mig mjög mikið, því að við deildum um þetta fyrir nokkrum árum, jeg og hv. þm. Dal. Jeg hjelt þá fram þessari skoðun, en háttv. þm. Dal. kallaði það þá fjarstæðu og kvað það ekki ná neinni átt. Það gleður mig, að hv. þm. Dal. skuli hafa komist að raun um það, að það var mikið hæft í því, sem jeg hjelt þá fram.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en ef það er rjett, að það sje nauðsyn á að koma upp sundhöll, þá vænti jeg þess, að það sje svo mikill skilningur á þeirri nauðsyn í Reykjavíkurbæ, að framkvæmdir verði ekki látnar stranda á því, hvort veittur er helmingur eða lægra hlutfall.

Ef skilningur manna á þessu máli er ekki meiri en það, að framkvæmdin strandi á því, þá vaknar mikill ótti um það, hvort skilningurinn á þessu máli er þá svo almennur hjá öllum fjöldanum, að sundlaugin komi að tilætluðum notum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Borgf.

Jeg heyrði ekki upphaf ræðu hans, en skildi hann svo, að hann hjeldi því fram, að það væri ósamræmi hjá stj. að leggja til, að veittur verði styrkur til sundhallarbyggingar annarsvegar og hinsvegar að draga úr verklegum framkvæmdum.

Jeg held, að hv. þm. Borgf. hefði ekki fundið ósamræmi í þessu, ef hann hefði hugsað málið dálítið betur. Hv. þm. veit vel, að landsstjórnin verður að halda sjer við gildandi skattalög, er hún semur fjárlagafrv., og núv. stj. ætlar sjer ekki að bera fram fjárlög með tekjuhalla.

Jeg hefi sagt það við fjvn. — og hv. þm., sem á sæti í þeirri nefnd, veit það —, að tilætlun stj. væri sú, að afla ríkissjóði svo mikilla tekna, að hægt væri að veita ríflegt fje til verklegra framkvæmda, án þess þó að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla. — Þegar hv. þm. var að tala um ósamræmið og stefnubreytingu stj., vissi hann því vel, að það, sem hann sagði um það, hafði ekki við rök að styðjast. Eins og stj. ætlast til, að hægt verði að afla peninga til þess að stofna til myndarlegra sundlauga úti um land, eins er það tilætlun hennar að afla peninga til annara verklegra framkvæmda. En hún fer ekki af stað

með þetta í fjárlagafrv. fyr en tryggur er tekjuaukinn.

Þá vjek hv. þm. að hlutföllunum. Jeg er búinn að geta þess, að stj. hefir þegar gert ráð fyrir því, að tillagið til sundlauga úti um land hækki. T. d. er hæsta styrkveitingin til sundlaugar, sem áður hefir verið veitt, ekki 1/5, heldur 2/5 kostnaðar. Er það til sundlaugarbyggingar í Þingeyjarsýslu. Hjer er því ekki um neina stefnubreytingu að ræða hjá stj. Við Framsóknarmenn höfum ekki áður haft þá aðstöðu eða þau ráð hjer á Alþ., að við höfum getað komið öllu í framkvæmd, sem við gjarnan hefðum viljað koma fram.

Jeg gat ekki annað en brosað, þegar hv. þm. Borgf. var að tala um það sem fyrirmynd og hámark í íþróttamenningu þjóðarinnar, að á öldinni sem leið hefðu örfáir menn á Bessastöðum synt í sjó að staðaldri. Hann má telja það viðunandi, að 10, 20 eða 30 menn fari í sjóinn, en jeg vil vona, að slíkt ástand í íþróttalífi eins og var á þeim tíma, sem hv. þm. vitnaði í, komi aldrei framar í sögu þjóðarinnar, og jeg vona líka, að sundhöllin hindri það, að annað eins ástand komi nokkurntíma aftur.

Jón Ólafsson: Jeg get sparað mjer að fara mörgum orðum um þetta mál, því að hv. þm. V.-Ísf. tók fram flest það, sem jeg vildi hafa um það sagt. Flestir eða allir, sem tekið hafa til máls, hafa látið í ljós þá skoðun sína, að hjer sje um mikið nauðsynja- og framfaramál að ræða, svo að mjer skilst, að menn eigi þá aðeins eftir að deila um það, hve hátt tillag ríkissjóðs til verksins eigi að vera. Það hafa verið leidd rök að því, að hjer stendur sjerstaklega á, þar sem um Reykjavík er að ræða. Það er löngu kunnugt, að sundlaug sú, sem bærinn á, er langt frá því að vera viðunandi. Reykvíkingum hefir orðið þetta mjög tilfinnanlegt, ekki síst nú á síðustu árum, vegna þess, hve gestakomur bæði útlendra og innlendra gesta hafa aukist.

Það er nú svo, að eitthvað það fyrsta, sem útlendir gestir spyrja um, þegar þeir koma hingað til bæjarins, það eru laugarnar, „hinir heitu hverir og laugar", sem eiga sinn stóra þátt í því að lokka útlenda ferðamenn hingað til landsins. Það er því skiljanlegt, að Reykvíkingum falli það ekki sem best að verða að bjóða þeim að synda í slíkum forarpolli sem sundlaugarnar hjer eru. Þess vegna vil jeg benda hv. þdm. á það, að það getur haft þýðingu, ekki einasta fyrir Reykjavík, heldur einnig fyrir landið út á við, að hjer sje sú sundhöll, sem hverri höfuðborg sem væri mætti vera sómi að að eiga, og allir, ekki einasta allir bæjarbúar, heldur einnig allir landsmenn, gætu verið hreyknir af.

Hv. þm. N.-Ísf. benti á það, að Reykvíkingar nytu meira góðs en aðrir landsmenn af ýmsum ríkisstofnunum, sem stæðu hjer í Reykjavík, og tók hann til dæmis landsspítalann. Jeg vil nú minna þennan hv. þm. á það, að Reykjavík hefir líka ýmsar skyldur og kvaðir fram yfir aðra landshluta. Má t. d. benda á það, að Reykjavík verður að halda uppi farsóttahúsi og gera ýmsar strangar ráðstafanir og allkostnaðarsamar gegn útbreiðslu farsótta, vegna þess að skip koma hingað fyrst og því mikil hætta

á, að farsóttir berist hingað fyrst og síðan hjeðan aftur út um landið.

Jeg nefni hjer aðeins þetta dæmi, en það mætti benda á margt fleira til þess að sýna fram á það, að Reykjavík hefir ýmsum skyldum að gegna fram yfir aðra kaupstaði landsins, og að þess vegna verður sá baggi, sem Reykvíkingar hafa að bera, stærri en annara landsbúa.

Jeg geri ráð fyrir því, þótt ýmsir hv. þm. heyrist oft tala svo, sem þeir sjeu því algerlega andvígir, að nokkuð sje hlynt að Reykjavík, þá sjeu menn þó sammála um það, að það eigi að vera stolt allra landsmanna, að höfuðstaðurinn líti sem best út. Það er, eins og allir vita, mikill þáttur í því, hverjum augum útlendar þjóðir líta á menningu vora, hvernig höfuðborg vor lítur út í augum þeirra útlendinga, er sækja landið heim og oft sjá ekki annað af landinu en hana.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf., að það væri ekki mikill áhugi fyrir þessu máli hjer í bænum. Mjer er kunnugt um, að það hefir altaf verið og er enn mjög mikill áhugi fyrir þessu máli hjer í bænum. En nú, þegar það er ráðið, að tvær stórbyggingar, sem nú er verið að reisa hjer í Reykjavík, skuli verða hitaðar með laugavatni, þá finst öllum sjálfsagt, að það vatn verði notað til sundlaugar eftir að það hefir farið gegnum þessar byggingar og hitað þær. Og það má vel vera, að þetta almenna álit manna hjer í bænum hafi orðið til þess, að ýmsum virtist vera hjer minni áhugi fyrir sundhöllinni en í raun og veru er. Og þótt ýmsum kunni að virðast áhuginn lítill á þessu máli, þá er mjer kunnugt um það, að til eru þungar kröfur meðal manna hjer í bænum um endurbætur á bænum og þær stórfeldar; endurbætur, sem mönnum hefir þótt dragast of lengi, með tilliti til þess, hve mikils virði þær væru, þegar ræða er um heimsóknir útlendinga til landsins.

Jeg verð að segja það, að hann fer að verða í fylsta máta leiðinlegur þessi blær og andi, sem altaf svífur yfir, þegar talað er um það að gera eitthvað, sem gæti orðið Reykjavík til bóta. En þegar það er borið saman, sem gert hefir verið fyrir aðra landshluta, og það, sem gert hefir verið fyrir Reykjavík, með allan þann mannfjölda, sem hjer er saman kominn, þá held jeg, að enginn þyrfti að sjá ofsjónum yfir því, þótt þetta fje yrði veitt til sundhallarinnar.

Hvað viðvíkur því fordæmi, sem talað er um, að hjer sje verið að mynda, ef veittur sje helmingur kostnaðar, þannig að hjer eftir muni verða heimtað sama hlutfall til allra sundlaugabygginga úti um land, þá held jeg, að ríkið ætti ekki að sjá eftir því fje, sem til þess færi; það mundi koma í ljós með aukinni líkamsmenningu þjóðarinnar, að það fje hefði margborgað sig.

Jeg held, að hv. þm. V.-Ísf. hafi tekið fram svo margt af því, sem jeg hefði viljað segja, að jeg geti látið sitja við það, sem jeg hefi þegar sagt.

Haraldur Guðmundsson: Allir, sem tekið hafa til máls um þetta mál, hafa viðurkent, að hjer væri um mikið þjóðþrifa- og nauðsynjamál að ræða. En menn greinir á um það, eins og oft

vill verða um slík mál, hvort hjer sje um svo aðkallandi þörf að ræða, að þetta mál eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum málum, er þeir telja einnig nauðsynleg og gagnleg.

Það er nú mín skoðun, að þetta mál sje svo mikið nauðsynja- og þjóðþrifamál, að ekkert annað kalli frekar að, og því sje alveg ótækt að láta það bíða eða sitja á hakanum.

Menn hafa deilt um það hjer, hve mikinn þátt ríkinu beri að taka í þeim kostnaði, sem framkvæmd þessa máls mundi leiða af sjer, og sumir haft það á móti frv., að í því væri, með ákvæðinu um framlag ríkissjóðs, brotin sú regla, sem hingað til hefði verið fylgt um framlag ríkissjóðs til sundlauga. Þeir hafa haldið því fram, að með því að samþ. frv. væri Reykjavík gert hærra undir höfði en öðrum landshlutum, og með því brotinn rjettur á þeim. Jeg skal ekki neita því, að ef litið er til fjárhæðanna eingöngu og nafnanna, sem fylgja, lítur svo út, sem þeir hafi nokkuð til síns máls. En það er alveg víst — og það mun verða viðurkent, þótt síðar verði —, að hjer er ekki fyrst og fremst að ræða um hjeraðsmál Reykvíkinga, heldur fyrst og fremst mál alls landsins. Það er kunnugt, að hingað til Reykjavíkur flykkist á vetri hverjum fjöldi ungra manna og kvenna í ýmsa skóla hvaðanæfa af landinu. Ef þessu fólki er nú gefinn kostur á því að nema sund með hægu móti, þá er auðsjeð, hvílíkt tækifæri það er til þess að breiða út sundíþróttina meðal landsmanna. Þetta unga fólk mun flytja með sjer íþróttina út um allar sveitir landsins, kynna mönnum hana og kenna og sýna mönnum fram á gagnsemi og ágæti listarinnar. Þetta verður áreiðanlega afleiðing þess, ef sundhöll yrði bygð hjer í Reykjavík. Mönnum er það eitt ekki nóg að nema; þeir eru jafnan fúsir á að miðla af fróðleik sínum til annara. Jeg heyrði því haldið fram af einhverjum háttv. þm. — jeg hygg, að það hafi verið hv. þm. Borgf. —, að hjer í Reykjavík yrðu menn ekki varir svo mikils áhuga á sundíþróttinni, að það gæti hvatt þm. til þess að vera málinu fylgjandi.

Jeg vil benda þessum hv. þm. á það, að einstaka menn og fjelög hjer og bæjarstjórn Reykjavíkur hafa lagt mjög verulega af mörkum í þessu skyni. Sundlaugarnar hjer innfrá hefir Reykjavíkurbær bygt alveg án styrks úr ríkissjóði. Þar hafa ekki aðeins Reykjavíkurbúar lært sund, heldur einnig fjöldi manna annarsstaðar að. Sumir þeirra hafa síðan orðið til þess að kenna mönnum sund úti um alt landið. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir líka samþykt að hafa sundlaug í barnaskólanum nýja, og ekki farið fram á nokkurn styrk úr ríkissjóði til hennar, og ennfremur að nota heimild síðasta þings til þess að lögbjóða sund sem skyldunámsgrein við þann skóla. Fjelög íþróttamanna hafa styrklaust bygt sundskálann í Örfirisey og sjeð um sundkenslu þar.

Um þá sundlaug, sem hjer er um að ræða, sundhöllina svo kölluðu, stendur alveg sjerstaklega á, því að það mál er, eins og sýnt hefir verið fram á, fult svo mikið mál allrar þjóðarinnar sem Reykvíkinga.

Það hefir verið rætt um það í fjvn., eins og hv. þm. Borgf. veit, hvort ekki mundi vera rjett að breyta hlutföll-

unum um tillag ríkissjóðs til sundlauga yfirleitt. Mjer er ekki kunnugt um hug annara manna til þess máls, en jeg fyrir mitt leyti mun verða fylgjandi því, að tillag ríkissjóðs verði hækkað til jafns við tillög hjeraðanna. Jeg álít, að það sje til vinnandi til þess að hvetja menn úti um land til þess að leggja sjálfir fram fje til þess að byggja sundlaugar og iðka sund meir en nú er. Og jeg er sannfærður um það, að sundhöll hjer í Reykjavík er stórt spor í þá átt að hvetja menn til þess að leggja meiri stund á sund en nú er gert, ekki aðeins Reykvíkinga, heldur einnig menn um land alt.

Það hefir verið tekið fram rjettilega af hæstv. forsrh., að það er alveg sjerstök þörf á því fyrir Reykjavík, að hjer sje kostur á góðri sundlaug. Jeg veit ekki nema það sje þörf á því að minna hv. þm. á það, ef svo kynni að vera, að þeir myndu það ekki fullvel áður, að kjör almennings og híbýlaháttur hjer í Reykjavík er svo bágborinn, að fólki er það nauðsyn að eiga kost á því að geta farið í bað iðulega, ef það á að geta gætt sæmilegs hreinlætis og haldið heilsu sinni. Það, að koma hjer upp sundhöll, sem allur almenningur getur náð til, er því nauðsynlegur liður í þeim ráðstöfunum, sem gera þarf til þess að ráða bót á ástandinu í heilbrigðismálum meðal almennings hjer í Reykjavík, auk þess, sem það yrði til þess að fleiri lærðu og iðkuðu sund en nú er. En í slíkum sjómannabæ sem Reykjavík er eiga allir að kunna að synda og kunna það vel.

Jeg saknaði þess hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að hann skýrði frá því, hvað meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur mundi gera, ef breytt yrði ákvæðinu í frv. stj. um tillag ríkissjóðs. Jeg verð að segja það sem mitt álit persónulega, að jeg álít það dálítið hæpið, að hún telji sitt tilboð um framlag bindandi nema sú upphæð komi á móti, sem þar er gert ráð fyrir. Jeg hefi ástæðu til að ætla, að hv. 3. þm. Reykv. geti vel sagt um það, hvern veg meiri hluti bæjarstjórnar Reykjavíkur muni líta á það mál. Í bæjarstjórninni eiga sæti ýmsir menn, er telja mörg önnur mál svipuð nauðsynjamál sem þetta og meir aðkallandi, og þá gæti svo farið, ef tillag ríkissjóðs yrði lækkað, að það kynni að draga dálítið úr áhuga sumra bæjarfulltrúanna á þessu máli. Væri því gott, ef hv. 3. þm. Reykv. vildi nú upplúka sínum munni þar um.

Hv. þm. Borgf. er ákaflega hræddur um, að sundhöll hjer í Reykjavík muni „draga menn frá sjónum“. Það mun nú vera svo, að því er jeg held, víðast hvar á landinu, að það er aðeins um mjög stuttan tíma ársins, að almenningur getur iðkað sund í sjó. Þeir, sem eru heilsuveilir, fara ekki í sjóinn á vetrum, þegar „tólgar fjöruna“. Og ef hv. þm. Borgf. álítur það til þjóðþrifa, að menn fari í sjó, þá ætti hann einnig að sjá, að fyrsta sporið til þess, að svo verði, er að byggja sundhöll, svo almenningur geti lært sund, en þegar svo er komið, mun þess skamt að bíða, að allir fari í sjó, þegar það er hægt vegna veðráttu.

Sigurður Eggerz: Mjer skildist á hv. þm. Borgf., að hann liti svo á, að stefnubreyting hefði orðið hjá mjer í skólamálunum, er jeg mintist á þau í sambandi við það mál, er hjer liggur

fyrir. (**PO**: Hv. þm. V.-Ísf. þótti það líka). Jeg heyrði ekki ræðu hans, en jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr Alþt. 1925:

„Jeg er auk þess sannfærður um það, að lærisveinar í mörgum skólum eru látnir sitja of lengi í tímum; þreytan er þeim einnig að óliði. Og einmitt af því, að jeg veit af þessu hjá kennurum og lærisveinum, þá er jeg altaf að prjedika leikfimi, sund og aðrar íþróttir, af því að þarna eru meðulin á móti þreytunni". (**PO**: Jeg vitnaði í umræður um barnafræðsluna). Þetta sannar, að jeg stend á sama grundvelli og áður í þessu efni, og er altaf gott að geta vitnað í Alþt., þegar mönnum er að ástæðulausu brugðið um skoðanaskifti. Því meir sem jeg hefi um það hugsað, því betur hefi jeg sjeð, hve mikla þýðingu íþróttir hafa fyrir líkamlega og andlega heilbrigði þjóðarinnar. Jeg tel það ekkert aðalatriði, að menn skari fram úr í íþróttum, þótt það sje ánægjulegt og þjóðinni til sóma að hljóta frægðarorð af íþróttamönnum sínum, eins og hún hefir hlotið af sumum þeirra. En jeg legg meiri áherslu á það, að skilningur vaxi á því, hve mikla þýðingu íþróttir hafa fyrir þroska þjóðarinnar. Og á meðal þeirra íþrótta má sannarlega telja sundið, sem auk þess að vera heilsusamleg og fögur íþrótt er beinlínis öryggisráðstöfun til að bjarga lífi manna. Jeg þarf ekki að minnast hjer á alla þá sorgaratburði, þar sem sundið hefði getað komið að haldi, en get látið nægja að geta um nýafstaðinn atburð, þar sem sundið bjargaði manni frá bráðum bana. Þar sem jeg gat þess í sambandi við skólamálin, að menn væru látnir sitja of lengi í tímum, átti jeg aðallega við hina æðri skóla, eins og t. d. mentaskólann, þar sem nemendur verða að sitja í 6 tíma á skólabekknum daglega. Jeg álít, að þessi langa seta sje svo þreytandi, að nemendur njóti tilsagnarinnar ver á þennan hátt en þótt færri stundum væri varið til kenslunnar. Og jeg hygg, að tillit verði tekið til þess í skólamálum framtíðarinnar, hve óholl þessi þreyta er nemendum — og kennurum engu síður. Að vísu skal jeg játa, að þetta kemur síður til greina í sveitum en kaupstöðum.

Jeg skal ekki lengja umr., en vil geta þess, að jeg lít svo á, að þetta mál, sem hjer liggur fyrir, nái til landsins í heild, en ekki til Reykjavíkur einnar. Og jeg verð að segja það, að jeg öfunda blátt áfram hæstv. stjórn af að leiða svo gott mál til lykta.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Háttv. þm. N.-Ísf. hjelt því fram, að ef nú yrðu veittar 100 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík, myndi það leiða af sjer fjárveitingar svo miljónum skifti til annara landshluta. En þótt fjárveitingar væru veittar í hlutfalli við fólksfjölda í þessu skyni, yrðu það þó ekki nema 400 þús. kr. En jeg vona samt, að hv. þm. reynist hjer sannspár og þetta verði gert með tímanum. Jeg ætlast ekki til, að það verði gert í ár eða að ári. Jeg býst við, að það taki eina öld að koma böðum og sundi meðal landsmanna í æskilegt horf. Jeg get tekið undir með hv. þm. um það, að í þessa þörf á að eyða miklu fje, en það á að gera það á löngum tíma. Það er ekki rjett

að blína á upphæðina eina, heldur á hve löngum tíma hún er veitt til framkvæmda. Jeg hygg, að 10—20 þús. kr. á ári til annara landshluta en Reykjavíkur nægi til að byrja með.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að stj. væri að skera niður verklegar framkvæmdir um leið og hún bæri fram till. sem þessa. Jeg vil benda honum á, að hjer er um verklega framkvæmd að ræða, og síst óveglegri en margar aðrar. Gildi verklegra framkvæmda á að miða við það gagn, sem af þeim leiðir. Þessi sami hv. þm. var gramur út af því, að nú, þegar hlutfallinu um framlag ríkissjóðs til sundlauga væri breytt, þá er það Reykjavík, sem upphafinu veldur. Við, sem unnum Reykjavík góðs, og öllu landinu, hljótum að gleðjast yfir því hvorutveggja, að hagur Reykjavíkur og annara landshluta hækkar, en hinir, sem draga taum annara landshluta, hljóta að gleðjast yfir því, að af þessu leiðir, að hlutfallið breytist einnig í öðrum landshlutum, eins og fram hefir komið í umræðunum, að allir eru ásáttir um.

Önnur brtt. við frv. myndi auka kr. 1.50 gjaldi á hvern mann í Reykjavík og hin till. kr. 3.00 gjaldi. Þetta myndi að líkindum nema 10—20 kr. skatti á okkur lægri gjaldendurna. Að þingmannsins dómi eiga þessar krónur að standa á bak við þessar fjárheimtur úr ríkissjóði. Jeg held, að hv. þm. hafi ekki athugað, hvað hann var að segja. Hann var svo harðorður í garð okkar Reykvíkinga, að jeg held, að jeg verði ekki of harðvítugur við hann, þótt jeg líki honum við Cato gamla, sem elskaði fornar dygðir eins og hv. þm. Mjer kom það í hug út af því, sem hann sagði um sjóböðin. Cato, sem elskaði fornar dygðir, eins og hv. þm., talaði eitt sinn um það í Senatinu, að menn væru nú orðnir svo góðir og mjúkir við þræla sína, að til vandræða horfði, og væri það munur eða í gamla daga, þegar þeir voru barðir til óbóta. En fyrst þessi hv. þm. elskar svo mjög fornar dygðir, eins og jeg veit, að hann gerir, og að hann hefir líka margar þeirra til að bera í ríkum mæli, þá ætti hann að gera sitt til þess að endurreisa þessa fornu dygð, sundkunnáttuna. Þeir, sem elska forna hreysti og hetjuskap, eiga að styðja þetta mál vegna framtíðarinnar og landsins í heild.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi borið hjer fram brtt. um, að ríkið styrki byggingu sundhallarinnar að einum þriðja hluta. Ástæður fyrir þessari brtt. hefi jeg fært áður, og skal því ekki endurtaka þær. Jeg sje ekki, að ástæða sje til að kaupa menn til að styðja gott málefni með óvenjulegum styrkveitingum.

Halldór Stefánsson: Jeg vil aðeins leiðrjetta missögn eða misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann talaði um, að jeg hefði sagt, að lítill áhugi væri fyrir þessu máli í Reykjavík. Jeg sagði það ekki, heldur að áhugi fyrir þessu máli væri minni en af er látið, ef brtt. þessar yrðu því að falli, en jeg dró í efa, að svo yrði. Eins og kunnugt er, eru margir áhugamenn um íþróttir í Reykjavík, og ættu þeir þá að geta vakið þann áhuga, er með þarf. Og það verð jeg að segja, að áhuginn er lítill, ef hann nægir ekki til þess, að sjálf Reykjavík geti með hlutfallsleg-

um stuðningi leyst það af hendi, sem litlar heildir hafa gert úti um land.

Einar Jónsson: Það er fjarri mjer að efast um, að hjer sje gott og gagnlegt mál á ferðinni. En jeg var að bíða eftir því, hvort ekki kæmi fram við umræðurnar, að menn hefðu tekið eftir, hvað hjer er að gerast, sem sje, að strikaðar eru út úr fjárlögunum jafnháar upphæðir til verklegra framkvæmda, eins og hv. þm. Borgf. benti á. Í aths. við fjárlagafrv. stjórnarinnar er þess getið, að framlög til síma og brúa hafi verið lækkuð um 100 þús. kr. til hvors um sig. Þessar fjárhæðir eiga að ganga að hálfu leyti til þess, sem hjer liggur fyrir, og að hálfu leyti til letigarðsins.

Jeg tel alla sanngirni mæla með því, að bygging sundhallarinnar verði styrkt eftir sömu hlutföllum og sundlaugabyggingar annarsstaðar á landinu. En eigi að miða þau framlög við till. stjfrv., hlýtur að leiða af því stórhækkuð útgjöld. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með brtt. fremur en stjfrv. Það er ekki vegna þess, að jeg telji ekki málið gott og gagnlegt, heldur af því, að jeg tel ekki rjett, að skornar sjeu niður verklegar framkvæmdir til að hrinda því í framkvæmd. Jeg heyrði einhvern minnast á það í umræðunum, að það myndi ekki verða málinu til falls, þótt Reykjavík yrði að leggja fram meira en helming. En því var bætt við, að ríkissjóði bæri skylda til framlags að hálfu, vegna þeirra manna, er kæmu hingað utan af landinu. Reykjavík nýtur nú ýmissa hlunninda af ríkinu fram yfir aðra landshluta. Jeg fyrir mitt leyti get t. d. ekki sætt mig við, að ríkið kosti kirkjugarðinn hjer í Reykjavík. Ekki verður heldur sjeð, að bráður háski geti af því stafað, þótt þetta mál komist ekki í framkvæmd nú þegar. Þótt gömlu sundlaugarnar sjeu að vísu ónógar orðnar, eru þær þó til mikilla bóta. Og auk þess er sjórinn, sem er vafalaust hollasta heilsulaugin. Reykjavík er í þessum efnum betur stödd en ýmsir aðrir staðir á landinu.

Hannes Jónsson: Hv. þm. Borgf. ljet svo um mælt, að það væru eingungis gjaldendur Reykjavíkur, sem fylgjandi væru þessu máli. Jeg get frætt hv. deild á því, að þetta mál kom til umræðu á þingmálafundi á Hvammstanga, og einhver atkvæðamesti maður hjeraðsins lagðist þar eindregið á móti því og vildi láta gömlu hlutföllin haldast um land alt. En þrátt fyrir það var samþykt þar áskorun til þingsins um að veita umrædda fjárhæð til sundhallar í Reykjavík, og að framvegis yrðu sömu hlutföll í fjárveitingum til sundlauga úti um land. Mjer skilst á því, sem hjer hefir verið sagt, að það hafi einnig átt að standa í fjárlagafrv. stjórnarinnar og muni koma þangað. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þeim brtt., sem hjer liggja fyrir. Það hefir verið talað um, að þessi fjárveiting skapaði misrjetti. En jafnvel þótt ekki yrði breytt hlutföllum um framlög til sundlauga úti um land, tel jeg, að leggja beri alveg sjerstaka áherslu á sundhallarmálið hjer í Reykjavík. Jeg hefi ekki haft neina blinda ást á Reykjavík, en jeg verð að viðurkenna, að við sveitamenn höfum margt gott þangað sótt, og eitt með því besta er

sundkunnáttan. Sundkunnáttu var mjög ábótavant fyrir nokkrum árum síðan og sund ranglega kent allvíða. Nú er orðin mikil breyting á þessu til batnaðar, einmitt vegna þess, að menn hafa numið rjettar aðferðir í Reykjavík og kent þær út frá sjer. Jeg get fært sönnur á þetta, ef með þarf, því að sjálfur hefi jeg fengist nokkuð við sundnám og sundkenslu.

Sundhallarmálið er mikill þáttur í undirbúningnum fyrir hátíðahöldin 1930, og þótt sá undirbúningur komi Reykjavík að nokkru meira gagni en öðrum landshlutum, má ekki láta hann undir höfuð leggjast þess vegna. Sundhöllin gerir hátíðahöldin veglegri en ella og eykur um leið menningu í landinu. Jeg tel mikilsvert, að þetta mál nái fram að ganga og að inn í fjárl. komist, að breytingin á hlutföllum á fjárframlagi úr ríkissjóði til sundlauga nái einnig til annara landshluta.

Pjetur Ottesen: Mjer fanst hæstv. forsrh. vera nokkuð viðkvæmur fyrir því, að jeg sagði, að stjórnin bæri þetta mál fram um leið og hún legði til að skera niður fjárframlög til verklegra framkvæmda. Vildi hann sýna fram á, að jeg færi þar með staðlausa stafi. Hæstv. forsrh. sagði, að stjórnin hefði bundið sig við að fara ekki út fyrir fjárlögin. **(Forsrh. TrÞ:** Jeg sagði það ekki). Það má vera, að hæstv. ráðherra hafi ekki sagt það með þessum orðum nú við þessa umræðu, en hann hefir sagt það við fjárveitinganefnd, og þykir mjer undarlegt, ef hann ber á móti því hjer, sem hann segir þar. Það er síður en svo, að jeg telji þetta óheppilega reglu, ef hæstv. forsrh. vildi þá sýna lit á að fylgja henni.

Hæstv. ráðherra er að hæla sjer af því, að stjórnin hafi ekki viljað bera fram fjárlagafrv. með tekjuhalla. Þó að þessar 100 þús. kr., sem stjórnin vill veita til sundhallar í Reykjavík, sjeu ekki teknar inn í fjárlagafrv., þá er það nú í raun og veru alveg sama, því það er ráð fyrir því gert að greiða þessa upphæð á næsta ári, svo þegar tekið er tillit til þessarar fjárveitingar, þá er fjárlagafrv. í raun og veru borið fram með tekjuhalla, sem nemur mismuninum á þessari upphæð og tekjuafganginum í fjárlagafrv. Það er þess vegna ekki ástæða fyrir hæstv. ráðherra að stökkva upp á nef sjer út af því, sem jeg sagði um þetta atriði.

Um rjettmæti þessarar stefnubreytingar, að hlaupa nú í að veita Reykjavíkurbæ helming kostnaðar við byggingu sundhallar, vil jeg geta þess, að svo hefir verið úti um land í sumum hjeruðum, að einstakir menn eða fjelög hafa komið upp sundlaugum, sem hafa kostað 10—20 þús. kr., án nokkurs atbeina úr ríkissjóði. En þeir, sem styrks hafa notið, hafa ekki fengið nema ⅓ kostnaðar. Þegar nú einstök hjeruð geta int þetta af hendi, þá ætti Reykjavíkurbæ ekki að verða skotaskuld úr því að koma sjer upp sundhöll á sama hátt. Enn má geta þess, að styrkur til sundlaugabygginga úti um land er eingöngu miðaður við sundlaugina sjálfa, en auk hennar þarf að byggja hús til afnota fyrir sundiðkendur, og hefir það ærinn kostnað í för með sjer, en í því skyni

hafa sveitir landsins ekki fengið einn eyri.

Háttv. þm. V.-Ísf. hneykslaðist á því, að jeg skyldi tala um sjóinn, rjett eins og sjórinn væri slík forynja, að goðgá væri að láta hans getið. Jeg veit, að meiningin er ekki sú, að ætla sjer með auknum styrk til sundnáms að draga menn frá sundiðkunum í sjó. Sjórinn er stundum kaldur; jeg skal játa það. En lífskjör alls fjöldans af Íslendingum eru ekki á þann veg, að maður geti altaf haldið sig í hlýjunni. Það er holt og nauðsynlegt að venja sig við kuldann líka. Maður þarf ekki að hengja sig svo mjög í fornöldina til þess að sannfærast um þetta. En háttv. þm. V.-Ísf. lætur sjer ekki nægja minna en að seilast langt aftur í römmustu forneskju eftir líkingu til þess að heimfæra upp á mig. Jeg ætla ekki að svara þeirri líkingu, og jeg get vel sætt mig við að vera líkt við Cato hinn gamla.

Háttv. þm. hjelt því fram, að jeg hefði ekki viljað viðurkenna, að þetta fje, sem ætlað er til sundhallarbyggingar, færi til verklegra framkvæmda. Jú, mikil ósköp. Vitanlega er það líka verkleg framkvæmd. En það, sem jeg vítti, var aðeins það, að veita svo stóra upphæð til slíkra framkvæmda samtímis því, sem hæstv. stjórn er að skera niður fjárframlög til annara miklu nauðsynlegri framkvæmda.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð. Hjer hefir mikið verið talað um ósamræmi. Jeg vil aðeins minna á það, að hjer er eingöngu um heimildarlög að ræða, og get huggað háttv. þm. Borgf. með því að segja honum, að jeg geri alls ekki ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð, ef ekki fást meiri tekjur en áætlaðar eru í fjárlagafrv. stjórnarinnar. En jeg býst við, ef tekjuauki fæst, að það verði hægt. Og þá kemur líka til mála að hækka aðrar fjárveitingar og stofna til frekari verklegra framkvæmda. Að þessu athuguðu ætti mönnum að vera ljóst, að í þessu eru alls ekki fólgið neitt ósamræmi.

Jeg vil ennfremur minna á, að tekjuáætlun fjárlaganna er sniðin eftir frv. því, er fráfarandi stjórn lagði fyrir þingið í fyrra til samþyktar. Síðan í fyrra hafa engar breytingar orðið á sköttunum. Eigi að síður hefir stjórnin lækkað áætlunina um ¾ milj. kr., þannig að grundvöllurinn, sem bygt skal á, er ólíku traustari núna en í fyrra. Ef háttv. þm. Borgf. því vill áfellast stjórn þá, er nú situr við völd, fyrir ógætilega tekjuáætlun, þá er í þeim áfellisdómi fólgin margföld ásökun á hendur þeirri stjórn, er fór með völdin síðastliðið ár og háttv. þm. hefir stutt.

Hákon Kristófersson: Þetta mál er svo vaxið, að jeg tel ástæðu til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg vil segja hæstv. forsrh. það, að hverjum þykir sinn fugl fagur, en ekki skal jeg deila við hann að öðru leyti. Jeg verð að líta svo á, að það sje miður sæmilegt af háttv. meðhaldsmönnum þessa máls að bregða öðrum um slæmar hvatir, þótt þeir hafi aðrar skoðanir á því. Það er leitt, ef satt væri, að þingmenn utan af landi væru líklegir til þess að standa í götu þjóðþrifamála, ef þau á einhvern hátt kæmu Reykjavíkurbæ sjerstaklega að notum.

Jeg álít þetta mál menningarmál, sem komi þjóðinni við í heild sinni. Í eðli sínu er það fyrst og fremst helgað höfuðstað landsins. Þar með er ekki fyrir það girt, að aðrir landshlutar njóti góðs af. Það er metnaðarmál hverrar þjóðar að hlynna að höfuðborg sinni. Það er metnaðarmál, og það er menningarmál að því leyti, sem gera má ráð fyrir, að þaðan renni þeir straumar, er móti þjóðlífið. Jeg sje mjer því ekki fært að vera á móti þessu máli, og það því síður, sem hjer er aðeins um heimild handa stjórninni að ræða. En því slæ jeg jafnframt föstu, að sami grundvöllur og gengið er út frá með þessu frv. um sundhöll fyrir Reykjavík verði að gilda fyrir önnur hjeruð um bygging sundlauga. Teldi jeg ver farið, ef svo yrði ekki. **(Forsrh. TrÞ:** Sömuleiðis). Er ólíku saman að jafna, hvað þetta er frambærilegra mál heldur en frv. um letigarðinn, sem hjer hefir verið á ferðinni, komið úr sömu átt.

Um það, að þingmálafundur norður í Húnavatnssýslu sje skilningsbetri á nauðsyn þessa máls heldur en háttv. þm. Borgf., hygg jeg, að geti leikið mjög á tveim tungum, enda þótt hv. þm. V.-Húnv. vilji láta líta út sem svo sje. Jeg leyfi mjer að efast stórlega um það. Hitt er engin furða, þótt þar fáist fylgjendur þessu máli sem öðrum úr sömu átt, þegar þeim er sagt að gera það. Þetta er ekki sagt til þess að hindra málið. Það er frekar sagt vegna þess, að það er alls ekki víst, að gleggri skilningur sje á þessu máli í Húnavatnssýslu heldur en víða annarsstaðar. Og þess er vert að minnast, að það eru ekki altaf vitrustu mennirnir, sem bregða öðrum um skilningsleysi.

Í sambandi við þetta mál er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á og mjer þykir athugavert. — Í c-lið frv. segir svo: að nemendur úr skólum, er landið kostar að meira eða minna leyti, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni. Út á þetta er í sjálfu sjer ekkert að setja. Jeg álít það alveg rjettmætt og sjálfsagt. En svo kemur d-liðurinn: að bærinn skuli selja aðgang almenningi, en þó ekki dýrara verði heldur en þarf til þess, að fyrirtækið beri sig. Þetta þykir mjer óviðfeldið og ekki rjettlátt. Jeg get sem sje búist við, að það verði aðallegast fátækasti hluti bæjarbúa, sem beri uppi kostnaðinn við rekstur sundhallarinnar með þessu móti. En hinir, sem eru svo efnum búnir, að þeir geta sent börn sín í skóla, eiga að fá þessi hlunnindi ókeypis. Það mundi valda því misrjetti, er ekki yrði við unað til lengdar. Virðist enda ekki ósanngjarnt, þótt bænum væri gert að skyldu að veita öllum jafnt ókeypis aðgang og afnot af sundlauginni, eftir að hafa fengið svo ríflegan styrk til byggingarinnar.

Þá vil jeg og taka það fram í sambandi við þetta mál, að hæstv. forsrh. hefir fengið nýjan skilning á þörf sveitanna í þessu efni og hygst að sjá þeim fyrir hlutfallslega jafnháum styrk og þetta frv. heimilar að veita Reykjavíkurbæ. Er það lofsvert og ber að þakka það.

ATKVGR.

Brtt. 142 feld með 22 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, MG, PO, EJ, HStef.
nei: IngB, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HJ, HG, HK, HjV, BSv.
Einn þm. (BÁ) fjarstaddur.

Brtt. 144 feld með 21 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, HStef, JAJ, JS, MG, PO.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HG, HJ, HK, HjV, IngB, JJós, JÓl, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, BSv.
Einn þm. (BÁ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 20 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 132).

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þessu frv., sem nú hefir gengið gegnum þrjár umr. í Nd., hefir verið tekið vel þar, og vona jeg, að eins verði hjer í þessari hv. deild.

Eins og frv. ber með sjer, þá er það innihald þess, að heimila stjórninni að styðja að því, að sundhöll verði komið upp hjer í Reykjavík fyrir árið 1930. Gert hefir verið ráð fyrir, að fyrirtæki þetta kosti um 200 þús. kr. og að bærinn leggi til það, sem á vantar, að ríkisframlagið nægi. Það, sem ríkið legði til, gæti þá orðið alt að helmingi kostnaðar.

Rökin fyrir því, að nú er farið af stað með þetta mál, eru þau, að gert hefir verið ráð fyrir því, að heitt vatn verði leitt til bæjarins á næsta ári, til hitunar á landsspítalanum og barnaskóla bæjarins, sem þá er gert ráð fyrir, að verði fullgerður og tekinn til afnota haustið 1929. Felst þá til heitt vatn, sem hefir gengið í gegnum þessi hús og hitað þau, en er orðið of kalt til að hita fleiri hús, þótt það sje nægjanlega heitt til þess að nota það í sundlaug. Nú hefir bæjarstjórn og íþróttamönnum þessa bæjar komið saman um stað fyrir sundhöllina, og liggur hann lítið eitt lægra en barnaskólinn. Er þangað örstutt leiðsla, og má því telja alveg kostnaðarlaust að leiða vatnið í sundhöllina. Er því hjer um sjerlega mikil hlunnindi að ræða, að fá þetta heita vatn, sem ekki er hægt að nota til annars, alveg kostnaðarlaust, að telja má, til þessara afnota. Hjer er því aðallega um stofnkostnað að ræða. Erlendis er rekstrarkostnaðurinn víða aðalatriðið. Er því hjer um sjerlega heppilega aðstöðu að ræða. Frá almennu sjónarmiði eru það einkum þrjú atriði, sem mæla með þessu máli. Í fyrsta lagi er þetta mál mikils varðandi fyrir íþróttalíf bæjarins, og reyndar alls landsins, því hjer mun fólki víðsvegar af landinu gefast kostur á að iðka sund. Í öðru lagi mun eldra fólki gefast færi á að njóta þeirrar hollustu, sem sundið hefir að bjóða, og er það mikilsvert, þar sem eins hagar til og hjer, að erfitt er um allar útiíþróttir að vetrinum. Og þar sem fólkið býr yfirleitt í þröngum húsakynnum og á fæst aðgang að baðtækjum, mundi þetta mjög verða til þrifnaðar og heilsubóta.

Síðasta atriðið er það, að undirbúningur undir hátíðahöldin 1930 hefir ýtt á eftir þessu máli. Sundhöllin mundi, flestu framar, vekja eftirtekt

gesta vorra þá og bera uppi orðstír okkar. Slík fyrirtæki sem þessi eru enn ekki komin upp nema í stærri borgum erlendis. T. d. eru fá ár síðan fyrsta sundhöllin kom í Danmörku, þó ekki í höfuðborginni. Nú mun verið að koma þessu máli í framkvæmd í Kaupmannahöfn. Í Osló er ein slík stofnun. Þessi framkvæmd myndi því sýna, að hjer er áhugi fyrir þessari grein menningarinnar, sem jafnvel margar stórborgir erlendis hafa enn ekki getað sint. Það vakti nokkra óánægju í hv. Nd. hjá sumum, að hjer er gert ráð fyrir öðru hlutfalli um styrkveitingu en því, sem áður hefir tíðkast og sem hefir verið ⅕ kostnaðar. En jeg tel, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hv. fjvn. Nd. muni leggja til, að því hlutfalli verði breytt, svo aðrir njóti sama hlutfalls framvegis, og hefi jeg von um, að tillagið til þessara framkvæmda verði einnig hækkað nokkuð, því hjer er um nauðsynjamál að ræða.

Vona jeg svo, að máli þessu verði eins vel tekið í þessari hv. deild eins og því var tekið í hv. Nd. Legg svo til, að því verði að umr. lokinni vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 451, 457).

Frsm. (Jón Þorláksson): Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., en hefir aðeins borið fram 2 brtt. á þskj. 451, sem eru nánast orðabreytingar.

Fyrri brtt., að í stað „Alþingi heimilar landsstjórninni" komi: „Landsstjórninni er heimilt", er, eins og sjá má, aðeins orðabreyting til þess að fylgja þeirri venju, er verið hefir, enda bendir núverandi orðalag frekar til þál. en laga.

Þá er síðari brtt., við niðurlag frv., og í henni felst meira en orðabreyting. Þessu ákvæði var bætt inn í Nd. og gerir ráð fyrir því, að ráðuneytið ákveði aðgangseyri til eins árs í senn, að fengnum till. bæjarstjórnar. Nefndinni finst þetta óþarflega vafningamikið og finst rjettara að orða þetta þannig, að aðgangseyrir skuli ákveðinn í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra samþykkir, og verði þannig breytt eins oft og þörf þykir á. Hygg jeg einnig, að þetta sje fullkomlega í samræmi við liðinn á undan, þar sem segir, að bærinn megi ekki selja aðgang dýrari en þarf til þess að fyrirtækið beri sig.

Einn nefndarmanna, hv. 2. þm. N.-M, hefir flutt brtt. um að færa framlag ríkissjóðs úr 100 þús. kr. niður í 75 þús. kr., og mun hann eflaust gera grein fyrir henni. Meiri hl. hefir hinsvegar getað fallist á frv., en gerir það með þeim skilningi, að kosti fyrirtækið ekki yfir 200 þús. kr., greiði ríkissjóður helming þeirrar upphæðar, en reynist það dýrara, sje ríkissjóður ekki skuldbundinn til þess að greiða það, sem fram yfir kann að verða, en gerir ráð fyrir því, að Reykjavík sem eigandi leggi fram það, sem með þarf.

Jeg vil um leið nota tækifærið til þess að þakka hæstv. dómsmrh., sem

jeg annars er ósammála í mörgum málum, fyrir það, að hann flutti þetta mál, og þótt það sje álit mitt, að fullkomna gleði fái notendur ekki af þessu fyrirtæki, fyr en kostur er á meiru heitu vatni, þá er jeg hinsvegar sannfærður um, að þess muni ekki langt að bíða, að úr því verði bætt. Þótt aðrensli sje svo takmarkað, geta orðið talsverð not af þessu fyrirtæki, sjerstaklega ef þess er stranglega gætt, að allir, sem nota sundhöllina, viðhafi hið ítrasta hreinlæti, áður en þeim er hleypt í laugina.

Páll Hermannsson: Jeg get að flestu leyti tekið undir það, sem hv. frsm. nefndarinnar hefir tekið fram um þetta mál. En jeg á brtt. á þskj. 457, eins og hv. frsm. mintist á, og býst jeg við, að þyki hlýða, að jeg geri nokkra grein fyrir henni.

Að vísu hefi jeg nokkuð markað afstöðu mína með þeim skjölum, er fyrir liggja. Eins og nál. ber með sjer, hefi jeg ritað undir það með fyrirvara, en sem jeg get lýst yfir nú, að var aðeins til þess atriðis, sem brtt. mín fjallar um.

Brtt. mín snertir aðeins fjárframlag ríkisins til þessa fyrirtækis, en byggist ekki á því, að mjer þyki mál þetta ekki þess virði, að því sje sint. Jeg lít svo á, að Reykjavík beri skylda til þess, enda muni og hafa getu til þess, að leggja meira fje til þessa fyrirtækis en frv. gerir ráð fyrir. Líti maður á undanfarna reynslu um aðgerðir Alþingis viðvíkjandi styrk til sundlauga úti um land, þá sjest, að hlutfallið er alt annað en hjer er gert ráð fyrir um framlag úr ríkissjóði. Hingað til mun styrkur til sundlauga úti um land hafa numið 1/5 kostnaðar, en í frv. er helst gert ráð fyrir því, að ríkið greiði helming kostnaðar við þetta fyrirtæki. Jeg skal ekki fullyrða um, hvort svo verður í reyndinni, en býst þó við, að nærri láti. Jeg skal viðurkenna það, að sundlaug í Reykjavík hefir meiri þýðingu fyrir landið í heild sinni en sundlaugar í einstökum hjeruðum, en samt hlýtur hún án efa að hafa langmesta þýðingu fyrir Reykjavíkurbæ. Þó má að sönnu búast við, að áhrif frá þessari sundlaug breiðist út um landið, einkum vegna þeirra ungra manna, sem hjer kunna að dvelja um stund, en síðan leita til átthaganna. Hingað sækir margt skólafólk, en jeg fyrir mitt leyti ljeti mjer hægt um að stuðla að því, að námsmannafjöldi þyrptist til Reykjavíkur.

Nú er þegar byrjað að veita straumunum nokkuð frá Reykjavík. Má t. d. benda á, að alþýðuskólar hafa risið upp á nokkrum stöðum, sem jeg hygg, að hljóti að verða til þess að draga úr aðsókninni til Reykjavíkur. Líka má benda á það, að nú lítur út fyrir, að annar skóli, gagnfræðaskólinn á Akureyri, taki að útskrifa stúdenta, svo að búast má við, að mentaskólinn verði enn meira skóli Reykjavíkur en áður hefir verið. Jeg veit að vísu, að hjer í Reykjavík eru ýmsir sjerskólar, sem sóttir eru og sóttir verða framvegis af öllu landinu, og auðvitað yrði þeim nemendum beint hagræði að því, að hjer væri sundhöll. En svo er önnur hlið á þessu máli, sú, sem snýr að getunni til þess að leggja fram fje til þarflegra fyrirtækja. Þetta má ekki skilja þannig, að jeg telji, að ríkissjóður geti hreint ekki lagt fram það fje,

sem hjer er gert ráð fyrir, en jeg lít svo á, að mörgum landshlutum sje miklu meiri þörf á styrk úr ríkissjóði en Reykjavík, enda held jeg, að hún standi betur að vígi í menningarlegu tilliti en nokkur annar hluti landsins. Því geri jeg ráð fyrir, að Reykjavík geti sjer að bagalausu lagt fram það fje, er til vantar, og hygg líka, að hún muni gera það, ef á þarf að halda. En það er ekki von, að hún slái hendinni á móti því, sem hún á kost á úr ríkissjóði.

Jeg vil enn taka það fram, að till. mín er borin fram með það fyrir augum, að ríkinu beri ekki skylda til að leggja fram fje að svo miklum hluta, en alls ekki fyrir það, að jeg álíti málefnið ekki gott. Og um leið vil jeg lýsa yfir því, að enda þótt brtt. mín kunni að verða feld, mun jeg eigi að síður greiða frv. atkv.

Frsm. (Jón Þorláksson): Út af brtt. hv. 2. þm. N.-M. (PH) vil jeg leiða athygli að því, að í frv. eru gerðar kröfur um ókeypis notkun sundhallarinnar fyrir nemendur í þeim skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti og eru því skólar fyrir landið alt, en ekki Reykjavík eingöngu. Má segja, að allir skólar, þar sem ekki eru til fleiri en einn í hverri grein, sjeu í Reykjavík. Hjer er háskóli, kennaraskóli, sjómannaskóli, vjelstjóraskóli, verslunarskóli; hjer er sá eini iðnskóli, og þannig mætti halda áfram að telja þá, sem frv. veitir þessa tryggingu, og það er allstór hópur manna af öllu landinu.

Hygg jeg, að meiri hl. líti svo á, að það sje ekki óeðlilegt hlutfall, sem stj. hefir stungið upp á, þegar tekið er tillit til þess, að fyrirtækið er til mikilla þarfa fyrir land alt og Reykjavík á kröfu til þess, bæði vegna fjölmennis og eins vegna þess, að ekki hvað minst geldst í ríkissjóð þaðan, að ríkissjóður leggi fram töluvert fje til þessa fyrirtækis.

Annars vil jeg þakka hv. 2. þm. N.-M. (PH) fyrir það, að hann kvaðst mundu greiða frv. atkv., þótt till. hans yrði ekki samþ., en um leið verð jeg að lýsa yfir því fyrir hönd meiri hl., að við leggjum á móti þeirri till., en væntum þess fastlega, að frv. fái góðan byr í deildinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ástæðu til þess að þakka háttv. meiri og minni hl. fyrir góðar undirtektir við þetta mál og vildi um leið nota tækifærið til þess að fara um það nokkrum orðum, þótt þess kunni að vísu ekki að vera þörf nú.

Út af brtt. hv. 2. þm. N.-M. um að minka fjárframlag ríkissjóðs til þessa fyrirtækis skal jeg að vísu játa, að frá almennu sjónarmiði sjeð mun það álitið, að Reykjavík beri að annast framkvæmd þessa máls að meira leyti en gert er ráð fyrir í frv. En það hafa sagt mjer fróðir menn, að dragast mundi talsvert um framkvæmdir þess, ef ríkið kipti nú að sjer hendinni og framlaginu væri breytt. Í öðru lagi lít jeg þannig á, að enda þótt Reykjavík eyði nokkru af tekjum landssjóðs, sje það tiltölulega lítið, sem landið gerir fyrir Reykjavík, í samanburði við það fje, sem lagt er til vega og hafnarbóta úti um land. Held jeg, að þessi fjáreyðsla sje því rjettlætanlegri, sem tiltölulega mjög fá mál hafa verið borin fram á þessu þingi fyrir Reykjavík.

Síðan frv. þetta var samið, hefir húsameistari ríkisins verið á ferð um Skandinaviu til þess að kynna sjer ýmislegt viðvíkjandi 4—5 málum, og eitt af þeim málum var þetta. Við nánari samanburð á líkum fyrirtækjum í Noregi og Svíþjóð hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að þetta fyrirtæki muni öllu dýrara, er til framkvæmdanna kemur, en hann bjóst við, þegar hann gerði hina fyrstu teikningu. Vegna nauðsynlegs hreinlætis þarf baðtæki handa fjölda manna, sem baða sig áður en þeim er hleypt í laugina, og er því hugsanlegt, að fyrirtækið yrði dýrara en gert var ráð fyrir upphaflega. En jeg hefi hinar bestu vonir um, að Reykjavík líti svo á, að þetta fjárframlag frá landsins hálfu sje mikil hvatning og verði ráðist til framkvæmda í þessu efni á næstu tveimur árum. Líta margir svo á, sem þetta fyrirtæki, ef komið er til framkvæmda fyrir 1930, muni helst verða til þess að mæla með okkur sem menningarþjóð við hina erlendu gesti.

Út af brtt. hv. 2. þm. N.-M. get jeg bætt því við, að hlutföllin um framlag til sundlauga úti um land hafa nú verið hækkuð úr ⅕ í ½. Ennfremur má geta þess, að við byggingafræðing landsins, Jóhann Kristjánsson, hefir verið samið um að ferðast um í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu og Húnavatnssýslu til þess að mæla fyrir nýjum sundlaugum á heitum stöðum þar, svo og víðar á landinu. Sýnir þetta meðal annars, að þetta er stórmál, sem hefir mikla þýðingu fyrir alt landið.

Halldór Steinsson: Jeg get ekki verið hæstv. dómsmrh. svo sjerlega þakklátur fyrir þetta frv., þótt jeg hinsvegar viðurkenni að sjálfsögðu, að sund er holl og góð íþrótt og mjög nauðsynleg, þar sem meira en helmingur landsmanna stundar sjóvinnu. En jafnframt því, að jeg viðurkenni það sem skyldu þings og stjórnar að örva menn til þess að nema þessa íþrótt, verð jeg að geta þess, að jeg er ekki ánægður með það frv., er hjer liggur fyrir.

Þegar litið er á aðstöðu Reykjavíkur til sundnáms, þá hefir hún betri aðstöðu en flestir staðir á landinu. Hjer er góð sundlaug skamt frá bænum, sem allir bæjarmenn eiga gott með að nota, enda hafa ekki komið kvartanir frá þeim um, að þeir gætu ekki lært sund. Þegar sundnámi er lokið, tekur sjórinn við, og reistur hefir verið góður sundskáli við sjóinn. Aðstaðan hjer er því miklu betri en annarsstaðar á landinu, og að því er snertir nemendur skólanna, þá er þeim gert það að skyldu í flestum þeirra að læra sund, enda hygg jeg þá hafa gert það á síðustu árum.

Jeg hygg, að örva megi sundnám á ódýrari hátt en hjer er gert ráð fyrir. Og þegar verið er að kvarta um fjeleysi og demba inn í þingið frv., sem gefa miljónir í tekjuauka, virðist sem ekki ætti að bera fram útgjaldafrv. til annars en þess, sem bráðnauðsynlegt er, en svo er ekki um þetta. Jeg lít svo á, að sundhöll sje meira til þæginda en til þess að auka sundþekkingu og til að gera Reykvíkingum hægra fyrir að læra sund og iðka. En þegar bráðnauðsynleg fyrirtæki, eins og t. d. landsspítalinn, sem búið er að klifa á ár eftir ár, hafa lítinn byr, finst mjer ekki rjett að ýta undir slík

mál sem þessi og láta sitja fyrir öðrum þjóðþrifamálum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg held, að hv. þm. Snæf. sje um of bölsýnn. En jeg get glatt hann með því, að þetta frv. kemur óbeint til að hafa góð áhrif í hans kjördæmi, ekki aðeins vegna þeirra manna, sem koma til Reykjavíkur og læra sund þar, heldur einnig í sambandi við sundlaug, sem nú er verið að undirbúa í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Hún kemur nú til með að njóta aukins styrks vegna þeirrar breytingar, sem hjer verður gerð. Hlutfallsbreytingin er mikil og á að ná til alls landsins. Hv. þm. álítur sundkenslu hjer í góðu lagi. Það er satt að vísu, að laugarnar gera mikið gagn. Og það er auðsjeð á lýsingunum frá hinu sorglega strandi, sem átti sjer stað fyrir skömmu, að sumir mennirnir voru aðdáanlega vel syndir og björguðust vegna sundfimi sinnar, og svo hefir oft verið áður í alvarlegum slysatilfellum, að laugarnar hjer hafa bjargað. En það eru margir Reykvíkingar, sem ekki hafa lært sund, og ekki nema nokkrir íþróttamenn, sem stunda sund fram á miðjan aldur, og sjósund einungis þeir hraustustu. Og því veit jeg, að það verður um „renaissance"-sundhöll að ræða í þessu efni, ef sjór verður notaður í sambandi við sundhöllina og menn læra að nota hann.

Jeg þykist vita, að hv. þm. hafi lagst á móti þessu frv. af sparnaðarástæðum, en jeg vona, að læknavísindin verði svo þungt lóð í hinni vogarskálinni, að hann verði með frv. Þó að það sje hlutverk læknanna að draga menn upp úr pyttinum, er hitt ekki minna um vert, að byrgja pyttinn og búa svo um, að ekki þurfi að sækja lækna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vil með örfáum orðum lýsa afstöðu minni til þessa máls. Álit mitt á gagnsemi sundnáms og sundiðkana er rótgróið. Jeg álít, að það hafi mikla þýðingu, bæði heilsufræðilega og menningarlega, og jeg hika ekki við að greiða þessu frv. atkv. mitt, þó að hv. þm. Snæf. hafi minst á annað mál, sem á mikil ítök í mjer. En jeg er svo bjartsýn, að jeg vona, að það mál fái góða afgreiðslu, eftir öllum sólarmerkjum að dæma, bæði vegna sóma þings og þjóðar og aðkallandi þarfa, þótt ekki sje enn nein ákvörðun tekin í því. Og jeg greiði atkv. með þessu frv. í því trausti. Sundhallarmálið er bæði hollustu- og menningaratriði. Það er ekki minni vandi að gæta fengins fjár en afla; jeg á hjer við heilsuna, sem við flestöll fáum í vöggugjöf; alt, sem styrkir hana, er rjett og sjálfsagt að styðja.

Það er skekkja hjá hv. þm. Snæf., að allir hafi greiðan aðgang að sundlaugunum hjer í Reykjavík. Jeg hefi nú í 30 ár kent eða staðið fyrir kvennaskólanum, sem á að hafa aðgang að laugunum, en það hefir oft ekki verið hægt fyrir nemendur þess skóla að komast þar að dögunum saman. Því er það ekki rjett, að Reykjavík sje borgið hvað sundnám snertir, þótt það sje ólíkt betra nú en áður var, síðan sundskálinn var bygður í Örfirisey. En betur má, ef duga skal, og að því þarf að stefna, að hver karl

og kona læri að synda, bæði vegna hollustunnar og til þess að geta bjargað sjer úr lífsháska.

Halldór Steinsson: Hv. 2. landsk. álítur, að skólarnir hjer í Reykjavík hafi ekki greiðan aðgang að sundlaugunum. — Jeg hefi aldrei heyrt kvartað yfir því, að þeir, sem vildu, gætu ekki lært hjer sund. Hæstv. dómsmrh. virtist mjer sammála um, að hjer væru góðar aðstæður til að læra sund yfirleitt, og þessi sundskáli verður því einskonar toppur á þessum þægindum. En mjer þykir hann of dýr og er þess fullviss, að efla megi sundíþróttina með miklu minna fje en hjer er gert ráð fyrir.

Frsm. (Jón Þorláksson): Það er ekki nema að litlu leyti rjett, að hjer í Reykjavík sje góð aðstaða til sundnáms. Hún er frekar lítilfjörleg fyrir allan þann mannfjölda, sem er í bænum. Og laugarnar eru auk þess upptaknar af skólanemendum, svo að meðan skólarnir eru hjer við nám. er erfitt að komast þar að, nema fyrir þá, sem kynnu að geta tekið hverja stund. sem óskipuð er í laugunum. Auk þess eru sundlaugarnar svo fjarri bænum, að þeir menn, er vinna daglega vinnu, hafa lítil tök til að notfæra sjer þær í matartímanum; á morgnana kemst takmarkaður fjöldi að, og kvöldin eru útilokuð í skammdeginu vegna myrkurs. Þótt margir læri hjer sund, eru kringumstæðurnar svo, að ekki er hægt að nota laugarnar til sundiðkana, af því að þær eru ónógar fyrir svo mikinn fjölda, sem hjer er. Úr þessu á sundhöllin að bæta, svo að sundnám og dagleg iðkun sunds verði nokkur þáttur í lífi manna. Og það er ekkert, sem hægt er að gera með jafnlitlum tilkostnaði sem þetta til að ýta undir líkamsmentun landsmanna. — Allur kostnaðurinn er fólginn í þessu framlagi í eitt skifti fyrir öll. Það er venjan, að ríkið þurfi bæði að leggja fram stofnkostnað og rekstrarfje til menningarfyrirtækja, en hjer er svo um búið, að útgjöldin koma í eitt skifti einungis.

Páll Hermannsson: Jeg þarf litlu við að bæta. Í sambandi við það, að bent hefir verið á, að sundhöllin kostaði meira en 200 þús. kr., vil jeg taka það fram, að fyrir mjer vakti, að framlagið yrði ⅓ af kostnaði, og því giskaði jeg á 75 þús. kr. Sömuleiðis hefir verið bent á, að þingið, með því að samþ. 100 þús. kr. til sundhallarinnar, ákvæði þar með, að hlutfallið yrði það sama úti um land. Jeg veit, að þetta er rjett og hlýtur að sigla í kjölfarið. En jeg hygg, að ⅓ kostnaðar nægi úti um land. Mjer er kunnugt um það, að úti um sveitirnar geta ungir og áhugasamir menn lagt nokkuð af kostnaðinum fram með vinnu sinni án verulegra útgjalda. Að öðru leyti þarf jeg ekki að blanda mjer í umr.

ATKVGR.

Brtt. 451,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 457 feld með 9:3 atkv.
— 451,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, MK, PH, BK, EÁ, EF.

nei: JKr, HSteins, GÓ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 480).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 480).
Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 525).

---

15. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð (stjfrv., A. 26).

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var frv tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer er að því mikil ánægja að bera fram frv. þetta, því að það er um eitt allra merkasta mál, sem nú er uppi með þjóðinni. Ræktun lands og bygging nýrra býla og endurreisn hinna gömlu býla eru nú taldar með merkustu framkvæmdum nágrannaþjóðanna. Hafa þær þar þegar haft mikið gott í för með sjer, og er sú von manna, að þær muni bera glæsilegan árangur í framtíðinni. Er nú mál til þess komið, að vjer Íslendingar förum að dæmi nágranna vorra um aðstoð af hálfu hins opinbera í þessu efni.

Um þetta frv. mætti margt tala. Mun jeg þó ekki gera svo í þetta sinn. Liðið er á fundartímann og áríðandi, að frv. komist sem fyrst til nefndar. Hefir og þetta mál oft verið rætt hjer í hv. Ed., og auk þess í fyrra í hv. Nd. Milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hefir haft það til meðferðar. Síðan hefir stjórnin látið athuga frv., bæði af búfróðum manni og lögfræðingi. Vona jeg því, að það sje sæmilega undirbúið.

Jeg mun ekki gefa tilefni til deilu um þetta frv. Það er einlæg ósk mín að fá nú á þinginu enda bundinn á þetta merkilega mál, til þess að þessi starfsemi geti byrjað. Þykist jeg og sjá merki til samkomulags í þeim skilningi, sem hv. páv. 3. þm. Reykv. sýndi á málinu í fyrra. Vona jeg því, að nú takist um það samvinna allra hv. þm., öldum og óbornum til gæfu.

Að endingu leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 243).

Frsm. (Einar Árnason): Hugmyndin, sem liggur bak við þetta frv., er ekki komin fram í fyrsta sinn á þessu þingi. Það mun hafa verið núv. hæstv. dómsmrh., sem flutti þessa hugmynd fram í frumvarpsformi í fyrsta sinn hjer á þingi 1925. Það frv. varð ekki útrætt á því þingi. 1926 er það aftur flutt af sama manni, en í nokkuð breyttri mynd. Heldur ekki þá var málið útrætt. Þá var það á síðastliðnu þingi, að hv. 1. þm. N.-M. (HStef) flytur málið á ný, og þá verður sú meðferð málsins í hv. Nd., að það er afgr. með rökst. dagskrá, þess efnis að fela málið milliþinganefnd í landbúnaðarmálum til undirbúnings undir þetta þing, sem nú situr.

Það er þess vegna eftir beinum fyrirmælum síðasta þings, að þetta mál liggur nú hjer fyrir sem stjfrv.

Það er óhætt að segja það, að frá því þessu máli var fyrst hreyft hjer á þingi, hefir því altaf aukist meir og meir fylgi. Það er altaf að fjölga þeim mönnum, sem betur og betur hafa sjeð það, að hjer var nauðsynjamál á ferð og stefnt var að rjettu marki. Má því vænta, að þegar málið liggur nú fyrir sem stjfrv., þá geti sú hugsjón, sem felst í frv., orðið að veruleika.

Um skipulag og hlutverk þessarar lánsstofnunar, sem í frv. heitir byggingar- og landnámssjóður, er það að segja, að það er ætlast til, að tekið sje 5 milj. kr. lán og því varið á þann veg að veita lán til þess aðallega að endurbyggja sveitabýli og byggja nýbýli. Skilyrðin fyrir að geta fengið þessi lán eru tekin fram aðallega í 3. gr. frv. Sje jeg ekki ástæðu til að fara nánar út í það; þykist vita, að hv. þdm. hafi kynt sjer þau atriði rækilega.

Um lánskjörin er það að segja, að þau eru þrennskonar. Dýrustu lánin eru veitt til þess að endurreisa íbúðarhús á jörðum í sveitum, og eru kjörin þau, að lánin á að greiða með 5% af allri upphæðinni í 42 ár.

Næsti flokkur lána er ætlaður til þess að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða þar, sem ræktað land fylgir að einhverju leyti, en ekki hefir verið bær fyrir. Þau eru nokkru ódýrari og eiga að greiðast með 3½% á 50 árum.

Þá er þriðji flokkur lána, sem ætlaður er til nýbýla, sem reist eru á algerlega óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir. Þar eru lánin vaxta- og afborganalaus fyrstu 5 árin, en annars á að greiða þau með jöfnum afborgunum á 50 árum. En vaxtalaus skulu þau altaf vera.

6. gr. frv. mælir fyrir um upphæð hinna einstöku lána, sem menn geta fengið til bygginga, og er upphæðin aðallega miðuð við verð á aðfengnu byggingarefni, sjerstaklega útlendu, og þar að auki við nokkurn hluta af kaupi nauðsynlegra steinsmiða og trjesmiða við byggingarnar.

Í 9. grein frv. eru svo lagðar einskonar kvaðir á þær jarðir og býli, sem sjóðurinn lánar til. Þetta er gert til tryggingar því, að lántakendur geti ekki gert sjer þessi ódýru lán að fjeþúfu og braskað með þær jarðir eða þau býli, sem lánin hafa verið veitt til.

Jeg hefi hjer talað aðallega um tvennskonar lán, til byggingar á ný-

býlum og til að húsa upp bæi á ný. En í frv. er talað um þrennskonar tegundir lána: að einnig sje heimilt að lána bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum á ræktuðu landi bæjar- eða hreppsfjelagsins. Nánari fyrirmæli um lán til þessara bygginga eru svo sett í 3. grein frv. og jafnframt í 7. grein.

Þegar nú þess er gætt, að þessi lán, sem talað er um í frv., eru ákaflega ódýr, þá liggur í augum uppi, að það hlýtur að verða allmikill vaxtamunur á því fje, sem sjóðurinn fær að láni, og á þeim lánum, sem hann lánar aftur út. Þennan vaxtamun verður sjóðurinn sjálfur að greiða, og því er sett það ákvæði í 1. grein frv., að ríkissjóður leggi árlega fram nokkra fjárfúlgu í byggingar- og landnámssjóð. Því verður ekki neitað, að þetta hlýtur að verða allmikill baggi á ríkissjóði; en í það má ekki horfa, þar sem sjóðurinn mundi án þess alls ekki geta unnið það hlutverk, sem honum er ætlað, — það hlutverk sem sje, að gera það fjárhagslega kleift að byggja sæmilega boðleg býli í sveitum landsins. Því að það er nokkurn veginn sýnilegt, að það er ekki hægt fyrir efnalitla menn að byggja upp með þeim lánskjörum, sem nú eru fáanleg hjá lánsstofnunum, eins og nú er ástatt.

Jeg verð því að líta svo á, að ef þessu máli er ekki sint á líkan hátt og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá getum við eins vel gefið upp vonina um bætt heimili og fjölgun heimila í sveitum. Landbúnaðarnefndin, sem hefir athugað málið, flytur á þskj. 243 nokkrar brtt. við frv. Jeg skal aðeins minnast á þær örfáum orðum.

Þar sem í 1. gr. er ákveðið, að ríkissjóður leggi árlega fram 250 þús. kr. til sjóðsins, þá leggur nefndin til að lækka það framlag niður í 200 þús. kr. Það er ekki af því, að nefndin viðurkenni ekki, að það sje nauðsynlegt fyrir sjóðinn að fá sem allra mest fje, að hún leggur til lækkun, heldur af því, að hún lítur svo á, að sem stendur eigi ríkissjóður erfitt með að leggja fram mjög stóra upphæð. Þó skal jeg geta þess, að nefndin vill alls ekki gera þessa brtt. að neinu kappsmáli. Ef hv. deild vill yfir höfuð sinna málinu svo vel að halda því, sem er í frv., þá mun nefndin ekki standa á móti.

Þá er það við 3. gr. I. a., að nefndin vill fella burt orðin „standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk". Nefndin sjer ekki ástæðu til að binda þetta þannig, að þeir, sem kynnu að standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, skuli útilokaðir frá lánum úr þessum sjóði til þess að byggja yfir sig. Það er því síður ástæða til að halda þessu ákvæði, þar sem í næsta lið á eftir er tekið fram að nokkru leyti, hvað menn þurfi að hafa til brunns að bera til þess yfir höfuð að fá að koma til greina með lán úr sjóðnum. Þar er sem sje tekið fram, að hver maður sanni með vottorði, að hann sje duglegur, reglusamur og sparsamur. Hafi maðurinn nú þessa kosti, er svo mikið fengið, að ekki virðist ástæða að útiloka hann, enda þótt hann hafi sveitarstyrk þegið, sem vitanlega getur verið af óviðráðanlegum orsökum.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar, við 3.

gr. II, 6. lið. Liðurinn er orðaður upp, en jeg geri ráð fyrir, að það sama hafi vakað fyrir þeim, sem sömdu frv., eins og kemur fram í brtt. okkar, aðeins að hjer sje skýrar ákveðið og orðað. Það stendur sem sje í frv., að sá maður geti ekki fengið lán, sem áður hefir fengið lán til húsagerðar eða nýbýla. Ef á að taka þetta bókstaflega, þá getur það verið mjög ósanngjarnt. Hitt er annað mál, að það gæti verið vel rjettlætanlegt, að sá maður, sem stendur í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið undir þessum kringumstæðum, geti ekki fengið lán í viðbót. Jeg hefi líka borið þetta undir einn af þeim mönnum úr milliþinganefndinni, sem undirbjó þetta frv., og hann hefir fallist á, að þessi brtt. væri til bóta.

Þá er það 4. breytingartillaga nefndarinnar, við 7. grein. Það er um lán til bæjarfjelaga og sveitarfjelaga til að byggja hús yfir nautgripi. Er gert ráð fyrir í frv., að þau lán megi nema alt að ⅘ hlutum kostnaðar. Nefndin leggur til — eða rjettara sagt meiri hl. —, að þetta sje lækkað niður í ⅗, og virðist það vera meir í samræmi við ákvæði 6. gr. frv. um lán til bygginga á býlum í sveitum, því eftir því sem þar er ákveðið, geta þau ekki orðið ⅘ hlutar kostnaðar.

Í sambandi við þessa brtt. nefndarinnar leggur hún líka til, að 40 þús. í sömu grein verði færðar niður í 30 þús., en það er hámarkið af þeirri upphæð, sem megi lána til þessara bygginga.

Þá kemur 5. brtt. nefndarinnar, sem ætlast er til, að verði ný grein. Það vakti fyrir nefndinni með brtt., að þegar svo er komið, að lánað er fje til bygginga til 50 ára með mjög aðgengilegum kjörum, þá verði þó að tryggja það að minsta kosti, að þær byggingar verði svo vel af hendi leystar, að þær standi eins langan tíma og lánið stendur.

Það er erfitt að hafa það eftirlit með byggingunum, sem þörf er á, og það eftirlit hlýtur að kosta talsvert fje. Raunar væri það eðlilegast, að kostnaðinn við þetta eftirlit greiddu báðir aðiljar, bæði sá, sem lánið veitir, og hinn, sem þiggur það. En það er kannske erfitt á báða bóga að koma því fyrir.

Eins og 5. brtt. ber með sjer, hefir nefndin orðið sammála um, að stjórn sjóðsins hafi byggingarfróða menn til eftirlits á þeim stöðum, sem sjóðurinn lánar fje til bygginga. Samhliða er gert ráð fyrir, að lánþegi greiði 1% af lánsupphæðinni upp í eftirlitskostnaðinn, þegar síðasta afborgun fer fram. Það má að vísu um það deila, hvort þetta hundraðsgjald sje nógu hátt. En nefndin lítur svo á, að það megi ekki gera þennan kostnað mjög tilfinnanlegan fyrir lánþega, enda sjálfsagt að haga eftirlitinu á þann hátt, að það verði eins ódýrt og kostur er á.

Fleiri brtt. flytur nefndin ekki, þótt hún hinsvegar játi, að um ýms önnur atriði frv. kunni að mega deila. Sje jeg því enga ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að svo stöddu. Jeg hefi reynt eftir föngum að skýra frá, hvað vakir fyrir nefndinni, en hún leggur til, að hv. deild fallist á frv. með þeim breytingum, sem nú voru nefndar.

Jón Þorláksson: Þetta frv. hefir nú tekið allmiklum stakkaskiftum frá

því að samnefnt frv. kom hjer fyrst fram í deildinni eins og hv. frsm. benti rjettilega á. Og jeg verð jafnframt að telja, að breytingarnar sjeu til mikilla bóta; sjerstaklega tel jeg það þó mikilsvert atriði, að numin hafa verið á burt úr frv. öll þau ákvæði, sem í frumsmíðinni voru og leiddu til breytinga á skattalöggjöfinni. Enda lít jeg svo á, að það sje heppilegra fyrir alla, að skattalöggjöfin sje sjálfstæð og út af fyrir sig, en ekki blandað inn í önnur lög um óskyld efni.

Að vísu mætti ef til vill deila um fjárhagsatriði frv. að því leyti, er þau viðkoma ríkissjóði. Það er sem sje stungið upp á í frv. 250 þús. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á ári, sem hv. landbn. leggur til, að færist niður í 200 þús. kr. Þetta er að vísu talsvert mikið fje fyrir ríkissjóð að gjalda á næstu árum, en jeg verð þó að segja það, að sumt, sem brotið hefir verið upp á á þessu þingi til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, virðist mjer miður þarft en það, sem hjer er farið fram á.

Það, sem eftir er þá í frv. af höfuðgöllum þeim, sem einkendu hina upphaflegu frumsmíð þess, eru ákvæðin í 9. gr., en þau eru líka þess eðlis, að jeg fæ ekki sjeð, á hvern hátt þau geti í framtíðinni samræmst þeim góða tilgangi, sem frv. er ætlað að vinna, sem sje þeim, að hlynna að landbúnaðinum fyrst og fremst með ódýrum lánveitingum bæði til húsabygginga í sveitum og til aukinnar ræktunar, þegar fram í sækir. Mjer sýnist ekki betur en að sá stuðningur, sem með frv. er veittur byggingar- og ræktunarstarfsemi sveitanna, sje tekinn að miklu leyti aftur með ákvæðunum í 9. gr. Með þeim er lagt til að leggja þær kvaðir á eignir lántakenda, sem ekki hvíla á neinum öðrum eignum í landinu og eru þess eðlis, að jarðirnar verða þeim bændum minna virði en öðrum eru samskonar eignir, og það vegna þess eins, að þeir hafa orðið að leita á náðir þessa sjóðs um lántökur sínar, eða svona kemur mjer það fyrir sjónir, en vildi þó gjarnan taka skýringum, ef hægt er að bera þær fram.

Kvöðin, sem felst í 9. gr., er sú, að aldrei má selja eign, sem fengið hefir lán úr sjóðnum, hærra verði en síðasta fasteignamat sýnir, en þetta virðist mjer ganga beinlínis í berhögg við þá viðleitni þingsins síðustu ár, að auka arðsvon jarðanna og verðmæti með bættum samgöngum, símum, vegum og aukinni ræktun á ýmsan hátt.

Nú skulum við gera ráð fyrir, að þessi starfsemi hins opinbera beri tilætlaðan árangur, að eignin hækki í verði vegna arðsvonarinnar, sem fylgir t. d. bættum samgöngum, en af því að eigandinn hefir fengið lán úr þessum ákveðna sjóði til þess að endurbæta eignina, er hann skyldugur til að selja hana ekki dýrara verði en þeirri hækkun nemur, er kemur fram við fasteignamat. Nú er það alment álitið, að fasteignamatið sje svo lágt, að það nemi sjaldnast 2/3 af því verði, sem eignirnar eru seldar manna í millum, enda kunnugt um, að víða er það jafnvel ennþá lægra. Ef því heldur áfram, að svo varlega verði farið í fasteignamatið, sem á vissan hátt er eðlilegt, þar sem hjer er aðallega um skattmat að ræða, þá er alt útlit á því, að eigendur þessara jarða verði ver settir en nágrannar þeirra, sem komist hafa

hjá því að þiggja fje að láni úr þessum sjóði.

Þess vegna er mjer það með öllu óskiljanlegt, hvers vegna verið er að leggja þessar kvaðir á menn um leið og þeim er rjett höndin og hjálpað til að auka arðsvon jarðanna.

Þá er það síðara atriði þessara ákvæða í 9. gr. frv., að eignina má aldrei leigja hærra verði en nemur 4% landverðs, miðað við síðasta fasteignamat, að viðbættum 2% af verði húsanna.

Við skulum nú gera ráð fyrir, að lánið nemi ⅗ af verði hússins og að hann fái húsið metið eins og það kostar. Fái hann það, þá má hann taka í leigu 2 kr. af hverjum 100 kr. húsverðsins, en verður sjálfur að greiða í vexti til sjóðsins 3 kr. af hverjum 100 kr., og sjá allir, hve hagkvæmur verslunarjöfnuður það er. Þar að auki tapar hann alveg vöxtum af sínu eigin framlagi til byggingarinnar, eða af ⅖ húsaverðsins.

Þá er annað, og það er það, að ef byggingin á að verða til og í nothæfu ástandi eftir 42 ár frá því að hún var gerð, þá er komin svo mikil fyrning á hana, að viðhaldið eitt hefir kostað eigandann ekki minna fje en húsið kostaði í fyrstu. Þetta er líka kvöð, og eins og jeg hefi áður bent á, sje jeg ekki betur en að það hljóti að leiða af sjer óhjákvæmilegt tap fyrir eiganda, ef hann einhverra hluta vegna neyðist til þess að leigja jörðina. Og jeg sje bara enga ástæðu til að vera að gera sjálfseignarbændum landsins þessar búsifjar, jafnhliða og verið er að rjetta þeim höndina til þess að ljetta undir með þeim að byggja jarðir sínar og rækta.

Þetta læt jeg mjer nægja í bili, en vildi gjarnan fá skýringar á þessum ákvæðum 9. gr., sem jeg hefi nú gert að umtalsefni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer þykir vænt um þá verulegu stefnubreytingu, sem orðið hefir hjá hv. 3. landsk. um efni þessa frv. frá því fyrst að það kom fram og þar til nú. Mjer finst mjög ánægjuleg sú stefnubreyting og tel honum það fremur til sóma en hitt.

Jeg vil ekki þreyta hv. deild með því að endurtaka eða rifja upp þau byrjunarátök, sem urðu um þetta mál. Það kom svo undarlega flatt upp á samherja hv. 3. landsk., að nú ætti að fara að styrkja bændur til þess að rækta upp sveitirnar, byggja upp bæina og gera heimilin á allan hátt vistlegri, að þeir rugluðust algerlega í ríminu og ljetu sjer sæma að draga út úr þessu þær fáránlegustu ályktanir, sem hægt er að hugsa sjer. Þá var meðal annars í blöðum þessara samherja útbásúnað, að með frv. og þeim styrk, sem eftir því átti að veita til viðreisnar sveitunum, væri verið að gera tilraun til að koma fólkinu í sveitunum, og þá sjerstaklega bændum, á hreppinn. Og ýmislegt fleira af líkum toga spunnið ljetu þeir sjer um munn fara, helstu íhaldssamherjarnir þá, til þess að koma á knje þessu þjóðþrifamáli, er þá skorti svo mjög skilning á. Þess vegna bjóst jeg alls ekki við, að slík stefnubreyting mundi verða svo fljótt sem raun ber vitni um.

Hv. 2. þm. Árn. (MT), sem annars leist vel á þetta, spáði því þá, að eftir 10 ár mundi þetta verða mesta hita-

mál þingsins. Nú eru aðeins 4 ár liðin síðan; öll þessi ár hefir þingið haft málið til meðferðar og því altaf að aukast fylgi, enda býst jeg nú við, að það verði afgreitt í lagaformi frá þinginu í þetta sinn.

En að þetta verði síðasta orðið, sem um málið verður sagt, býst jeg alls ekki við. Jeg geri ráð fyrir, að reynslan komi hjer sem annarsstaðar til skjalanna, og hún mun kenna þjóðinni, hvað henni hentar best í þessu efni. Það, sem mest er um vert, tel jeg það, að málið er nú komið á þann rekspöl, sem vel má við una í bili. Að vísu skal játað, að lánum þeim, sem hjer er um að ræða, er öðruvísi fyrir komið í Noregi, en vegna fátæktar lands okkar og af fleiri skiljanlegum ástæðum hefir verið að því ráði horfið að hafa lánshlutföllin þessi til að byrja með.

Hv. 3. landsk. gladdist yfir því, að skattalöggjöf landsins væri ekki blandað inn í þetta mál. Jeg vil engu spá um það, hvað langvinn sú gleði verður, en þessar 250 þús. kr. verða þó að fást. Það er búið að taka svo mörg lán og há fyrir ríkisins hönd, að sú leið virðist tæplega fær. Til þess að sjóðurinn fái þessa upphæð sje jeg ekki betur en að hækka verði skattana á einhverri hátt.

Annars verð jeg að segja það, að það er ófyrirgefanleg ljettúð af þinginu, þegar það samþ. að skella öllum berklavarnakostnaðinum á ríkið, án þess að gera ráð fyrir, hvar taka eigi peningana til þess að greiða þann mikla kostnað. Jeg geri líka ráð fyrir, að nú verði að skipa milliþinganefnd í skattamálum. Því að þegar svo er komið, að lagðar eru 100 kr. á hvern mann í landinu, á barnið í vöggunni og örvasa gamalmenni, þá er óhjákvæmilegt að endurskoða skattalöggjöfina og leita uppi hin breiðu bök, sem borið geta gjöldin. Ef haldið verður áfram að leggja á öreigana, verður ekki hægt að komast hjá því að kveðja dyra hjá þeim, sem hafa talsvert fje aflögu. Þeir verða líka beðnir að vera með og taka á sig byrðar ríkisins að sínum hluta. Jeg segi þetta ekki til þess að hryggja hv. 3. landsk., heldur bendi jeg á þetta til þess að sýna, að framhjá þessu er ekki hægt að komast.

Þungamiðja þessa máls er þörfin á að fjölga heimilum í landinu. Um þá þörf eru allir sammála, en um hitt skiftast skoðanirnar, hvort fjölga eigi heimilunum aðeins við sjóinn, eða líka í sveitunum.

Með þeirri mannfjölgun, sem búast má við að verði, er nú upplýst, að bæta verður við á ári heimilum fyrir 1 miljón króna, og öllum hugsandi mönnum um heill þjóðfjelagsins blandast ekki hugur um, að mestur hluti slíkra heimila mundi best kominn í sveit, eða þar, sem ræktunarskilyrði eru fyrir hendi. En fyrir tilstilli hv. 3. landsk. og hans flokksbræðra hefir heimilafjölgun síðari ára aðallega orðið í Reykjavík og 2—3 öðrum kaupstöðum. Þessum kaupstöðum var gefin 10 milj. kr. lánsheimild núna síðustu árin, sem uppjetin verður með öllu á þessu ári. (**JÞ**: 10 miljónir?). Það eru veðdeildarflokkarnir. Kannast hv. þm. ekki við það?

Alt þetta fje hefir farið að mestu

leyti í ný hús í kaupstöðum, og sementskassarnir, sem þotið hafa upp í verstöðvunum, eru sú áþreifanlega sönnun þess, hvað gert hefir verið við þessar lánsmiljónir. Frá menningarlegu sjónarmiði er þungamiðja frv. þó mest virði. Það er mjög ófýsilegt að hugsa sjer þá framtíð þjóðarinnar, sem byggist á því, er nú tíðkast í verstöðvunum hjá því fólki, er sjóinn stundar, þar sem húsbóndinn kemur ekki heim nema endrum og eins, þrælkaður við svefnleysi, sem hvergi þekkist nema hjer við land, en konan alein heima með börnin, sem alast upp í loftlausum, köldum og rakafullum kjallaraíbúðum, þar sem heilsa og líf þeirra er í veði.

Hv. 3. landsk. virðist sjerlega ónægður með 9. gr., af því að þar er verið að koma í veg fyrir, að jarðirnar, sem sjóðurinn á að hjálpa til að rækta, og sveitabæirnir, sem hann hjálpar til að byggja, geti hækkað í verði eins og húsin og lóðirnar hjer í Reykjavík. Þetta er ekki nýtt þrætuefni milli mín og þessa hv. þm. Skoðanamunurinn er í því fólginn, að hann vill leyfa „spekulationum" og fjárglæfrum að laumast inn í skjóli sjóðsins, en jeg vil leggja alt kapp á að koma í veg fyrir það.

Þetta frv. er til þess ætlað að verða þjóðinni til varanlegra heilla. Hv. 3. landsk. heldur því vafalaust fram í góðri meiningu og samkv. sinni lífsskoðun, að það sje best að láta menn hafa óbundnar hendur um að græða á hjálp sjóðsins. En ef það yrði leyft, mundi verða nákvæmlega það sama uppi á teningnum og með sölu kirkjujarðanna. Þau hagstæðu kjör, sem ríkið veitti um hana, urðu aðeins til þess að auðga fyrstu eigendurna, en nú eru jarðirnar að verða mylnusteinn um háls hinum næstu, vegna þess að þær eru orðnar óhóflega dýrar. Jeg þekki dæmi um eina kirkjujörð, sem upphaflega var seld fyrir 4 þús. kr., en eftir nokkur ár keypti hana nýr maður, að jeg hygg fyrir 44 þús. kr. Við getum nú gert okkur grein fyrir aðstöðu þessa manns. Ef hann á að greiða vexti og afborganir af þessu óhóflega verði, er honum sá kostur nauðugur að vinna mestan hluta æfi sinnar eins og þræll — til þess að borga „spekulationsgróða" hins fyrri eiganda. Þess vegna hafa líka ungir bændur sagt við mig, að einmitt 9. gr. væri það, sem langmesta þýðingu hefði í frv., að hún væri meira virði en 250 þúsundirnar.

Fjárglæfrarnir eru langhættulegasti sýkillinn í íslenskum landbúnaði. Og fyrir þeim verður að stemma stigu. En eins og jeg tók fram, heldur hv. þm. þessu sjálfsagt fram í bestu meiningu. Hann er sjálfur kaupmaður og telur kaupmenskuna rjettmæta. Því er honum illa við, að hún sje takmörkuð. En jeg skal leyfa mjer að nefna dæmi þess, hve háskalegt hið háa jarðaverð er fyrir landbúnaðinn. Jeg átti fyrir nokkru tal við einhvern mesta búhöld í Árnessýslu. Hann sagði mjer, að jörðin sín væri metin á 9 þús. kr. og á henni væru byggingar fyrir ca. 16 þús. kr. En hann fullyrti, að ef selja ætti jörðina og húsin eftir fasteignamati, mundi hvert barna sinna, sem við tæki, þegar í stað verða gjaldþrota. Þetta fór svo, að hann afhenti syni sínum hluta úr jörðinni á lággengisárunum, og þó ekki með neinum ókjörum. Svo kom

gengishækkunin og hennar erfiðleikar. Og svo fór, að jörðin reyndist unga bóndanum ofviða, og hann varð að flytjast hingað til Reykjavíkur.

Það sannast, að stærsta velferðarmál íslensks landbúnaðar er það, að jarðirnar og húsin, sem þeim fylgja, sjeu nógu ódýr. Og sú merkilegasta tilraun, sem gerð hefir verið til þess að það geti orðið, er 9. gr. í frv. Hv. 3. landsk. þarf ekki að brosa. Hann hefir sjeð hugmyndina um landnámssjóð vaxa fyrir framan sig, þó að hann hafi beitt öllu sínu bolmagni gegn henni. Mánuð eftir mánuð og ár eftir ár hefir hann rægt hana við bændur landsins, með aðstoð þjóna sinna, sem skrifa í íhaldsblöðin. Með öllu sínu fylgi, fje og blaðakosti hefði hann vel mátt verða þessu ágæta máli að liði. En hann hefir valið sjer þá aðstöðu að vera til spillis og eyðileggingar í málinu. Og nú ber hann afleiðingarnar af því að leggja lið sitt verstu meinsemdinni í þjóðlífinu. Ef hann fengi nú að ráða, yrði afleiðingin sú, að nú yrði leikinn á ný hinn sami leikur og fyrrum með kirkjujarðirnar. Og það verð jeg að segja, að þegar athuguð er öll framkoma hans til þessa máls og þetta síðasta og versta tilræði, þá öfunda jeg hann ekki af því að standa fyrir máli sínu eftir næstu 4 ár.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. 3 landsk. talaði um 9. gr. og kvað þar vera á ferðinni nýmæli, sem spilla mundi þeim árangri, sem frv. er ætlað að hafa. Aðalatriðið í ræðu hans var það, að kvaðir þær, sem 9. gr. legði á jarðirnar, hefðu þá afleiðingu, að þær yrðu minna virði en ella. — Að mínu áliti er þetta bæði rjett og ekki rjett. Það fer alveg eftir því, til hvers menn álíta, að verðmæti jarðanna eigi að vera. Hv. þm. hefir rjett fyrir sjer, ef litið er á þær sem verslunarvöru. En sjeu þær skoðaðar sem framleiðslutæki til þess að framleiða búfjenað og matjurtir, þá hefir hann á röngu að standa. Það þarf ekki að vera lakara að búa á þeirri jörðinni, sem talin er minna virði. Kýrnar mjólka eins vel og fjeð er eins vænt, þó að kvöð sje á grasinu, sem það bítur. Um þetta getur okkur því ekki komið saman. Dæmi undanfarinna ára sanna mitt mál, þegar litið er til þeirra bænda, sem tekið hafa lán til þess að byggja jarðir sínar. Nú eru þessar jarðir orðnar geysidýrar margar hverjar, af því að byggingarnar hafa kostað of mikið. Þrátt fyrir það er litlu eða engu betra að búa á þeim, og nú er ekki hægt að selja þær nógu dýrt. Að öllu þessu athuguðu held jeg, að rjett sje stefnt með ákvæðum 9. greinar.

Þá talaði hv. þm. um eftirgjaldið, að ekki mundi sanngjarnt að ákveða það 4% og 2%. Jeg skal ekki að svo stöddu deila um þetta. Jeg vil koma þessu svo fyrir, að það sje hvorki of lágt nje of hátt, miðað við þann bagga, sem jarðeigandinn hefir á sig lagt. Má vel vera, að útreikningur hv. þm. hafi við eitthvað að styðjast. Sem landbúnaðarnefndarmaður mun jeg fús til að athuga tillögur hans og þau rök, sem að þeim kunna að liggja.

Hefi jeg svo í rauninni ekki meira að segja. En jeg vildi aðeins skýra frá því, hvernig jeg og meðnefndar-

menn mínir lítum á það atriði, sem hv. 3. landsk. gerði sjerstaklega að umtalsefni.

Jón Þorláksson: Hv. frsm. landbn. gerði þá grein fyrir aðalákvæðum 9. gr., að þau lækkuðu að vísu verð jarða í viðskiftum, en ekki sem framleiðslutækis. Hann hefir alveg rjett fyrir sjer þar. En hvað þýðir þetta? Jú, það þýðir, að með framkvæmd 9. gr. er verið að taka nokkuð af verði jarðarinnar sem framleiðslutækis frá eigendunum og gefa það öðrum. Ákvæðið er í sjálfu sjer svo óeðlilegt, að jeg efast um, að það verði nokkurntíma framkvæmt. Sennilega verður farið svo í kringum það, að það nái aldrei tilgangi sínum. Og þó að svo kunni að fara, að það komi til framkvæmda, þá veldur það áreiðanlega megnri óánægju, og úr henni verður bætt þegar hún er orðin svo mikil, að hinir óánægðu geta haft áhrif á löggjafarstarfsemina. Má nefna dæmi hjeðan úr Reykjavík, þegar eigendur sumra fasteigna voru gerðir rjettlægri en aðrir. En nú eru þessir menn orðnir svo margir, að ekki er lengur hægt að halda fyrir þeim þessum rjetti.

Mjer þótti vænt um, að hv. frsm. tók skynsamlega í málið, eins og hans var raunar von og vísa. En ekki veit jeg, hvort jeg hirði um að bera fram neinar tillögur til breytinga. Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda hv. nefnd á það, að jeg ætla, að leigan verði að vera svo há, að leigutaki beri allar afborganir til sjóðsins. Raunar held jeg, að tölurnar í gr. megi standa, ef aðeins er settur sá fyrirvari, að leigan fullnægi þessu skilyrði.

Mig undraði ekki, þó að hæstv. dómsmrh. fyndi ástæðu til að taka til máls um þetta frv. Hann hefir auðsjáanlega þótst þurfa að helga sjer gripinn. Svo lítið er nú eftir af hans marki á kindinni. Eiginlega er það ekkert nema nafnið — og svo ákvæði 9. gr., og hafa þau þó verið stórum lagfærð frá því, er þau komu frá hans hendi. Mig furðaði ekkert á því, sem hann sagði um 9. gr. Hann talaði þar eins og sá sósíalisti, sem hann er, og það er alveg rjett, að þar erum við sinn á hvorri skoðun. En ef honum kemur það í hug í alvöru, að með 9. gr. sje komið í veg fyrir gróðabrall, hlýtur það að stafa af tilfinnanlegum þekkingarskorti. Til þess að sjá þetta, þarf hann ekki annars en að líta í kringum sig í kaupstöðum, þar sem lóðir eru leigðar; þar hefir það sýnt sig, að þegar leigan er of lág, finna menn upp á því að selja leigurjettinn. Einmitt þar sem sú óeðlilega tilhögun, sem gert er ráð fyrir í 9. gr., á sjer stað, blómgast gróðabrallið í sinni verstu mynd. Þegar mönnum er meinað að hækka leiguna, taka þeir upp á því að selja leigurjettinn. Alveg sama mundi eiga sjer stað með bændaeignirnar. Þar hleypur „spekulationin" einnig yfir í leigurjettinn. Það er eðlilegt, að bændurnir líti það óhýru auga, að teknar sjeu af þeim eignir þeirra, og að menn, sem engan rjett hafa til þeirra, megi auðgast á leigunni. Eins mundi fara með hitt ákvæðið, um að selja jarðir. En þar er þó ennþá hægra um samvinnu. Þá kemur upp rjetturinn til að fá jörð keypta, og hann gengur kaupum og sölum. Jeg verð að segja það, að það ber vott um alt of litla aðgæslu hjá hæstv. dómsmrh., ef hann heldur, að þetta sje aðferðin

til að útrýma gróðabralli. Nei, með þessu er einmitt verið að gefa gróðabrallinu undir fótinn.

Hæstv. dómsmrh. spáir því, að jeg muni bíða ósigur, ef jeg haldi fast við það að láta bændur halda eignarrjetti sínum, í stað þess að gefa hann öðrum mönnum. En jeg vil ráðleggja honum að ganga hjerna upp í Þingholtin, eða nýja hverfið, sem kallað er; þar getur hann lesið sögu hugmyndar sinnar. Þar er nú sjeð, hvor stefnan muni sigra. Nú eru lóðaleigjendurnir þarna orðnir svo margir, að þeir heimta sinn rjett til jafns við aðra borgara bæjarins. Og á svipaðan hátt mun fara með þessa missmíði hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg mun ekki eyða tíma til að sanna, hve mikla vinnu jeg hefi lagt í undirbúning málsins. Jeg læt mig engu skifta annað en það, að það nái fram að ganga. Hitt, að við hv. 3. landsk. höfum ólíka aðstöðu í hinni stuttu sögu málsins, verður að vera happ og óhapp okkar beggja.

Jeg get sagt hv. 3. landsk. það, að eftir að hann hafði mánuðum saman látið blöð sín básúna það um landið, að allir gerðu sig að sveitarlimum, sem þægju þessi lán, hjelt jeg eitthvað 30 fundi með kjósendum úti um landið. Alstaðar fann jeg merki um hið góða sæði, sem blöð hv. þm. höfðu sáð. Fyrst framan af var margt fólk á því, að háttv. þm. hefði rjett fyrir sjer um það, að óverjandi væri að hjálpa nýbýlabyggingunni á þennan hátt. Jeg verð að játa, að mín uppskera var í upphafi ekki meiri en svo, að jeg gat aðeins haldið í skefjum mótmælunum, sem ýmsir menn úti um landið tóku eftir blöðum hv. 3. landsk. Hann vann þannig í fyrstu einskonar sigur í málinu. Honum tókst að telja mörgum sveitamönnum trú um, að þeim og börnum þeirra væri skömm að þiggja lán úr landnámssjóði með aðgengilegum kjörum.

Mjer kemur ekki til hugar að segja, að neitt óeðlilegt sje við það, að nýmæli eins og þetta sje nokkur ár að vinna fylgi manna. Jeg vil viðurkenna, að það er heppilegt fyrir slík stórmál að sæta nokkrum mótmælum í upphafi, og jeg viðurkenni, að það er skylda formanns Íhaldsflokksins að vera á móti málinu. Annars bregst hann þeirri köllun sinni að reyna að halda við kyrstöðunni í þjóðfjelaginu og að berjast á móti framförunum. Hann hefir því verið í sínum rjetti í þessu máli, enda þótt þarna verði kyrstaðan auðvitað ófær til lengdar, eins og á öðrum sviðum.

Einn af tryggustu fylgifiskum hv. 3. landsk., hv. þm. Borgf. (PO), aflaði sjer á sínum tíma talsverðra vinsælda með því að leggja mikið upp úr því í ræðum sínum, hversu fáránleg sú ætlun væri, að veita styrk af almanna fje til þess að reisa við „niðurnídd býli“, en þau orð voru notuð einhversstaðar í greinargerð málsins. Þetta fanst honum þá ógurleg fjarstæða og hneyksli, að ætla að reisa „niðurnídd“ býli. En það er það, sem öllum kemur nú saman um, enda þótt ekki sje það orð notað.

Þá vil jeg benda hv. þm. á það, að í annað sinn, sem þetta frv. var fram borið, var það sniðið nokkuð eftir norskri fyrirmynd, horfið að þeirri hugmynd, að í stað þess, að landssjóð-

ur lánaði sjálfur fje, þá ljetti hann undir með því að borga nokkurn hluta vaxtanna. Þetta var tvímælalaust heppilegra, en það er dálítið einkennilegt, að í fyrra, þegar málið var tekið upp í hv. Nd. af hv. 1. þm. N.-M. (HStef) í nokkuð smærri mynd, þá kemur þar einmitt fram mín fyrri hugmynd, að ríkissjóður legði sjálfur fram höfuðstól lánanna. Hv. þm. (HStef) gerði ráð fyrir 100 þús. kr. á ári, en þá kom einn af þm. Reykv., hv. 3. þm. kaupstaðarins (JÓl), með till. um að hækka tillagið um helming. Það er hið einkennilega, að fyrst þegar lát verður á andstöðu Íhaldsmanna, þá fallast þeir á mína fyrstu hugmynd, sem jeg er sjálfur horfinn frá, af því að jeg hefi sjeð aðra betri.

Hv. 3. landsk. segir, að hægt sje að sjá, að ákvæði 9. gr. fái eigi staðist, vegna þess að reynslan í Vestmannaeyjum og Siglufirði —, jeg man ekki, hvort hann nefndi þó þessa staði, — hafi sýnt, að þegar um ódýra leigu sje að ræða, þá verði ekki komið í veg fyrir brask með leigurjettinn. En hv. þm. aðgætir ekki, að á þessum stöðum vantar setningu, sem hjer stendur í 9. gr. frv., að enginn ábúðar- eða kaupsamningur um eignina er gildur, nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Á Siglufirði og í Vestmannaeyjum er hindrunarlaust hægt að framselja rjettinn til leigulóðanna. Bæjarstjórnir þessara staða voru svo illa að sjer í nútíma fjelagsmálapólitík, að þær þektu ekkert ráð til að sameina hina ágætu hugmynd sína við það, að braskinu væri haldið niðri. En hjer verður fult eftirlit frá stjórn sjóðsins, og getur hún altaf tekið fram fyrir hendur þeirra, sem ætla að misbeita leigumála sínum, og getur hún þá fengið öðrum leigurjettinn. Stjórn sjóðsins verður þarna með öllu óháð. Hennar hlutverk er ekki annað en að vinna á móti hinum illa anda óheppilegrar verðhækkunar. Ef til vill þarf síðar enn kröftugri ákvæði til að koma í veg fyrir þetta, því að um það erum við hv. 3. landsk. sammála, að tilhneiging manna er mikil til þess að nota sjer slík hlunnindi. Þó vona jeg, að þessi ákvæði verði viðunandi nú um skeið.

Þá talaði hv. þm. um það, sínu máli til sönnunar, að óánægja lóðaleigjenda hjer í bæ væri mikil, og vildu þeir ólmir fá að verða aðnjótandi þess gróða, sem fjepúki „spekulationanna" gæti fengið þeim í lóðabraski. Jeg efast ekki um, að þetta sje rjett. En jeg ætla að benda hv. þm. á það, sem honum ætti raunar að vera manna kunnugast, að þessum bæ hefir verið stjórnað á fjeglæfravísu um langt skeið. Niðurstaðan er kunn: Reykjavík er svo drepandi dýr, að hún er plága fyrir alt landið að því leyti. En alt þetta má kenna þeim mönnum, sem leyft hafa lóðabraskið og húsabraskið í bænum, svo eftirlitslaust og fávíslega, sem raun ber vitni. Hv. 3. landsk. getur því síður en svo sótt máli sínu nokkurn stuðning í óförum Reykjavíkurbæjar, þar sem það er hann og hans fjelagar, sem haft hafa tögl og hagldir um stjórn bæjarins tvo síðustu áratugi. Alt frá því háttv. þm. kom hingað til lands og rjeði því, að reist var hjer gasstöð í stað þess að virkja þá Elliðaárnar, hefir braskið og fjeglæfrarnir ráðið meginþáttunum í stjórn bæjarins.

Í þeirri aths., sem hv. 3. landsk. nú

væntanlega gerir, vænti jeg, að hann bendi á þau tryggingarskilyrði, sem sett hafi verið gagnvart lóðaleigjendum og sambærileg sjeu við hið óhlutdræga aðhald, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hjer er um það eitt að ræða, hvort notagildi jarðnæðisins eða framsalsmöguleikinn á að vera aðalatriðið. Fyrir mjer vakir, að sem mest af því, er jörðin gefur af sjer, fari ábúandanum til lífsframdráttar, en ekki í eintómar vaxtagreiðslur. Það er hverju orði sannara, er merkur bóndi og vitur úr Árnessýslu sagði nýlega, að það er ómögulegt að búa á jörðunum, ef borga þarf peningavexti bæði af jörðinni ásamt húsum eftir fasteignamati. Sama lífsspekin liggur hjer til grundvallar. Það má ekki heimta vexti eftir fasteignamati jarðarhúsanna, því að þær geta ekki borið það.

Hv. 3. landsk. hefir alls ekki enn leitt nein skynsamleg rök að því, að rjett sje að gefa þessari kynslóð þau hlunnindi, sem af lánunum hljótast, til þess að hún geti selt þeim næsta jarðirnar við dýrara verði. Hv. þm. vill, að fjesýslan fái að þróast í friði, og vill, að landssjóðsframlagið verði til þess að skapa einstaklingseignarmöguleika.

Svo var að heyra á hv. 3. landsk., sem hann áliti, að svo skynsamlegar hugsanir sem þær, er hjer eru fluttar, gætu ekki komið frá neinum öðrum en sósíalistum. Jeg vil nú ekki draga neinn verðskuldaðan heiður af þeim merka þingflokki, hvorki hjer nje annarsstaðar, en mjer finst hv. þm. gera þeim of hátt undir höfði, ef hann vill eigna þeim einum þessar hugmyndir. Ef hv. þm. hefði haft fyrir því að kynna sjer nokkuð borgaralega löggjöf í nágrannalöndunum, þá hefði hann sjeð, að hjer er um stefnumál allra frjálslyndra flokka að ræða.

Jeg vil annars benda hv. 3. landsk. á að hafa góða gát á sínu eigin sauðahúsi. Því að fjelagsumhyggjan sýnist vera farin að nema land í sjálfum Íhaldsflokknum. Ritstjóri sá, sem um langt skeið hefir verið höfuðmálsvari Íhaldsflokksins, hefir fyrir skemstu borið fram hugmynd, sem hann raunar tók að láni að mestu frá einum háskólakennaranum, um sósíalistiskar framkvæmdir í bókaútgáfu landsmanna. Jeg man nú ekki, hvort hann flutti þetta fram fyr en hann var kominn úr vistinni, en hann hefir þá haft sig þetta upp síðan. Og hann hefir gert meira en að bera þetta fram í blöðum og tímaritum. Hann hefir lokkað einn harðsnúnasta íhaldsmanninn í Nd., hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), til að koma með hugmyndina inn á Alþingi, í fjelagi við fleiri þm. að vísu. Jeg ætla hvorki að lasta þessa hugmynd nje lofa. Þó verð jeg að viðurkenna, að jeg er nú ekki meiri sósíalisti en svo, að mjer þykir þarna nokkuð geyst úr hlaði riðið hjá íhaldsforkólfunum. En mönnunum gengur vafalaust gott eitt til, og má vel vera, að farið verði eftir till. þeirra síðar, að meira eða minna leyti. Hefði jeg gaman af að fá að heyra skoðun hv. 3. landsk. um þessa sósíalistisku hugmynd flokksbræðra hans.

Jón Þorláksson: Jeg fer ekki fram á það hið hæstv. forseta, að hann leyfi mjer að svara þessu síðasttalda, sem hæstv. ráðherra lenti út í í flóði mælsku sinnar. En jeg vil gera aths. út af því, að hann fór óviðeigandi orð-

um um stjórn Reykjavíkur og málefna bæjarins á síðustu 20 árum. Orðbragð það, sem hann fann sjer sæmandi að nota í þessu sambandi, er á venjulegu máli kallað skammir. Jeg vil aðeins benda hv. þm. á það, að á þessum árum hefir stjórnendum bæjarins tekist að gera hann svo úr garði, að í honum hefir skapast slíkt aðdráttarafl, að til vandræða horfir að sumra áliti. Jeg veit nú ekki, hvort þetta ber vitni um sjerleg mistök í stjórn bæjarfjelagsins. Og ef hæstv. dómsmrh. tækist að gera einhvern annan stað á landinu, sem honum er hjartfólgnari, svo úr garði, að aðdráttarafl hans yrði svona mikið, þá efast jeg um, að hann þættist verðskulda skammir fyrir ljelega stjórn.

Þá eru aðeins örfá orð til að lýsa afstöðu 9. gr. til eignarrjettarins. — Hæstv. dómsmrh. skildi það rjett, að ef lagðar eru 200 þús. kr. á ári úr ríkissjóði til þessara lána, þá heldur það verðmæti áfram að vera til, og í samræmi við það benti hv. frsm. (EÁ) á, að engin lagaákvæði geta rýrt raunverulegt verðmæti jarðanna, sem fjeð hefir farið í. Í frv. er svo frá þessu gengið, að af þessu aukna verðmæti á jarðeigandi að eiga nokkuð, en hitt á enginn að eiga. Þetta sýnir, að þótt greinin sje samin í anda jafnaðarmanna, hefir verið rjálað við henni á þann hátt, að engum jafnaðarmanni er trúandi til að vera svo klaufskur. — Jafnaðarmenn hefðu haft einurð á að segja, að ríkið ætti að eiga það af verðmætinu, sem tekið er með lögunum frá eigendunum. En þessi hluti jarðeignanna getur ekki verið eigandalaus til lengdar og lendir í höndum spákaupmannanna, og svo verður skollaleikurinn ekki stöðvaður fyr en eigendur jarðanna eru orðnir svo sterkur flokkur í þjóðfjelaginu, að þeir geti náð verðmætinu til sín, þ. e. a. s., ef jafnaðarmenn hafa ekki áður náð því í ríkisins hendur með valdboði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil leiðrjetta eitt atriði hjá hv. 3. landsk. Hann heldur, að hjer sje verið að skapa eitthvert eigandalaust verðmæti, sem ekki geti átt sjer stað í þjóðfjelaginu. Hann aðgætir ekki, að landssjóður á að leggja fram þessa ákveðnu upphæð á hverju ári, til þess að gera fólkinu, sem á jörðunum býr, kleifara að komast fram úr lífsbaráttunni. Auðvitað á landið þetta fje, en eins og það borgar nú peninga til að breiða yfir axarsköft fjárbrallslýðsins, eins geymir það þetta fje til afnota fyrir þá, er jarðnæðanna njóta, til þess að ljetta þeim lífsbaráttuna. Þegar ábúandi getur ekki staðið í skilum og fer af jörðinni, getur sjóðurinn leyst úr læðingi fje sitt, með því að selja jarðirnar. En jeg býst ekki við, að sú verði jafnaðarlega aðferðin í framkvæmdinni.

Ef jeg skil rjett þá möguleika, sem frv. hefir fólgna í sjer, þá er það beinlínis borið fram í þeim tilgangi að vinna á móti hinu lokkandi aðdráttarafli, sem hv. 3. landsk. hjelt, að hin ágæta stjórn hefði gefið þessum bæ. Þessi gamli bæjarfulltrúi og forstöðumaður framkvæmda bæjarins færði annars ekki fram nein rök gegn máli mínu. Hann gerði ekkert til að sýna fram á, að húsaleigan og lóðaleigan væru ekki alt of háar. Jeg held, að hann hefði komist rjettilegar að orði,

ef hann hefði sagt, að *þrátt fyrir* óstjórnina streymdi fólk jafnt og þjett til bæjarins.

Fje bankanna hefir undir áhrifum „spákaupmannanna", sem háttv. 3. landsk. nefnir svo, verið notað hjer í Reykjavík af braskarahópnum. Þeir hafa leikið svo laglega á bankana, að nú nýlega hafa tveir af eigendum Morgunblaðsins fengið uppgjöf á ½ miljón króna, sem skapþungir skilamenn verða að borga fyrir þá á löngum tíma í háum vöxtum.

Jeg ætla alls ekki að fjölyrða um það, hversu vel stjórnin á bæjarmálefnunum hefir tekist. Verkin tala. Dýrtíðin í bænum er ægileg og vegna hennar hafa á undanförnum árum ótaldar miljónir króna farið í tekjuhalla atvinnuveganna. Það er búið að koma yfir á landið miklu af þessu tapi. Þegar það er að fullu greitt, geta hv. 3. landsk. og hans nótar risið upp og sagt, að spákaupmenskan í Reykjavík hafi gefist ágætlega. En fyr held jeg, að þeir ættu ekki að kasta steini að öðrum.

Björn Kristjánsson: Jeg vil aðeins leiðrjetta eitt atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., þar sem hann sagði, að í Landsbankanum hefði orðið hálfrar milj. kr. tap á tveimur kaupmönnum hjer í bæ á síðastl. sumri. Jeg vil aðeins upplýsa það, að þetta er ekki rjett. Jeg hefi farið í gegnum bækur bankans á síðastl. sumri og hefi ekki orðið var við nein slík töp á síðastl. sumri. Yfir höfuð hefi jeg við rannsókn mína á bankanum gengið úr skugga um það, að bankinn hefir tapað tiltölulega mjög litlum upphæðum á innlendum kaupmönnum hjer í bænum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ræða hv. 1. þm. G.-K. sýnir ljóst, hve langt þessi hv. þm, er kominn á hnignunarskeið. Hann telur sig hafa farið í gegnum allar bækur bankans á síðastliðnu sumri, en þó ekki orðið var við þær upphæðir, er jeg nefndi, og þykist því vita, að þær sjeu ekki til. En jeg hygg þó raunar fremur, að hann viti það, að tveir menn, sem báðir stunduðu spákaupmensku (annar var embættismaður, sem nú er dáinn, en hitt var kaupmaður), fengu eftirgefnar um ½ milj. kr. í Landsbanka Íslands. Þessir menn áttu báðir í Morgunblaðinu og voru meðal æstustu og ósvífnustu fylgismanna Íhaldsflokksins.

ATKVGR.

Brtt. 243,1 samþ. með 8:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 243,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 243,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 243,4.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 243,4.b samþ. með 11:1 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JKr, MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald, GÓ.

nei: JÞ, BK, HSteins, JóhJóh.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 243,5 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—14. gr. (verða 12.—15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
16.—20. gr. (verða 17.—21. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 278).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 278).
Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg hafði hálfvegis búist við því, að hæstv. stj. mundi reifa þetta mál eitthvað um leið og það kemur fyrir þessa hv. deild, því að þótt þetta mál hafi verið til umr. í hv. Ed., þá höfum við hjer oftast annað að gera en að hlusta á umr. þar. Jeg vil því leyfa mjer að koma hjer fram með nokkrar aths. og óska að fá skýringar hjá hæstv. stj. um nokkur atriði, er mjer þykir máli skifta.

Frv. þetta, eða samnefnt frv., er hv. 1. þm. N.-M. flutti, lá fyrir síðasta þingi. Var það rætt mjög hjer í háttv. deild og endurbætt af landbn. og fleirum. Málið hefir tekið allmiklum stakkaskiftum frá því það var fyrst flutt. Undanfarin ár hefir það kveðið við sem heróp allra flokka, að vinna þyrfti að því að fá fleira fólk og fleiri býli í sveitum landsins og koma í veg fyrir, að fólkið flytti þaðan. Og því er ekki að neita, að einna hæst hefir heyrst til sumra þeirra manna, sem nú sitja í stj. landsins. Mjer þætti því mikils um vert að heyra, hvað hæstv. stj. legði nú sjerstaklega til málanna.

Jeg dreg enga dul á það, að jeg varð fyrir talsverðum vonbrigðum, þegar jeg las frv., því að mjer finst, að þar vera höfð endaskifti á hlutunum. Þetta mál var flutt hjer í deildinni í fyrra af hv. 1. þm. N.-M. og gekk þá einkum í þá átt að fjölga býlum, svo að sem flest fólk gæti hafst við í sveitum landsins. Nú er tilgangurinn orðinn aðallega sá, að endurbyggja þá sveitabæi, sem eru orðnir hæfilega niðurníddir. Skal jeg í því efni vísa til 4. gr. frv., þar sem ákveðið er, að lán til þessa skuli sitja fyrir. — Hvernig stendur á þessari straumbreytingu? Ef frv. er tekið í víðtækari merkingu, þá er hjer að vísu gerð tilraun til að leysa eitt af stærri vandamálum þjóðarinnar, sem sje hvernig eigi að byggja upp sveitirnar með góðum og varanlegum húsum. En til þess að þeim tilgangi sje náð þarf að taka þetta mál öðrum tökum og á miklu breiðari grundvelli en hjer er gert. Auk þess sem það er spilling á hugsunarhætti bænda að verðlauna jafnvel verstu jarðníðinga, því á því er enginn greinarmunur gerður, hvort

jörð hefir níðst vegna fátæktar eiganda eða af hirðuleysi. Það er alkunna, að margt af þeim húsum, sem bygð hafa verið á síðustu árum, er hin mesta handaskömm, bæði ljót, köld og full af sagga. Og það er ilt fyrir bændur að baka sjer mikinn kostnað við að koma þessum byggingum upp og verða svo á eftir að búa við húsakynni, sem eru jafnvel verri en þeir höfðu áður. Hagur sveitabænda er yfirleitt svo, að þeir eru ekki færir um að byggja vönduð hús, nema þá að hleypa sjer í skuldir, sem verða þeim til þyngsla allan þeirra búskap. Það er því afaráríðandi fyrir bændur og þjóðfjelagið, að bygð verði góð og varanleg hús þegar bygt er, og að það verði sem ljettbærast að koma þeim upp; þetta gildir jafnt fyrir kotbóndann sem bjargálnamanninn og efnabóndann. Það má nú ef til vill segja, að ummæli mín sjeu meðmæli með frv. Jeg sje enga ástæðu til að draga fjöður yfir þessa nauðsyn, en það verður alls ekki úr henni bætt með þessu frv., þó að það verði að lögum. Til þess þarf miklu meira fje en ríkissjóði er ætlað að leggja fram. Þegar um þetta er að ræða, þarf líka að gæta þess vel, að það, sem gert er, komi að sem mestu hagnýtu gagni.

Það er áreiðanlegt, að mikið má um bæta í þessu efni, þótt ekki væri um neinn verulegan ríkisstyrk að ræða. Ef nú, svo að jeg haldi mjer við frv., ætti að leysa þetta endurbyggingamál á þeim grundvelli, er frv. bendir til, gæti svo farið, að hver eyrir, sem þessi sjóður fengi til umráða, gengi til þess, og yrði þá ekkert eftir til byggingar nýbýla. Með öðrum orðum, það yrði ekkert eftir til þess að fjölga býlum og jafnframt fólki í sveitunum! Ef það er meiningin að nota fjeð aðallega til að endurbyggja býli, sem eru að fara í auðn, og þá helst afdalabýli, þar sem fólk á orðið erfitt með að haldast við, þá skal jeg játa, að það kemur ekki eins í bága við nýbýlamálið. En þá er á það að líta, af hverju þessi býli eru að leggjast í eyði. Ekki er það vegna bygginga, heldur vegna þess, að fólkið unir ekki orðið á afdalabýlum; einangrunin hræðir það og rekur í þjettbýlið, og þar á að byggja.

Jeg hefi hugsað talsvert um þessi mál, bæði endurbyggingamálið, sem jeg svo kalla, og nýbýlamálið, og jeg álít, að þau sjeu bæði svo mikil stórmál, að þeim sje enginn greiði gerður með því að fljetta þau hvort inn í annað. Jeg álít heppilegast að vinna að þeim báðum hvoru í sínu lagi, eftir því, sem best eru föng á. Þetta eru nú almennar athugasemdir um málið. Mjer finst vera dregið þarna inn í mál, sem að vísu er dálítið skylt, en þó ekki svo, að ástæða sje til að gera það að höfuðatriði eða setja það ofar, eins og hjer er gert.

Þá vildi jeg sem bendingu til þeirrar nefndar, sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, skjóta því fram, hvort ekki væri hyggilegra að ákveða eitthvert lágmark þess minsta lands, sem megi byggja á. Þó að staðhættir geti verið mjög mismunandi, kann jeg þó ekki við, að þetta sje algerlega komið undir geðþótta manna. Annars er það svo, ef tekinn er kaflinn um endurbyggingu bygðra býla, að þar þykir mjer að ýmsu leyti ótryggilega

um búið. Til dæmis vil jeg nefna það, að krafist er vottorðs frá hreppstjóra eða hjeraðslækni um húsakynni, um að þau sjeu til dæmis þannig, að heimilisfólki sje hætta búin af að búa í þeim. Í þessu sambandi dettur mjer í hug framkvæmd berklavarnalaganna. Hún er á þá leið oft og einatt, að þegar fólk, sem á að einhverju leyti erfitt uppdráttar, kemur til þessara manna, þá gefa þeir af góðsemi sinni vottorð um, að ástæður þess sjeu svo og svo slæmar. Líkt mundi fara um þessi fyrirmæli; þau munu verða misbrúkuð á ýmsan hátt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni. Jeg vildi sem sagt koma fram með þessar athugasemdir áður en málið færi til nefndar, í von um, að hún taki þær til greina.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. Skagf. saknaði þess, að jeg hefði ekki gert sjerstaka grein fyrir máli þessu um leið og það var lagt fyrir þessa hv. deild. Jeg hjelt nú, satt að segja, að honum og öðrum hv. þdm. hefði verið kunnugt um gang málsins yfirleitt, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hafði það til meðferðar og varð sammála um það. Milliþinganefndin skoðar þó þau frv., sem hjer liggja fyrir, hvorki þetta frv. nje breytinguna á jarðræktarlögunum, sem endanlega löggjöf um þessi efni, en álítur hinsvegar, að við eigum að fara á stað með þetta. Og það situr nú á rökstólum nefnd, sem mun taka nýbýlamálið alveg sjerstaklega til athugunar. Ástæðan til þess er meðal annars sú, að ríkið verður að reyna að fá arð af því landi, sem það á, og því mikla fje, sem það hefir lagt fram til ræktunar í þeim hjeruðum, sem um er að ræða. Út frá þessu öllu hjelt jeg, að hv. þdm. væri svo kunnugt um þetta mál, að jeg sá ekki ástæðu til að skýra það sjerstaklega. — Á næsta þingi vona jeg, að hv. þm. (JS) fái tækifæri til að sýna með atkvæði sínu hug sinn til stórfeldra umbótatill. í þessu efni, en hann má ekki krefjast þess af stj., eftir þá fáu mánuði, sem hún hefir setið við völd, að hún hafi öll sín mál tilbúin á þessu þingi.

Halldór Stefánsson: Það má telja það ánægjulegt, hvað sú hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., hefir nú fengið ákveðið fylgi bæði hjá þjóðinni og eins innan þingsins, sem marka má af gangi málsins í hv. Ed.

Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er að mestu sniðið eftir frv. því, sem hjer var á ferð í fyrra, en þó er brugðið frá því í tveim verulegum atriðum.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú talað um annað atriðið, sem sje það, að skift hefir verið um hlutverk, þannig að það hefir verið sett fyr að byggja upp á bygðum býlum en að byggja nýbýli. Þörfin á hvorutveggja er mjög brýn og aðkallandi, en mjer sýnist þó, ef þannig er skift um, að til þess dragi, að nýbýlin verði útundan. Til þess að árangur fáist á báðum þessum sviðum, þurfi miklu meiri aðgerða en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það mun nú vera svo, að sveitabæi þurfi að endurbyggja ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum mannsaldri, og til þess þarf feikimikið fje, svo tugum miljóna kr. skiftir. Ef þetta hlutverk er látið ganga fyrir, óttast jeg, að svo mikið

fari til þess, að ekkert verði eftir til hins, að byggja nýbýli.

Það var meðal annars þetta, sem vakti fyrir landbn. í fyrra, er hún setti nýbýlamálið ofar. Þau kjör, sem boðin eru til endurbygginga, eru svo góð, að engum, sem komist gæti undir ákvæði sjóðsins, mundi detta í hug að leita annað til að fá lán til þess. Það var einmitt þetta, sem landbn. sá í fyrra, og setti hún því nýbýlin fyr og þessar hömlur til að takmarka eftirspurnina til endurbyggingar bygðra býla og þar að auki þau skilyrði, að við lægi, að býlin væru að fara í auðn eða að húsakynni væru þannig, að búið væri við heilsutjóni af að búa í þeim.

Til þess að endurbyggja bæi landsins þarf mjög stórtækra aðgerða við, og hefir mjer dottið í hug sú leið að taka eitt stórt lán, með svo góðum kjörum, sem unt væri, sem varið væri til þessa, og að ríkið legði svo til fræðilega og verklega aðstoð, til dæmis með vinnuflokkum, sem færu um og önnuðust verkið. Þannig fóru Þjóðverjar að, þegar þeir bygðu upp Austur-Prússland, og var að því dáðst, hve vel þau hús hefðu verið gerð, og þó ódýr.

Hitt atriðið, sem jeg gat um, er í 2. gr. c-lið. Þar er sett inn nýtt verkefni, sem ekki var í fyrra í frv., sem er það, að bæjarfjelög og kauptún, sem eru sjerstakir hreppar, geti fengið lán úr sjóðnum til að koma upp kúabúum á eigin landi hrepps- eða bæjarfjelagsins. — Því er líkt varið með þetta og hitt atriðið, að það mundi draga mikið úr nýbýlaframkvæmdum. Að hinu leytinu sýnist mjer ekki full ástæða til þess, m. a. vegna þess, að margar hendur vinna ljett verk og aðstaða jafnan góð við kaupstaðina, — hægt um jarðvinnu með vjelum, áburður auðfenginn og markaðsskilyrði svo góð, sem þörf er á til þess að framkvæmdirnar beri sig. Þessi tvö atriði tel jeg heldur málinu til spillis, vegna þess að jeg álít, að þau geti dregið mikið úr því, sem jeg tel eiga að vera aðalhugsunina í þessu máli, að fjölga býlum í sveitum landsins.

Jón Sigurðsson: Hæstv. atvmrh. tók það fram, að hjer væri ekki um endanlega lausn á þessu máli að ræða, og mjer skildist jafnvel, að nokkur dráttur gæti orðið á henni. (**Forsrh. TrÞ:** Hún kemur á næsta þingi). Jeg sje þá ekki ástæðu til þess, ef bráðlega á að snúa sjer að nýbýlamálinu, að vera að káka við það nú og flækja því inn í annað stórmál rjett til bráðabirgða. Hvað hitt snertir, sem hæstv. ráðh. talaði um, að gerðar myndu ráðstafanir til að hagnýta land, sem ríkissjóður væri búinn að leggja fje í, þá býst jeg við, að það sje staðbundið við Skeiðin og Flóann, en komi ekki okkur hinum að notum.

Það, sem fyrir mjer vakir og jeg legg langmesta áherslu á, er ekki það, sem í venjulegu máli er kallað nýbýlamál, heldur hefi jeg miklu meiri trú á því að styðja efnilega bændasyni, svo að þeir geti búið á sínum jarðarhluta, en þurfi ekki að hrekjast í burtu, vegna þess að börnin eru fleiri en eitt. Það er farsælasta leiðin til þess að koma upp velmegandi bændastjett, en ekki hitt, ef menn ættu að reisa bú á alveg óræktuðu landi, því að það mundi verða til þess einungis að skapa hinn mesta fjölda kotbænda.

Hæstv. atvmrh. þótti jeg krefjast

fullmikils af stj., að hún hafi öll mál sín tilbúin. Því fer mjög fjarri, að jeg krefjist slíks, en með því að mál þetta er ekkert nýmæli hjer á þingi og hæstv. atvmrh. hefir lagt töluvert til þess máls í blaði sínu, þá bjóst jeg við, að hann, að minsta kosti með aðstoð milliþinganefndar, hefði getað skapað sjer sjálfstæða skoðun í málinu, svo hann væri fær um að koma fram með rökstuddar og ákveðnar tillögur, sem menn gætu hallast að.

Vegna þess, að um þetta mál hafa farið fram allítarlegar umr., kannast jeg ekki við að hafa verið of kröfuharður í garð hæstv. atvmrh., þótt jeg æskti að heyra hans eigið álit.

Bernharð Stefánsson: Þar eð mál þetta heyrir undir nefnd, sem jeg á sæti í, skal jeg ekki lengja mjög umræður að þessu sinni. En vegna þess, að jeg hefi átt töluverðan þátt í undirbúningi málsins, þykir mjer þó rjett að fara um það nokkrum orðum.

Það, sem liggur til grundvallar fyrir þessu máli, er sú sannfæring, sem nú virðist vera að verða almenn, að framtíð og heill þjóðarinnar sje undir því komin, að hægt sje að finna leiðir til þess, að fólkið geti lifað viðunandi lífi í sveitunum og til þess að fólksstraumurinn til kaupstaðanna stöðvist. Í þessu efni er feikimikið verk óunnið fyrir þjóðina, og þess er ekki að vænta, að hægt sje að gera alt í einni svipan. En þess vegna þarf líka að meta það rjett, hvað sje mest aðkallandi, og byrja svo á því.

Það er alveg rjett hjá hv. 2. þm. Skagf., að hjer er um stefnubreyting að ræða í frv. frá því, sem það var í fyrra, því að þá var það aðallega fram borið sem nýbýlamál, en eftir frv. er aðaláherslan lögð á lán til að endurreisa sveitabæi. Ástæðan fyrir því er sú, að þeir, sem samið hafa frumvarpið, líta svo á, að það sje ekki síður áríðandi, að bygðinni sje haldið við í sveitunum en að stofnuð sjeu nýbýli. Og þetta mál — endurbygging sveitabæja — er svo aðkallandi, að það þolir enga bið. Jeg sje ekki, að það liggi á nokkurn hátt nær að koma upp nýbýlum heldur en að hindra það, að jarðir leggist í eyði. Jeg held ekki, að það væri nein fyrirmynd, þó nýbýli risi upp í túnfætinum, ef aðaljörðin legðist í eyði.

Það hafa ýmsir þm. haldið því fram, að ef bæði ætti að byggja upp sveitabæina og styrkja nýbýlin, þá þyrfti þar meira fje til aðgerða en frv. gerir ráð fyrir. Þetta er alveg rjett, og þess vegna er líka lagt til í frv., að lán til sveitabæja gangi fyrst um sinn fyrir lánum til nýbýla, en eins og hæstv. atvmrh. tók fram, þá er það ekki meiningin með þessu frv., að þetta sje endanleg lausn málsins. Það kemur líka fram í greinargerð milliþinganefndarinnar, að þetta frv. ber ekki að skoða nema sem bráðabirgðatillögur frá hennar hendi og að hún ætlar sjer að koma síðar fram með víðtækari till. um lánsstofnun fyrir sveitirnar, þannig að sjeð verði fyrir þessu hvorutveggja.

Að þessu sinni vanst milliþinganefndinni ekki tími til að ganga frá endanlegum till. um þetta efni. Hefði þá getað komið til mála að leggja engar till. fyrir þetta þing. Að nefndin samt sem áður kom fram með slíkar till. — til þess liggja 2 ástæður: Í fyrsta lagi sú, að síðasta þing gaf bein

fyrirmæli um, að málið yrði lagt fyrir þetta þing. Í öðru lagi lítur milliþinganefndin svo á, að þótt hjer sje ekki um framtíðarlausn á málinu að ræða, þá sje ekki rjett að bíða með það, að ríkið fari að leggja fram þann styrk, sem frv. gerir ráð fyrir.

Jeg sje ekki annað en að töluvert megi gera með þessu fje, því að auk þess tillags, sem ríkissjóði er ætlað að leggja fram, þá er ætlast til, að stj. fái heimild til að taka allverulegt lán til þessarar starfsemi. Ef þetta ákvæði er samþ. og heimildin notuð, má vissulega gera allmikið fyrir það fje á næstu árum.

Hv. 1. þm. N.-M. mintist á það eins og hv. 2. þm. Skagf., að þessi sjóður væri of lítill til þess að sinna báðum þessum hlutverkum. Þetta hafi landbn. deildarinnar í fyrra verið ljóst, og því hafi verið reynt að setja ákvæði í frv., er takmarkaði eftirspurn eftir þessum lánum. Í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, eru töluverð takmörk sett fyrir eftirspurninni, þótt ekki sje á sama grundvelli og í fyrra. Jeg á við þær takmarkanir, sem settar eru fyrir fullum umráðarjetti yfir eign þeirri, er slíkt lán hvílir á. Jeg er ekki viss um, að allir þeir, er byggja á jörðum sínum, vilji ganga að þeim kostum.

Jeg vil að lokum undirstrika þetta: *Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er ekki hugsað sem endanleg lausn þessa máls.* Samt tel jeg hina mestu nauðsyn á, að frv. gangi fram, svo að hafist verði handa nú þegar um verulegar endurbætur í þessu skyni.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki lengja mjög umr., en jeg get ekki stilt mig um að minnast á það, að þegar verið er að ræða um byggingu nýbýla, kemur manni einkennilega fyrir sjónir áhugi manna á því, þegar mörg býli eru að leggjast í eyði. Nýbýli þýðir hvergi að byggja nema þar, sem markaðsskilyrði eru fyrir hendi, og bættar samgöngur komi samhliða.

Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvmrh. fyrir þau ummæli, að nýbýlabyggingin eigi að byrja á Suðurlandsundirlendinu, en um leið vil jeg geta þess, að jeg hefi enga trú á, að það þýði neinsstaðar að byggja nýbýli, nema samgöngur verði bættar jafnhliða. (**HStef:** Það gætu þá einhverjir þegið það annarsstaðar á meðan). En svo er önnur hlið, og það eru lánskjörin. Hvernig eiga bændasynir, sem hvergi hafa möguleika til að ná í peninga, að geta staðið straum af þeim kostnaði? Það mun sannast, að nýbýlamálið kemst aldrei á rjettan kjöl fyr en lánskjör og samgöngur eru bættar í senn. Það rekur þá að því, að þetta verður ekki einungis tap fyrir ríkið, heldur líka einstaklingana, og vildi jeg benda nefndarmönnum á að hafa þetta hugfast og vera mjög varkárir.

Einar Jónsson:* Það hefir margt verið sagt hjer í umr., sem jeg er fyllilega samþykkur, enda skal jeg reyna að vera stuttorður. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er ekki nýtt, þótt það komi nú ekki alveg í sömu mynd og áður, og finst mjer það betra eins og það nú liggur fyrir. Á jeg þar sjerstaklega við það, sem sagt er í 2. gr. Áður var meira hugsað um nýbýlin á óræktuðu landi, en minna um að halda

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

við býlunum, og tel jeg því ákvæði 2. gr. til mikilla bóta.

Jeg get sjerstaklega tekið undir það, sem hv. samþm. minn sagði, að jafnframt þessu máli yrði að sjá fyrir bættum samgöngum. En þegar við austanmenn eigum í hlut, vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn: Hvað líður hinni langmikilvægustu samgöngubót — járnbrautarmálinu? Vona jeg að fá fræðslu um það áður en þingi lýkur, hvar því máli er komið, og eins vænti jeg þess, að stjórnin veiti því stuðning sinn. Í sambandi við nýbýlamálið er járnbrautarmálið afarmikilsvert fyrir okkur.

Hvað þetta mál snertir, sem nú er á dagskrá, þá minnir mig, að það í fyrra væri falið milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, og ætti því að vera sú nefnd, en ekki sjerstök þingnefnd, sem hefir þetta mál með höndum.

Í Ed. var málið afgreitt með svofeldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem deildin hefir ákveðið að skipa milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, þá telur deildin rjettast, að sú nefnd taki einnig þetta mál til meðferðar og geri tillögur um það. Þess vegna sjer deildin ekki ástæðu til, að málið gangi lengra að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá". (**HStef:** Þetta var annað mál). Jeg tek ekki að mjer, að þetta sje ekki sama málið. Jeg vil samt taka því án þrætu, að málið fari til landbn., en þó kann jeg að leggja heldur til, að landbn. afgreiði ekki málið, heldur milliþinganefndin. Í þá nefnd höfum við valið menn í fullu trausti þess, að þeir geri það, sem best er og rjettast, og hafa þeir að sumu leyti betri aðstöðu til þess að leysa þetta mál en þm., sem bundnir eru öðrum störfum. Sem sagt, jeg legg til, að málið fari til landbn., en helst ekki lengra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer skildist, að hv. þm. væri að bera fram fyrirspurn um það, hvað liði Titansjerleyfi. Jeg get sagt hv. þm. það, að fram hefir komið umsókn frá fjelaginu, sem send var vegamálastjóra til umsagnar, en síðan var hún send rafmagnsstjóranum í Reykjavík, og þar er hún enn.

Halldór Stefánsson: Mjer skildist á hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Eyf., að þeir líti svo á, að till. frv. sjeu aðeins til bráðabirgða. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að einmitt þessi skifti, að nýbýlin hafa verið sett aftur fyrir endurbyggingu og viðhald bæja, virðist mjer höfuðástæðan til þess, ef svo er. Með þessu virðist mjer málið vera gert umfangsmeira og flóknara en þurfti að vera.

Eins og jeg hefi áður sagt, þá þætti mjer heppilegra að leysa þessi verkefni í sundur og leita sjerstakra úrræða um endurbyggingu bæja í landinu, en um það er of umfangsmikið að tala nú.

Hv. 2. þm. Eyf. áleit, að hömlur þær til að ráðstafa eignunum, sem fylgja lánveitingunni, mundu draga nægilega úr umsóknum til sjóðsins. Það virðist mjer hæpið að ætla, því að kjör sjóðsins eru að öðru leyti miklum mun aðgengilegri en nokkur önnur kjör, sem fáanleg eru, og því óttast jeg, að lítið verði eftir til nýbýlanna.

Hv. 2. þm. Rang. vildi halda því fram, að ekki þyddi að hugsa til ný-

býlabygginga nema þar, sem markaðs- og samgönguskilyrði væru mjög góð. Virtist hann álíta, að því aðeins mundi koma til framkvæmda austanfjalls, t. d. í Flóanum, að jafnframt væru bættar samgöngurnar. En jeg vil benda hv. þm. á, að alstaðar þar, sem annars borgar sig að reka búskap á landinu, þar eru markaðsskilyrði svo góð sem nægir, en það er í öllum sveitum landsins. Og ef menn austanfjalls þykjast ekki geta notað sjer þetta vegna samgöngu- og markaðsleysis, munu ýmsir aðrir þiggja það á meðan.

Jeg greip fram í fyrir hv. 1. þm. Rang., að hjer væri um annað mál að ræða en það, sem hann vísaði til í sinni ræðu. Það mál var aðeins fyrir í Ed., en þetta mál, sem hjer um ræðir, hefir aðeins verið til umr. í Nd.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki níðast á góðvilja hæstv. forseta og reyna að vera stuttorður.

Jeg vil benda á nokkur atriði, sem mjer finst, að ýmsum hv. þdm. sjeu ekki vel ljós, og er þá fyrst og fremst það, hver ástæða sje til þess, að fólkið leitar svo mjög úr sveitunum og til sjávarins. Margir segja, að það sjeu hin slæmu húsakynni í sveitum, en það er ekki rjett, því að það er ekki í betri hús að venda að fara úr húsakynnum eins og víðast er í sveitum og í kjallaraholur kaupstaðanna, þar sem margir verða að halda til. Nei, það er vegna þess, að fólkið vill eiga með sig sjálft, þegar það giftist; það óskar þá að stofna sitt eigið heimili, og þess vegna þarf að gera því kleift að koma sjer upp heimili. Að minsta kosti í öllum betri sveitum landsins er þetta ástæðan, og mjer er kunnugt um það, að ef eitthvert býli losnar, þá eru tugir manna um hvert býli. Það sýnir best löngun fólksins til þess að geta átt með sig sjálft, og margir menn hafa sagt við mig: Ef jeg hefði getað fengið eitthvert býli, þá hefði mjer ekki dottið í hug að fara í kaupstað. Hitt er annað, að þar sem ýmsar jarðir leggjast í eyði, eins og t. d. á Rangárvöllum, þá stafar það af því, að menn eru hræddir við að missa eignir sínar af völdum náttúrunnar, svo sem vegna sandfoks eða af öðru, og er þá ekki von, að menn vilji leggja í mikinn kostnað við að byggja upp. Annað atriði vildi jeg líka benda hv. 2. þm. Rang. á, og þótti mjer hv. þm. þar heldur svartsýnn, þar sem hann var að tala um, að ekki þýddi að byggja nýbýli nema þar, sem góð væru markaðsskilyrði og góðar samgöngur. Vil jeg þar benda hv. þm. á eina sveit, Öræfin. Þar eru upp í fjögur eða fimm býli á sömu jörðinni, og er þar þó hvorki til að dreifa góðum samgöngum eða góðum markaðsskilyrðum. Og jeg get heldur ekki gert neinn mun á nýbýli, sem bygt er á ræktuðu landi, og fjölbýli á jörðum, því að mjer finst það alveg sama. Jeg þykist ekki þurfa að telja upp fleiri dæmi. Þau eru víða, bæði í Skaftafellssýslu og annarsstaðar, þó að þetta sje ef til vill ljósast, og jeg veit, að í mínu hjeraði er ekkert því til fyrirstöðu, að ýmsum jörðum sje margskift og að menn gætu þrifist þar vel þrátt fyrir það, aðeins ef ræktun landsins væri látin fylgja með fjölgun býlanna. Að sjálfsögðu eru góð markaðsskilyrði og samgöngur

mikils virði, en jafnvel án þessa geta nýbýli þrifist hjer á landi, ef hyggilega er að farið, eins og þegar hefir verið bent á.

Jörundur Brynjólfsson:* Það verða aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja, enda þótt jeg viðurkenni, að það væri ástæða til að fara mörgum orðum um þetta mál, en jeg ætla aðeins að drepa á lítið eitt.

Jeg ætlaði að leiða hjá mjer þessar umræður, ef mjer hefði ekki fundist kenna nokkuð mikils misskilnings hjá einum eða tveimur hv. þm. um þann frágang, sem milliþinganefndin hafði á þessum tillögum, og þá jafnframt á því, hvernig stjórnin hefir lagt þetta mál fyrir þingið. Mjer hefir virst svo, sem sumir hv. þm. hefðu helst óskað, að þetta mál hefði ekki komið fyrir þingið eins og nú er, og heldur verið vel frá því gengið og því endanlega skipað. En síðasta þing gekk svo frá þessu máli, að það skipaði fyrir um, að það kæmi að einhverju leyti undirbúið fyrir þetta þing. Jeg hefði vænst þess, að hv. þm. hefðu lesið þá greinargerð, sem fylgir þessu frv., og það er þess vegna ennþá minni ástæða fyrir mig til að fara að taka til máls, þar sem vikið er greinilega að því í nefndri greinargerð, hvað nefndinni gekk til með að gera þessar tillögur. Jeg veit ekki, hvort þessir hv. þm. leggja meira upp úr því, sem jeg nú kann að segja, heldur en því, sem stendur prentað sem greinargerð fyrir þessu frv. Jeg verð þó að skoða það þannig frá þeirra hendi, að þeir hafi annaðhvort ekki lesið greinargerðina, eða þá að þeir sjeu búnir að gleyma því, hvernig hún hljóðar. Það er sem sje fleirum sinnum tekið fram af nefndinni, að þessar tillögur sjeu aðeins til bráðabirgða, og hvers vegna milliþinganefndin skilar málinu svona. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa nokkur atriði upp úr greinargerð nefndarinnar, þessu til sönnunar:

„Því miður getur milliþinganefndin ekki, að svo vöxnu máli, gert endanlegar tillögur um það".

Ennfremur segir hjer, og lýtur það að því atriði, hvers vegna nefndin vill bíða með að gera ákveðnar tillögur um endurbyggingu bæja og byggingu nýbýla:

„Nú er því miður þannig ástatt fyrir oss, að vjer höfum ekki fjármagn til þess að annast byggingu nýrra býla í stórum stíl í mörgum hjeruðum í senn, auk endurbóta og viðhalds allra þeirra býla, er fyrir eru".

Svo er sagt hjer nokkru síðar í þessari greinargerð:

„Það er ekki einu sinni hægt, án mikils undirbúnings, að fá vitneskju um stærð óræktaðra landa í öllum kauptúnum landsins, og þá auðvitað enn síður um stærð landa til sveita, og er það þó nauðsynlegt fyrir nefndina að fá að minsta kosti nokkra vitneskju um það, áður en hún gengur til fulls frá tillögum sínum um þetta mál".

. . . . . .

„En að nefndin samt sem áður skilar nú tillögum frá sjer um málið, stafar sumpart af því, að síðasta þing sýnist beint að hafa ætlast til þess, en þar við bætist ennfremur það, að nefndin telur athafnir í þessu máli svo brýnar, að ekki megi slá þeim á frest,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ef nokkur tök eru á framkvæmdum. En það vill nefndin þegar taka skýrt fram, að þessar tillögur hennar eru aðeins til bráðabirgða, og býst nefndin við að málið komi frá henni síðar í nokkuð breyttri mynd".

Jeg vona nú, að þegar þeir hv. þm., sem talað hafa, hafa athugað þessi ummæli nefndarinnar um það, hvers vegna hún kemur með málið, ásamt mjög mörgu öðru, sem stendur hjer í þessari greinargerð, þá þurfi þeir ekki að efast um, að það er ekki tilgangur nefndarinnar, að þetta sje hin endanlega skipun.

En þessum tillögum fylgir ennþá frekari greinargerð, sem ekki er prentuð hjer, og þarf sjálfsagt ekki til þess að ætlast, að þeir hv. þm., sem ekki hafa sjeð það, geti bygt skoðanir sínar á því, en þar er að því vikið, hvernig nefndin hugsar sjer endanlega að láta stofna sjerstakan sjóð, er veiti styrk til nýbýla, og svo annan sjóð, er varið sje til að veita styrk til bygginga, þar sem ræktað land er fyrir. Og auk þess er svo ræktunarsjóðurinn. Jeg held, að það sje ekki hægt að ætlast til þess, að fyrir þetta þing hafi verið unt að gera endanlegar tillögur um slíkt mál sem það, hvernig haga skuli byggingu nýbýla hjer, þar sem aðalgrundvöllinn vantar. Þau fáu frv., sem flutt hafa verið um það efni, hafa aðeins verið bendingar í þá átt, hvernig heppilegt væri að fara að, en enganveginn bygð á þeim undirbúningi, sem nauðsynlegur má heita til endanlegra tillagna. Aðrar þjóðir, sem miklu lengra eru komnar en við, hafa fetað sig áfram, oft með vissa landshluta fyrst, og gert mismunandi ákvarðanir, eftir því sem til hefir hagað. En við höfum ekkert gert enn í þessu, og það er alls ekki vert í svo þýðingarmiklu máli, að við flýtum okkur að gera tillögur um það án þess að hafa undirbúning, eins góðan og við frekast höfum tök á. Þess vegna er það, að nefndin hefir í þessum bráðabirgðatillögum sínum gert uppástungu um tvennskonar starfsemi, endurbyggingu sveitabæja, og þar myndi opin leið til að byggja nýbýli, þar sem góð skilyrði eru. En þessi tillaga hennar stafaði einmitt af því, að nefndin taldi endurbyggingu svo brýna, að ekki mætti slá því á frest, en vitaskuld er henni það eins ljóst og þeim hv. þm., sem talað hafa, að þótt þessi lántaka, sem heimiluð er samkvæmt þessu frv., yrði að fullu notuð, þá nær hún skamt til allra endurbygginga. En að hún geti þó orðið að nokkru liði, það efast jeg ekki um, og í rauninni er jeg sannfærður um, að það sje ennþá meira aðkallandi að endurbyggja bæi heldur en að stofna nýbýli. Jeg veit, að húsakynnin eru þess ekki síst valdandi, að fólkið leitar í burtu úr sveitunum, en að nefndin hafi um of litið á þessa hlið málsins, get jeg ekki viðurkent, og vil þá, máli mínu til sönnunar, benda á önnur þau atriði, sem prentuð eru í greinargerðinni, sem sýna, að það er sitthvað fleira, sem styður að því, að fólkið leitar í burtu. En það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að fólkið lifi þar við neitt önnur skilyrði heldur en þau, sem tíðkast hjá öllum þorra bæjarmanna. Ummæli hv. 2. þm. Skagf. eiga kannske nokkuð við það, en annars verður maður að segja, að íbúðir manna í kaupstöðum sjeu þó

að öllu samanlögðu miklu vistlegri heldur en í sveitum.

Annars finst mjer, að menn geti vel látið sjer lynda, að heimilt sje að sinna nýbýlamálinu þar, sem góð skilyrði eru fyrir hendi. Það vakir líka fyrir hæstv. stjórn, og nefndinni sömuleiðis, að hjer sje ekki um annað en bráðabirgðatillögur að ræða, og skal jeg þar enn á ný leyfa mjer að skírskota til þeirrar greinargerðar, sem fylgir þessu frv., því að þar felst stjórnin beinlínis á tilætlun nefndarinnar um þetta mál. Jeg get líka fullkomlega tekið undir þau ummæli, sem fram hafa komið hjá tveim hv. þm. um það, að bættar samgöngur þurfi, ef slíkar framkvæmdir eiga að koma að tilætluðum notum, og það er alveg rjett athugað hjá þeim, að því aðeins getur maður búist við, að aukin bygð úti um sveitir landsins geti þrifist, að mönnum sje gert hægt að halda áfram starfsemi sinni þar. En í þeim hjeruðum, sem eiga við erfiðastar samgöngur að búa, er það svo, að það er mjög erfitt að halda uppi nokkurri starfsemi, vegna þess að samgöngur eru svo óhægar og dýrar, og það má líka benda á það, að ef verulegt líf á að verða úti um sveitir landsins, þá verður það aðeins með bættum samgöngum. Það má því segja, að grundvöllurinn undir búnaði í sveitum landsins sje góðar samgöngur.

Hv. 2. þm. Skagf. drap á eina sveit, þar sem fólkið virtist una vel hag sínum, þótt við erfiðar samgöngur væri að búa, sem sje Öræfi í Skaftafellssýslu. Það er rjett, að þeir eiga við erfiðar samgöngur að búa, en þó get jeg upplýst það, að þeir fá mikið af sinni þungavöru þar upp að ströndinni og sækja hana svo þangað; og þegar svo þetta er borið saman við það, sem á sjer stað í öðrum sveitum, þá býst jeg við, að þeir þyki ekki eiga við erfiðari samgöngur að búa en aðrir. T. d. kostar það menn víða hjer af Suðurlandsundirlendinu minst 7—8 daga, ef þeir vilja nota hesta, en ef þeir vilja nota bifreiðar, þá mun það kosta þá 70—80 kr. undir smálestina. Þeir, sem bera skyn á það, hve mikið menn þurfa að flytja til heimila sinna, geta skapað sjer hugmynd um það, hve mikið slíkt kostar við rekstur eins bús, þótt ekki sje talið nema að flytja það nauðsynlegasta til framfæris fólkinu, en ef þar við bættist svo, að menn þyrftu að flytja að sjer allskonar byggingarefni, útlendan áburð og ýmsar vinnuvjelar, sem búast má við að verði, þegar jarðræktin kemst á hærra stig, þá er auðsætt, að það verður ekki svo lítill kostnaðarauki. Þau hjeruð, sem við sjó eru, eiga þó miklu hægari aðstöðu, ef skip koma þar á hafnir. En viðvíkjandi Öræfunum ætla jeg að segja það, að vegna sinnar föstu og góðu menningar unir fólkið þar sjer vel, og svo er á annað að líta, að Öræfin standa miklu framar en nokkur önnur sveit á landinu. Þar er búið að raflýsa flesta bæi, og ekki aðeins, að rafmagnið sje notað til ljósa, heldur líka til suðu og hitunar og annars, er með þarf. Og hversu margar sveitir skyldu vera til á landinu, sem svo er ástatt um? Jeg verð að minsta kosti að játa það, að jeg þekki ekki eina einustu sveit, sem svo er ástatt um, og þetta er m. a. þess valdandi, að unga fólkinu dettur

ekki í hug að leita burtu. Auk þess er þar sá menningarbragur, að fólkinu þykir það metnaðarsök að setjast að í sinni sveit, og jeg vona, að því meira sem gert er fyrir fólkið til þess að bæta lífsskilyrði þess í sveitunum, þá komist það smátt og smátt á það menningarstig hvað vilja og þrautseigju snertir, að það uni sjer best við landbúnaðinn, og unga fólkinu ætti að vera það metnaðarsök að leita ekki úr sveitunum til sjávarins, til þess að snapa eftir vinnu á mölinni í kaupstöðunum og til að taka þátt í öllu því tildri og hjegóma, sem þar er.

Gunnar Sigurðsson: Mjer þykir leitt, að hv. 1. þm. N.-M. er ekki við, af því að jeg ætlaði að svara honum nokkrum orðum. En jeg skil nú reyndar ekki, að það þurfi að rökstyðja það frekar, að góðar samgöngur eru nauðsynlegt skilyrði fyrir nýbýlastofnun. Það hefir verið tekið alveg rjettilega fram af fleirum en mjer, að það er gersamlega grundvallarskilyrði, hvort samgöngur eru góðar, og sú þjóð, sem lengst er komin í þessu efni, en það eru Ameríkumenn, þeir byrja altaf á samgöngubótum; og svoleiðis á það líka að vera, ef rjett er að farið, eða að minsta kosti verður það að vera samhliða, og jeg er viss um það, að af þeim smáumbótum, sem verið er að gera hjer, er þörfin brýnust hvað þetta snertir. Það er blátt áfram grundvallarskilyrði. Jeg skal t. d. benda á túnræktina. Sumir bændur eru farnir að eyðileggja túnin með því að færa þau of mikið út, og gá ekki að því, að þá vantar áburð. — „Tilbúinn áburð", segir hv. sessunautur minn (BÁ). Já, hann á auðvitað að bæta úr því, en þá vantar grundvallarskilyrðið, samgöngurnar.

Hv. 2. þm. Skagf. dró það dálítið í efa, að góðar samgöngur væru meginskilyrði fyrir nýbýlarækt yfirleitt, og benti í því sambandi á Öræfin, en því hefir þegar verið svarað. En þar sem sá hv. þm. sagði, að jeg væri svartsýnn, þá vil jeg mótmæla því. Jeg er alls ekki svartsýnn, — eða hvernig halda hv. þm., að myndi líta út fyrir Dönum, ef samgöngutækin, járnbrautirnar væru teknar af þeim? Því er auðsvarað; allur búskapur þeirra mundi fara á höfuðið á örstuttum tíma.

Hannes Jónsson: Jeg get verið fáorður, vegna þess að hv. 1. þm. Árn. hefir þegar tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg vil þó leggja meiri áherslu á, hve nauðsynlegt það er, að endurbygging bæja í sveitum fari fram sem fyrst. Jeg veit, að það mun vera álit margra lækna, að þeir eigi flestar ferðir þangað heim, sem verst er bygt í sveitunum, og jeg hygg, að þessar vondu byggingar til sveita sjeu þær gróðrarstíur, þar sem upptökin liggja til þeirra miklu þarfa, sem nú eru að verða á sjúkrahúsum í landinu, og jeg held, að það væri ólíkt skynsamlegra að reyna að fyrirbyggja það, að menn þyrftu að leggjast í sjúkrahús, heldur en að ráðast í svo mikinn kostnað við byggingu sjúkrahúsa, að ríkið þoli það ekki. Endurbygging á sveitabæjum er öryggisráðstöfun, sem þjóðin verður að framkvæma, til þess að ekki lendi í algerðu óefni með þann kostnað, sem nú er stöðugt að fara í vöxt af sjúkrahúsvist berklaveikra manna.

Hv. 2. þm. Skagf. vildi efast um, að það væru örðugleikarnir á því að byggja upp í sveitum, sem rækju menn þaðan. En jeg get sagt hv. þm. það, að margir bændur hafa beinlínis talað um það við mig, hvort þeir ættu heldur að gera, að reyna að losa sig við jörðina sína, koma henni í peninga og setjast að í kaupstað, eða að þeir ættu að fara að byggja upp hjá sjer og ráðast í þann kostnað, sem þeir sæju sjer þó ómögulega fært að komast fram úr. Ennfremur vil jeg benda á það, að með endurbyggingu bæja í sveitum þá er það áreiðanlegt, að fólkinu fjölgar þar. Þetta kann að þykja vafasamt, en þá má benda á það, að það eru ekki svo fá heimili, þar sem ómögulegt er að fá vandalaust fólk á, vegna þess að menn telja heilsu sinni stórkostlega hættu búna með því að vera þar í vist. Jörðin verður því ekki nytjuð nema að nokkru leyti, og meira að segja hefir þetta gengið svo langt sumstaðar, þar sem berklaveiki hefir lagst að, að bændur hafa orðið að hröklast þaðan og enginn fengist í staðinn. Mjer er að minsta kosti kunnugt um eitt slíkt býli í Vestur-Húnavatnssýslu. Það getur því farið svo, ef ekki verður þegar á næstu árum hafist handa með að styrkja menn til endurbygginga í sveitum, að meira og minna af þeim býlum, þar sem þessi voðaveiki hefir lagst að, leggist algerlega í auðn. Það ætti fyrst og fremst að styrkja til að endurbyggja á þeim jörðum, sem svo er ástatt um, því að það er tvöfaldur hagnaður, sem af því verður. Það er fyrst og fremst síður hætt við, að þeir menn, sem fá góð húsakynni til þess að búa í, þurfi að verða upp á almenna hjálp komnir vegna veikinda, og að öðru leyti sá almenni hagnaður, sem endurbygging hefir í för með sjer. Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en vil að endingu taka fram, að jeg tel málinu mjög vel á stað hrundið með frv. þessu.

Hákon Kristófersson: Jeg tel umr. þýðingarlitlar um málið á þessu stigi þess. Hv. þm. V.-Húnv. ljet svo um mælt, að hann teldi frv. þetta þýðingarmikið spor. Jeg held, að um frv. þetta eins og annað gildi gamli málshátturinn: Varðar mestu, að allra orða undirstaðan sje rjettleg fundin". Ef frv. á að ganga fram í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir í, má segja, að það taki aftur með annari hendinni það, sem það gefur með hinni. Jeg skal ekki fara út í fjárhagshlið þess að þessu sinni, en jeg get ekki stilt mig um að drepa nokkrum orðum á skilyrði þau í h-lið, sem sett eru fyrir lánum til bygginga, þar sem svo stendur: „að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón". Með öðrum orðum: lán fæst ekki til bygginga, nema íbúðin sje orðin óhæf fyrir menn að vera í, — þá fyrst er um nokkra lánshjálp að ræða. Þetta ákvæði virðist reka sig heldur en ekki á rjettmætar staðhæfingar hv. þm. V.-Húnv. og fleiri um nauðsyn endurbygginga. Ef hjálpin á ekki að koma, fyr en húsin eru að falli komin, þá kemur hún fullseint að mínum dómi. (**JörB:** Þetta er orðið svo víðsvegar um land). Eiga þá dugnaðarmennirnir,

sem vilja byggja, áður en kofarnir detta ofan yfir höfuðin á þeim, að gjalda framtakssemi sinnar? Jeg vona, að hv. nefnd felli h-liðinn niður.

Það getur vitanlega orkað tvímælis, hvað telja skuli „varanlegt byggingarefni", en jeg býst við, að þar sje átt við steinsteypu. Jeg skal ekki víkja sjerstaklega að því, er hjer hefir verið sagt, að sveitabæirnir stuðli að útbreiðslu berklaveikinnar, en ekki getur það átt við um alla þá mörgu, sem veikina hafa tekið í kaupstöðum, og það er langt frá því, að það hafi ávalt verið þeir, sem hafst hafa við í kytrum og kjallaraholum.

Jeg vil til bendingar fyrir hv. nefnd spyrja að því, hvort það muni vera heppilegt ákvæði, að landseti skuli hafa girt 10 dagsláttur innan 2 ára frá lánveitingu og fullræktað 10 dagsláttur innan 5 ára. Er hægt að ætlast til þess, að bláfátækur maður skili 10 dagsláttum fullræktuðum eftir 5 ár? — Því að eigi landið að vera fullræktað, verður a. m. k. eitt ár að vera liðið frá síðustu framkvæmd. Það er langt frá því. að jeg sje að leggjast á móti frv., en jeg vil aðeins leggja áherslu á það, að nefndin gangi svo frá því, að það verði ekki aðeins pappírsgagn, og að skilyrði verði ekki sett svo þröng fyrir lánveitingum, að menn verði litlu nær.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 278, n. 425).

Frsm. (Jón Ólafsson): Það er ekki ástæða til að fara um þetta frv. mörgum orðum að þessu sinni. Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed. Þetta mál mun væntanlega innan skamms verða afgr. frá þinginu sem lög, og er óhætt að fullyrða, að það sje eitt af hinum allra merkustu þingmálum á síðustu árum. Það er sjerstaklega merkilegt fyrir það, að það gefur nú í fyrsta sinn von um, að ofurlítið rætist úr um það að byggja upp þau býli í landinu, sem áður hafa verið svo illa húsuð, að líkari hafa verið dýrabústöðum en manna. Þetta er fyrsta alvarlega sporið í þá átt, og má gera sjer von um, að það hamli eitthvað móti því, að fólk flýi framvegis þau býli, sem lífvænleg eru, en sem eigendur hafa ekki haft í fullu trje með að húsa svo viðunandi væri.

Einnig er frv. merkilegt að því leyti, að með því er stigið fyrsta sporið til þess að fjölga sjálfstæðum býlum í landinu. Þeir, sem til þekkja uppi til sveita, eru farnir að sjá, að með aukinni jarðrækt muni reka að því, að skifta beri ýmsum stórum jörðum í fleiri býli, sem geti þó verið mjög lífvænleg. 4. gr. gerir eindregið ráð fyrir, að slík býli sitji fyrir lánum til húsagerða.

Það þarf ekki að líta langt til baka til þess að sjá, að útstreymi fólks úr landinu var um eitt skeið að verða þjóðinni vandræðaefni. Það var raunalegt að sjá fólkið flykkjast úr landi

vegna þess að engin skilyrði voru til þess, að það gæti fengið viðunandi býli. Úr þessu hefir mikið raknað á síðustu árum með því að stofnaðir hafa verið stórir kaupstaðir með nýtísku bjargræðisvegum. En það er eins og kominn sje ofvöxtur í kaupstaðina og þeir geti ekki haldið áfram lengur að gefa fólkinu aðstöðu til að mynda sjálfstæð heimili. Í því liggur framtíð þjóðarinnar að mjög miklu leyti, að einstaklingar hennar hafi skilyrði til að halda tilverunni áfram á þeim slóðum, sem þeir eru bornir og barnfæddir, og jafnvel hverfi frá kaupstöðunum og fengju sjer jarðnæði í sveit, þar sem hægt er að reka sjálfstæðan atvinnuveg.

Í 3. lagi er frv. merkilegt sökum þess, að það er fyrsta verulega sporið í þá átt að leggja landbúnaðinum peninga, sem telja megi með viðunandi kjörum, eftir því sem kostur er á. Það má segja um þetta frv., að það bindur þjóðfjelaginu óþægilegan útgjaldabagga. En það er svo um allar byrðar, sem þjóðfjelagið tekur á sig í þeim tilgangi að hjálpa einstaklingum fram til velmegunar, en sje með gætni að farið, er það eins víst eins og 2 og 2 eru 4, að það fje skilar sjer á sínum tíma í auknum þjóðarauði, sem að sjálfsögðu skilar afraki í ríkissjóð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. sjálft. Undirbúningur þess er bæði mikill og góður, því að drættir að þessu frv. hafa komið fram í ýmsum myndum á nokkrum undanförnum þingum, og síðan hefir málið fengið undirbúning í millibinganefnd og ennfremur hjá ríkisstjórninni. En það má nú samt um þetta mál segja frá almennu sjónarmiði, eins og um öll önnur mál, að skoðanir manna um það verði eins margar eins og augun eru.

Þótt einhverjum hafi sýnst, að eitthvað hefði mátt vera öðruvísi eða orðað á annan hátt, hefir nefndinni ekki þótt það næg ástæða til þess að breyta frv. frá því, sem það er. Jeg skal t. d. nefna eitt atriði, sem snýr að 6. gr. frv. Sumum hefir ekki þótt fyllilega ákveðið hámark þeirra lána, sem veita skal til endurbyggingar sveitabýla. En nefndinni þótti ekki ástæða til að þessu sinni að kveða nánar á um hámarkið, einkum vegna þess, að þegar á það er litið, að slík starfsemi er hjer á byrjunarstigi, og því varla líkindi til, að svo hranalega verði af stað farið, að hætta muni af þessu stafa.

Jeg held líka, að mjer sje óhætt að fullyrða, að engri af okkar nágrannaþjóðum hafi hingað til tekist að ganga svo frá slíkri löggjöf í upphafi, að ekki hafi orðið í ýmsu ábótavant. Hefir reynslan orðið sú, að ýmsum ákvæðum slíkra laga hefir verið breytt frá ári til árs, eftir þeim kröfum, sem fram hafa komið og virst hafa verið bygðar á skynsamlegum rökum. Þess vegna hefir nefndinni ekki þótt ástæða til að amast við þessu nú í upphafi og ætlar reynslunni sjálfri að skera úr um það, hvað betur megi fara.

Sama máli er og að gegna um ákvæði 9. gr. um forkaupsrjettinn. Þau ákvæði verð jeg að telja fremur lítils virði, þó að sumir nefndarmenn litu öðrum augum á. Þær hömlur, sem lagðar hafa verið á menn í þessu efni, hafa reynst ómögulegar í framkvæmd-

inni, því auðvelt hefir ætíð orðið að fara á bak við slík ákvæði fyrir þá, sem á annað borð hafa viljað gera það. Þetta getur þó ekki talist skemd á frv., þó það frá mínu sjónarmiði sjeð verði að teljast lítils virði eða jafnvel þýðingarlaust.

Þá er það 11. gr., eða ákvæði hennar um byggingarfróðan mann, sem hafi eftirlit með þeim byggingum, er sjóðurinn lánar fje til. Sumir líta svo á, að nauðsynlegt sje að hafa fleiri byggingarfróða menn, sem sjóðstjórnin gæti gripið til, þegar þenni þætti þörf á. En það virðist óþarft að setja lög um slíkt, enda óhætt að treysta því, ef sjóðstjórnin hefir yfir nógu fje að ráða, að hana muni ekki skorta byggingarfróða menn til þess að hafa hönd í bagga með þeim framkvæmdum, sem hún lánar fje til.

Eins og sjá má af nál. á þskj. 425 og þessum smáathugasemdum, er jeg hefi nú minst á, leggur nefndin til, að hv. deild samþykki frv. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Það er liðið svo á þingtímann, að smávægilegar breytingar á frv., sem enga praktiska þýðingu hafa, gætu orðið þess valdandi, að frv. kæmist ekki fram að þessu sinni. Nefndin vill ekki á neinn hátt tefja málið, heldur óskar hún þess og væntir líka, að hv. deild greiði sem best fyrir því, svo að þetta merkilega mál verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer er bæði ljúft og skylt að þakka hv. landbn. fyrir góða og skjóta afgreiðslu þessa máls, og þá ekki síst fyrir þau ummæli hv. frsm., að nefndin hafi ekki viljað tefja málið með því að fara að gera smávægilegar breytingar á frv.

Jafnframt vil jeg nota tækifærið til þess að þakka hv. landbn. fyrir gott starf og skjóta afgreiðslu allra mála, sem hún hefir fengið á þessu þingi. Hún hefir staðið fast saman um að styðja þau mál, sem landbúnaðinum mega til bjargar verða, og vona jeg, að svo verði á næstu þingum. Sjerstaklega finn jeg þó ástæðu til að beina þakklæti mínu til hv. frsm. Hann er sá eini, sem ekki hefir persónulega aðstöðu til þess að láta mál landbúnaðarins sjerstaklega til sín taka, þar sem hann er sá eini í nefndinni, sem ekki er bóndi, og stundar auk þess annan atvinnuveg. Þó hefir hann staðið í fremstu röð manna í því að styðja landbúnaðinn og gekk fram fyrir skjöldu á þinginu í fyrra með því að sýna áhuga og rjettan skilning á því þjóðþrifamáli, sem hjer er um að ræða. Þess vegna vil jeg, sem kjörinn er formaður Búnaðarfjelags Íslands og fer nú sem stendur með æðstu stjórn landbúnaðarmála, þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir hans góðu till., ekki aðeins í þessu máli, heldur og öðrum málum, sem landbúnaðinn varða og hann hefir látið til sín taka á þessu þingi.

Um frv. það, sem hjer liggur fyrir, er vitanlegt, að ýms atriði þess geta orkað tvímælis. En aðaltakmarkið er að fara af stað og þreifa sig áfram, láta reynsluna kenna sjer, hvaða leiðir muni heppilegastar, er stundir líða.

Sem sagt, jeg vil taka undir þær óskir, sem komu fram hjá hv. frsm., að hv. deild greiði svo fyrir þessu

máli, að það megi verða að lögum þegar á þessu þingi, svo að þessi starfsemi, sem allir velunnarar landbúnaðarins vænta mikils af, megi hefjast sem fyrst.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla ekki að tala langt mál, hvorki til þess að þreyta hv. deild, sjálfan mig eða hv. landbn., því jeg skildi ummæli hv. frsm. á þá leið, að þetta mál væri svo þrauthugsað, að því verði ekki gerð betri skil. Jeg ætla samt að drepa á fáein atriði, nefndinni til athugunar, og vilji hún ekki sinna þeim, mun jeg við 3. umr. bera fram brtt. í því efni, svo að hv. deild gefist kostur á að fella sinn dóm um þær.

Það eru þá fyrst ákvæði 4. greinar um lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum. Þar er beinlínis tekið fram, að slík lán eigi að sitja fyrir að reisa nýbýli.

Nú hefir mjer skilist, að hv. landbn. hallaðist að því, að einstaka jörðum yrði skift í 2—3 eða 4 smærri býli. Hvernig á þá að skilja þetta? Nú getur verið góður bær og nýlega gerður á jörðinni, en eftir skiftinguna þarf kannske að reisa tvo nýja bæi.

Eins og 4. gr. er orðuð, ná ákvæði hennar aðeins til þess að endurreisa niðurnídd hús á sveitabýlum, en sje það alvara, eins og þetta frv. var upphaflega skilið, að fjölga býlum í landinu, þá vil jeg, að ekki geti orkað tvímælis, að þetta ákvæði nái einnig til þess að reisa nýbýli.

Þá er annað, sem jeg vildi einnig benda á, og það er það, hvort ekki mundi ástæða til að setja í lögin lágmark þeirrar landsstærðar, sem bygt er á.

Sá bankastjóri Landsbankans, sem aðallega hefir veðdeildarlánin með höndum, hefir sagt mjer, að stundum komi lánbeiðnir til nýbýla, er svo lítið land hafi til umráða, að bersýnilegt sje, að á því sje ekki hægt að lifa, og því ekkert viðlit að verða við slíkum lánbeiðnum. Því vitanlega getur það ekki verið tilgangurinn með nýbýlaræktuninni, að vekja þar upp kotabúskapinn í sinni ömurlegustu mynd. Býlin verða að vera það stór, að þau geti framfleytt fjölskyldu á sómasamlegan hátt.

Annars er það ýmislegt fleira, sem jeg hefði viljað minnast á. En af því að hv. landbn. hefir tekið fálega öllum breytingum, ætla jeg ekki að þreyta hv. deild með frekari athugasemdum.

Hannes Jónsson: Jeg vil lýsa ánægju minni yfir því, hvað máli þessu miðar vel í gegnum þingið, og þó að jeg hafi ýmislegt við einstök atriði frv. að athuga, þá skiftir það ekki svo miklu máli, að jeg ætli mjer að bera fram neinar brtt. Aðeins vildi jeg benda á, að hv. landbn. hefir sjest yfir, að í 3. gr. frv. er ákvæði, sem kemur í bága við gildandi lög. Í staflið f. 3. gr. stendur, „að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra“. En samkvæmt lögum um brunatryggingar má ekki vátryggja nema $\frac{5}{6}$ hluta, en $\frac{1}{6}$ má hvergi vátryggja. Með þessu er þá útilokað, að jarðeigendur gætu fengið lán til bygginga. Frá formshliðinni sjeð er þetta ein af verri misfellum frv.

En úr því jeg er staðinn upp, vil jeg nota tækifærið til þess að lýsa því yfir, að jeg er algerlega á öðru máli en hv.

2. þm. Skagf. um ákvæði 4. gr. Jeg álít einmitt, að rjett spor sje stigið með því að láta endurbygging eldri bæja sitja fyrir því að reisa nýbýli. Það er að minni hyggju jafnsjálfsagt og að bóndi, sem á þýft tún og illa ræktað, snúi sjer fyrst að því að bæta það, áður en hann fer að rækta utantúns. Fyrst er að gera þær jarðir byggilegar, sem búið er á, og þegar það er gert, er nógur tími að snúa sjer að nýbýlaræktinni. Að vísu má gera ráð fyrir, að jafnframt endurbyggingu sveitabýla fjölgi nýbýlum, en aðaláhersluna á að leggja á endurbyggingu þeirra býla, sem eru að falli komin.

Fleira hefi jeg ekki að segja, en óska, að hv. landbn. athugi, hvort ekki sje rjett að breyta f-lið 3. gr. frv.

Frsm. (Jón Ólafsson): Það var ekki alveg rjett með farið hjá hv. 2. þm. Skagf., að landbn. hefði sagst hafa svo þrauthugsað þetta mál, að hún tæki engar athugasemdir til greina. Jeg tók það einmitt fram, að nefndin hefði við nánari athugun rekið sig á ýmislegt, sem hún viðurkendi, að betur mætti fara, en væri þó að hennar dómi ekki svo mikilsvert, að hún hefði sjeð ástæðu til að bera fram brtt. og með því ef til vill tefja fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi. Jeg held, að hv. 2. þm. Skagf. hafi heldur ekki stungið upp á neinum þeim breytingum, sem nokkru máli skifta.

Það er rjett, að 4. gr. tekur það fram, að fyrst og fremst eigi lánin að veitast til þess að endurbyggja sveitabýli, en þó er alls ekki útilokað, að efnaminni menn, sem skifta vilja jörð á milli sín og eftirkomenda sinna, geti orðið aðnjótandi láns úr sjóðnum. Ef býlið er illa húsað, ?á eru samkvæmt 6. gr. engin takmörk sett um, hvað lánið megi vera hátt, svo það gæti verið það ríflegt, að það nægði til þess að byggja yfir 2—3 fjölskyldur. Annars geri jeg ráð fyrir, að sjóðurinn snúi sjer fyrst og fremst að því að endurbyggja á þeim býlum, sem verst eru farin eða liggur við borð að fari í eyði vegna ljelegra og ónógra húsakynna.

Þá var það hitt atriðið, um stærð landsins. Um það atriði er skýrt ákveðið í 3. gr. staflið e.: „að býli geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt". Að þessu finnur hv. 2. þm. Skagf. og segir, að með þessu sje verið að ýta undir kotabúskapinn. Nú verðum við að kannast við, að það er hjer um bil frágangssök að fá vistráðið verkafólk í sveit, og að alt bendir til þess, að vinnan færist meira og meira í það horf, að unnið verði með vjelum og að mannsaflinu verði ekki á að skipa, þegar stundir líða. Aftur á móti er ekki annað að sjá en að fólkið neyðist til að flýja sveitirnar, af því að það skortir efni til að taka stóru húsalausu jarðirnar. Með þessu frv. er verið að gera fólkinu fært að haldast við í sveitunum og hjálpa því til að stofna sjálfstæð heimili, þar sem það getur framfleytt lífinu á auðveldari hátt en nú á sjer stað. Jeg geri ráð fyrir, að það, sem bankarnir hafa sagt um vandræði þau að lána til nýbýla með litlu landi, hafi verið í sam-

bandi við þá háu vexti, sem veðdeildin tekur, því að það er alt annað að eiga að búa við þau lánskjör eða þau, sem frv. gerir ráð fyrir. Enda mun svo víða vera, að þeir, sem þurfa á veðdeildarlánum að halda, eiga fult í fangi að standa skil af þeim. Það er ekki nema eðlilegt, að peningastofnanirnar líti á þetta; þær þurfa vitanlega að hafa fje sitt alveg örugt og trygging fyrir því, að vextir sjeu af því greiddir.

Nefndin hefir ekki athugað ákvæði það, sem felst í f.-lið 3. gr., á þeim grundvelli, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um. Og það er ekki ætlunin að leggja á neinn eiganda þá kvöð, að þeir eigi ekki að tryggja það verðmæti, er þeir hafa handa á milli. Tel jeg svo ekki ástæðu til þess að segja fleira að sinni.

Jón Sigurðsson: Jeg var ekki viðstaddur, þegar hv. þm. V.-Húnv. talaði, en mjer skildist, að ræða hans hafi gengið út á það, hvort betra myndi að liðsinna fólkinu, svo það hjeldist betur við í sveitunum, með því að halda við þeim býlum, sem fyrir eru, eða byggja nýbýli, og virtist hann heldur hallast að þeirri skoðun, að ekki ætti að byrja á nýbýlabyggingu, fyr en búið væri að byggja upp gömlu býlin. Hjer er um tvær stefnur að ræða, sem auðvitað má deila um. Jeg lít þannig á, að þau býli, sem hættast er við, að leggist í auðn, sjeu hálsa- og dalabýli, sem afskekt liggja. Nú er spurningin: Eigum við að þjetta bygðina í þeim sveitum, sem bestar eru, eða kappkosta að halda bygðinni eins víðlendri og unt er, án tillits til þeirra skilyrða, sem fyrir hendi eru? Jeg hallast eindregið að því að þjetta bygðina þar, sem skilyrðin eru góð sökum góðra samgangna og annara þæginda, heldur en að þenja hana út um alla skækla landsins og endurreisa hvert kotbýli til hálsa og heiða, sem fólk unir ekki lengur á. Þetta er mín skoðun, og samkvæmt henni legg jeg það til að skifta stærri og erfiðari jörðunum smátt og smátt, eftir því sem ræktaða landið leyfir, og beina þannig fólksfjölguninni fyrst og fremst að bestu sveitunum í hverju hjeraði. Jeg er hræddur um, að hv. 3. þm. Reykv. hafi misskilið nærri því alt, sem jeg sagði. Jeg sagði ekki, að það væru efnamennirnir, sem græddu út túnin; það fer ekki altaf eftir efnunum, heldur áhuga manna, og það eru því miður ekki efnamennirnir, sem standa þar fremstir í flokki, heldur oft og einatt fátækir, en áhugasamir menn, sem eru þar brautryðjendur. Jeg sagði heldur aldrei, að með þessu væri verið að ýta undir kotbúskap, en þegar um er að ræða býli, sem hefir aðeins tvær dagsláttur af landi til sinna umráða, þá er það auðsjeð, að svo lítið býli getur hvorki rentað byggingarnar nje heldur nægt til þess að framfleyta fjölskyldu, ef ekki er stunduð önnur atvinna jafnhliða. Við víkjandi þeirri ástæðu landbn., að ekki megi koma fram með breytingar við frv., þá verð jeg að segja, að mjer virðist sú ástæða beinlínis hlægileg nú, þegar fjárlögin eru nýfarin til Ed. og eiga án efa eftir að koma aftur til þessarar deildar eftir 3—4 vikur, og fyr en fjárlög eru samþ. verður þinginu þó ekki slitið.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg vildi leyfa

mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún gæti ekki tekið inn í 3. gr. frv. sem skilyrði fyrir lánveitingu úr sjóðnum, að viðkomandi maður sannaði, að hann kynni til allra jarðyrkjustarfa. Tel jeg þetta sjálfsagt, ekki síst vegna þeirra manna, sem ætla sjer að byggja nýbýli og rækta upp land, að þeir kynnu til nauðsynlegra jarðyrkjustarfa, og álít jeg þá, að þetta ákvæði ætti að verða b.-liður 3. gr. II.

Að lokum vil jeg þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu þessa máls, og þó sjerstaklega hv. frsm. hennar fyrir það mikla víðsýni, er hann hefir sýnt í þessu máli sem öðrum landbúnaðarmálum, og það því fremur, sem þennan mann má skoða sem fulltrúa stórútgerðarinnar og kaupstaðanna hjer á þingi. Vil jeg fyllilega taka undir með hæstv. forsrh. og færi hv. frsm. hinar bestu þakkir fyrir hönd mína og annara bænda.

Bernharð Stefánsson: Það er ekki nema eðlilegt, að 4. gr. frv. verði hjer helst að ágreiningsatriði. Í henni felst sú stefnubreyting, sem orðið hefir á frv. frá því í fyrra, þar sem í henni er skýrt tekið fram, að lán til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum skuli ganga fyrir nýbýlabyggingum. Virðist mjer hv. 2. þm. Skagf. helst hafa orð fyrir þeim mönnum, sem óánægðir eru með þessa breytingu. Þessi tvö mál, að endurreisa hús á bygðum býlum og auka bygðina með því að stofna nýbýli, eru hvorttveggja stórræði, sem þjóðin verður að ráðast í fyr eða síðar. Og þessu máli er ekki komið í viðunanlegt horf fyr en tök eru á að hefjast handa á báðum þessum sviðum. En sem stendur er þetta ekki hægt til hlítar, og þess vegna verður annar þátturinn að sitja frekar á hakanum í bráðina. Ástæðan fyrir því, að lán til endurbygginga eru látin sitja fyrir, er sú, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum og landbn. þessarar deildar álíta, að það sje miklu meira aðkallandi en nýbýlamálið.

Jeg ætla ekki að fara að rökstyðja þá skoðun nánar, því að það hafa þeir hv. frsm. og hv. þm. V.-Húnv. gert, en vil aðeins benda hv. 2. þm. Skagf. á það, sem jeg einnig vjek að í fyrri ræðu minni, að af hálfu milliþinganefndarinnar er þetta frv. alls ekki skoðað sem fullnaðarniðurstaða í þessu máli, heldur er frv. skoðað sem bráðabirgðaráðstöfun, þar til hægt verður að koma á fót lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, með meira fjármagni og víðtækara starfssviði en þessi sjóður hefir. Kæmi þá þessi nýja lánsstofnun í stað ræktunarsjóðs og sjóðs þess, er frv. fjallar um, og mætti hugsa sjer, að hún skiftist í 3 deildir, er hver hefði sitt hlutverk: 1. ræktunarlánadeild, 2. byggingarlánadeild og 3. nýbýlalánadeild.

Framtíðin mun sýna, að nýbýlamálinu mun engu síður sint, þótt þetta frv. verði samþ. nú. Sje jeg ekki, að hægt sje að láta það dragast lengur að gera bændum mögulegt að koma sjer upp sæmilegum húsakynnum. Mjer er vel kunnugt um, að margir þeir bændur, er ekki geta unað lengur við húsakynni sín, leggja þá spurningu fyrir sig í fullri alvöru, hvort þeir eigi heldur að ráðast í að byggja hús eða leita til kaupstaðanna. Margir þeir, sem ráðist hafa í að

byggja hús og hafa fengið til þess lán úr ræktunarsjóði, stynja undir þeim kostnaði, sem af því leiðir, og eru þó ræktunarsjóðslánin þau hagfeldustu lán, sem hægt er að fá nú. Það mun og mála sannast, að landbúnaðurinn, eins og hann hefir verið rekinn til þessa, þolir ekki slíkan kostnað, víðast hvar. Jeg vildi með þessum orðum hugga hv. 2. þm. Skagf. með því, að jeg tel fullvíst, að máli þessu sje ekki ráðið til lykta með þessu frv. og hann og aðrir geti bráðlega fengið tækifæri til þess að vinna að nýbýlamálinu.

Ekki getur samþ. 4. gr. staðið því máli í vegi, því nýbýlamálið þarf svo mikinn undirbúning, að þótt frv. hefði verið samþ. eins og það lá fyrir í fyrra, þá hefði ekki verið unt að hefjast handa neitt verulega þegar í stað, enda er margt, sem snertir nýbýlamálið, enn ekki rannsakað að fullu.

Um önnur atriði, sem hv. þm. spurði um, hefir hv. frsm. svarað honum, en það er þó eitt atriði, sem hv. þm. vjek að í síðustu ræðu sinni, sem jeg veit, að muni verða mikið ágreiningsefni í framtíðinni. Hv. þm. ljet í ljós þá skoðun, að þjetta ætti bygðina í betri sveitunum, en, að því er mjer skildist, leggja lakari sveitirnar, eða a. m. k. afdali og útkjálka, í eyði.

Í g.-lið 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að veita ekki lán til endurbygginga nema á þeim býlum, er sje svo vel í sveit komið, að ráðlegt þyki að byggja þar hús. Þetta er kannske nokkuð óákveðið, en það ætti að vera nokkur trygging gegn því, að lán yrðu veitt til heiðarkota, þar sem hætta væri á, að bygð gæti ekki haldist við. En þótt það sje alveg rjett að veita ekki lán til slíkra staða, þá verður samt að fara varlega í því að hlaða undir góðsveitirnar, en láta hinar sitja á hakanum. Þeir, sem hafa trú á því, að landbúnaðurinn eigi eftir að aukast og blómgast, munu líta svo á og hafa þá trú og von, að sá tími komi, að allar sveitir landsins verði byggilegar. Jeg álít því rjettara að reyna að halda í horfinu og hjálpa mönnum í hinum lakari sveitum til að endurreisa hús sín, engu síður en þeim, sem í góðsveitunum búa. Þó tek jeg undan lökustu heiðakot og afdalabýli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

8.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 278, 519).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 519. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir till. minni á þskj. 519. Jeg vil aðeins fá það skýrt fram, að ákvæði 4. gr. frv. taki einnig til nýbýla, sem eru reist að einhverju leyti á ræktuðu landi, en ekki aðeins til endurbyggingar á niðurníddum býlum. Því hefir verið lýst yfir af einum manni úr milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, að ætlast væri til, að þegar jörð væri skift í fleiri býli, þá kæmi það undir 4. gr., enda væri stuðst við ræktað land að einhverju

leyti. En eins og greinin er orðuð nú, þá gæti hún gefið tilefni til misskilnings, þar sem aðeins er talað um að endurreisa hús. Jeg hefi borið tillöguna undir nefndina, en hún sá ekki ástæðu til að taka afstöðu til hennar. Vil jeg því skjóta því undir úrskurð hv. deildar, hvort hún telji ekki rjett, að þetta sje tekið skýrt fram og skýrara heldur en þó það sje gert í framsöguræðu, og þar með tryggja, að eitthvað verði þó reist af nýbýlum fyrir þetta fje. Nefndin hefir þó litið svo á, að þessi skilningur minn væri rjettur og þannig bæri að afgreiða það, svo jeg þarf ekki að fjölyrða um það frekar. Engin ástæða er til að óttast, að þetta geti orðið málinu að falli, þar sem hv. landbn. Ed. er sammála um þetta. Þessi brtt., sem tekur af öll tvímæli, ætti ekki að geta spilt fyrir málinu. Jeg hefi einnig borið þetta undir lögfræðing, sem hefir kynni af þessum málum, og var það álit hans, að frvgr. eins og hún væri nú væri ófullnægjandi orðuð. Jeg skal geta þess, að þótt mjer sje það ljóst, að margt fleira hefði þurft að taka til rækilegrar athugunar og breyta og bæta við á ýmsa lund, þá skal jeg þó ekki fara frekar út í það, en lofa reynslunni að skera úr og sýna smíðagallana á frv.

Frsm. (Jón Ólafsson): Það er rjett hermt hjá hv. 2. þm. Skagf., að við í landbn. áttum kost á að sinna þessari till. En nefndin varð ekki sammála um það, hvort taka bæri upp till. eða ekki. Kaus hún heldur að láta deildina ráða um till.

Það er tilgangurinn með lögum þessum að sinna þessu máli á sínum tíma, en á næstu árum virðist það nægilegt verkefni að reisa þau býli, sem víða eru að leggjast í eyði vegna illra húsakynna. Við álítum það sem sagt nægilegt fyrst um sinn, en annars mætti skilja nokkru nánar milli þessara liða, því að eins og er, virðist það nokkuð loðið. Annars finst mjer, þegar fleiri búendur eru á hverri jörð, þá sje ekki svo sárnauðsynlegt, að þeir fái lánin vaxtalaust um lengri tíma; hitt er það nauðsynlegasta, að reisa hús á þeim býlum, sem eru að leggjast í eyði af húsaleysi, og þau, ásamt nýbýlunum á sínum tíma, eiga að fá best lánakjör.

Sem sagt, við höfum ekki tekið afstöðu til þessarar till., en látum hv. deild um, hvað henni sýnist rjettast að gera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var ekki vegna brtt. á þskj. 519, sem jeg ætlaði að segja nokkur orð, því að jeg tel ekkert athugavert við það, að hún verði samþ. Mig langaði til að segja örfá orð, áður en mál það, sem hjer er til umr., verður afgreitt að fullu frá hv. deild. Með væntanlegri samþ. þessa máls er bætt nokkuð úr brýnustu lánsþörf landbúnaðarins. Jeg er þeirrar skoðunar, að gera þurfi miklu meira en nú þegar hefir verið gert, og er þetta því engin lokaniðurstaða. Fyrir næsta þing álít jeg, að þurfi að leggja frv. um fullkominn landbúnaðar- og fasteignabanka, og jafnframt því, sem afgreiðsla þessa máls, sem nú liggur fyrir til samþ., ætti að vera til mikilla bóta, er það einn liðurinn til þess að koma þeim banka á fót. Vildi jeg láta hv. deild vita það, að ef mjer endist

heilsa til, mun jeg vinna að því fyrir næsta þing, að hægt verði þá að leggja fyrir þingið frv. um fullkomna lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem geti fullnægt þörfum bænda á öllum sviðum. Vona jeg, að þegar fullnaðarsporið verður stigið til þess að koma á slíkri stofnun, þá fái það jafngóðar viðtökur og það mál, sem nú er til meðferðar.

Gunnar Sigurðsson: Úr því að jeg stóð upp, vil jeg minnast nokkrum orðum á brtt. hv. 2. þm. Skagf. Tel jeg hana til mikilla bóta og skýringar á lögunum, auk þess, sem þá mun síður ráðist í að byggja nýbýli á óræktuðu landi, þar sem húseign getur orðið alveg verðlaus. Legg jeg því eindregið til, að hún verði samþ.

En það var ræða hæstv. forsrh., sem varð til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs. Það stendur nokkuð sjerstaklega á um mig viðvíkjandi máli þessu. Jeg hefi oft utan þings og innan lýst yfir því, að í raun og veru hafi verið mjög misráðið að taka upp ræktunarsjóð, þótt hann hafi gert nokkurt gagn. Á þingmálafundi í Rangárvallasýslu hefi jeg lýst yfir því, að jeg mundi bera fram þáltill. um að taka mál þetta upp að nýju, og vil jeg því lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. forsrh. segir þess ekki langt að bíða, að það verði gert. Legg jeg mikla áherslu á, að löggjöf landbúnaðarbankans verði sniðin sem mest eftir þessum lögum og þeim greinum, sem til eru, og vona, að málinu verði svo flýtt, að stjórnin leggi frv. fyrir næsta þing, eins og hæstv. forsrh. sagði.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi aðeins bera fram þá fyrirspurn til hv. landbn., hvort hún hefði athugað það, sem hv. þm. V.-Húnv. benti á viðvíkjandi f.-lið 3. gr. Í frv. stendur, að skilyrði fyrir láni úr sjóðnum sje: „að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra". Nú er svo ákveðið um brunabótasjóði í sveitum, að 1/5 af verði húsanna sje í sjálfstrygging, og er því sýnt, eins og háttv. þm. V.-Húnv. benti á, að þetta hvorttveggja getur ekki farið saman. Með öðrum orðum, þeir menn, sem fá lán úr sjóðnum, eru útilokaðir frá því að vera í brunabótasjóðum sveita. Mig minnir, að allir húseigendur í sveitum — þar sem samþykt um það hefir verið gerð — sjeu skyldugir að vera í brunabótasjóðunum. (**JörB:** Ef þeir hafa ekki tryggingu annarsstaðar). Þetta ákvæði verður því til þess að veikja aðstöðu sjóðanna að miklum mun. Jeg vildi vekja athygli manna á þessu, því að jeg álít, að mikil nauðsyn sje til þess, að slík tryggingarstarfsemi komist á og að í því sje mikil trygging fólgin fyrir sveitirnar.

Jeg vildi því gera það að till. minni, að engin slík ákvæði væru sett í löggjöfina nú, sem gætu staðið þessari tryggingarstarfsemi fyrir þrifum.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi aðeins segja nokkur orð út af brtt á þskj. 519, frá hv. 2. þm. Skagf. Jeg er efni hennar að fullu samþykkur, en jeg sje ekki annað en að hún valdi ósamræmi milli 4. og 5. gr., ef hún verður samþykt. Í báðum þessum greinum er talað um lán til nýbýla á ræktuðu landi, en í 4. gr. verða önnur greiðslu-

skilyrði en eftir 5. gr. Vildi jeg vekja athygli á því, að þetta getur ekki hvorttveggja staðist. Eftir 4. gr. endurborgast lánið með 5% af lánsupphæðinni árlega í 42 ár, en eftir 5. gr. með 3½% af lánsupphæðinni í 50 ár. Virðist mjer óumflýjanlegt að lagfæra þetta, áður en málið er afgreitt frá þessari hv. deild, og kann að mega gera það með ritstjórnarrjettingu.

Sigurður Eggerz: Það verða aðeins örfá orð. Jeg hefi altaf litið á það sem mikla nauðsyn, að stofnaður yrði landbúnaðar- og fasteignabanki. Nú hefir hæstv. forsætisráðh. lýst yfir því, að það sje hugsun stjórnarinnar að hrinda þessu máli í framkvæmd, og tel jeg það vel farið. Þetta hefði átt að eiga sjer stað fyr, og hefði þá átt að hafa seðlaútgáfuna í sambandi við fasteignabankann.

Frsm. (Jón Ólafsson): Jeg vildi aðeins segja nokkur orð út af ummælum hv. þm. Borgf. Við höfðum athugað, að ekki var hægt að tryggja þessi býli, sem lánað er út á svo mjög nærri fullu verði, eftir því sem sveitabæir eru brunatrygðir, og eftir þessari grein er því gert ráð fyrir að tryggja býlin fullu verði. En það álitum við alveg sjálfsagt og nauðsynlegt, ef lánið á að vera trygt, enda virðist eiga að heimta, að menn tryggi eignir sínar sem best.

Við litum svo á, að ef þessi grein komi í bága við, að menn geti notað sjer tryggingar brunabótasjóðanna, þá sjeu þær leiðir sjálfsagðar, að breyta svo lögum þeirra, að menn geti trygt eignir sínar fullu verði. Það er einkennilegt, að slíkt skuli hafa komist í lög, að menn mættu ekki vátryggja eignir sínar fullu verði, en þetta komst illu heilli inn í lög samábyrgðar íslenskra fiskiskipa. Tilgangurinn með þessu mun auðvitað sá, að koma í veg fyrir það, að menn sigli skipum sínum í strand af ásettu ráði, vegna þess að þeir vita, að þeir fá verð skipsins endurgreitt að fullu frá vátryggingarfjelagi. Sama er að segja um það, þegar bannað er að vátryggja húseignir að fullu, þá er það auðvitað tilgangurinn að koma í veg fyrir, að menn kveiki í húsunum með vilja. Mjer finst afaróeðlilegt, að þetta skuli vera þannig sett í lög, enda ekki sanngjarnt gagnvart þriðja manni, sem ef til vill hefir lánað alt það fje, sem húsið hefir kostað. Með þetta fyrir augum ættu engin vandræði að geta stafað af því, þótt menn vátrygðu hús sín annarsstaðar en í brunabótasjóðunum, þar til þeir eru komnir í betra horf, enda virðist eftir lögum þeirra sjóða, að hægt sje fyrir menn að vátryggja hús sín annarsstaðar, ef þeim sýnist svo.

Magnús Guðmundsson: Út af ummælum hv. þm. Dal. vildi jeg beina einni spurningu til hæstv. forsrh. Hv. þm. Dal. hafði það eftir hæstv. ráðh., að hann hugsaði til að koma upp bæði landbúnaðar- og fasteignabanka, en jeg skildi hæstv. forsrh. þannig, að hjer væri aðeins um landbúnaðarbanka að ræða. Jeg vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort jeg hafi skilið hann rjett, því að jeg legg mikið upp úr því, að landbúnaðurinn hafi ekki sömu peningastofnun og aðrir atvinnuvegir

landsins. Það hefir jafnan sýnt sig, að landbúnaðurinn hefir farið varhluta í þeim skiftum, og því vildi jeg bera þá spurningu fyrir hæstv. ráðh., hvort það er meining hans að hafa þessar tvær stofnanir saman.

Ennfremur vildi jeg spyrja, hvort stj. ætli sjer bráðlega að taka það lán, sem henni er heimilað að taka eftir 15. gr. frv. Verði það ekki gert, virðist mjer tiltölulega lítið fje vera fyrir hendi til þessara bygginga, svo framarlega sem gera má ráð fyrir því, að þeir, sem ætla sjer að byggja, dragi sig eftir þessum lánum, og ef ekki verður sjeð fyrir meira fje til lánanna en hinu árlega framlagi ríkissjóðs, þá verður þessi ráðstöfun frekar til þess að draga úr byggingum en hrinda þeim áfram.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. V.-Húnv. benti á það við 2. umr. þessa máls, að með því skilyrði frv. fyrir lánum, að húsin yrðu trygð fullu verði, væri húseigendum gert ókleift að tryggja hús sín hjá brunabótasjóðum sveitanna. Hv. landbn. virðist líta svo á, að ekki þurfi annað en breyta tryggingarskilyrðum brunabótasjóðs sveita til þess að samrýma þetta; en sú breyting mundi leiða það af sjer, að iðgjöldin hækkuðu til muna. Það hefir verið litið þannig á, að heppilegra væri fyrir eigandann að hafa iðgjaldið lægra, en bera dálítið af áhættunni sjálfur. Veit jeg, að bátaeigendur á Vestfjörðum kjósa miklu heldur að hafa áhættuna að ¼ og iðgjöldin um leið lág, en að bátarnir sjeu trygðir að fullu og iðgjöldin hærri.

Menn verða að gæta þess, að þar sem um sjálfsábyrgð er að ræða, þá er hægt að hafa iðgjöldin mun lægri. Sjálfsábyrgð dregur mjög úr áhættu tryggingarsjóðanna, og þar, sem um samtrygging er að ræða, er ávalt heimtuð sjálfsábyrgð að einhverju leyti. Út af þessari meginreglu, sem styðst við langa reynslu erlenda, má ekki breyta, nema hækka iðgjöldin að stórum mun.

Geri jeg ráð fyrir því, að hv. deild óski þess, að svo vel sje um tryggingarnar búið, að hún fari ekki að brjóta þær viðurkendu reglur, sem alstaðar gilda. Hinsvegar þarf ekki að búast við því, að lánað verði fult verð húsanna, og ætti því ekki að valda lántakendum neinum óþægindum, þótt tryggingin sje að ⅚, eins og nú er.

ATKVGR.

Brtt. 519 samþ. með 15:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 52. fundi í Ed., 20. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 527).

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. hefir tekið mjög smávægilegri breytingu í hv. Nd., aðeins orðabreytingu á einni grein. Landbn. hefir athugað þessa breytingu og leggur til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

16. Gengisviðauki á ýmsa tolla og gjöld.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (stjfrv., A. 5).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vísa til þess, er hjer er fram komið um hin önnur frv., sem á undan eru gengin (fjáraukalagafrv. fyrir árið 1926 og frv. um samþykt á landsreikningnum 1926). Gildir alt hið sama um þetta, sem þegar hefir verið tekið fram um hin. Legg jeg til, að því verði einnig vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 35. og 37. fundi í Nd., 29. febr. og 2. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 5, n. 241, 264 og 275).

Frsm. 1. minni hl. (Hannes Jónsson): Fjhn. hefir haft mál þetta til athugunar og hefir klofnað um það í þrjá hluta. Jeg býst þó við, eftir þeim nál., sem fram eru komin frá tveimur nefndarhlutunum, að þeir geti fylgst nokkuð að málum.

Bæði jeg og form. nefndarinnar höfum orðið sammála um það, að ekki verði komist hjá að framlengja þessi lög. Eins og kunnugt er, voru þau upphaflega sett með það fyrir augum, að þau giltu aðeins þangað til sterlingspundið væri komið ofan í 25 kr. En eftir að það var komið niður fyrir 25 krónur, virtist þó ekki, að ríkissjóður gæti verið án þeirra tekna, sem lögin veita. Og ennþá er síður en svo útlit fyrir það, að ríkissjóður megi missa af þessum tekjum. Við viljum því í 1. minni hl. nefndarinnar leggja eindregið til, að frv. verði samþ., sökum þess að við lítum svo á, að framlengja verði þessi lög þangað til endurskoðun skattalöggjafar landsins hefir farið fram.

Það er sýnilegt, að það verður að bæta við nýjum tekjum til þess að standist nokkurn veginn á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Og við höfum ekki getað sjeð, að þau tekjuaukafrv., sem líklegt er, að komi fram hjer á þingi, verði öllu vinsælli en þessi lög þó eru, eða rjettlátari.

Jeg ætla svo ekki að hafa lengri framsögu — býst ekki við að það þurfi —, en geri ráð fyrir, að hinir partar nefndarinnar skýri frá sinni sjerstöðu í málinu.

Frsm. 2. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg hefi ekki getað orðið samferða hinum tveimur hlutum nefndarinnar um þetta mál. Eins og nál. mitt ber með sjer, legg jeg til, að þetta frv. verði samþ. vegna fjárhagsástæðna

ríkissjóðs, en þó með þeirri breytingu, að gengisviðaukinn á kaffi og sykri falli úr gildi 1. janúar 1929. Hinar vörurnar, sem gengisviðaukinn hjeldist á, væru þá aðallega munaðarvörur ýmsar, svo sem tóbak og áfengi.

Hinsvegar virðist mjer, að það sje fyllilega kominn tími til að lækka tollinn á kaffi og sykri, sjerstaklega þegar þess er gætt, að upphaflega var aldrei ætlast til, þegar lögin voru sett, að gengisviðaukinn á þessum tveimur nauðsynjavörum hjeldist svo lengi.

Þessi gengisviðauki á kaffitolli er 15 aurar á kg. og á sykurtolli 4 aurar. Með álagningu kaupmanna má gera ráð fyrir, að hann hækki kaffiverðið a. m. k. um 20 aura og sykurverðið um 5 aura. Jeg er þeirrar skoðunar, að ef hægt væri á þessu þingi að finna nægа tekjuauka, þá ætti að láta þennan kaffi- og sykurtoll niður falla. Við jafnaðarmenn berum fram frv. um tekjuauka, í Ed. frv. um útflutningstoll á síldarlýsi, og fleiri önnur frv. eru á leiðinni í Nd., svo sem frv. um tóbakseinkasölu og hækkun tekju- og eignarskatts. Verði þessi frv. samþykt, er ekki hægt að bera því við, að ekki fáist tekjur til þess að vega á móti lækkun tolls á þessum tveim vörutegundum, því að þau mundu gefa af sjer um 300 þús. kr. meira en kaffi- og sykurtollur. Og þó að margir tollar sjeu illa látnir meðal alþýðu í landinu, þá hygg jeg, að kaffi- og sykurtollurinn sje verst þokkaður.

Jeg skil það vel, að þeir hv. þm., sem eru í 3. minni hl., hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Dal., sjeu á móti því að fella niður gengisviðaukann á kaffi og sykri, eftir annari skoðun þeirra á þjóðmálum. En mjer finst næsta undarlegt, að Framsóknarmenn skuli vera á móti því sama.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 264,1—2 feld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HK, HjV, JJós, SÁÓ.

nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, H-Stef, HJ, IngB, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, PO, SE, SvÓ, TrÞ, BSv.

Þrír þm. (EJ, JÓl, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 5).

Á 43. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 455, 453).

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta er hingað komið frá hv. Nd. og er stjfrv. Hæstv. landsstjórn mun hafa lagt það fyrir Alþingi sakir þess, að hún telur ríkissjóð ekki mega vera án þeirra tekna, er gengisviðaukinn færir honum. Ákvæði frv. um 25% gengisviðauka af ýmsum tollum hafa nú gilt í nokkur ár, þó svo, að þau hafa jafnan verið framlengd til fárra ára í senn. Nú er heimildin til að innheimta gengisviðaukann útrunnin í árslok 1928, og leggur hæstv. stjórn til, að hún verði framlengd um 2 ár, til ársloka 1930. Vil jeg geta þess, að í fjárlagafrv. hæstv. stj. er reiknað með þessum tekjum.

Fjhn. hefir fallist á þá skoðun hæstv. stj., að ríkissjóður muni þurfa þessara tekna, og leggur því til, að frv. verði samþ. Þó ber einn nefndarmaður fram brtt. um það, að gengisviðaukinn verði feldur niður af kaffi- og sykurtolli. Ef sú brtt. verður samþ., er vitanlegt, að það heggur allstórt skarð í tekjur ríkissjóðs af frv. Hinsvegar er að ýmsu leyti sanngjarnt að veita nokkrar ívilnanir um þessa tolla, einkum sykurtollinn. Annars hefi jeg ekki umboð til að segja annað um þessa brtt. frá nefndinni en það, að um hana eru óbundin atkv.

Jón Baldvinsson: Það er rjett hjá hv. frsm., að bæði nefndin og aðrir eru sammála um, að ríkissjóður hafi fulla þörf þeirra tekna, sem frv. þetta gæti gefið honum, þótt það væri sambyrkt óbreytt. Það er meðal annars fyrir þá sök, hversu margar og miklar framkvæmdir bíða úrlausnar og hve margt er ógert á ýmsum sviðum. Hinsvegar er á það að líta, hvort almenningur er fær um að leggja á sig svo mikil gjöld sem til þarf. — Hjer í hv. deild hafa nú verið samþ. nokkur tekjuaukafrv., og meginástæðan til þess, að jeg gat fylgt sumum þeirra, var sú, að mjer þóttu þau ekki eins ranglát og t. d. kaffi- og sykurtollur. En sá skattur kemur mjög illa við þurrabúðarfólk, sem flest má teljast með fátækasta fólkinu. Mjer finst hv. deild vel geta fallist á brtt. mína. Að vísu er þetta allmikil fjárhæð, um 200 þús. kr., sem ríkissjóður mundi missa árlega. En það vinst margfaldlega upp á hinum tekjuaukafrv., ef þau verða samþykt.

Annars eru kaffi- og sykurtollur gamlir kunningjar í hv. deild, og er væntanlega óþarft að fara um þá fleiri orðum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af frv. þessu um gengisviðaukann vil jeg segja það, sem jeg hefi áður tekið fram, að ríkissjóði veitir síst af því að fá tekjuauka, fyrst og fremst vegna þarfa yfirstandandi árs, og í öðru lagi vegna örðugleika síðastl. árs. En þessi hv. deild hefir nú afgr. frá sjer frv., sem vænta má töluverðs tekjuauka af. Er því sennilegt, að halda megi fjárhagnum í horfinu á næsta ári, ef frv. þessi ná samþ. þingsins.

Eins og kunnugt er, er nú í ráði að taka öll skattamálin til athugunar á næstunni, og býst jeg við, að allir hv. þdm. geti verið sammála um, að þess sje full þörf. Og jeg held, að allir geti líka verið sammála um, að á meðan verið er í þessu millibilsástandi sje rjett að gera eitthvað í þá átt að ljetta þau gjöldin, sem tilfinnanlegast koma niður, ef jafnframt eru

fundin ráð til að sjá fjárhag ríkissjóðs borgið. Mjer finst því, að komið geti til mála að ljetta 25% gengisviðaukanum af þeim tveimur vörutegundum, sem hjer er um að ræða og notaðar eru meira og minna á hverju einasta heimili í landinu. Í því gæti legið bending til þjóðarinnar, að verið væri að reyna að vinna í þá átt að ljetta henni skattabyrðarnar. Jeg hefi átt tal um þetta við þann mann, sem annast innkaup á ca. helmingi af neysluvörum landsmanna, og telur hann mjög æskilegt, ef þingið sæi sjer fært að ljetta eitthvað tollabyrðina á þeim vörum, og þá sjerstaklega gengisviðaukanum á sykurtollinum.

Jónas Kristjánsson: Jeg vildi með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Hún er töluvert önnur en sú, sem komið hefir fram hjá þeim hv. þm., sem talað hafa. Jeg lít á hina heilbrigðifræðilegu hlið málsins og tel mjög nauðsynlegt að gera eitthvað í þá átt að leiðbeina almenningi í því að nota sem minst hinar svo kölluðu „luxusvörur", a. m. k. ekki um skör fram, og jeg er einmitt á þeirri skoðun, að hinn hái tollur á kaffi og sykri vinni í þá átt að því er þær vörutegundir snertir, og það tel jeg vel farið, því að jeg er ekki í minsta vafa um, að kaffi og sykur á sinn þátt í þeirri vanheilsu, sem þjáir fólk nú á síðustu tímum. Annars var það ekki meining mín að fara að halda neinn heilsufræðilegan fyrirlestur að þessu sinni, en jeg vildi taka þetta fram, af því að jeg er ráðinn í því að greiða atkv. á móti brtt. hv. 5. landsk. (JBald), því eins og jeg tók fram áðan, tel jeg rjett að hafa toll á þessum vörum háan, til þess að bægja fólki frá að nota þær í óhófi. Það er talið, að tollauki sá, sem hjer er um að ræða, muni nema ríkissjóð ca. 200 þús. kr., og það má vel vera, að rjett sje. En jeg fyrir mitt leyti vildi vinna til að missa þessar tekjur úr ríkiskassanum, ef þær væru notaðar til þess að vinna að því að kenna fólki, að einmitt þessar vörutegundir og aðrar þeim líkar eru óhollar og ættu því ekki að notast nema í mesta hófi meðal alþýðu. Jeg tel því síst ástæðu til þess að kippa burtu þessari tollaukningu.

Erlingur Friðjónsson: Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. landsk. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hár tollur á kaffi og sykri væri nauðsynlegur, til þess að venja fólk af að nota þessar vörur. En því er nú svo varið, að fólk lærir ekki sparnað á því, þó að tollar sjeu hækkaðir á þeim vörum, sem það nauðsynlega telur sig þurfa að nota. Annars má það vel vera, að hægt sje að finna einhverja leið til þess að venja fólk af því að nota þessar vörutegundir, en það er víst, að það verður ekki gert með því að hækka á þeim tollinn.

Þó að sumum kunni að virðast þetta vera „luxusvörur", þá er það alls ekki eins og nú standa sakir; þær eru þvert á móti eitt af lífsnauðsynjum manna, og það verður því að finna önnur matvæli, sem geta komið í þeirra stað, a. m. k. hjá sjómönnum okkar og þurrabúðarfólki, ef þeim verður kipt í burtu. Og einmitt af því, að þessi stjett manna verður að nota mikið af þessum vörum, þá er jeg með því að lækka tollinn á þeim. Það væri alt

öðru máli að gegna, ef hægt væri að auka svo mjólkurframleiðsluna í kaupstöðum og kauptúnum landsins, að hvert einasta heimili gæti fengið nægilega mjólk með góðu móti. Ef um það væri að tala, myndi jeg geta sætt mig við till. hv. 6. landsk. Að sjálfsögðu get jeg gengið inn á það, að notkun þessara vörutegunda geti minkað í landinu, því að hjá ýmsum eru þær eflaust notaðar í óhófi, en þar sem svo er, að þær verða ennþá að teljast nauðsynjavörur fyrir mikinn hluta þjóðarinnar, þá er aðstaða mín sú, að jeg greiði atkvæði með því, að 25% gengistollaukinn, sem á þeim hvílir, verði afnuminn á þessu þingi.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins taka það fram, bæði fyrir mína hönd og samnefndarmanns míns í fjhn., hv. 1. þm. G.-K., að þegar við höfum í nefndinni verið að taka afstöðu til aukningar á tollum og sköttum, þá höfum við gengið út frá því, að þær tekjur fengju að standa, sem stjórnin hefir reiknað með í fjárlagafrv., og þar á meðal er gengisviðaukinn óskertur. Það væri að vísu ánægjulegt, ef aðstaðan væri þannig, að hægt væri að ljetta eitthvað á skattabyrði landsmanna, en það virðist ekki blása byrlega í þá átt.

Að fara að lækka þennan tekjuauka finst mjer síst vera í samræmi við það, sem stj. hefir haldið fram um tekjuaukaþörf. Jeg mun því ekki geta greitt atkv. með brtt. hv. 5. landsk., þar sem stj. hefir beðið um tekjuauka, og því liggur frekar fyrir að hækka en lækka gjaldabyrðina.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 6. landsk. vil jeg segja það, að jeg er í raun og veru sammála honum um það, sem virtist vera kjarni málsins í ræðu hans, að mannkynið sje ekkert bættara fyrir nautnavörurnar: vín, tóbak og kaffi.

Frá leikmannssjónarmiði finst mjer því, að hann hafi gert hjeraðsbúum sínum gott með því að gera sitt til þess að venja þá af notkun þessara vörutegunda. En eins og nú er ástatt, þá eru vörur þessar, að undanteknu víninu, keyptar á hvert einasta heimili eins og til dæmis mjölvara og fiskur, og þeim venjum verður ekki breytt, nema líklega helst með sjerstakri fræðslu um þessi efni. Það er því mín skoðun, að þjóðin verði ekki vanin af neyslu þessara vara, þó að hár tollur sje á þær lagður.

Annars er það svo, að læknastjettin hefir yfirleitt gert of lítið til þess að fræða almenning um þessi efni, enda þótt einstöku læknar hafi unnið töluvert í þá átt, eins og t. d. hv. 6. landsk.

Hv. 3. landsk. vil jeg svara því, að þar sem þessi hv. deild er búin að hækka álögurnar til muna, líkt og gert var í stjórnartíð hans, þá er það ekki nema í samræmi við það, sem hann ljet gera þá, sem sje að fella niður kornvörutollinn, þó að þessi litla lækkun á kaffi- og sykurtolli, sem hjer er farið fram á, verði tekin til greina.

Jónas Kristjánsson: Aðeins nokkur orð til þess að svara hv. þm. Ak. Hann sagðist ekki búast við, að hægt yrði að venja fólk á sparnað með því að hækka tollana. Þetta má vel vera að því er snertir það fólk, sem hefir næga peninga, og hitt, sem aldrei hugsar

um að spara, en fjöldinn hlýtur að venjast á meiri sparnað, ef varan er dýr. Og sparnað á þessum sviðum tel jeg frá heilbrigðislegu sjónarmiði stórnauðsynlegan, því að kaffið er t. d. ekki matur, eins og hv. þm. Ak. vildi halda fram, heldur er það þvert á móti viðsjált til mikillar notkunar. Og það er álit fjölda lækna, að kaffidrykkjan eigi sinn stóra þátt í taugaveiklun og fleiri sjúkdómum, sem svo mjög þjáir kvenfólk nú á tímum. Þá er það viðurkent, að tannpína og tannáta stafi af of mikilli sykurnautn, en tannpínan er ekkert annað en nokkurskonar beinkröm, og þess vegna er það, að börn, sem fá mikinn sykur, eru yfirleitt með beinkröm. Ennfremur eru slík börn miklu næmari fyrir berklaveiki en hin. Jeg fæ því ekki sjeð, að það sje neitt straff á fólk, þó að það með háum tollum sje varað við þessum miður nauðsynlegu vörum, og þá stefnu er víða búið að taka upp, þar á meðal í Ameríku.

Það getur því ekki talist ósanngjarnt, þó að það fólk, sem notar vörur þessar í óhófi, sje látið borga töluvert háan toll af þeim til þjóðfjelagsins, og það því frekar, sem búast má við því, að það öðrum fremur geti orðið handbendi þess.

Erlingur Friðjónsson: Jeg býst ekki við, að jeg fari að deila við lækninn, hv. 6. landsk., um áhrif kaffi og sykurs á mannlegan líkama: til þess hefi jeg ekki lærdóm að taka upp hernað á móti honum í þeirri grein. En hv. þm. láðist að benda á, hvað ætti að koma í staðinn fyrir þessar vörur, en það finst mjer óumflýjanlegt, að hann geri, því að við getum nú ekki, hvað mikið sem við vildum, stigið yfir virkilegleikann eða stiklað framhjá honum, og hann er sá í þessu máli, að mikill hluti þjóðarinnar kemst ekki hjá að nota þessa fæðutegund, sem hjer er um að ræða. Jeg segi „fæðutegund", enda þótt hv. 6. landsk. vilji ekki ganga inn á, að vörur þessar geti kallast það.

Það er hægt að halda sparnaðarræður og prjedika sparnað í þessum efnum fyrir þeim, sem hafa nóga mjólk, en til hinna er ekki hægt að tala, meðan ekki er hægt að benda á neitt í staðinn.

Annars virðist mjer það ekki tekið með í þessum umr., að það er eftir mjög hár tollur á þessum vörutegundum, þó að mesti kúfurinn sje tekinn ofan af, eins og farið er fram á í brtt. hv. 5. landsk. Tollurinn, sem eftir verður á þessum vörutegundum, þótt gengisviðaukinn sje afnuminn, nemur hvorki meira nje minna en 700—800 þús. kr. í ríkissjóðinn árlega.

Jónas Kristjánsson: Það er ofureinfalt að benda á, hvað eigi að koma í staðinn fyrir kaffi og sykur. Í staðinn fyrir kaffi má drekka vatn og mjólk og í stað sykurs má borða þær matvælategundir, sem sykur er í, sem er alt kálmeti og korntegundir. **(EF:** Með öðrum orðum, fólkið á að lifa á vatni og brauði í staðinn fyrir kaffi og sykur). Já, það má gjarnan kalla það svo. Nú er flutt hjer inn 36 kg. af sykurefnum á hvert nef landsmanna, og það er eins mikið og í þeim löndum, sem mest er notað af þessum efnum. Slík eyðsla er úr hófi fram og meiri en efnaleg og líkamleg heilsa landsmanna leyfir. Það er því ekkert

undarlegt, þó að læknar vari við þessu.

Annars má líka í þessu efni benda á lífnaðarhætti manna fyrir 50—70 árum; þá var í mesta lagi keypt 1—2 pd. af kaffi á ári fyrir stærstu heimili, og komst þó alt af ekki síður en nú. Jeg skil því ekki, hvers vegna ekki má stemma á að ósi í þessum efnum, þegar hægt er að benda á annað í staðinn, sem að öllu leyti verður að teljast betra.

ATKVGR.

Brtt. 453,1 (frvgr. verði 1. gr.) samþ. með 7:5 atkv.

— 453,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 479).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 479).

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 479, 563).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 563. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hefi borið fram brtt. við þetta frv. eins og það kemur frá hv. Ed., þess efnis, að 2. gr. falli niður. Hv. Ed. hefir breytt frv. frá því, sem var, er það var afgreitt frá þessari hv. deild. Ed. hefir felt niður gengisviðauka á kaffi- og sykurtolli.

Jeg tel óþarft að fjölyrða um mína brtt., af því að hv. Nd. hefir áður fjallað um málið, og till. mín gengur í þá átt að færa það í sama horf og hv. deild skilaði því í hendur hv. Ed. Það er ekki nema liðugur mánuður síðan hv. 2. þm. Reykv. bar fram till. þess efnis, að gengisviðauki á kaffi- og sykurtolli skyldi niður falla. En hv. Nd. feldi þá till. að viðhöfðu nafnakalli með 20:5 atkv. Jeg var ekki staddur í deildinni, er þessi atkvgr. fór fram, og minn vilji hefir því ekki komið í ljós fyr en í þessari brtt., sem er algerlega í samræmi við álit meiri hlutans í þessari hv. deild. Að jeg verð nú til þess að flytja þessa brtt., er til þess að taka ómakið af hinum, sem þegar eru búnir að láta í ljós vilja sinn um þetta atriði, og til þess að skjalfesta skoðun mína á því sama atriði.

Jeg get ekki hugsað mjer, að menn skifti svo um skoðun á skömmum tíma, að það þurfi að gera ráð fyrir, að þessi brtt. mín verði feld. Hún fer aðeins fram á, að Nd. staðfesti, að gefnu tilefni, þann dóm, sem deildin hefir þegar kveðið upp um þetta atriði.

Frsm. 2. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg ljet í ljós við 2. umr. þessa máls þá skoðun mína, að fella

ætti niður gengisviðauka á tolli af kaffi og sykri, af því að hann kæmi harðast niður á þeim, sem fátækastir eru. Þá voru ekki komin fram þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir og afgreidd munu verða af þessu þingi, þó að þau að vísu lægju í loftinu, svo að jeg geri ráð fyrir, að margir hv. þingmenn hafi fyrir þær sakir verið ófúsir á að sleppa þeim tekjuauka, sem fæst með gengisviðauka af þessum tolli. Nú horfir málið öðruvísi við. Hv. Ed. hefir tekið þá afstöðu til þess, að fallast á brtt., sem borin var fram í deildinni um að fella niður viðauka á kaffi- og sykurtolli frá 1. jan. 1929. Jeg fyrir mitt leyti er ánægður með þessi málalok, og með því nú sígur á seinni hluta þings og ekki vert að tefja mál að óþörfu, vil jeg mæla fast með því, að hv. deild samþykki frv. eins og það kemur frá hv. Ed., með tilliti til þeirra tekjuaukafrv., sem nú eru á ferðinni og liggja munu þungt á landsmönnum, þótt þessi rangláti viðauki verði niður feldur. (**MJ:** Hverju nemur þessi lækkun á kaffi- og sykurtolli? — **ÓTh:** Rúmlega 200 þús. kr.).

Frsm. 1. minni hl. (Hannes Jónsson): Fjhn. Nd. hefir ekki haft tækifæri til þess að ræða þá breytingu sjerstaklega, sem hv. Ed. hefir gert á þessu frv. Sú breyting er fólgin í því, að niður skuli falla frá næstu áramótum gengisviðauki á tolli af kaffi og sykri. Sú niðurfelling verður þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs rýrna um 200 þús. kr., eða freklega það. En hún hefir samt gert þessa breytingu hjá sjer, og tel jeg ekki fært að ganga á móti hv. Ed., af ótta við, að hún kunni að beita sjer á móti frv. Jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með brtt. á þskj. 563, jafnvel þó jeg telji breytingu Ed. á frv. síst til bóta.

Frsm. 3. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leiða athygli hv. deildar að því, að síðan Nd. kvað upp sinn dóm í málinu, hefir þannig skipast um fjárl., að á þeim er orðinn 260 þús. kr. tekjuhalli. Jeg fæ því ekki sjeð, að Nd. geti fært nokkra gilda ástæðu fyrir því að skifta þannig um skoðun í þessu máli. Jeg hygg nú líka, að vald Nd. ætti að vera meira í fjármálum en háttv. Ed., enda eru þar helmingi fleiri þingmenn. Það væri því að snúa öllu öfugt að fara nú að beygja sig fyrir Ed. í þessu máli. Svo að jeg víki aftur að málinu sjálfu, þá er þess tæplega að vænta, að þingið geri tvent í senn, að sjá fyrir og bæta úr hinni miklu tekjuaukaþörf ríkissjóðs og um leið að ljetta af sköttum.

Hv. þm. V.-Húnv. lýsti því yfir fyrir hönd sína og hv. form. fjhn., að mjer skildist, að þeir teldu breytingar Ed. síst til bóta. Þá vil jeg fara þess á leit við þessa hv. þm., að þeir hjálpi mjer til að færa frv. aftur í það horf, sem Nd. gekk frá því, og virðist ekki til mikils mælst, aðeins þess, að þeir fylgi sinni yfirlýstu stefnu og skoðun í málinu. Málinu stafar ekki hætta af þessu, því að verði mín till. samþ., er því borgið í Ed. Jeg get fullvissað hv. þm. um, að Íhaldsmenn í Ed. munu ekki ganga á móti málinu, og þarf þá ekki nema tvo menn úr stjórnarliðinu til þess að meiri hluti fáist með því, og ætti að mega vænta þess, að þeir fengjust, þar sem tveir ráðherr-

arnir eiga sæti í Ed. og þetta frv. er stjfrv. og með till. minni fært í sama horf og það kom frá stjórninni.

Sigurður Eggerz: Það kom fram hjá hv. þm. V.-Húnv., að hann vildi, að Nd. beygði sig fyrir Ed. í þessu máli. Það hygg jeg, að sje að snúa öllu við. Jeg hygg, að það sje tilætlunin, að þessi deild eigi að hafa meiri völd í fjármálum, enda sýnir það sig á því, að fjárlagafrv. á fyrst að leggjast fyrir Nd. Jeg verð að leggja mikla áherslu á þetta. Jeg hygg nú, að horfi vel um, að þessi hv. deild geti komið fram yfirlýstum vilja sínum í þessu máli, úr því að annar stærri flokkurinn í Ed. er með, og hv. þm. V.-Húnv. hefir upplýst, að hann og væntanlega flokksbróðir hans í fjhn. óski helst að halda við sína fyrri stefnu í málinu og telji breytingar hv. Ed. ekki til bóta. Jeg vil ekki trúa því, sem talað er í krókunum um, að þetta eigi að vera uppfylling einhverra skilmála, er stuðningsflokkur stjórnarinnar hafi sett henni, og að deildin fari nú að víkja frá sinni fyrri stefnu. **(Forsrh. TrÞ:** Hvers vegna ekki?). Af því að jeg hjelt ekki, að kúgunin væri svo hörð, að stjórnarflokkurinn mundi þannig breyta um afstöðu, sem hann hefir fyrir skemstu tekið með nafnakalli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Aðstaðan í þessu máli er nú mjög breytt frá því að það var síðast hjer til umr. Það má nú telja, að ríkissjóði hafi verið trygðar auknar tekjur, og þegar svo er komið, víkur málinu alt öðruvísi við. Eins og á stóð þegar málið var hjer til umr. síðast, var þess ekki að vænta, að hv. þdm. sæju sjer fært að fella þetta niður, en nú tel jeg, að aðstaðan hafi breytst, svo að jeg vil mæla með því, að þessum tollum, sem vitanlegt er, að hvíla mjög þungt á öllum almenningi í landinu, verði ljett af.

Magnús Jónsson: Jeg býst ekki við, að mikið þýði að tala um þetta mál; það lítur út fyrir, að nú sje endanlega um samið og ákveðið, hvernig það eigi að fara. En jeg get þó ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að mjer þykir kveða nokkuð undarlega við hjá háttv. þm. V.-Húnv. og hæstv. forsrh. Þeir tala um breytta aðstöðu frá því að málið var hjer síðast á ferðinni. Það er að vísu satt, að aðstaðan hefir breytst, — en hefir hún breytst til hins betra? Jeg hefi heyrt, að þau tekjuaukafrv., sem eru á ferðinni gegnum þingið, muni nema um 1 milj. kr., ef samþ. verða, en hinsvegar er nú tekjuhalli fjárl. orðinn þegar um 260 þús. kr., eins og bent hefir verið á, og óðum miðar áfram frv., sem heimila stj. að ráðast í stórkostlegan kostnað. Ef þau verða samþ., sem allar horfur eru á, hygg jeg, að þessi 1 miljón hrökkvi mjög skamt, því að það ætla jeg, að það skifti miljónum, sem talað er um að heimila stj. að leggja fram utan fjárlaga. Útkoman er þá sú, að að því leyti, sem aðstaðan hefir breytst, hefir breytingin miðað í þá átt að auka þörfina fyrir tekjuauka. Hin breytta aðstaða, sem talað er um, gefur því engan veginn tilefni til þess að ljetta af sköttum, nema síður sje.

Jeg vil ennfremur vekja athygli á þeirri stefnubreyting í skattamálum, sem hjer kemur fram. Sú stefna hefir hingað til verið ráðandi að tolla munaðarvörur, og til þeirra má telja kaffi og sykur, umfram nauðsynjar. Þó að segja megi, að kaffi og sykur sje í raun rjettri orðið að nauðsynjavörum, þá er þó hitt víst, að af báðum þessum vörum er notað langt um þarfir fram, og má þó sá hlutinn teljast óþarfavara. Næst hefir svo verið seilst í nauðsynjavörur, með almennum vörutolli, og seinast af öllu hefir verið gripið til þess ráðs að tolla það, sem talist getur nauðsynlegt til framleiðslunnar í landinu, og hafi það verið gert, hefir verið talið sjálfsagt að ljetta slíkum tollum af svo fljótt sem unt hefir verið. En hvað er svo það, sem nú er að gerast? Um leið og verið er að hækka toll á vörum, sem nauðsynlegar eru til framleiðslu í landinu, svo sem kolum og salti, telur hæstv. forsrh. (TrÞ) sig mjög fúsan til að lækka toll af kaffi og sykri. Þegar litið er á þetta, verð jeg að segja, að jeg undrast það ekki og mjer þykir líka vænt um að heyra það, að hv. þm. V.-Húnv. er ekki ljúft að ganga að frv. eins og það nú er. Enda er sú skoðun, sem hann hefir lýst, alveg í samræmi við okkar stefnu í tollamálum, að jeg ekki tali um þá stefnu, sem þessi hv. deild hefir tekið fyrir nokkrum dögum og slegið fastri. Og þegar andstæðingar stj. heita henni fylgi sínu til þess að færa stifrv. í það horf, sem það var frá hennar hendi, og fá slík svör, þá er ekki að undra, þótt þessi orð kæmu fram á varir hv. þm. Dal. um uppfylling einhverra „paragrafa".

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg býst við, að hv. 1. þm. Reykv. verði að reka sig á það í ýmsu nú um hríð, að alt verði ekki talið algilt, sem áður hefir verið talið gott og gilt. Eftir að Íhaldsflokknum hefir nú verið velt úr völdum, þarf engan að undra, þótt ekki verði farið eftir hans stefnu. Það er alment álitið, að það eigi eftir megni að ljetta tollum af nauðsynjum, og þessi tollur kemur mjög hart niður á fátækari hluta þjóðarinnar. Jeg slæ því líka föstu, að aðstaðan er nú breytt til hins betra, á þá leið, að það er nú nokkurn veginn trygt, að nægar tekjur fáist í ríkissjóðinn.

Magnús Guðmundsson: Jeg held, að kaffi- og sykurtollurinn sje eini tollurinn, sem ekki hefir verið hækkaður neitt síðan fyrir stríð, og í því felst í raun og veru mikil lækkun samanborið við aðra tolla.

Það er auðvitað rjett, að sykur er að vissu leyti nauðsynjavara, en hann er notaður hjer langt umfram nauðsyn, og jeg get ekki sjeð neina sanngirni í að taka þessar vörutegundir einar út úr. — Viðvíkjandi afstöðu hv. Ed. til þessa máls skal jeg upplýsa það, að það stóð á því einu, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur atkvgr. Ef hann hefði verið við, þá hefði breytingin á frv. fallið, því að jeg skil ekki í, að hann hefði gengið á móti því frv., sem hann hafði sjálfur borið fram. Jeg þykist vita, að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur, þegar málið kemur aftur til Ed., og standi við sitt frv., og sömuleiðis hinn ráðh., sem þar á sæti, og er þá málinu óhætt. Mjer þykir ólíklegt, að svo mikil áhersla sje lögð á þetta, að

við því megi búast, að Ed. felli frv., ef Nd. gerir breytingu á því nú.

Hæstv. forsrh. lýsti yfir, að mjer skildist, að samkomulag hefði orðið milli flokkanna um þetta mál. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg sagði, að samkomulag hefði orðið um auknar tekjur). Hæstv. ráðh. sagði miklu meira. Hann sagði, að nú væri fengin vissa fyrir, að nægar tekjur fengjust í ríkissjóðinn. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg gerði ráð fyrir því). Slíka vissu getur hæstv. ráðh. ekki haft nema með baktjaldasamningum, og verð jeg að segja, að mjer þykir einkennilegt að lýsa slíku yfir úr ráðherrastóli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. kom með mjög mikilsverðar upplýsingar í þessu máli, sem sje að sykur væri eina varan, sem ekki hefði verið hækkaður tollur á síðan fyrir stríðið. En í þessu felst líka viðurkenning allra þinga, sem síðan hafa verið háð, um það, að sykur er orðinn nauðsynjavara. Hv. þm. var ennfremur að tala um baktjaldasamkomulag með ákafri fyrirlitningu. Já, það er ekki að undra, þótt hann telji það fyrirlitlegt, að þeir, sem með völdin fara og ábyrgðina hafa, tali í fullri alvöru um það sín á milli, hvernig eigi að sjá hag ríkisins sem best borgið! Jeg verð að segja, að það er tvöföld ástæða til að vera sem best á verði um þetta vegna ósæmilegrar framkomu Íhaldsmanna á þingi í fjármálefnum. Þeir, sem hafa sýnt slíkt ábyrgðarleysi í till. sínum um þessi mál, ættu ekki að tala með fyrirlitningu um fyrirhyggju okkar fyrir hag ríkisins.

Halldór Stefánsson: Þetta mál var tekið á dagskrá áður en fjhn. gat borið sig saman um það. Jeg átti í fundarbyrjun aðeins lauslega tal um þetta við frsm. nefndarinnar, hv. þm. V.-Húnv., og sagði jeg honum, að ekki væri annað um það að segja af hálfu nefndarinnar en að hún hefði um það óbundin atkv. Jeg vil aðeins lýsa því hjer yfir, að mín aðstaða er alveg óbreytt, og þó telja megi, að sykur sje að nokkru leyti nauðsynjavara, þá er neyslan alveg óhófleg. — Af síðustu skýrslum má sjá, að árlega er innfluttur sykur, sem nemur um 36 kg. á mann, og er slíkt auðvitað alveg gegndarlaus eyðsla og langt umfram nauðsyn.

Frsm. 2. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Mjer finst það koma úr hörðustu átt, þegar Íhaldsmenn eru að tala um, að Nd. megi ekki láta Ed. taka af sjer ráðin. Hverjir hafa komið þeim sið á aðrir en Íhaldsmenn, að láta Ed. ráða öllu? Það var svo í fyrra, þegar Íhaldsmenn rjeðu lögum og lofum í Ed., að hún hafði völdin, ekki aðeins um almenn mál, heldur einnig fjárlög. En þó að jeg sje yfirleitt andvígur því, að Ed. taki ráðin af Nd., tel jeg það vel farið í þessu máli.

Hvað er óeðlilegt í því, sem hv. 2. þm. G.-K. vítir, að þingið bæði samþykki tekjuaukafrumvörp og jafnframt lækki eða ljetti alveg af öðrum sköttum? Mjer finst þetta ekki aðeins eðlilegt, heldur líka sjálfsagt. Hjer liggja nú fyrir þinginu að minsta kosti ein níu tekjuaukafrumvörp, og eftir því sem fjhn. beggja deilda skila frá sjer nál., og eftir því sem þingið

hefir samþykt frv., má ætla, að samþykt verði tekjuaukafrv., er nemi samtals um 1300 þús. kr. Það er sennilegt, að eitthvað af þeim verði felt, en þegar svo miklar breytingar eru gerðar á fjármálum landsins, þá er ekki nema eðlilegt, að tilfærslur sjeu gerðar um leið, lagaðar verstu misfellurnar á núverandi skattakerfi. Annars er það auðvitað ekkert leyndarmál, að sá meiri hl., sem er á þessu þingi, ætlar sjer að ráða því, hvaða skattar verða á þjóðinni yfir fjárhagstímabilið árið 1929.

Það er augljóst, að þegar stjórnarflokkurinn kemur með tekjuaukafrumvörp fram á þingi, en Íhaldsflokkurinn virðist ætla að standa sem klettur á móti því, að flest tekjuaukafrumvörpin nái fram að ganga, þá stendur Framsóknarflokkurinn fast með þeim frumvörpunum, sem hann býst við að sje hægt að fá samþykt. En þegar sjeð verður, að við jafnaðarmennirnir erum að vísu ekki eins og íhaldsmennirnir yfirleitt mótfallnir því að auka tekjur ríkissjóðs og auka framkvæmdir í landinu, en þó hinsvegar ekki tilleiðanlegir til að samþykkja ýms frumvörp stjórnarflokksins, þá verður auðvitað að fara þær leiðir að hafa samvinnu um þessi mál milli jafnaðarmanna og Framsóknarflokksins. Og þá er ekki nema eðlilegt, að einhverjar tilfærslur sjeu gerðar á einstökum tekjuliðum, eftir því sem hentast þykir. Annars hjelt jeg, að þeir hv. íhaldsmenn, sem talað hafa í þessu máli, hefðu fylgst svo vel með í þeim nál., sem fjhn. beggja deilda hafa sent frá sjer, að þeir hefðu sjeð, að þótt flokksbræður þeirra geri klofning í nefndunum, þá stendur meiri hl. þó fast saman um öll frv. Það þarf ekki að benda á annað en þetta, sem öllum ætti að vera ljóst, til að sýna, að samvinna á sjer að nokkru leyti stað um tekjuaukalög þessa þings milli jafnaðarmanna og framsóknarmanna.

Hv. 1. þm. Reykv. tók upp þann undarlega sið, að berjast á móti sínu eigin kjördæmi, með því að berjast á móti því, að kaffi- og sykurtollurinn væri lækkaður, sem er áreiðanlegt að kemur harðara niður á fáum heldur en alþýðunni í Reykjavík, en hv. þm. býst víst ekki við að eiga mörg atkv. í hópi þeirra manna. Það ætti þó íhaldsmönnum að vera ljóst, að hjer verður að finna einhverjar aðrar leiðir í fjármálunum heldur en þær, sem fylgt var á meðan þeir voru við völd. (**MG:** En hvað lagði stjórnin til?). Jeg hefi þegar talað um það.

Þá gat hv. 1. þm. Skagf. þess, að hæstv. fjmrh. myndi hafa greitt atkv. á móti brtt. í hv. Ed., ef hann hefði verið viðstaddur. Jeg veit satt að segja ekki, hvaðan hv. þm. (MG) kemur umboð til að koma með yfirlýsingar fyrir hönd hæstv. fjmrh. nje finst mjer honum farast að reyna að verja gerðir hæstv. fjmrh. frá sínu eigin sjónarmiði, því að jeg hygg, að hann hafi nóg að gera við að verja sjálfan sig; en annars hygg jeg, að hv. 1. þm. Skagf. muni vera orðinn svo vanur samvinnu og sambræðslu í nefndum, að hann viti það fullvel, að menn ganga jafnvel inn á mikilvægar breytingar á sínum eigin frv., ef þeim er betur borgið með því, og væri því full ástæða til að ætla, að hæstv. fjmrh. mundi hafa greitt brtt. atkv. heldur en að fá ýms önnur tekjuauka-

frumvörp sín limlest. Jeg vil taka það skýrt fram, að jeg rengi algerlega ummæli þessa hv. þm. (MG) um fyrirætlanir og hugsanir hæstv. fjmrh., þar til frekari sannanir liggja á borðinu.

Frsm. 1. minni hl. (Hannes Jónsson): Jeg verð að lýsa yfir því, að mjer þykir gott að heyra það, að allir íhaldsmenn, sem talað hafa, virðast vera því mjög fylgjandi, að ríkissjóður njóti allra þeirra tekna, sem hægt er að afla. Jeg skal einnig lýsa því yfir strax, að jeg kunni að hafa misskilið eitthvað hv. formann nefndarinnar, því eins og hann tók fram, þá áttum við aðeins lauslegt tal um þetta mál, og að sjálfsögðu hafa allir nefndarmenn óbundin atkvæði.

Jeg sagði það, að jeg myndi sætta mig við þessa ráðstöfun hv. Ed. á málinu, þótt jeg sje ekki ánægður með hana að öllu leyti. Jeg skal samt taka það fram, að þetta álit mitt byggist aðallega á því, að jeg tel, að við megum ekki sleppa neinum þeim tekjum, sem hægt er að ná í, jafnvel þó að þær megi eitthvað órjettlátar heita, og um sykurtollinn vil jeg taka það fram, að jeg er fyrir löngu kominn að þeirri niðurstöðu, að hann sje einna órjettlátastur af öllum tollum, þegar á það er litið, að eitt kíló af sykri kostar 40 aura erlendis, en tollurinn af því verður um 50%. Það er því orðinn allverulegur tollur á vöru, sem jafnmikið er notuð eins og tilfellið er með sykur. Jeg mun því fylgja fram frv. eins og það nú er, þrátt fyrir það, þótt hv. 2. þm. G.-K. hafi komið fram sem nokkurskonar umboðsmaður Íhaldsflokksins, eða þess hluta hans, sem nú á sæti í Ed., um að standa saman á móti frv. Jeg hefi að vísu enga ástæðu til að rengja þetta, en dálítið undarlegt er það þó, vegna þess að við þær umr., sem hjer fóru áður fram í deildinni um þetta mál, þá greiddu tveir flokksbræður þessa hv. þm. (ÓTh) atkvæði með þeim brtt., sem fram komu við 2. umr. málsins, en það voru þeir háttv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., svo að jeg sje, að þessi breyting á frv. á líka ítök í Íhaldsflokknum. En það má vel vera, að meiri hl. flokksins vilji heldur halda þessum lögum óbreyttum eins og þau eru nú, eins og hv. 2. þm. G.-K. tók fram.

Jeg hefi svo ekkert frekar um þetta að segja, en jeg get tekið það fram aftur, sem jeg sagði áðan, að helst hefði jeg kosið, að frv. hefði verið samþykt óbreytt í Ed., og stafar það af því, að jeg álít, að ríkissjóður hafi fylstu þörf tekjuauka fyrir það, sem hann missir, en ekki af því að jeg telji þennan toll svo rjettmætan, því að jeg viðurkenni það, að sykurtollurinn er að hundraðstölu órjettmætur. Kaffitollurinn er, þótt órjettmætur sje, nokkru skárri.

Magnús Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sjer kæmi það undarlega fyrir sjónir, að jeg skyldi vera að berjast hjer á móti mínu eigin kjördæmi, og að jeg myndi ekki þurfa að vænta margra atkvæða fyrir það, skildist mjer, ef jeg ekki fylgdi þessari breytingu á frv. Jeg veit ekki, hvað kjósendur þessa hv. þm. hafa lagt honum fyrir, þegar kosið var síðast, en jeg var ekki kosinn með það fyrir augum að samþykkja neinar breytingar á

sykurtollinum, og ef hv. þm. ætlar að gefa það í skyn, að jeg muni ná fáum atkvæðum fyrir þessa frammistöðu mína, þá get jeg upplýst hv. þm. um það, að meðal þeirra manna, sem drekka kaffi og eta sykur, hefi jeg fengið fleiri atkvæði heldur en hann. Jeg veit heldur ekki til, að sú neysla sje neitt flokksmál, — eða hví berst þá hv. þm. á móti sínu kjördæmi í kolatollinum, sem aðallega er lagður á Reykjavík? Jeg vildi gjarnan vera með í því að ljetta tollum af þjóðinni, en þegar um margt er að ræða, þá tel jeg meira vert um það, að íþyngja ekki framleiðslunni heldur en að þeir tollar sjeu lækkaðir, sem lengi hafa verið í gildi og lenda á óþarfavörum. Það, sem jeg víti, er það, að fara að ljetta af því, sem hingað til hefir verið talið munaðarvara, en tollur aftur lagður á framleiðsluvörur, og jeg álít, að jeg geri alveg rjett fyrir mitt kjördæmi, þegar jeg stend á móti slíku.

Jeg er sammála hv. 1. þm. N.-M. um það, að það felst viðurkenning um það, að sykur sje ekki fullkominn óþarfi, í því, hve hægt hefir verið farið í það á undanförnum þingum að hækka þann toll. En eftir stefnu hæstv. forsrh. skildist mjer helst, að ætti að taka sykurinn alveg út úr tollögunum og setja hann undir vörutollslögin eins og aðrar nauðsynjavörur.

Jeg tek ekki með þökkum þeirri ásökun frá hv. samþingismanni mínum (HjV), að jeg berjist á móti mínu kjördæmi. Jeg er þvert á móti að verja það með minni stefnu í skattamálum. En hv. þm. gerir það, sem óafsakanlegt væri, ef þessi kjördæmapólitík ætti að ráða, sem jeg mótmæli, þegar hann er með því að hækka tekjuskattinn.

Jeg skal ekki þræta um, hvort það er rjett, sem sumum hv. þm. hefir reiknast, að tekjuaukarnir muni nema 1300 þús. kr., en það er áreiðanlegt, að slíkir tekjuaukar, í því árferði sem nú er, horfa til stórvandræða, og hvernig það getur verið rjettmætt, þegar verið er í fleiri greinum að þyngja skattana, að þá er samtímis verið að ljetta af skatti, sem verið hefir, er mjer alls ekki ljóst.

Það gæti verið ástæða til að ræða dálítið við hæstv. forsrh., sem fór að tala um það dæmalausa ábyrgðarleysi, sem Íhaldsflokkurinn sýndi hjer. En það er dálítið skrítið að tala mikið um það nú, eftir að flokkur hæstv. ráðh. hefir samþykt flest af því, sem fulltrúar Íhaldsflokksins í fjvn. Nd. fóru fram á. Þetta var, meira að segja, samþykt af öllum þingflokkum.

Hvað snertir lengingu þingtímans með löngum umræðum, þá held jeg, að margir eigi þar óskilið mál; jeg hefi t. d. aldrei vitað það áður, að gerður væri eldhúsdagur að fráfarandi stj. í sambandi við samþykt landsreikningsins. Það hefir verið venjan að afgreiða það mál á einum stundarfjórðungi, en nú taka menn sig til og gera eldhúsdag út af þessu tilefni. Og það eru fylgismenn hæstv. stjórnar, sem þetta gera. Mjer finst líka óviðfeldið að vera altaf að rífast um það, hve lengi þingið standi. Menn verða að vera frjálsir að því, hvað og hvernig þeir tala, á meðan þingið er kosið og látið starfa eftir almennum þingræðisreglum.

Hæstv. forsrh. sagði, að nú væri

fengin trygging fyrir því, að nauðsynlegir tekjuaukar tengjust. Það væru að vísu útgjaldaheimildir á ferðinni, en stjórnin skyldi sjá um, að ekki yrði of mikið úr þeim. Þetta hljómar nokkuð einkennilega; það er eins og hæstv. ráðh. segði: Samþykkið þið bara heimildirnar, við skulum sjá um að svíkjast um það alt saman, eða við framkvæmum það ekki frekar en verkast vill.

Hæstv. forsrh. sagði, að jeg yrði að sætta mig við það, að nú væri ekki alt tekið gott og gilt, sem hingað til hefði viðgengist. Þetta eru athyglisverð orð, þegar þau koma frá hæstv. forsrh. í umr. um tollmál eins og þetta. Jeg vil þá spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort það, að ljetta tolli af tollvörum og leggja hann aftur á nauðsynjavörur framleiðslunnar, sje sú stefnubreyting, sem vænta má af hinum nýju valdhöfum?

Eða átti hæstv. ráðh. við það, að hin nýja stefna þessarar hæstv. stjórnar birtist í því, að hún ber fram frumvörp og berst svo með hnúum og hnefum á móti því, að þau sjeu samþykt óbreytt?

Jeg skal játa, að ef svo er, þá er hjer alveg um stefnubreyting að ræða frá því, sem áður tíðkaðist.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvort hjer væri um stefnubreytingu að ræða hjá stjórninni í þessu máli, eða hvort þetta væri beinlínis stefna hennar að því er kaffi- og sykurtollinn og svo kolatollinn snertir. Jeg get sagt hv. þm. það, að nú er verið að útbýta eða í þann veginn að útbýta till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að athuga skattamálin; á sú nefnd að hafa lokið sínu starfi fyrir næsta þing, og stendur allur flokkurinn að þeirri nefndarskipun. Með þeirri tillögu liggur fyrir yfirlýsing stjórnarflokksins um það, að hjer sje aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða í skattamálunum.

Út af því þrefi, sem verið hefir um ábyrgðarleysi Íhaldsmanna, er það að segja, að það þýðir ekki fyrir hv. þm. (MJ) að vitna í það, að nú hafi alt þingið fyrir þeirra tilverknað lagt sig til að útvega aukin fjárframlög til verklegra framkvæmda. Það frábæra, sem fram kom hjá Íhaldsmönnum, var það, að þeir vildu láta ákveða fje til verklegra framkvæmda með stórkostlegum tekjuhalla á fjárlögum. Það er ákaflega vel viðeigandi, að sá stjórnmálaflokkur, sem ber ábyrgð á fjáraukalögunum miklu, beri einnig ábyrgð á þessari tillögu um að framkvæma fyrir tekjuhalla.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsætisráðherra vildi halda því fram, að mjer skildist, að það væri besta sönnunin fyrir því, að það ætti að lækka sykurtollinn meira en nú er, að það hefði verið undan felt á síðustu þingum að hækka hann. Jeg get nú ekki sagt, að það sje sönnun fyrir því, að ívilna eigi ennþá meira, þótt ívilnað hafi verið áður, og það er ekki hægt að neita því, að sykur er alt of mikið notaður hjer á landi, enda er það viðurkent af hv. form. fjhn. (HStef), og þess vegna dugir ekki að vísa til þess, að þetta sje nauðsynjavara, enda eru hjer á landi tollaðar nauðsynjavörur,

sem eru alls ekki minna áríðandi heldur en sykur.

Svo er baktjaldasamkomulagið. Hæstv. forsrh. viðurkendi, að það hefði verið samkomulag um það á milli þeirra flokka, sem styðja stj., hvaða mál ættu að ganga fram, og var að benda okkur á, að Íhaldsmönnum færist ekki að vera að stökkva upp á nef sjer út af þessu, því að það værum ekki við, sem ættum að ráða. Jeg hjelt nú samt, að þótt við værum í minni hl. á þingi, þá ættum við þó okkar skoðanir og mættum greiða atkv. Jeg álít það auk þess of langt gengið að auglýsa það blátt áfram, að á bak við tjöldin sje því fyrst slegið föstu, hvað af málum eigi að ganga fram. En jeg vildi þá gjarnan spyrja hæstv. forsrh., úr því að hann er á annað borð svona opinskár, hvað jafnaðarmenn eiga þá að fá í staðinn. Hvaða laun þeir fá fyrir þægðina og hvað Framsóknarmenn fylgja þeim í mörgum málum í staðinn.

Hæstv. ráðh. sagði það beinlínis, að Íhaldsmenn væru að tefja þingið með óþarfa umr. Jeg neita því algerlega, að nokkur fótur sje fyrir þessu, en hitt er það, að við teljum okkur heimilt að láta uppi okkar skoðanir, og jeg er alveg óhræddur við að bera það saman, hvernig við tölum hjer og vinnum í nefndum, samanborið við vinnubrögð á undanförnum þingum, enda mun hægt að sýna fram á ýmislegt í þeim efnum.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að það væri undarlegt, að við vildum nú láta þungamiðju þessa máls vera í Nd., þar sem við vildum í fyrra samþykkja það, að frá fjárl. skyldi gengið eins og þau komu þá frá Ed. En hv. þm. ætti þó að muna það, þar sem hann átti hjer sæti í fyrra, að þrátt fyrir það, þótt stj. væri í minni hl. í Nd., voru þó feldar allar brtt., sem fram komu við frv. í fyrra; það var þó ekki svo, sem það væri bannað að bera fram brtt., þær komu fram, en voru feldar, og þess vegna var frv. samþykt eins og það kom frá Ed. En það var alveg rjett, að stjórnarflokkurinn stóð á móti öllum breytingum, en það er samt svo fjarri því, að það væri nokkurntíma viðurkent af Íhaldsflokknum, að efri deild ætti að hafa meira að segja í fjármálunum heldur en neðri deild.

Hv. þm. var líka að gorta af því, að hann og hans flokksmenn hefðu nú öll ráðin í tollamálunum. Já, við vitum það, en hv. þm. þarf ekki að vera að lýsa yfir því, hvað eigi að samþykkja og hvað ekki. Við Íhaldsmenn erum farnir að sjá það. En mjer þykja þessir styrktarmenn stjórnarflokksins, jafnaðarmennirnir, nokkuð harðir við stj., þegar þeir heimta, að hún gangi á móti mikilsvarðandi atriðum í þessu frv., sem hún hefir sjálf lagt fram í þinginu.

Hv. þm. (HjV) vildi efast um það, að jeg hefði skýrt rjett frá afstöðu hæstv. fjmrh. Jeg sagði ekki annað en það, að jeg byggist við, að hæstv. ráðh. myndi standa við það, sem hann hefði borið fram. **(HjV:** Nú er háttv. þm. kominn á flótta). Hefir hv. þm. nokkuð að flytja frá hæstv. ráðh. í þessu máli? Jeg hefi sagt, að jeg treysti því, að hann standi við það, sem hann hefir borið fram, og jeg hefi það traust á hæstv. ráðh., að hann standi betur en flestir aðrir við það, sem hann ber fram.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð til hv. 1. þm. Skagf. Jeg sagði ekki, að lækkanir undanfarandi þinga á sykurtollinum væri sönnun þess, að hann ætti að lækka ennþá meira. En jeg benti á, að þjóðin hefði viðurkent nauðsyn þessarar vöru með því að reyna að komast hjá háum tolli á henni.

Honum þótti það langt gengið, að þeir, sem ábyrgð bera á stjórninni, komi sjer saman um, hvernig nægjanlegra tekna skuli aflað. Það er stjórnviska, sem sæmir höfundi fjáraukalaganna miklu, að hugsa ekki fyrir samkomulagi um þau tekjuaukafrv., sem nauðsynleg eru, fljóta sofandi að feigðarósi, láta hending ráða, hvað nær fram að ganga og hvað ekki, hvort ríkissjóður fær nægar tekjur eða ekki. Slíkt er óviturra manna ráð Það getur verið, að hv. þm. hafi lifað eftir þessari reglu, meðan hann var ráðherra. En jeg ætla mjer ekki að gera það. Stjórnin mun aldrei láta það vera undir tilviljun komið, hvort nægjanlegar tekjur fást, eða hvernig sjeð er fyrir fjárstjórn landsins. Hún mun ávalt vaka yfir því að tryggja forsvaranlega afgreiðslu fjárlaga. En meðan minni hl. sýnir annað eins ábyrgðarleysi í fjármálum þjóðarinnar og íhaldsmenn hafa sýnt, þá er tilgangslaust að ræða þau mál við hann. Meðan Framsókn var í minni hl., hegðaði hún sjer öðruvísi. Hún neitaði ekki stj. um nauðsynleg skattalög. Þetta hefir mælst svo illa fyrir hjá þjóðinni, að jeg vona, að þeir sjái að sjer og sýni meiri ábyrgðartilfinning í starfi sínu að málum þjóðarinnar. Hv. þm. spurði, hvað af tekjuaukafrv. ætti að ganga fram. Það getur hann sagt sjer sjálfur, hafi hann nent að lesa þingskjölin. Fjhn. er búin að athuga þau og taka afstöðu til þeirra, svo að hv. þm. er vorkunnarlaust að sjá fyrir, hvað af þeim verður samþykt og hvað ekki. Jeg ber það á hv. þm., að hann hafi ekki sint nægilega þingstörfum, metið of mikið málfærslu sína úti í bæ, ef hann getur ekki svarað sjer sjálfur.

Svo hneykslast þessi hv. þm. á því, að þeir menn, sem ábyrgð bera á stj., koma sjer saman um, hvernig ríkissjóði skuli sjeð fyrir nægjanlegum tekjum!

Annars ferst þessum hv. þm. ekki að tala um það, þó menn breyti atkv. sínum. Má minna hann á tóbakseinkasöluna. Það situr ákaflega illa á honum að draga líkingu milli sín og núverandi fjmrh. Það er slíkt djúp milli aðstöðu þessara tveggja manna, milli þingsögu þeirra, að hann ætti ekki að voga sjer að nefna hæstv. fjmrh. við hliðina á sjer.

Afstaða stj. er sú, að tryggja ríkinu nægilegar tekjur, en hitt telur hún minna um vert, að rígbinda sig við vissar tillögur.

Frsm. 3. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hefi þegar talað tvisvar sinnum; en þar sem jeg flyt þýðingarmikla brtt., vona jeg, að hæstv. forseti leyfi það, að aths. mín verði nokkuð löng.

Jeg skal leyfa mjer að lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ráðh. hefir talað hjer í dag. Við eigum því ekki að venjast nú orðið að fá að hlýða á hans skemtilegu rök.

Hæstv. ráðh. var að skýra frá, að hann ætlaði sjer að breyta atkv. sínu, ætlaði sjer að greiða öðruvísi atkv. í þessu máli nú heldur en hann gerði fyrir fáum dögum. Og það er spaugilegt að hlýða á hæstv. ráðh. skýra frá þessu um leið og hann er að álasa Ihaldsmanni fyrir að hafa greitt atkv. öðruvísi en hann hafði gert mörgum árum áður. Frá bæjardyrum hæstv. ráðh. sjeð virðist þó vera eðlilegt að gerbreyta atkvæði sínu á fáum dögum.

Hann ber þau rök fram til að afsaka snúning sinn, að sjer sje mjög ljúft að fella niður toll á kaffi og sykri, ef það sje hægt. Nú sjeu líkur fyrir, að ýms tekjuaukafrv. verði samþykt, og þess vegna geri hann það óhikað. En nú munu öll þau tekjuaukafrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið, vera runnin frá stj., hvernig sem þau eru feðruð. Öll þessi frv. voru komin fram, er hæstv. ráðh. greiddi atkv. um þetta mál. Það er því einungis um tvent að gera. Annaðhvort hefir stj. borið fram frv. um meiri tekjuauka en þörf var á, eða hún ætlar nú að sætta sig við tekjuhalla á fjárlögunum. Jeg geri ekki ráð fyrir að óreyndu, að stj. þekki ekki örðugleika atvinnuveganna, eins og allir aðrir borgarar þessa lands. Og jeg vil ekki gera ráð fyrir, að stj., undir þessum kringumstæðum, hafi farið að bera fram alóþörf frv., til þess að seilast ofan í vasa gjaldþegnanna dýpra en nauðsyn bar til.

Það vill svo vel til, að á Alþingi 1926 hefir hæstv. ráðh. felt úrskurð í þessu máli. Þá var um það rætt, hvort heppilegra væri, ef ríkissjóður á annað borð mætti missa tekna, að lækka skatta á framleiðslunni eða tolla á ónauðsynlegum vörum. Þá greiddi hæstv. ráðh. atkv. um málið. Ef hæstv. ráðh. hefði þá álitið rjettara að fella niður tolla af kaffi og sykri heldur en kolum og tunnum, þá hefði hann átt að bera fram brtt. við frv. þess efnis. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg greiddi atkv. móti frv.). Jeg get sannað, að hæstv. ráðh. var með því, a. m. k. að sumu leyti. Hæstv. ráðh. hefir því selt skoðun sína í þessu máli fyrir fríðindi frá jafnaðarmönnum. Hjer er um að ræða valdboð frá jafnaðarmönnum til flokks hans.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að meiri hlutinn ætlaði sjer að ráða. En hvaða meiri hluti? Stj. ber þetta frv. fram, Nd. staðfestir það; engir aðrir en jafnaðarmenn greiða atkv. á móti því. Hvort er það stj. eða jafnaðarmenn, sem ætla að ráða? Nú á hv. Nd. að úrskurða um það, hvort ríkisstjórnin á að ráða, hvort almennur vilji þdm. á að ráða, eða hvort það er vilji jafnaðarmanna; hvort jafnaðarmenn eru hinir raunverulegu ráðendur landsins. Það er þetta, sem liggur fyrir til úrskurðar.

Jeg get verið mjög fáorður í svari mínu til annara hv. þm.

Háttv. 2. þm. Reykv. sagði, að þau tekjuaukafrv., sem nú lægju fyrir þinginu, mundu nema um 1300000 kr. Þetta má til sanns vegar færa, en er þó rangt. Hv. þm. telur tóbakseinkasöluna þar með, en víst er, að það frv. nær ekki fram að ganga. Tveir nefndarmenn leggja til, að það verði felt, aðrir tveir, að því verði vísað til stj., en hv. þm., sem er flm. frv., leggur einn til, að það verði samþykt, og þó sjálfsagt ekki af heilum hug.

Að lokum örfá orð til hv. þm. V.-Húnv.

Enn á ný hefir hann staðfest, að hann hefði helst kosið, að frv. hefði verið samþ. óbreytt í Ed. Nú ber jeg fram till. um að lögfesta það í sínu gamla horfi. Hann þarf ekki að veigra sjer við að ljá henni atkv. sitt, ekki að vera hræddur um, að samþykki hennar verði málinu að falli. Jeg hjet honum áðan stuðningi Íhaldsflokksins til að samþ. stjfrv. óbreytt. Jeg geri það enn, því Íhaldsmenn hafa greitt þessu frv. — eins og það verður eftir að samþ. hefir verið brtt. mín — atkv. sitt, og þá munu þeir gera það enn. Jeg veit ekki, hvað hæstv. forsrh. er liðugur í því að snúast, en Íhaldsmenn eru það ekki. Það eru og ekki allir Framsóknarmenn. Hv. 1. þm. N.-M. hefir lýst því yfir, að hans atkv. eigi að standa. Þess vegna skora jeg á hv. þm. V.-Húnv., sem vill vera með brtt. minni, en þorir það ekki, að fylgja mjer öruggur, því að hann hefir dóminn í hendi sjer. Jeg trúi því ekki, að af 6 Framsóknarmönnum í Ed. muni ekki finnast 2, sem fylgi því frv., sem stj. ber fram; einkum þar sem 2 ráðh. eru atkvæðisbærir í deildinni. Háttv. þm. er alveg óhætt að láta skoðun sína ráða í þessu máli; hann þarf þar alls ekki að fara að bænastað jafnaðarmanna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. 2. þm. G.-K. var að gera sig digran og hjelt því fram, að jeg hefði verið með lækkun á kolatollinum árið 1926. Hann hefði ekki þurft annað en líta í þingtíðindin 1926 til að spara sjer þessi ósannindi. Þar stendur í B-deild, 1478. dálki: Frv. samþ. að viðhöfðu nafnakalli og sagði nei: TrÞ.

Jón Sigurðsson: Jeg gerði ekki ráð fyrir að taka til máls undir þessum umr., en hæstv. forsrh. hefir fundist nauðsyn á að höggva til mín og hv. þm. Borgf. sjerstaklega í ákafa sínum í að sverta Íhaldsflokkinn.

Jeg ætla þó ekki að fara strax út í það, en snúa mjer fyrst að máli því, er fyrir liggur.

Þegar þessi mál eru athuguð, mun oft vera gott að gá að því, hversu nágrannaþjóðirnar skipa þeim hjá sjer. Jeg hefi gætt að þessu hjá þeirri þjóð, sem oss er líkust og lifir við svipaðasta staðhætti, Norðmönnum. Samkvæmt skjölum hefi jeg fundið, að sykurtollurinn hjá þeim er helmingi hærri en hjer á landi. Nú vita allir, að ekki stunda Norðmenn síður sjó en við, og lifa í þurrabúð. Þeir hafa þess vegna meiri ástæðu til að hafa lágan toll á sykri en við; þó er hann hærri hjá þeim.

Viðvíkjandi ummælum hæstv. forsrh. um ábyrgðarleysi okkar hv. þm. Borgf. spurði jeg hann að því, hver eðlismunur væri á útgjöldum þeim, sem stj. stofnar til í frv. sínum, og útgjöldum til verklegra framkvæmda. Jeg hefi ekki fengið svar. Samkvæmt venju er enginn eðlismunur á þessu. Honum mun tæplega takast að benda á eðlilegan greinarmun á þessu tvennu. Hvorttveggja er heimild. Stj. er það í sjálfsvald sett að færa þau útgjöld til. eða fella niður, samanber aðgerðir stj. 1923. Það er vægast sagt broslegt að heyra hæstv. ráðh. bregða okkur um ábyrgðarleysi, vegna þess að við flytjum till., er nema 200—300

þús. kr. útgjöldum til samgöngubóta, á sama tíma og hann og hans stuðningsmenn flytja útgjaldatillögur, er mundu skapa ríkissjóði yfir 3 milj. kr. tekjuhalla. Þegar svona er í pottinn búið, hittir löðrungurinn, er ráðherrann rjetti að okkur háttv. þm. Borgf., áreiðanlega fyrst og fremst hann sjálfan og stj. Hann ætti fyrst að gera hreint fyrir sínum eigin dyrum, áður en hann fer að ráðast á okkur háttv. þm. Borgf. fyrir þessar till. okkar um smáútgjöld til samgöngubóta. Þetta tal hans um ábyrgðarleysi okkar er því hrein og bein ósannindi, flutt móti betri vitund.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal ekki karpa um nauðsyn sykursins við hæstv. forsrh. Flestir munu viðurkenna, að það sje notað meira en nauðsyn ber til.

Það má vel vera, að búið sje að ráða máli þessu til lykta bak við tjöldin; þarf þá ekki að segja meir. En það er þó hart að vilja meina andstæðingunum að tala um málin í deildinni. Þetta hefir gengið svo langt, að hæstv. forsrh. hefir skipað hæstv. forseta að slíta umr., eftir að menn höfðu kvatt sjer hljóðs. Þetta hefir komið fyrir mig.

Hæstv. ráðh. nefndi tóbakseinkasöluna og fjáraukalögin miklu. Ferst honum varla að álasa mjer, þar sem nú líður varla mánuður milli þess, að hann greiðir atkv. í sama máli og þó sitt á hvorn hátt. En það liðu fimm ár milli þess, að jeg greiddi atkv. með tóbakseinkasölunni og þess, að jeg ljet vera að greiða atkv. um hana. Þetta er aðalvopn hæstv. forsrh. á mig. Held jeg, að jeg standi jafnrjettur eftir. En það mætti þá spyrja hann, hann, sem telur tóbakseinkasölu lífakkeri þjóðarinnar, hvers vegna hann tekur hana ekki upp, úr því að hann gortar af því, að hann ráði, þótt hann ráði reyndar engu og geri ekki annað en lyppast niður eins og ullarlopi fyrir sjer meiri manni, en ekki betri. Af hverju tekur hann hana ekki upp? Er það ekki af því, að hann hefir ekki jafnbjargfasta sannfæringu á ágæti hennar og hann vill láta sýnast? Meðan hann sýnir ekki trú sína í verkunum, þá verður honum ekki trúað.

Hann var að brigsla mjer um, að jeg rækti illa þingstörfin og ljeti málfærslu mína úti í bæ tefja mig. En þegar búið er að ákveða, hvað gera skuli og hvað ekki, bak við tjöldin, þá hefir það harla litla þýðingu. Ekki mun hann hafa þá ánægju af að heyra mig tala, að það taki því þess vegna. Annars vil jeg benda honum á, að jeg er hjer fult eins mikið og hann og mun rækja þingstörf mín fullkomlega á við það, sem hann rækir sín störf.

Hæstv. ráðh. var að vara mig við að nefna mig við hliðina á núverandi fjmrh. Jeg hjelt þó, að óhætt væri að líta á kónginn. Þegar fjáraukalögin miklu, sem hæstv. ráðh. nefnir svo, voru til umr. á þingi 1923, var hæstv. fjmrh. einn í nefnd þeirri, sem athugaði þau. Hver var þá hans dómur um þau? Nefndin var á einu máli um það, að umframgreiðslur hefðu ekki verið meiri en við var að búast. Allir þm. voru á einu máli um það. Hæstv. ráðh. fjekk ekki einn einasta á sitt mál þá.

Hæstv. ráðh. sagði, að er jeg ljet afnám tóbakseinkasölunnar hlutlaust, hafi ekki verið sjeð fyrir neinum

tekjuauka í staðinn; en þetta er rangt, því að samtímis var tollurinn hækkaður. Í sambandi við það lýsti hann yfir því, að nú lægju nóg tekjuaukafrv. fyrir þinginu. En hvaða tekjuaukafrv. hafa komið fram, síðan hæstv. ráðh. greiddi atkv. síðast um þetta frv. hjer í deildinni? Engin. **(Forsrh. TrÞ:** Vissa um, að þau verði samþykt, hefir komið fram síðan). Já, baktjaldasamningarnir við jafnaðarmenn hafa tekist síðan, með þeim úrslitum, að stj. og Framsóknarflokkurinn hefir látið svínbeygja sig svo, að þeir ætla að greiða atkvæði ofan í sjálfa sig. Það er því von, að hæstv. forsrh. sje hnakkakertur yfir valdi sínu. Nei, valdið er ekki hjá honum, það er hjá jafnaðarmönnum. Hæstv. forsætisráðh. má því ekki hreykja sjer hátt. Hann er að gera það, sem er miklu verra en það, sem jeg gerði, þegar um tóbakseinkasöluna var að ræða. Það líður mánuður á milli þess, að hann breytir um skoðun, en hjá mjer liðu fimm ár, án þess þó að jeg greiddi atkv. með afnámi einkasölunnar; jeg ljet það hlutlaust. Eftir þessu er þá hæstv. forsrh. 60 sinnum verri en jeg.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. 1. þm. Skagf. hefir beint til mín nokkrum orðum, sem jeg þarf að svara, en mun þó aðeins gera það lauslega.

Jeg vil geta þess út af ummælum hv. 2. þm. Skagf., sem talaði fyr, að þar sem hann var að tala um, að jeg vildi sverta Íhaldsflokkinn, þá er það alls ekki rjett. Jeg ljet það skýrt koma fram, að með því að hirta Íhaldsflokkinn væri jeg að reyna að vekja þá ábyrgðartilfinningu, sem jeg veit, að blundar innifyrir hjá hv. 2. þm. Skagf. og fleirum. Jeg get sagt það í viðbót, að jeg geri ráð fyrir, að þessi hugmynd, sem fólst í till. um framkvæmdir fyrir tekjuhalla, hafi ekki fæðst í heila hv. 2. þm. Skagf., nje hv. þm. Borgf.; hitt tel jeg sennilegra, að sú merkilega hugmynd sje frá einhverju öðru heilabúi Íhaldsflokksins, eða þessum „heila heilanna", sem hv. 2. þm. G.-K. ætti að kannast við.

Jeg þori hiklaust að vitna í það, hvernig jeg sem fjvn.maður og frsm. fjárl. og sem einn í minni hl. í fjögur ár sýndi í verkinu ábyrgðartilfinningu um það að afgreiða fjárl. á sómasamlegan hátt.

Hv. 1. þm. Skagf. þarf jeg ekki að svara nema örfáum orðum. Hann sagði, að jeg hefði skipað að slíta fundi. Það hefi jeg aldrei gert; jeg hefi ekkert vald til þess, og mundi það ekki verða tekið til greina, þótt jeg eða einhver annar þm. skipaði slíkt.

Hann sagði ennfremur, að jeg hefði talað um tóbakseinkasöluna sem lífakkeri. Það hefi jeg aldrei gert; en það var hv. 1. þm. Skagf., sem kallaði hana lífakkeri á sínum tíma, og meira að segja vann hann það þrekvirki að fá einn góðan og gegnan kaupmann hjeðan úr nágrenninu til þess að greiða atkv. með frv. við úrslitaatkvgr. hjer í deildinni. Jeg veit, að hv. þm. minnist þess mikla sigurs, þegar hann fjekk kaupmanninn með þessu máli.

Jeg var ekki að brígsla hv. þm. um það, að hann ynni slælega að þingstörfum, en jeg sagði það, að ef hv. þm. spyrði, hvað líklegt væri, að gengi fram af tekjuaukafrv., þá væri það af

því, að hann fylgdist ekki með. Öll frv. eru komin fram og nál. eru komin fram, svo að hafi hann fylgst með, veit hann, hvað muni ganga fram, og hefir hann þá spurt út í loftið.

Háttv. þm. sagði líka, að jeg gæti aldrei talað um sig án þess að nefna tóbakseinkasöluna og fjáraukalögin miklu. Það er nú svo. Mjer dettur í hug Jón biskup Ögmundsson; hann gat ekki annað en minst Ísleifs föstra síns, er hann heyrði góðs manns getið. Þetta er satt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að altaf þegar jeg minnist hans, stendur mjer fyrir hugskotssjónum mynd af fjáraukalögunum miklu og tóbakseinkasölunni. Það fylgir hv. þm. áreiðanlega til grafar, þetta hvorttveggja.

Hákon Kristófersson: Jeg ætlaði mjer að láta þessa umr. alveg hlutlausa. En það er eins og fyr, að hæstv. forsrh. hefir ekki treyst sjer til að haga orðum sínum svo, að fara ekki með bæði brígslyrði og ósannindi. Hann sagði nefnilega um okkur Íhaldsmenn, að við værum þektir að því að greiða atkvæði sitt á hvað. Jeg vísa þessum ummælum fyrst og fremst hvað mig snertir — og einnig eftir þeim kunnugleika, sem jeg hefi af mínum flokksbræðrum — heim til föðurhúsa sem algerðum ósannindum. Er ilt til þess að vita, að slíkt komi úr þessu sæti, og það frá þeim manni, sem hefir ekki verra innræti en hæstv. forsrh. hefir; en það er hans veiklyndi, sem gerir það að verkum, að hann fer út fyrir þá braut velsæmis í orðhætti, sem hann ætti að halda sig á.

Jafnframt lýsi jeg það ósatt — eftir þeim kunnugleika, sem jeg hefi af Íhaldsflokknum —, að samkomulag hafi verið að standa á móti nauðsynlegum tekjuaukafrv.

Hæstv. ráðh. var að tala um einhver óviturra manna ráð, sem við tökum Íhaldsmenn. Þetta geta náttúrlega þeir vitru menn sagt, og mun víst hæstv. forsrh. telja sig manna færastan að vigta á vogarskálum vitsmuni manna, — bara að reisla hans reynist nú ekki eitthvað geggjuð, ef um andstæðinga er að ræða.

Þar sem hann benti á, að hann og hans stuðningsmenn vildu taka til sinna ráða gagnvart okkur Íhaldsmönnum, hvað sem við segðum, þá er það ekki annað en það, sem minni hl. á hverjum tíma verður að þola og sætta sig við. En hitt ber ekki að sætta sig við, að vera borinn ósönnum brígslum. Hæstv. forsrh. hefir hvað eftir annað beint því til okkar Íhaldsmanna, að við ættum allmikinn þátt í að lengja þingtímann. Jeg man ekki eftir því, þegar hæstv. ráðh. var í minni hl., að hann skirrðist við að halda mjög margar og langorðar ræður í ýmsum málefnum, og man heldur ekki eftir hinu, að þáverandi stj. leyfði sjer að sýna honum þá óvirðingu að segja við hann, að hann ætti að vera hjer sem þegjandi þm. En þegar slíkt kemur frá hæstv. stj., að hún segir hv. þm. beint eða óbeint að þegja um þau ýmsu málefni, sem fyrir liggja, þá þýðir það ekki annað en það, að þeir skuli ganga athugasemdalaust að öllu því, sem hinn háttv. meiri hl. kann að bera á borð fyrir þá.

Þetta er annars ekki ný bóla, — og mjer sárnar við hæstv. forsrh., og mest af því, að jeg ber svo djúpa virðingu fyrir þeim manni að ýmsu

leyti (**ÓTh:** Ha!) sem „prívat"-manni —, að hann komi með þessi órökstuddu ummæli í garð okkar Íhaldsmanna. Hann hefir leyft sjer að bera þau ósannindi á borð fyrir alþjóð, að við hefðum staðið fyrir hagfeldum framgangi kjöttollsmálsins sæla. — Hæstv. ráðh. veit, að jeg sagði þetta satt um ummæli hans, því að flokkurinn var einhuga að hníga að því ráði, sem hagkvæmast þótti. Skyldi nú þetta ekki líkjast eitthvað ábyrgðarleysi, þegar ritstjóri landsmálablaðs leyfir sjer að prenta slík ósannindi um andstæðinga sína? Mörgum munu í minni þau svörtu ósannindi, sem hvað eftir annað stóðu í þessu blaði hæstv. forsrh., að Íhaldsflokkurinn hefði gefið eftir útgerðarmönnum 613 þús. kr., og var þá ekki sparað feita letrið. En það vildi svo heppilega til, að annar meðritstjóri blaðsins hafði undirskrifað nál. í Ed., þar sem hann gat þess, að ósannað væri, að þessi upphæð mundi tapast.

Það er ekki í fyrsta sinn, sem hæstv. forsrh. minnist á tóbakseinkasöluna. (**Forsrh. TrÞ:** Og verður ekki í það síðasta!). Nei, jeg bjóst við því. Þá þekki jeg vin minn illa, hæstv. ráðh. Jeg ætla alls ekki að fara að taka svari hv. 1. þm. Skagf.; hann er fullkomlega fær að svara. En jeg skal geta þess, að jeg álít þá tillátssemi hans virðingarverða að láta undan öllum sínum stuðningsmönnum, þegar sýnt var fram á, að ríkissjóður mundi ekki bera minna úr býtum, ef einkasalan væri afnumin, svo sem reynslan hefir nú leitt í ljós. Og jeg tel það alveg óframbærilegt að segja, að menn greiði atkv. sitt á hvað í máli, þó að þeir að mörgum árum liðnum sjái, þegar reynslan fer að tala, að eitthvað annað henti betur. Jeg býst við, að allir hv. þdm. hafi þá sögu að segja, að við höfum löngum gert ýmsar ákvarðanir, bæði í einkamálum og opinberum málum, sem hafa ekki í öllu reynst þær heppilegustu; þá föllum við vitanlega frá fyrri aðstöðu, og veit jeg ekki til, að það sje vandi vel hugsandi manna að lá nokkrum slík sinnaskifti.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir borið hönd fyrir höfuð sjer og hv. þm. Borgf. út af þeim hörðu orðum, sem hæstv. ráðh. hefir hvað eftir annað látið falla í garð þeirra, og þarf jeg því ekki að minnast á þau. Maður ætti að mega vænta þess, að þeir, sem eru svo gjarnir að vanda um við aðra, vandi sitt framferði sem allra best. Og viðvíkjandi umvöndun hans og ábyrgðartilfinningu hans sjálfs vil jeg vona það, að honum verði það brátt ljóst, að það er mikilsvarðandi, að menn í æðstu sætum sjeu ekki að brýna þær dygðir fyrir öðrum, sem þeir sjálfir hafa ekki verulegar mætur á.

Jeg verð að segja, að sú tillátssemi, sem hv. 1. þm. Skagf. — þá ráðh. — sýndi okkur flokksmönnum sínum, hún var þess eðlis, að ef hann hefði ekki getað gengið inn á okkar skoðun, hefðum við ekki sjeð okkur fært að styðja hann sem ráðherra. Er þessi tillátssemi dálítið ólík og hjá mínum góða vini, hæstv. forsrh., þegar hann gengur frá sínu frv., sem jeg leyfi mjer að kalla svo, enda þótt hæstv. fjmrh. beri það fram. Jeg held það hefði farið betur á því, að hann hefði farið til mín og annara góðra manna

og spurt, hvort þeir vildu sýna sjer hlutleysi, ef ekki stuðning, heldur en eiga sæti sitt undir þeim mönnum, sem hann er kúgaður af.

Jeg mun nú ekki tala meira að sinni; jeg hefi reynt að vísa frá mjer þessum ómaklegu aðdróttunum, sem jeg bjóst ekki við í minn garð frá hæstv. forsrh. Ef hann hefði tilgreint einhver nöfn, sem ummæli hans hefðu átt við, hefði jeg getað gengið framhjá þeim, en þar sem hann bregður íhaldsflokknum í heild sinni um drengskaparleysi, finn jeg ástæðu til að mótmæla. Verst þykir mjer, ef jeg hefi með þessu orðið til þess að lengja þingtímann frekar en hæstv. forsrh. þætti vel við eigandi; því að vitanlega vildi jeg sýna honum hjástöðu mína í öllum góðum málum, — en hann leiti til annara í hinum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg verð að játa, að jeg er í töluvert miklum vanda, hvernig jeg á að svara þessari alvöruþrungnu ræðu vinar míns, hv. þm. Barð. Jeg tek vitanlega við öllu þessu sem föðurlegum áminningum frá honum, af því að hann er mjer eldri maður. En hann hefir haft mjög þung orð um brígsl og eitthvað, sem „líktist ábyrgðarleysi".

Þetta var annarsvegar, en hinsvegar talaði hann um djúpa virðingu, sem hann bæri fyrir formanni stjórnarinnar. (**HK** og **ÓTh:** Sem „prívat"-manni!). Undir slíkum kringumstæðum er mjer altaf gjarnara að leggja út á betri veg, og þess vegna ætla jeg að taka ummælum hv. þm. með mikilli vinsemd, einkanlega vegna þeirra góðu orða hans um „hlutleysi, ef ekki stuðning" við landsstjórnina.

Jeg þakka.

Frsm. 2. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. 1. þm. Reykv. þykir sykurtollurinn koma jafnt niður. Eftir sykurneyslu í landinu munu fara um 50 kr. í toll á hverju heimili, og með þeirri álagningu, sem vænta má í búð, verður þetta um 60 kr. Geri maður ráð fyrir, að sykurneyslan sje æðimiklu meiri í kaupstöðum en í sveitum, kemur upp í það, að skattur, sem ríkissjóði er borgaður af þessari vöru, verður um 80 kr. við sjávarsíðuna.

Nú sjá það allir, hver munur er að taka slíkan skatt af fimm manna fjölskyldu, þar sem tekjurnar eru ekki nema 2000—2500 kr., af embættismönnum, sem hafa 7500—8000 kr., eða í þriðja lagi af þeim, sem hafa 15—20 þús. kr. tekjur eða þaðan af meira. Jeg vil aðeins benda á, hversu þessi skattur kemur mismunandi niður í hlutfalli við tekjurnar. Verkamaðurinn borgar þrefalt eða fjórfalt meira en embættismaðurinn, og embættismaðurinn borgar tvöfalt, þrefalt eða margfalt meira en sá, sem hefir tekjur af verslun eða atvinnurekstri. Þannig lendir sykurtollurinn, eins og aðrir nefskattar, langþyngst á fátækasta hluta þjóðarinnar. Ef yfirleitt á að ganga út frá, að jafna eigi sköttum eftir efnum og ástæðum, þá er ekki hægt að finna örjettlátari toll en sykurtoll, sem lendir á sjávarsíðunni mestmegnis og þar á fátækasta fólkinu. Þetta veit jeg, að hv. 1. þm. Reykv. skilur eins vel og jeg, þó að

hann hugsi ekki um það nógu vel, hvað það er ranglátt.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi halda fram, að sykur væri alls ekki nauðsynjavara, eða a. m. k. ekki svipað því eins nauðsynleg og hún er mikið notuð. Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. — (**MG:** Jeg er dauður!). Jeg vil þá benda hv. þm. á, að fólk við sjávarsíðuna getur ekki fengið mjólk með því verði, að það standist við að kaupa hana, svo að í þess stað notar það kaffi og sykur, sem verður þá hvorttveggja óhjákvæmileg nauðsynjavara.

Hv. 1. þm. Reykv. var enn á ný að undrast yfir því, að við vildum þessa lækkun, þar sem við virtumst annars láta okkur svo ant um tekjuauka. En því hefir verið lýst af hæstv. forsrh., að fram muni koma till. um það að skipa nefnd til að athuga skattamálin yfirleitt. Og jeg veit, að hv. 1. þm. Reykv. er það kunnugt, að við jafnaðarmenn leggjum mjög mikla áherslu á það, alveg eins og framsóknarmenn, að breytt verði að mörgu leyti um skattgrundvöll í landinu og tekjum ríkissjóðs verði komið fyrir á öruggan hátt og öðruvísi en hingað til hefir tíðkast.

Hv. 2. þm. G.-K. virtist vera nokkuð forviða yfir því, að meiri hlutinn ætlaði sjer að ráða, hvaða leið væri farin í skattamálum á þessu þingi. Mjer finst það leiða af sjálfu sjer, að meiri hl. ráði altaf, hvaða málum sem er, og það er eðlilegt, að þeir flokkar, sem hafa myndað meiri hl. í þessu máli, reyni að athuga það í sameiningu, hvernig hægt sje að koma fram þeim tekjuaukafrv., sem nauðsynleg eru. Hv. 1. þm. Skagf. þótti sem hjer væri um launsamninga að ræða bak við tjöldin. En það nægir að benda á, að það kemur fram opinberlega í nál., hverja skoðun flokkarnir hafa á öllum tekjuaukafrv., sem fram hafa komið í þinginu.

Þá vildi hv. 2. þm. G.-K. rengja, að rjett væri hermt um þá upphæð, sem stæði í tekjuaukafrv., að hún væri um 1300 þús. kr. Þetta geta menn sjeð með því að telja saman sjálfir. Hitt er annað mál, að jeg geri ekki ráð fyrir, eftir þeim nál., sem eru komin fram, að samþ. verði svo mikið sem þessu nemi.

Hv. þm. var mikið að tala um, að þess væri ekki þörf fyrir stjórnina að ganga að breytingum á frv., af því að íhaldsflokkurinn væri tilbúinn að samþykkja frv. óbreytt. En hvað hafa íhaldsmenn lagt til fjármálanna á þessu þingi? Fjárlögin koma fyrir þingið með tekjuafgangi. Íhaldsmenn eru með í því að hækka gjöldin, en geta ekki fallist á nema litla tekjuauka. Nú vil jeg spyrja hv. 2. þm. G.-K., hvort íhaldsflokkurinn muni, ef frv. kemst óbreytt í gegn, ganga á bak orða þeirra íhaldsmanna, sem eiga sæti í fjvn., um auknar verklegar framkvæmdir. Því ef einungis þessi tekjuauki verður samþyktur, en aðrir ekki, þá verður stór tekjuhalli á fjárlögum. Eða eru íhaldsmenn ef til vill að reyna það ennþá?

Jón Sigurðsson: Það má ekki minna vera en jeg svari hæstv. atvmrh. fáum orðum, þótt svar hans til mín væri æðiófullkomið og hann bæri ekki við að reyna að svara fyrirspurn þeirri, sem jeg beindi til hans.

Hann taldi það sína helgustu skyldu að reyna að hafa bætandi áhrif á okkur hv. þm. Borgf. Það fer að vísu vel á slíku fyrir fyrverandi prest, en mjer finst þó, að hann ætti fyrst að snúa sjer til sinna nánustu flokksbræðra og fylgifiska í því efni. Jeg lít svo á, að honum beri t. d. enn meiri skylda til að leiðbeina starfsbróður sínum, dómsmrh., í þessu efni, svo hann geti bætt sig. Má vera, að hann hefði þá, ef hann hefði neytt prjedikunarhæfileika sinna, getað fengið því áorkað, að útgjöld samkv. till. stjórnarinnar, utan fjárlaga, hefðu ekki numið nema 2 milj. kr., í stað þess að nú nema þau á 4. milj. kr. Hæstv. atvmrh. hefir áreiðanlega nægilegt verkefni fyrst um sinn meðal sinna eigin flokksmanna.

Hvað því viðvíkur, að við hv. þm. Borgf. og jeg höfum ætlað að koma tekjuhalla á fjárlögin, þá er það ósatt. Því hefir verið lýst yfir, að till. yrði orðuð svo, að stjórninni væri heimilt að fresta framkvæmdum, ef fje væri ekki fyrir hendi. Ekki þurftum við heldur að fara í smiðju til annara með þessa till., og vísa jeg þeim ummælum frá mjer sem ósönnum. Við þurftum ekki að fara í smiðju til að hafa fulla meðvitund um, hvað það er, sem sveitirnar helst þarfnast, þótt hann virðist hafa gleymt því.

Frsm. 3. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg bað um leyfi til að gera örstutta athugasemd til að bera af sakir, en ekki af mjer, heldur af hæstv. forsrh.

Jeg taldi hæstv. ráðh. bundinn af atkvgr. hjer í deildinni, sem fór fram fyrir fáum dögum, og jeg taldi hann bundinn af atkvgr. frá 1926. Um síðara atriðið hafði jeg hæstv. ráðh. fyrir rangri sök. Jeg hafði ruglað honum saman við nokkra aðra flokksbræður hans, ágæta menn, svo sem hæstv. forseta (JörB).

Hv. 2. þm. Reykv. skal jeg ekki svara nú, honum get jeg svarað, þegar næsta mál á dagskránni verður tekið fyrir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. svaraði ekki því, sem jeg sagði um tóbakseinkasöluna, en sagði aftur á móti, að jeg minti sig á einhvern mann úr fornsögunum. Það er gamall siður hjá hæstv. ráðh., þegar hann skortir rök, að fara aftur í Sturlungu eða einhverjar fornar sagnir. En mjer dettur líka í hug maður úr fornsögunum, þegar jeg minnist hæstv. ráðh. Það er Björn að baki Kára. En ekki minnir þó sá, sem fyrir framan er, á Kára.

Hvað sykrinu viðvíkur, þá hygg jeg, að fátæklingar noti það í minna óhófi en þeir efnaðri.

Ekki er það rjett, að jeg hafi gefið yfirlýsingar fyrir hönd hæstv. fjmrh. Jeg gekk einungis út frá því, að hann stæði við það frv., sem hann bar fram.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að um þetta hefði ekki verið neitt leynimakk; alt hefði verið opinbert. En það hefir ekki orðið það fyr en í dag.

Frsm. 1. minni hl. (Hannes Jónsson): Eins og jeg hefi tekið fram, þá hefði jeg helst kosið, að Ed. hefði gengið að frv. þessu óbreyttu eins og Nd. gekk frá því. En oft er það svo, þegar málum er breytt í Ed., að Nd. vill þá ekki eiga það á hættu, að þeim verði spilt enn meir, og samþykkir

þau því eins og þau koma frá Ed. Svo er það fyrir mjer í þessu máli. Jeg vil ekki eiga það á hættu, að málið spillist. Jeg treysti ekki hv. 2. þm. G.-K. eða hans flokksmönnum svo, að jeg vilji fyrir hans orð eiga neitt á hættu. Hvað sem hv. 2. þm. G.-K. kann að segja, þá mun jeg ekki gera annað í þessu máli en það, sem jeg meina.

Magnús Jónsson: Útreikningar hv. 2. þm. Reykv. um það, hvað sykurtollurinn nemi á fjölskyldu, koma ekki þessu máli við. Hann byggir þar á því, að sykureyðslan sje jafnmikil á mann, án tillits til efnahags. Þetta er ekki rjett. Sykur getur verið mönnum nauðsynlegur upp að vissu takmarki. En mikil sykurnotkun er beint skaðleg.

Hv. þm. kom með ný rök í þessu máli. Nú væri komin fram till. um að skipa milliþinganefnd í tolla- og skattamál landsins. Því væri nú ástæða til að breyta út af þeirri grundvallarreglu, sem fylgt hefði verið. En jeg sje ekki betur en hjer sje ný ástæða til hins gagnstæða, sem sje að vera á móti þessari breyting, þegar búast má við, að þessi till. verði samþykt og nefndin skipuð.

Hv. þm. sagði, að hjer ætlaði meiri hl. sjer að ráða. Þetta eru brosleg orð, þegar þau eru sett við hlið raunveruleikans. Raunveruleikinn er sá, að hjer ráða jafnaðarmenn einir. Þeir bera fram till., sem fer á móti ríkisstjórninni, móti Framsóknarflokknum og móti Íhaldsflokknum. Og þó ætlar alt að bogna fyrir nema íhaldsmenn. Stjórnin fær ekki að ráða, meiri hl þings fær ekki að ráða. — Atferli jafnaðarmanna við Framsókn minnir mig á kjóa og ritu. Hafi hún náð sjer í eitthvert æti, eltir kjóinn hana, þangað til hún sleppir því við hann, og hafi hún gleypt það, neyðir hann hana jafnvel til að selja því upp. Jafnaðarmenn eru ekki einu sinni svo vorkunnlátir við stjórnina, að þeir leyfi flokki hennar að snúast, áður en þeir hafa opinberlega látið í ljós afstöðu sína með atkvæðagreiðslu, heldur neyða þeir hann til þess að snúast frá yfirlýstum vilja sínum, eins og glögglega kom í ljós hjá hv. þm. V.-Húnv. og nokkurra daga gamalt nafnakall sýnir.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg hefi undrast dálítið þær umr., sem um þetta mál hafa orðið. Ekki af því, að skattamál sjeu ekki í eðli sínu deilumál, heldur af því, hvað menn hafa lagt aðaláhersluna á.

Það hefir komið fram hjá mönnum, að þetta atriði, sem í brtt. felst, hafi verið í frv. eins og það kom frá stjórninni. Við höfum greitt atkv. með því fyrir nokkrum dögum, og því sje það óhugsandi, að við snúumst nú móti brtt. Ed. eigi ekki að hafa meira að segja í þessu máli og það sje rangt af Nd. að láta hana beygja sig. En það kemur ósjaldan fyrir, að brtt., sem maður er mótfallinn, koma fram við frv., og greiðir þó atkv. með því í heild á eftir. Það dugir ekki að blína á það eitt, sem maður helst vill. — Það hefir og oft komið fyrir á þingi, að Nd. hefir orðið að beygja sig fyrir Ed. Það er engin regla til um það, hvor deildin eigi að ráða meira. Þegar liðið er á þing, þá er ilt að vera að þvæla málum milli deilda og verður þá að greina höfuðatriði frá auka-

atriðum og sætta sig við, þó frv. verði ekki afgreidd alveg eins og maður hefði helst óskað.

Það er rangt að einangra þetta mál; það verður að taka það í sambandi við þau önnur skattafrv., sem nú liggja fyrir þinginu, og líta á þau í heild.

Hv. 1. þm. Skagf. hneykslaðist mjög á því, að hæstv. forsrh. hafði sagt, að málinu væri trygt fylgi gegnum þingið. Jeg undraðist dálítið á þessu. Hvað er Íhaldsflokkurinn að gera á flokksfundum annað en ákvarða forlög þeirra mála, sem liggja fyrir þinginu? Afstaða til hinna einstöku mála er einmitt tekin á flokksfundum. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að foringjar flokkanna megi lýsa yfir afstöðu þeirra til málanna, þegar hún er ákveðin. Og þetta er það, sem gerst hefir hjer, er báðir þeir flokkar, sem að stjórninni standa, gera kunnugt, hvað þeir ætla sjer í þessu máli. Jeg held, að þetta sje sjálfsögð skylda flokkanna og fjarri því að vera ámælisvert.

Jeg tek undir það með hv. þm. V.-Húnv., að jeg lít á stefnu frv. í heild sinni og styð þau þess vegna, þó að jeg hefði fremur kosið ýmislegt á annan veg en þar. Af því að jeg tel ekki koma til nokkurra mála að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla, mun jeg fylgja frv., í von um, að þau ákvæði, sem nú verða samþykt, standi aðeins til bráðabirgða, en skattalöggjöfin í heild verði endurskoðuð.

Sigurður Eggerz: Jeg þarf aðeins að segja örfá orð, og þau aðallega vegna þess, að hv. þm. Mýr. var áðan að víta ummæli mín um það, að þessi hv. deild ætti ekki að víkja fyrir hv. Ed. Jeg hafði fult tilefni til að minnast á þetta, af því að því var haldið fram í þessum umræðum, að við yrðum að ganga að breytingunum á frv., af því að hv. Ed. hefði samþykt þær. En jeg held, að það sje ákaflega óheppilegt að koma þeim hugsunarhætti inn hjá hv. Ed., að hún hafi tögl og hagldir í öllum málum.

Hv. þdm. vita, og mjer er það ljóst sjálfum, að jeg muni engin áhrif geta haft á framgang þessa frv. Þrátt fyrir það vil jeg ekki setjast svo niður, að jeg lýsi ekki afstöðu minni til nokkurra atriða, sem hjer koma til greina.

Það lítur svo út, að mikill hluti hv. þm. þykist sjá samvisku sinni að fullu borgið, ef þeim tekst með einhverjum ráðum að hlaða svo miklum sköttum á þjóðina, að ekki verði tekjuhalli á fjárlögunum. Jeg hefi enga sjerstaka löngun til að raska sálarfriði þessara hv. þm. En jeg vil þó benda á, að til er önnur meginregla í fjármálunum, sem ekki má út af bregða og á sjer dýpri rætur en hin. Og hún er sú, að leggja ekki of þunga skatta á þjóðina. Það þýðir líka lítið að ætla mönnum að greiða há gjöld, ef þeir geta ekki greitt þau og þau innheimtast aldrei. Áður en skattarnir eru ákveðnir, þarf að athuga, hvað þjóðin getur borgað.

Nú vil jeg minna á það, að rauði þráðurinn í kosningaræðunum í sumar var sá, að ekki mætti hækka skattana á þjóðinni. En hvað verður nú úr öllum þeim loforðum, sem frambjóðendur gáfu þá? Það er auðsætt, að útgjöldin hækka stórum. En jeg segi: Gæti hv. þm. sín gagnvart kjósendum sínum! Þeir mega ekki halda, að þeir

friði sína samvisku með því einu að rjetta upp fingurna með svo og svo mörgum skattafrumvörpum.

Það er enginn barlómur hjá atvinnurekendum, þó að þeir telji sig ekki geta greitt þunga skatta. Framleiðslan stendur höllum fæti. Um það vitna töp bankanna. Yfirstandandi tími er atvinnuvegunum óhagstæður. Því verður Alþingi að gæta hófs um álögur allar.

Jeg skal ekki lengur þreyta þolinmæði hv. þdm. En jeg vil vara þá við að halda alt of fast við þá trúarsetningu, að aldrei, undantekningarlaust, megi verða tekjuhalli á fjárlögunum. Geta þjóðarinnar verður að ráða mestu um það. Auðvitað verður ekkert tillit tekið til þessara orða minna, af því að þau koma frá minsta flokki þingsins. En fyrir utan þennan sal eru líka menn, sem taka eftir því, sem hjer er sagt. Þeir munu heyra það, sem minsti flokkurinn leggur til málanna — og þeirra er að dæma.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer þótti koma fram óvenjulegur kveifarskapur í síðustu ræðu hv. þm. Mýr. Jeg hafði satt að segja haldið, að hann væri meiri skapfestumaður en hann sýndi sig þar. Hann segir, að tekjuaukafrv. komist eigi fram nema með tilstyrk jafnaðarmanna. Ja, það er svo sem auðsjeð, að jafnaðarmenn ráða mestu hjer um. Í þessu tilfelli var óþarft fyrir stjórnarfl. að láta jafnaðarmenn beygja sig. Það var vitanlegt af atkvgr., að Íhaldsflokkurinn, að einum manni undanskildum, fylgdi stjórninni að þessu máli. Nú gengur hv. þm. Mýr. í móti brtt. Þó veit hann, að þær voru samþyktar með 20:3 atkv. í Nd., og Ed. voru þær feldar með 7:6 atkv., af því að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur. Þar stóð Íhaldsflokkurinn með stjórninni, en þá höfðu jafnaðarmenn beygt Framsóknarflokkinn og dómsmrh., sem öllum er vitanlega fremur ráðh. jafnaðarmanna en Framsóknar. Alt tal hv. þm. um, að minni hl. eigi að beygja sig o. s. frv. er út í loftið. Hann segir, að eitthvað þurfi að slaka til, til að spilla ekki samkomulagi um frv. sjálft. En hvar lendir þá tilslökun stjórnarflokksins, ef þeir slaka til líka þar, sem þeir eiga vísan stóran meiri hl. fyrir frv. sínum? Er það rjett, að ef lítill minni hl. óskar að gera einhverjar breytingar, þá eigi meiri hl. að beygja sig? En það virðist vera að gerast í þessu máli. Þar sem það er sannað í þessu máli, að meiri hl. Framsóknarflokksins hefir sömu skoðun á málinu og íhaldsmenn og hv. þm. Dal., en ætla samt að beygja sig, þá er það minni hl., sem ræður. Það er hinn fámenni flokkur jafnaðarmanna, sem knýr Framsóknarflokkinn til þess að brjóta á bak aftur till. sinnar eigin stjórnar.

Hvað er nú orðið um hina helgu skyldu þingmannsins og meiri hl. Framsóknarflokksins, að fylgja jafnan sinni eigin sannfæringu?

Hæstv. forsrh. var að bera saman sinnaskifti sín og flokksmanna sinna og hv. 1. þm. Skagf. í öðru máli áður hjer á þingi. En þar er ólíku saman að jafna. Það var á sínum tíma sannað fyrir hv. 1. þm. Skagf., að aukinn tollur á tóbaki mundi gefa meiri tekjur en einkasalan, og þar að auki lægra verð fyrir neytendur, og þetta hefir reynslan staðfest. Og þá gat hann (MG) sem ráðherra ekki staðið

á móti því, að einkasalan yrði lögð niður. En nú á að fella niður gengisviðauka af kaffi- og sykurtolli án þess að nokkuð komi í staðinn. Og þeirri breytingu ljær hæstv. forsrh. lið sitt, þó að hann hafi áður, með nafnakalli hjer í deildinni, lýst yfir alveg gagnstæðri skoðun.

Jeg gat vel búist við þessum hringlanda af ráðh., en jeg hefði satt að segja haldið, að hv. þm. Mýr. mundi fremur kjósa að láta sína eigin sannfæringu ráða en beygja sig skilyrðislaust.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg skal svara nokkrum orðum hv. þm. N.-Ísf. Hann byrjaði ræðu sína með því að skjóta því að Framsóknarflokknum, að hann kæmi ekki fram sínum tekjuaukafrv. nema með stuðningi jafnaðarmanna, og væri því gefið, að framsóknarmenn væru undir jafnaðarmenn gefnir. Þegar enginn flokkur getur af eigin ramleik komið fram vilja sínum, finst mjer hæpið að ályktа svo, að sá flokkurinn ráði öllu, sem kemur til fylgdar þeim flokknum, er bar málið fram. Þessir hjálparmenn geta vitanlega altaf ráðið ýmsu, en hinir ráða vitanlega líka, hversu langt þeir teygja sig til samkomulags. Jeg býst við því, að stj. muni ekki takast að koma þessum tekjuaukafrv. fram án stuðnings jafnaðarmanna, eftir því sem íhaldsmenn hafa talað um þessi frv. Samt eru tekjuaukafrv. ekki í samræmi við skoðun jafnaðarmanna, heldur þvert á móti. En þeir skilja nauðsynina á því að afla ríkissjóði tekna og hafa svo ríka ábyrgðartilfinningu, að þeir láta það sitja í fyrirrúmi. Þegar svo er, er ekki að furða, þótt þeir vilji einhverju ráða, og þegar Framsóknarflokkurinn er búinn að fá fullnægt höfuðtilgangi sínum, er ekki nema firra að halda í einstök atriði. Jeg veit, að hv. þm. er svo mikill samningamaður, bæði í einkalífi sínu og pólitík, að hann skilur, að það verður að laga ýmislegt til, svo að aðalatriðin nái fram að ganga, og það er venja að taka það næstbesta, þegar það besta fæst ekki.

Hv. þm. talaði um það, að hættulegt væri, að minni flokkarnir rjeðu svo miklu. En þessi orð eiga ekki frekar við þetta en flokkapólitíkina í landinu. Eins og henni er nú komið, getur altaf verið hætt við því, að það fari í gegn, sem meiri hl. er á móti. Jeg er ekki kunnugur í Íhaldsflokknum, en jeg veit, að þar er ýmislegt gert að flokksmáli, þó að sumir sjeu á móti. Meiri hl. ræður og kemur því í gegn. Jeg vil ekki ræða um kosti og galla flokkapólitíkurinnar, en þetta yrði alveg eins, þó að Íhaldsflokkurinn sæti við völd.

Hv. þm. sagðist hafa haldið, að jeg væri svo mikill skapfestumaður, að jeg mundi ekki beygja mig svona. Jeg held, að við sjeum báðir svo miklir samningamenn, að við tökum það næstbesta, þegar það besta fæst ekki.

Hv. þm. Dal. talaði af miklum eldmóði um það, að varhugavert væri að auka skattana, vegna þess að gjaldþol þjóðarinnar gæti brostið. Það er líka varhugavert að hrúga útgjöldunum inn á fjárlögin. Auðvitað eiga allir þm. sök á því, en jeg veit ekki betur en að hv. þm. Dal. eigi sinn fulla skerf. Hann talaði af jafnmikilli rökfimi fyrir fjárveitingu til síns hjeraðs eins og nú á móti sköttunum. Jeg býst ekki við því, að hv. þm. Dal.

hafi gengið þess dulinn, að það þyrfti tekjur til að greiða þetta. En það er undarlegt að vilja hrúga útgjöldum inn á fjárlögin, en vera á móti því, að sjeð sje fyrir tekjum til að greiða útgjöldin.

Sigurður Eggerz: Þessi ræða hv. þm. Mýr. gefur ekki tilefni til langra ummæla. Hann viðurkendi, að það er meginregla að taka tillit til þess, hvað gjaldendurnir geta greitt mikið. Sömuleiðis sagði hann, að það hefði verið einkennilegt, að jeg hefði komið með þessa athugasemd. Jeg tók það fram, að mikið væri talað um halla á fjárl., en ekki um hitt, hve langt mætti ganga. Hv. þm. sagði, að jeg hefði ekki sýnt neinn sparnað. (**BÁ:** Ekki frekar en aðrir). Jeg bar fram till. um 10 þús. kr. fjárveitingu til Vesturlandsvegar, sem gleymdist að setja í fjárlögin. Og aðrar till. mínar munu nema um 3000 kr. Í öðru hefi jeg sýnt mikla sjálfsafneitun, t. d. í smíði nýs strandferðaskips, sem átti að kosta 600 þús. kr. Jeg greiddi atkv. á móti því, og hafði þó stj. bent mjer á, að það mundi koma mínu kjördæmi að gagni og jeg mundi standa illa að vígi, þegar þetta yrði flutt heim. Jeg greiddi þannig atkv., ekki af því að jeg væri á móti skipinu, heldur vegna þess, að jeg er á móti auknum útgjöldum. Jeg álít það ófært að hlaða meiri útgjöldum á fjárl., enda gaf jeg kjósendum mínum það loforð að gæta þess, að útgjöldin yrðu ekki of mikil, og jeg hygg, að aðrir þm. hafi gert það sama. Þó skal jeg ekki segja um jafnaðarmenn. Og þegar það er athugað, að útgjöldin eru nú 8 sinnum meiri en fyrir stríð, sjest, hvert stefnir. Þetta getur gengið í góðum árum, en ekki í vondum, og þegar þjóðin loksins vaknar, getur það verið um seinan. Það hefir mikla þýðingu, að ekki sje halli á fjárl., en þess verður að gæta að samþykkja ekki mikið af tekjuaukafrv., því að það getur leitt til þess, að framkvæmdafrek stjórn búi til meiri halla en til var ætlast. Lækkun á þessum lið hafði í för með sjer hækkun á öðrum liðum, og því hafði jeg rjett til þess að gera mína athugasemd. Jeg get bætt því við, að jeg held fast fram þeirri stefnu, að fyrst eigi að skattleggja óþarfa vörur, og jeg verð að segja það, að þótt sykur sje nauðsynlegur, eru þó margar vörur nauðsynlegri.

Jeg er í „principinu" með því að leggja á tekjuskatt. En sú tekjuskattshækkun, sem hjer er á ferð, hittir margan hart. Hún er svar við þeim tilmælum embættismanna, að hækka dýrtíðaruppbót þeirra. Það neitar því enginn, að embættisstjettin, sjerstaklega þeir láglaunuðu, er mjög aðþrengd; þeir eiga örðugt með að lifa við þau kjör, sem þeim eru búin. En bæði jeg og aðrir sjá sjer ekki fært að verða við kröfum þeirra nú, vegna hins örðuga fjárhags ríkisins. En að svara þessum tilmælum þeirra með hækkuðum tekjuskatti, sem fyrir þá er sama sem launalækkun, það er sannarlega að gefa steina fyrir brauð. Það er ekkert rjettlæti í því, engin sanngirni.

Jeg skal ekki lengja umræðurnar meira að sinni. Undir umræðum um skattafrv., sem væntanlega verða

rædd næstu daga, fæ jeg tækifæri til að skýra afstöðu mína til fjármálanna. Það þýðir kannske lítið, þar sem búið er að taka ákvörðun um þessi mál bak við tjöldin. En jeg held, að það sje best fyrir flesta að binda sig sem minst, fyr en við atkvæðagreiðsluna; lofa slíkum málum að fara gegnum elda umræðnanna, áður en þeir ákveða sig. Jeg held, að það sje ekki heppilegt, ef endanleg ákvörðun um málin er tekin annarsstaðar en í þingsölunum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi vítt stjórnina og flokk hennar fyrir að kaupa það, sem fæst án þess að gefa nokkuð fyrir. Vitanlega var frv. tryggður nægur atkvæðafjöldi án allra samninga. Hjer í deildinni voru brtt. jafnaðarmanna, sem nú mun eiga að samþykkja, feldar að viðhöfðu nafnakalli með 20 atkv. gegn 4, nokkrir þm., sem allir fylgdu meiri hl., voru þá fjarverandi. Hjer þurfti því ekkert að kaupa. Þá vítti jeg það og að gera málið að flokksmáli. Hv. þm. Mýr. sagði, að slíkt kæmi oft fyrir. Það hefir aldrei verið gert hjer á þingi, *eftir* að þingmenn hafa tekið afstöðu til málanna með atkvgr. Í þeim flokkum, er jeg hefi fylgt að málum, sparnaðarbandalaginu og Íhaldsflokknum, hefir verið varast að gera þingmál yfirleitt að flokksmálum. Það hefir ef til vill komið fyrir í 2—3 tilfellum. Flestir hafa álitið það óheppilegt, að lítill meiri hl. bindi atkvæði stórs minni hl. flokksins. Í þessu tilfelli kemur flokkssamþyktin fram á þann hátt, að fimm Framsóknarmenn í Ed., þar á meðal dómsmrh., beygja sex flokksmenn sína í Nd. til þess að ganga frá skoðun sinni. Þessir ellefu menn knýja fram flokkssamþykt gegn vilja níu manna í flokknum. Á þennan hátt ráða því þessir ellefu Framsóknarflokksmenn og fimm jafnaðarmenn — alls 16 þingmenn — úrslitum málsins. Hv. þm. sagði, að þegar ekki væri auðið að fá hið besta, yrði að taka því næstbesta. Í þessu máli var það auðvelt að fá það besta, eða það, sem hæstv. fjmrh. og mikill meiri hluti Framsóknarflokksins taldi það besta.

Um till. mínar til fjárveitinga úr ríkissjóði er það að segja, að í fjárlögunum er einungis ein till. frá mjer, sem til útgjalda horfir. Sú till. var svo sjálfsögð, ef Alþingi vildi ekki bregðast heiðri sínum, að því nær allir hv. þm. greiddu henni atkvæði. Það var skylda hæstv. stj. að taka þessa till. upp í fjárlagafrv., en vegna þess óvenjulega flaustursundirbúnings, sem á frv. stj. var, hafði þetta fallið niður, *ef* það þá ekki hefir verið af öðrum ástæðum, sem þá væri ennþá lakara.

ATKVGR.

Brtt. 563 feld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, EJ, HStef, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh.

nei: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, BSv.

Fjórir þm. (ÁÁ, HK, JJós, PO) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

17. Jarðræktarlög.

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (stjfrv., A. 29).

Á 8. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Í jarðræktarlögunum er svo mælt fyrir, að þau skuli endurskoða á þessu ári. Var á sínum tíma framkvæmd mikil undirbúningsvinna í þessu skyni af Búnaðarfjelagi Íslands. Var málið tekið til meðferðar á síðasta búnaðarþingi og voru þar samþyktar allmargar till. um breytingar á lögunum. Þessi skjöl hafa verið afhent milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, en hún hefir svo samið frv. það, sem hjer er lagt fram mjög lítið breytt.

Milliþinganefndin skoðar þetta frv. aðeins sem bráðabirgðabreytingar á jarðræktarlögunum, en er að undirbúa miklu víðtækari endurskoðun þeirra.

Jeg get þess í þessu sambandi, að mjög mikið gagn hefir orðið að jarðræktarlögunum. Og þar sem einmitt þessa dagana er verið í Búnaðarfjelaginu að leggja síðustu hönd á skýrslu um jarðabætur á síðasta ári, þykir mjer rjett að láta hjer með fylgja dálítið yfirlit um jarðabætur hjer á landi áður og eftir að jarðræktarlögin gengu í gildi. Þessi lög voru samþykt á Alþingi 1923, en í fyrsta skifti voru mældar jarðabætur samkv. þeim vorið 1925, og eru það þær jarðabætur, sem unnar voru árið 1924. Nú hafa jarðabæturnar verið mældar 3 ár síðan lögin gengu í gildi, og mun eftirfarandi skýrsla sýna, hvert gagn þau hafa gert. En til samanburðar les jeg fyrst, hve mörg dagsverk hafa verið unnin að jarðabótum nokkur ár áður en þessi lög komu til framkvæmda.

Jarðabætur hafa alls verið unnar á öllu landinu:

1872	8400	dagsverk,
1892	30000	——
1912	158000	——
1918	68000	——
1923	101000	——
1924	237873	——
1925	354480	——
1926	426000	——

Síðasta talan er þó eigi nákvæm, með því að enn vantar nokkrar skýrslur frá því ári. Síðustu 3 árin hafa verið unnin rúmlega 1 milj. dagsverk að jarðabótum, en á árunum 1893 til 1923 voru alls unnin 2,6 milj. dagsverk, eða á þessum 30 árum ekki meira en rúmlega helmingi meira en það, sem unnið var á fyrstu þrem árunum, eftir að jarðræktarlögin gengu í gildi.

Allar jarðabætur, taldar í dagsverkum, sem unnar hafa verið árin 1924, 1925 og 1926:

	1924	1925	1926	Samtals
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Rvík . .	50071	63748	66530	180349
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	12901	41712	40436	95049
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla . . .	5926	11117	8352	25395

Dalasýsla	3634	14376	*4504	22514
Barðastrandarsýsla	1813	5588	15233	22634
Ísafjarðarsýsla	11323	14839	26164	52326
Strandasýsla	5210	8016	10239	23465
Húnavatnssýsla	13773	18009	21534	53316
Skagafjarðarsýsla	17203	23046	34248	74497
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	26651	26789	29200	82640
Þingeyjarsýslur	12275	24568	22545	59388
Norður-Múlasýsla	9422	417	18303	28142
Suður-Múlasýsla	8758	4920	16476	30154
Skaftafellssýslur	10368	15851	14134	40353
Vestmannaeyjar	3668	2204	1481	7353
Rangárvallasýsla	18229	36406	43773	98408
Árnessýsla	26648	42882	52829	122359
Samtals	237873	354488	425981	1018342

Mestar hafa jarðabæturnar verið í þessum sýslum: Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík 180 þús. dagsverk, Árnessýslu 122 þús. dagsverk, Rangárvallasýslu 98 þús. dagsverk.

Þá vil jeg bæta við sundurliðaðri skýrslu, en hún nær ekki nema yfir þessi tvö ár, 1924—'25, sem sýnir, hvernig styrkurinn hefir skifst milli hinna einstöku jarðabóta þessi tvö ár:

	1924	1925	Samtals
Til áburðarhúsa hefir gengið	kr. 30135.00	kr. 43008.00	kr. 73143.00
— túnræktar — —	— 101249.00	— 157352.00	— 258601.00
— garðræktar — —	— 1702.40	— 1483.20	— 3185.60
Samtals	kr. 133086.40	kr. 201843.20	kr. 334929.60

Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. með því að lesa upp skýrslu um, hvernig styrkurinn hefir skifst í krónutali á sýslurnar, en aðeins geta þess, að Gullbringu- og Kjósarsýsla ásamt Reykjavík hefir verið hæst, hlotið mestan styrk. Næst henni er Eyjafjarðarsýsla, þá Rangárvallasýsla og sú fjórða er Skagafjarðarsýsla. En alls er styrkurinn, sem kemur til úthlutunar nú, ca. 260 þús. kr. Af þessum tölum er það ljóst, að það er gleðileg framför í þessum efnum. Virðist því ekki annað fyrir hendi en halda áfram á þessari sömu braut og styðja jarðræktarframkvæmdirnar eftir megni.

Að síðustu skal jeg geta þess, hvernig landsetar á kirkjujörðum og þjóðjörðum hafa notfært sjer þá heimild jarðræktarlaganna, að vinna af sjer landskuldina með jarðabótum. Er þá fyrst, að 1924 vinna 70 landsetar á kirkjujörðum 3891 dagsverk, sem gera 21511 kr., og 1925 vinna 92 landsetar 4768 dagsverk, sem gera 33378 kr. Árið 1924 vinna 15 landsetar á þjóðjörðum 1420 dagsverk, sem gera 8185 kr., og 1925 20 landsetar 805 dagsverk, sem gera 5947 kr.

Skal jeg svo ekki hafa þessi orð

* Úr Dalasýslu vantar 4 skýrslur 1926.

fleiri, en vænti þess, að háttv. landbn. sýni þessu máli fullan sóma, og legg svo til, að því verði vísað til hennar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 282).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn hafi kynt sjer svo vel breytingar þær, sem lagt er til með þessu frv. að gerðar verði á jarðræktarlögunum, að um það mál þurfi ekki að hafa mörg orð.

Þessar breytingar ganga flestar í þá átt að greiða betur en áður fyrir hverskonar jarðræktarframkvæmdum og koma skipulagi á þessa löggjöf, þannig að þeir, er slíkt hafa með höndum, geti átt nokkurn veginn víst, hvers styrks þeir mega vænta af opinberu fje til framkvæmda þeim umbótum, er þeir vilja ráðast í og til þessarar löggjafar taka.

Jeg mun fara fljótt yfir sögu og eigi hirða um að rekja efni einstakra greina frv. Það er óþarft, því að hver og einn getur sett sig inn í málið, sem hirðir um að kynna sjer það.

Jeg get lýst því yfir fyrir hönd landbn., að hún er þessu máli eindregið fylgjandi. Hinsvegar kom nefndarmönnum saman um að bera fram nokkrar brtt. við frv., og taka þær aðallega til 9. og 11. gr. þess. Breytingin, sem nefndin gerir á 5. gr., er aðeins leiðrjetting. Er prentvilla í frvgr., þar sem stendur 30 aurar í stað 80.

Um brtt. við 9. gr. er það að segja, að nefndin leit svo á, að betur færi á að meta hvert dagsverk, sem unnið er að jarðabótum á opinberri jarðeign og látið ganga upp í landskuld og leigur, og meta það þá þeim mun lægra, heldur en tiltaka, að aðeins viss hluti af dagsverkatölunni skyldi teljast tækur í slíkar greiðslur. Þetta er ekki stórvægileg breyting, og býst jeg við, að í sama stað komi niður; það verði ámóta gjald, sem leiguliði getur unnið af sjer á þennan hátt.

Þá er 11. gr. Um hana er það að segja, að nefndin gat ekki fallist á efni hennar eða það fyrirkomulag, sem þar er gert ráð fyrir að hafa á verkfærakaupasjóði, er svo nefnist. Frvgr. mælir svo fyrir, að styrkur sá, er ætlaður er fyrir unnar jarðabætur, er lögin taka til, skuli greiddur hlutaðeigendum að $\frac{4}{5}$ einungis, en $\frac{1}{5}$ skuli haldið eftir og fje það, er til fellur á þann hátt, lagt í sjerstakan sjóð, er varið skuli til þess að ljetta undir með bændum um kaup á hestaverkfærum. Leggi og ríkissjóður til árlega jafna upphæð og haldið er eftir af jarðabótastyrknum til aukningar sjóðnum og til þess að hafa úr meira fjármagni að spila til þessara hluta. — Nefndin hefir ekki getað fallist á þá ráðstöfun að halda eftir $\frac{1}{5}$ af jarðabótastyrknum og greiða aðeins $\frac{4}{5}$. Hún kýs heldur, að styrkur sá, er gengið hefir til hreppabúnaðarfjelaga, sje ákveðinn, hversu mikill hann skuli — 10 aurar fyrir hvert dagsverk — og af því fje stofnaður sjerstakur sjóður, til þess að styrkja bændur til þess að afla sjer hestaverkfæra til jarðyrkju. Til aukningar sjóðnum greiðist í hann árlega 20 þús.

kr. úr ríkissjóði. Sú upphæð, er kemur í hlut hvers búnaðarfjelags, skal vera sjereign þess, og fari skifting fjárins svo fram, að miðað sje við tölu jarðabótamanna í hverjum hreppi, en ekki við dagsverkatölu. Álítur nefndin það heppilegustu og sanngjörnustu leiðina.

Það er ekkert vafamál, að í sveitum landsins er tilfinnanlegur skortur á jarðyrkjuverkfærum. En því aðeins er skjótra umbóta von á þessu sviði, að til sjeu nauðsynleg tæki, er þarf til þess að vinna jarðabætur. Eftir því sem þekking eykst á meðferð slíkra verkfæra, mundi það greiða mikið fyrir, ef hægt er að útvega bændum þau með heppilegum og ódýrum hætti. Þeim fjármunum, er til þess ganga að afla sjer þeirra, er vel varið. Jeg hefi trú á, að liðsinni það, sem þessi sjóður getur veitt bændum í þessu efni, geti orðið til þess að flýta umbótum á sviði jarðræktarinnar hjer hjá oss.

Nefndin leggur til, að hreppabúnaðarfjelögin annist sjálf pantanir, hvert fyrir sína meðlimi, en Búnaðarfjelag Íslands sjái um útvegun verkfæranna frá útlöndum, ráði gerð þeirra og gæðum. Ætti það frekar að vera til tryggingar fyrir því, að verkfæri, sem inn eru flutt, reynist góð og eigi vel við íslenska staðhætti. Hinsvegar telur nefndin ekki rjett að farið eins og gert er í þessari grein, þ. e. 11. gr. frv., að láta styrkinn vera bundinn við hestaverkfæri eingöngu. Þar, sem menn vilja örar framkvæmdir og treysta sjer til og hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að reka þær með krafti, er rjett, að þeir megi afla sjer hraðvirkari tækja. En það skilyrði er sett, að þau verkfæri sjeu þá eign fjelagsins, en ekki einstakra fjelagsmanna. Hjer er átt við þau jarðyrkjuverkfæri, sem ganga fyrir vjelaafli. Með þessu ákvæði viljum við fyrirbyggja, að einstakir menn fari að kaupa sjer dýr áhöld, sem koma að notum aðeins fá ár og vantar svo nægilegt verkefni. Það ætti að vera hemill á, að hlaupið sje til að afla sjer tækja, sem hæpið er, að komi að fullum notum. Einkum af því að þekking á slíkum vjelum er enn sem komið er mjög af skornum skamti hjer á landi.

Þá held jeg, að jeg hafi gert grein fyrir þeim breytingum, er nefndin leggur til. Ef hv. deildarmenn óska, er jeg fús til að gefa frekari skýringar, ef jeg get þær í tje látið. En að svo vöxnu máli sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar. Jeg vil aðeins enn geta þess, að í brtt. við 11. gr. hefir fallið niður eitt orð úr handritinu — að jeg ætla. Þar stendur „ef 10 fjelagsmenn óska“, en á að vera: ef minst 10 o. s. frv. Jeg vona, að þetta megi skoða sem leiðrjettingu og þurfi ekki sjerstaka brtt. til þess að kippa því í lag. Það var ekki meining nefndarinnar að einskorða tölu þeirra, er æsktu eftir jarðræktarvjelum, við 10 og ekki mættu þeir fleiri vera, heldur hitt, að það væri almennur vilji innan fjelagsins og alls ekki færri manna en 10.

Það má vera, að hreppabúnaðarfjelögin hafi notað jarðabótastyrk sinn til þess að kaupa verkfæri. En við teljum, að með þessu móti komi styrkurinn að meiri notum heldur en með því að úthluta styrknum til hvers fjelags og láta það svo sjálfrátt um það, á hvern hátt það notfærir sjer hann.

Halldór Stefánsson: Jarðræktarlögin hafa þótt óskýr um ýms atriði. Um þau atriði hafa þá að sjálfsögðu myndast ýmsar venjur, sem farið hefir verið eftir. Jeg geri ráð fyrir, að þetta frv. leysi vafaatriðin svo, að þau sjeu nú skýrari en áður. Þó er spurning um einstök atriði, hvernig þau eru hugsuð.

Það er þá fyrst, hvort hugsað er til þess við ábúendaskifti á opinberum jarðeignum að hækka afgjaldið í hlutfalli við það, sem greitt hefir verið fyrir þær jarðabætur, er unnar hafa verið á þessum eignum. Ef svo væri hugsað og mikið væri unnið, þá yrði það til þess, að afgjaldið stórhækkaði við hver ábúendaskifti, af því að borgun fyrir þær jarðabætur er miklu meiri en sem nemur almenna styrknum. Sýnist mjer ekki ugglaust um, að afgjaldið yrði æðihátt, og hærra en eðlilegt er með tilliti til þess, hvað eignin getur rentað og hvað mætti leggja á hana hátt afgjald. En ef þetta er ekki hugsunin, þá spyr jeg, — hvað kemur til þess að borga á hærra fyrir jarðabætur á þessum opinberu eignum heldur en almenna styrknum nemur, eða nær þrefalt móts við hann?

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hv. landbn. og biðja hana að gefa mjer skýringar um þetta atriði. Ef hún er ekki viðbúin í þetta sinn — sem vel má vera —, þá vænti jeg þess, að hún geri það við 3. umr.

Jón Sigurðsson: Þótt jeg hafi ekki borið fram neinar brtt. við frv., langar mig þó til að koma hjer fram með nokkrar aths. og bendingar til hv. landbn., og vænti jeg, að hún taki þær til athugunar. En færi svo, að hv. nefnd sæi sjer ekki fært að sinna þeim, mun jeg bera fram brtt. við 3. umr. Nefndin hefir lagt til, að hækkaður verði styrkur til matjurtagarða. Í því sambandi vil jeg benda á, hvort ekki mundi hagkvæmara að breyta tölunum þannig, að annaðhvort stæði á 50 aurum eða heilli krónu. Hjer er um mikla skýrslugerð að ræða og því mikilsvert, að upphæðir standi á þægilegum tölum. Ef styrkurinn til matjurtagarða væri ákveðinn þannig til dæmis, að stofntalan væri 50 aurar, þá yrðu flokkarnir þrír — 50, 100 og 150 aurar. Þetta er nú aðeins hagkvæmis atriði.

Þá er annað atriði, sem jeg vil benda á, og það er það, að með aðalbreytingu nefndarinnar hefir verið gerð gagnger breyting á till. stj. — Nefndin hefir sem sje lagt til, að sá styrkur, sem hreppabúnaðarfjelögin fengju, sje tekinn af þeim og lagður í verkfærakaupasjóð, sem atvinnumálaráðuneytið varðveiti og stjórni. Menn eiga svo að sækja um styrkinn til þessa sjóðs og fá hann eingöngu til verkfærakaupa.

Eins og flestum mun kunnugt, hefir búnaðarfjelagastyrkurinn staðið um tugi ára og verið hin mesta bjargartaug og einasta tekjulind fjelaganna til sameiginlegrar starfsemi. Jeg tel ekki árstillög fjelagsmanna, sem víðast munu ekki vera hærri en 1—2 kr. og hafa því ekki verulega þýðingu.

Þar sem nú þessi styrkur hefir átt svo mikinn þátt í því að halda búnaðarfjelögunum saman í sveitunum og styrkja starfsemi þeirra, þá verð jeg að segja það, að mjer er talsvert sárt um að missa hann alveg. Og mjer

verður á að spyrja, — hvað hafa fjelögin í raun og veru brotið, svo að ástæða sje til að skipa þeim yfirfjárráðamenn? Þessi styrkur hefir altaf verið notaður til verkfærakaupa og til stuðnings meiri háttar framkvæmdum öðrum. Hann hefir komið að mjög fjölbreyttum notum. Til dæmis hefir hluta af honum verið varið til að verðlauna góða skepnuhirðingu og til verðlauna á smásýningum í sveitum, og slíkt hefir sín áhrif. Hefir slík viðleitni fjelaganna, þótt í smáum stíl hafi verið, gengið í rjetta átt og örvað menn til framfara á hinum ýmsu sviðum.

Það, hve lítið hefir verið gert víða, er auðvitað mest vegna þess, hve lítið fje hefir verið fyrir hendi, og svo er hins að gæta, að engin fyrirmæli hafa verið sett um það, hvernig styrknum skyldi varið. Það hefir verið reynt að koma ákvæðum um það inn í fjárlögin, en hefir ekki tekist. En jafnvel þótt fjelögin hafi ekki haft neitt aðhald um þetta, hefir styrknum yfirleitt verið varið mest til verkfærakaupa og annara nauðsynja sveitanna, — og hversu miklu fremur mundi þess þá ekki vera gætt, ef fyrirmæli hefðu fylgt um það. Jeg vil ennfremur benda á, að til eru fjelög, sem eru svo birg af nauðsynlegum verkfærum, að þeim er annað enn meira áríðandi, — og til hvers er þá fyrir þau, að safnað sje í þennan sjóð, sem ekki á að veita styrk til neins annars, en ýms önnur verkefni bíða óleyst? Jeg sje mjer af þessum ástæðum ekki fært að fallast á þessa till. nefndarinnar, að búnaðarfjelög hreppanna sjeu algerlega svift umráðum yfir þessum styrk. Nefndin leggur til, að auk 10 aura tillags ríkissjóðs á hvert dagsverk greiði hann árlega 20000 kr. í sjóðinn, sem skiftist milli fjelaganna. Þessar 20000 kr. á ári gætu orðið góður styrkur fyrir þau sveitarfjelög, sem skemst eru á veg kominn, ef honum væri þannig varið, og því verður ekki neitað, að hinu opinbera ber mest skylda til að hjálpa þeim, sem þannig er ástatt fyrir. Vitanlega á helst að beina fje ríkissjóðs þangað, sem þörfin er brýnust og mest aðkallandi.

Vil jeg skjóta þessu til hv. landbn., að hún athugi til 3. umr., hvort hún sjái sjer ekki fært að láta búnaðarfjelögin óáreitt, en nota verkfærasjóðinn fyrst og fremst til styrktar þeim sveitum og hjeruðum, sem skemst eru komin í jarðrækt og hafa því mesta þörf á slíkum stuðningi.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Þeir tveir hv. þm., sem talað hafa, komu fram með nokkrar aths. og fyrirspurnir til nefndarinnar. Jeg get nú að svo stöddu ekki gefið ákveðin svör af hálfu nefndarinnar um þessi atriði, með því að þau hafa ekki komið til umr. í nefndinni.

Hv. 1. þm. N.-M. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvað nefndin hefði hugsað sjer um það, þegar ábúendaskifti verða á jörðum. Hvort afgjaldið skyldi þá hækka í hlutfalli við það, sem greitt hefir verið fyrir unnar jarðabætur. Jeg skal ekki segja neitt ákveðið um þetta af hálfu nefndarinnar, en jeg hygg, að þeir, sem síðar taka við jörðunum, muni ekki greiða hærra afgjald en sem því svarar, sem ætla má, að umbæturnar auki arðinn af jörðinni.

Vitaskuld mætti með því gera ábúðina svo dýra, að ekki væri hægt að

rísa undir því. Það hefir hingað til verið svo, að þar, sem heimilt hefir verið að vinna af sjer landskuld og leigur, hefir afgjaldið ekki hækkað. Til dæmis veit jeg það, að skólastjórinn á Hvanneyri hefir unnið alt af sjer með umbótum á jörðinni, og meira en það, en það er víst, að hið árlega afgjald hefir ekki hækkað. Það mundi ætíð verða litið á það, hvað væri hæfilegt jarðarafgjald yfirleitt.

Þá drap hv. 1. þm. N.-M. á það, að með því móti væri greiddur hærri styrkur til opinberra eigna, en jeg veit ekki, hvort á að kalla það styrk, þegar menn vinna þetta af sjer, þar sem dagsverkið er ekki metið á meira en 3 kr. og 50 aura, því að vitanlega fær enginn dagsverk unnið fyrir það verð.

Þá fór hv. 2. þm. Skagf. nokkrum orðum um þetta mál og brtt. nefndarinnar, einkum við 5. og 11. gr.

Að því er fyrra atriðið snertir, þá get jeg vel fallist á, að það sje hagkvæmara að hafa flokkana aðeins þrjá. Um þetta var ekki rætt í nefndinni, en jeg get vel búist við, að hún taki þetta til athugunar. Þá kem jeg að aðalatriðinu í ræðu hans, þeirri till. landbn., sem lýtur að styrknum til hreppabúnaðarfjelaganna.

Þetta getur verið álitamál, en nefndin, sem einmitt reyndi að athuga þetta eftir fremsta megni, komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri besta tilhögun, sem hún hefir lagt til, að tekin væri upp. En það má hinsvegar vera, að till. nefndarinnar hafi skapast af því, að enginn nefndarmanna viti til þess þar, sem þeir þekkja til, að nokkursstaðar sje svo ástatt, að til sjeu næg tæki til jarðvinslu og heyöflunar, svo að ekki sje þörf á að bæta við frá því, sem nú er. Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að hvergi þar, sem jeg þekki til, er neitt nálægt því, að svo sje, og jeg hygg, að það sje svo um hv. meðnefndarmenn mína líka. Það er auðvitað mjög gleðilegt, ef það er svo, að einhverjir hreppar sjeu svo vel settir, að ekki skorti á í þessu efni, því að alstaðar þar, sem jeg þekki til, er stórkostlegur skortur á nauðsynlegustu verkfærum. Það, að nefndin gerði till. sínar svo undantekningarlaust, er einmitt vegna þess, að hún áleit, að ástandið væri yfirleitt þannig. Till. okkar eru beint á þeim grundvelli bygðar. En nú hefir hv. 2. þm. Skagf. upplýst, að ástandið sje ekki alstaðar eins, og jeg get lofað honum því, að það verður athugað í nefndinni, ef svo er, að til sjeu sveitarfjelög, sem ekki skorti nauðsynleg verkfæri, að þau geti þá notið styrksins til annars, því að eins og hv. þm. (JS) tók fram, er ekki ástæða til þess fyrir þau hjeruð að leggja fjeð í sjóð, sem eingöngu veiti fje til verkfærakaupa.

Það er alls ekki tilgangur landbn. að setja fjelögunum neina yfirfjárráðamenn. En hún gerði ráð fyrir, að víðast mundi vera svo ástatt sem áður er sagt og taldi nauðsynina svo brýna, að mesta áherslu bæri að leggja á þetta; en það var fjarri öllum nefndarmönnum að vilja spilla málinu á nokkurn hátt. Hv. þm. (JS) getur fullvissað sig enn betur um þetta, ef hann athugar það, að nefndin hefir ekki viljað skerða neitt þann styrk, sem veittur er til jarðabóta í sambandi við þetta. Jeg fyrir mitt leyti tel rjett, að fjelögunum sje heimilað að nota

fjeð til annars, ef svo vel er í garðinn búið, að ekki þyki ástæða til að verja því til verkfærakaupa.

Hv. þm. (JS) drap á það í sambandi við tekjur hreppabúnaðarfjelaganna, að fjelagagjöldin væru lág, um 1—2 kr.; en jeg ætla þó, að víða sjeu tillögin hærri, og þau eru 5—6 kr. og jafnvel enn hærri þar, sem jeg þekki til.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að víkja frekar að þeim ummælum, sem fram hafa komið, en sem sagt, landbn. mun taka til athugunar bendingar þessara tveggja hv. þm., eftir því sem við verður komið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er nú svo, því miður, að enginn kann tveim herrum að þjóna. Jeg hefi verið fast bundinn við umr. í hv. Ed. og því ekki getað verið hjer. Einkum sakna jeg þess að hafa ekki getað hlustað á ræðu háttv. frsm. og ástæður nefndarinnar fyrir brtt. hennar við 11. gr. Um hana er það að segja, að nefndin viðurkennir að vísu og felst á aðaltilgang stj., að leggja verulega af mörkum til verkfærakaupa, og við þessa formsbreytingu, sem nefndin vill gera, hefi jeg í sjálfu sjer ekki margt að athuga, en hinsvegar er mjer það fullljóst, að með þessari breytingu verður það fje talsvert minna, sem til þessa verður veitt, en eftir frv. stj., og árangurinn þá auðvitað minni. Þetta mundi nema um 65—70 þús. kr., en eftir stjfrv. miklu, miklu meiru.

Við fljóta athugun tillögunnar virtist mjer og, að nefndin vilji beina starfsemi sjóðsins meir yfir á fjelögin en einstaklingana. En það var fyrst og fremst tilætlun frv. að hjálpa til að hestaverkfærin yrðu til á sem flestum heimilum og vinna með þau heimilisvinna. En jeg misti af skýringu hv. frsm. um þetta.

Annars er þess að gæta, að þetta er ekki nema 2. umr. málsins, og má því athuga þetta atriði frekar til 3. umr. En um þetta vildi jeg gjarnan heyra það, sem hv. frsm. nefndarinnar sagði.

Jeg vildi aðeins geta komið þessum athugasemdum að nú, en vildi síðan gjarnan geta talað um það við hv. frsm. nefndarinnar milli umræðna, hvernig á að koma þessu fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Jeg get nú ekki lagt mikið til þessa máls, því að jeg hefi ekki haft tækifæri til að athuga það eins og skyldi, en vildi hinsvegar fræðast af hæstv. atvmrh. og milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum.

Hjer segir í 31. gr. jarðræktarlaganna:

„Bæjarstjórnir í kaupstöðum landsins, að Reykjavík undanskilinni, og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því lög þessi öðlast gildi, senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um land það, sem að þeirra áliti liggur best við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins".

Jeg vildi nú spyrjast fyrir um það hjá hæstv. atvmrh., hvort honum sje kunnugt um, að þetta hafi verið gert, og hvort stjórn Búnaðarfjelags Íslands hafi fengið þessar skýrslur. Jeg álít þetta mjög þýðingarmikið, því að svo áríðandi sem aukning jarðræktar í sveitum er, þá er hún þó engu minna áríðandi í kauptúnum og í grend við

þau, til að tryggja lífsskilyrði þeirra manna, sem þar búa, þegar ill afkoma er til sjávar og afli bregst.

Ennfremur vildi jeg beina annari fyrirspurn til hæstv. atvmrh., um skilning stjórnarinnar á jarðræktarlögunum, hvort ákvæði þeirra um rjett til styrks nái aðeins til einstaklinga, en ekki líka til kaupstaða og bæjarfjelaga. Jeg sje ekki, að jarðræktarlögin segi neitt ákveðið um þetta. T. d. segir í 7. gr., að ef einhver framkvæmi verk, er styrkhæft þyki, þá megi veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að einum þriðja kostnaðar: Aftur á móti segir í 8. gr.:

„Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram land til túngræðslu, og má þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að ¼ kostnaðar....“.

Þetta er, sem sagt, nokkuð á reiki. Það er ekki gott að sjá, hvort lögin eiga við einstaklinga eingöngu. Síðari greinin, sem jeg las upp, bendir til þess; hin fyrri virðist aftur á móti gera ráð fyrir, að styrkur sje veittur til verksins, hver sem það lætur vinna. Jeg hefi spurt hv. 1. þm. Skagf., hvernig stjórn sú, er hann átti sæti í, hafi hagað sjer í þessu. Sagði hv. þm. (MG) mjer, að kaupstaðir hefðu sótt um slíkan styrk og þeim verið synjað. Jeg vona, ef þetta er tilfellið, að lögin beri að skilja svo, að þá muni hv. deild fljótlega laga þetta. Jeg hygg, að það sje ekki tilgangurinn með lögunum að veita aðeins einstaklingum styrk persónulega, heldur sje það tilgangur laganna að flýta fyrir ræktun landsins, hvar sem er, engu síður í grend við kaupstaðina og innan lögsagnarumdæma þeirra, án tillits til þess, hvort einstaklingur eða bæjarfjelag lætur framkvæma verkið. Fyrir kaupstaðina er jafnvel mest þörfin um góðan framgang ræktunarmála.

Nú geta menn kannske álitið, að einstaklingar í kaupstöðum geti notið þessa styrks, ef þeir eru í búnaðarfjelagi í hreppnum eða bænum, og það er rjett. En nú er það svo, að bæjarfjelögin sjálf ráðast oft í stórkostlegar jarðabætur, og ættu þá ákvæði laganna einnig að ná til þeirra. Eftir ákvæðum 10. greinar laganna eru 10 fyrstu dagsverkin á hvern verkfæran mann á heimili ekki styrkhæf. Margir líta svo á, að þetta beri að skilja svo að því er til kaupstaða kemur, að tölu dagsverka, sem þeir láta vinna styrklaust, beri að miða við alla verkfæra menn í kaupstaðnum. Þyrfti þá bær með 1000 verkfæra menn að vinna 10 þús. dagsverk, áður en hann yrði nokkurs styrks aðnjótandi, ef þessi skilningur á lögunum er rjettur. Kaupstaðirnir gætu þá sjaldnast unnið svo mikið, að þeir yrðu styrkhæfir. Um þetta vildi jeg gjarnan fá upplýsingar hjá hæstv. atvmrh. og þeim mönnum, sem hjer eru og sæti eiga í milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get upplýst, að það mun ekki vera búið að mæla upp alt ræktað land kringum kauptún landsins; það hefir hvorki unnist tími nje fje til þess. Hinsvegar hefir Búnaðarfjelag Íslands látið athuga þetta, og þar, sem þess hefir sjerstaklega verið óskað, hefir Búnaðarfjelagið

sent mann til að framkvæma þetta, og mjer er sjerstaklega kunnugt um það, að úr kjördæmi hv. þm. (HG) hefir komið ósk um að gera þetta, og hygg jeg, að Búnaðarfjelagið hafi unnið það, sem óskað var þar, en það hefir ekki komist yfir að gera allar mælingar kringum landið.

Við hinni fyrirspurninni svaraði hv. þm. sjer sjálfur, með því að vitna í það, sem hann hafði eftir hv. 1. þm. Skagf. um þetta. En það hefir enn ekki komið neitt til kasta stjórnarinnar að ákveða um það, hvort bæjarfjelög ættu að njóta styrks. Til Klepps og Vífilsstaða hefir ekki verið borgaður styrkur, og Akureyri hefir heldur ekki fengið styrk.

Ef hv. þm. vill láta breyta þessu, þá er það rjetta leiðin að breyta lögunum, því að þar sem fyrir liggur úrskurður fyrri stjórnar um þetta atriði og þar sem nú er verið að endurskoða lögin, og verði þeim ekki breytt, þá verður að skoða það sem staðfestingu á þeim „praksis“, sem þegar hefir verið, svo að ef hv. þm. (HG) vill láta breyta þessu, þá er sjálfsagt fyrir hann að bera fram brtt. við lögin.

Halldór Stefánsson: Mjer skildist af orðum hv. frsm. landbn., að það hefði ekki komið neitt sjerstaklega til athugunar í nefndinni, sem jeg spurði um, en hv. þm. (JörB) svaraði því frá eigin brjósti þannig, að hann hugsaði ekki, að afgjöld við ábúendaskifti hækkuðu í hlutfalli við þann styrk, sem greiddur hefði verið fyrir jarðabætur, heldur eftir því, sem alment yrði metið, að eignin hefði batnað og orðið færari um að bera hærri afgjöld.

Það er þá ekkert annað en það, sem kemur til greina alment, þegar ábúendaskifti verða. Leigan verður þá aðeins miðuð við það verðgildi, sem þá er talið, að fasteignin hafi. Ef þessi skoðun hv. frsm. er sú almenna skoðun, sem ríkir eða verður látin ríkja, þá sje jeg heldur enga ástæðu til, að leiguliðar á opinberum eignum fái nokkru hærri styrk heldur en aðrir ábúendur jarða, því ef svo er, þá er það ekkert annað en persónulegur styrkur til þeirra, og jeg get ekki álitið, að þeir sjeu þess fremur þurfandi heldur en aðrir; jafnvel miklu fremur þvert á móti.

Komi engin önnur skýring fram um þetta atriði, þá gefur það mjer ástæðu til annaðhvort að bera mig saman við háttv. nefnd um þetta á milli umræðnanna, eða þá að koma fram með brtt. við frv. til 3. umr., í þá átt, að þessi sjerstaki styrkur til ábúenda á opinberum jarðeignum verði alveg feldur niður og þeir fái aftur styrk til jarðabóta á sama hátt og aðrir eftir II. kafla jarðræktarlaganna.

Lárus Helgason: Jeg heyrði, að hv. 2. þm. Skagf. (JS) ljet í ljós óánægju sína yfir því, að búnaðarfjelögin mistu af þeim litla styrk, sem þau hafa fengið. Eins og hv. frsm. nefndarinnar tók fram, þá var nefndinni það ljóst, að svona mundi geta farið. En eins og hv. frsm. líka tók fram, þá tók nefndin það ráð, heldur að offra þessu, að láta styrkinn, til þess að geta verið með í því að stofna verkfærasjóð, til þess að verkfæri gætu aukist meðal landsmanna, heldur en að fara að klípa af þeim styrk, sem áður var búið að ráðgera. Jeg geri ráð fyrir, að hv. 2. þm.

Skagf. sjái, að hjer er um svo ákaflega lítinn styrk að ræða, síðan jarðræktarlögin komu til, að það má segja, að hann hafi verið lítils virði fyrir búnaðarfjelögin.

Hafi það nú víða verið svo, sem hv. þm. (JS) tók fram, að fjelagsmenn hafi ekki borgað meira í sjóð búnaðarfjelags síns en 2—3 kr. á ári, þá er auðsætt, að ekki hefir verið miklu úr að spila til þess að kaupa að vinnu. Annars er mjer kunnugt um það, að síðan styrkurinn varð svona lítill til búnaðarfjelaganna, hafa árstillögin verið frá 10—15 kr. frá hverjum fjelagsmanni. Annars hefði verið ómögulegt, að vinna gæti fengist að með tilstyrk búnaðarfjelaganna, og þá hefir mjer virst, að þessi styrkur væri svo hverfandi lítill. En það er alveg rjett, sem hv. þm. (JS) tók fram, að þessi styrkur var sannarlega líftaug búnaðarfjelaganna, áður en jarðræktarlögin komu í gildi. En nefndinni finst, að það verði miklu meiri arðsvon af, að unnið væri að því, að mönnum gæfist kostur á að geta fengið verkfærin ódýr, því að það var svo, að minsta kosti fyrir þeim, sem í nefndinni eru, að þeim er ekki kunnugt um, að það sje víða á landinu svo ríflegt fyrir með verkfæri, að ekki þyrfti við að bæta. Þvert á móti býst jeg við því, og heyrði það sama á meðnefndarmönnum mínum, að þar sje einmitt mjög ábótavant því nær alstaðar, og þess vegna er ekki hægt að segja það með fullum rjetti, að það sje ekki nauðsynlegt að gera mikið til þess, að verkfæri geti komið sem víðast. En það verður ekki gert nema með því að stofna nýja sjóði, sem hjer er ráð fyrir gert.

Það má auðvitað lengi um það deila, hvor aðferðin betri verður, en jeg fyrir mitt leyti lít svo á, og jeg býst við, að það sje svo fyrir nefndinni líka, að menn muni ekki finna neitt verulega til þess, þó að þetta litla gjald, sem búnaðarfjelögin fá, hverfi, þegar menn vita það um leið, að jarðræktarlögin ljetta svo vel undir með þeim mönnum, sem nokkuð vinna. Jeg býst þá við, að búnaðarfjelögin hljóti að halda áfram með óskertum kröftum, hvort sem þau fá þennan styrk eða ekki, því að sum árin hefir hann ekki verið nema sem svarar fimm aurum á dagsverk. Nú eru áætlaðar í fjárlögunum 15000 kr. til þessa, og verður það ekki mikið til þess að skifta á milli allra búnaðarfjelaga í landinu.

Jeg get ekki betur sjeð en að sjóðstofnun þessi sje bráðnauðsynleg og að það hljóti svo að fara, að betra sje að missa af þessum litla styrk til búnaðarfjelaganna heldur en að verkfærakaupasjóðurinn verði mjög ómyndarlegur og þá kraftlaus.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál; hv. frsm. nefndarinnar hefir þegar svarað því, sem jeg álít, að þörf hafi verið að svara fyrir nefndarinnar hönd að svo komnu.

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins örlítil athugasemd, sem jeg vildi gera út af fyrirspurn hv. 1. þm. N.-M., sem hann að vísu beindi til frsm. landbn. (JörB), en sem mjer virtist ekki vera leyst úr að fullu með svörum hans, og sem jeg held að hv. þm. geti ekki búist við, að verði leyst úr fyllilega, vegna þess að mjer fanst spurningin ekki allskostar ljós.

Eftir því sem mjer skildist, spurði hv. þm. (HStef) um það, hvort afgjald opinberra jarðeigna mundi hækka í rjettu hlutfalli við þann styrk, sem ríkið legði fram til jarðabóta, í því að gefa upp landsskuldir eða við að taka jarðabætur gildar upp í þær. Út af þessu finst mjer eiga vel við að benda á það, sem sjálfsagt mörgum er kunnugt, að þegar ábúendaskifti verða á slíkum eignum, þá eru þær boðnar upp, nærri því eins og á venjulegu uppboði. Þær eru auglýstar lausar til ábúðar, og hver sem vill hefir rjett til þess að bjóða í þær; það fer svo eftir því, hver býður hæst og hver þykir álitlegastur ábúandi, hver hreppir þær. (**HStef:** En hvernig fer þá um prestssetur?). Þau falla ekki undir þessa reglu, því að þar stendur öðruvísi á; en þetta gildir um þjóðjarðir og kirkjujarðir sömuleiðis. Það fer því eftir áliti á hverri jörð, hvort afgjaldið hækkar í hlutfalli við umbætur eða ekki, og það má alls ekki líta svo á, að það geti orðið nein regla fyrir hækkun á afgjaldi, hvað lagt hefir verið fram úr ríkissjóði til jarðabóta, því að í hvert skifti fer það svo, að hæstbjóðandi hreppir, ef ekki er þá eitthvað alveg sjerstakt, sem mælir með einhverjum öðrum.

Með þessu virðist í raun og veru ekki vera neitt tillit tekið til þess, sem ríkið hefir lagt af mörkum, og það leggur fram fje, þegar svona stendur á, auðvitað í þeirri von, að jarðirnar verði verðmætari eftir en áður, en án tillits til þess, hvort framlagið fæst greitt, hvort eftirgjaldið hækkar eða ekki, og getur alls ekki ráðið neinu um það, vegna þess að um ábúandann fer eftir því, sem boðin segja til hverju sinni, enda dæmi þau til, að eftirgjald hefir lækkað eftir að margra ára skyldujarðabætur höfðu verið unnar og nýr ábúandi tekið við.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það eru aðeins fá orð, sem jeg þarf að segja. Það voru nokkur ummæli í ræðu hæstv. forsrh., sem jeg skal lauslega víkja að. Hæstv. ráðherra sýndist ekki vel frá því gengið eftir tillögu nefndarinnar, hvort þessi áhöld, sem Búnaðarfjelagið gengst fyrir að menn kaupi, ættu að vera eign fjelaganna sjálfra eða einstakra manna, og jafnframt drap hæstv. ráðh. á, að það mætti skilja svo eftir fyrri hl. hennar, að það væri um marga sjóði að ræða, en eftir síðari hluta hennar aðeins um einn sjóð. Jeg held, að eftir tillögum nefndarinnar sje talað nokkuð greinilega um þetta. Þar er talað um sjóðsstofnun, sem þetta tillag eigi að ganga til, og jafnframt talað um fast tillag úr ríkissjóði til þessa sjóðs. Með þessu er í raun og veru sagt, að það skuli vera sjóður, en um skiftinguna milli hinna einstöku hreppabúnaðarfjelaga eru gefnar ákveðnar bendingar um, hvað skuli lagt þar til grundvallar hlutdeild, sem slíkt fjelag á tilkall til; er sagt, að það skuli fara eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Jeg held því, að þetta sje nógu ljóst og geti tekið af öll tvímæli um það, hvernig beri að skilja þetta. Það ætti að vera auðskilið, að það er einn sjóður, sem mörg hreppabúnaðarfjelög eiga tilkall til síns vissa hluta úr, eftir tölu þeirra jarðabótamanna, sem eru í hverju fjelagi, og geta þau feng-

ið þann styrk, sem þessi hlutföll heimila þeim. Að því leyti er þessi sjóður sjereign hvers fjelags eftir reglum, sem settar eru, og hvorki meira nje minna. Noti eitthvert hreppabúnaðarfjelag ekki þessa sjereign sína eitthvert ár, þá kemur það því aftur til góða síðar, þegar það vill nota sjer það, gegn því skilyrði, að það þarf að leggja fram að sjálfsögðu helming til þessara verkfærakaupa.

Þá drap hæstv. forsrh. á, að það liti svo út, sem fjelögin sjálf gætu eignast þessi áhöld. Það er þeim að vísu heimilt eftir greininni, og fer það auðvitað eftir því, hvað þau telja sjer hentugast í því efni. En lesi hæstv. forsrh. greinina, þá hlýtur hann að sjá, að til er ætlast, að bændur fái þessi verkfæri. Annars skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr greininni það, sem á við þetta atriði. Þar segir svo:

„Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu".

Svo segir síðar:

„Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjelagi heimilt, ef 10 fjelagsmenn óska, að kaupa jarðræktarvjelar, enda sjeu þær þá eign fjelagsins".

Jeg held, að þetta sýni ljóslega, að það er tilgangurinn fyrst og fremst að afla bændum sjálfum verkfæra. En fjelaginu er þó heimilað að eiga einhver verkfæri, og geri jeg ráð fyrir, að í því efni komi helst til greina sú undantekning, sem síðast var nefnd í því, sem jeg las hjer upp. Það verða helst þessi stóru verkfæri, sem hver einstaklingur hefir ekki mikið við að gera, en gætu orðið að góðum notum fyrir marga í fjelagi. — Jeg held, að jeg hafi ekki þurft að víkja að fleiru í ræðu hæstv. forsrh.

Þá var það hv. þm. Ísaf., sem beindi til mín fyrirspurn sem starfandi manns í milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum. Sem milliþinganefndarmaður get jeg nú að vísu ekki svarað þessu, en jeg get svarað því sem þingmaður. Hv. þm. hefir vafalaust tekið eftir því í greinargerð frv., að milliþinganefndin gerir ráð fyrir að fara höndum um málið síðar meir, og að þær breytingar, sem í þessu frv. felast, ber engan veginn að skoða sem endanlega afgreiðslu þessa máls. Geri jeg ráð fyrir, að á sínum tíma komi nefndin með till. um fleiri breytingar. En enn er ekki tími kominn til að segja, hverjar þær verða. Undirbúningi þeirra er hvergi nærri lokið. En út af því atriði, hvort styrkja beri kauptúnin eins og einstaklinga til jarðræktarframkvæmda, get jeg skýrt frá því, að þetta bar á góma í milliþinganefndinni. Kom nefndarmönnum saman um að gera að þessu sinni engar brtt. við það atriði, en láta haldast þann skilning á þessu atriði laganna, sem venjan hefir helgað. Sem þingmaður get jeg bætt því við, að jeg legg á engan hátt til jafns fjölmenn kauptún og einstaklinga um aðstöðu til jarðræktarframkvæmda. Aðstaða kauptúnanna er víðast hvar mun betri. Þar fyrir fullyrði jeg vitanlega ekki, að sum kauptún hafi ekki lakari aðstöðu um þetta efni en alment gerist. En mörg eða flest þeirra eiga kost á mun betri og ódýrari tækjum og meiri og ódýrari vinnukrafti en bændur. Ættu þau því ekki að þurfa

eins háan styrk og þeir einstaklingar, er lakari aðstöðu hafa. — Jeg get tekið það fram að nýju, að jeg segi þetta aðeins sem mína persónulegu skoðun, og get jeg ekki fullyrt, hver endanleg niðurstaða nefndarinnar kann að verða.

Bernharð Stefánsson: Þær umræður, sem hjer hafa orðið, hafa allar snúist um 11. gr. frv., eða verkfærakaupasjóðinn. Hefi jeg ekki heyrt annað en að allir ræðumenn væru á einu máli um það, að hann bæri að stofna. Enda er það vitanlegt, að eitt helsta skilyrðið fyrir aukinni jarðrækt er, að kostur sje á góðum og fljótvirkum verkfærum.

Mjer skilst, að ágreiningur sje aðallega um tvö atriði: 1. á hvern hátt á að mynda sjóðinn, og 2. hvernig haga eigi styrkveitingunum; hvort styrkurinn eigi að ganga beint til einstaklinganna eða til fjelaga úti um land.

Hæstv. forsrh. sagði, að stefna ætti að því, að jarðræktin yrði heimilisvinna og jarðyrkjuverkfæri kæmust inn á hvert einasta heimili. Jeg er alveg á sama máli, en okkur greinir á um leiðirnar. Hann virðist álíta, að besta ráðið sje að fara þá leið, er frv. gerir ráð fyrir. En jeg tel það vafasamt. Jeg held einmitt, að þetta fje komi að meiri og víðtækari notum með því að skifta því á milli búnaðarfjelaganna úti um land, í hlutfalli við tölu fjelagsmanna, heldur en að hafa sjóðinn óskiftan. Ef hann er óskiftur og einstökum mönnum veittur styrkur, er hætt við, að á því verði nokkurt handahóf og að hann lendi fyrst og fremst til þeirra, sem næstir eru og best geta borið sig eftir björginni, en alls ekki víst, að þar sje þörfin mest. En ef hvert búnaðarfjelag hefir rjett til ákveðinnar fjárhæðar, þá munu þau öll ganga eftir sínum hluta og sjá fyrir, að lagt verði fje á móti, og þannig munu verkfærin dreifast út um landið. Jeg held því, að till. nefndarinnar tryggi örari útbreiðslu jarðyrkjuverkfæra og sjeu til meiri hjálpar fyrir hina efnaminni bændur heldur en frv. óbreytt, og þó einkum, að þær tryggi betur rjett hinna fjarlægari landshluta.

Jeg skal geta þess, að jeg hafði ætlað mjer að minnast á spurningu hv. 1. þm. N.-M. um eftirgjald jarðeigna hins opinbera, sem umbætur eru gerðar á. Var jeg ekki sammála hv. frsm. um hans svör við þessu. En þess gerist nú ekki þörf, að jeg fari út í þetta, þar sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir skýrt frá, hvernig þetta er haft. Það fer eftir alt öðrum lögum en jarðræktarlögunum, þ. e. eftir byggingarskilmálum jarðanna. Jeg álít, að það nái ekki nokkurri átt, að eftirgjaldið eigi altaf að vera eins, hve mikið sem jarðirnar eru bættar, þar sem ríkið leggur fram svo mikið fje til jarðræktarinnar. Afgjaldið af prestssetrunum hygg jeg, að metið sje á ákveðnu árabili í sambandi við fasteignamatið.

Jeg hafði og hugsað mjer að gera að nokkru umtalsefni ræðu hv. 2. þm. Skagf., en hv. þm. V.-Sk. (LH) hefir tekið fram mest af því, sem jeg mundi hafa sagt. Ef samþ. verður brtt. landbn. við 11. gr., get jeg ekki sjeð, að þar með sje tekinn styrkurinn af hreppabúnaðarfjelögunum, heldur mætti í raun rjettri segja, að honum væri breytt og hann aukinn þannig,

að fastákveðið væri, hvað þau skyldu gera við hann. Þar, sem jeg þekki best til, er það svo nú þegar, að fjelögin verja styrknum til verkfærakaupa. Auk þess er þessi styrkur orðinn svo lítill, að jeg skil ekki annað en fjelögin standi jafnrjett eftir, þótt hann sje af þeim tekinn í þeirri mynd, sem hann nú er. Jarðræktarlögin — og þá einkum ef þetta frv. verður samþykt með brtt. nefndarinnar — tryggja það, að hver einasta sveit mun halda uppi búnaðarfjelagi, þar sem svo er ákveðið í till. nefndarinnar, að skilyrði fyrir jarðræktarstyrk sje m. a., að styrkþegi sje í búnaðarfjelagi. Og þegar menn fá ríflegan styrk fyrir jarðabætur eftir jarðræktarlögunum, þá ætti þeim ekki að vera vorkunn að gjalda fjelagi sínu töluvert ársgjald. Alt öðru máli var að gegna áður, þegar eini jarðabótastyrkurinn var frá búnaðarfjelögunum. Sú styrkveiting var áður líftaug fjelaganna, en nú er hún orðin hálfgerður hjegómi með því fyrirkomulagi, sem nú er og þegar styrkurinn er orðinn jafnlítill og nú.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg er ánægður með yfirlýsingu hv. frsm., að höfuðáhersluna beri að leggja á að afla einstaklingunum verkfæra. Þó vill hv. nefnd ekki fella burtu heimildina til að kaupa vjelar, sem sjeu eign fjelaganna í heild. Til rökstuðnings minni skoðun um þetta vil jeg geta þess, að til er svo nefndur „vjelasjóður", og hefi jeg hugsað mjer, að hann hjálpi fjelögunum með lánveitingum til að eignast stærri jarðyrkjuverkfæri. Þó að sjóðurinn sje ekki stór, ætti hann að geta veitt töluverða hjálp með lánveitingum til stutts tíma.

Þá vil jeg biðja hv. landbn. að athuga jafnframt þessu atriði til 3. umræðu, hvort ekki kynni að vera rjett að þrengja verksvið sjóðsins með því að taka burtu heimildina til kaupa á heyvinnuvjelum. Alt það, sem þá verður eftir, sýnist ærið nóg verkefni.

Þá er 3. atriðið, sem jeg býst við, að mjög erfitt verði við að fást í framkvæmdinni. Fjelögin eiga að ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjelagi Íslands, og ráða, hvernig þau skifta þeim milli fjelagsmanna. Bið jeg hv. nefnd að athuga, hvernig á að haga þessari skiftingu. Gerum t. d. ráð fyrir, að eitthvert fjelag hefði yfir svo miklu fje að ráða, að það gæti látið 3 fjelagsmenn fá sitt myndarlega jarðyrkjuverkfærið hvern. En gerum jafnframt ráð fyrir, að 6 fjelagsmenn byðust til að leggja fram fje á móti. Jeg fyrir mitt leyti býð þá ekki í friðinn í fjelagsskapnum. Er ekki athugandi, hvort ekki mundi betra að fela þetta vald annnaðhvort Búnaðarfjelagi Íslands eða búnaðarsamböndunum?

Vildi jeg gjarnan mega eiga tal um þessi atriði við hv. nefnd fyrir 3. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg verð fyrst að leiðrjetta ofurlítið það, sem hv. 1. þm. Árn. hafði eftir, þegar jeg var að tala um þörf á verkfærum í sumum sveitum. Hann hefir skilið orð mín svo, að þar væri komið svo mikið af verkfærum, að ekki væri á það bætandi. Þannig er það vitanlega hvergi. Það er altaf hægt að segja, að bæta megi við. En það, sem jeg vildi segja, var

það, hvað skyldi segja um þær sveitir, þar sem svo er ástatt, að þær hafa fullnægt nokkurn veginn þeirri þörf, sem er beinlínis aðkallandi. Jeg býst ekki við, að það sje frekar á færi manna hjer suður í Reykjavík, í atvinnumálaráðuneytinu eða í Búnaðarfjelaginu, heldur en bændanna sjálfra heima í sveitunum að meta þessa þörf.

Það er ekki svo að skilja, að hjer sje ekki verkefni fyrir hendi á þessu sviði, heldur hitt, að annað kalli meira að.

Annars býst jeg við, að þýðingarlítið sje að ræða þetta öllu frekar. Því miður hefi jeg orðið var við, að stjettarbræður mínir, þeir, sem talað hafa, vilja hallast að því að svifta búnaðarfjelögin þessum styrk. Það má þess vegna segja, að það sje að berja höfðinu við steininn að halda uppi þessum umr. En jeg vil þó minnast á nokkur atriði og jafnframt benda á leið, sem mjer þykir líklegust.

Jeg skal taka það strax fram, að jeg var dálítið vonsvikinn, þegar hæstv. atvmrh. stóð upp, því að jeg bjóst við, að hann mundi halda betur á sínu máli. Jeg hafði gert mjer von um, að hann mundi alla daga halda uppi vörn fyrir sitt eigið frv., eða 11. gr. þess, sem nefndin hefir gerbreytt, því að í mínum augum er hún miklu aðgengilegri samkv. till. stj. En sú von brást algerlega. Jeg felli mig miklu betur við það, að tekinn sje ofurlítill hluti af jarðræktarstyrknum og notaður til sameiginlegra þarfa. Jeg skal játa það, að till. stj. að taka 1/5 hluta alls styrksins frá þeim, sem jarðabætur hafa unnið, gengur alt of langt; hún hefði mátt ganga miklum mun skemra og hefði þó komið að góðum notum. En hugmyndin er jafngóð fyrir því. Jeg hefi árlega tekið á móti talsverðu af slíku fje, og jeg get sagt, að jeg lít svo á, að bæði mjer og öðrum ætti ekki að vera nema ánægja að leggja ofurlítið af mörkum af þessu fje til þeirra, sem búa og ekki eru ennþá komnir neitt á stað. Það er þetta, sem jeg vil halda á lofti í till. stj., en sem mjer fanst hæstv. atvmrh. hlaupa að miklu leyti frá. Ef maður ber þetta saman við till. nefndarinnar, þá eru þær á þá lund, að það á að taka styrkinn frá búnaðarfjelögunum á þann hátt, að hann renni í sjóði, sem úr væri veitt hjer syðra undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Ofan á þetta bætist 20 þús. kr. tillag úr ríkissjóði; og þetta tillag á ekki einu sinni að koma þeim sjerstaklega til hjálpar, sem verst eru settir, heldur að jafnast niður á alla eftir höfðatölu fjelagsmanna. Jeg tek sem dæmi viðvíkjandi þessu aukatillagi, að hjer í Reykjavík væri jarðræktarfjelag með 30 meðlimum, þá fengi það jafnhátt tillag og búnaðarfjelag norður á Ströndum, sem hefir sömu meðlimatölu. Það geta allir sjeð aðstöðumuninn. Hjer við Reykjavík geta allir notað sömu verkfærin, auk allra annara þæginda. Norður á Ströndum er svo löng leið milli bæja, að illmögulegt er að flytja verkfæri á milli. Það er meðal annars þessi eðlismunur á till. nefndarinnar og till. í stjfrv., sem gerir það, að jeg get ekki aðhylst breytingar landbúnaðarnefndar.

Svo að jeg snúi mjer aftur að styrknum til búnaðarfjelaganna, þá hefir því verið haldið fram, að hann væri svo lítill, að engan munaði. Bæði

háttv. þm. V.-Sk. og háttv. 2. þm. Eyf hafa mjög slegið á þá strengi, að það munaði engan um 5 aura á dagsverk. Það er rjett, að þetta er mikils til of lítið. En það er í raun og veru minna fyrir það, að ekki hefir verið komið skipulagi á þetta, að borgað hefir verið eingöngu eftir dagsverkatölu, í stað þess, að setja hefði átt hámark um, hvað einstök búnaðarfjelög ættu að fá mikið. Með þeirri aðferð, sem verið hefir, er það sýnt, að þeir staðir, þar sem stórkostlegar búnaðarframkvæmdir eiga sjer stað, eins og t. d. í umhverfi kaupstaða, þeir gleypa meginið af þessum búnaðarfjelagastyrk. Aðeins lítið brot fer í sveitir landsins. En það var ekki meiningin upphaflega, heldur hitt, að þetta yrði sem jafnast og til uppörvunar fyrir búnaðarfjelagsskapinn.

Svo er annað atriði, sem jeg drap á lítillega áðan og jeg felli mig afleitlega við. Það er, að atvinnumálaráðuneytið á að vera nokkurskonar yfirfjárráðamaður bændanna, eða þessa fjelagsskapar þeirra. Yfir höfuð sýnist mjer, að með því að færa þennan litla styrk úr höndum fjelaganna til umráða Búnaðarfjelags Íslands og atvinnumálaráðuneytisins, þá sje verið að halda fram þeirri stefnu, sem við verðum ákaflega oft varir við, nefnilega að reyna að „centralisera“ alt hjer í Reykjavík. Það má vel vera, að það hafi einhverja kosti; en í mínum augum fylgja því líka margir og miklir ókostir.

Jeg hefi nú látið uppi skoðun mína á því, hverja leiðina jeg kjósi heldur Jeg er nefnilega sannfærður um það, að það fylgir svo mikil blessun starfsemi búnaðarfjelaganna, að jeg mun hiklaust greiða atkv. með því að leggja nokkurt aukagjald á mig og mína stjettarbræður, í stað þess að svifta þau styrknum.

Jeg hefi einnig þá trú á bændum þessa lands, að það sje óhætt að trúa þeim fyrir fje og þurfi ekki að skipa þeim neina yfirfjárráðamenn á þessu sviði.

Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá er það reynsla þar, sem góður búnaðarfjelagsskapur hefir starfað um lengri tíma, að af honum hafa leitt margvíslegar umbætur á ýmsum sviðum, þar sem fje hefir verið varið til verkfærakaupa og ýmislegs annars, t. d. verðlauna, eins og jeg gat um áðan, verðlauna fyrir góða hirðingu á skepnum, til verðlauna á smábúfjársýningum og þess háttar. Það þarf ekki mikið fje til þessa, en það er áreiðanlegt, að slík uppörvun gerir sitt gagn til umbóta á ýmsum sviðum. Og jeg held einmitt, að ef fjelögin hafa dálítið handa milli, verði það drjúgt til þess að skapa áhuga. Jeg hefi nefnilega ekki þá trú, sem sumir virðast hafa, að við bændur eigum að hlíta nokkurskonar æðri forsjón, þar sem er Búnaðarfjelag Íslands og stj. Það virðist allvíða brenna við, að mönnum finnist, að þaðan að ofan eigi að koma allar till., sem til umbóta horfi. Mín reynsla er sú, að till., sem hafa orðið til mestra umbóta fyrir bændur, hafi komið frá bændunum sjálfum, sprotnar upp af þeirra eigin þörf. Er áreiðanlegt, að aukinn styrkur til búnaðarfjelaga mundi að miklum mun lyfta undir viðleitni manna, svo að þeir framkvæmdu ýmislegt það,

sem vakir fyrir þeim, en þeir vegna fjárskorts treysta sjer nú ekki til að framkvæma.

Það hefir verið bent á, að jarðræktarlögin yrðu til þess að halda fjelagsskapnum saman. Það er rjett, að enginn fær jarðræktarstyrk, nema hann sje í búnaðarfjelagi; en jeg verð að segja, að jeg gef ekki mikið fyrir þann búnaðarfjelagsskap, sem einungis úthlutar jarðræktarstyrk; hann á ekki skilið að heita búnaðarfjelag.

Hvað viðvíkur árgjaldi í búnaðarfjelögunum, þá hygg jeg það sje rjettara hjer sem annarsstaðar að kjósa það, sem eiga má nokkurn veginn víst, heldur en eiga undir högg að sækja um það, hvað fjelagsmenn vilja láta af hendi rakna. Stundum vilja menn að vísu leggja á sig allmiklar byrðar, en það getur líka brugðist.

Jeg ætla svo ekki að hafa þetta mál mitt lengra; vonast jeg eftir, að þrátt fyrir daufar undirtektir vilji landbn. þó taka þetta mál aftur til rækilegrar yfirvegunar, — og ennfremur, að það reynist ekki svo langt í milli okkar sem virst hefir af þeim ummælum, sem hafa komið fram hingað til.

Halldór Stefánsson: Það hefir nú nokkuð upplýst sú spurning, sem jeg bar fram, einkum af því, sem þeir hafa sagt, hv. 1. þm. S.-M. og hv. 2. þm. Eyf. Það virðist þá nokkuð bert, að það er engin föst hugsun fyrir því, að afgjaldið eigi að hækka í alveg ákveðnu hlutfalli við framlagið til jarðabóta. Það virðist eiga að vera komið undir happi og hendingu. Það ætti þá helst að vera um prestssetursjarðirnar. En engin föst hugsun liggur þó þar á bak við heldur, eftir því sem mjer skilst.

Jeg bar fram þá spurningu hjer fyr, að ef svo væri ástatt eins og er um þetta, hver væri þá ástæðan til að borga svona miklum mun hærra fyrir jarðræktarframkvæmdir á þeim opinberu eignum heldur en á öðrum eignum, sem frv., og þó einkum lögin gera ráð fyrir. Jeg hygg, að það hafi eftir lögunum verið eitthvað nálægt sexfalt meira greitt fyrir jarðræktarframkvæmdir á opinberum eignum en öðrum. En eftir frv. og till. nefndarinnar lækkar það í kringum helming. Nú kem jeg ekki auga á, að ástæða sje til að gera neinn mun á þessu. Og það hafa heldur ekki við umr. verið teknar fram þær ástæður, sem hjer ættu að liggja til grundvallar. Leiguliðar á einstakra manna eignum eru alveg jafnt settir gagnvart eigendum eins og leiguliðar á opinberum eignum. Það virðist því óþarft að verðlauna hærra jarðabótastarfsemi á þessum eignum en öðrum.

Haraldur Guðmundsson: Jeg þakka hæstv. forsrh. fyrir greið svör við spurningu minni. Þó voru þau ekki eins góð og jeg gjarnan hefði óskað. Hann upplýsti, að hann liti svo á, að kaupstaðir, sem láta gera jarðabætur, hafi ekki rjett til styrks samkvæmt jarðræktarlögunum.

Jeg býst við að bera fram brtt. við 3. umr. til rjettingar þessu og fjölyrði ekki um það nú.

Þá sagði hann viðvíkjandi fyrirspurn minni um skýrslusöfnun samkv. 21. gr. jarðræktarlaganna, að það vantaði mikið á, að skýrslur væru komnar frá öllum kaupstöðum. Vildi

jeg skora á hæstv. stj. að leggja fyrir stjórn Búnaðarfjelagsins að láta hraða þessari skýrslusöfnun eftir föngum.

Magnús Guðmundsson: Það var aðallega út af orðum, sem fjellu í ræðu hv. 1. þm. N.-M., að jeg kvaddi mjer hljóðs. Hann segist ekki koma auga á, að það sje ástæða til að láta þá leiguliða, sem búa á eignum hins opinbera, fá eins mikinn styrk til jarðabóta á ábýlisjörðum sínum og gert er ráð fyrir í frv., samanborið við aðra leiguliða. Út af þessum ummælum vil jeg benda hv. þm. (HStef) á, að ekki er hægt að skylda einstaka eigendur til þess að leggja fram fje til umbóta á jörðum sínum. Slíkt færi í bága við 63. gr. stjórnarskrárinnar. En þetta getur ríkissjóður gert að því er snertir hans jarðir. Og jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, þó að hann gangi á undan í því að vera góður landsdrottinn og öðrum til fyrirmyndar. Það leiðir vitanlega af sjálfu sjer, að jarðirnar hljóta að hækka í verði, ef á þeim er unnið mikið að jarðabótum, og þó að afgjald þeirra sje ekki hækkað strax á fyrstu árunum, þá verður það vitanlega gert í framtíðinni. Og að því er prestana snertir, þá vil jeg geta þess, að afgjald prestssetursjarðanna er metið upp í laun þeirra, og altaf metið upp 10. hvert ár. Hlýtur afgjaldið því að hækka, ef mikið er unnið að jarðabótum, og fær ríkissjóður því endurgoldið að minsta kosti að nokkru leyti það, sem hann hefir lagt í jörðina. Hitt er aftur rjett, að um það er ekki hægt að segja, hvort hægt verði að selja jarðirnar hlutfallslega hærra verði, miðað við það, sem í þær hefir verið lagt. En eins og jeg tók fram áðan, finst mjer ekki nema eðlilegt, að hið opinbera gangi á undan með góðu eftirdæmi og verði sá landsdrottinn, sem vill gera sínar jarðir góðar, þó að um það megi altaf deila, hvort það sje hin rjetta leið, sem farin er í frv.

Út af ummælum hv. þm. Ísaf. vil jeg benda honum á, að það er ekki alveg sama, hvar jarðabæturnar eru unnar, hvort þær eru unnar á þeim stöðum, þar sem menn geta strax komið afurðum sínum á góðan markað, eða unnar fram til dala, þar sem um engan markað er að ræða nema heimilismarkaðinn. Það getur því á engan hátt verið rjett að borga sama styrk fyrir þær jarðabætur, sem unnar eru kringum kaupstaðina, eins og fyrir jarðabætur, sem unnar eru fram til dala, þar sem samgöngur eru erfiðar og aðrir staðhættir eftir því.

Auk þess er víst, að víða kringum kaupstaði eru jarðabæturnar beinlínis arðvænlegar, og því beinlínis rangt að veita styrk til þeirra.

Haraldur Guðmundsson: Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. vil jeg taka það fram, að mjer finst ekki rjett að miða styrkinn til jarðabóta við það, hve hægt er fyrir menn að koma afurðum sínum á markað. Mjer finst ómögulegt að gera upp á milli manna í þessu efni, enda gera lögin alls ekki ráð fyrir því og í framkvæmdinni hefir það aldrei verið gert.

Jeg tel jafnframt hyggilegast að hvetja menn fyrst og fremst til að leggja fje í jarðabætur einmitt þar, sem mestar líkur eru til, að þær borgi

sig best og skili fjenu fljótast aftur. Það er blátt áfram sjálfsagt af hagfræðilegum ástæðum.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg verð hjer fljótt yfir sögu að fara, þar sem jeg hefi aðeins rjett til þess að gera stutta aths., enda þótt ýmislegt kæmi fram í ræðu háttv. 2. þm. Skagf., sem þurft hefði að athuga. Það voru nokkur ummæli, sem hann hafði síðast, er jeg hefði óskað, að fram hefðu komið í fyrri ræðu hans, því að nú finn jeg, að meira ber milli hans og nefndarinnar en ætla mátti eftir fyrri ræðunni, því að nú virðist hann alls ekki fella sig við það, sem hann virtist vera ánægður með áður. En það, sem mjer fanst undarlegast hjá þessum hv. þm., var það, að hann taldi, að nefndin með till. sínum væri að rýra frv. stj. Þessu mótmæli jeg sem algerðri staðleysu hjá hv. þm., staðleysu, sem hann getur alls ekki staðið við. Það getur verið, að samkv. till. nefndarinnar verði styrkurinn eitthvað minni fyrstu árin til verkfærakaupasjóðs, en til jarðræktar og áhalda verður hann meiri samkvæmt till. nefndarinnar. En hve lengi það verður, að verkfærakaupasjóður fái með þessu móti minna en eftir till. stj., ber framtíðin í skauti sínu, því að verði þetta samþ. nú, verður því ekki breytt nema með lagasetningu. En samkv. stjfrv. átti þetta að vera aðeins til 5 ára. Og jeg vil benda hv. þm. á, að eftir tillögum nefndarinnar verður styrkurinn til hreppabúnaðarfjelaganna í þessu skyni, eins og nú standa sakir, 40—50 þús. kr. Við þetta bætast svo 20 þús. kr., sem greiða á úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðsins. Verður því upphæðin fyrsta árið samkvæmt þessu a. m. k. 60 þús. kr. En eftir frv. stj. er hún 70 þús. kr. Mismunurinn er því ekki mikill, þó að ekki sje gengið út frá meiri jarðabótum en nú eru unnar; en eins og till. bera með sjer, fer upphæð sú, sem búnaðarfjelögin fá í þessu skyni, alveg eftir tölu þeirra dagsverka, sem unnin eru. Styrkur þessi verður því þeim mun meiri, sem meira er unnið að jarðabótum. Auk þess halda hlutaðeigendur öllum styrknum, sem veittur er samkv. II. kafla jarðræktarlaganna. Hjer er því síst verið að skerða till. hæstv. stj. Kann jeg því illa við, að hv. 2. þm. Skagf. skuli vera að saka okkur um, að við höfum dregið úr styrknum til búnaðarfjelaganna, þar sem við höfum nærri því tvöfaldað hann frá því, sem áður var. Það má vitanlega deila um, hvort þessi tilhögun sje rjett eða ekki, en að hjer sje verið að rýra styrkinn, er fjarstæða ein. Þar sem jeg hefi aðeins rjett til þess að gera stutta aths., verð jeg að stikla á þessu í stórum dráttum. Eins og nú er, fer skifting jarðabótastyrksins milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu í hverju fjelagi, en nefndin leggur til, að þessi styrkur skiftist hlutfallslega á milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Jeg skal ekki neita því, að á þennan hátt fá sum fjelög í kaupstöðum minna en ef skift er eftir dagsverkatölu eins og nú er. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje neitt ósanngjarnt.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar að sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þór-

hallsson): Út af orðum háttv. 2. þm. Skagf. vil jeg taka það fram, að jeg álít, að markmið það, sem að er stefnt í 11. gr. frv. þessa, náist betur eins og greinin er orðuð í stjfrv. En hinsvegar er jeg þannig skapi farinn, að jeg get ekki verið að berja höfðinu við steininn og halda fast við till. stj., þegar öll landbn. verður ásátt um aðra leið, sem stefnir að sama marki. Jeg get því alls ekki verið að ganga á móti nefndinni.

Hv. frsm. vil jeg benda á það, til viðbótar við það, sem áður er nefnt, að það er eitt atriði í 11. gr. stjfrv., sem ekki má falla niður. Það er hámarksákvæðið um, að enginn einstakur bóndi geti fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 kr. Þetta ákvæði tel jeg mega til að vera. Annars geng jeg út frá því, að till. nefndarinnar verði samþ., og eins og jeg hefi tekið fram, mun jeg vinna með nefndinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 282,1 tekin aftur.

5.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 282,2 samþ. með 19:2 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 282,3 (ný 11. gr.) samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HjV, IngB, JJós, JÓl, JörB, LH, MT, PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, BSv.

nei: HJ, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, HStef.

Þrír þm. (EJ, GunnS, HK) fjarstaddir.

12.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, vegna þess að jeg hefi í hyggju að bera fram brtt. við frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að taka undir þá ósk, að málið verði tekið út af dagskrá nú.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 309, 310, 324, 366, 384).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 384. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg skal aðeins lítillega minnast á brtt. á þskj. 384, frá okkur þremur, mjer og hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Eftir till. okkar er ætlast til, að styrkurinn samkv. II. kafla jarðræktarlaganna lækki um $^1/_{10}$ hluta, sem gangi til verkfærakaupasjóðs, í stað þess, að eftir frv. stj. var ætlast til, að $^1/_5$ hluti styrksins gengi til þessa. Jarðabætur

hafa nú aukist svo mjög og eru sífelt að aukast, og ekki líklegt að líði á löngu, þangað til styrkurinn nemi jafnmikilli upphæð eftir till. okkar. Þó að nú tvímæla kunni að orka um starfsemi búnaðarfjelaganna úti um land, þá er það víst, að það hefir leitt svo mikið gott af mörgum þeirra og að þau eru nauðsynlegur liður í framfaramálum bændanna, að ekki er vert eða rjett fyrir löggjafarvaldið að draga úr starfsemi þeirra. Það hafa sumir fundið þessu til foráttu, að það dragi úr áhuga sumra þeirra, sem eru að leggja út í jarðræktarframkvæmdir. Þó svo væri, sem jeg dreg mjög í efa, þá vegur það fyllilega upp á móti því, að þetta gerir bændum alment mögulegt að eignast jarðabótaverkfæri. Bændur þurfa nauðsynlega að eignast jarðabótaverkfæri, og það verður ekki á annan hátt betur stuðlað að því en þennan. Fyrst og fremst þurfa þeir að læra að fara með þessi áhöld. Um það hefir verið talað áður, en nú liggur hinn liðurinn fyrir, að útvega þeim þau. Nú er það svo, að þeir menn, sem fengju þennan styrk, sem hjer er dregið af, mundu ef til vill ekki fá hitt til verkfærakaupa, en það verður þá til þess að hjálpa hinum áfram, sem einhverra ástæðna vegna hafa orðið á eftir.

Brtt. okkar er því að nokkru leyti sameining á till. hæstv. stj. og landbn., og jeg held, að í henni sje reynt að sameina það besta úr þeim báðum.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Landbn. hefir ekki átt kost á að kynna sjer brtt. á þskj. 384 eða að bera sig saman um hana, síðan hún kom fram. Jeg held nú reyndar, að hún sje að efni til eins og hún hefir verið skýrð af hv. flm. og í samræmi við það, sem þeir hafa haldið fram í málinu, og er þá skemst af að segja, að nefndin getur ekki aðhylst hana, og skal jeg víkja nánar að því síðar.

Þá liggja hjer fyrir fleiri brtt., og skal jeg fyrst minnast á till. hv. þm. Ísaf. og hv. þm. V.-Sk. á þskj. 310. Um hana hefir nefndin óbundin atkv. og munu nokkrir nefndarmenn greiða henni atkv. og telja það, sem hún fer fram á, sanngirnisatriði, að bæir og kauptún geti fengið styrk í þessu skyni.

Þá er brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 324. Hana getur nefndin ekki aðhylst. Hún er þeirrar skoðunar, að því ákvæði, sem síðast var samþykt um þetta, sje í hóf stilt, vegna þess að landsetar ríkissjóðs eiga ekki umbæturnar, heldur njóta aðeins ávaxta þeirra.

Þá hefir landbn. leyft sjer að koma fram með 2 brtt. á þskj. 366, um að í stað ákvæðisins um, að minst 10 menn óski eftir, að vjelar skuli keyptar, komi, að lögmætur fjelagsfundur samþ. Okkur þykir þetta fult eins tryggilega um búið.

Svo er þar önnur till., sem nefndin ber fram. Hún er um það, hve mikinn styrk hver einstakur bóndi fær. Er þar sett hámark, 300 kr. Við nánari athugun þótti nefndinni hyggilegra að binda það við eitthvert ákveðið hámark.

Þá er brtt. frá hv. þm. Mýr. og fleirum, á þskj. 384. Nefndin getur ekki fallist á að breyta svo 11. gr. Mjer finst, að fyrir þessum hv. flm. vaki það, að heppilegra sje, að hreppabúnaðarfjelögin haldi sínum styrk,

svo að þeirra starfsemi skerðist ekki. Hv. þm. Mýr. sagði, að það myndi kippa fótum undan starfsemi þeirra á þessu sviði. Getur landbn. alls ekki fallist á þetta; hún getur ekki fallist á það, að búnaðarfjelög bænda úti um sveitir landsins standi á svo völtum fótum, að ef þeir ekki fái beinlínis ánafnað svo sem fjóra aura á hvert dagsverk, sem þeir vinna, þá sje þeirra fjelagsskapur eyðilagður. Þetta lýsir svo mikilli vantrú á umbótum hjá bændum og þeirra starfsemi, að jeg held, að hv. þm. segi þetta ekki í alvöru. Það er líka á annan hátt tryggilegar um þetta búið, þar sem samkv. þessu frv. er svo frá gengið, að ef bændur vilja verða styrks aðnjótandi, þá verða þeir að halda búnaðarfjelagsskap uppi, og þó að víða sjeu bágbornar ástæður, þá þykir mjer það undarlegt, ef þessir fáu aurar á dagsverk geta verið það lífakkeri, sem haldi þessari starfsemi uppi.

Jeg veit, að þetta fje er notað til mismunandi hluta; þeir geta verið góðir og gagnlegir, en að gagnsemi þeirra verði meiri samkv. þeirri ráðstöfun, sem hv. flm. vill hafa, heldur en með því að afla mönnum verkfæra, því trúi jeg ekki, því að erfiðleikar til umbóta á jarðræktarsviðinu eru ávalt mestir hvað það snertir.

Hv. þm. Mýr. drap líka á, að þetta mætti ekki draga úr starfsemi þessa fjelagsskapar, með því að kippa í burtu þessu fje. Jeg er alveg hissa á að heyra þetta, þegar þess er gætt, að eftir því sem jarðræktin vex, fer styrkurinn minkandi, og sum árin hefir hann ekki verið nema 4½ eyrir á dagsverk. En nú er ekki svo, að jeg vilji draga úr þessum styrk, heldur aðeins verja honum öðruvísi. En ef það á að draga úr framkvæmdum búnaðarfjelaganna að missa þennan litla styrk til annars, — mun það þá ekki hafa sömu áhrif að draga $^1/_{10}$ hluta af jarðabótastyrknum og leggja það í þennan sjóð? Þetta kemur þannig í mótsögn hvað við annað hjá hv. flm., svo að þeir verða að leggjast eitthvað dýpra til þess að hnekkja rökum landbn. hvað þetta snertir.

Þá sagði hv. þm. (BÁ), að þeir, sem lengra væru komnir í jarðræktinni, mættu ekki telja eftir sjer að hjálpa hinum, sem skemra væru komnir. Þar skyldi maður ætla, að þessir hv. þm. hefðu fundið púðrið. En þeir ætla nú samt að taka einn tíunda hluta af þeim styrk, sem veittur er samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna, og það á að ganga jafnt yfir alla. En ef þeir, sem væru fyrir neðan t. d. 50 dagsverk, fengju meiri styrk, þá væri þó samræmi í þessu. Svo vil jeg benda hv. þm. á það, að ef þeir þykjast hafa fundið einhvern sjerstakan vinning í þessu, að með þessari aðferð leggist meira fje í verkfærasjóðinn, og þannig stuðlað meira að þessu, þá er enginn munur á því og sem verður eftir tillögum nefndarinnar. Styrkurinn til þessa sjóðs á að fara eftir tölu dagsverka, þannig að þeir, sem vinna mikið, leggja þannig ennþá meira í þennan sjóð. Sá, sem vinnur 500 dagsverk, leggur miklu meira fje fram heldur en hinn, sem ekki vinnur nema 10 dagsverk. Nei, hv. þm. Mýr. og þeir aðrir hv. þm., sem flytja þessa brtt., verða að koma með eitthvað meira máli sínu til stuðnings, svo að það

verði nokkurt vit í henni. Það eina, sem þeir bera fram og sem þeir geta lagt mikið upp úr, ef þeim sýnist, en sem jeg mótmæli, er það, að starfsemi bænda sje það lífsnauðsyn að fá þessar 15000 kr. En það er svo lítilsverð ástæða, að jeg met hana einskis, tel hana hneyksli fyrir bændur.

Svo er fleira, sem mjer þykir miklu ver um búið, m. a. það, að þeir vilja stofna einn allsherjarsjóð, sem menn eigi að fá styrk úr til þess að afla sjer verkfæra, og leggi sá, er kaupir, helming fram, en sjóðurinn hinn helminginn. Eftir hverju á nú að fara um þessa úthlutun? Jeg býst ekki við, að hægt verði að leggja annað til grundvallar en á hvaða tíma umsókn kemur, og verði því að afgreiða þær eftir þeirri röð, sem þær berast Búnaðarfjelagi Íslands. En þetta kæmi ójafnt niður. Samkvæmt okkar tillögum á að jafna niður hlutfallslega á fjelögin því, sem hægt verður að verja til kaupanna, og það þykir mjer miklu sanngjarnara, því að þá dreifist hjálpin um bygðir landsins, eftir því sem þörfin er fyrir verkfæri. Jeg verð því að halda því fram, að þessir hv. þm. hafi ekki mikinn skilning á þessu máli, ef þeir halda, að bændurnir geti ekki lagt fram með frjálsu móti af sínum eigin jarðabótastyrk til sinna fjelagsþarfa. Það verður, held jeg, ekki nein risavaxin upphæð, sem á hvert búnaðarfjelag kemur af þessum 15 þús. kr. Þeir ættu að standa sig miklu betur við það, ef þeir fá jarðabótastyrkinn ósnertan, og þar að auki þar sem eftir okkar tillögum er miklu betur um það búið, að þetta komi þeim að notum, sem helst þurfa þess við.

Jeg vænti þess vegna, að hv. deild samþykki þær brtt., sem landbn. ber nú fram við greinina, en geri ekki frekari breytingar á henni heldur en orðið er. Jeg held, að það sje áreiðanlega sú besta lausn á þessu máli, sem á verður kosið, og jeg er ekki í neinum vafa um það, að verði þessi brtt. hv. þm. Mýr. og meðflutningsmanna hans samþykt, þá verður það til að stórspilla frv. í heild sinni. Fyrir verkfærastyrknum verður miklu ver sjeð og hann nær síður tilgangi sínum. Það myndi verða fremur til þess að miklu minna gagn yrði að sjóðnum. Jeg held því, að hv. flm. gerðu best í því að taka þessa brtt. sína aftur, því að hún er áreiðanlega á misskilningi bygð.

Halldór Stefánsson: Við 2. umr. komu að mestu fram eða öllu ástæðurnar fyrir brtt. minni á þskj. 324, og þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum að því að skýra hana. Jeg hafði haldið því fram þar, að það væri ekki ástæða til að greiða landsetum hins opinbera svo miklum mun hærri styrk fyrir jarðabætur heldur en öðrum landsetum. Það er nú að vísu hugsað svo í frv. og tillögum nefndarinnar að lækka það allmikið frá því, sem verið hefir, en tillögur mínar fara þó fram á að lækka það enn meira.

Það kom fram við 2. umr., að ýmsum þótti rjett, að ríkið væri betri landsdrottinn og gengi á undan öðrum, og jeg vil alls ekki neita því, að það sje nokkuð fyrir þessari hugsun, en hún er heldur alls ekki rofin, þótt gengið væri að tillögu minni, þar sem jeg ætla landsetum ríkissjóðs ⅓ hærri styrk heldur en öðrum. Hv. landbn. hefir ekki getað aðhylst hana,

og hv. 1. þm. Árn. talaði svo, sem jeg vildi engan mun gera, en þriðjungs munur er ekki svo lítið. Auk þess talaði hv. þm. svo, sem allir aðrir ábúendur jarða heldur en landsetar hins opinbera sjeu sjálfseignarbændur. En það er ekki rjett. Fleiri eru leiguliðar en ábúendur á opinberum eignum. Ef gera ætti mun á þeim grundvelli, get jeg viðurkent, að það gæti verið ástæða til, að sjálfseignarbændur fengju minni styrk en leiguliðar; en sá munur hefir hvorki verið hugsaður nje tilraun gerð til að gera hann. Brtt. mín hnígur þannig dálítið til sparnaðar á þeim framlögum, sem verða við þessar framkvæmdir, og þar sem mjer finst alveg sómasamlega boðið frá landsins hálfu að bjóða landsetum sínum þriðjungi hærri styrk en aðrir fá, þá tel jeg rjettmætt, að brtt. mín verði samþykt.

Þess má ennfremur geta, að eftir till. minni verður greiðslan tiltölulega rjettlátari en eftir till. nefndarinnar. Í till. nefndarinnar er heimilað, að greiðsla á hvert metið dagsverk skuli vera alt að kr. 3.50, jafnt fyrir allar tegundir jarðræktarframkvæmda. Nú eru greidd mishá verðlaun fyrir mismunandi tegundir framkvæmda, hæst fyrir áburðarhús, þá fyrir túnrækt og lægst fyrir garðrækt. Ef miðað er við till. nefndarinnar, yrði styrkurinn fyrir áburðarhús rúmlega tvöfaldur, fyrir túnrækt meir en þrefaldur og fyrir garðrækt rúmlega ferfaldur. Ef mínar till. verða samþyktar, þá verður hækkunin hlutfallsleg.

Enn má geta þess, að ef till. mín verður samþ., þá verða öll viðskifti við leiguliða hins opinbera um þetta atriði miklu einfaldari og óbrotnari, þá gætu allir fyrirframsamningar um jarðabæturnar fallið niður á milli landseta og umráðamanna jarðanna, sem geta verið allfyrirhafnarsamir og umfangsmiklir, og í öðru lagi fellur það ákvæði niður og sú fyrirhöfn, sem því fylgir að meta þessar jarðabætur á móti landskuldunum. Vitanlega geta menn unnið þær af sjer eftir sem áður, með því að vinna nógu mikið, á þann einfalda hátt að nota styrkinn til landskuldargreiðslu eða upp í landskuldargreiðslu — það sem hann hrekkur — eftir því sem áskilið er í byggingarbrjefi.

Sá hluti tillögunnar, sem merktur er með rómversku tölunni II, stendur og fellur með hinum hluta tillögunnar, og þarf því ekki að ræða hann. Þar með falla niður þær reglur, sem verið hafa um fyrirframsamninga um jarðabætur, og sömuleiðis það, að meta jarðabætur upp í landskuld.

Bjarni Ásgeirsson: Mig langar til að svara hv. 1. þm. Árn. lítilsháttar út af því, sem hann sagði um tillögu okkar þremenninganna.

Jeg lít nú á þetta mál sem heildarmál fyrir alla þjóðina, og þegar um það er að ræða, hvernig á að verja þessum jarðabótastyrk, sem hjer liggur fyrir, þá verður maður að hafa alt landið og heill allrar þjóðarinnar fyrir augum og athuga, á hvern hátt þessi styrkur komi ræktunarmálunum að sem bestum notum, og jeg er ekki í vafa um það, að rjett er, að nokkur hluti styrksins gangi til kaupa á jarðræktarverkfærum, sem reynsla og sönnun er fengin fyrir, að mundu

koma að mestum notum fyrir ræktun landsins. Jeg skal ekkert deila um það við hv. frsm. (JörB), hvort þessir 10%, sem þarna er farið fram á að draga af einstaklingunum, verða til að draga úr framkvæmdum þeirra á þessu sviði, en jeg er sannfærður um það, að þeir myndu langsamlega vinna það upp, ef þeim væri með því hjálpað til að eignast hentug og góð verkfæri. Þess vegna get jeg ákaflega vel afsakað það fyrir samvisku minni, þótt jeg leggi til, að jarðabótastyrkurinn minki, þegar honum er varið í sama skyni, og hann kemur þar að meiri notum, að mínu áliti. Jeg lít á hag bændastjettarinnar sem heildar, og mjer virðist líka allir vera sammála um það að koma á slíkri sjóðstofnun, en ágreiningurinn er um það, hvort eigi að verja til þess fje, sem hingað til hefir verið varið til sameiginlegra þarfa búnaðarfjelaganna, eða afla þess á annan hátt. En jeg ætla að standa við það, að það verði ekki til þess að kippa fótunum undan starfsemi hreppabúnaðarfjelaganna. Jeg býst við, að menn muni eftir því, að sumstaðar voru búnaðarfjelögin áður ekki annað en samkoma til þess eins að skifta þessum styrk niður á milli fjelagsmanna, en svo, þegar fyrst var ákveðið, að þessum styrk skyldi verja til þarfa fjelaganna, þá fyrst fór að bóla á starfsemi innan þeirra. Og ef nú ætti að breyta um og kippa þessu skilyrði í burtu, þá yrði það til að draga úr starfsemi fjelaganna, því að það er eins og við vitum, að bændur hafa ekki mikið af reiðu peningum, og þegar búið er að svifta fjelögin þessum peningum, þá er ekki komið aftur fje frá einstaklingunum sem því svarar. Jeg þekki líka fjöldamörg fjelög, sem hafa getað hafist handa fyrir þetta fje og starfað til þrifnaðar jarðræktinni. Þau hafa upp úr þessum styrk safnað sjer sjóði og lánað fje til jarðræktar, áburðarkaupa o. fl. Þess vegna er ekki rjett að gera neitt, sem getur leitt til þess að minka aðgerðir bænda í þessu.

Svo talaði hv. þm. (JörB) um það, að með breytingu þeirri, sem nú er gerð á jarðræktarlögum, yrði bændum gert að skyldu að vera í búnaðarfjelagi, til þess að geta notið styrks samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna. En þótt skylda sje til þess, þá er ekki þar með sagt, að fjelögin fái neitt til sjerþarfa. Þetta verður kannske ekkert annað en til málamynda, alveg eins og þegar menn komu saman til þess eins að skifta styrknum. Jeg segi þetta af því, að jeg veit, að þannig var þetta áður en þessi skilyrði voru sett, og þannig verður það einnig eftir að þau eru numin burtu.

Hv. þm. var að tala um það, að við vildum heldur halda þessu skilyrði áfram, að nokkur hluti hins opinbera styrks gengi til fjelaganna, og að við byggjumst við, að það yrði þeim til gagns, en sagði, að það væri þeim blátt áfram til skammar. En það vil jeg alls ekki samþykkja.

Þá var það enn eitt atriði, sem hv. þm. hjelt fram, að væri til hins verra í okkar tillögu, sem sje það, að þessi sjóður á að vera sameiginlegur, í staðinn fyrir, að hv. nefnd leggur til, að sjóðurinn sje í mörgum deildum og skiftist niður á deildirnar eftir framkvæmdum þeirra. Jeg tel þetta höfuðkost sjóðsins, að hann á að vera sameiginlegur, vegna þess, að við lítum

hjer á alla heildina og það, hvar mest er þörf fyrir styrk, því að það er auðsætt, að þeir, sem minst vinna, eru skemst á veg komnir og að það þarf helst að ýta undir þá, og með því að hafa sjóðinn sameiginlegan verða þeir, sem lengra eru komnir, til þess að draga þá, sem skemra eru komnir, áfram með sjer; annars myndu þeir altaf dragast aftur úr.

Jeg vil þá að lokum minnast á brtt. á þskj. 310 og geta þess, að jeg styð hana eindregið. Jeg lít svo á, að þessi styrkur samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna sje alþjóðarsamtök til að hrinda ræktuninni áfram. Sú nauðsyn er jafnmikil til sjávar og sveita, og jeg álít, að við í sveitunum megum engan veginn útiloka þá, er við sjóinn búa, frá samskonar styrk og við njótum og til sömu starfa. Og við getum látið liggja á milli hluta, hvernig skipulagi þeir koma á ræktunina hjá sjer, hvort heldur að bæjarfjelögin í heild taka að sjer ræktunina eða þau skifta henni niður milli einstaklinganna.

Haraldur Guðmundsson: Jeg á brtt. á þskj. 310, en hv. þm. Mýr. hefir tekið af mjer ómakið að segja nokkuð verulegt um hana. Jeg lít svo á, að jarðræktarlögin sjeu sett til þess að styðja hið mikla velferðar- og þjóðþrifamál, aukna ræktun, en verð auðvitað að beygja mig fyrir skýringu hæstv. forsrh., að kaupstaðirnir geti ekki orðið aðnjótandi styrks eftir þeim. Tilgangur laganna hlýtur þó upphaflega að hafa verið sá, að styðja að aukinni jarðrækt hvar sem væri og án tillits til þess, hver jarðabæturnar lætur gera. Heldur miða við það eitt, hvað mikið væri unnið, án tillits til þess, hvort unnið væri af einstaklingi, fjelagi eða bæjarfjelagi.

Í frv. því, er nú liggur fyrir þinginu um byggingar- og landnámssjóð, og sem er af svipuðum toga spunnið, er í 2. gr. gert ráð fyrir því, að lán úr þessum sjóði verði veitt til nauðsynlegra bygginga á kúabúum, er bæjarfjelög kynnu að koma upp, og er þeim því þar ætlað að njóta sama rjettar og einstaklingum. Enda er óvíða meiri ástæða til þess að auka ræktun heldur en einmitt í nágrenni kaupstaðanna, og liggja aðallega til þess tvær ástæður. Í fyrsta lagi þurfa bæirnir mjög á mjólk að halda, og í öðru lagi fellur þar til mjög mikið af fiskiúrgangi, sem er ágætur áburður, jafnt á ræktað land og til nýræktar.

Hv. þm. hjelt því fram, að minni ástæða væri til þess að leggja bæjunum til fje, því þar borgaði sig fyr og betur að rækta, en jeg tel, að það sje því sjálfsagðara að veita þeim styrk, þar sem sjálfsagt er að byrja fyrst þar á ræktun, sem hún borgar sig fyrst og best. Það er nú farið að tíðkast meira en verið hefir, að bæjarfjelög taki land til ræktunar, og má í því sambandi benda á tvær leiðir, er fara mætti. Önnur er sú, að landinu sje strax skift á milli einstaklinga og þeir rækti það síðan hver fyrir sig eða í fjelagi, eða þá, sjerstaklega þar sem um stórar landspildur er að ræða, að bæjarfjelögin annist ræktunina til að byrja með, en úthluti síðan einstaklingum spildur til þess að rækta þær til fulls, ef þá bæjarfjelagið sjálft ekki fullræktar þær og hagnýtir. En hvort heldur sem er, þá er ekki ástæða til annars en að sami styrkur

sje veittur í báðum þessum tilfellum eins og sveitamenn fá. Það mun sennilega fara í vöxt, að kaupstaðirnir rækti sjálfir landið til fulls og reki þar síðan kúabú o. fl., eins og einn kaupstaður hefir þegar gert. Kaupstöðunum er yfirleitt hin mesta nauðsyn að hafa ræktað land kringum sig, og verður það æ meiri nauðsyn, eftir því sem atvinnuvegir þar að öðru leyti verða einhæfari. Um a-lið tillögunnar er það að segja, að hann er í beinu sambandi við hinn lið till. og hlýtur því að standa og falla með honum.

Pjetur Ottesen: Jeg er ekki viss um, að allir hv. þdm. hafi gert sjer það ljóst, hver munur er á að byggja upp verkfærasjóð samkv. till okkar þremenninganna eða samkv. frv. því, er hjer liggur fyrir. Samkv. frv. á að veita styrk úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga, er nemi 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk Styrk þessum er úthlutað þannig, að hann skiftist hlutfallslega á milli búnaðarfjelaganna, eftir fjölda jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan á að leggja í sjóð, er nefnist verkfærasjóður. Auk þess á að greiða 20 þús. kr. úr ríkissjóði, er skift er niður á hreppabúnaðarfjelögin á sama hátt og hinum. Með þessu er kipt burt þeim styrk, sem um tugi ára hefir verið veittur til hreppabúnaðarfjelaganna.

Okkar till. eru aftur á móti þær, að árlegt tillag úr ríkissjóði verði 10 aurar á hvert jarðabótadagsverk og, að tekinn verði til þessarar verkfærasjóðsstofnunar 10. hluti af styrk þeim, sem veittur er samkv. II. kafla jarðræktarlaganna, en að hreppabúnaðarfjel. njóti styrks á sama hátt og hingað til. Þetta er þá aðalmunurinn á 11. gr. eins og hún er í frv. og eins og við viljum að hún verði.

Jeg tel það mjög óheppilegt og langt frá því að vera til bóta, ef nú á að kippa burt frá búnaðarfjel. þeim styrk, sem þau hafa hingað til notið, því til þess fjelagsskapar má fyrst og fremst rekja orsök þeirra stórfeldu framkvæmda, sem átt hafa sjer stað í búnaðinum nú síðari árin. Og þó að þessi styrkur væri ekki svo hár, að hann hefði í raun og veru fjárhagslega þýðingu fyrir þá, sem urðu hans aðnjótandi, þá hefir hann orðið þess valdandi, að í flestum hreppum hafa risið upp búnaðarfjelög og innan þeirra hafa menn bundist samtökum, og á þann hátt hefir styrkurinn orðið hvöt til manna að vinna að jarðyrkju, og hefir á þann hátt haft mjög víðtæk áhrif. Sem sagt þá tel jeg mjög varhugavert að svifta burt þessum styrk og taka úr höndum bænda yfirráðin yfir þessu fje, en það er það, sem farið er fram á í frv. Í ýmsum búnaðarfjelögum hefir það t. d. talsvert tíðkast, að búnaðarfjel. hafa komið upp vinnuflokkum, sem hafa svo unnið til skiftis hjá meðlimum fjelaganna. Þetta hefir átt mikinn þátt í því að hrinda áfram ýmsum búnaðarframkvæmdum, en það að svifta hreppabúnaðarfjelögin styrknum, eins og lagt er til, getur óneitanlega orðið til að draga úr þessari bráðnauðsynlegu starfsemi. Það er fleira, sem kemur að liði í þessu efni en þó stofnaður verði verkfærasjóður; hann er góður út af fyrir sig, því á hvaða grundvelli sem hann verður reistur, verður langt að bíða þess,

að bændur geti haft veruleg not af honum.

Hv. 1. þm. Árn. talaði mikið um ýmsa annmarka, er væru á þessum till. okkar, svo sem það, að það mundi draga um of úr framkvæmdum, ef þessi 10. hluti væri tekinn í verkfæra sjóðinn. (**JörB:** Það hefi jeg aldrei sagt). Það hefir þá verið kominn svo mikill reisingur og æsing í hv. þm., að hann hefir tapað jafnvæginu og ekki vitað, hvað hann sagði; en þetta sagði hann. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje á neinum rökum bygt hjá hv. þm., því samkv. okkar till. eiga hreppabúnaðarfjelögin að halda sínum styrk, sem þau nú hafa og hafa notið um langt skeið. Þetta fje er notað til sameiginlegrar búnaðarstarfsemi innan hreppanna, og það vegur áreiðanlega meira til raunverulegra búnaðarframfara en það, þó 10. hluti af styrknum samkv. jarðræktarlögum sje látinn renna í verkfærasjóð. Að því er úthlutun styrksins úr verkfærasjóðnum snertir, þá verður það svo í framkvæmdinni, af því að honum er úthlutað hlutfallslega eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi, að þau fjelög, sem fæsta meðlimi hafa, en þau eru oftast í útkjálkasveitum, og þess vegna verst aðstaða hjá þeim, fá tiltölulega minstan styrk, og virðist þó síst ástæða til þess, að þau verði ver úti en búnaðarfjelög í kaupstöðum, sem að öllu leyti hafa betri aðstöðu.

Hv. þm. talaði ennfremur um það í sambandi við úthlutun verkfæranna, að búnaðarfjel. sjálf gætu skift þeim haganlegar niður heldur en Búnaðarfjelag Íslands. En þetta er misskilningur. Búnaðarfjelag Íslands á hvort sem er að gefa út reglugerð um þetta, og getur því ætíð, ef það vill, haft hönd í bagga með úthlutuninni. Auk þess hefir það sína trúnaðarmenn í hverjum hreppi, og ætti því að geta fengið fullnægjandi upplýsingar fyrir milligöngu þeirra. Jeg held því, að grundvöllurinn undir þessu sje síst lakari í brtt. en í frv.

Það virtist svo sem brtt. kæmu hv. þm. eitthvað ókunnuglega fyrir sjónir og að hann kannaðist varla við þær. (**JörB:** Jeg var ekki búinn að lesa þær). Það þykir mjer harla merkilegt, því að brtt. var þó afhent nefndinni fyrir mörgum dögum. Að minsta kosti hefir hún kynt sjer brtt. okkar það mikið, að hún hefir getað hnuplað úr henni einu atriði (um 300 kr. framlagið). Þetta ber þó vott um, að nefndin hefir lesið brtt., þó henni hafi ekki auðnast að meta gildi hennar svo sem verðugt var. Það er yfirleitt hið mesta ósamræmi í öllu tali hv. þm., og virðist sem hann hafi alls ekki athugað þetta, en alt snúist um það eitt að hamast á móti þessum till. Í 5. gr. frv. er prentvilla, 30 aurar í staðinn fyrir 80 aura, en jeg taldi rjettast að gera ekki mun á styrk fyrir þær umbætur og á styrknum fyrir venjulegar jarðabætur, að það væri sett 1 kr. á dagsverk. En það sýnir best, hvað þetta alt hefir þurft langan meðgöngutíma, að það er fyrst nú, sem þessi skriflega brtt. fæðist. Alt snýst um það að hamast á móti þessari brtt. okkar, sem er þó augsýnilega til stórmikilla bóta. Og það væri sannarlegt hnefahögg framan í bændur þessa lands, eins og hæstv. forsrh. komst einu sinni að orði í öðru sambandi, ef þeim væri ekki trúað fyrir að ráðstafa þessum

litla styrk, sem hreppabúnaðarfjelögin njóta og hafa notið um langt skeið. Því það væri það versta vantraust, sem hægt væri að sýna þeim, og óverðskuldað með öllu. Og argvítugast er, að þetta skuli koma frá sjálfri landbúnaðarnefnd, og er það algerlega ófyrirgefanlegt. Sök sjer, hefði það komið frá einhverjum öðrum, sem minna þekti til. Hv. þm. Mýr. hefir þegar farið nánar í ýms atriði þessa máls, svo jeg þarf ekki að fara frekar út í það.

Jeg skal að endingu geta þess, að allur tónninn í ræðu hv. 1. þm. Árn. var sá, að hann virtist líta svo á sjálfan sig, að alt það í þessu máli, sem ekki rúmaðist í heila hans og honum þætti ekki gott og blessað, væri vitleysa. Jeg veit ekki, hvort sú mikla upphefð, sem honum hefir hlotnast með því að vera kosinn í milliþinganefndina í landbúnaðarmálum, hefir stigið honum svo mjög til höfuðs, að honum þykir ekkert vit vera í neinu nema því, er frá honum sjálfum er runnið.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 309, 310, 324, 366, 384, 389, 393).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Menn munu hafa búist við því, eftir því hvernig umræðurnar enduðu í gær, að nú sýndust þrjú sverð á lofti. En það hefir orðið að samkomulagi milli þeirra aðilja, sem hjer greinir á, að landbn. flytur brtt. á þskj. 393 um, að lögákveðinn sje nokkur styrkur til hreppabúnaðarfjelaganna. Þar sem það hefir vakað fyrir hv. andmælendum mínum að tryggja búnaðarfjelögum nokkurt fje, og þar sem landbn. hefir talið sjálfsagt, að hver fjelagsmaður legði nokkuð af mörkum af frjálsum vilja, er aðstaða okkar orðin svo lík, að ekki er ástæða til frekari deilu. Eftir því sem jeg veit best, hafa þeir, sem standa að tillögunni á þskj. 384, talið þessa lausn heppilega.

Landbn. láðist í tæka tíð að gera grein fyrir villu í 5. gr. En leiðrjetting er á þskj. 389. Jeg ætla, að það hafi verið hv. 2. þm. Skagf., sem við 2. umr. drap á, að heppilegast og einfaldast væri að hafa flokkana þrjá. Landbn. hafði áður flutt brtt. um að hafa gjaldið 80 aura, en tók hana aftur. Nú flytur nefndin tillögu aftur um að hafa greiðsluna eina krónu. Þar sem málið horfir svo við, er ekki ástæða til að fara út í þau atriði, sem ágreiningur varð um í gær. En jeg vil segja vini mínum, hv. þm. Borgf. (PO) það, að þegar hann á í höggi við mig, má hann gjarnan víkja að mjer persónulega. Skinn mitt er svo þykt, að jeg býst við, að jeg þoli þær örfar, en jeg vil biðja hann að hlífa hjeraðsbúum mínum saklausum við hnútuköstum, þó honum renni í skap við mig. Hann gerði að vísu ekki mikið að því, en jeg kunni því samt afarilla. Út af því, sem hv. þm. sagði, má hann minnast þess, að á sama tíma var reist á kostnað landsins íbúðarhús í Borgarfirði fyrir aðeins eitt heimili, sem áætlað var á 60—80 þúsundir, en fór upp í nærri ¼ miljón. Það má ekki kenna hjeraðsbúum um ósjálfráð atvik.

Lárus Helgason: Eins og hv. frsm. (JörB) mintist á, hefir mikið verið deilt um þetta mál, en þar sem nú er fengið samkomulag milli þeirra aðilja, sem greindi á, get jeg fallið frá því að fara frekar út í málið. Þó að jeg hafi skrifað ýmislegt hjá mjer, sem jeg ætlaði að svara, sje jeg, að þarflaust er að ræða málið frekar, úr því sem komið er.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg vil aðeins geta þess, að það er alveg rjett, sem hv. frsm. sagði, að samkomulag hefir orðið á milli okkar, sem stöndum að brtt. á þskj. 384, um að falla frá henni, ef samþ. verður brtt. á þskj. 393. Af þessum ástæðum ætla jeg ekki að fara frekar út í þær umr., sem orðið hafa um þetta mál, en get lýst yfir því, að ef brtt. á þskj. 393 verður samþ., tökum við aftur brtt. á þskj. 384.

Sveinn Ólafsson: Jeg flyt brtt. við brtt. á þskj. 324, en henni hefir ekki enn verið útbýtt. Því er svo varið með brtt. á þskj. 324, frá hv. 1. þm. N.-M., að ef hún nær samþykki, sem jeg vona að verði, má ekki óbreytt standa 10. gr. frv. Sú grein er nefnilega skýring á 9. gr., sem brtt. á við, en getur ekki átt við eftir að gr. hefir breytst. Um aðaltillöguna vil jeg segja það, að með henni álít jeg ekki aðeins 9. gr. breytt til mikilla bóta, heldur sje sú breyting blátt áfram nauðsynleg. Ákvæði 9. gr. eru töluvert flókin og óskýr, ef óbreytt eiga að standa. Þau ákvæði, sem nú gilda, hafa valdið ágreiningi og misskilningi í sambandi við greiðslu jarðarafgjalda á ríkissjóðsjörðum. Því er svo varið, að flestar eða allar ríkissjóðsjarðir eru leigðar með jarðabótarkvöðum. Það er þegar, og var áður en jarðræktarlögin gengu í gildi, tekin upp sú regla að byggja jarðirnar þannig, að nokkur hluti afgjaldsins væri greiddur með jarðabótum. Þegar svo ákvæði jarðræktarlaganna komu til sögunnar, varð ágreiningur um það, hvort skyldujarðabætur eftir byggingarbrjefi ættu að teljast til jarðarafgjaldsgreiðslu jafnhliða viðbættum jarðabótum eða ekki. Þetta atriði verður skýrara og þarf ekki síðar að valda ágreiningi, ef samþ. er brtt. á þskj. 324 og þannig skyldujarðabæturnar undanþegnar, því að eðlilega eiga sömu jarðabætur ekki að teljast tvisvar til afgjalds.

Jeg vil taka undir það, sem háttv. flm. sagði í gær, að það virðist vera vel gert til landseta ríkissjóðs að ákveða þeim þriðjungi hærri styrk fyrir unnar jarðabætur en öðrum, sem jörðina rækta.

Ef frv. nær fram að ganga eins og það er á þskj. 309, þá sitja landsetar ríkissjóðs eins og á sjálfseign, njóta með lífstíðarábúð ávaxta jarðabótanna og greiða sjálfum sjer afgjaldið árlega með jarðabótum. Eina kvöðin er það, að dagsverkið er metið lágt, eða eftir frv. kr. 3,50. En þessar jarðabætur eru líka oftast unnar haust og vor, einmitt þegar minst annríki er og bændum verður vinnan ódýrust. Geta þetta því talist mjög sæmileg kjör til handa landsetum ríkisins. — Jeg vil leggja mikla áherslu á það, að brtt. á þskj. 324 verði samþykt, og einnig sú brtt., er jeg áður nefndi og mun nú afhenda hæstv. forseta skrifaða, þar

sem hún er, eins og jeg áður skýrði frá, ekki komin úr prentsmiðjunni, en sú brtt. hljóðar svo: (Sjá þskj. 394).

Lárus Helgason: Hv. 1. þm. S.-M. vonast eftir því, að brtt. á þskj. 324 verði samþykt, en hv. frsm. hefir nú lýst því yfir fyrir hönd landbn., að hún muni verða á móti þessari brtt. Jeg lít svo á, að það sje ekkert óeðlilegt, þótt þessar jarðabætur sjeu reiknaðar með 3 kr. 50 au. upp í jarðarafgjöldin, þegar þess er gætt, hve mikill munur er á því að vera leiguliði eða sjálfseignarbóndi, sem þó fá líka styrk fyrir unnar jarðabætur, en að vísu minni en þetta. Þeir eiga sjálfir það, sem jörðin hækkar í verði við umbæturnar. Með núverandi verðlagi á vinnu er þetta hreint ekki of hár styrkur, þessar kr. 3,50 á dagsverk, og því ekki rjett að lækka hann. Vona jeg því, að brtt. bæði hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. S.-M. verði feldar.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi orðið þess áskynja síðan í gær, að orðalag brtt. minnar á þskj. 324 orkar nokkuð tvímælis, þar sem það er lagt til, að leiguliðar ríkissjóðs fái þriðjungi hærri styrk en aðrir fá samkvæmt jarðræktarlögunum. Jeg skal nú með tölum skýra þetta, svo enginn geti verið í vafa um, hvað við er átt með till. Ef tekið er dagsverk, sem öðrum er greiddur styrkur á, að upphæð kr. 1,50, þá á samkv. minni till. að greiða leiguliðum ríkisins kr. 2,25 fyrir samskonar jarðabót. Jeg miða því við heildarupphæðina, eftir að viðbótarstyrkurinn hefir verið lagður við. — Jeg skal svo bæta því einu við, að till. hv. 1. þm. S.-M. er á rjettum rökum reist og bætir úr því, að ekki var rjett gengið frá minni till.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg álít það ekkert vafamál, að ef till. á þskj. 324 verður samþ., þá verða þeir, sem búa á landssjóðsjörðum, of hart úti. Þeir fá þá, eftir till. hv. 1. þm. N.-M., aðeins frá kr. 0,75—2,25 fyrir hvert dagsverk, er þeir vinna, sem svo gengur upp í jarðarafgjaldið. Þó þessir menn hafi lífstíðarábúð, þá er það ekki nóg, því að jeg geri ráð fyrir því, að hvert dagsverk, sem þeir láta vinna, kosti þá í raun og veru um 6 kr., eins og nú er ástatt, og sjá þá allir, hvað þeir leggja í sölurnar. Jeg efast um, að margar umbæturnar borgi þeim þetta, svo verða mætti, að þeim þætti betra að borga eftirgjaldið í peningum og gera ekkert að umbótum. Og þótt sumir þessara leiguliða eigi við góð kjör að búa, samanborið við aðra, þá er þetta of langt gengið, þegar þess er gætt, að þeir eiga þessar umbætur ekki sjálfir. Jeg vil því vona, að hv. deild felli þessar till., en láti frv. eins og það nú ákveður þetta halda sjer.

Magnús Jónsson: Jeg vil benda á það, að brtt. 324 mundi enn hafa formgalla, þrátt fyrir það, þó brtt. hv. 1. þm. S.-M. yrði samþ. Mjer skilst, að á eftir „I. 9. gr. orðist svo“ hefði átt að koma: „27. gr. orðist þannig:“, þar sem 9. brtt. frv. á við 27. gr. jarðræktarlaganna sjálfra. Þetta er nú að vísu smáatriði. En jeg tel illa farið, ef fara á að lækka þennan styrk til landseta ríkisins meira en gert er ráð fyrir í frv. Þetta ákvæði jarðræktarlaganna hefir hrundið á stað tals-

verðum jarðabótum á landssjóðsjörðum, og er ilt, ef kipt væri úr þessu aftur. Arður af þessum jarðabótum velflestum er seinn að skila því fje, sem í þær er lagt, enda munu þeir, sem sjálfir eiga jarðirnar, líta fult svo mikið á verðhækkun jarðarinnar vegna umbótanna eins og arðinn af sjálfum umbótunum í svip. Það er nú mjög augljóst, hverju þetta munar fyrir þessa leiguliða. Styrkurinn er ákveðinn í frv. kr. 3,50 eins langt og leigur og landskuld ná, en samkv. till. hv. 1. þm. N.-M. verður hann ekki nema nál. kr. 1,50 á dagsverk að meðaltali. Jeg hefði fylgt till. þeirra þremenninganna á þskj. 384, en þar sem fengist hefir samkomulag við nefndina, skal jeg ekki um það fást, þó ekki sje það komið í fult horf, þar sem styrkurinn til búnaðarfjelaganna verður lægri en áður, eða 13 þús í stað 15 þús. kr., eftir því sem mjer reiknast eftir upplýsingum í greinargerð stjfrv. Jeg get því felt mig við það, þar sem samkomulag er ávalt gott. En sjerstaklega vil jeg óska þess, að brtt. á þskj. 324 verði feld.

Sveinn Ólafsson: Mjer virtist gæta nokkurs misskilnings hjá hv. frsm. þegar hann var að tala um brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 324. Háttv. frsm. komst svo að orði, að landsetar ríkisins yrðu illa úti, ef þessi till. á þskj. 324 yrði samþykt. Jeg veit ekki, hvað hann miðar við með þessum dómi sínum. Þessir menn verða áreiðanlega ekki illa úti, ef miðað er við aðra bændur, því eftir till. eiga landsetar ríkisins að fá ⅓ hærri styrk til jarðabóta en aðrir. Ef tveir bændur sitja hvor við annars hlið við sama leigumála á jafngóðum jörðum, annar landseti ríkisins, en hinn á eign einstaks manns, þá verður sá bóndinn betur settur, sem situr á jörð ríkisins, því að hann fær ⅓ hærri styrk. Hann getur því ekki talist illa settur, og virðist mjer, að hv. frsm. hafi skotið yfir markið með þessu áliti um ókjör þessara landseta. En hitt er satt, að eftir brtt. verður ekki tvítalið til afgjalds sama verkið, eins og nú stappar nærri, að gert verði eftir jarðræktarlögunum. Jeg hefi að vísu ekkert á móti því, að vel sje gert við þessa menn, en hins má líka spyrja, hvort ríkissjóður hafi efni á því. Þessir menn hafa nú allir lífstíðarábúð, án hækkandi eftirgjalds, og nálgast því kjör þeirra mjög sjálfsábúð. Og þar sem þessum mönnum er veitt leyfi til að vinna af sjer landskuld og leigur og njóta svo arðsins af endurbótunum æfilangt, þá get jeg ekki sjeð, að illa sje að þeim búið. Jeg er því viss um, að allir þessir hv. þm., sem talað hafa á móti till. á þskj. 324, hafa misskilið hana. Jeg veit, að þeim gengur að vísu ekki nema gott eitt til. En jeg spyr: Er það rjett, að ríkissjóður gangi svo langt að gefa eftir landskuldirnar með öllu, og hefir hann efni á því?

Magnús Jónsson: Ef jeg hefði verið einn um þessa skoðun, sem jeg hjelt fram áðan, þá gæti jeg freistast til að halda, að jeg misskildi þetta, því þá mætti jeg halda, að bændur vissu betur um þetta en jeg. En þar sem bændur hafa lýst sömu skoðun á þessu og jeg, þá vil jeg halda því fram, að hvorki jeg nje þeir hafi misskilið

þetta. Hv. 1. þm. S.-M. vildi bjarga sínum málstað með því að bera saman tvo bændur, annan leiguliða ríkisins, en hinn leiguliða á bændaeign, og áleit, að leiguliði ríkisins stæði betur að vígi en hinn, með því að hann fengi kringum kr. 1,50 fyrir hvert dagsverk á móti kr. 1,00. Það má nú gera ýmislegan samanburð á þessu. T. d. að bera leiguliða ríkisins saman við sjálfseignarbændur, sem fá jarðræktarstyrk, og eiga svo alt saman. Jeg veit nú ekki, hve mikið leiguliðar ríkisins gera að jarðabótum. Líklega hefir það nú ekki verið mikið. **(Forsrh. TrÞ:** Það er að vaxa). — Já, einmitt ákvæði jarðræktarlaganna munu vera farin að koma rekspeli á þetta, og væri leitt, ef það nú stöðvaðist aftur. Jeg veit til þess, að sumir leiguliðar bænda fá uppbætur frá jarðareiganda og standa því ekki svo illa að vígi í samanburði við hina. Og það er óhæfa að búa svo að leiguliðum ríkisins, að þeir dragist aftur úr og jarðirnar níðist niður. Jeg held, að hjer sje því ekki um neinn misskilning að ræða, heldur þá bara skoðanamun.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi verið bundinn við umr. í Ed., og hefi því ekki átt kost á að hlusta á þær umr., er fram hafa farið hjer um þetta mál.

Jeg get þó lýst ánægju minni yfir því, að samkomulag hefir náðst um skipulag verkfærakaupasjóðsins, og einnig að allir eru sammála um að setja hámark fyrir styrk til hvers einstaks bónda. En jeg er ekki eins ánægður með það, að verkefni sjóðsins hefir ekki verið gert nógu þröngt, þar sem ætlast er til, að hann taki bæði yfir heyvinnuvjelar og meiri háttar jarðyrkjuvjelar. Jeg hefði kosið, að þessum verkfærasjóði hefði verið beint sem mest að jarðræktinni, því að hana tel jeg undirstöðu búnaðarframfara. Jeg mun því sennilega gera tilraun til að fá þetta lagað hjá landbn. Ed.

Um aðrar till., er fram hafa komið, er það að segja, að jeg mun greiða atkv. með till. á þskj. 310, frá hv. þm. Ísaf. og hv. þm. V.-Sk. Jeg lít svo á, að lögin eigi ekki hvað síst að styðja aukna ræktun kringum kauptún landsins. Þar er oft mjólkurskortur og því einatt brýnust þörf fyrir, að landið sje ræktað. — Jeg sje, að hv. þm. Barð. hristir höfuðið. Ef það á að þýða það, að honum finnist lítil þörf á þessu, þá vil jeg beina þeirri spurningu til bóndans í Haga, hvort hann hefir ekki eins og jeg sjeð hundruðum þúsunda fleygt í sjóinn og hvort honum finnist þá til of mikils mælst, þótt dálítilli upphæð væri varið í þessu augnamiði til ræktunar.

Jeg er alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að ekki megi draga úr þeirri hvöt, sem þessi styrkur felur í sjer til umbóta á jörðum, sem eru eign þess opinbera. Prestssetrin eru víða langt á eftir öðrum jörðum um endurbætur. Venjulega eru þetta bestu jarðirnar, og mjer finst, að það hvíli rík skylda á því opinbera að stuðla að því, að þær verði gerðar aðlaðandi og bættar svo, að þær verði þjóðinni til sóma.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki ræða þetta mikið, og ekki síst vegna þess, að strikað hefir verið yfir stóru orðin frá í gær, en gengið inn á samkomulag um þau atriði, er þá var deilt um.

Út af orðum hæstv. fors.- og atvmrh. skal jeg geta þess, að það er skoðun okkar tillögumanna, að þó heyvinnuverkfæri sjeu nefnd, þá stilli stj. svo til með reglugerð, að jarðræktarverkfæri sjeu jafnan látin ganga fyrir, því að vitanlega er jarðræktin undirstaðan, og því á að láta kaup á þeim verkfærum sitja fyrir. Þegar þau eru fengin, má fara að snúa sjer að öðru.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er aðeins örstutt aths. út af orðum hæstv. atvmrh. Landbn. bætti þessu atriði við til þess að hjálpa þeim mönnum, sem erfitt eiga með að auka ræktunina og skamt eru á veg komnir í þeim efnum, til þess að afla sjer nauðsynlegra verkfæra. Fyrir þessa sök var þessu atriði bætt inn í og á því byggist till. landbn.

Halldór Stefánsson: Það hefir blossað upp alleinkennilega áhugi 2—3 hv. þm. fyrir hag landseta hins opinbera, sem þeir telja, að verði illa úti eftir þessari brtt. minni. Þessum hv. þm. hefir nú verið bent á það af hv. 1. þm. S.-M., að þessi skoðun þeirra er bygð á misskilningi. Finst mjer og ekki skýr hugsun í því að ætlast annarsvegar til þess, að jarðirnar hækki endalaust í verði fyrir þessar framkvæmdir, en hinsvegar, að afgjaldið hækkaði ekki nema fyrir höpp og hending. Það verður að byggja á því — sem rjett er —, að jarðabæturnar gefi þeim, sem framkvæma þær, fljótlega nokkurn arð. Má meðal annars benda á það, að á því eru bygð ákvæði ræktunarsjóðs um lánstíma til jarðabótaframkvæmda til 5—10 ára. Byggjast þau á því, að á þeim tíma hafi jarðabæturnar borgað þeim sjálfum, er að þeim unnu, fullan arð. Til þess að sýna, hve sú regla, að leggja landskuldina við verð jarðanna í það óendanlega, er fráleit, vil jeg benda á, hvernig þetta lítur út, ef sú hugsun að leggja landskuldina við í sífellu er færð út að fullu um langan tíma. Vil jeg taka dæmi. Setjum svo, að jarðirnar sjeu bygðar gegn 4% afgjaldi og ábúandi vinni landskuldina af sjer að fullu, þá ættu jarðirnar að tvöfaldast í verði á 16—17 árum, eða ca. 6 sinnum á öld. Þá væri 10 þús. kr. jörð orðin 320 þús. kr. eftir öldina. Hver myndi vilja búa á jörðinni eftir það með tilsvarandi afgjaldi? Þetta dæmi sýnir, hversu till. nefndarinnar eru fráleitar. Það verður að vera eitthvert skynsamlegt hóf á hlutunum.

Hákon Kristófersson: Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji gera lítið úr orðum hæstv. atvmrh., þótt hann sýni áhuga fyrir ræktun kaupstaðanna, eins og kom í ljós í ræðu hans, heldur álít jeg, að þörfin sje jafnknýjandi heima í sveitunum. En það er viðvíkjandi till. á þskj. 324, sem jeg vildi segja örfá orð. Það lítur helst út fyrir, að sumir hv. þm., og þar á meðal hæstv. atvmrh., geti ekki fallist á hana. Jeg verð hinsvegar að geta þess, að jeg er fyllilega sammála hv. flm. till., hv. 1. þm. N.-M., að þar sje svo vel gert við landsetana, ef hans till. næði fram að ganga, að tæplega sje forsvaranlegt vegna ríkissjóðs að fara lengra. Hv. 1. þm. Reykv. gat þess, að sumstaðar væri svo háttað, að menn fengju endurgjald fyrir unnar jarðabætur á jörðum einstaklinga. Það má vel vera, að þessa sjeu dæmi.

Aftur er mjer kunnugt um það, að þegar einstaklingar byggja jarðir sínar, er það undantekningarlaus regla, að það sje tekið fram í byggingarbrjefi, að ábúanda sje skylt að inna af hendi árlegar jarðabætur.

Jeg verð að segja, að mjer finst það harla ótrúlegt, að ábúandi finni enga hvöt hjá sjer til þess að hlynna að ábýli sínu, nema sjerstakt gjald komi fyrir frá jarðareiganda. Eftir því sem mjer er kunnugt, — og svo mun víðast hvar háttað, — er það almennast, að jarðir eru bygðar æfilangt. Þar af leiðandi segir það sig sjálft, að jarðabætur, sem unnar eru og ábúandi hefir notið árangurs af, segjum 15—20 ár, eru búnar að borga honum sína fyrirhöfn. Mjer kemur ekki til hugar að rengja það, sem hæstv. atvmrh. sagði, en það er sannarlega raunalegt að heyra, ef satt er, að þeir amlóðar hafi búið á prestssetrunum, að þeir hafi dregist aftur úr með jarðabætur á jörðum sínum vegna þess að þeir áttu ekki von á endurgjaldi. Hvað skal þá segja um aðra, þá er fátækastir eru?

Ef umbætur á jörðum ríkissjóðs verða aftur úr með því fyrirkomulagi, sem till. á þskj. 324 gerir ráð fyrir, þá er það aðeins vegna þess, að á þeim búa ekki jafnhæfir menn til búskapar og annarsstaðar. Annars er það minni hlutinn af jörðum landsins, sem ríkissjóður á, og því tel jeg engu minni þörf á að hlynna að jarðabótum annarsstaðar. Enda fullkomið ranglæti að gera mun á endurgjaldi frá ríkisins hálfu fyrir unnar framkvæmdir eftir því, hver er eigandi jarðanna. Jeg heyri sagt, að samkomulag sje fengið milli háttv. landbn. og flm. till. á þskj. 384. Það er altaf gott, þegar hægt er að semja frið, ef hann byggist á sanngjörnu samkomulagi. Mun hinn fengni friður, sem hjer hefir verið saminn, byggjast á till. á þskj. 393. Jeg vil taka það fram, að jeg hafði hugsað mjer að fylgja till. þeirra þremenninganna, en úr því að þeir hafa fallið frá sinni till. og hallast að till. á þskj. 393, er ekkert við því að segja. Hinsvegar vil jeg leyfa mjer að vænta þess, að hv. deild styðji till. á þskj. 324.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins taka það fram, að mjer finst sjálfsagt fyrir mitt leyti, að hestaverkfæri gangi fyrir. Ef jeg ætti að gefa út þessa reglugerð, myndi jeg telja það, sem nú er fram komið með yfirlýsingu hv. frsm., næga ástæðu til þess að setja þetta ákvæði inn í reglugerð.

Lárus Helgason: Jeg þóttist hafa talað svo ljóst áðan, að jeg gæti ekki verið misskilinn. Ekki hefi jeg heldur sannfærst við tölur háttv. þm., enda hljóta þeir að vita, að það er alt annað að vinna á eignarjörð sinni eða jörð, sem maður á ekki. Jeg vil taka undir það, sem háttv. 1. þm. Reykv. sagði, að arðurinn af jarðabótavinnu er ekki svo fljóttekinn, að rjett sje að gera ráð fyrir miklum arði á fyrstu árum. Annars hjelt jeg, að ekki yrði óþarflega vel með þessa landseta farið fyrst um sinn, enda gott, ef það gæti orðið til þess, að jarðirnar bötnuðu að miklum mun. Það væri gott spor í þá átt, sem hjer er stefnt að. Þar að auki er hægur hjá að breyta þessu ákvæði, ef það kæmi í ljós í framtíðinni, að

óþarflega vel væri með menn þessa farið. Jeg býst við, að ekki sje hægt að bera á móti því, að menn þeir, sem hjer er átt við (prestarnir), sjeu yfirleitt mjög fátækir, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem þeir koma venjulega með stóra skuldabyrði á bakinu frá námsárunum og tapa mörgum sínum bestu árum frá að safna fje. Þessir menn þurfa því engir amlóðar að vera, eins og hv. þm. Barð. hjelt fram, að mjer skildist, þótt þeim gangi erfiðlega að sitja jarðirnar, þegar þeir byrja búskap sinn starfinu ókunnir með tvær hendur tómar. Þess vegna er miklu rjettmætara að veita mönnum þessum ívilnunina á meðan jarðirnar eru að meira eða minna leyti í órækt. Fyrir því legg jeg eindregið til, að 9. gr. frv. verði samþ., en brtt. á þskj. 324 verði feld, og vænti jeg þess, að hv. deild muni sýna, að þessi skoðun mín er rjett.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Vænti jeg, að hv. deild sjái, að hjer er ekki um misskilning að ræða, heldur er það skoðun okkar landbn.-manna, að ekki megi ver fara með þá, er búa á opinberum jarðeignum, en gert er ráð fyrir í 9. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 394, sem útbýtt var undir umr., leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 310,a—b samþ. með 18:5 atkv.
— 393 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 389 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 324,I feld með 15:11 atkv.
— 324,II og 394 teknar aftur.
— 384 tekin aftur.
— 366,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 366,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 7. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 402).

Á 43. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 402, n. 545).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er hingað komið frá Nd. Var það undirbúið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum og er nú borið fram sem stjfrv., þó nokkuð breytt frá því, sem nefndin lagði til.

Eins og frv. er hingað komið er gerð grein fyrir breytingum þeim, sem það gerir á núgildandi jarðræktarlögum, í nál. á þskj. 545. Þær eru aðallega þessar: Í fyrsta lagi er styrkurinn til jarðabóta ákveðinn föst upphæð á hvert dagsverk, en samkvæmt gildandi lögum er styrkurinn ýmist ⅓ eða ¼ af þeirri upphæð, sem dagsverkið er metið. Þetta hefir verið framkvæmt þannig, að fyrir ¼ dagsverks hefir verið greitt kr. 1,00, en

fyrir ⅓ kr. 1,50. Nú er þessi styrkur ákveðin föst upphæð, sú sama og greidd hefir verið undanfarið.

Annað nýmæli frv. er það, að taka 5% af styrk hvers jarðabótamanns og láta það ganga til búnaðarfjelags þess, er hann er meðlimur í. Á það að hafa umráð yfir þessum peningum og nota þá í sameiginlegar þarfir fjelagsmanna.

Þriðja nýmæli frv. er það, að veita styrk til votheystófta. Er hann kr. 0,50 á dagsverk, eða helmingi lægri en veittur er til túnræktar.

Þá hefir verið felt niður það ákvæði gildandi laga, að undanskilja styrk 10 dagsverk fyrir hvern verkfæran heimilismann. Er nú veittur styrkur á allar jarðabætur, án tillits til fjölda verkfærra heimilismanna. En aftur á móti fá engir styrk fyrir færri en 5 dagsverk.

Enn hefir verið breytt ákvæðum laganna um jarðabætur landseta á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Er heimilað að ákveða í byggingarbrjefi, að landsetar vinni af sjer afgjaldið með jarðabótum.

Loks er síðasta nýmælið, um stofnun verkfærakaupasjóðs. Hann á að mynda svo, að ríkissjóður greiði í hann 10 aura á hvert unnið dagsverk. Auk þess leggur ríkissjóður til 20 þús. kr. tillag árlega. Þessi sjóður á að vera sjereign búnaðarfjelaga um land alt. Skal hann styrkja bændur til verkfærakaupa. Þetta er að mínu áliti merkilegasta nýmæli frv., því að jeg lít svo á, að nú beri mest nauðsyn til þess, að hestaverkfæri til jarðyrkju komist inn á hvert heimili. Jeg held, að það hafi einna mest tafið fyrir framtakssemi og framförum í ræktun, að áhöld hefir vantað og kunnáttu til að fara með þau. En með áhöldunum kemur kunnáttan. Ef það tekst að koma þessum áhöldum inn á hvert heimili, þá held jeg, að það sje meira um vert heldur en veita styrk á hvert jarðabótadagsverk.

Landbn. hefir athugað frv. og gerir á því nokkrar breytingar. — Fyrsta breytingin er þess efnis, að hámark er sett á styrk þann, er hver einstakur bóndi getur fengið. Samkvæmt núgildandi lögum og frv. geta menn fengið kr. 1,00 styrk á hvert dagsverk túnræktar, hvað mikið sem unnið er. Sama regla gildir um haughús og safnþrær. Nefndin leggur til, að þetta verði takmarkað, svo að enginn fái meiri styrk en 1200 kr. á haughús og 800 kr. fyrir túngræðslu á einu ári. Þessi upphæð svarar til þess, að bygt sje áburðarhús fyrir 20 kýr; verður styrkurinn þá 1200 kr., sje reiknað kr. 1,50 á dagsverkið. Nefndin leit svo á, að óþarfi væri að styrkja það, sem þar væri fram yfir, enda munu fáir bændur byggja stærra fjós en yfir 20 kýr, og þeir, sem það gera, munu svo efnaðir, að ekki er þörf á hærri styrk. Sama er að segja um hámarkið á jarðabótastyrknum. 800 kr. svara til 3 hektara lands, sje dagsverkið styrkt með kr. 1,00. Það er hæpið, að bændur alment rækti meira árlega. Flesta mun skorta áburðarmagn til þess. Ef bóndi á sama ári bæði byggir stórt áburðarhús og ræktar 3 hektara lands, þá fær hann 2000 kr., og sýnist það sæmilegur styrkur. Þessi takmörk eru sett til þess að hafa hemil á þeim upphæðum, sem hver einstaklingur getur fengið.

Þriðja brtt. er um að lækka matið á

dagsverkum þeim, er leiguliðar vinna upp í eftirgjald, úr kr. 3,50 niður í kr. 3,00. Nefndinni virðist 3 kr. mat vera sæmilega hátt, og þessir menn njóta svo góðra kjara, að fáir njóta jafngóðra, og það þó matið sje lækkað.

Þá er 4. brtt. um verkfærakaupasjóðinn. Með henni er 12. gr. frv. skift í 5 gr., en í raun og veru er ekki farið fram á mikla efnisbreytingu. Með þessari sundurgreiningu er efnið flokkað betur, ákvæðin gerð ljósari og skýrari. Í frv. er ekki hægt að sjá, hvort bóndi sá, er styrks nýtur, þarf að vera í einhverju búnaðarfjelagi eða ekki. En samkv. brtt. verður hann að vera meðlimur í búnaðarfjelagi. Í frv. eru heyvinnuvjelar teknar undir ákvæði sjóðsins. Nefndin getur ekki fallist á, að það sje rjett. Heyvinnuvjelar eru annars eðlis; þær eru frekar framleiðslutæki, og mætti segja, að það væri eins eðlilegt að styrkja þá einstaklinga, sem ekki geta komið því við að nota heyvinnuvjelar, til að halda kaupafólk. Það er engin ástæða til að styrkja þá frekar, sem betri hafa aðstöðu, hafa vjeltækt tún og engi. Nefndin leggur því til, að þetta ákvæði verði felt burt.

Jafnframt því, að nefndin hefir gert ákvæðin um verkfærakaupasjóðinn skýrari en í frv., vill hún láta það koma ljóst fram, að fyrir henni vakir, að sjóðnum verði fyrst og fremst varið til þess að hjálpa einstaklingunum til að eignast verkfærin. Nefndin lítur svo á, að meira sje um það vert, að heimilin eigi verkfærin en búnaðarfjelögin. Í fyrsta lagi er verkfærunum frekar hætt við eyðileggingu, ef þau eru undir umsjón búnaðarfjelaga en einstaklinga. Í öðru lagi er miklu aðgengilegra fyrir bóndann að grípa til áhaldanna hverja stund, sem til fellur, ef þau eru til á heimilinu. Eftir till. nefndarinnar er auðvelt fyrir 3 bændur, sem búa skamt hver frá öðrum, að eignast verkfærin á þrem árum gegn 100 kr. tillagi á ári. En þegar ekki liggja fyrir umsóknir frá einstökum mönnum, og fje er til í sjóði, þá njóta búnaðarfjelögin sömu kjara við verkfærakaup.

Í frv. var ákvæði um, að búnaðarfjelög gætu fengið helmings framlag til kaupa á jarðræktarvjelum. Nefndin gat ekki fallist á þetta, taldi ekki rjett að veita fje til þessa, fyr en búið væri að afla nægra hestaverkfæra. En ef þá er fje fyrir hendi, er heimilt að styrkja slík vjelakaup með alt að ¼ verðs.

Þá vill nefndin láta það koma skýrt fram, hvenær lögin gangi í gildi, og gerir um það brtt. Ætlast er til, að þær jarðabætur, sem mældar eru á þessu ári, komist undir ákvæði þessara laga. Með orðinu „jarðabætur" á nefndin ekki einungis við túnrækt, heldur einnig áburðarhús.

Sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni. En nefndin óskar þess, að frv. verði samþykt með þeim brtt., sem hún gerir við það. Lítur hún svo á, að þá sje frv. komið í gott horf og muni verða til mikils gagns.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Jeg tel víst, að frv. nái fram að ganga og tel það

munu verða til mikilla framfara fyrir landbúnaðinn á mörgum sviðum.

Um brtt. get jeg verið fáorður. Jeg get fallist á tvær fyrstu brtt., þó að segja mætti, að þær væru í raun og veru brot á „principi“ laganna. Ef ræktunin er þjóðnýtt verk, þá er rjett að styrkja hana, hversu stórfeld sem hún er, en takmarka ekki styrkinn. En jeg skal ekki stofna til ágreinings um þetta atriði.

4. brtt., um verkfærakaupasjóðinn, er jeg nefndinni þakklátur fyrir. Breytingarnar miða yfirleitt í þá átt að færa frv. nær því eins og það var, er það kom frá stj. Mjer þykir vænt um þá till. nefndarinnar að þrengja starfssvið sjóðsins, binda það við hestaverkfæri til jarðyrkju. Eins og frv. kom frá Nd. voru heyvinnuvjelar nefndar við hlið þeim, og einnig gátu dráttarvjelar komið til mála. Nú eru heyvinnuvjelar útilokaðar. Jeg er alveg sammála nefndinni í því, að það verður að sitja fyrir að hjálpa mönnum til að eignast hestaverkfæri til jarðyrkju. Verkefnin, sem fyrir höndum eru, eru svo mikil, að ekki mun af veita að ætla til þeirra svo sem hjer er gert ráð fyrir. Það er til annar sjóður, sem ætti að geta hjálpað til að kaupa jarðræktarvjelar.

Enn er jeg þakklátur hv. nefnd fyrir 5. brtt., sem hún flutti samkvæmt minni ósk. Það hefði orðið erfitt fyrir Búnaðarfjelag Íslands og stj. að framkvæma lögin, ef þetta ákvæði vantaði. Er hætt við, að framkvæmd laganna mundi eitthvað blandast málum, ef ekki er bundið við þann tíma, sem mæling jarðabótanna fer fram á.

Jeg hefi átt tal við hv. landbn. í Nd. Líta þeir svo á, að landbn. Nd. gæti gengið að þessum breytingum. Jeg hika því ekki við, þótt nú sje liðið á þingtímann, að ráðleggja háttv. deild að samþykkja breytingar háttv. nefndar, því að jeg geri fastlega ráð fyrir, að þær sæti ekki andstöðu í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545,4.a—e (í stað 12. gr. 5 nýjar greinar, sem verða 12.—16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

13. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545,5 (ný 14. gr., verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 586).

Á 59. fundi í Nd., 28. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi fátt um þetta frv. að segja. Hv. efri deild hefir gert á því nokkrar breytingar, fremur smávægilegar, sem landbúnaðarnefnd þessarar hv. deildar getur fallist á. Fyrsta brtt., sem hv. Ed. hefir gert, er um það, að hámark styrkupphæðar þeirrar, sem veitt er samkv. 3. og 4. gr. frv., í fyrsta lagi fyrir áburðarhús og safnþrær, sje 1200 kr. í hvern stað. Önnur brtt. er um það, að fyrir unnar jarðabætur sje mest greitt 800 kr. í hvern stað. — Þriðja brtt. er um það, að í stað þess, að leiguliðar á opinberum eignum fái kr. 3,50 fyrir hvert dagsverk, fái þeir kr. 3,00. Ennfremur hefir háttv. Ed. viljað leggja ríkari áherslu á það en áður var, að verkfærakaupasjóðurinn styrki einstaklingana til þess að afla sjer verkfæra og að þá sjaldan hreppabúnaðarfjelögin geri það, sjeu þau styrkt að ¼ í stað ½, eins og í frv. stóð, þegar það fór hjeðan. Þessar eru helstu breytingarnar. Auk þess vill hv. Ed. skifta 12. gr. í 5 nýjar greinar, en það skiftir litlu máli. Landbn. getur sem sagt fallist á þessar breytingar og telur rjettmætar þær skorður, sem reistar eru við því, hve mikið fje komi á hvern stað, eða gangi til hvers einstaklings. Það hafði borist í tal í landbn. þessarar deildar að gera þetta, en þar sem ráðgert var, að þetta væri aðeins til bráðabirgða, fanst nefndinni ekki brýn ástæða til þess að gera breytingar nú þegar, en getur þó fallist á breytingar hv. Ed. Það er því till. landbn., að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

18. Fjáraukalög 1926.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (stjfrv., A. 2).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er svo um þetta frv., að það gefur ekki tilefni til þess, að verulegar umræður eigi sjer stað um það á þessu stigi málsins. Það stendur í nánu sambandi við landsreikningana fyrir árið 1926, og þeim verður útbýtt hjer á þingi mjög bráðlega. Jeg hygg því ástæðulaust að ræða málið nú; að minsta kosti leiði jeg það hjá mjer, nema sjerstakt tilefni gefist.

Jeg geri að tillögu minni, að málinu verði að umræðunni lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 515).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál um þetta frv. Eins og sjest af nál., þá leggur nefndin til, að það verði samþ. óbreytt. Jeg ætla heldur ekki að tala um efnishlið þess, því þær athugasemdir, er kunna að verða gerðar við hana, munu frekar koma fram þegar næsta mál á dagskrá verður rætt, en það eru landsreikningarnir. Um formshliðina er það eitt að segja, eins og stendur í nál., að leitað er aukafjárveitingar á öllu því, er endurskoðendurnir leggja til, að leitað sje aukafjárveitingar á. Gjöldin hafa alls farið fram úr áætlun um kr. 3379502,94. Þar af er leitað aukafjárveitingar á kr. 1462072,94 og samkv. sjerstökum lögum og fjáraukalögum og væntanlegum fjáraukalögum kr. 1288336,92. Það sem eftir er og ekki er leitað fjárveitinga fyrir, eru kr. 629093,08, og er þetta samtals jafnmikið og landsreikningurinn hefir farið fram úr áætlun. Það helsta, sem ekki er leitað aukafjárveitingar á, er alþingiskostnaður, 45 þús. kr., og lögboðnar fyrirframgreiðslur, 25 þús. kr. Yfirleitt er ekki farið fram á aukafjárveitingu fyrir umframgreiðslu á launum, en þar sem aukafjárveitingar er leitað fyrir útgjöldum samkv. sjerstökum lögum, þá er álitamál, hvort ekki beri að leita aukafjárveitinga fyrir þessu líka. Jeg segi þetta ekki í aðfinningarskyni, heldur aðeins til athugunar. Jeg hefi svo ekki fleira að segja og býst við, að ekki verði langar umr. um þetta, þar sem nefndin hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Hannes Jónsson: Jeg vil einungis láta þess getið, að jeg álít, að á gengisreikningi landsreikningsins sjeu færðar ýmsar upphæðir, sem þar eigi ekki heima, en ættu að færast undir ýmsa sjerstaka liði landsreikningsins, og að leita beri sjerstaklega aukafjárveitingar fyrir þeim. Jeg hefi minst á þetta áður og álít alveg óverjandi að láta þessar upphæðir ganga í gegn athugasemdalaust. Hjer hafa verið greiddir tugir þúsunda umfram það, er lög standa til. Það getur verið, að það sje gömul venja, sem hefir skapað þessa aðferð, en hún er óheilbrigð og er sjálfsagt að leita sjerstaklega aukafjárveitingar fyrir þessum upphæðum. Aðalupphæðir þær, sem hjer er um að ræða, munu stafa af því, að ýmislegur kostnaður við utanríkismálin hefir verið greiddur í dönskum krónum, en í fjárl. hefir verið gert ráð fyrir íslenskum krónum. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt, því allar fjárupphæðir, er standa í fjárl., hljóta að vera íslenskar, en ekki danskar krónur. Jeg vildi aðeins taka þetta fram, til þess að herða á því, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir þessum upphæðum. En vilji stj. ekki fara þá leið, þá virðist sjálfsagt að hafa þá aðferð að áætla hærri upphæðir til þessara hluta í fjárl., og ætti það að vera vandalítið nú, þegar nokkurnveginn festa er komin á peningagildið og kunnugt orðið, hvað greiða þarf mikið umfram það, sem nú er áætlað. Sjálfsagt eru það fleiri upphæðir, sem svipað er ástatt um, en landsreikningnum er svo háttað, að erfitt er að átta sig á einstökum atriðum. Sjerstaklega virðist mjer ástæða til að greina gengisreikning meira í sundur og færa gengismuninn á viðkomandi liði landsreikningsins,

en ekki með óvissum útgjöldum, eins og nú er gert.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg hygg, að hv. þm. V.-Húnv. (HJ) hafi sjest yfir, að leitað er aukafjárveitingar fyrir þeim útgjöldum, er hann mintist, því þau eru talin með óvissum útgjöldum, en fyrir þeim er leitað aukafjárveitingar í einu lagi. En sumt af því, sem hann sagði og snertir efnishlið landsreikningsins, ætti heldur við, að kæmi fram við umr. um hann. Ef hv. þm. (HJ) flettir upp á bls. 54 í landsreikningnum, sjer hann, að mismunur á gengisreikningi er þar færður allur í einu lagi á óviss útgjöld, og svo leitað aukafjárveitingar fyrir þeim í einu lagi einnig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 2).

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 625).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd nefndarinnar er fátt að segja umfram það, sem í nál. segir. Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við landsreikningana og athugasemdir endurskoðenda, en ekkert fundið, sem gæfi tilefni til athugasemda. Eins og nál. ber með sjer, leggur nefndin til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

19. Landsreikningur 1926.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1926 (stjfrv., A. 3).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það stendur alveg eins á um þetta frv. eins og það, sem fyrst er á dagskrá (fjáraukalagafrv. 1926), að umræður um það verða að bíða, þangað til það verður athugað í nefnd.

Jeg geri að tillögu minni, að því verði einnig vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 516).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg get vísað til nál. fjhn. í þessu máli um það, að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó vil jeg leyfa mjer fyrir hönd nefndarinnar, og svo frá eigin brjósti, að fara nokkrum orðum um frv.

Eins og tekið er fram í nál., hafa bæði tekjur og gjöld farið langt fram úr áætlun, og gjöldin þó miklu meira, svo tekjuhalli á rekstrarreikningi er talinn 200 þús. kr. Gjöldin hafa farið rúmlega 3⅓ milj. fram úr áætlun, og stafa nærri því ⅔ hl. þess af útgjöldum, sem ekkert fje hefir verið áætlað til. Það eru þá fyrst útgjöld samkv. sjerstökum lögum og fjáraukalögum, er nema 1288000 kr. Þá er styrkur til Eimskipafjelags Íslands og Sambands íslenskra samvinnufjelaga fyrir tap á sölutilraunum á frystu kjöti 148 þús. krónur. Í þriðja lagi eru fiskiveiðasektir, jafnaðartala, því að þær eru taldar til tekna á óvissum tekjum, 624 þús. kr. Í fjórða lagi aukin innstæða, sem er að mestu leyti við banka erlendis, 237 þús. kr., og loks skiftimynt afhent til geymslu — það er líka jafnaðartala, því að tekjur af skiftimynt eru taldar 181 þús. kr. í tekjubálkinum, en þetta er upphæð, sem ekki þótti þörf fyrir í umferð — 29 þús. kr. Samtals 2326 þús. kr. á þeim liðum, sem ekkert var áætlað fyrir.

Þá er eftir rúmlega 1 milj. kr. á þeim liðum, sem teknir voru upp í áætlun fjárlaganna. Þetta er sagt til þess að sýna, að áætlunin hlýtur að verða óábyggileg, ef þessi venja er höfð, að taka ekki í fjárlög útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum, sem framkvæma á.

Jafnframt vaknar sú spurning, hvort óhjákvæmilegt sje, að umframgreiðslur sjeu svo miklar sem verið hefir. Það verður að telja æskilegt, að þær sjeu sem minstar. Þingið er að velta því fyrir sjer árlega, hvort það megi auka útgjöldin um ½—1 milj. kr. til þess að bæta atvinnuskilyrðin í landinu. Það er því ofureðlilegt, að mönnum líki miður vel, þegar útgjöldin fara í höndum stjórnarinnar svo miljónum skiftir fram úr áætlun. Hefði ekki þurft að sýna ýkjamikla sparsemi til þess að tekjur hefðu hrokkið.

Jeg vil geta þess fyrst, áður en jeg nefni ýmsa útgjaldaliði, sem mest

hafa farið fram úr áætlun, að umframgreiðslur voru miklar á umbótaframkvæmdum, svo sem til samgöngubóta, sem menn munu síst telja eftir.

Jeg skal þá minnast á nokkrar þessar umframgreiðslur til samgöngumála:

A. Til póstmála		33 þús. kr.
B. — vegamála		273 — —
C. — samgangna á sjó:		
a. til strandferða	48,1 þús. kr.	
b. — bátaferða	14,7 — —	
		62.8 — —
D. Hraðskeyta- og talsímasamband hefir kostað landið umfram áætlun		315 — —
Þar af:		
Ritsímastöðin í Rvík	14,2 þús. kr.	
Bæjarsíminn í Rvík	72,8 — —	
Ritsímastöðin á Akureyri	9,5 — —	
Rit- og bæjarsíminn á Seyðisfirði	12,6 — —	
Til kostnaðar við minningarhátíð landssímans	9,2 — —	
E. Til vitamála		152 þús. kr.
Þar af rekstrarkostnaður	37,5 þús.	
Ýmislegt	65,5 —	

Þá vil jeg leyfa mjer að geta um nokkra aðra liði, sem eru dálítið áberandi.

2. gr. Ráðuneytið		44 þús. kr.
þar af »annar kostn.« 28 þús.		
3. gr. A. Dómgæsla og lögreglustjórn		155 — —
þar af skrifstofukostnaður lögreglustj. í Rvík 45 þús. kr.		
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur		22 — —
Þar af burðareyrir undir embættisbrjef 14 þús.		

Loks má geta um nokkra liði á óvissum útgjöldum. Endurskoðendur gera suma þeirra að umtalsefni. Skal jeg minna á nokkra þeirra og fáeina aðra, sem endurskoðendur hafa gert athugasemdir um, þótt ekki sjeu þær allar stórar.

Það er þá fyrst málskostnaður vegna landamerkjamáls. Það mál er svo til komið, að prestur einn norðanlands hafði fengið vilyrði stjórnarinnar — að því er segir í svörum stjórnarinnar við þessari aths. — til að fara í landamerkjamál. Þessi er árangurinn. Virðist svo sem stjórnin hafi verið óþarflega talhlýðin við þennan embættismann.

Þá er kostnaður vegna embættismannafundar Norðurlanda. Endurskoðendur hafa gert athugasemd við þennan lið og stjórnin svarað því, að varla hafi verið hægt að komast hjá að greiða þetta. Jeg efast samt um, að þingið hefði leyft útgjöld í þessu skyni, ef þess hefði verið leitað fyrirfram.

Útgjöld vegna fálkaorðunnar nema 12½ þús. kr. Það gæti komið til álita, hvort ekki væru óþarflega mikið notuð þessi heiðursmerki. Einnig gæti komið til álita, hvort ekki væri rjett að skattleggja þau og láta þau bera sig sjálf, ef nauðsynlegt þykir að strá þeim á báða bóga, eins og gert hefir verið.

Af kostnaði við konungskomuna gengu ca. 15 þús. kr. til viðgerðar á sjerstöku húsi hjer í bænum til þess að taka á móti konungi. Þar sem þurfti að gera við ráðh.-bústaðinn — og það var gert síðar — má telja, að þetta hafi ekki verið meira en svo hyggilegt. Nær að gera þá heldur við ráðherrabústaðinn nokkru fyr.

Loks eru tveir liðir fyrir ráðunautsstörf tveggja manna, 1500 kr. til hvors, sendiherrans í Kaupmannahöfn og dýralæknis landsins. Það sýnist mætti líta svo á, að ekki væri þörf á

að greiða þessum mönnum sjerstaklega fyrir ráðunautsstörf, þar sem þeir eru í þjónustu landsins og fá full laun fyrir, og landið á þar af leiðandi starfskrafta þeirra alla og þeir ættu að vera skyldir að láta í tje allar upplýsingar, sem þeir geta, og vera landsstjórninni til ráðuneytis í þeim málum, er embætti þeirra heyra til, endurgjaldslaust.

Endurskoðendur gerðu þær athugasemdir við þessa liði, að þeir væru til athugunar framvegis. Og fyrir hönd fjhn. vil jeg leggja áherslu á það.

Þá eru enn einstakir liðir á óvissum útgjöldum, sem ekki eru gerðar athugasemdir við, en við í nefndinni vildum sumpart benda á og sumpart leita upplýsinga um og skýringa. Er þar fyrst að telja kostnað við bæjarhúsabygging á Horni í Skorradal, 2500 kr. Nefndin hefir reynt að leita sjer upplýsinga, en ekki getað fengið. (**PO**: Þetta er hjáleiga frá Hvanneyri). Það er ekki vegna þess hve há þessi upphæð er, að jeg minnist á hana hjer. En það hafa legið fyrir þessu þingi — við fjárlögin 1929 — tvær tillögur um byggingarstyrki til tveggja staða, þar sem umferð af ferðamönnum er mikil, og hefir verið synjað um aðra, en hin samþykt. — Það er ekki auðfundið samræmið í því — en hjer hefir stjórnin veitt byggingarstyrk til sveitabýlis án þess að spyrja þingið leyfis; má og vera, að þess hefði verið synjað, þótt leitað hefði verið.

Í öðru lagi er flutningskostnaður sendiherrans frá Kaupmannahöfn til Íslands, 6743,08 kr. Þessi upphæð þykir okkur nokkuð há. Til samanburðar má geta þess, að flutningskostnaður sama manns frá Íslandi til Kaupmannahafnar nam aðeins 218,50 kr.

Annar liður er til Sveins Björnssonar sendiherra, bætt tjón við húskaup, 10 þús. kr. Fyrir nefndinni er það óupplýst, fyrir hvað þetta tjón er greitt. Jeg get getið þess hjer um leið, að nokkrir fleiri liðir, sem nema talsverðum upphæðum, snerta sendiherrann, þótt ekki hafi verið hirt um að taka þá fyrir sjerstaklega.

Í fjórða lagi er styrkur til Sigurðar Sigurðssonar til ferðar á samvinnumannafund í Danmörku. Til þessa var engin heimild í fjárlögum, og slíkum styrkbeiðnum hefir oft verið synjað af Alþingi, þótt jeg skuli ekkert um segja, hvort svo hefði farið um þennan styrk, ef heimildar til hans hefði verið leitað.

Til landsfundar kvenna á Akureyri 1926 hafa verið greiddar 1000 kr. — Á þingi árið 1926 bar jeg ásamt öðrum þm. fram tillögu þess efnis að veita 1000 kr. styrk í þessu skyni. En sú till. var feld. Aftur bárum við fram till. um lægri upphæð í sama augnamiði. En þess var einnig synjað. Því kom mjer það mjög á óvart, er jeg sá, að þessi upphæð hafði þrátt fyrir alt verið veitt. Vil jeg leyfa mjer að spyrja um ástæður fyrir því, að það var gert, þrátt fyrir skýlausa neitun Alþingis.

Þá þarf jeg að víkja að athugasemdum endurskoðendanna. Það er ýmist um till. þeirra um liði, sem þeir gera aths. við, að þeir eru taldir upplýstir eða krefjast ekki svars eða til athugunar eftirleiðis eða þeim er vísað til aðgerða Alþingis. Nefndin er yfir höfuð samþ. till. yfirskoðunarmannanna til úrskurðar og leggur til, að þær

verði samþyktar, og væntir þá þess, að stj. taki tillit til þeirra eftir föngum, sem til hennar er vísað.

Þær till. einar, sem vísað er til sjerstakra aðgerða Alþingis, á jeg eftir að minnast á, og vil jeg fara um þær nokkrum orðum. Það eru 5 till., sem svo er ástatt um. Sum af þessum atriðum eru kunn áður og hafa þegar verið þaulrædd, og get jeg því verið stuttorðari um þau en ella. Þar á meðal er það, að endurskoðendur spyrja um heimild fyrir því að greiða Vestmannaeyingum kr. 24850,50 fyrir veiðarfæratap. Fyrv. stj. hefir svarað þessu og það hefir verið rætt hjer í hv. deild í eldhúsumræðum á þessu þingi. Svar stj. er á þá leið, að varðskipið, sem þá var eign Vestmannaeyinga, hafi þá verið bundið við að vera við Vestmannaeyjar um veiðitímann, til þess að vernda veiðarfæri eyjarskeggja fyrir usla útlendra ágangsseggja, en vitað var, að lendhelgibrot ættu sjer stað í stórum stíl austur með söndum, og það varð að samkomulagi, að Þór færi austur til þess að skakka leikinn. Á meðan voru Vestmannaeyingar varnarlausir og biðu — að sögn — stórtjón á veiðarfærum og afla. En í þessari ferð austur með söndum tók Þór 4 skip að ólöglegum veiðum, og voru þau sektuð um nálega 50 þúsund kr. samtals, eða helmingi hærri upphæð en hjer um ræðir. Endurskoðendurnir vilja þó vísa þessu til aðgerða Alþingis. En nefndin getur fallist á svör stj. í þessu efni, þar sem þetta er fyrir löngu útkljáð og hefir samist svo, og landhelgisjóður þrátt fyrir það hagnaðist og ferðin bar svo góðan árangur fyrir friðun landhelginnar í bili a. m. k. En spyrjast vill nefndin fyrir um það, hvort samningar eru svo nú, að líkt þessu gæti komið fyrir aftur. Ef svo væri, þyrfti að breyta því.

Annað, sem endurskoðendur átelja og vísa til aðgerða Alþingis, er það, að varið hefir verið nokkru fje úr landhelgisjóði til risnukostnaðar, — það sjest ekki, hvað það hefir verið mikið —. Þeir fundu að hinu sama í fyrra við landsreikninginn 1925. Stj. svaraði þá eins og nú, að þar sem þessi risnukostnaður væri vegna landhelgigæslunnar, þá væri ekkert óeðlilegt að greiða hann úr landhelgisjóði, enda risnufje ráðh. ekki ákveðið með tilliti til þessarar risnu.

Nefndin felst á svör stj. og telur, að þau sjeu rjettmæt. En út af þessu vil jeg samt benda á, að mjer virðist óþarft og vafamál, hvort það sje rjett að blanda landhelgisjóði saman við landsreikninginn. En ef svo verður gert, þá á að taka áætlaðar tekjur hans og gjöld upp í áætlun; annars raskar hann rjettu hlutfalli milli fjárlagafrv. og landsreikningsins. Þetta er sagt aðeins til athugunar.

Þá hafa endurskoðendur enn gert aths. út af berklavarnakostnaðinum og vísa henni til aðgerða Alþingis. Sá kostnaður hefir á árinu 1926 numið tæpum 500 þús. kr. Þykir þeim það ískyggilega mikið. Meðal annars segja þeir, að læknishjálp sje óhæfilega hátt reiknuð sumstaðar og ekkert samræmi í því, hvað læknar reikna sjer hátt gjald fyrir hana. Þetta þurfi að athuga og megi gera ráð fyrir, að þessi liður gæti lækkað. Þetta er umsögn endurskoðendanna. Í svörum sínum viðurkennir stj., að mikil útgjöld sjeu

á þessum lið. En hinsvegar er hún ekki sömu skoðunar og endurskoðendurnir, að þessi styrkur geti lækkað, heldur býst hún við, að hann fari hækkandi, eftir því sem líkur benda til. Bendir hún í því sambandi á það, að nú er nýreist berklahæli í Kristnesi og bygðir tveir nýir spítalar — í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði — og eftir venju fyllast allir spítalar af berklasjúklingum. Ummælin um ósanngjarna og ósamræma reikninga lækna minnist hún ekki á í svarinu.

Nefndin getur ekki sjeð, hvað hægt er að gera eða álykta að óbreyttum lögum um þetta, annað en að brýna fyrir stj. að hafa fulla aðgæslu um kostnað, eftir því sem lög standa til — sjerstaklega veita athygli og hafa hemil á, ef læknar eru of ágengir. Í fyrra voru gerðar breytingar á berklavarnalögunum, sem miðuðu að því að draga úr kostnaði við framkvæmd þeirra. En þrátt fyrir það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að sá kostnaður fari minkandi að óbreyttum lögunum. Það er ekki hægt hvorttveggja, að taka ráðin af einstaklingunum, sem sjúkir eru, og skipa þeim fyrir um, hvað þeir eigi að gera, og jafnframt að skipa þeim að standa straum af kostnaði við það. Nefndin efast ekki um, að stj. gæti framvegis allra hagsmuna og sparnaðar, eftir því sem lögin heimila. Það liggja engar till. um breyting á þessum lögum fyrir á þessu þingi, og er orðið seint að koma fram með þær hjeðan af. Því er eina ráðið að hafa sterkar gætur á því, að allur kostnaður af framkvæmd þeirra verði sem minstur, eftir því sem lögin gefa ástæðu til. En út af ummælum endurskoðenda um ósanngjarna reikninga lækna vildi nefndin gjarnan fá eitthvað að heyra frá stj.

Enn gera yfirskoðunarmenn aths. um rekstur og útistandandi skuldir landsverslunarinnar. Í svari sínu vísar stj. til svars stj. í fyrra við samskonar aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu við landsreikninginn 1925. — Yfirskoðunarmönnum þykir svarið ekki fullnægjandi og vísa þessu til aðgerða Alþingis.

Sú skýrsla, sem nú liggur fyrir í landsreikningnum 1926, er nákvæmlega hin sama og sú, er lá fyrir fjhn. í fyrra og var grundvöllur undir þeirri þál., er hún bar fram þá. Er hana að finna í þingtíðindunum frá í fyrra, á þskj. 64 í A-deild. Þessi till. var þá samþ., og má telja, að hún sje enn í gildi, og ber stj. því að haga sjer eftir því. Og þar sem auk þess er verið að leggja verslunina niður, þá sjer nefndin ekki ástæðu til þess að gera nýja ályktun um þetta, en vísar aðeins til ályktunarinnar frá í fyrra.

Að lokum skal jeg geta þess, að margt af því, sem jeg hefi sagt, var ekki eins ítarlega rakið í nefndinni. Verður því margt af því, sem jeg hefi sagt, að standa á mína ábyrgð. Skal jeg fyrirfram kannast við þetta, ef hv. meðnefndarmenn mínir skyldu hafa eitthvað að athuga við það, sem jeg hefi sagt.

Magnús Guðmundsson: Jeg tek aðeins til máls nú sökum þess, að jeg býst við, að jeg geti frekar svarað ýmislegu af því, sem hv. frsm. var að spyrja um, heldur en hæstv. fjmrh.

Gengisreikningur er í reikningum ríkisfjehirðis tilfærður í einu lagi. Þeg-

ar svo þeir einstöku reikningar eru gerðir, er hann sundurliðaður og svo leitað aukafjárveitingar fyrir afganginum, t. d. um konungsmötuna og fje til sendiherrans í Kaupmannahöfn og ýmsar afborganir á lánum og þvílíkt.

Hv. frsm. talaði um, að ekki hefði verið hyggilegt að verja allmiklu fje til aðgerðar á húsi fyrverandi forsrh. Jóns Magnússonar, þar sem það hefði staðið fyrir dyrum að gera við forsætisráðherrabústaðinn. En þá stóð svoleiðis á, að Jón sál. Magnússon bjó í sínu eigin húsi og ætlaði ekki að flytja þaðan. Hinsvegar þurfti hann að láta gera við hús sitt, og með því að enginn staður var hæfur til þess, að konungur gæti gist þar, þótti rjett að slá þessu tvennu saman þá í svipinn. Jón Magnússon dó svo áður en gert hafði verið upp við hann, og þótti þá rjett að greiða þetta alt úr ríkissjóði, en hefði hann lifað, er jeg viss um, að hann hefði greitt mikið af þessari upphæð úr sínum eigin vasa.

Borgunin til Sveins Björnssonar er fyrir ýms störf vegna utanríkismálanna áður en hann varð sendiherra aftur.

Um greiðsluna til dýralæknisins í Reykjavík er það að segja, að hann þóttist samkv. skipunarbrjefi sínu ekki skyldur til þess að veita allar þær upplýsingar og gegna öllum þeim störfum, er stjórnarráðið krafðist af honum, og varð því að greiða þær aukalega. Þetta hefir viðgengist mörg undanfarin ár, og hefir aldrei verið að því fundið fyr en í fyrra, en nú þegar verið er að skipa nýjan dýralækni, ætti að vera hægt að fyrirbyggja þetta.

Þá mintist hv. þm. á flutningskostnað sendiherrans frá Kaupmannahöfn og þær 10 þús. kr., er hann fjekk vegna tjóns, er hann beið við húsakaup. Jeg ljet að sönnu ekki greiða þessa upphæð, en hún var veitt af þinginu í fjárl., og man jeg, að upphæðin stafar af því, að þegar sendiherraembættið var lagt niður, varð Sveinn Björnsson að selja með 30 þús. kr. tapi hús það, er hann þá hafði keypt, og mun þetta vera það, sem ríkið tók þátt í því.

Um styrkinn til landsfundar kvenna 1926 er jeg ókunnugur. En eitthvað mun þó hafa verið talað um þetta á þinginu 1926 og með því að fundurinn átti að vera 1926, þá var víst ákveðið, að styrkurinn skyldi talinn með þess árs útgjöldum. Annars man jeg þetta ekki svo glögt.

Þá mintist háttv. frsm. á 5. og 6. aths. við landsreikninginn, og þó sjerstaklega á þær 25 þús. kr., er veittar höfðu verið til Vestmannaeyinga sem skaðabætur fyrir netjatap. Skýrði hann rjett frá gangi þess mál, að undanteknu því, að hann gat ekki um það, að þegar þessi fjárhæð var greidd, áttu Vestmannaeyingar Þór. Annars get jeg vísað til þess, sem jeg sagði um þetta í eldhúsdagsumræðunum.

Um 5. aths. við landsreikninginn má segja það, að álitamál getur verið, hvar beri að færa slíkan kostnað. Það er nú svo, að hjá honum verður oft og einatt alls ekki komist, því hjer ber iðulega að garði ýmsa gesti, sem ríkið verður að taka á móti. Svo hefir altaf orðið nokkur kostnaður vegna dátanna á varðskipunum, því venja hefir verið að gefa þeim eina máltíð eða bjóða

þeim í bíó, eða eitthvað svoleiðis. Hefir það verið venja hingað til að greiða þetta úr landhelgisjóði, en vitanlega er auðvelt að færa þetta yfir á ríkissjóð. Annars stafar mikið af þessum kostnaði frá komu danska hervarnamálaráðherrans. Var ómögulegt fyrir forsrh. að greiða allan þann kostnað af fje því, er honum var ætlað til risnu, en vel má vera, að best yrði ráðið fram úr þessu á þann hátt að hækka risnufjeð.

Þá mintist háttv. frsm. á það, að berklavarnakostnaðurinn væri hár, og er það satt; hann er að mínu áliti gífurlega hár. Og þó jeg hafi nokkra von um, að hann lækki, þá er jeg alls ekki viss um það. Í fyrra voru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að draga úr kostnaðinum með nýrri löggjöf, en sökum þess, hve lögin frá 1921 um berklavarnir eru ógætilega samin, þá er ómögulegt að komast hjá kostnaði þessum, og þær brtt., sem bornar hafa verið fram við lögin, hafa flestar verið feldar. En ekki kæmi mjer það á óvart, þó þingið yrði að taka í taumana áður en langt um líður.

Hvort reikningar lækna eru of háir, er ekki gott að segja um, en reglan hefir verið sú, að hafi komið ósundurliðaðir reikningar, hafa þeir verið sendir heim aftur. En þá hefir það venjulega farið svo, að þeir hafa verið hærri, er þeir komu aftur sundurliðaðir, svo lítið hefir grætst á því. Yfirleitt er mjög erfitt að ráða við þetta, en víst er um það, að margir læknar hafa talsverðan hagnað af þessum sjúklingum. Þá hefir og kostnaður við sjúkrahúsin verið mjög mismunandi, en úr því hefir verið reynt að bæta með því að hafa ákveðna gjaldskrá til þess að fara eftir, en af því hefir sumstaðar sprottið hin mesta óánægja.

Haraldur Guðmundsson: Það væri í sjálfu sjer ástæða til þess að hafa ekki alllítið skraf um landsreikninginn í heild sinni, en jeg skal nú samt ekki að þessu sinni lengja umr., en vera má, að jeg tali eitthvað nánar um hann við 3. umr.

Er þá fyrst gengisreikningurinn. Halli á gengisreikningi nemur árið 1926 um 50 þús. kr., og mun mikið af því vera ofgreiðsla til konungs og sendiherrans í Kaupmannahöfn. Hvað snertir liðina 25—30, þá fæ jeg ekki sjeð, að nokkursstaðar hafi verið gert ráð fyrir þeim upphæðum.

Í þessu sambandi þykir mjer rjett að geta þess, að mjer finst það alls ólöglegt, þegar laun starfsmanna ríkisins hafa verið ákveðin í ísl. krónum, að greiða svo sumum þeirra kaup sitt í dönskum krónum. Það mun og rjett, að ferðakostnaður sambandslaganefndarinnar hafi verið greiddur í dönskum krónum, og sömuleiðis styrkurinn til stúdentanna. Virðist það í meira lagi óviðkunnanlegt, er stj. tekur sjer þannig bessaleyfi til þess að greiða í dönskum krónum þær upphæðir, sem veittar eru í íslenskum krónum. Um stúdentastyrkinn stendur þó sjerstaklega á. Fjvn. mun hafa fallist á, að hann skyldi greiddur í dönskum krónum. En auðvitað væri rjett að hækka upphæðina sem gengismun nemur.

Það væri full ástæða til þess að tala alment um landsreikninginn, en jeg mun þó ekki gera það að þessu sinni. Aðeins vil jeg geta þess, að betra mundi vera að haga á nokkuð annan

hátt bókfærslu ríkissjóðs en tíðkast hefir. Sú regla hefir tíðkast hingað til að prenta ítarlega sundurliðaða skrá yfir tekjurnar, en því hefir ekki verið hagað svo með gjöldin, heldur hefir aðeins verið sett, til hvers hefir verið greitt, en ekkert hefir sjest um það, fyrir hvað hefði eiginlega verið greitt. T. d. eru í 10. gr. landsreikningsins greiddar 28 þús. kr. fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum. Er liður sá algerlega ósundurliðaður og því ómögulegt fyrir þm. að átta sig á því, hvernig þessu fje hefir verið varið. Svona má víða grípa niður í reikninginn. Þar eru liðir fjöldamargir, sem ómögulegt er að segja um, hvort stilt er í hóf eða ekki. Væri það strax mikil bót, ef hægt væri að semja heildarskýrslu um það, hvernig gjöldin skiftast niður. Höfum við gert tilraun til þess í ríkisgjaldanefndinni, en hún getur ekki enn sem komið er orðið fullkomin, því í mörgum tilfellum voru gögnin svo ófullnægjandi. Niðurstaða okkar var sú, að síðastl. 12 mánuði hefðu 6 milj. og 92 þús. kr. farið til greiðslu á launum, persónulegum styrkjum, eftirlaunum og þess háttar. Þar við má svo bæta 103 þús. kr., sem er ferðakostnaður til einstakra manna. Af þessu má sjá, að til einstakra manna eru greiddar 6 milj. og 200 þús. kr., og er þetta fullur helmingur af útgjöldum ríkissjóðs. Þau laun, sem gert er ráð fyrir, að greidd sjeu fyrir ákveðið starf, eru ekki nema helmingur af þessari upphæð. Um 3 milj. og 180 þús. kr. eru greiddar í lögboðin laun föstum starfsmönnum, en yfir 900 þús. kr. er greitt fyrir aukavinnu. Mun það og oft eiga sjer stað, að ýmsir starfsmenn ríkisins taki laun á fleiri en einum stað, og dæmi munu þess, að sami maður taki jafnvel laun á 4 stöðum fyrir störf í þágu ríkisins. Kaupið fyrir þessi aukastörf er um 25% af lögmætum launum þessara starfsmanna. Svipað er að segja um kennarana við mentaskólann. Eftir lögunum eru laun þeirra 94 þús. kr. En þeir fá fyrir aukakenslu í skólanum um 19400 kr., eða 20% af launum. Þetta sama má segja um meiri hluta opinberra starfsmanna. Þeir gegna aukastörfum fyrir ríkið og fá sjerstaka borgun fyrir þau. Oftlega vinna þeir aukastörfin fyrir sömu stofnanirnar og þeir eru ráðnir hjá sem fastir starfsmenn. Jeg tel þetta ákaflega varhugavert fyrirkomulag. Væri miklu rjettara að hækka laun starfsmannanna, þar sem þess er þörf, en taka svo algerlega fyrir aukastörfin — krefjast þess, að þeir leggi alla starfskrafta sína fram til að rækja embætti sitt.

Næst vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stj., hvernig standi á þeirri miklu aukningu eftirstöðva hjá fjárheimtumönnum ríkissjóðs og eftirgjöfum, sem færðar eru hjer í skýrslunni. Sjerstaklega er eftirtektarverð hin mikla eftirgjöf í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar hafa verið gefnar eftir á árinu kr. 85289,30, og eru þó eftir ógreiddar kr. 46716,98. Er það eftirtektarvert, að tekju- og eignarskatturinn, sem langmest vantar á að greiddur sje, er ekki nema kr. 103-835,77 þetta ár, eða miklum mun lægri upphæð en niðurfærslan og eftirstöðvarnar til samans. Endurskoðunarmennirnir geta þess, að þeir hafi ekki haft tækifæri til að fara yfir eftirgjafalista frá öðrum stöðum en Reykja-

vík. En þar nemur eftirgjöfin kr. 57-034,40. Hafa endurskoðendur athugað þær upphæðir, sem gefnar eru eftir, og telja, að sumar þeirra mundu hafa verið fáanlegar, ef ríkar hefði verið gengið eftir. Við aths. um vangreiðslur annarsstaðar eru svör ráðh. þau, að þar verði að fara eftir umsögnum sýslumanna. En jeg vænti þess, að hæstv. fjmrh. sjái sjer fært að láta þinginu í tje nokkru nánari skýrslu um eftirgjafirnar og hvernig á þeim stendur. Sjerstaklega væri æskilegt, að þessi hv. deild gæti fengið einhverja skýringu á hinni háu upphæð í Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir 3. umr. Þá hafa og endurskoðendur litið svo á, að aukning eftirstöðvanna í Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu gæfi tilefni til sjerstakrar athugunar. Í Barðastrandarsýslu hafa þær vaxið úr kr. 16187,49 upp í kr. 34885,08, og í Ísafjarðarsýslu — að kaupstaðnum meðtöldum — úr kr. 8116,60 upp í kr. 50477,63.

Endurskoðunarmenn hafa fundið að því, að ekki skuli hafa verið gerður upp reikningur landhelgisjóðs fyrir árið 1926. Stj. svarar því, að hann hafi ásamt fylgiskjölum verið afhentur ríkisgjaldanefndinni. Þetta er ekki rjett. Ríkisgjaldanefndin hefir ekki fengið annað en skrá yfir greiðslur ríkisfjehirðis eftir ávísunum frá stjórnarráðinu. Eftir því, sem jeg best veit, hefir aldrei verið gerður neinn heildarreikningur yfir landhelgisjóðinn. Reikningar yfir greiðslur sjóðsins munu vera til a. m. k. á 4 stöðum, því að svo víða hafa farið fram greiðslur úr honum. Hjá sendiherranum í Kaupmannahöfn hefir verið greiddur kostnaður vegna manna, sem fóru til að sækja varðskipið Óðin, svo og kaupverð þess að mestu leyti. Þá hefir og talsvert fje verið greitt í dómsmálaskrifstofunni. Í þriðja lagi eru greiðslur ríkisfjehirðis. Loks hefir Ólafur Sveinsson annast greiðslur sjóðsins og bókhald frá 1. júlí. Hefir hann afhent nefndinni reikninga frá þeim tíma til ársloka og að nokkru leyti frá fyrri hluta ársins. En þó vantar þar a. m. k. alla þá reikninga, sem eru hjá sendiherranum. En þegar þeir eru komnir, verður að líkindum reynt að gera reikninginn upp endanlega.

Þess var getið í umr. á eldhúsdaginn, að frumreikninga vantaði yfir fjölda upphæða, sem greiddar hafa verið úr sjóðnum. Þetta er auðvitað afleitt. En auk þess verð jeg að telja það ákaflega óviðfeldið og jafnframt broslegt að færa t. d. til útgjalda kostnað við hestahald landhelgisjóðs. Sú upphæð nemur 5 þús. kr. Mjer er óskiljanlegt, að landhelgisjóður hafi nokkurn skapaðan hlut með hesta að gera. Þó að það kunni að þykja nauðsynlegt, að ráðherrarnir hafi gæðinga til að skemta sjer á öðru hverju, sje jeg ekki, að landhelgivörnunum komi það neitt við. Þá þykir mjer fremur óeðlilegt að færa veisluhöld fyrir um 10 þús. kr. hjá landhelgisjóði. Ef nauðsyn ber til að taka opinberlega á móti erlendum gestum og gefa þeim mat og vín, á ríkið vitanlega að borga það, en ekki landhelgisjóður. En jeg þykist vita, að þessar upphæðir sjeu færðar landhelgisjóði til útgjalda í þeirri von, að þær stingi almenning þá minna í augu en ef þær væru birtar í landsreikningnum, sem er öllum opinn. Aðra skýringu er mjer ómögulegt að finna á þessari einkennilegu

reikningsfærslu. Fyrir henni getur ekki verið nokkur skynsamleg ástæða önnur en sú að dylja landsmenn hins sanna um þessar greiðslur.

Á greiðsluna fyrir netjatöp Vestmannaeyinga, 25 þús. kr., hefir áður verið drepið. Jeg skal ekkert segja um það að svo stöddu, hvort ástæða hafi verið til að greiða þetta eða ekki. En hitt orkar ekki tvímælis, að upphæðin er greidd í fullkomnu heimildarleysi. Það getur verið, að ástæða hafi verið til að bæta Vestmannaeyingum þessi netjatöp, sem þeir urðu fyrir vegna fjarvistar varðskipsins. En það er alveg óverjandi athæfi af fyrv. stjórn að taka sjer bessaleyfi til þess að borga út upphæðina, en minnast ekki á það við þingið, sem einmitt mun hafa staðið yfir um þetta leyti. (**MG:** Þetta er ekki rjett). Jeg hefi vitneskju mína um þetta frá hv. þm. Vestm. og vænti, að hún sje rjett. (**JJós:** Jeg skal upplýsa þetta seinna). En ekki er alt upptalið enn. Í ársbyrjun 1927 eru Vestmannaeyingum aftur greiddar 5 þús. kr. fyrir netjatöp. Og það er líka gert í heimildarleysi. Jeg verð að segja, að jeg kann þessu afarilla. Jeg skal geta þess, að jeg hefi einhversstaðar sjeð skrá, þar sem sundurliðað er veiðarfæratjón einstakra manna og skýrt frá þeim skaðabótum, sem hver fjekk tiltölulega. En þessi skýrsla er engin afsökun fyrir því, að fyrv. stjórn skyldi fara á bak við þingið.

Eitt af því, sem yfirskoðunarmennirnir benda á, er, að skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík fari mikið fram úr áætlun, eða um 45 þús. kr. árið 1926. Nú fylgja að vísu mikil störf þessu embætti, en fyrir mörg þeirra er greidd allveruleg aukaborgun. Þannig eru lögreglustjóra greiddar 25 þús. kr. fyrir tollgæslu, aðallega merkingu á tóbaki, og 35 þús. kr. fyrir rannsóknir sakamála. Landsreikningurinn sýnir því ekki nema nokkurn hluta löggæslu- og tollgæslukostnaðar. Þessar 60 þús. kr. bætast við kostnað embættisins.

Þá koma ýmsir liðir, þeir sem taldir eru til óvissra útgjalda, mjer mjög á óvart, svo sem t. d. vín handa ríkisstjórninni, kr. 1340,50. Ráðherra segir, að þetta sje vín, sem keypt hafi verið vegna konungskomunnar. En hafi þessi glaðning á annað borð verið nauðsynleg í stjórnarráðinu vegna konungskomunnar, hefði verið rjett að færa hana meðal annars kostnaðar við móttöku konungs. (**MG:** Eiga þetta að vera dylgjur?). Jeg mótmæli því, að jeg sje að fara með nokkrar dylgjur. Slíkt er ekki minn siður. En það er sannarlega ástæða til að láta sjer detta margt í hug, þegar vínið flýtur í stríðum straumum á kostnað ríkissjóðs og áfengisnautn er jafnvel talin til strandvarna, sbr. veisluhald landhelgisjóðs.

Á eldhúsdaginn var talsvert rætt um annan kostnað af konungskomunni, t. d. það fje, sem varið var til aðgerðar á húsi Jóns heitins Magnússonar. Yfirskoðunarmenn telja fje þetta kr. 14923,02. En ríkisgjaldanefndinni hefir talist svo til, að það mundi alls nema rúml. 23 þús. kr. Verð jeg að álíta, að sú tala sje rjettari, og gæti stafað af því, að yfirskoðunarmennirnir hefðu ekki haft í höndum alla þá reikninga, sem að þessu lúta og komið hafa frá ekkju hins látna forsrh. Jeg skal ekki vera margorður um þessa ráðstöfun. En jeg

get verið sammála hv. 1. þm. Skagf. um, að þessi greiðsla mundi varla hafa orðið svona há, ef Jón heitinn Magnússon hefði lifað. Það er óskiljanlegt, að hann hefði leyft sjer að borga sjálfum sjer svo háa upphæð. Og það er líka ákaflega athugunarvert, að fyrv. stj. skyldi leyfa sjer að greiða þetta, þar sem mikið af þeim umbótum, sem gerðar voru, eru varanleg eign. Til viðbótar er svo húseigandanum, J. M., greidd húsaleiga áfengisverslunarinnar eftir sem áður, meðan á aðgerðinni stóð og konungur bjó í húsinu, þó að vitanlega yrði að flytja hana burt úr húsinu allan þann tíma. Jeg ætla þetta umstang alt tæki um 3 mánuði. Mætti þó ætla, að ekki væri hægt að meta viðgerðina á húsinu minna en húsaleigu verslunarinnar þann tíma, sem verkið stóð yfir.

Þá geta yfirskoðunarmenn þess, að kr. 1664,15 hafi verið greiddar fyrir gólfdregla o. fl., sem bæjarfógetinn á Ísafirði hafi pantað vegna konungskomunnar. En til Ísafjarðar kom konungurinn aldrei. Mikils þykir þeim við þurfa, hinum konunghollu mönnum.

Berklavarnakostnaðinn hafa yfirskoðunarmenn gert að umtalsefni og bent á, að hann færi ískyggilega vaxandi. Um hann er svipað að segja og landhelgisjóðinn, að reikningsfærsla er í allra bágbornasta lagi. Greiðsluupphæðirnar eru færðar, en frekari upplýsingar vantar víðast. Tvö ár hefir verið sýnd viðleitni til að greina sundur aðalkostnaðarliðina, svo sem fyrir sjúkrahúsvist og læknishjálp. En eins og hv. 1. þm. Skagf. drap á áðan, er fjöldi af reikningum lækna ósundurliðaður. Þó hefir ríkisgjaldanefndin reynt að gera skýrslu fyrir árið 1926, en ýmsar tölur vantar til þess, að hægt sje að fullgera hana. M. a. hefir það verið reiknað út, að læknishjálpin nemur á dag 10 aurum fyrir hvern sjúkling í heilsuhælum ríkisins. Í stærri sjúkrahúsum úti um land nemur hann 50—60 aurum. En í einkaspítölum hjer í Reykjavík, t. d. Landakoti, kemst hann upp í eina krónu fyrir hvern sjúkling á dag. Kemur hjer í ljós nokkuð mikill munur, enda er enginn vafi á, að sumstaðar er kostnaðurinn nokkuð hátt reiknaður. Það hefir komið fyrir, að stj. hefir neitað að greiða reikninga og fengið þá lækkaða. Verst er þó, að reikningarnir eru flestir ósundurliðaðir, svo að ekki verður sjeð, hver hl. er læknishjálp, lyf eða umbúðir, nje hve mikil hjálpin er. En jeg tel sjálfsagt, að beinlínis ætti að fyrirskipa sundurliðaða reikningsfærslu yfir berklavarnakostnaðinn, og greiða hann ekki að öðrum kosti.

Jeg skal viðurkenna það í þessu sambandi, að berklavarnirnar eru nokkuð þungur baggi á ríkinu. En menn mega ekki gleyma því, að sá baggi hvílir á þjóðinni hvort sem er. Hún verður á einhvern hátt að sjá fyrir berklasjúklingum sínum og verjast sýkingarhættu. En byrðin verður ljettari fyrir ríkissjóð en einstaklinga. Það er ódýrara að hafa marga sjúklinga saman í heilsuhælum en dreifða í einstökum sjúkrahúsum eða heimilum úti um land. Á meðan veikin er í landinu, verður þjóðin að taka afleiðingum hennar, bera kostnaðinn og sjá um aðgerðir til að reyna að útrýma henni. Og þá er beinlínis „praktiskt“ að láta ríkissjóð annast framkvæmdirnar. Auk þess liggur það

í augum uppi, að mikil hætta stafar af veikinni fyrir þá heilbrigðu. Þessar ráðstafanir eru því ekki gerðar í gustukaskyni vegna sjúklinganna, heldur miklu fremur vegna hinna heilbrigðu, þeim til varnar. Því er fyllilega rjettmætt, að þeir beri kostnaðinn af vörninni.

Orð mín má ekki skilja svo, að jeg sje á móti sparnaði á þessum lið. Fyrsta skrefið til að geta dregið úr kostnaðinum er að heimta nákvæma sundurliðun reikninganna. Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að benda á, að jeg hefi flutt frv. um breyting á launum embættismanna, þar sem gert er ráð fyrir nýjum læknataxta. Það er fyllilega rjettmætt að setja sjerstakan taxta fyrir þá lækna, sem starfa við sjúkrahús og fyrir opinbert fje. Mjer er kunnugt um, að í hinum stærri kaupstöðum úti um land fá læknar mikið fje frá hinu opinbera fyrir hjálp sína til berklasjúklinga. Á Akureyri hefir þetta t. d. numið yfir 10 þús. kr. árið 1926.

Það er ótal margt fleira, sem ástæða væri til að tala um í sambandi við þennan landsreikning, t. d. fálkaorðan sæla. Kostnaðurinn við hana er nú alls kominn yfir 60 þús. kr. 1926 er hann 12 þús. danskar kr. Þessi heiðursmerkjareikningur er býsna skrítinn og fróðlegur til athugunar. Þar er hægt að fá allgóða hugmynd um verð þessarar nauðsynjavöru. Kross af 1. gráðu kostar t. d. 300 kr., kross af 2. gráðu eitthvað minna. Hylkin kosta 15, 20, 25 og upp að 30 kr., eftir því hve til þeirra er vandað. Og svo eru talsverð útgjöld við að fægja krossana, svo að þeir líti vel út, þegar þeir eru afhentir. Og fleira mætti um þetta segja.

Nú skal jeg ljúka máli mínu, og er þó sitt af hverju ótalið, sem ástæða væri til að minnast á. En jeg vil ítreka þau tilmæli mín til hæstv. stj., að hún sjái svo um, að fyrir hv. fjhn. eða þessari hv. deild liggi áður en umr. lýkur nákvæm skýrsla um stærstu eftirgjafirnar, t. d. í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svo alvarlegt mál krefst ítarlegrar rannsóknar.

Magnús Jónsson: Það lítur sannarlega út fyrir, að ekki þurfi að hvetja þetta þing til eldhúsverka, þar sem svo langt er gengið að gera eldhúsdag úr umræðum um landsreikninginn. Jeg ætla ekki að taka þátt í þeim störfum. Aðeins vildi jeg leyfa mjer að beiðast nokkurra upplýsinga um landsverslunina. Gæti henni jafnframt verið beint til hæstv. fjmrh., ef hv. frsm. hefði ekki tækifæri til að svara því. Í landsreikningnum að þessu sinni eru alveg sömu skýrslur um landsverslunina eins og þær, sem komu hjer fram á þingi í fyrra og jeg lýsti þá fyrir hv. þm. Kemur það fram í svörum ráðherra, þar sem hann segist ekki þurfa að svara athugasemdum yfirskoðunarmanna, af því að þær sjeu endurtekning af athugasemdum í fyrra og þeim hafi þá verið fullsvarað. Nú er það auðvitað, að yfirskoðunarmennirnir, sem munu hafa starfað í nóvember og desember, hafa ekki haft fyrir sjer nýrri skýrslur en þessa. En á hinn bóginn má búast við, að nýrri skýrslur hafi legið fyrir nefndinni, þegar hún hafði þetta til meðferðar. Það stendur alveg sjerstak-

lega á með þetta núna, þar sem hjer var samþ. í fyrra þáltill. um að gera upp reikninga verslunarinnar og kalla inn skuldir hennar. Jeg vil því spyrja nefndina, hvort hún hafi haft fyrir sjer reikninga verslunarinnar 1927 og hverjar hafi verið útistandandi skuldir hennar í árslok þá. Þó yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafi ekki haft fyrir sjer yngri reikninga en frá 1926, mun mörgum þykja fróðlegt að heyra eitthvað um ástæður þessarar verslunar seinna og um útistandandi skuldir hennar.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg skal geta þess, að auðvitað er bygt á reikningum verslunarinnar fyrir árið 1926; um aðrar tölur gat ekki verið að ræða. Jafnframt skal þess getið, að unnið hefir verið að framkvæmd þál. frá síðasta þingi og — mjer er óhætt að segja það — í fullkomnu samráði og samstarfi við fyrverandi landsstjórn. Þótt svo sje tekið til orða í þál., að reikninga verslunarinnar skuli gera upp þegar í stað, þá er auðsjáanlega ekki ætlast til, að því sje fylgt bókstaflega. Þá væri einungis um tvent að gera, annaðhvort að gefa upp meira eða minna af skuldum, eða lögsækja menn hlífðarlaust og jafnvel gera fleiri eða færri gjaldþrota. Þess vegna hefir verið farin sú leið, sem sjálfsögð er, að ganga svo ríkt eftir skuldum sem fært þótti, því þó að viðskiftunum verði ekki lokið á einu ári, þá er hyggilegra að fara að með lempni og gætni.

Annars held jeg, að þeir hv. þm., sem þál. báru fram, hafi ekki gert sjer ljóst, að um jafnstór viðskifti væri að ræða og raun varð á. Viðskifti landsverslunar frá byrjun voru orðin um 100 milj. kr. En allar útistandandi skuldir, bæði fyrra og seinna tímabils, námu ekki meiru en 1 milj. kr., eða um 1% af viðskiftaveltunni. Jeg hugsa, að ekki sje hægt að benda á neitt hliðstætt dæmi. t. d. ekki bankana, og er þar þó engin upphæð látin af hendi nema fullkomin trygging eigi að koma á móti. En við verslun er ekki til þess ætlast, að heimtað sje veð fyrir því, sem lánað er út.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, en aldrei mun jeg þurfa að bera kinnroða fyrir starf mitt við landsverslun. Jeg á frekar lof en last skilið fyrir það, þótt þakkirnar hafi hingað til verið mjög litlar. Þegar öllu er á botninn hvolft, mun verslunin hafa komist betur út úr viðskiftum sínum en nokkur önnur stofnun hjer á landi.

Málið er nægjanlega skýrt með þeim upplýsingum, sem fram hafa komið. Það verður haldið áfram að innheimta útistandandi skuldir á sama hátt og áður. Og jeg er sannfærður um, að hvorki háttv. 1. þm. Reykv. nje nokkur annar leggur til að fara að ganga hranalega eftir þeim skuldum, sem eftir eru, því þær eru litlar í samanburði við viðskiftin. Jeg geri ráð fyrir, að af þeirri upphæð, sem útistandandi er, muni tiltölulega mjög mikið nást inn. Og er allir reikningar verða gerðir upp, býst jeg við, að allir geti látið í ljós ánægju sína yfir því, hvernig þessu fyrirtæki hefir farnast. Þegar jeg kom að versluninni fyrir 10 árum, hafði öll reikningsfærsla verið í höndum stjórnarinnar sjálfrar. Þá var tiltölulega meira útistandandi heldur en nú. Þá hafði ríkið lagt 10 milj. kr. til rekstrarins. Það

var skuld fyrirtækisins þá. Nú hefir verslunin greitt ríkissjóði hvern einasta eyri af því, sem hann hefir lagt í fyrirtækið. Hún hefir greitt 6% vöxtu árlega af öllu því fje. Ríkissjóður hefir fengið fullkomlega það, sem honum bar. Reikningslega á verslunin varasjóð, þótt mikið hafi verið notað af honum til að greiða með kolatap á sínum tíma. Þegar kolaverkfallið stóð yfir, var heimtað, að verslunin birgði landið upp að kolum. Varð þá að kaupa þau dýru verði hvar sem var, og varð á því tap mikið. Gekk þá varasjóður verslunarinnar mjög til þurðar. En sá varasjóður, sem verslunin á nú reikningslega, er að mestu bundinn í rekstrinum og er því ekki strax handbær, þótt verslunin sje lögð niður. En jeg geri mjer vonir um, að mikið af honum muni nást, ef skynsamlega er að farið. Og þess vænti jeg, að hvert það þing, sem getur kynt sjer niðurstöðu þessara mála, geti látið í ljós ánægju sína yfir útkomunni.

Magnús Guðmundsson: Það eru einungis fá orð út af ræðu hv. þm. Ísaf. Hann áleit það vítavert, að konungsmatan, sendiherralaunin o. fl. væri greitt í dönskum krónum. En þetta hefir verið samþ. á mörgum þingum og það hefir verið samþ. á þinginu nú, því ekki hefir komið fram brtt. þess efnis við fjárlögin. Þessu var að vísu hreyft við 2. umr. fjárlaganna, en engin brtt. kom fram. En ef þessu er ekki breytt, þá er bæði fyrv. og núv. stjórn heimilt að fara eftir þeirri venju, sem myndast hefir á undanförnum árum. En hitt get jeg viðurkent, að rjettara væri að taka upp í fjárlög hærri upphæðir í ísl. krónum. Hvað stúdentunum viðvíkur, þá er það alt of lítið að ætla þeim að lifa af 100 kr. á mánuði, og var því sjerstaklega samþykt af fjárveitinganefnd að gjalda þeim í dönskum kr. Nær því ekki nokkurri átt að nefna það í þessu sambandi. Við sendiherra var samið svo, er hann tók við starfinu, að honum skyldi borgað í dönskum krónum, en það má teljast galli, að það skuli ekki fært út í ísl. krónum í fjárlögum. — Hinu er jeg auðvitað samþykkur hjá hv. þm. Ísaf., að ekki er um aðrar krónur að ræða í íslenskum fjárlögum en íslenskar.

Hv. þm. kvartaði um, að reikningurinn væri ekki nægilega sundurliðaður. Jeg vil benda honum á, að frá upphafi hefir það verið siður að sundurliða hann á svipaðan hátt og fjárlögin. Það er ekki vikið frá þeirri venju nema að litlu leyti í fáum liðum. En það getur verið álitamál, hvort ekki ætti að sundurliða hann frekar. En ef hann væri mjög sundurliðaður, svo að alt sæist, þá yrði hann geysilangur og kostnaðarsamur. Hann sagði, að ríkisgjaldanefndinni hefði ekki tekist að sundurliða reikninginn nægilega, en það er galli, sem hún á að snúa sjer með til hinnar umboðslegu endurskoðunar, en ekki til endurskoðenda LR.

Þá mintist hv. þm. á aukavinnulaun, sem greidd væru ýmsum starfsmönnum ríkisins. Hvað snertir kennara, þá er ákveðið í lögum, hvað margar stundir þeir skuli kenna daglega. Meira er ekki hægt að heimta af þeim. En ýmsir kennarar taka að sjer tímakenslu að auki, og er borgað

sjerstaklega fyrir hana. Það getur verið, að þetta sje óheppilegt, en gildandi lög mæla fyrir, hvað hægt er að heimta af þeim fyrir laun þeirra. Og það er engu verra að borga þeim fyrir aukavinnu en taka aðra til að vinna það. Svipað er að segja um stjórnarráðsritarana. Þar er ákveðinn skrifstofutími. Sumir vilja gjarnan vinna lengur. Og ef verk er til, þá er ekkert á móti því að láta þá vinna það. Það er ekkert betra að taka aðra til þess. Hitt má vel vera, að rjettara sje að heimta af þeim lengri vinnutíma og gjalda þeim hærra kaup, en það er ekki hægt samkvæmt gildandi launalögum.

Þá skildist mjer á hv. þm., að hann hefði ekki orðið var við reikninga landhelgisjóð. Það er sorglegt, því þeir eru birtir í stjórnartíðindunum. Hvenær reikningurinn fyrir árið 1926 var saminn, það man jeg ekki nú, en vel getur verið, að því hafi ekki verið lokið í ágústlok, þegar jeg fór frá. Reikningshald landhelgisjóðs hefir verið lítið, þar til Óðinn kom. Það var lítið annað en taka á móti sektum. En þetta breyttist, þegar varðskipin Þór og Óðinn voru keypt.

Hv. þm. spurðist fyrir um hesta landhelgisjóðs, og skal jeg skýra það. Hermálaráðherrann danski tilkynti, að hann mundi koma hingað sem gestur á danska varðskipinu um sumarið. Vildi hann sjá sig um hjerna. Það var ákveðið að láta hann fara til Mývatns frá Akureyri. Það þarf ekki að þykja undarlegt, þótt kostnaður hafi orðið við komu þessa gests. En jeg vona, að háttv. þm. muni taka vægara á því, þar sem ráðherrann var sósíalisti. (**HG**: Það eru málsbætur). En hann var liðmargur og það þurfti því marga hesta. Hann fór að vísu ekki alla leið til Mývatns sjálfur, en þeir, sem með honum voru, voru svo ákafir, að þeir fóru alla leið. Það er ekki verið að dylja þennan kostnað með því að setja hann á reikninga landhelgisjóðs. Það er ekki hægt, því þeir eru jafnopinberir og landsreikningurinn. En þegar hermálaráðherrann kemur sem yfirmaður skips þess, er hjer er að landhelgigæslu, og óskar að kynnast hjer staðháttum, þá er eðlilegt, að sá kostnaður sje greiddur úr sjóði þeim, sem kostar landhelgivarnirnar. Jeg gat a. m. k. ekki fundið neinn annan sjóð, sem frekar bar að bera kostnaðinn. En fjárhagslega skiftir það engu máli, hvort það er landhelgisjóður eða ríkissjóður, sem kostnaðinn ber.

Hv. þm. sagði, að skaðabætur þær, sem greiddar hefðu verið til Vestmannaeyinga úr landhelgisjóði, hefðu verið ólögmætar. Þetta er bygt á misskilningi. Sýslumaður Skaftfellinga símar til stjórnarráðsins og segir, að í landhelgi sjeu margir erlendir togarar og það verði að vinda bráðan bug að því að senda skip til að handsama sökudólgana. Stj. sneri sjer til „Þórs“ og fjekk hann til að fara. En hvaða tími vanst til að spyrja sjútvn. Alþingis um þetta? Þær halda fundi annanhvern dag og hefðu efalaust þurft nokkra klukkutíma til að hugsa sig um. En þá hefðu togarnir efalaust verið komnir burt. Það vildi nú svo til, að „Þór“ handsamaði 4 af þessum togurum, sem allir voru að búa sig af stað, fullfermdir af fiski. Hefði dráttur orðið á þessu, þá hefðu þeir allir sloppið. Vestmannaeyingar áttu skip-

ið, og það gat enginn skipað þeim að láta það fara í þessa ferð fyrir ekki neitt. Það var engin von, að þeir leyfðu skipinu að fara án þess að hafa tryggingu fyrir því, að skemdir þær, sem verða kynnu á veiðarfærum þeirra, yrðu bættar. Enda fór svo þessar nætur, sem „Þór" var á brott, að togarar fóru í net Vestmannaeyinga og eyðilögðu þau. Það var sjálfsagt að bæta þeim skaðann, einkanlega þar sem landhelgisjóður græddi um 25 þús. kr. á þessari ferð þrátt fyrir það. Mjer er það óskiljanlegt, að hv. þm. skuli álíta þetta óforsvaranlegt. Það var alhægt að senda ekkert skip, lofa togurunum að fara óáreittum. En þá hefðum við ekki fengið 50 þús. kr. í landhelgisjóð og Vestmannaeyingar hefðu ekki beðið tjón á veiðarfærum sínum. En var það betra? Jeg tel það mjög óheppilegt að átelja stj. fyrir það, sem hefir hepnast jafnvel og þetta. Það getur ekki verið um auðugan garð að gresja, úr því svona atriði eru tekin fyrv. stj. til álösunar.

Háttv. þm. mintist þá á sakamálakostnaðinn hjá lögreglustjóra. Hann er að vísu töluvert hár, en það verður þó svo að vera, ef halda á uppi lögum og rjetti í landinu. Hvort hann er óhæfilega hár, þori jeg ekki að segja um, en jeg geri ráð fyrir, að ef svo er, þá reyni hv. þm. að sýna fram á það.

Jeg get tekið undir það með hv. þm., að ekki mundi hafa verið borgað svo mikið upp í aðgerðina á húsi Jóns heitins Magnússonar, ef hann hefði lifað. En eftir lát hans reyndist ekki mögulegt að sundurliða reikningana svo sem þurfti, og þetta var gert með samþykki þingsins. Ef Alþingi vill fá fjeð aftur, þá getur það að sjálfsögðu snúið sjer til ekkju hans og reynt að komast að samningum við hana um að skila einhverju af því aftur. Annars er jeg sannfærður um, að ekki hefir verið hægt að fá konungskomuna ódýrari heldur en með því fyrirkomulagi, sem haft var.

Þá þótti hv. þm. berklavarnareikningarnir vera ónákvæmir. Jeg fæ því varla trúað, því allur slíkur kostnaður er greiddur af ríkisfjehirði sjálfum. Eru reikningarnir geymdir í viðkomandi stjórnarráðsdeild. Hann mintist á taxta hjeraðslækna. Svo var ákveðið 1919, þegar launalögin voru samþ., að þeir skyldu haldast óbreyttir. Taxtarnir eru ákveðnir eftir miklu lægra verðlagi en nú er. Landlæknir hefir sagt, að ef endurskoðun færi fram nú, mundu þeir hækka mikið. En það var tilgangur Alþingis 1919 að hækka laun lækna, en ekki þeirra aukatekjur.

Um eftirgjöf á tekju- og eignarskatti í Gullbringu- og Kjósarsýslu get jeg ekkert sagt. Mjer er ókunnugt um það, en jeg geri ráð fyrir, þar sem upphæðin er svo há, að hún sje samsafn frá mörgum árum. Það hefir verið siður að bíða, nema því aðeins, að það hafi komið í ljós annaðhvort með lögtaki eða fjárnámi, að greiðsla væri ófáanleg. Jeg þekki til þess víðar, að upphæðin er samsafn frá nokkrum árum, af því að sýslumenn senda ekki skýrslu árlega, meðfram vegna þess, sem jeg nefndi, og vegna þess að ekki hefir verið tækifæri til að láta fjárnám fara fram, áður en þeir hafa sent sinn reikning. Svo er þetta látið dragast, í stað þess, að það hefði að rjettu lagi átt að strikast út. Oft verður einnig að bíða eftir skiftum á dánar- og þrotabúum.

Jóhann Jósefsson:* Jeg hefði gjarnan viljað bíða þangað til hv. þm. Ísaf. er kominn, svo að hann megi heyra mál mitt. Mjer þykir skylt að gera nokkra grein fyrir því, er Vestmannaeyingum var bætt upp veiðarfæratap það, er þeir urðu fyrir á vertíðinni 1926, þó að jeg hafi áður, við svokallaðar eldhúsdagsumræður hjer í deildinni, gert ítarlega grein fyrir þessu, þar sem það þá var af hæstv. dómsmrh. gert að nokkru árásarefni jafnvel á mig og kjósendur mína. Háttv. þm. Ísaf. vjek nú nokkuð að þessu og hv. frsm. fjhn.; og skal jeg strax taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., að jeg hafi sagt honum, að greiðsla fyrir þetta tap hafi átt sjer stað meðan þing sat. Hitt er satt, að jeg sagði honum, að tapið hefði orðið í aprílmánuði; getur verið, að hann hafi haldið, að greiðsla hafi átt sjer stað þá þegar, en svo var ekki.

Það hefir verið upplýst bæði af mjer og hv. 1. þm. Skagf., að þegar veiðarfærin töpuðust, var varðskipið „Þór" eign Vestmannaeyinga, en ekki ríkisstjórnarinnar. Það var gert út af Björgunarfjelagi Vestmannaeyja með fjárstyrk aðallega frá Vestmannaeyjakaupstað, en þó nokkrum styrk úr ríkissjóði. Annars er rjett til skýringar að minna á það, að síðustu árin, sem Björgunarfjelagið átti skipið og gerði það út, var farinn að koma svona hálfopinber blær á þessa starfsemi, þannig að þótt skipið væri eign Vestmannaeyinga og skipverjar launaðir af Björgunarfjelaginu, þá var það farið að standa í beinu skeytasambandi við ríkisstjórnina viðvíkjandi björgun og landhelgigæslu, jafnvel án milligöngu Björgunarfjelagsins, og algerlega að því er snerti landhelgigæsluna. Þetta þykir mjer rjett að taka fram, af því að það sýnir best, hvernig þetta var í apríl 1926, að skipið fór eftir eindregnum tilmælum annað en því var ætlað af eigendum þess. Jón Magnússon var þá dómsmrh., og hann lagði mjög eindregið að Björgunarfjelaginu að gefa samþykki sitt til þess, að skipið færi í eftirlitsferð austur með söndum laust eftir miðjan apríl. Það var kvartað svo ákaft undan ágangi togara, að hann þóttist ekki geta daufheyrst við, og við vildum gjarnan, að svo miklu leyti sem unt var, verða við tilmælum stj. Hinsvegar var þetta sá tími, er mestu skifti Vestmannaeyinga vegna veiðarfæragæslu, að skipið hyrfi alls ekki burtu af fiskiveiðasvæðinu. Tilmæli ráðherra komu til mín, af því að jeg var hjer staddur í Reykjavík, en þar fyrir utan varð jeg þess var, að ráðuneytið skifti hjer um bil daglega skeytum við skipstjóra á björgunarskipinu, sem „Þór" var þá. Svo kemur þetta fyrir, að fyrir þrábeiðni ríkisstjórnarinnar verður þetta úr, að skipið fer þessa för. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjef frá Björgunarfjelaginu um þetta efni til ríkisstjórnarinnar, sem er dagsett 10. nóv. 1926:

„Eins og ráðuneytinu er kunnugt, bar svo til í vetur er leið, að björgunar- og eftirlitsskipið „Þór", sem um það skeið var á vegum Björgunarfjelags Vestmannaeyja og hafði gæslu á netasvæðinu S.-V. af Eyjunum, fór $^{18}/_{4}$ fyrir endurtekin tilmæli ráðuneytisins austur með Söndum og kom 21. s. m. með 4 þýska togara, sem allir

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

voru dæmdir í fullar sektir fyrir veiðar innan landhelgi. En af burtveru skipsins af netasvæðinu leiddi það, að togarar gerðu usla mikinn í netunum, og urðu Eyjamenn fyrir stórkostlegu afla- og veiðarfæratjóni.

Burtför skipsins af netasvæðinu kom öllum á óvart; enginn hafði búist við því, að skipið mundi yfirgefa netasvæðið þessa daga, er mátti heita aðaluppskerutími netabátanna.

Björgunarfjelagið hafði ekki gefið skipun um þessa ferð; hitt var framkvæmdarstjórn fjelagsins ekki ókunnugt, að skeyti fóru á milli skipstjóra og ráðuneytisins um ferðina, og ljet hún það að mestu leyti hlutlaust, en var þó ekki mótfallin því, að ráðuneytið gæti notað skipið sem unt væri til að gæta landhelginnar.

Eyjamenn urðu mjög gramir yfir töpum sínum, og gekk það svo langt, að stjórn Björgunarfjelagsins fór þess á leit við forsætisráðherra, að landhelgisjóður bætti mönnum tap það, er orðið hafði, að minsta kosti að því er veiðarfærin sjálf snerti. Var vel tekið í það, bæði af honum og síðar af fjármálaráðherra, sem málið hefir síðar komið til.

Skipið mun hafa aflað landhelgisjóði í þessari för að minsta kosti 60 þús. króna (4 togarar. „St. Paulli". „Norburg", „Lapland", „Deeme", fullar sektir, og upptækur afli og veiðarfæri). Veiðarfæratapið er samkvæmt hjálagðri skýrslu og meðfylgjandi vottorðum um 25 þús. kr. Aflatapið var alveg stórkostlegt, en vjer teljum ekki fært, að sá skaði verði bættur. Aftur á móti sýnist eftir atvikum öll sanngirni mæla með því, að landhelgisjóður bæti hið beina tap á veiðarfærum, og væntir stjórn Björgunarfjelagsins, að ríkisstjórnin sjái sjer fært að gera það.

Skýrslan um töpin er tekin upp af skrifstofu fjelagsins eftir skriflegum yfirlýsingum formanna".

Skýrslunni um töpin fylgdi eiginhandar yfirlýsing bátaeigenda, sem í hlut áttu, og liggja þau skjöl vitanlega í stjórnarráðinu. Jeg fór fram á það í dag að fá þau lánuð, en gat ekki fengið þau að svo komnu; en afrit af þessu brjefi hafði jeg í plöggum mínum hjer, og af því að fundarhlje var, gat jeg nálgast það. Síðar en þessi skýrsla var gerð komu til staðar 4—5 bátar, sem ekki höfðu gefið skýrslu á rjettum tíma, og þeirra tapsskýrslur og reikningar voru send síðar; það er sú upphæð, sem hv. þm. Ísaf. mintist á, að hefði verið borguð seinna meir. Alls hefir landhelgisjóður greitt um 30 þús. kr. fyrir þessi töp. Og aðalgreiðslan fór fram, ekki á þeim tíma, er hv. þm. Ísaf. sagði, á meðan þing sat, heldur í nóvember sama ár.

Jeg hefi ennfremur í höndum nokkurn útdrátt úr dagbók skipsins frá þessari ferð, og sömuleiðis ýmsar upplýsingar frá skipstjóranum, vegna þess að það var nauðsynlegt fyrir fjelagið að rannsaka, hvernig á öllu hefði staðið.

Jeg get nú ómögulega sjeð, hvernig hv. þm. Ísaf. álítur það orka mikils tvímælis, hvort átt hefði að greiða þennan skaða. Mjer finst það svo augljóst mál, þar sem Björgunarfjelag Vestmannaeyinga skattlagði sjálft sig á þessu tímabili til þess að halda úti skipinu til veiðarfæragæslu. Svo lætur skipstjórinn til leiðast fyrir þrábeiðni ríkisstjórnarinnar að fara til þess að

reyna að hefta frámunalegan yfirgang togara, og tekst það svo vel, að hann aflar landhelgisjóðnum í þessari för — mjer er óhætt að segja 60 þús. kr. Háttv. frsm. sagði það hafa verið um 50 þús. kr.; en það er alveg augljóst, að það hefir hlotið að fara fram úr því, því að meðalsektir 4 togara gerðu þá og gera enn 50 þús. kr. ísl. En svo var upptækur gerður afli og veiðarfæri á öllum þessum skipum, og er það ekki ofmetið á 10 þús. kr. Annars hefi jeg ekki rannsakað ofan í kjölinn, hvað landhelgisjóður bar úr býtum. En mjer virðist það hafa verið á fullri sanngirni bygt að greiða hið beina tap á veiðarfærum. Það er og vitanlegt, að hjer er ekki um veiðarfæratjónið eitt að ræða, heldur aflatjón um leið, bæði þessa daga frá 21. —28. apríl, og ennfremur urðu margir bátar að liggja í lamasessi um tíma, hvað veiðarfæri snerti, og öfluðu því miklu minna á vertíðinni. En að þetta gat komið fyrir, að skipið hyrfi frá veiðarfæragæslu og til landhelgigæslu, það kemur af því ástandi, sem orðið var síðustu árin, að starfsemi Björgunarfjelagsins var farin að verða það viðurkend af ríkisstjórninni, að hún var farin að hlutast til um skipið með eigendum þess, með því að biðja það að fara þessa og þessa eftirlitsferð, þegar henni lá á.

Þegar það er vitað, að skipið fer þessa ferð án leyfis eigenda og að af ferðinni hlýtst svo mikið tjón, sem jeg hefi þegar lýst, þá hygg jeg það sje nægilega upplýst, að það hafi ekki verið annað en sanngirni og rjettlæti, að Vestmannaeyingum hafi verið bætt fyrir. Og þegar þess er ennfremur gætt, hvað þeir hafa lagt á sig til þess að halda uppi þessari gæslu, þá vil jeg spyrja hv. þm. Ísaf., hvort hann álíti það orka nokkurs tvímælis, að þennan skaða ætti að bæta af hálfu þeirra, sem stóðu fyrir því, að skipið fór förina. Jeg get ekki skilið, að hv. þm. álíti, að fiskimenn og bátaeigendur í Vestmannaeyjum hafi undir öllum kringumstæðum einir átt að bera þann skaða, sem þeim var gerður.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það var ekki ætlun mín eða nefndarinnar að hefja hjer nokkrar eldhúsdagsumræður, enda get jeg ekki talið, að orð mín fjellu þannig, að ástæða væri að ætla slíkt. Nefndin vildi aðeins benda á, að það skifti ekki alllitlu máli, hvernig meðferð stj. er á fjárlögunum.

Það hefir löngum verið sagt, að Alþingi sje eyðslusamt, og skal jeg ekki um þá umsögn fást; meðal annars hefir þetta verið fært sem ástæða fyrir því, að rjett væri að fækka þingum. En þeir, sem á móti hafa staðið fækkun þinga, hafa hinsvegar sagt, að óvíst væri, að fjárreiðurnar væru öllu betur komnar í höndum stjórnanna en í höndum þingsins. Og jeg hygg þessar athugasemdir mínar leiði nokkur rök að því.

Með því að þessir reikningar, sem hjer liggja fyrir, eru frá tíð fyrverandi stj., var það ekki nema eðlilegt, að hv. 1. þm. Skagf. yrði til þess að svara nokkru til þeirra aths., sem nefndin bar fram, og upplýsa það, sem um var spurt. Jeg ætla mjer ekki — eins og jeg tók fram í upphafi — að gera þessar umr. frá minni hálfu að neinum eldhúsdagsumræðum, og því mun jeg svara fáu einu þeim aths., sem fram hafa komið frá hv. 1. þm.

Skagf., enda vill svo til, að þessi atriði hafa verið gerð að umtalsefni af öðrum hv. þm.

Viðvíkjandi greiðslu til sendiherrans fyrir ráðunautsstarf sagði hv. þm., að sig minti, að það ráðunautsstarf hafi verið launað á tímabilinu frá því Sveinn Björnsson ljet af sendiherraembættinu og þar til hann tók við því aftur. Jeg skal ekki þræta um þetta, en leyfi mjer aðeins að benda á það, að þetta er ekkert spánnýtt, því að við reikningana 1925 gerðu endurskoðendur samskonar aths., og þá var þessi greiðsla ekki 1500 kr., heldur 3000 kr. Þetta má sjá í 16. aths. endurskoðenda frá 1925. Það má vera, að sú aths. hafi orðið til þess, að greiðsla var lækkuð um helming.

Það stendur óbreytt, sem jeg sagði áðan, að þar sem um mann er að ræða, sem hefir full laun frá ríkinu, sje jeg ekki, að ástæða sje til að greiða honum sjerstaklega fyrir aukastörf, sem unnin eru í þágu ríkisins og náskyld embætti hans. Það hefði verið sýnu nær að bjóða honum að leggja niður embættið, ef hann hefði ekki viljað vinna það, sem fyrir hann var lagt.

Um þær 2500 kr., sem varið hefir verið til húsabóta á Horni í Skorradal, ætla jeg ekki að tala frekar en orðið er.

Viðvíkjandi greiðslu til sendiherra til húsakaupa sagði hv. þm., að það hefði verið borið undir þingið. Jeg skal ekkert um það segja, en jeg vil benda hv. þm. á, að ef það hefði verið borið undir þingið, mundi það hafa komið fram á sjerstökum lið í fjárl., en ekki verið tekið undir þennan lið, óviss útgjöld. Að það hafi verið borið undir þingið í einhverri annari merkingu, hefir enga þýðingu í þessu sambandi.

Um greiðslu til kostnaðar við landsfund kvenna á Akureyri árið 1926 sagði hv. þm., að sig minti, að það hefði verið borið undir þingið. Já, það var gert á þann hátt, sem jeg hefi áður sagt, að tvisvar sinnum komu fram ákveðnar tillögur um að veita fjeð, og tvisvar sinnum var það felt. Þó það væri borið fram 1926 við fjárlögin fyrir 1927 til útgjalda á sama ári, þá var það svo orðað í tillögunni, að fjeð væri veitt til kostnaðar við landsfund kvenna árið 1926.

Um liðina, sem endurskoðendur vildu vísa til sjerstakra aðgerða Alþingis, fór hv. þm. nokkrum orðum, en mjer var ekki ljóst, hvort hann beindi þeim orðum til nefndarinnar eða endurskoðenda. Nefndin ber að engu leyti fram frekari kröfur en endurskoðendur höfðu gert. Þvert á móti gat hún ekki fallist á, að ástæða væri til sjerstakra aðgerða Alþingis, eins og endurskoðendur höfðu lagt til. Þar sem þessi atriði hafa verið rædd allmikið af öðrum hv. dm., skal jeg ekki eyða tímanum í að fara frekar út í þau.

Hv. 1. þm. Reykv. bar fram þá fyrirspurn til nefndarinnar, hvort hún hefði haft með höndum fullgerða reikninga ríkisverslunarinnar eins og þeir voru í árslok 1927. Þessu þarf jeg ekki að svara, því að hæstv. fjmrh. hefir þegar gert það og sagt, að svo hefði ekki verið. Jeg get vísað til þess, sem jeg hefi sagt áður, að það, sem endurskoðendur byggja á nú, er sama skýrslan, sem lá fyrir þegar þál. var samþykt á þinginu í fyrra. Hæstv.

fjmrh. hefir svarað þessu að öðru leyti, svo að jeg þarf ekki frekar um það að ræða. Mjer skilst, að hæstv. fjmrh. hafi í sínum aðgerðum út af þál. verið í samráði við fyrverandi stjórn, og veit jeg ekki, hvort hv. þm. (MJ) hefir nokkuð að átelja um þetta. Það er ekkert um sagt í þál. í fyrra, að það eigi að innheimta útistandandi skuldir landsverslunarinnar gömlu tafarlaust, enda mundi það vera jafnóhyggilegt fyrir ríkið og aðra skuldheimtumenn. Með því að gefa gjaldfrest er meiri von um greiðslu.

Hv. þm. Vestm. upplýsti, að sektir til landhelgisjóðs fyrir þessa 4 togara hefðu ekki verið 50 þús. kr., eins og jeg sagði, heldur nær 60 þús. kr. Um þetta skal jeg ekki deila. Jeg hafði fyrir mjer það, sem fram var komið í umræðunum áður. Jeg hygg, að hv. þm. muni, að 50 þúsund krónur voru nefndar hjer í deildinni við umr. á eldhúsdegi, og engar aths. við það gerðar þá, en í svörum hæstv. stj. við athugasemdum endurskoðendanna er upphæðin ekki nefnd, heldur er aðeins sagt, að hún muni nema meiru en tvöföldum skaðabótunum til Vestmannaeyja.

Haraldur Guðmundsson: Það er í sjálfu sjer óþarfi fyrir hv. þm. Vestm., og jafnvel hv. 1. þm. Skagf. líka, að vera enn einu sinni að segja söguna um herför „Þórs" á hendur togurunum austurfrá. Jeg var að þessu sinni ekki að finna að því, þó að Vestmannaeyingum væru greiddar einhverjar bætur fyrir veiðarfæratöp. Það atriði leiddi jeg hjá mjer. En jeg vítti stjórnina fyrir að hafa gert þetta í heimildarleysi. Jeg mundi ekki betur, þegar jeg talaði áðan, en að greiðslan hefði farið fram í apríl 1926. En jeg hugsa, að það sje rjett, sem hv. þm. segir, að hún hafi farið fram í nóvember. En það bætir ekkert fyrir fyrverandi stjórn. Hver sem þörf Vestmannaeyinga hefir verið, er það tvímælalaus skylda stjórnarinnar að leita til Alþingis 1927, til að fá samþykki þess til að greiða fjeð. Þó að fjenu kunni að hafa verið vel varið, hefir engin stjórn leyfi til þess að greiða tugi þúsunda heimildarlaust. Það mætti hv. 1. þm. Skagf., og jafnvel hv. þm. Vestm. líka, vita fullvel.

Jeg vil spyrja hv. þm. Vestm., sem er mjög svo spurull í minn garð, hvaða sannanir hann hefir fram að færa fyrir því, að netin hefðu ekki tapast, þó að Þór hefði ekki farið austur. Það má auðvitað leiða líkur að því, að netin hafi tapast af því að Þór var eigi á verði, en hv. þm. getur aldrei sannað neitt í því máli.

En hvað sem um það er, hvort sem Vestmannaeyingum hafa borið bæturnar með rjettu eða ekki, þá er það víst, að stjórnin hefir greitt skaðabæturnar í algerðu heimildarleysi. Það má í þessu sambandi minna á, að Þór hefir alls ekki hvílt eingöngu á Vestmannaeyjum. Ríkissjóður hefir lagt til hans drjúgan skerf. 1926 var hann styrktur með 40 þús. kr. úr ríkissjóði. Yfirleitt fæ jeg ekki annað sjeð en að ríkissjóður hafi mjög drengilega hlaupið undir bagga með Vestmannaeyingum með að verja veiðarfæri þeirra fyrir yfirgangi togaranna. Jeg verð að endurtaka það, að það kemur í sjálfu sjer málinu lítið við, í hverjum erindum Þór fór austur eða hvaða tjón Vestmannaeyingar kunna að

hafa beðið. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort stjórnin hafði heimild til þess að láta fjeð af hendi eða ekki. Að stjórnin hefir ekki einu sinni kært sig um slíka heimild, heldur kosið að dylja gerðir sínar fyrir þinginu, sjest af því, að hún skýrði ekki þinginu 1927 frá þessu.

Hv. þm. Vestm. hefir upplýst, að þær 5 þús. kr., sem greiddar voru 1927, væru fyrir tjón á veiðarfærum á þeim sama tíma, og það er eflaust rjett, og þá sama um þær að segja. Jeg heyrði ekki alla ræðu hæstv. fjmrh., en jeg held ekki, að hann hafi drepið neitt á það, sem jeg inti eftir um eftirgjöf á tekju- og eignarskatti í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg vildi mega vænta þess, að jeg fengi um það fyllri upplýsingar fyrir 3. umr. Í sambandi við eftirgjöfina vil jeg geta þess, að hv. 2. þm. Reykv. inti fyrverandi forsætisráðh. (JÞ) eftir því 1927, hvernig ástatt væri um eftirstöðvarnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu þá, og svaraði ráðh., að mestur hluti þeirra mundi fást. Þessi spásaga þáv. ráðh. hefir sýnilega ekki rætst, því að nú eru strikaðar út 87 þús. kr

Hv. 1. þm. Skagf. sagði út af ummælum mínum um berklavarnakostnaðinn, að það væri ekki rjett, að reikningshald hans væri ekki í lagi, því að hann væri greiddur út eftir frumreikningunum. Það er sjálfsagt rjett. Jeg var ekki að finna að því, að ekki væru til frumfylgiskjöl, heldur að hinu, að það sjest ekki, fyrir hvað greitt er. Reikningurinn er ósundurliðaður, svo að ekki er hægt að sjá hversu mikið er greitt fyrir læknishjálp, hversu mikið fyrir meðul, hvað margir legudagar eru á ári og svo framvegis. Reikningurinn gefur ekki þær upplýsingar, sem eiga að fást. Það á vitanlega að semja gagngerða sundurliðun berklavarnakostnaðarins. Það er kunnugt, að aukatekjur hjeraðslækna fyrir störf í þágu berklavarna eru allmikill hluti af þeirri ½ miljón, sem greidd er til berklavarna. Jeg get sagt það um tvo hjeraðslækna, að annar hefir haft yfir 6 þús. kr. og hinn yfir 10 þús. kr. fyrir læknishjálp handa berklasjúklingum. Mjer hefir aldrei dottið í hug að segja, að fjeð væri greitt án þess að reikningar væru til. —

Mjer þóttu einkennileg ummæli hv. þm. um orð mín viðvíkjandi viðgerð á húsi Jóns heitins Magnússonar. Hv. þm. sagði, að hann teldi víst, að þetta hefði ekki verið borgað, ef Jón Magnússon hefði lifað. Jeg býst við, að það sje rjett. En mig furðar á því, ef hv. þm. sjer ekki, að með þessum ummælum viðurkennir hann, að hjer hafi verið ofgoldið, því að Jón Magnússon hefði eflaust látið greiða sjer það, sem rjett var. Sökin er því tvöföld, þegar hv. þm. viðurkennir, að greiðslan hafi verið óþörf. Hv. þm. sagði, að hann gæti ekki sjeð, að konungsmóttakan hefði orðið ódýrari á annan hátt. Jeg vil snúa þeim ummælum við og segja, að jeg sje ekki, að hún hefði getað orðið dýrari á annan hátt. Um helmingurinn af kostnaðinum við hana fer til að dubba upp hús Jóns heit. Magnússonar, 20—30 þús. kr., en sama sumar er gert við ráðherrabústað ríkisins fyrir 35 þús. kr. Hefði ekki mátt flýta þeirri viðgerð ca. 2 mán. og láta konung búa þar? Ennfremur

voru greiddar fyrir dúka og þvíumlíkt til móttökunnar á Ísafirði 1700 kr., en þangað kom konungurinn aldrei. Á Akureyri og Seyðisfirði mun kostnaðurinn hafa orðið samtals 10—12 þús. kr. En þeir reikningar hafa ekki verið finnanlegir til þessa. Það er ekki ofmælt, að alveg óforsvaranlega hafi verið bruðlað með fje við konungskomuna.

Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. Skagf., að það var rangsagt hjá mjer, að reikningar landhelgisjóðs hefðu *aldrei* verið gerðir. Þeir eru til fyrir árin 1924 og 1925 í Stjórnartíðindunum. En á þeim tíma voru greiðslur landhelgisjóðs engar. Síðan sú regla var tekin upp, að landhelgigæsla er í einu lagi færð yfir á landhelgisjóð, eiga að koma í reikningum landhelgisjóðs sundurliðaðir allir reikningar landhelgigæslunnar. Þetta er sjóður, sem á á 2. miljón, gerir út tvö skip og greiðir fyrir mannahald, kol og annan rekstrarkostnað mörg hundruð þúsunda. Háttv. þm. vildi halda því fram, að það væri óumflýjanlegt fyrir landhelgisjóð að hafa risnufje til þess t. d. að taka á móti flokksbróður mínum, hermálaráðherranum danska, o. fl. Það má lengi um það deila, hve mikið menn eigi að halda sjer til, en jeg verð að átelja það, að fært sje á landhelgisjóð það, sem ekki viðkemur sjálfri landhelgigæslunni. Ef þetta risnufje er nauðsynlegt — en um það skal jeg ekkert segja —, þá á að sjálfsögðu að færa það undir sjerstakan lið í landsreikningunum, ef ekki þykir hrökkva risnufje forsrh. Jeg hygg, að það sje rjett, að meginástæðan til þess, að reikningar landhelgisjóðs eru ekki hafðir eins opnir fyrir almenningi og reikningar ríkissjóðs, sje sú, að stjórnin hafi ekki kært sig um, að þeir kæmu fyrir almenningssjónir.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um aukavinnu starfsmanna ríkisins. Mjer skildist hann telja það alveg eðlilegt, að menn, sem ynnu aðalstörf sín við stofnanir ríkisins, hefðu aukavinnu við þær sömu stofnanir. Jeg verð að segja, að mjer finst mjög óviðfeldið, að til dæmis skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu fái aukaþóknun fyrir eftirlit og reikningshald sjóða, sem undir stjórnarráðið heyra, og allskonar endurskoðanir við stofnanir ríkisins. Einn fulltrúi í stjórnarráðinu hefir haft eins miklar tekjur fyrir setudómarastörf eitt ár og embættistekjur hans voru. Það fer ekki lítill tími í hans aukastörf, en það er ekki dregið af launum fyrir það. Jeg álít, að ekki sje hægt að fá óheppilegri niðurröðun starfs en þetta. Jeg átaldi ekki aukavinnu kennara. En ef 5 stunda vinna er álitin nægileg fyrir þá, dregur það úr starfskröftum þeirra að þurfa að vinna marga tíma fram yfir það.

Þá sagði hv. þm. nokkuð, sem mig stórfurðaði á. Hann hjelt því fram, að með því að samþykkja fjárlögin hjeðan væri lagt samþykki á það, að kongsmatan væri greidd í dönskum krónum. Hann spurði mig, af hverju jeg hefði ekki flutt brtt. um þetta efni. Þetta er furðuleg spurning. Við viljum, að hans hátign sjeu greiddar 60 þús. íslenskar kr., eins og í fjárlögunum stendur, og sjáum því enga ástæðu til að flytja brtt. við það. Það er hv. 1. þm. Skagf., sem á að flytja brtt. um þetta efni, ef hann ætlast til, að kongsmatan skuli greidd í dönsk-

um krónum. En það er ekki nóg, því að fjárlögin breyta ekki gildandi lögum, en í lögunum frá 1919 er ákveðið, að kongsmatan skuli vera 60 þús. íslenskar krónur. Matan hefir í algerðu heimildarleysi verið greidd í dönskum krónum, þó að segja megi, að Alþingi hafi lagt samþykki sitt á það eftir á, með því að samþykkja landsreikningana, en afsökun Alþingis er sú, að gengismunurinn er ekki tilfærður sjerstaklega, heldur vandlega falinn í einum lið óvissra útgjalda.

Hvað snertir stúdentastyrkinn játaði hann, að um það hefði verið talað við fjvn. þingsins, hvort greiða mætti hann í dönskum krónum. Það sýnir, að hann viðurkennir, að ekki hafi verið ætlast til þess og að ekki sje ætlast til þess, að þessi upphæð fremur en aðrar upphæðir fjárlaganna skuli greidd í dönskum krónum, heldur auðvitað íslenskum. Annars var óþarfi að leita samþykkis fjvn.

Ef hv. þm. (MG) ætlast til þess, að einstakar upphæðir sjeu greiddar í dönskum krónum, en ekki íslenskum, sje jeg ekki, að hann geti komist hjá því að bera fram brtt. í þá átt.

Magnús Jónsson: Jeg fjekk heldur lítil svör við þeim spurningum, sem jeg bar fram áðan til hæstv. fjmrh. Jeg verð að segja, að jeg var hissa á þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. þuldi yfir hausamótunum á okkur áðan. Mjer er næst að halda, að hann hafi fundið einhverja reykjarstybbu framan úr eldhúsi og því komist í það eldhússkap, sem hann komst, þegar hann fór að verja stjórn sína á landsverslun-inni og tala um, hversu lítil töp hefðu orðið á henni.

Jeg var hissa á þessu, því að jeg mintist ekki einu orði á landsverslunina og rekstur hennar eða töp, heldur var jeg aðeins að biðja um nýrri skýrslu um hag landsverslananna en þær, sem LR. ber með sjer. Jeg ætlast alls ekki til, að skuldir landsverslunar verði innheimtar í hasti, og mintist yfirleitt ekkert á þetta, heldur fór jeg fram á vitneskju um, hvað þessu liði. Með þál. frá í fyrra var heldur ekki til þess ætlast, og vil jeg leyfa mjer að lesa hjer, með leyfi hæstv. forseta, 3. lið hennar, sem um þetta ræðir. Hann hljóðar svo:

„Að gerð sje gangskör að því að semja um og kalla inn útistandandi skuldir steinolíuverslunarinnar, og að framvegis verði gætt varúðar um útlán".

Jeg er hæstv. ráðh. alveg sammála um flest af því, sem hann sagði um þetta yfirleitt, en jeg veit ekki vel, hvað hann átti við með því tapi, sem hann var að tala um, að hefði jetið upp varasjóð landsverslunar. Það var settur á tollur til að bæta þetta upp og það var ákveðið, að hann skyldi falla niður, þegar landsverslun hefði fengið sitt uppborið.

Jeg sje ekki annað en að við getum sparað okkur að deila um þetta. Tilgangur minn var auðvitað aðeins sá, að fá að vita, hvernig innheimtan hefir gengið. Að jeg hafi verið að deila á hæstv. ráðh. eða stj. hans á landsverslun með þessu, er alveg fjarstætt. Jeg man heldur ekki betur en að jeg hafi einu sinni undirskrifað þingskjal, þar sem farið var mjög lofsamlegum ummælum um stjórn hans á landsverslun. Jeg fyrir mitt leyti skal ekki fara lengra út í þetta, en aðeins endurtek

þá ósk, að fá upplýsingar um skuldir landsverslananna í árslok 1927. Jeg legg ekki áherslu á, að þær komi fram nú; það getur staðið svo á, að hæstv. ráðh. eigi óþægilegt með að gefa þær að svo stöddu. En jeg teldi æskilegt, að þessar tölur lægju fyrir við 3. umr., og mun jeg þá endurtaka þessar óskir mínar um upplýsingar í þessu efni.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. þarf jeg ekki miklu að svara. En jeg vil benda á, að þessar umræddu greiðslur til Sveins Björnssonar fyrir árið 1925 og að nokkru leyti 1926 voru einkum vegna ullarmálsins sænska, sem hv. þdm. kannast við. Það er þessi mikla krafa frá Svíum, sem ekki mun útkljáð enn.

Um aukagreiðsluna til dýralæknisins í Reykjavík er það að segja, að hann taldi sjer ekki skylt að inna af hendi aukastörf án sjerstakrar greiðslu. Borgun þessi hefir verið int af hendi í mörg ár og ekki verið kvartað yfir henni fyr en í fyrra, en þá var þessi greiðsla int af hendi, því að hún er fyrir árið 1926. Jeg man með vissu, að bæturnar til Sveins Björnssonar vegna húsakaupa hans voru samþ. af þinginu. Með hvaða formi, man jeg ekki, en jeg hygg, að það hafi verið borið undir fjvn. og standi í 23. gr. fjárl. 1926 eða 1927. Jeg vildi með þessu gefa upplýsingar um þessi atriði, sem óskað hefir verið skýringar á.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að það hefði verið óþarfi fyrir okkur, hv. þm. Vestm. og mig, að svara nokkru til um greiðsluna til Vestmannaeyinga. Er þá óþarfi að gefa upplýsingar um það, sem átalið er og talið vítavert, þegar hægt er að sýna fram á, að ekkert var athugavert við það? Það var ekki aðeins, að það væri alveg forsvaranlegt, heldur alveg sjálfsagt. Menn ættu þó að minsta kosti að hafa rjett til að bera hönd fyrir höfuð sjer, þegar á þá er ráðist, ekki síst þegar það er gert að ósekju.

Það var samningur um að greiða Vestmannaeyingum þann halla, sem þeir yrðu fyrir af þessari för Þórs, og var það ekki nema eðlilegt, þegar ríkið átti að hafa tekjurnar, og það var ekki síður ástæða til þess, þegar tekjur ríkissjóðs af förinni urðu 60 þús. kr. Að tala um það, að stj. hafi ekki haft heimild til þessa, er bara barnaskapur, — því að til hvers er þá stj., ef hún á ekki að geta framkvæmt annað eins og þetta?

Viðvíkjandi berklavarnakostnaðinum skal jeg upplýsa það, að jeg ljet gefa út sjerstök eyðublöð undir reikninga bæði lækna og sjúkrahúsa. **(HG:** En þau hafa ekki verið notuð). Jú, þau hafa oftast verið notuð og oftast ekki greiddir reikningar nema því aðeins. En hitt er rjett, að stj. hafði linast á að heimta, að reikningarnir frá læknunum væru sundurliðaðir, vegna þess að það hefir sýnt sig, þegar þeir hafa verið endursendir og sundurliðun heimtuð, að þeir hafa verið hærri, þegar þeir hafa komið aftur, enda þótt læknar hafi haldið sig við þann taxta, sem þeim hefir verið settur.

Þessi kostnaður er vitanlega mjög mikill, og væri mikilsvert, ef hægt væri að draga úr honum, til dæmis með því að fá embættislæknana til að inna þetta af hendi fyrir lægra gjald. Til þess mætti vitanlega skuldbinda þá með lögum. — Þá var það

viðgerðin á húsi Jóns heitins Magnússonar. Frá því máli hefi jeg skýrt alveg rjett og bent á, að ef hann hefði lifað, hefði útkoman orðið alt önnur. Jeg skil nú ekki í, að hv. þm. geti undrast, að erfitt sje að gera þessa reikninga upp eftir á, þegar sá maður, sem mestu rjeði um þetta, er dáinn. Annars liggur þetta nú, ásamt öðru, fyrir þinginu, og geta hv. þdm., ef þeim sýnist svo, borið fram brtt. um að láta endurgreiða þetta, ef þeir vilja og telja sanngjarnt.

Eins og á stóð, gat enginn vitað fyrir, að forsætisráðherraskifti yrðu svo fljótt sem raun varð á, og að þess vegna þyrfti að taka ráðherrabústaðinn til afnota svo fljótt.

Þá var hv. þm. að tala um dúka, sem sendir hefðu verið til Ísafjarðar. Jeg veit ekki betur en að þeir hafi verið seldir og verð þeirra dregið frá kostnaðinum yfirleitt.

Það var gott, að hv. þm. uppgötvaði, að reikningar landhelgisjóðs hefðu þó verið gerðir, en mig undrar, ef hann heldur, að hægt sje að hylja greiðslur úr landhelgisjóði, þar sem reikningar hans eru lagðir fyrir endurskoðendur árlega. Slíkt er einber barnaskapur, að láta sjer detta slíkt í hug. Þó að það geti verið álitamál, þá get jeg ekki sjeð, hvaða sjóði stæði nær en landhelgisjóði að bera kostnað, sem stofnað er til vegna þess manns, sem hefir yfirumsjón með strandvörnum Dana hjer við land.

Þá þótti hv. þm. hart, að skrifstofustjórum í stjórnarráðinu væri borgað fyrir að hafa á hendi fjárhald opinberra sjóða. Þessir sjóðir, sem hjer er um að ræða, eru nokkuð stórir, t. d. kirkjujarðasjóðurinn og fiskiveiðasjóðurinn, annar um 600 þús. kr. og hinn nálægt 1 milj. kr., og fylgir því eigi lítil ábyrgð að hafa stjórn þeirra á hendi. Jeg veit líka til, að tap hefir átt sjer stað hjá einum þessara sjóða, sem vafalaust stafaði af mistalningu eða einhverri slíkri vangá, og varð reikningshaldari að bæta það úr eigin vasa. Auk þess veit jeg, að það er ómögulegt að koma þessu fyrir á ódýrari hátt en þennan.

Að því er setudómarastörfin snertir, get jeg ekki sjeð, að neitt sje verra að greiða fyrir þau starfsmönnum stjórnarráðsins, þegar þeir vinna að þeim utan skrifstofutíma. Laun þessara manna, sem eru um 2000 kr. á ári með dýrtíðaruppbót, eru svo lág, að það er ómögulegt að fá dugandi lögfræðinga til að gegna þessum störfum, nema þeir eigi von á einhverju öðru meiru.

Um tímakaup kennara er það að segja, að það var farið fram á það á þingi að fjölga skyldutímum þeirra, en það var felt, og jeg býst við, að það hafi meðfram verið af því, að það hafi verið talið ósanngjarnt að leyfa þessum mönnum ekki að afla sjer aukatekna til uppbótar á hin lágu laun þeirra.

Loks að því er snertir borðfje konungs fanst hv. þm., að jeg ætti að koma með brtt., en ekki hann. Það er nú svo, að jeg læt það alveg laust og óbundið, hvort hæstv. stj. vill greiða þetta eins og áður hefir verið gert, en ef hv. þm. vill tryggja sjer, að það verði ekki gert, ætti hann að koma með till. um það. Jeg er líka alveg viss um, að ekki verður breytt til um þetta án þess að bein fyrirmæli komi um það frá þinginu. Jeg held líka, að

hægt væri að breyta með fjárl. lögunum um konungsmötu, til dæmis að kveða svo á, að þessi upphæð skyldi greiðast með dýrtíðaruppbót eða gengisviðauka. Jeg tel að minsta kosti líklegt, að stj. fari ekki að breyta til í þessu efni, nema fram komi bein skipun þingsins um þetta; annars svarar stj. því auðvitað sjálf. Fyrir síðastl. ár var þetta greitt, eins og vant er, samkv. þeirri samþykt, sem gerð var á landsreikningnum í fyrra, og á þá samþykt má líta sem ákvörðun þingsins um þetta. Jeg held því, að ef hv. þm. vill fá þessu breytt, ætti hann að flytja till. um það.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Mjer þótti það næsta furðulegt, að hv. 1. þm. Reykv. fann sig móðgaðan af því, að jeg talaði nokkur orð alment um starfsemi landsverslunar fyrr og nú. Þetta voru aths. almenns efnis, sem áttu beint við málið, sem fyrir lá. — Ef á að skoða þetta sem beina fyrirspurn til mín, þessar aths., sem hann kveðst hafa komið fram með, þá get jeg ekki svarað henni að svo stöddu. Hv. fjhn. hefir ekki heldur enn fengið skýrslu um þetta, og stafar það af því, að enn eru ekki komnir reikningar bæði frá útlöndum og hingað og þangað að innanlands. Það er enda mjög óvanalegt með stærri fyrirtæki, að hægt sje að lúka reikningsskilum þeirra fyrir liðið ár fyr en eftir lok fyrsta ársfjórðungs. Jeg skal hinsvegar lofa hv. 1. þm. Reykv. því, ef það mætti verða honum til hugarhægðar, að þessir reikningar skuli lagðir fram svo fljótt, sem verða má, og jeg vona, að þeir verði þá svo úr garði gerðir, að hv. nefnd þurfi ekki að leggja mikla vinnu í þá. Jeg get þó ekki lofað, að þeir verði komnir við næstu umr. um landsreikninginn. — Annars var ræða hv. þm. lítið efni til ágreinings okkar í milli. Hann sagðist yfirleitt vera mjer sammála um flest, og vona jeg, að svo verði einnig framvegis.

Þessi hv. þm. gat þess, að sjer væri ekki kunnugt, að verslunin hefði þurft að greiða kolatap af sjóði sínum. Það kann vel að vera, að honum sje ókunnugt um það, en mjer er það mjög vel kunnugt. — Þegar vopnahljeð var samið 1918, lágu hjer mjög miklar kolabirgðir, sem þá fjellu geysilega í verði, eða alt úr 300 í 100 kr. tonnið. Eins og geta má nærri, varð af þessu mikill halli, og var þá ákveðið að leggja toll á kol til bráðabirgða, til þess að ná tapinu upp að einhverju leyti, og þetta kannast hv. þm. við. En síðan kom kolaverkfallið mikla í Englandi, og urðu afleiðingar þess nokkuð líkar. Þá lágu fyrir feikna birgðir af kolum, og þegar sjáanlegt þótti, að kolaverkfall væri í aðsigi, var eftir fyrirskipun stj. gert alt til þess að birgja landið upp með kol, til þess að sjávarútvegurinn þyrfti ekki að stöðvast. Steig þá verð á kolum upp úr öllu valdi, og þau varð að sækja bæði til Belgíu og Þýskalands. Þegar verkfallinu lauk, lækkaði verðið aftur, og voru þá til afarmiklar birgðir af kolum, og leiddi af þessu stórtjón fyrir verslunina.

Þarf jeg svo ekki að orðlengja um þetta frekar, því að jeg vænti þess, að reikningarnir verði komnir svo snemma, að Alþingi geti kynt sjer þá.

Viðvíkjandi þeirri áskorun, er hv. þm. Ísaf. beindi til mín, hvort jeg vildi

upplýsa um eftirgjöf á tekjuskatti 1926, vil jeg geta þess, að jeg vil ekki skorast undan því, en hinsvegar hefði jeg haldið, að hv. þm. hefði haft svo gott tækifæri til þess að kynna sjer gjöld ríkisins, að hann ætti að geta aflað sjer þessara upplýsinga sjálfur. Annars getur vel verið, ef jeg hefi tíma til þess, að jeg hjálpi honum til þess að afla sjer þeirra upplýsinga.

Jeg geri ráð fyrir því, eins og svarið við aths. við þennan lið ber með sjer, þá megi ekki búast við því, að mikið sje hægt upp úr því að hafa, þótt lagður væri fram nafnalisti yfir þá menn, sem ekki hafa getað greitt þennan skatt. Segir svo í svari við aths., að þegar búið sje að reyna lögtak, sje ekki um annað að gera en að útfæra þetta sem ófáanleg gjöld.

Það er viðurkend regla, þegar skattgreiðandi er öreigi, þá er í flestum tilfellum viðhöfð sú aðferð að telja skuldir hans ófáanlegar. Það getur verið, að þessi gjöld kunni að fást síðar, ef þau eru geymd nógu lengi og efnahagur skattgreiðanda hefir tekið þeim breytingum, en jeg tel það mjög hæpið og ekki mikið leggjandi upp úr því. Jeg sje því ekkert við það að athuga, þótt þau gjöld, sem reynt hefir verið að ná inn með lögtaki, sjeu útfærð sem ófáanleg og strikuð út úr reikningnum.

Þá er annað atriðið, og það er þessi rekistefna út af konungsmötunni. Í mínum augum er það álitamál, hvort hún sje fyllilega rjettmæt. Jeg sje ekkert eðlilegra en að starfsmenn ríkisins taki sín laun í gjaldeyri þess lands, er þeir lifa og starfa í. Tel jeg að gildi alveg hið sama um þetta atriði og um laun sendiherra í Kaupmannahöfn. Jeg vil taka þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning, svo að annars verði ekki vænst af mjer í máli þessu. Geta þá þeir menn, er sjerstakan áhuga hafa á þessu máli, gert þær ráðstafanir, er þeim þykja nauðsynlegar.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, enda hjelt jeg, að menn hefðu haft tækifæri til þess að seðja ádeilufýsn sína og aðfinslusýki nægilega áður, og vænti þess, að nú muni ganga greiðlega að afgr. þetta mál og önnur.

Jóhann Jósefsson:* Hv. þm. Ísaf. reyndi enn að vjefengja rjettmæti þess, að Vestmannaeyingum hafi verið greiddar bætur fyrir þessi veiðarfæraspjöll og fanst óþarfi fyrir mig að rifja upp það mál. Jeg sje ekkert á móti því, þar sem slíkur maður og hv. þm. Ísaf. vjefengir rjettmæti þeirrar kröfu og heimild stj. til þess að inna hana af hendi.

Þá beindi hv. þm. þeirri spurningu til mín, hvaða sannanir væru fyrir hendi um, að veiðarfæraspjöll þessi hefðu orðið af völdum togaranna í fjarveru „Þórs". Jeg skal nú með fáum orðum upplýsa hv. deild um þetta mál.

Um nokkurra ára skeið hafa eyjarskeggjar lagt undir sig hafið kringum eyjarnar og stundað þar veiðar á bátum sínum utan landhelgi, með hjálp gæsluskipsins „Þórs". Nú er það kunnugt, að í apríl 1926 — frá 19. til 21. apríl — urðu tugir báta alt í einu

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

fyrir svo stórfeldu tjóni á tveim nóttum, að slíks eru ekki dæmi. Það er ennfremur vitað, að kringum þetta netasvæði sveimar mikill fjöldi togara á vertíðinni, svo að erfitt er að halda þeim frá netasvæðinu, enda þótt gæsluskipið sje altaf við. Loks er það sannað af skýrslum, að á þessum sama tíma fór „Þór" frá gæslu og tók 4 togara meðfram söndum, við Portland og Hjörleifshöfða, sem voru þar að veiðum í landhelgi. Getur hv. þm. látið sjer koma það til hugar, að nokkur sjómaður geri sjer það að leik að koma afla- og veiðarfæralaus í land, þegar mest aflast? Nú þegar tekið er tillit til þessa, sem nú er um getið, svo og þess, að hver formaður hefir gefið skýrslu eftir bestu vitund um tjón sitt, sem hv. þm. getur kynt sjer, þegar hann er að gagnrýna reikninga landhelgisjóðs, þá held jeg, að hjer sje um svo miklar líkur að ræða, að þær megi sannanir kallast. Að lokum vil jeg svo beina einni spurningu til hv. þm., ef tekið er tillit til alls þessa, sem jeg hefi fært fram, og honum þykja skýrslur sjómanna ónógar: Hvaða vitni ætlast hann þá til, að leiddi verði til þess að upplýsa málið?

Hannes Jónsson:* Jeg verð að segja, að mjer þótti miður, er hæstv. fjmrh. taldi sjer ekki fært að láta kostnað utanríkismálanna koma á rjettan lið í landsreikningnum. Því að þótt þessi liður standi nú á gengisreikningnum, þá virðist mjer mjög auðvelt að færa hann og setja hann á rjettan stað eins og aðra liði. Þótt gengishækkunin sje ekki tekin upp í fjárl., finst mjer sjálfsagt að færa þann lið á landsreikninginn og láta hann koma sjerstaklega fram til aukafjárveitinga, þegar leitað er samþykkis Alþingis á þeim, en ekki sem óviss gjöld. Það er harla óviðkunnanlegt, þegar að því er gætt, hve mikið ríkið leggur fram í þessu skyni, þá sje ekki hægt að komast að rjettri niðurstöðu um það. Þessir liðir hafa altaf verið villandi frá því að þeir komu inn í landsreikningana 1920, eða frá því laun sendiherra fyrst komu til greina. Jeg býst við því, að til þessa tíma sje gengismunurinn þegar orðinn á annað hundrað þús. kr., og verð jeg að telja það alveg óviðunandi. Þykir mjer mjög leitt, ef stj. sjer sjer ekki fært að bæta úr þessari villu, því að það er mjög leitt, ef slík fjárhæð verður framvegis færð annarsstaðar en hún á að vera.

Það er ýmislegt fleira, er jeg vildi sagt hafa í þessu sambandi, en vil þó ekki bæta miklu við hinar löngu umræður. Get jeg því látið hjer staðar numið, en vil óska þess alvarlega, að stj. geri landsreikningana svo vel úr garði framvegis, að þessir liðir verði svo skýrt færðir, að það sje ekki falið fyrir þingi og þjóð, hve mikinn kostnað þessi störf hafa í för með sjer fyrir landið.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Vestm. lagði fyrir mig þá spurningu, hvaða vitni jeg vildi leiða, ef jeg teldi skýrslur sjómanna ónógar sannanir. Jeg skal svara þeirri spurningu strax: Jeg þekki engin þau vitni, er sannað geti neitt í máli þessu, því að það er ekki hægt að sanna, hvort nokkuð eða hve mikið tjón hlautst af því að „Þór" var ekki viðstaddur. Þetta má háttv.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þm. vel vita og sætta sig við það. Jeg hefi sagt, að stj. hafi enga heimild haft til þess að greiða þetta fje, og hv. 1. þm. Skagf. hefir líka játað, að svo er. Þetta er eitt af því, sem stj. hefir gert á eigin ábyrgð, og það er það, sem jeg er að víta.

Þetta er nú í þriðja skiftið, að þessi saga er sögð, að Þór hafi verið austur með söndum og tekið togara þar í landhelgi. Þetta kemur í rauninni málinu ekkert við. Það er að vísu hægt að færa nokkrar líkur fyrir því, að Vestmannaeyingar hafi orðið fyrir tjóni af þeim orsökum, en það er því alveg óviðkomandi, sem jeg sagði, að stj. hefði ekki haft neina heimild til þess að greiða þetta fje. Og jeg sje enga ástæðu til þess, að stj. vegna Vestmannaeyinga, jafnvel þótt þeir kunni að vera kjósendur háttv. þm. (JJós), taki fjárveitingavaldið í sínar hendur og greiði annað en lögboðin gjöld.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi staðhæfa, að kostnaðurinn við berklavarnir væri alveg sundurliðaður, nema að því er snerti læknishjálp sjúklinga. Þetta er einmitt það, sem jeg er að víta. Í mörgum reikningum stendur aðeins legukostnaður og annar kostnaður sjúklings, svo og svo mikill.

Sami hv. þm. sagði einnig, að enginn hafi getað vitað það fyrirfram, að fráfall Jóns heitins Magnússonar bæri svo brátt að og að ráðherraskifti yrðu svo fljótt. Þetta er auðvitað alveg rjett, en jeg hefði álitið skynsamlegra, að stj. hefði látið gera við landsins eigið hús, því að þá var sú viðgerð eign ríkisins.

Viðvíkjandi aukatekjum skrifstofustjóra stjórnarráðsins sagði hv. þm., að skrifstofustjórarnir fengju þessar 1200 kr. fyrir vörslu kirkjujarðasjóðs og fiskiveiðasjóðs. Þessi upphæð mun vera fyrir vörslu annara smærri sjóða, en að auki hafa skrifstofustjórarnir þessa tvo sjóði og taka laun fyrir. Þar að auki hefir svo annar skrifstofustjórinn laun fyrir það að annast útgáfu Stjórnartíðindanna, og allir hafa þeir verulegar upphæðir fyrir endurskoðun á reikningum ýmsra ríkissjóðsstofnana. Eins og sjáanlegt er, hljóta öll þessi aukastörf að draga mjög úr störfum þessara manna, en annars kæri jeg mig ekki um að fara að draga þessa menn inn í umr., en vildi aðeins benda á það, hve mikið er að því gert að hlaða aukastörfum á starfsmenn ríkisins; er það auðvitað mælt til fyrv. stj., en ber ekki að skoða sem árás á þessa starfsmenn.

Hv. 1. þm. Skagf. upplýsti það um ferð Þórs austur með söndum, að gerður hafi verið samningur við Björgunarfjelagið í Vestmannaeyjum um þessa ferð. Jeg hefi ekki fyr heyrt getið um þennan samning, en ef hann hefir verið gerður, hlýtur það að hafa verið eftir að ferðin hefir verið farin. Hv. þm. Vestm. hefir upplýst, að ferðin var farin og ráðin með svo miklum skyndingi, að óhugsandi er, að samningur hafi verið gerður áður.

Jeg þarf ekki að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin við fyrirspurn minni. Hann sagði aðeins, að mjer hefði verið innan handar að afla mjer upplýsinga um þetta, þar eð jeg hafi haft greiðan aðgang að því að kynna mjer tekjur ríkisins. Jeg geri ráð fyrir, að hann eigi þar með við störf mín í ríkisgjaldanefndinni. En henni var að-

eins falið að athuga útgjöld ríkisins. Þetta atriði hafði nefndin enga aðstöðu til að kynna sjer öðrum fremur; hún hefir að vísu sjeð reikninga viðkomandi sýslumanns, en þeim fylgdi engin skýrsla um eftirgjafir þá. — Hæstv. fjmrh. sagði, að það gæti vel verið, að jeg gæti fengið upplýsingar um þetta með hans hjálp einhvern tíma síðar. Jeg get sannast að segja ekki verið honum neitt sjerlega þakklátur, því að jeg held, að jeg hafi fullan rjett á að vita þetta. Hitt veit jeg, að þessi eftirgjöf er ákaflega mikill hluti af öllum tekju- og eignarskatti í hjeraðinu á árinu, nærfelt 75%, ætla jeg.

Þá upplýsti hæstv. fjmrh., að það væri sín skoðun, að starfsmenn ríkisins eigi að fá laun sín goldin í gjaldeyri þess lands, þar sem þeir eru búsettir. Þetta kemur áreiðanlega í bága við gildandi lög, og er auk þess hreinasta fjarstæða, ef hann á við það, að sömu upphæð, sem fjárlögin ákveða í íslenskum krónum, skuli greiða að tölunni til í mynteiningu þess lands, sem starfsmaðurinn er búsettur í, t. d. með dönskum krónum í Danmörku, pundum í Englandi, frönkum í Frakklandi o. s. frv. Þetta nær auðvitað engri átt.

Skoðun ráðherrans getur vitanlega ekki breytt gildandi lögum. Þess vegna sje jeg enn enga ástæðu til að flytja brtt. um þetta efni. Sjerstök lög og fjárlögin ákveða konungsmötuna í íslenskum krónum, og ber því auðvitað að greiða hana, eins og önnur gjöld fjárlaganna, samkvæmt því.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg bjóst ekki við því að meðtaka neitt þakklæti frá þessum hv. þm., svo að orð hans fá ekkert á mig. En jeg álít þetta dálítið undarlegt, því að starfi hans í ríkisins þágu er þannig varið, að hann átti að gera gangskör að því að athuga það, sem honum þótti með þurfa, og gera aths. um það. Og ef hv. þm. hefði komið í stjórnarráðið og spurst fyrir, þá geri jeg ráð fyrir, að honum hefði ekki verið neitað um upplýsingar, frekar en öðrum.

En hvað hitt atriðið snertir, þá vil jeg benda honum á, að hvorugur okkar er lögfræðingur, svo að jeg hygg, að það verði óákveðið, hvort skilningur minn eða hans verður þyngri á metunum í því efni, svo að jeg held, að hv. þm. farist ekki að vera að setja sig á háan hest hvað það snertir. En jeg vil benda honum á, að þótt honum þyki sú aðferð, sem jeg benti á, ófær og lögum gagnstæð, þá er það viðurkend regla um starfsmenn allra ríkja, að þeir fá dýrtíðaruppbót sem því svarar, hve dýrara er að lifa í því landi, sem þeir eru sendir til, heldur en þar, sem þeir eiga heima. Það þýðir því ekkert að vera að tala um það, að hjer sje átt við íslenskar krónur, sem jeg þó man ekki eftir, að nokkursstaðar sje beinlínis tekið fram; hjer er heldur ekki um neitt stórvægilegt atriði að ræða. Jeg mun halda fast við mína skoðun og hv. þm. við sína, svo að það er ekki líklegt, hvort sem við ræðum þetta mál lengur eða skemur, að nein breyting verði á því.

Magnús Guðmundsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg vil benda hv. þm. Ísaf. á það, að þetta hús, sem hann vildi láta gera við árið 1926, var þá á leigu, og þeim, sem það leigði, var þá ekki hægt að víkja í

burtu vegna húsaleigulaganna. (**HG:** Var það nokkuð reynt?). Menn vissu um húsaleigulögin og að þeirra vegna þýddi það ekki neitt. Svo var það líka, að þá voru ekki neinar líkur til, að þyrfti að leggja út í að kosta til viðgerðar á því húsi, eins og þá stóð.

En að því er snertir það, sem hv. þm. var að tala um aukatekjur skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu, þá vil jeg benda á, að hv. þm. nefndi ekki neina sjóði í fyrri ræðu sinni, svo að jeg gat ekki vitað, hvaða sjóði hann átti við. En það er eðlilegt, að það verði að borga eitthvað fyrir að stjórna þessum sjóðum, því að það er talsverð ábyrgð, sem því fylgir. Og það er heldur ekki rjett, að alt, sem að stjórn þeirra lýtur, sje unnið í skrifstofutíma stjórnarráðsins, þótt þar sje tekið á móti greiðslum frá mönnum og þeim sje veitt lán í þeim tíma, því að bæði eru reikningar þeirra færðir og ýmislegt annað, sem þeim tilheyrir, gert utan skrifstofutíma.

Svo var hv. þm. að átelja það, að jeg hefði sagt, að hann hefði ekki vitað, að Vestmannaeyingar hefðu átt Þór á þeim tíma, sem um var að ræða. Jeg sagði ekki, að hv. þm. hefði ekki vitað það, en jeg sagði, að hv. þm. hefði ekki upplýst það. En það var einmitt aðalatriðið í málinu; þeir áttu skipið og gátu neitað að láta það fara, því að það hafði þá ákveðið starf. En þegar jeg sagði, að samningur hefði verið gerður, þá er það svo að skilja, að samningur var gerður um að skipið færi þessa ferð og að skaðabætur yrðu greiddar, ef illa tækist til, og það varð, því miður. Botnvörpungar toguðu yfir netin, en hefði skipið verið á staðnum, þá hefði það getað aðvarað þá. Til þess var skipið látið liggja á þessum slóðum að gera það, og til þess greiða Vestmannaeyingar stórfje á ári til að hafa skipið við hendina. Jeg hygg, að ekki sje hægt að heimta frekari sannanir en þetta, enda myndi hver dómstóll í landinu láta sjer þessar sannanir nægja, svo að strangari er ekki hægt að vera, því að samningurinn var á þá leið að bæta skaðann, ef til kæmi. (**HG:** Hví skýrði stjórnin ekki þinginu frá þessu?). Það verður erfitt fyrir stjórnir að skýra frá hverju einstöku atriði, sem fyrir kemur, og myndi auk þess lengja þingið stórkostlega. Jeg býst við, að ef stjórnin hefði farið að skýra þinginu frá því, að hún hefði með þessu eina verki sínu innunnið 30 þús. kr. í landhelgisjóð, þá mundi hv. þm. hafa kallað það mont hjá stjórninni, ef hann hefði þá verið á þingi. Við erum reiðubúnir að svara fyrir þetta mál, og jeg býst við, að það verði gert á þann hátt, að hv. þm. Ísaf. ríði ekki feitum hesti frá því að víta stjórnina fyrir það að gera þann samning, sem græðist á 30 þús. kr. á 2—3 dögum. Mjer finst það að minsta kosti ekkert árásarefni.

Svo var hv. þm. að tala um borðfje konungsins og laun sendiherrans í Kaupmannahöfn. Jeg vona, að hv. þm. hafi sjeð það, að ef hann vill fá sínu máli framgengt og hafi skilið það af svörum hæstv. fjmrh., þá verður hann að bera fram brtt. og fá hana samþykta. (**HG:** Hvernig á að orða þá brtt.?). Jeg skal taka að mjer að orða brtt. fyrir hv. þm., ef hann treystir sjer ekki til þess.

Haraldur Guðmundsson: Jeg get

ekki orðið við beiðni hv. þm. (MG) um að gera þá brtt. við fjárlögin, að konungsmatan skuli greidd með ísl. krónum. Fjárlögin ákveða hana í ísl. krónum. Brtt. í þá átt, að ísl. krónur skuli greiddar með ísl. krónum, er kannske samboðin hv. 1. þm. Skagf. Mjer ekki.

Sem afsökun fyrir greiðslunni til bátaeigendanna í Vestmannaeyjum hefir það verið fært fram, að Vestmannaeyingar hafi átt skipið, en aðalatriðið í málinu er ekki það, heldur hvort stjórnin hafi haft heimild til ð gera þetta eða ekki. Hún hafði það ekki, og því átti hún að leita heimildar hjá þinginu 1927. Vestmannaeyingar gátu vel beðið eftir því, að forsvarsmenn þeirra mæltu máli þeirra við þingið, og þá hefði alt farið fram lögum samkvæmt.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Skagf. sagði um ráðherrabústaðinn, þá er því til að svara, að aldrei var farið fram á það við þann mann, sem þá bjó þar, að hann ljeti húsið eftir. Þessi valinkunni maður, hv. þm. Dal., er svo konunghollur, að hann hefði áreiðanlega viljið mikið á sig leggja til þess að rýma fyrir hans hátign konunginum, og jeg veit, að stjórnin hefði ekki farið erindisleysu, ef hún hefði leitað til hans.

Hæstv. fjmrh. hefi jeg litlu að svara. En viðvíkjandi því, sem hann sagði um starf mitt í ríkisgjaldanefndinni, þá vil jeg benda hæstv. ráðh. á, að það er tekið fram í erindisbrjefum okkar, hvað við eigum að gera, sem er það að athuga útgjöld ríkissjóðs, og annað ekki. Þá sagði hæstv. ráðh., að vitaskuld þyrfti að greiða starfsmönnum ríkisins erlendis laun með tilliti til þess, hve dýrt væri að lifa þar í landi. En það er alt annað mál, og þá er engin ástæða til að greiða þessa upphæð í dönskum krónum, vegna þess að það er miklu ódýrara að lifa í Danmörku heldur en hjer.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að tala langt mál, aðeins inna eftir því, hvort hv. frsm. fjhn. hefir getað orðið við þeim tilmælum mínum, er jeg kom fram með við 2. umr., að sjá svo til, að við 3. umr. gætu legið fyrir upplýsingar um útistandandi skuldir ríkisverslananna í árslok 1927. Skýrsla um þetta var ekki til við 2. umr., en mjer skildist á hæstv. fjmrh., að hún mundi verða til áður en langt liði.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. verð jeg að geta þess, að jeg tók ekki eftir, að hann óskaði eftir þessu. Mjer skildist hann spyrja, hvort reikningar ríkisverslananna lægju fyrir nefndinni. Verð jeg að biðja afsökunar, hafi jeg annað tveggja ekki skilið orð hans rjett eða ekki heyrt þau.

En hafi hæstv. fjmrh. gefið vilyrði fyrir því, að þessi gögn lægju fyrir, má vel vera, að hann hafi gert eitthvað í því efni.

Magnús Jónsson: Hæstv. fjmrh. taldi tormerki á, að reikningarnir gætu legið fyrir svo snemma, að það yrði áður en málið væri afgreitt hjeðan frá þessari háttv. deild, en ekki ómögulegt, að þeir kynnu að verða til, áður en málið færi frá þinginu.

Það má vel vera, að hv. frsm. hafi ekki verið í deildinni, er jeg bar fram tilmæli mín. Jeg óskaði aðeins eftir, að það lægi fyrir svipuð skýrsla um þetta atriði og lá fyrir í þinglok í fyrra.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Að svo komnu er ekki hægt neitt við þessu að gera nema þá taka málið út af dagskrá. En málið er nú svo fljótt á dagskrá aftur síðan seinast, að lítill tími hefði verið til að afla þessarar skýrslu, þótt reynt hefði verið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 624).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um þetta frv. er það sama að segja og það næsta á undan (frv. til fjáraukalaga 1926). Nefndin hefir athugað það, borið það saman við landsreikningana og farið yfir tölur þess. Nefndin hefir ekkert fundið við frv. að athuga og leggur því til, að það verði samþykt.

Jón Þorláksson: Mig langar til að gera aths. við landsreikninginn fyrir árið 1926, þó að jeg þykist vita, að hæstv. fjmrh. hafi veitt því athygli, sem jeg ætla að benda á. Landsreikningurinn sýnir 200 þús. kr. tekjuhalla. Í yfirliti mínu í þingbyrjun 1927 var gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld stæðust á, en það hefir komið mismunur, sem stafar af ýmsum ástæðum. Jeg vil benda á stærsta liðinn, sem er sá, að það hafa ekki komið tekjur til ríkissjóðsins, sem ætlast var til að kæmu frá áfengisverslun ríkisins. Reikningurinn ber þetta með sjer, en varla nema þeim, sem kunnugir eru. Það var svo lagt fyrir, að áfengisverslunin skyldi greiða í ríkissjóð vexti af stofnfje því, sem ríkissjóður hefir lagt henni, og eru þeir tilfærðir í reikningnum sem innieign ríkissjóðs og áfengisverslunin talin skulda ríkissjóði 44 þús. kr., sem ætlast var til, að kæmu, áður en reikningnum fyrir 1926 var lokað. Með þessu hafði jeg reiknað. Ennfremur ber þessi reikningur með sjer, að í ársbyrjun 1926 er höfuðstóll áfengisverslunarinnar 740 þús. kr. Hjer við hafði verslunin fengið leyfi til að bæta 160 þús. kr., en

þar með átti þeirri fjársöfnun að vera lokið. En í stað 160 þús. kr. er bætt við 300 þús. kr., svo að 140 þús. kr. standa inni hjá áfengisversluninni, þegar þessir reikningar voru gerðir upp, af því fje, sem henni bar að borga inn í ríkissjóð. Það eru því 184 þús. kr., sem áfengisverslunin hefir átt ógoldið til ríkissjóðs af tekjum sínum fyrir árið 1926, og hafði jeg reiknað með því í yfirliti mínu, að sú upphæð kæmi inn, áður en LR fyrir '26 yrði lokið. Með þessu er að mestu gerð grein fyrir mismuninum í landsreikningnum, en jeg vildi benda hæstv. fjármálaráðh. á þetta, því að svo var ekki til ætlast af fyrv. stj., að þetta rynni til áfengisverslunarinnar, heldur til ríkissjóðsins. Og þessi greiðsla á að geta farið fram ennþá, ef hún ekki þegar hefir farið fram.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Út af skýringu hv. 3. landsk. vil jeg geta þess, að jeg hefi að vísu minst á þetta við forstjórann, en það hefir dregist úr hömlu fyrir honum að greiða inn fjeð. Þó er ekki loku fyrir skotið, að þetta geti komið á reikninginn fyrir árið 1927. Jeg vænti, að tilraun verði gerð til þess að ná inn fjenu svo snemma, að það geti komið á reikning síðasta árs.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 690).

---

20. Hegningarlög.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana (stjfrv., A. 24).

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er hugsað sem bráðabirgðabreytingar á hegningarlögunum, og í aths., sem því fylgja, er tekið fram, í hverju þessar breytingar eru fólgnar.

Hegningarlög okkar eru nú orðin úrelt að mörgu leyti, og er það engin furða, þar sem þau eru frá 1869. Hafa á þeim tíma, sem liðinn er síðan þau voru sett, orðið miklar breytingar á hugmyndum manna um hegningarmál. Þó að menn hafi lengi fundið, að full þörf væri á að breyta hegningarlöggjöfinni hjer á landi, hafa þó engar verulegar breytingar verið gerðar. Hefir það verið alment viðurkent, að hjer væri um það vandamál að ræða, sem ekki mætti flana að. Hafa menn því heldur kosið að bíða um stund og sjá, hvað gerðist um þessi mál hjá nágrannaþjóðunum, og þá með það fyrir

augum, að eitthvað yrði á breytingum þeirra að græða.

Síðastl. haust var hjer í Reykjavík háð lögfræðingaþing, er samþ. áskoranir til þings og stjórnar um að endurskoða hegningarlöggjöf landsins hið allra fyrsta. Nú er það vitanlegt, að á þeim 4 mánuðum, sem liðnir eru síðan stjórnarskiftin urðu, hefir ekki verið unt að vinna að gagngerðri breytingu á hegningarlöggjöfinni. Til þess þarf rækilega endurskoðun hennar, sem að sjálfsögðu tekur ekki skemri tíma en heilt ár, enda er ekki ósennilegt, að talsverður tími líði enn, þangað til löggjöf þessari verður komið í viðunanlegt horf. Stjórnin vildi nú samt verða við kröfunum um breytingar á hegningarlögunum, að svo miklu leyti, sem hún sá sjer fært með þeim stutta fyrirvara, sem hún hafði. Þetta er önnur aðalástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram. En jafnframt er það afleiðing af öðru frv., sem hjer er á ferðinni, um byggingu nýs fangahúss. Af því að auðsætt er, að ekki getur dregist lengur að reisa nýtt hegningarhús, rjeði stjórnin einn af helstu lögfræðingum bæjarins til þess að gera till. um þær bráðabirgðabreytingar á hegningarlögunum, sem bornar eru fram í þessu frv.

Annars get jeg ekki komist hjá því að minnast dálítið á hegningarhúsið. Þó að það kunni á sínum tíma að hafa fullnægt þeim kröfum, sem þá voru gerðar til þess, er það nú orðið gamalt, eins og menn vita. Og þó að það væri reist í útjaðri bæjarins, hefir bygðin færst svo út, að það er nú inni í miðjum bænum. Og eftir því sem lögbrotum hefir fjölgað síðustu árin, er húsið orðið alt of lítið, svo að ekki er hægt að einangra fanga eins og stendur.

Nú á tímum hallast allur þorri sjerfróðra manna að því, að fangelsin eigi ekki að vera í bæjunum, heldur uppi í sveit, þannig að fangarnir fái að vinna ýmiskonar útivinnu. Í þessu frv. eru gerðar ráðstafanir til þess, að hægt verði að breyta þeirri innilokun, sem nú á sjer stað, í holt starf.

Þá hafa verið tekin inn í frv. nokkur atriði önnur, t. d. um fjárhættuspil og önnur afbrot, sem telja má að stafi af því, að lifnaðarhættir eru orðnir fjölbreyttari hjer nú en áður. Þau ákvæði stefna í nútímaátt, og vænti jeg, að þau verði talin til bóta. Að lokum vil jeg mælast til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allshn. í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 24, n. 270 og 274).

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Má jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sje rjettara að taka málið út af dagskrá, úr því að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur.

Forseti (JörB): Allmargar brtt. eru við frv., og þar sem hlutaðeigandi ráð-

herra er ekki viðstaddur, þá verð jeg við tilmælum hv. 2. þm. Reykv. (HjV) og þá er málið tekið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 24, n. 270 og 274).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Það er í rauninni merkilegasta mál, sem hjer er um að ræða, þar sem eru breytingar á hegningarlöggjöfinni, þótt smávægilegar sjeu. Það er eins og allir vita, að okkar hegningarlöggjöf er orðin langt á eftir tímanum. Er ekki ofsagt, að það sje svo almenn krafa meðal þjóðarinnar, að sú löggjöf verði endurskoðuð, að ekki verði daufheyrst við henni lengur. Býst jeg við, að hæstv. stjórn hafi tekið það til greina og því sje sú breyting, sem hjer liggur fyrir, fram komin. Gagngerð endurskoðun þarf, eins og allir vita, langan tíma. Og það hefir hindrað, að hún er ekki löngu komin í kring, að við höfum beðið eftir því, að sú þjóð, sem við erum í sambandi við, er ekki búin að ganga frá sinni endurskoðun á hegningarlöggjöfinni.

Það er mín skoðun, að full þörf sje á að taka fleiri atriði í frv. heldur en hjer hefir verið gert, en þó hefir nefndin ekki viljað leggjast á móti þessum breytingum, sem hjer er um að ræða.

Svo að jeg fari örstutt út í hverja grein, er það þá um 1. gr. að segja, að samfara hegningu við venjulegt fangaviðurværi sje vinnuskylda. Þetta er alstaðar í heiminum að færast meir og meir í slíkt horf; enda er það sjálfsagt og sanngjarnt að hafa vinnuskyldu, að svo miklu leyti sem hægt er, í sambandi við hegningu. Mun það mest hafa verið til fyrirstöðu hjer, að húsnæði vantaði til þess. Ákvæði hegningarlaga vorra um fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 6 mánuði getur alls ekki samrýmst þeirri stefnu að takmarka sem mest vinnulausa hegningu. Þetta er ekki eingöngu hegningarfræðilegt atriði, heldur hagfræðilegt, þannig að þjóðfjelagið geti haft gagn af vinnu fanganna.

2. gr. frv. er um vatns- og brauðshegningu. Slík hegning hefir verið mikið notuð hjer, en er orðin úrelt, og er álitið meðal sjerfræðinga á þessu sviði, að það geti ekki haft siðbætandi áhrif á fangana, en sje aðeins til þess að sefa ofsa og mótþróa í fangelsisvistinni.

Þá eru skilorðsbundnir hegningardómar, sem hafa verið í lögum síðan 1907. Frv. fer fram á að útvíkka svið þeirra, og nefndin er sammála um, að það sje til bóta.

Þá eru 4. og 5. gr. lagaðar með því að strika út þá skörpu markalínu um einfaldan þjófnað og stórþjófnað, en dómstólum landsins eftirlátið að meta sektargildi afbrotsins. Sama má segja um 6. grein; breytingin er til þess að höggva sundur óeðlilegan lagaramma og setja í vald dómstólanna að meta hámark hegningarinnar.

Um 7. og 8. gr. get jeg verið stuttorður; þær eru að nokkru leyti alveg samhljóða fátækralögunum um vinnuskyldu manna, sem vegna slæpingsskapar hafa ekki getað sjeð fyrir sjer og sínum.

Sem sagt hefir nefndin verið sammála að efni til um þetta frv., og jeg álít brtt. ekki veigamiklar hvað efni snertir, en allar þó til bóta. Sumar

tel jeg sjálfsagðar, sumar eru hrein málsbreyting, eins og brtt. við 1. gr., sem augsýnilega er til bóta.

Þá vík jeg að brtt. við 7. og 8. gr. Við, sem brtt. áttum, álitum, að það væri mjög erfitt að fara eftir þessum lagagreinum í framkvæmdinni. Má benda á það í 8. gr., þar sem mönnum er lögð sú skylda á herðar að leita sjer heiðarlegrar atvinnu, og eiga að sleppa við hegningu, ef þeir gera það innan ákveðins tíma. En hver eru takmörkin? Er nóg, að maðurinn fari til eins eða tveggja manna á ólíklegustu stöðum? Það sýnist eftir frvgr., að hann sje leystur frá hegningu með þessu. Þess vegna er brtt. okkar við 7. og 8. gr. mjög samhliða því, sem tekið er fram í fátækralögunum. Og það er ekkert því til fyrirstöðu, ef hjer kæmi upp letigarður — eða vinnuhæli, sem jeg vil heldur kalla, —, að hægt væri að koma mönnum þangað til vinnu.

Við 9. gr. er smámálsleiðrjetting, með því að orðalagið er dönskuborið.

Með 10. brtt., við 10. gr., er ákveðið að nota orðið fjárhættuspil, sem við teljum rjettara að hafa heldur en glæfraspil, — meðal annars af því, að við teljum óviðeigandi að kalla það glæfraspil, sem ríkið leyfir, t. d. veðmál við veðreiðar hjer við Elliðaárnar.

Við 11. gr. gerum við þá brtt., að skotið sje inn orðunum „af ásettu ráði". Í frv. stendur: „Sá, sem veitir húsaskjól fyrir óleyft glæfraspil" o. s. frv. Við bætum þessu við, af því að við teljum óviðeigandi að hegna mönnum fyrir það, sem þeir eiga enga sök á. Jeg get átt hús, og menn geta án þess að jeg viti af haft þar glæfraspil um hönd; ef ætti að hegna mjer fyrir það, teldi jeg það ranglátt, enda er það á móti anda laganna.

Þá er við 12. gr. samskonar brtt. og jeg hefi minst á; ennfremur við 11. gr.

Við höfum einnig bætt við grein, sem hefir gleymst að setja í frv., að hegningarlagagrein nr. 237, um gripdeildir, falli burt af sjálfu sjer með þessum lögum. Töldum við rjett að koma þessu inn í frv.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er ekki mikill skoðanamunur í nefndinni. Jeg er í minni hl. af því, að mjer sýndust brtt. meiri hl. mestallar óþarfar, og sumar þó til hins verra. Fyrstu brtt. hefi jeg reyndar ekkert á móti, að „í" komi í stað „með", en þar með held jeg það sje upp talið, nema í síðustu gr. er tekin fram ein gr., sem á að falla burt, og hefi jeg ekki heldur á móti, að það verði samþ. Annars virðast mjer ýmsar mestu breytingar, svo sem við 7. og 8. gr., vera til hins verra. Sá hluti af þessum greinum, sem er látinn vera eins og áður, finst mjer ver orðaður yfirleitt, og ýmsu er slept, sem tekið er fram í frv., t. d. var það tekið bókstaflega fram í lögunum, að spilamenska væri ekki heiðarleg atvinna, og lögreglan gæti tekið til um aðra starfsemi, að ekki yrði talin heiðarleg atvinna. Burtnám þessa úr lögunum tel jeg til hins verra.

Þá vill meiri hl. breyta „glæfraspilum" í „fjárhættuspil". Sá orðamunur finst mjer til hins verra, því að „glæfraspil" gefur til kynna, hvernig almenningsálitið er á þessum

spilum. Hvað því viðvíkur, að óheppilegt sje að kalla glæfraspil það, sem ríkið leyfir, eins og veðmálastarfsemi í sambandi við veðreiðar, þá sje jeg ekki neitt ljótt við að kalla hlutina sínu nafni. Glæfraspil er þetta, þar sem menn spila um hundruð króna, sem varla hafa ráð á því, og er til skammar fyrir þá löggjafa, sem hafa greitt því atkvæði.

Þá er hjer brtt. við 11. gr., að meiri hl. hefir bætt við „af ásettu ráði". Þetta kemur í sama stað niður. Maður getur ekki „veitt" húsaskjól, nema það sje af ásettu ráði, svo að brtt. er óþörf.

Jeg legg til, að frv. verði samþ. óbreytt, nema fyrsta og síðasta brtt. teknar til greina.

Sigurður Eggerz: Jeg mun nú ekki þreyta hv. deild með langri ræðu; það eru aðeins nokkur atriði, sem mig langar að víkja að.

Jeg læt ánægju mína í ljós yfir því, að hæstv. stjórn hefir borið fram þetta frv. og að það muni ekki löng bið á að endurskoðun á hegningarlöggjöfinni fari fram. Jeg verð að segja, að það er illa farið — og ámæla sjálfum mjer um leið, sem hefi farið með dómsmálaráðherraembættið —, að ekki sje fyr búið að gera ráðstafanir til þess að endurskoða hegningarlöggjöfina. En mig langar til að beina einni fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um leið og jeg þakka honum fyrir að láta gera gangskör að þessu, hvernig hann hugsi sjer, að sú endurskoðun fari fram. Þetta er stórt atriði. Ef litið er á dönsku frv. til hegningarlaga, þá sjest, að endurskoðunin í Danmörku hefir tekið mjög langan tíma. Þannig var 11. ágúst 1905 skipuð nefnd, sem skilaði störfum 1912. Eftir það var prófessor Torp, einn af þektustu og skörpustu lögfræðingum Dana, fenginn til að líta yfir nefndarálitið, og skilaði hann sínu áliti 1914. Svo var enn skipuð nefnd 1917, sem skilaði störfum 1923.

Mig langar til þess að vekja eftirtekt á því, sem prófessor Torp sagði, þegar stjórnin fól honum þennan starfa. Hann lagði áherslu á, að það væri algerlega nauðsynlegt, að fleiri en fagmenn væru látnir fjalla um þetta; það þyrfti að fá álit manna, sem kæmu svo að segja beint út frá lífinu og skildu tíðarandann, o. s. frv.

Það er þetta, sem mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort honum sýnist ekki nauðsynlegt að skipa nefnd til að íhuga málið, sem verði skipuð auk hinna bestu lögfræðinga, sem eru sjálfsagðir, einnig leikmönnum á þessu sviði. Jeg býst við, að þetta hafi haft ákaflega mikla þýðingu fyrir endurskoðun hegningarlaganna í Danmörku, og mundi þá óefað verða svo einnig hjer.

Það er vert að taka eftir því, hvað tímarnir breytast í þessu tilliti. Í hegningarlögum, sem eru í undirbúningi á Þýskalandi, er mjer sagt, að sje lögð ákaflega mikil hegning við því að reyna að græða á fátækt annara, og margföld við það, sem áður var.

Á þessum lögum hafa aðeins verið gerðar örfáar — eitthvað 4—5 — breytingar síðan þau voru sett 1869. Það er sjálfsagt mjög erfitt að taka einstök atriði út úr og setja sjerstök ákvæði um þau. Til þess þarf mikla íhugun og samanburð, svo að þau

reki sig ekki á önnur ákvæði laganna. Jeg skal ekki neita því, að jeg tel ýms ákvæði frv. mjög til bóta frá því, sem nú er. Til dæmis eru numin burtu hin ströngu ákvæði um stórþjófnað. Aftur á móti er jeg ekki eins viss um þau nýmæli, sem stungið er upp á við 7. gr.

Væntanlega eru margar þessar breytingar sniðnar eftir fyrirmynd Dana, og er í sjálfu sjer ekkert við það að athuga, en á hitt er að líta, að frumvörp þeirra eru ekki orðin að lögum. Þær breytingar, sem verið er að vinna að í Danmörku, eiga eftir að ganga í gegnum hreinsunareld þingsins. Jeg er í vafa um, hvort ástæða sje til þess að vera að setja önnur ákvæði en þau, sem nú eru í fátækralögunum. Jeg vil nú aðeins benda á, hvað erfitt er að gera, þó ekki sje nema smábreytingu á svona lagabálkum eins og hegningarlögin eru. Það er ekki, eins og jeg sagði áðan, neitt við það að athuga, þótt árangurinn af endurskoðunarstarfi Dana sje tekinn til fyrirmyndar hjer. Að því hafa unnið margir bestu og þektustu menn þar í landi. En við samanburð á þessu tvennu kemur í ljós, hve erfitt er að taka einstök atriði út úr, vegna þess að hin almennu ákvæði geta verkað þannig á hin sjerstöku ákvæði, að ósamræmi verði í framkvæmd laganna. Til dæmis „ásetningur" í Danmörku nær yfir stærra svið en „ásetningur" hjer. Í Danmörku er dolus eventualis einnig tekinn með undir ásetning. Þegar nú hegningarákvæðin eru sett hjer hin sömu og í danska frumvarpinu, þá leiðir af því, að samskonar ákvæði í Danmörku verða mildari hjer, þar sem ásetningurinn hjer er þrengri en í Danmörku, en hegningarrammarnir settir þar lengra niður, vegna þess að ásetningur þar nær yfir víðara svið.

Eftir hinum dönsku hegningarlögum er sumt fært undir ásetning, sem áður var talið til gáleysis eða óaðgæslu, og sömu hegningarákvæði látin gilda um hverja tegund. Jeg hefi tekið þetta fram sem dæmi um það, hve hin almennu ákvæði geti haft áhrif á endurskoðun eins og þessa, án þess því sje veitt eftirtekt.

Jeg hefði nú viljað mælast til, að áður en málið væri afgreitt yrði frv. sent lagadeild háskólans til athugunar, til þess að ganga úr skugga um, hvort nokkrir annmarkar væru á því í þá átt, sem jeg hefi bent á hjer. Mjer hefði fundist það eðlilegt og sjálfsagt, að það hefði verið gert. — En ef það nú yrði ofan á, að þessum hluta hegningarlaganna yrði breytt, vildi jeg skjóta því til hæstv. stj. og nefndar, hvort ekki þætti ástæða til að taka burtu þau ákvæði, sem alls ekki geta staðist lengur og sem fyrir löngu ættu að vera horfin úr lögunum að tilhlutun fyrverandi stjórna. Vil jeg í því efni jafnt ásaka mig sem aðra.

Þar á jeg sjerstaklega við þau ákvæði, sem falla eiga að sjálfsögðu burt vegna þess, að Ísland er orðið fullvalda ríki. Ef á annað borð á að fara að breyta hegningarlögunum, er sjálfsagt um leið að taka þessi ákvæði burtu. Það er ekki svo mikið starf og þarf ekki svo mikillar íhugunar við. Jeg vil skjóta því til hæstv. dómsmrh., hvort hann sjái sjer ekki fært að láta þessa breytingu ganga fram um leið.

Þetta voru þá athugasemdir al-

menns eðlis, og vil jeg endurtaka þakklæti mitt til hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa hugsað sjer að láta endurskoða hegningarlögin í heild, og jeg vona, að til þess starfs verði kvaddir ekki aðeins löglærðir menn, heldur einnig menn frá öðrum sviðum lífsins.

Jeg vil svo að lokum mælast til þess við hæstv. dómsmrh., að hann láti, í samráði við nefndina, hreinsa hegningarlögin af hinum dönsku ákvæðum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ræða hv. þm. Dal. gaf mjer tilefni til að segja fáein orð alment um þetta frv. og málið í heild, eins og gert er ráð fyrir, að starfað verði að því á næstunni.

Í titli frv. er það tekið fram, að hjer sje aðeins um nokkrar bráðabirgðabreytingar að ræða. Þetta lýtur að því, sem einnig kom fram hjá hv. þm., að það er óhugsanlegt á mjög stuttum tíma að gera allsherjar breytingar og endurskoðun á hegningarlöggjöfinni. Menn hafa fundið, að hegningarlögin eru orðin á eftir tímanum, og um líkt leyti og stjórnarskiftin urðu í haust, var haldinn hjer í bæ almennur fundur lögfræðinga, sem fór fram á endurskoðun. Mjer hefir nú verið fullkunnugt um, hve seint hefir gengið hjá Dönum að koma fram gagngerðri breytingu á hegningarlögunum, og hvernig málið hefir strandað hjá þeim þing eftir þing. Þegar jeg sneri mjer að þessu máli í haust, virtist mjer aðallega geta komið til greina tvær leiðir. Annaðhvort að skipa milliþinganefnd í málið eða að fá tvo menn, sem hefðu sjerþekkingu, til að undirbúa frv., sem svo yrði lagt fyrir þingið. Jeg hefi nú gert bráðabirgðasamning við tvo dugandi lögfræðinga um að vinna á næstu missirum að gagngerðri athugun á hegningarlöggjöfinni, og býst jeg við, að það starf taki ekki minna en tvö ár. Annar þessi maður er dr. Björn Þórðarson, sem einnig hefir undirbúið þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og hinn er prófessor Ólafur Lárusson. Þessir menn hafa lofað að taka þetta starf að sjer, ef þingið ekki óskar að hafa aðra tilhögun á þessu, og jeg hygg, að þeir sjeu báðir vel til þess fallnir. Annar þeirra, nefnilega prófessor Ólafur Lárusson, er í miklu áliti fyrir sína fræðilegu þekkingu, en hinn hefir hlotið doktorsnafnbót fyrir bók um hegningarmál og hefir auk þess talsverða reynslu í þessum efnum, bæði sem sýslumaður og starfsmaður við hæstarjett. Jeg hygg, að þó vera megi, að til sjeu aðrir menn jafnfærir, þá sje óhætt að fullyrða, að þeir sjeu eins góðir og hverjir tveir menn aðrir, sem hægt er að fá. Af því að hjá nágrannaþjóðunum hefir verið lögð svo mikil vinna í að leysa þetta mál, held jeg, að við ættum að geta komist af með skemri tíma en ella hefði þurft til þessa. Mjer finst jafnvel hugsanlegt, að hægt væri að ganga frá þessu máli seint á þessu kjörtímabili, ef undirbúningurinn er vel gerður. En þar sem nú hinsvegar þörfin er svo aðkallandi hjer hjá okkur, til dæmis á að breyta hinni algengu og miður vel þokkuðu innilokun á föngum í vinnuhegningu, þá þótti mjer rjett að vita, hvort Alþingi gæti ekki fallist á að gera þær einföldustu breytingar,

sem með þarf til að koma því í framkvæmd, ásamt nokkrum fleiri atriðum. Jeg get auðvitað fallist á það með hv. þm. Dal., að okkur ber ekki skylda til að hindra föðurlandssvik í Danmörku fremur en öðrum erlendum ríkjum, en álít þó rjettara að taka ekki þessi ákvæði út úr að svo komnu, og vil jeg heldur mæla á móti því. Það er síður en svo, að jeg fallist ekki á það hjá hv. þm. Dal., að slíkar breytingar leiða beint af breyttu sambandi Íslands og Danmerkur, en jeg sje ekki, að það saki neitt, þó að þetta bíði ásamt fjölmörgu öðru svo sem tvö ár enn.

Til hv. meiri hl. allshn. vil jeg segja það, að þar sem hjer er aðeins um bráðabirgðabreytingu að ræða, sem væntanlega stendur ekki nema 2—3 ár, og þar sem sá maður, sem undirbjó frv., hefir meiri reynslu í þessum efnum og betri aðstöðu til að hugsa málið vel en þm. yfirleitt geta haft, þá held jeg, að hv. meiri hl. hefði ekki átt að láta sjer svo ant um að koma fram þessum mörgu orðabreytingum. Jeg vil heldur mæla með því, að orðalag 7. og 8. gr. sje látið haldast óbreytt. Það þarf að vera talsvert rík ástæða til að fara að breyta orðalagi, ef ekki er um efnisbreytingu að ræða. Aðalókosturinn á orðalagi meiri hl. er sá, að það gerir framkvæmdina erfiðari, ef um það væri að ræða að breyta vatns- og brauðsfangelsi í vinnufangelsi. Um það skal jeg ekki segja að svo stöddu, hvort hægt verður að koma því á. Jeg held, að fyrsta brtt. meiri hl. sje til bóta, og eins sú síðasta, en held, að æskilegast væri, ef þingið sæi sjer fært að halda sjer að öðru leyti við frv.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg þarf í rauninni ekki miklu að svara. Það er nú auðvitað sama og að ræða um keisarans skegg að ræða um orðabreytingar; þó finst mjer einkennilegt að hafa á móti þeim, ef þær eru til bóta. Og jeg held, að engum manni með fullri skynsemi geti blandast hugur um, að þær eru allar til bóta. Til dæmis finst mjer ekki ætti að nota orðið „fjárglæfraspil", þar sem löggjöfin leyfir þetta í einu tilfelli, — og á það þá að teljast spilling? Hvað mundu til dæmis Englendingar segja, ef þeir fengju ekki að veðja? Mjer finst satt að segja hv. frsm. minni hl. og hæstv. dómsmrh. vera of einstrengingslegir í þessu efni. Það ætti líka að vera talsverð trygging í því, að þeir tveir lögfræðingar, sem sæti eiga í nefndinni, eru á einu máli og hafa báðir lagt talsverða vinnu í þetta, fyrst hvor í sínu lagi og síðan í sameiningu. Það er tekið fram í frv., að spilamenska teljist ekki heiðarleg atvinna. Þetta er alveg sjálfsagt, eins og það telst ekki heiðarleg atvinna að selja áfengi eða drepa menn, enda veit hver maður, að þetta er bannað með lögum áður, og þyrfti því ekki að setja þetta ákvæði inn hjer.

Jeg er auðvitað alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að hegningarlögin eigi að endurskoða, en jeg er hinsvegar ekki alveg eins bjartsýnn og hann á það, að tveir menn geti leyst það verk af hendi svo vel sje á tveim árum. Það hefir tekið allar menningarþjóðir lengri tíma, sjerstaklega vegna þess, hvað hugsunarháttur manna hefir breytst mikið, og á það sjer ekki síst stað hjá okkur. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt erfiðara

að koma vinnuskyldu að, þó að okkar brtt. verði samþ.

Í greininni stendur: „Sá, sem veitir húsaskjól fyrir óleyft glæfraspil, skal sæta sektum eða fangelsi". Þessu verður að breyta. Jeg fullyrði, að allir lögfræðingar mundu samþykkja það með mjer. Ætlunin hlýtur að vera sú, að lögin taki aðeins til þeirra, sem gera þetta af ásettu ráði. En greinin getur einnig átt við þá, sem ekkert vita um, að glæfraspil eigi sjer stað í húsum þeirra. **(Dómsmrh. JJ:** Þeir yrðu aldrei dæmdir). Má vera, en þrátt fyrir það er ekki ástæða til að hafa ákvæðið svona. En jeg mun nú ljúka máli mínu og fela hv. deild að ráða úrslitum, en trúi ekki öðru en hún gangi inn á brtt. okkar meirihl.-manna.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir leitt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki sjá sjer fært að nema burt dönsku ákvæðin úr frv. þegar á þessu þingi. En jeg geng þó út frá því, að ef einhverjum tækist að orða sæmilega brtt. fyrir 3. umr., mundi stjórnin ekkert hafa á móti því, að hún yrði samþykt. **(Dómsmrh. JJ:** Það er orðið áliðið þings). Ójá, en ekki svo, að ekki mætti vinnast tími til þessa. Þinginu verður væntanlega ekki lokið fyrir páska.

Jeg vil þá lítillega minnast á 7. gr. frv. Samskonar ákvæði og þar munu ekki vera í gildandi hegningarlöggjöf. **(GunnS:** Nei, þau eru í fátækralögunum). Já, í fátækralögunum, 47.—49. gr., eru nokkur ákvæði í þessa átt. En vel má þó segja, að hjer sje um nýmæli að ræða, en þar sem hjer er aðeins verið að setja bráðabirgðabót á gamalt fat, þá er óþarfi að leiða hjer inn nýmælin fyr en eftir nákvæmari rannsókn. Yfirleitt — og síst á þessu sviði — ætti ekki að gefa lög nema reynslan sýndi nauðsyn þeirra. En er nú nokkur brýn nauðsyn á þessum ákvæðum? Má ekki una fyrst um sinn við ákvæði fátækralaganna? Og mjer er spurn: Hafa þau verið mikið notuð? Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, hafa þau verið sáralítið notuð. Þegar jeg var sýslumaður, kom ekki fyrir eitt einasta tilfelli, sem fallið hefði undir þessi ákvæði.

Það mun rjett, að svona ákvæði sjeu í danska lagafrv. En það er nú um þetta góða frv. að segja, að það er ekki ennþá orðið að lögum, þó það hafi gengið í gegnum margar góðar hendur. Það á ennþá eftir að fara gegnum mesta hreinsunareldinn, sjálft löggjafarvaldið.

Jeg vil svo að endingu skjóta því til hæstv. stj. og hv. nefndar að athuga málið vel fyrir 3. umr. Jafnframt skal jeg taka það fram, að jeg vil heldur brtt. en frvgr., en mun þó greiða atkv. á móti hvorutveggja.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf aðeins að segja nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Dal. Hann dregur í efa, að rjett sje að taka slæpingja og láta þá vinna. Hann heldur, að ekki sje þörf á því og tilfinning þjóðarinnar muni ekki krefjast þess.

Ástæðan til þess, að ekkert hefir orðið úr framkvæmdum í þessu efni fram til þessa, er sú, að skilyrði hefir vantað til að framkvæma slíkt aðhald. Það er ekki von, að einstök heimili

vilji taka að sjer menn, sem ekki nenna að vinna, og halda þeim til starfsins.

Jeg hefi þótst verða þess var, að þær ráðstafanir, sem hjer er um að ræða, hefðu góðan byr hjá þjóðinni. Að vísu dettur mjer ekki í hug, að þær mælist vel fyrir hjá öllum, síst hjá slæpingjum, en hitt veit jeg, að fjöldi dugandi manna er þeim mjög fylgjandi. Þær eru einmitt í góðu samræmi við skoðanir meginhluta af atorkumönnum þjóðarinnar. Auðvitað vil jeg ekki með þessu segja, að allir, sem á móti eru, sjeu duglausir.

Skórinn kreppir víða að. Einn merkur maður úr bæjarstjórn Reykjavíkur hefir tjáð mjer, að bærinn hafi nú á nokkrum árum greitt um 100 þús. kr. til slæpingja — til þess að sjá fyrir börnum þeirra o. þvíl. En það er ekki hægt að þröngva þessum mönnum til að vinna, nema hægt sje að beita innilokun. Þegar þeir eiga um tvent að velja, vinnuna og frelsið annarsvegar og fangelsið hinsvegar, geri jeg ráð fyrir, að flestir muni kjósa frelsið.

Jeg fæ ekki sjeð, að nein áhætta fylgi því að samþykkja þessi ákvæði. Það er raunar engin vissa fyrir því, að skilyrði verði fyrir hendi til þess að fylgja þeim fram. En þá geta andstæðingar þeirra verið óhræddir um, að þau verða ekki til skaða. En jeg held einmitt, að það væri mjög gott, að þau kæmu þegar til framkvæmda, svo að nokkur reynsla yrði fengin, þegar kemur til þess að ný hegningarlög verði samin.

Það er ekki allskostar rjett, að hjer sje eingöngu farið eftir erlendum lögum. Hugsunin í frv. er fullkomlega íslensk og í samræmi við rjettlætismeðvitund almennings í landinu.

Magnús Torfason: Það er vegna þess umtals, sem orðið hefir um 7. gr. frv., að jeg tek til máls. Jeg er ósammála hv. þm. Dal. um það, að ekki sje þörf á ákvæðunum. Það er að vísu rjett hjá honum, að fyrir nokkrum árum mundi þeirra hafa verið lítil þörf. Jeg hygg, að þann tíma, sem jeg var sýslumaður á Ísafirði, mundu þau ekki hafa verið notuð nema í 1—2 tilfellum. En síðan stríðið hófst með allri sinni lausung, er annað uppi á teningnum. Jeg skal taka það sem dæmi, að einn fátækur hreppur í Árnessýslu, Stokkseyrarhreppur, sem alveg er að sligast undir skuldum, ber nú um 4000 kr. byrði fyrir slæpingja. Sumir þessara manna lifa í „vellystingum praktuglega". Er þess skemst að minnast, að einn þessara lausingja var á ferð þar eystra og barst mikið á. Hreppstjórinn var því miður ekki heima til þess að krefja hann um skuldina, en hann forðaði sjer í tæka tíð norður í land, til þess að koma í veg fyrir, að hafðar væru hendur í hári sínu.

Það er að verða þjóðarsvívirða, hve illa gengur að fá menn til þess að sjá fyrir afkvæmum sínum. Í Danmörku er gengið mjög ríkt eftir, að menn komist ekki hjá skyldum sínum í þessu efni. Jeg las nýlega danska ritgerð um þetta. Þar er tekið fram, að það þyki að vísu ilt að þurfa að ganga mjög hart fram gegn þessum mönnum, en það sje óhjákvæmilegt, því að annars nái spillingin yfirhönd hjá þjóðinni.

Jeg ætla mjer engu að spá um það,

hve margir mundu komast undir lás og loku hjer á landi, ef þessi ákvæði yrðu samþykt. Og fyrir mjer er það ekkert aðalatriði. Meginatriði þeirra á að vera hótunin, sem í þeim felst. Þeir, sem illa hegða sjer, þurfa að eiga fangelsið yfir höfði sjer. Því fremur er ástæða til þess, sem ýmsir þessara manna geta vel greitt með börnum sínum. En þeim þykir þægilegra að komast hjá því og láta aðra gera það. Þeir vilja gjarnan njóta ánægjunnar, en ekki inna af hendi þær skyldur, sem ánægjunni fylgja. Þjóðfjelaginu er enginn vandi á höndum við slíka menn.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda á ákvæði fátækralaganna, sem standa í 47. gr. o. áfr. Í 47. gr. stendur svo:

„Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann".

Og í 49. gr. stendur:

„Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna. Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi. Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni".

Jeg vil leggja áherslu á það, hve hörð ákvæði gilda nú í þessu efni. Og jeg vil nú spyrja — og mjer þykir sjerlega vænt um að hafa fengið álit hv. 2. þm. Árn. um það —, hvort oft muni hafa þurft að grípa til þessara ákvæða. Þeim mun, eins og áður hefir verið tekið fram, hafa verið beitt mjög sjaldan. En sjeu þau ekki notuð, er lítil ástæða til að setja ný og strangari ákvæði.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg vil aðeins benda hv. þm. Dal. á, að það er eðlismunur á 47. gr. fátækralaganna og 7. gr. þessa frv. Fátækralögin gera ráð fyrir, að hegningin geti gengið jafnt yfir alla, sem af sveit hafa þegið, jafnt fátæka barnamanninn, sem vegna heilsuleysis, atvinnuleysis eða ómegðar hefir neyðst til að leita sveitarstyrks, eins og þá, sem vegna ómensku og hirðuleysis hafa orðið sveit sinni til þyngsla. Slík ákvæði eiga að

nemast burt úr fátækralögunum. En í frv. er aðeins talað um að refsa slæpingjum, sem vegna drykkjuskapar, ómensku, eða hreint og beint af þvermóðsku ekki vilja ala önn fyrir afkvæmum sínum, þótt þeir geti. Háttv. þm. blandar því saman tvennu óskyldu.

Magnús Torfason: Jeg vil aðeins minnast á ummæli hv. þm. Dal. um, að ákvæðum fátækralaganna væri lítið beitt. Í frv. er það tekið fram, að það sje lögreglan, sem eigi að hefjast handa gegn slæpingjunum. Hingað til hafa sveitarstjórnirnar sjálfar orðið að gera það. Við þekkjum öll vald kunningsskaparins á landi hjer og hvernig það getur leitt til hlífðar við menn. Það er ekki síður kunnugt, að starf sveitarstjórnanna er illa launað, og er því eðlilegt, að menn vilji hafa svo lítið fyrir því, sem unt er, og gangi eigi hart fram í þeim störfum, sem þeim ber ekki beinlínis skylda til að inna af hendi.

Í því liggur því meginmunur, að lögreglunni skuli fengnar framkvæmdirnar beint í hendur.

ATKVGR.

Brtt. 274,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 274,2 samþ. með 15:1 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 274,3 (ný 7. gr.) samþ. með 15: 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MG, MJ, PO, SE, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, JJós, JAJ, BSv.

nei: JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HG, HjV, IngB.

Tveir þm. (BÁ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 274,4 (ný 8. gr.) samþ. með 15: 8 atkv.

— 274,5 samþ. með 15:5 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 274,6 (ný 10. gr.) samþ. með 15:8 atkv.

— 274,7 (ný 11. gr.) samþ. með 15:8 atkv.

— 274,8 samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 274,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 274,10 samþ. með 18 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390, 398).

Sigurður Eggerz: Jeg leyfi mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá. Jeg er að undirbúa nokkrar brtt. í samræmi við það, sem jeg sagði um daginn. Jeg býst við, að það þurfi ekki að tefja afgreiðslu málsins nema til morguns.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 390, 398, 424).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Eins og hv. þm. hafa sjeð, liggja hjer fyrir brtt. á tveimur þskj., 398 og 424. Fyrri brtt. eru frá nefndinni og mega skoðast sem leiðrjetting eða orðabreytingar, sem jeg tel sjálfsagt, að verði samþ.

Brtt. á þskj. 424 eru frá háttv. þm. Dal. Jeg tók það fram í fyrstu ræðu minni við 2. umr. þessa máls, að margt væri það í hegningarlöggjöf vorri, sem þörf væri að breyta, þó að tími ynnist kannske ekki til þess í þetta sinn. En úr því hv. þm. Dal. hefir orðið til þess að auka við frv. það, sem hjer liggur fyrir, þá hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að bera fram fleiri brtt., enda getur hún fyrir sitt leyti fallist á brtt. á þskj. 424. Það er ekki nema sjálfsagt að nema dauðahegningu úr lögum, enda svo langt um liðið, sem betur fer, síðan henni hefir verið beitt.

Hinar breytingarnar eru ekki nema bein afleiðing af því, að við erum sjálfstætt ríki, og því sjálfsagt að fella úr lögunum alt, sem minnir á Dani eða það, sem er „danskt". Þeir háttv. nefndarmenn, sem mættu á fundi í morgun, fjellust á allar brtt., og vænti jeg því, að hv. deild samþ. þær.

Sigurður Eggerz: Jeg þarf ekki að láta mörg orð fylgja þessum brtt. mínum á þskj. 424 og vil þá byrja með að þakka háttv. allshn. fyrir hennar góðu undirtektir og hinn rjetta skilning, sem hún hefir lagt í þetta mál. Dauðahegning er yfirleitt algerlega móti þeirri rjettarmeðvitund, sem ríkir meðal allra menningarþjóða, enda óvíða í lögum þeirra. Í Noregi er hún afnumin 1902, í Svíþjóð 1901 og nú er verið að afnema hana úr lögum í Danmörku. Sama á sjer stað í Finnlandi, og gæti jeg haldið áfram að telja upp röð af löndum, sem hafa numið dauðahegning úr lögum sínum, en tel óþarft að tefja tímann með því og læt mjer nægja að nefna aðeins þær þjóðirnar, sem næstar okkur standa. Og þar sem endurskoðun hegningarlaganna hlýtur að taka nokkurn tíma, þykir mjer hlýða að afmá þennan blett á löggjöf okkar nú þegar.

Að því er 3. brtt. snertir, sem er um landráð, þykir mjer ekki sjerstök ástæða til að tala um hana, en læt þess aðeins getið, að hegningin er mjög nálægt till. þeim, sem komu fram við endurskoðun hinna dönsku hegningarlaga. Orðin „ævarandi hlutleysi" tók jeg upp úr sambandslögunum.

Að öðru leyti eru brtt. mínar bornar fram til samræmis vegna breyttrar aðstöðu milli þjóðanna, sem skapast hefir við það, að við urðum fullvalda ríki. Jeg þykist þess fullviss, að þetta muni vera talað út úr hug allra, og sje því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. mínar, er verði skoðaðar sem sjálfsagðar. Aðalbreytingin er, að fyrir „danskt ríki" komi: íslenskt ríki.

ATKVGR.

Brtt. 424,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 424,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 424,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 424,4—5 samþ. án atkvgr.
— 398,1—2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 424,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 398,3 samþ. án atkvgr.
— 424,7—8 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., 10. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 443).

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 631).

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir yfirfarið frv. þetta nákvæmlega, og þó að hún viðurkenni, að það í ýmsum atriðum orki tvímælis, hvað eigi að taka með í slíka bráðabirgðabreytingu á hegningarlögunum sem þessa, þá leggur hún þó til, að frv. þetta verði samþ. í aðalatriðunum.

Það eru aðeins tvær brtt., sem nefndin ber fram, eins og sjá má á þskj. 631. Fyrri breytingin er við 5. gr. frv., um að orðið „ævarandi" falli burt, þar sem í frv. segir svo: „Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða ævarandi hlutleysi í hættu". Við álítum ekki viðeigandi að láta orðið „ævarandi" standa í hegningarlögunum í þessu sambandi. Það er að vísu svo, að í hlutleysistilkynningu þeirri, sem Ísland hefir sent út samkvæmt sambandslögunum, er lýst yfir ævarandi hlutleysi landsins, en við getum breytt því hvenær sem er og lýst yfir hlutleysi á venjulegan hátt, og það yrðum við t. d. að gera, ef við vildum ganga í þjóðbandalagið, því að slík yfirlýsing kemur í bága við lög þess. Breyting þessi mun snerta atriði, sem ekki var í frv. eins og stj. lagði það fyrir þingið, heldur atriði, sem sett var inn í frv. í Nd.

Þá er önnur brtt. nefndarinnar. Hún er við 7. gr. frv. og um afstöðu til 231. gr. hegningarlaganna. Við höfum getað fallist á uppástungur frv. um refsingar fyrir þjófnað, og sjerstaklega að því leyti, sem það gefur dómurunum frjálsari hendur með að skamta hegninguna. Í hegningarlögunum er gerður greinarmunur á almennum þjófnaði og stórþjófnaði, og fjallar 230. gr. hegningarlaganna um hinn minni háttar þjófnað og hegninguna við honum. Þessa grein á nú að fella niður, og í stað hennar kemur 6. gr. frv. En í 231. gr. hegningarlaganna er talið upp í 5 liðum, hvað teljist stórþjófnaður, og þó að nefndin telji þessari upptalningu vera ábótavant, þá vill hún ekki fella hana niður án þess að neitt ákveðið komi í staðinn, og leggur því til, að hún komi undir ákvæði 7. gr. frv. þessa, meðfram af því, að hún telur ekki hægt að meta þetta eftir 7. gr., nema með fylstu hliðsjón af því, sem mótast hefir í rjettarmeðvitund manna út af framkvæmd 231. gr. hegningarlaganna. Við viljum því láta sitja við upptalninguna í þessari 231. gr. hegningarlaganna, hvað teljist til stórþjófnaðar, til leiðbeiningar fyrir dómarana.

Síðasta brtt. nefndarinnar er bein afleiðing af þessum brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 631,1 samþ. með 11:1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 631,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 631,3 samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 661).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 661).

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 728).

---

21. Tilbúinn áburður.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um tilbúinn áburð (stjfrv., A. 30).

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla mjer ekki að fjölyrða um þetta frv. fremur en það, sem síðast var til umr. (frv. um byggingar- og landnámssjóð). Þetta er í 4. sinn, sem jeg ber það fram, og hefir verið mikið um það talað. Auk þess hefir það verið mjög rætt í blöðum. Liggja nú að því sömu ástæður og áður. Þó má geta þess, að nú er fyrir hendi skýrsla um málið, samin af einum stjórnarnefndarmanni Búnaðarfjelagsins, sem einnig er alþm., en hann hefir farið utan, til þess að kynna sjer framleiðslu og sölu tilbúins áburðar.

Jeg vil ekki vekja deilur nú og óska þess, að hv. þm. fresti andmælum til 2. umr. Frá mínu sjónarmiði er hjer að ræða um merka tilraun til þess að auka ræktun landsins. Vænti jeg, að frv. verði samþ., svo að það komi í ljós, hvort þær vonir rætast, sem margir hafa við það bundið. Legg

jeg til, að því verði vísað til landbn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 155 og 228).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg býst ekki við, að hv. deild bæti sig neitt á því að hafa langar umr. um þetta mál nú. Það hefir þegar legið fyrir fjórum þingum í röð, og hafa altaf orðið um það langar umræður. En nú má líka ætla, að svo sje fyrnt yfir það atriði, sem mestum deilum hefir valdið, að það komi ekki inn í þessar umr. og tefji því ekki fyrir framgangi málsins að þessu sinni.

Það, sem frv. þetta fer fram á, er að heimila ríkisstjórninni, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að útvega frá útlöndum milliliðalaust þann tilbúinn áburð, sem landsmenn þurfa. Það munu allir vera sammála um það, að auka þurfi ræktun landsins. En það verður ekki gert, nema með því að nota allmikið af tilbúnum áburði, því að húsdýraáburður er ekki svo mikill til í landinu, að hægt sje að auka ræktunina í stórum stíl með honum.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hl., hv. 6. landsk. (JKr), telur sig ekki geta gengið inn á þá stefnu, sem það byggist á.

Aftur á móti felst meiri hl. á frv. eins og það kemur frá hæstv. stjórn, að undanteknu því, að hann vill takmarka heimild þá, sem felst í 2. gr. þess, að greiða megi úr ríkissjóði farmgjald áburðarins, við árin 1929, 1930 og 1931. Það er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu, að heimild þessa megi framlengja að þessum tíma liðnum, en þá verður fengin reynsla til þess að byggja á, hvernig þetta gefst, og þá má taka til yfirvegunar, hvort þessu skuli haldið áfram eða ekki. Kostnaður sá, sem frv. þetta kemur til með að hafa í för með sjer, er lagður á ríkissjóð, til þess að ýta undir bændur með að kaupa tilbúinn áburð. Er það sambærilegt við verðlaun, sem veitt eru t. d. fyrir jarðabætur o. fl.

Fyrir hönd meiri hl. vil jeg taka það fram, að þar sem svo hagar til eins og t. d. í Skaftafells-, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, að skip Eimskipafjelagsins geta hvergi komið, þá lítum við svo á, að stjórninni sje heimilt að greiða flutningsgjald fyrir áburðinn á milli hafna til þessara staða, ef ekki er um gegnumgangandi „fragt“ að ræða.

Það er nú að vísu svo, að í Skaftafells- og Rangárvallasýslum kemur altaf skip frá útlöndum á vorin með vörur til sýslubúa, en þar sem það kemur seint að vorinu, er ekki víst, að áburðurinn geti komið að notum, ef hann er sendur með því skipi. Að sjálfsögðu gildir það sama um aðra staði á landinu, sem líkt er ástatt um, að þeim verði veitt ívilnun á flutningsgjaldinu á milli hafna, en ekki vegna landflutninga, eins og hv. minni hl. hefir viljað hallast að. Þá vil jeg taka það fram, að meiri hl.

nefndarinnar hefir ekki getað fallist á, að rjett væri að selja kaupmönnum áburðinn eftir að hann kemur frá útlöndum. Það gæti meðal annars orðið til þess að hækka verðið á áburðinum, en að því vill meiri hl. ekki stuðla. Kaupmenn myndu í mörgum tilfellum verða að liggja lengi með áburðinn, og neyddust því til að lána hann út til þess að losna við hann, en þá vitanlega fyrir miklu hærra verð en hægt verður að fá hann fyrir hjá samvinnufjelögum og öðrum þeim, sem útsöluna hafa á hendi. Af þessum ástæðum höfum við ekki getað fallist á að taka kaupmenn með, heldur aðeins hreppsfjelög, samvinnufjelög og annan fjelagsskap bænda, enda þótt jeg telji sjálfur, að inn í þetta vanti, að selja megi áburðinn verkalýðsfjelögum í kaupstöðum og kauptúnum.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Í nál. minni hl. á þskj. 228 hefi jeg tekið fram nokkuð af því, sem mjer og meiri hl. nefndarinnar ber á milli. Jeg hefi ekki getað sannfærst um það, að einkasala á þessari vörutegund sje eins nauðsynleg og hv. meiri hl. vill vera láta. Mjer virðist þvert á móti, að best myndi fara á því, að vara þessi verði seld í frjálsri samkeppni eins og verið hefir. Enda þótt frv. þetta sje aðeins heimild fyrir ríkisstjórnina, þá stefnir það þó í einkasöluáttina. Jeg vil því leyfa mjer að gera þá fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort beri að skoða þessa ríkiseinkasölu á áburði sem tilraun eða sem byrjun á ríkiseinkasölu yfirleitt á flestum vörutegundum. Það, sem þá fyrst og fremst mælir á móti þessu frv., er það, að engar sannanir eru fyrir því, að ríkið fái betri innkaup á þessari vörutegund en einstaklingar, *og þess vegna er engin ástæða til þess að breyta um.*

Jeg skal fúslega játa, að full ástæða sje til að ýta undir bændur með að auka ræktun landsins. En til þess tel jeg aðrar leiðir betri og bændum hagkvæmari en þá, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Er þess þá fyrst að gæta, að með frv. er ríkissjóði bundinn allþungur útgjaldabaggi, þar sem honum er ætlað að greiða öll flutningsgjöld undir áburðinn, ekki aðeins landa á milli, heldur og líka á milli einstakra hafna hjer við land. Til þess nú að gefa hv. deildarmönnum ofurlitla hugmynd um, hve miklu þessi útgjaldaauki muni nema fyrir ríkissjóð, vil jeg geta þess, að árið 1926 mun hafa flutst inn ca. 1140 tonn af tilbúnum áburði. Flutningsgjald undir hvert tonn hingað til lands var 25 kr. danskar, eða um 30 kr. íslenskar. Við þetta bætist svo flutningsgjald með flóabátum kringum land. Það er því sýnilegt, að þetta getur orðið allverulegt gjaldabyrði fyrir ríkissjóðinn. Þegar maður nú athugar, hvaða hjeruð það eru, sem mest nota þennan tilbúna áburð, þá kemur það fljótlega í ljós, að það er Reykjavík og nágrenni hennar. Þeir fá því mestar ívilnanirnar, sem hægasta hafa aðstöðuna til þess að ná í áburðinn. En það finst mjer ekki rjett, samanborið við menn t. d. austur í Rangárvallasýslu eða austur á Fljótsdalshjeraði. Og þegar þess er líka ennfremur gætt, að einmitt Reykvíkingar og nærsveitamenn hjer hafa allra manna bestan markað fyrir afurðir þær, sem þeir framleiða,

þá virðist það koma ennþá ójafnara niður.

Jeg veit ekki alveg með vissu, hve mikið af þeim áburði, sem flutt er hingað til landsins, er notað í Reykjavík og hjer í grend, en það mun ekki of í lagt, þó gert sje ráð fyrir, að það sje langt yfir helming; sumir segja alt að ⅚ hlutum. Og það, sem notað er úti um land, er mest notað í kaupstöðunum og í grend við þá, einmitt þar sem hægt er að nota daglega sölu búsafurða til kaupstaðanna. Þessir staðir geta því keypt áburðinn, þó að engar ívilnanir sjeu gerðar. Það er því alt öðru máli að gegna með íbúa þessara hjeraða en bændur alment úti um sveitir landsins. Hagkvæmasta og besta ráðið til þess að koma bændum að liði í þessum málum hygg jeg vera það, að hagnýta sjer sem best hinn heimafengna áburð. Búfróðum mönnum telst svo til, að hjer fari árlega forgörðum mikið af heimafengnum áburði, sem nema myndi, ef til peningaverðs væri reiknað, fleiri hundruðum þúsunda króna á öllu landinu. Þannig er kunnugt, að miklu er brent af sauðataði, sem er einhver besti búpeningsáburðurinn. Að brenna því er því sama og að brenna töðunni. Þetta eru menn þó farnir að sjá í seinni tíð, og þeir, sem næstir búa kauptúnunum, eru farnir að kaupa kol til eldiviðar, til þess að geta notað sauðataðið til aukinnar ræktunar. Jeg hefi átt tal um frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, við ýmsa bændur, og telja þeir flestir, að með því sje aðallega stefnt að því að hjálpa þeim, sem besta hafi aðstöðuna; hinum síður.

Það mun nú flestum ljóst, að ein aðalorsök þess, að fólkið flýr úr sveitunum til kaupstaðanna, er myrkrið og kuldinn. Það leitar úr hinum köldu híbýlum sveitanna til hinna bjartari og hlýrri bústaða kaupstaðanna, alveg eins og rjúpan, sem leitar til bygðanna eftir snöpum, þegar mjög sverfur að til fjallanna. Mjer finst því alveg farið skakka leið í frv. þessu, þar sem ekkert er gert fyrir þá, sem lengst búa uppi til sveitanna og eiga því erfiðast með alla aðdrætti, og svo er verið að hlaða undir þá, sem besta hafa aðstöðuna.

Þá kem jeg að þeim agnúa frv., að ekki má selja vöru þessa nema til samvinnufjelaga og verslunarfjelaga bænda. Hvers vegna mega kaupmenn ekki versla með tilbúinn áburð eins og kaupfjelög? Það vita allir, að enn þá versla margir bændur eingöngu við kaupmenn; og hvers vegna mega þeir ekki versla þar, sem þeir hafa lengi haft viðskifti og farnast vel? Jeg sje ekkert rjettlæti í þessu.

Það er sagt í 3. gr. frv., að heimilt sje að leggja á áburðinn alt að 5%. Jeg sje ekki af frv., hvort það er ríkið eða kaupfjelögin, sem eiga að leggja þetta á áburðinn. En mjer þykir sennilegast, að það sje ríkið, sem eigi að taka á móti þessum 5% til þess að mæta einhverju af sínum kostnaði við að útvega vöruna, en kaupfjelögin fái lítið eða ekkert.

Jeg hefi ekki getað látið vera að telja ýmislegt frv. þessu til foráttu og tel, að það, sem jeg hefi þegar tekið fram, hafi við talsverð rök að styðjast. Jeg álít, að það sje ekki nægilegt, sem mælir með því, að þetta frv. verði að lögum. Legg jeg því til, að það verði

felt. Jeg býst ekki við, að það beri nokkurn árangur að bera fram brtt. um þetta frv. hjer í þessari hv. deild, og læt það því ógert.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get tekið undir það með hv. frsm. meiri hl., að það þýði ekki mikið að vera með langar umr. um þetta mál. Málið er sannarlega ekki nýtt mál, sem þurfi að skoða niður í kjölinn nú. Hinsvegar hefi jeg orðið var við það, að víða úti um sveitir landsins bíða menn með mikilli eftirvæntingu eftir því, hvort þetta frv. nái fram að ganga. Jeg veit það af brjefaskiftum við menn víðsvegar úti um landið, að það eru fá frv., sem nú liggja fyrir þinginu, sem menn bíða eftir að komist í gegnum það með jafnmikilli eftirvæntingu sem þetta. Það eru miklar vonir lifandi hjá þeim af bændastjett landsins, sem hug hafa á aukinni ræktun, um það, að þetta frv. geti gert þá auknu ræktun mögulega. Og þessum mönnum væru það áreiðanlega mikil vonbrigði, ef þingið vildi ekki leyfa, að sú tilraun um tilhögun áburðarsölunnar, sem þetta frv. fer fram á, sje gerð.

Út af ræðu hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar hefi jeg lítið að segja. Jeg vil þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu málsins og hefi ekkert að athuga við brtt. meiri hl. við 2. gr. frv. Þeir, sem fylgst hafa með í gangi þessa máls, vita, að þetta ákvæði á aðeins að gilda um stundarsakir um ákveðinn tíma.

Og út frá þeirri hugsun, sem liggur á bak við frv. eins og það er nú, skoða jeg þessa tilhögun einungis sem skóla eða auglýsingu, sem gerð er af ríkisins hálfu til þess að kenna mönnum að nota þennan áburð, sem jeg er sannfærður um, að getur orðið sú mikla lyftistöng fyrir landbúnaðinn. En reynslan verður látin skera úr því, hvort þeirri tilhögun verður haldið áfram eða ekki. Viðvíkjandi aths. nefndarinnar um greiðslu á flutningskostnaði vil jeg aðeins taka það fram, að jeg hefi ekkert við það að athuga. Jeg get meira að segja sagt hv. frsm. minni hl. það, að jeg er fús til samvinnu, ef henni verður við komið, um það að ljetta undir með mönnum um flutninga á landi.

Þá verð jeg að gera nokkrar athugasemdir út af ræðu hv. frsm. minni hl. Það er alveg rjett hjá hv. þm., að einkasala er áreiðanlega ekki óhjákvæmileg. Það er hægt að komast af án einkasölu. Það er hægt að fá áburð og koma honum út um landið án einkasölu. En til þess að ná því marki, sem stefnt er að með frv., að hvetja menn til þess að nota tilbúinn áburð og kenna mönnum að nota hann, er hentugast í bili að hafa einkasölu. Það hafa líka undanfarið gerst þau tíðindi erlendis á sviði áburðarverslunarinnar, sem gera einkasölu æskilega til þess að geta mætt þeirri hringmyndun, sem þar hefir átt sjer stað. Því að jeg er sannfærður um það, að það eitt, að geta haft sameiginleg innkaup og sameiginlegan flutning, það eitt getur orðið til þess að lækka til mikilla muna verðið á vörunni. Það útlenda fjelag, sem aðallega er „interesserað" í áburðarsölu hingað til lands, gefur mikið fyrir það, að íslenska ríkið taki að sjer söluna til þess sjerstaklega að útbreiða áburðinn, með því að kenna mönnum að

nota hann. Það er áreiðanlega hægt að fá seljendur áburðarins til þess að lækka verðið, því að það er ólíkt fyrir þá að fá alt á eina hönd og vissa greiðslu frá ísl. ríkinu.

Verslanir leggja altaf á fyrir áhættu. Ríkið vinnur því framleiðendum mikið gagn með því að annast innheimtu á andvirði áburðarins hjá notendum og ábyrgjast greiðslu til framleiðenda. Það er hinsvegar rjett hjá hv. frsm. minni hl., að þetta verður útgjaldabyrði fyrir ríkissjóð. Það er samskonar útgjaldabyrði eins og það, að láta jarðræktarlögin vera í gildi, eða eins og það var útgjaldabyrði fyrir ríkissjóð á sínum tíma að kenna mönnum að nota gaddavírinn. Þess vegna er spurningin nú: Er það tilvinnandi að leggja þessa útgjaldabyrði á ríkissjóð? Jeg er sannfærður um, að gagnið af þessari tilhögun áburðarverslunarinnar er svo mikið, að það mundi nást upp margfalt, sem ríkið legði á sig til þess að koma henni í framkvæmd.

Hv. frsm. minni hl. vildi benda á það, að það væri kringum Reykjavík og bæina, að tilbúinn áburður væri mest notaður, og því mundi þessi ráðstöfun mest koma þeim að gagni, sem þar notuðu hann. Þetta er engan veginn rjett. Þessi ráðstöfun er ekki gerð til þess að hjálpa þeim sjerstaklega, sem búa kringum bæina, heldur hinum, sem fjær búa. Þessir menn hafa nú þegar opin augu fyrir því, hve arðvænlegur tilbúinn áburður er fyrir bóndann, og þeir eiga að kenna bændunum að nota hann. Það eru ekki þeir, sem búa hjer í kringum Reykjavík, sem græða mest á því, að áburðurinn fáist alstaðar með sama verði, heldur bændur úti um land, og mest þeir, sem búa kringum afskektustu hafnirnar. Flutningsgjaldaívilnanir 2. gr. eru mikils virði fyrir þá.

Hv. frsm. benti á það, að hirðing húsdýraáburðarins úti um land er mjög ábótavant. En jeg vil þá á móti benda á það, að ríkið hefir gert tilraunir til þess að bæta úr því. Styrkur til þess að lagfæra þetta er veittur tiltölulega meiri en til nokkurs annars landbúnaðinum viðkomandi. Jeg vil undirstrika alt, sem hv. þm. (JKr) sagði um nauðsyn þess, að húsdýraáburðurinn sje betur notaður. En það er sannfæring mín, að aukin notkun tilbúins áburðar muni verða til þess betur en nokkuð annað að opna augu bændanna fyrir því, hve ákaflega dýrmætur húsdýraáburðurinn er. En bændur þurfa að læra að nota báðar tegundirnar, húsdýraáburðinn til nýræktar og tilbúinn áburð á ræktaða landið.

Hv. frsm. minni hl. fann sjerstaklega að því, að kaupmenn væru útilokaðir frá áburðarversluninni, og hann spurði, hvers vegna þeir mættu ekki versla með áburðinn eins og kaupfjelög. Jeg skal játa það, að ef það ætti að standa á þessu atriði, að frv. gengi fram, þá gerði jeg það ekki að neinu kappsmáli. En þessar ráðstafanir allar eru gerðar fyrir framleiðendur, en ekki kaupmenn. Annars vil jeg benda á það, að menn eru enganveginn bundnir við samvinnufjelögin ein í þessu efni. Það eru búnaðarfjelögin, sem yfirleitt eru fjelagsskapur áhugasamra manna í bændastjett, og mjer finst það liggja mjög

beint við, að það yrðu einmitt þau, sem oft fengju áburðarverslunina. — Þó að menn vildu ógjarnan skifta við samvinnufjelögin, þá ætti það ekki að vera þvingun fyrir menn að leita til búnaðarfjelaganna. Hinsvegar játa jeg, að jeg geri mikinn eðlismun á kaupmönnum og samvinnumönnum. Samvinnumenn vilja vinna að hagsmunum framleiðslustjettanna, en kaupmenn reka sína atvinnu til hagsmuna fyrir einstaka menn. Þess vegna álít jeg rjett að skoða samvinnufjelögin rjetta aðilja til þess að gera áburðinn ódýrari, en get alls ekki talið kaupmenn í þeim flokki, sem til þess væri líklegur. En, sem sagt, jeg geri þetta ekki að miklu kappsmáli, en jeg álít rjettast að hafa það svona.

Jeg skal upplýsa það fyrir hv. frsm. minni hl., hver það er, sem á að leggja á þessi alt að 5%, sem heimilað er í 3. gr. að leggja á áburðinn. Í frv. eru ekki ákvæði um annað en ríkisverslunina. Það hefir ekki þótt þurfa að setja nánari ákvæði um álagningu hjá fjelögunum, sem eiga að annast smásöluna. Það eru notendurnir sjálfir, sem eiga þær stofnanir. Þeir fjefletta því sjálfa sig, ef þeir stofna til óheyrilegrar álagningar.

Jeg hefi svo ekki miklu meira að segja um þetta mál að sinni. Jeg vona, að það komist gegnum þingið og að það eigi eftir að koma af stað allverulegum framförum í íslenskum landbúnaði þegar á næstu árum.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Það gladdi mig að heyra það af ræðu hæstv. fors.- og atvmrh., að þessi tilhögun á áburðarversluninni, sem hjer er farið fram á, er aðeins tilraun, en á ekki að vera byrjun til almennrar einkasölu á fleiri sviðum. Jeg er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar og kann nú mun betur við frv. eftir en áður, meðan jeg vissi þetta ekki.

En jeg er samt ekki enn sammála hæstv. atvinnumálaráðherra um öll önnur atriði þessa máls. Jeg er til dæmis ekki eins viss um það og hann virðist vera, að varan verði ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu en með eðlilegri samkepni. Jeg býst við, að þeim, sem framleiða áburðinn, sje ant um, að sem mest sje keypt af honum, og jeg get því ekki sjeð, að þeir muni sjá sjer hag í því, að ríkið annist söluna, en ekki einstaklingar. Með öðrum orðum: Okkur, hæstv. ráðh. og mjer, kemur saman um markið, en greinir á um leiðir.

Jeg held, að bændum mundi vera eins vel eða betur hjálpað með því að útvega þeim ódýrari kol og betri vegi eins og með hinu, þeirri leið, sem hjer er farin, að hjálpa þeim með ódýrari aðflutningi á tilbúnum áburði. Jeg hugsa, að þeim sje það meira virði að geta drýgt þann áburð, sem þeir eiga heima fyrir, en að kaupa aðfluttan áburð. Jeg tel það yfirleitt óvíst, hvort það borgar sig fyrir bændur, sem hafa ljelegan markað fyrir afurðir búa sinna, að kaupa tilbúinn áburð. Þeir sjá í hvern eyrinn og vilja heldur nota heimafengna áburðinn, sem þeir þurfa ekki að kaupa. Og það er mikið heilbrigt í því. En aftur á móti, ef þeir ættu kost á að fá ódýr kol, sem yrðu enn ódýrari, ef þeir fengju bætta vegi, þá álít jeg, að það sje stórt spor í áttina til þess að gera þeim hina

efnalegu afkomu betri og baráttuna fyrir lífinu ljettari.

Jeg verð að halda því fram, að það sje kuldinn í sveitabæjunum, sem sje versti agnúinn á sveitalífinu. Jeg verð því að álíta, að hæstv. stj. hafi stigið öfugt spor, þegar hún hækkar tolla á kolum og vill gera mun minna til þess að bæta vegi en gert hefir verið á undanförnum árum. Þetta álít jeg, að geri meira en að vega á móti þeirri verðlækkun á útlendum áburði, sem þetta frv. á að gefa bændum. Því að það er vafasamt, hvort það borgar sig yfirleitt að kaupa útlendan áburð, nema þá fyrir þá, sem hafa nægilegt fje fyrir hendi og er það kappsatriði að auka ræktunina. En það er fjöldi bænda, sem ekki hefir fje til þess.

Ef afurðir landbúnaðarins væru í hærra verði og markaður betri fyrir búsafurðir, þá mætti vel vera, að það tækist að gera bændum kleift að auka ræktunina með útlendum áburði, en meðan þetta er hvorugt í góðu lagi, þá álít jeg, að það hefði verið miklu rjettara spor að auka og bæta vegi og gefa bændum kost á ódýrara eldsneyti, svo að þeir þurfi ekki að brenna íslenska áburðinum.

Jeg hefi spurst fyrir um það hjá Eimskipafjelagi Íslands, hvort sama farmgjald sje til Rvíkur og annara hafna á landinu fyrir tilbúinn áburð, og var því svarað játandi. Það má vel vera, að hægt sje að fá lægri farmgjöld með útlendum skipum, en jeg álít, að okkur beri heldur að nota þau skip, sem landið á, heldur en önnur, þótt lægri farmgjöld hafi.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Mjer dettur í hug, að það sem kannske mest mundi draga úr kaupum á útlendum áburði, sje það, að menn hafa ekki altaf peninga á reiðum höndum, og er þá oft eini vegurinn fyrir bændur að fá vöruna að láni hjá kaupfjelögum þeim eða kaupmönnum, sem þeir versla við. Nú hafa kaupfjelögin ein áburðinn og selja hann aðeins gegn borgun út í hönd. En auk þess hafa kaupfjelögin þá reglu að selja þeim dýrara vöruna, sem ekki eru í fjelögunum. Þeir menn, sem ekki versla við kaupfjelög, eru því vafalaust órjetti beittir. Menn, sem verslað hafa við kaupmenn, munu nú leita til þeirra um peningalán til þess að geta borgað áburðinn. En það er ekki ólíklegt, að kaupmenn verði tregir til að lána fje, þegar þeir vita, að það á að fara til keppinautarins. Þannig yrði þeim mönnum, sem ekki hafa nóg peningaráð og ekki eru í samvinnufjelagi, bolað frá því að fá tilbúinn áburð keyptan. Og jeg verð að búast við, að svo geti farið um allmarga. Bæjar- og hreppsfjelögum er leyft að versla með áburðinn, en þau eru ekki verslunarfjelög og munu flest ófús á að versla, og hafa enda ekki ætíð fje á reiðum höndum til þess. Aftur á móti er kaupmönnum ekki leyft að versla með þessa vöru. Það er því greinilegt, að það er tilætlunin að bægja þeim algerlega frá versluninni, og verð jeg að telja það mjög óheppilegt og ranglátt, því að það hefði, að mínu áliti, skapað eðlilega og heilbrigða samkepni, ef kaupmenn hefðu einnig fengið að versla með áburðinn eins og aðrar vörur.

Jeg efast ekki um, að hæstv. fors.- og atvmrh. væntir hins besta um árangurinn af þessari verslun, en mjer kæmi það ekki á óvart, þótt reyndin

yrði sú, að hann yrði lakari en hæstv. ráðh. býst við.

Jeg veit, að hæstv. forsrh. vonast eftir góðum árangri af þessari einokunarverslun, en jeg er hræddur um, að árangurinn verði sá, að þegar þeim er gert hægra fyrir, sem búa nálægt kaupstöðunum og hafa betri aðstöðu að mörgu leyti með sölu afurða og efnalega afkomu, en lítið er gert fyrir hina, sem erfiðari aðstöðu eiga, þá verði afleiðingin sú, að menn flytji þangað úr sveitunum, þar sem aðstæðurnar virðast erfiðari. Og komi þetta þannig til að verka öfugt, eða til þess að menn flýi sveitirnar, þar sem þeir ætla, að hlýjan og skjólið sje minna.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Háttv. frsm. minni hl. vjek að því, að frv. væri heimild fyrir stj., en ekki skipun. Þetta er rjett. En eins og tekið er fram í nál. meiri hl., ætlumst við til, að heimildin verði notuð af hæstv. stj. **(Forsrh. TrÞ:** Það þarf ekki að efa, að svo verður gert). Mjer þykir vænt um að heyra það. Og jeg vildi bara taka þetta fram út af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði. Jeg held, að það sje einhver misskilningur hjá hv. frsm. minni hl., að ríkið mundi ekki fá eins góð innkaup sem einstakir menn. Reglan undanfarið hefir sýnt annað. Jeg veit ekki betur en að landsverslunin stæði fullkomlega á sporði við einstaka menn, og fengi jafnvel betri innkaup. Auk þess stendur hjer sjerstaklega á. Áburðarverslunin er í höndum fárra fjelaga og það er ástæða til að ætla, að ríkisstj. komist í milliliðalaust samband við það þýska fjelag, sem mesta áburðarverslunina hefir. Og af pólitískum ástæðum mundi varla þykja við eiga — þar sem við erum fullvalda ríki —, að áburðurinn væri seldur íslenska ríkinu gegnum firma í öðru landi. Hv. frsm. minni hl. mintist á kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða fyrir ríkið. Nú eru flutt inn hjer um bil 1000 tonn af áburði á ári og mætti gera ráð fyrir 25 kr. kostnaði af tonni. Það eru ekki mikil útgjöld fyrir ríkið, og jeg þori að segja, að það væri betra, að upphæðin tvöfaldaðist, og jafnvel þrefaldaðist, — það sýndi þó altaf, að ræktunin væri að aukast, en að því er verið að vinna.

Hv. frsm. minni hl. benti á, hvort ekki væri rjettara að ljetta undir með þeim bændum, sem byggju fjarri hafnarstöðum, með flutninga. Jeg get upplýst það, að þetta var rætt í nefndinni. En ef farið verður inn á þessa braut, kemur margt og mikið til álita. Það er t. d. ekki hægt að miða við km.; vegir eru misjafnir og sömuleiðis flutningskostnaðurinn. Enda áleit meiri hl. nefndarinnar, að þetta væri alls ekki kleift. Hv. frsm. minni hl. sagði, að ákvæði frv. kæmu að mestum notum fyrir Reykjavík og umhverfi hennar og að Reykvíkingar mundu njóta ívilnananna í ríkustum mæli. Jeg sje ekkert á móti því, að þeir njóti ívilnana, sem vilja rækta. Jeg veit ekki betur en að aukin ræktun hjer í Reykjavík hafi einnig eflt ræktunina víðsvegar um land, og að aukin notkun tilbúins áburðar hjer hafi ýtt undir áburðarnotkunina annarsstaðar.

Hæstv. forsrh. upplýsti það, að 5% álagningin væri handa ríkissjóði upp í kostnaðinn, en ekki handa fjelaginu. Var gott að heyra það.

Hv. frsm. minni hl. vjek að því, að

menn hjeldust ekki við í sveitunum vegna myrkurs og kulda. Jeg held, að þetta sje rjett hjá hv. þm., en þá er ekki annað að gera en auka birtuna og hlýindin, og það verður aðeins gert með aukinni ræktun og bættum efnahag, og að því er miðað í frv., því að það er enginn vafi, að tilbúinn áburður eykur ræktunina. Og það er mitt álit, að auka beri þægindin og bæta efnahaginn á þennan hátt. Hitt hefir ekki mikla þýðingu, þó að farið verði að leggja fram fje úr ríkissjóði, segjum 1—2 kr. af hverri smálest af kolum, sem ívilnun til þeirra, er kol kaupa í sveitunum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. frsm. minni hl. sagði það í upphafi ræðu sinnar, að það væri óvíst, hvort borgaði sig að nota tilbúinn áburð. Um þetta mætti halda langa ræðu, en jeg ætla að láta mjer nægja að minna á, að það, sem verst borgar sig fyrir bændur, er að rækta ekki. Það, sem gerir búskapinn svo óarðvænlegan, er hið gamla búskaparlag. Bændurnir kaupa rándýrt fólk og láta það svo mestmegnis vinna á engjum, þar sem seintekinn er heyskapur, þar sem heyið er verst og erfiðast um alla flutninga. Það þarf að losa bændurna við þetta drepandi búskaparlag og kenna þeim að rækta.

Hv. frsm. minni hl. mintist á ýms óskyld mál þessu í ræðu sinni. Meðal annars kom hann inn á það, að stj. veitti nú minna fje til vegalagninga en áður hefði verið. Þetta er rjett. Stj. ætlar sjer ekki að leggja fram meira fje til hinna ýmsu framkvæmda en til er. Og svo var skilið við skattalöggjöfina á síðasta þingi, að við höfðum aðeins takmarkaða upphæð til verklegra framkvæmda. En við viljum ekki tekjuhalla og höldum okkur við þá reglu að takmarka framkvæmdirnar á meðan ekki fæst meira fje í ríkissjóðinn. Það er ekki um meiningamun að ræða milli mín og hv. frsm. minni hl.; jeg veit ósköp vel, að vegirnir eru nauðsynlegir. Það er bara þetta, sem skilur, að jeg vil ekki safna skuldum.

Hv. frsm. sagði, að það mundi draga úr mönnum, ef þeir hefðu ekki fje til að greiða áburðinn með. Það er nú svo, að það dragi úr mönnum að geta ekki borgað út í hönd. En jeg er ófáanlegur til að víkja frá þessu til að gera vöruna útgengilegri. Hjer má ekki vera um neina skuldaverslun að ræða.

Þá kom hv. frsm. minni hl. að atriði, sem er skylt að taka fult tillit til, ef það er satt; og þar ætti hann gerst um að vita, sem er sjálfur í stjórn kaupfjelags. Þetta atriði er það, að kaupfjelög selji vörur sínar með misjöfnu verði. En það er algeng regla, bæði hjá kaupmönnum og kaupfjelögum, að selja ódýrar það, sem borgað er út í hönd, heldur en það, sem fengið er að láni. En ef svo er litið á, að kaupfjelögin noti aðstöðu sína til að hlynna að sínum mönnum, skal jeg fallast á, að ákvæði sje sett í frv. um, að fjelögin sjeu skyldug að bjóða öllum bændum áburðinn til kaups með sömu kjörum, ef borgað er út í hönd. Hitt er ekki hægt að skipa, hvort heldur er búnaðarfjelögum eða kaupfjelögum, að lána hverjum, sem hafa vill. Fjelögin verða sjálf að ákveða, hvort þau þora að lána þessum og þessum manni eða ekki.

Í sambandi við þetta talaði hv. frsm. minni hl. um það, að heilbrigð samkepni mundi myndast, ef bæði kaupfjelög og kaupmenn hefðu áburðinn til sölu. En um hvaða samkepni getur hjer verið að ræða? Það verður opinbert mál, við hvaða verði fjelögin fá áburðinn. Áburðurinn á að seljast með sama verði á öllum höfnum landsins. (**JKr:** Mega ekki kaupfjelögin leggja á?). Jú, vitanlega verða þau að leggja á fyrir kostnaði. En jeg vil benda á það, að framleiðendurnir hafa sjálfir ráðin um álagninguna í kaupfjelögunum.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að búnaðarfjelögin væru ekki verslunarfær. Jeg vil minna á, að þau hafa einmitt verslað með svona vörur: vjelar, áburð o. s. frv. Og þau hafa jafnvel komið á starfsemi í þessum efnum, haldið úti vinnuflokkum o. s. frv. En það er annað, þótt búnaðarfjelög útvegi sínum fjelögum það, sem þeir sjerstaklega þurfa til atvinnurekstrar, eða að reka almenna verslun.

Loks sagði hv. frsm. minni hl., að hann væri hræddur um, að það yrði til að ýta undir flutninginn til kaupstaðanna, ef þetta frv. yrði samþ. Slíka spádóma sem þessa er auðvitað ekki hægt að rökræða. En jeg vil benda á það, að einmitt fram til fjalla er dýrmætastur bagginn af ræktaða heyinu — töðubagginn —, og ef til vill reynist það mestur arðurinn við tilbúna áburðinn, ef hann ýtir undir ræktun þeirra bygða, sem fjærstar eru höfnunum. Og undir öllum kringumstæðum er jeg viss um, að aukin ræktun sveitanna verður ekki til þess að auka fólksflutning til kaupstaðanna.

Ingvar Pálmason: Það, sem mjer virtist aðallega koma fram í ræðu hv. frsm. minni hl., er ótrú á útlendum áburði. Mjer fanst eins og hann væri sannfærður um, að aukin notkun útlends áburðar mundi ekki flýta fyrir ræktun landsins, og því get jeg skilið, hvað hann tekur þessu frv. tómlega. Annars fanst mjer kenna bæði ókunnugleika og misskilnings í ræðu hans. Með því verði, sem nú er, er útlendur áburður í raun og veru — eftir notagildi — ekki til muna dýrari en innlendur. Og ef notendur fá hann ennþá ódýrari en nú er, mun hann reynast mikið ódýrari en innlendur áburður. Jeg get sagt það af eigin reynslu, að tilbúinn áburður er í mörgum tilfellum ódýrari í notkun en sjávaráburður og fiskúrgangur, sem verið er að halda að okkur bændunum með fullum rjetti að nota til hins ítrasta, og jeg held, að svo verði einnig fram til sveitanna, sjerstaklega þegar um er að ræða notkun sauðataðs til áburðar. Mín skoðun er sú, að bændum til lands á mörgum stöðum sje tjón að því að þurfa að nota sauðatað til áburðar og geta ekki notað það til eldiviðar.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að kuldinn ræki menn úr sveitunum. Þetta er líklega rjett. Jeg efast ekki um, að hv. þm. sje á þessu sviði á rjettum vettvangi og viti, hvað hann segir. En jeg er hræddur um, að það hafi lítið að segja, þó að kolin sjeu 1—2 kr. ódýrari, ef bændur á annað borð fara að ylja baðstofurnar með þeim. En ef bændur geta notað alt sauðatað sitt til eldiviðar, þá gæti jeg skilið, að færi að hlýna. Og með það fyrir augum vil jeg leggja áherslu á, að

bændum lærist sem fyrst að nota útlendan áburð.

Það er rjett að athuga lítillega flutningskostnað kola og tilbúins áburðar. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að 1½ smálest af sauðataði jafngildi einni smálest af kolum. Nú nægir 1½ smálest af taði sem áburður á eina dagsláttu af ræktuðu landi, eða jafngildir 1 tunnu af tilbúnum áburði. Það er því auðsýnt, að kolin standast ekki samanburð hvað flutningskostnað snertir. Jeg held því, að það sje skotið yfir markið, þegar hv. þm. er að blanda inn í umr. hækkun á kolatolli og bera það saman við flutningsgjald á áburðinum. Og ólíkt heilbrigðari grundvöllur virðist það vera, að auka ræktunina með útlendum áburði en með því að flytja inn tugi tonna af kolum. Jeg bendi á þetta af því, að hjer er verið að draga alveg óskylt mál inn í umræðurnar. Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að bændum er nauðsyn að geta notað sauðataðið til eldiviðar og hafa alls ekki ráð á að nota það í áburð. Annars má tala um þetta mál frá mörgum hliðum. Mór til dæmis kostar mikla vinnu, svo að vafasamt er, hvort mótekja borgar sig, þó að mórinn sje góður. Og verði farið að nota mó að miklum mun meir en verið hefir, gengur hann brátt til þurðar. Aftur á móti er minni ástæða til að óttast, að svo fari um sauðataðið, svo lengi sem sauðfjárrækt er á annað borð stunduð á þessu landi.

Það er því hreinasta villukenning, að bændurnir eigi ekki að brenna taði. Það er sjálfsagt, að þeir geri það, og fjárhagslegur hagnaður að því, ef þeir eiga kost á áburðarefnum, sem bæði eru ódýrari og betri að notagildi.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara inn á fleiri atriði. Hæstv. forsrh. og háttv. frsm. meiri hl. hafa tekið ómakið af mjer. En jeg vil enda með því að leggja áherslu á, að ræktun landsins byggist á notkun tilbúins áburðar. Auðvitað er sjálfsagt að spilla ekki innlendum áburði og nota hann sem best, en það verður að muna, að með honum einum gengur ræktunin of seint.

Páll Hermannsson: Þetta mál hefir mikið verið rætt undanfarið, bæði innan þings og utan. Er gott til þess að vita, að það er nú komið á þann rekspöl, sem raun er á orðin.

Það hefir mikið verið talað um það hjer í háttv. deild, hvort það mundi borga sig að kaupa útlendan áburð. Það hefir verið sagt, að of dýrt væri að kaupa tilbúinn áburð til ræktunar íslenskri jörð. Jeg skal engan dóm leggja á það, hvað til er í þessu. En hinu leyfi jeg mjer að halda fram, að það er eitt atriði í íslenskum sveitabúskap, sem er of dýrt, og það er: að komast í fóðurþrot. En þá tel jeg, að bændur komist í fóðurþrot, er þeir annaðhvort verða heylausir sem kallað er, eða hafa aðeins það fóður, sem svo er ófullnægjandi, að skepnur geta hvorki þrifist af því nje haldið heilsu. Þetta, að búfje manna haldi ekki heilsu sakir slæms fóðurs, er miklu algengara en hitt, að beinlínis sje um að ræða heyskort. Það er svo algengt, að það skeði í fyrra og skeður máske í ár. Það skeður iðulega einhversstaðar á landinu.

Nú er það svo, að kaup á útlendum áburði gætu a. m. k. að talsvert miklu leyti bætt úr þessu höfuðböli íslensks landbúnaðar. Og með hliðsjón af því, hvert tjón getur hlotist af ónýtu eða jafnvel banvænu fóðri, þá er fátt of dýrt, sem úr því böli bætir.

Til þess að bæta úr fóðurskorti og bæta upp ilt og óheilnæmt fóður eru vitanlega ýms ráð, en þar er þá fyrst að nefna ræktun landsins, eða rjettara sagt aukna uppskeru af ræktuðu landi. Til þess þarf ekki endilega í öllum tilfellum nýrækt. Uppskeran gæti svo víða verið miklum mun meiri en nú er, aðeins með betri hirðingu og meiri og betri áburði á það land, sem þegar telst ræktað. Þar gæti útlendi áburðurinn komið í góðar þarfir og að betri notkun en okkar innlendi húsdýraáburður.

Jeg lít svo á, að kaup á innlendu kraftfóðri gæti átt sinn þátt í að bæta úr, og enda borgað sig mjög vel víða. Einnig gætu kolakaup komið til greina, þar sem aðflutningar eru hægir. En sem sagt, það dýrasta við landbúnaðinn okkar er að komast í fóðurþrot. Og næstdýrast líklega hitt, að halda dýrt kaupafólk til að stunda heyskap á reitingsengjum, þar sem eftirtekjan er fyrst og fremst lítil og síðan undir veðráttu komið, hvort hún kemur að notum eða verður til þess að veikla eða jafnvel drepa búpening þann, er fóðrast skal á þessu heyi.

Þegar litið er á alt þetta, virðist ekki óvarlegt að fullyrða, að rjett sje í mjög mörgum tilfellum að kaupa tilbúinn áburð.

Í sambandi við ummæli háttv. 6. landsk., frsm. minni hl., vil jeg geta þess, að jeg tel æskilegast, ef hægt væri að fá einhverjar ívilnanir um flutning á áburðinum inn í landið. Það er að vísu vandkvæðum bundið að finna leið til þess. Jeg vil þó gera mitt til þess að gefa bending í þá átt, hvort ekki sje hægt að taka það atriði til athugunar við 3. umr. þessa máls. Jeg geri að vísu ekki ráð fyrir, að jeg beri fram brtt. við 3. umr., nema þá í samráði við hv. nefnd og hæstv. forsrh., sem á manna mestan og bestan þátt í því, að þetta frumvarp er nú hjer fram komið.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Háttv. þm., sem hafa andmælt mjer, eru mjög á einu máli um eitt, og það er það, að útlendur áburður verði aldrei of dýru verði keyptur; hann sje sá langódýrasti og besti áburður, sem hægt er að fá. Hjer ber okkur á milli. Jeg legg áherslu á það, að notadrýgra sje að drýgja heimaáburðinn, hirða og notfæra hann sem best fyrst, í stað þess að fara að kaupa dýru verði erlendan áburð og láta afurðir búsins ganga til þessara kaupa. Þetta atriði var sameiginlegt í ræðum þeirra allra. Háttv. 5. landsk. gat þess, að hann væri glaður yfir því, að þessi heimild yrði nú væntanlega að lögum. Jeg get svo sem trúað því. Jeg býst sem sje við, að hann og hans samherjar sjeu glaðir yfir öllu, sem ber einhvern keim af einkasölu. Því að það er þó í áttina að vera í samræmi við „princip" þeirra jafnaðarmannanna.

Hæstv. atvmrh. var og á sama máli og þeir hinir, að útlendur áburður væri sá langódýrasti áburður, sem um væri að gera. Því væri þessi einkasöluheimild og sjerstaklega þessi eftirgjöf á flutningskostnaði næsta mikils virði.

En úr því hann er svona ódýr og þó svo mikils virði, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða er til þess að gefa eftir flutningsgjaldið. Sjerstaklega vil jeg benda á, að sú eftirgjöf, sem farmgjaldinu nemur, lendir ekki á rjettum stað. Það lægi þá nær að hjálpa þeim, sem búa langt uppi í sveit og eiga erfitt um alla aðdrætti, til þess að nálgast þennan bjargvætt, útlenda áburðinn, með ódýrum hætti. Þeirra er þörfin mest, því að öll aðstaða þeirra er svo miklum mun verri en hinna, sem við sjóinn búa og í grend við kauptúnin. Sannast hjer, að þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann nje sjeð. Þeir, sem að þessu frv. standa, hafa ekki sjálfir reynt, hvað það er að búa langt uppi í sveit og búa við ljelega og seina afurðasölu. Áburðurinn er ekki kominn í hendur bænda, þótt kominn sje á hverja höfn.

Jeg játa fyllilega kosti útlends eða tilbúins áburðar og veit, að hann getur mjög víða komið að miklum notum. En munurinn er aðeins þessi, að jeg hygg, að hann verði stundum of dýru verði keyptur, þegar miðað er við afurðasöluna.

Hæstv. atvmrh. ætlar ekki að kaupa fyrir það fje, sem ekki er til, og kalla jeg það lofsverða reglu. En jeg spyr: Ætlar þá hæstv. forsrh. að láta flytja til landsins tilbúinn áburð fyrir það fje, sem ekki er til?

Það er líka með þessa vöru, að jeg tel nauðsynlegt, að jafnan sjeu nægar birgðir af henni fyrir hendi á þeim stað, þar sem varan á að seljast, um það leyti, sem hún er mest notuð. Jeg get vel hugsað mjer, að margur bóndinn veigri sjer við að gera pöntun fyrirfram, af því að borga skal áburðinn út í hönd. En svo gæti atvikast, að honum rættust peningavonir í millitíð, svo að honum væri kleift að kaupa. Ef birgðir væru fyrir hendi, en ekki alt bundið við pantanir í eitt skifti fyrir öll, yrði það efalaust til þess að áburðurinn yrði meira notaður.

Háttv. 2. þm. S.-M. fanst jeg hafa ótrú á útlendum áburði. Það er síður en svo. En jeg vil ekki kaupa það, sem jeg get fengið ókeypis heima hjá mjer. Það er til latneskt máltæki, sem kemst svo að orði, „að menn fari oft yfir sjóinn til þess að fá það, sem þeir geta fengið heima hjá sjer“. Og menn fara stundum yfir lækinn til þess að sækja vatn.

Það er látið í veðri vaka, að með þessu sje verið að vinna fyrir bændurna. Mjer dettur í hug sagan um tófuna, sem bauð storkinum heim til sín og þóttist ætla að veita honum vel, en hann gat ekki notið þess, er fram var reitt, sökum þess, með hverjum hætti það var gert. Líkt á að fara að hjer. Áburðurinn er fluttur fyrir ekkert á hverja höfn og sagt við bændur: Berið ykkur nú eftir björginni! — Þeim, sem uppi í sveitunum búa, er mest þörfin að ljetta undir með flutninginn eftir að áburðurinn er kominn á land, því hann er þeim tilfinnanlegastur, en þetta er ekki gert með frv. Bændum flestum er því sama sem engin hjálp veitt.

Jeg veit ekki, hvort skoðun háttv. 2. þm. S.-M. á sauðataðinu kemur heim við kenningu búnaðarráðunautanna, því að hann ljet svo, að það væri einskis virði til áburðar. Mjer finst honum fara líkt og kerlingunni, sem

ekki saknaði sólarinnar, því að það væri bjart hvort sem væri á daginn. Bændur hafa ónógan eldivið, og þótt þeir brendu sauðataðinu öllu, verða þeir að kaupa kol samt sem áður. Þó að þeir vildu nota mó eða svörð, þá er hann víða ekki til. — Jeg spurði hæstv. forseta okkar (GÓ) að því, hverju þeir brendu í hans hjeraði. Hann svaraði: Við brennum sauðataði og kolum. Mór er víða ekki til í mínu bygðarlagi.

Spurningin er því þessi: Svarar það kostnaði að brenna sauðataðinu og losna þannig við kolakaup að einhverju litlu leyti, en kaupa í þess stað útlendan áburð, sem flytja verður óravegu, við skulum segja eins og t. d. hjeðan úr Reykjavík og austur á Rangárvöllu? Það er náttúrlega afarmikið vandamál að svara þessu, svo ábyggilegt sje, og fer eftir staðháttum, hvernig lausnin verður. En það er hverjum einum holt að varast að kasta burt verðmætum heima fyrir og í þess stað að leggja fje í að kaupa annað útlent dýru verði. Jeg vil halda fast við þá skoðun, að óþarfi sje að verja fje úr ríkissjóði til þess að flytja áburð til landsins. Og ef um kostnað af hálfu hins opinbera er að ræða, þá á hann að stefna að því að styrkja þá, er verri hafa aðstöðuna.

Hv. 2. þm. N.-M. var á sama máli um það, að útlendur áburður væri ekki of dýr. En jeg hygg, að hann kynni að vera orðinn nokkuð dýr, kominn neðan af Reyðarfirði og upp í Jökulsárhlíð t. d., eða alla leið inn á Jökuldal. Háttv. þm. talaði um þörf á betra fóðri. Vitaskuld er taða betra fóður en misjafnt úthey. En jeg efast stórlega um, að hún sje hótinu betri, þótt hún sje sprottin upp af tilbúnum áburði. Taða getur líka velkst og orðið ljelegt, jafnvel óholt fóður.

Það er síður en svo, að jeg amist við jarðabótum. Þær þurfa einmitt að komast í það horf, að minni þörf sje fyrir margt heyvinnufólk en nú er og heyskapur fari sem mest fram á ræktuðu landi. Það er tvent ólíkt, að slá reitingssamar útengjar með orfi og ljá eða sljett tún með sláttuvjel.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar að þessu sinni. Má þó vera, að jeg hafi gleymt einhverju, sem þurft hefði að svara. En þeir, sem andmælt hafa mínum skoðunum, hafa ekki fært til nægar sannanir, að jeg gæti sannfærst um, að útlendur áburður sje í öllum tilfellum ódýrari en heimafenginn. Og ef svo er, sem þeir halda fram, þá tel jeg hreinan óþarfa að verja fje úr ríkissjóði til þess að gera hann $^1/_{10}$ ódýrari, og enn, að kostnaðarþátttaka hins opinbera kemur þar ekki niður á rjettum stað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 155 samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. og 31. fundi í Ed., 23. og 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 260, 261).

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram á þskj. 261 brtt. við 3. gr. frv.

Eins og gr. er orðuð nú, felur hvorki hún eða frv. í sjer beinlínis skyldu fyrir stjórnina að hafa þessa nauðsynjavöru til og selja hana, þegar einkasalan er komin á. Hún einskorðar aðeins, til hverra megi selja vöruna, þ. e. „hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda", en segir ekkert um, að neinum sje skylt að hafa vöruna til sölu. Mjer finst, að rjett sje, að skylda til að hafa þessa nauðsynjavöru til sölu fylgi einkasöluheimildinni; annars virðist tilgangur frv. lítill. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt., þar sem lagt er til, að fyrsta málslið 3. gr. skuli orða á þessa leið: „Skylt er að útvega og selja áburðinn búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum og kaupmönnum". Og með kaupmönnum á jeg ekki aðeins við þá, sem verslun reka fyrir eiginn reikning, heldur og hlutafjelög, sem verslun hafa með höndum.

Jeg álít yfir höfuð ekki ástæðu til að setja mjög þröngar skorður um, hverjum megi selja þessa nauðsynjavöru. Einnig hygg jeg, að það sje ekki mjög alment, að hrepps- og bæjarfjelög kaupi mikið af þessari vöru, nema þá þau, sem stærri ræktunarfyrirtæki hafa með höndum; þó er ekkert í brtt. minni, sem hindri það, að skift sje við þessa aðilja. Hinsvegar sje jeg ekki neina ástæðu til að banna einstökum mönnum að versla með þessa vöru.

Við 2. umr. þessa máls var talsvert um það rætt, hvort kaupmenn ættu að fá að versla með þessa vöru, og hjó jeg þá eftir því í ræðu hjá hæstv. forsrh., að það væri ekki meiningin að gera þessa ráðstöfun kaupmanna vegna, heldur vegna þeirra bænda, sem vöruna þurfa að nota. En það er sama að segja um þessi fjelög, sem áburðinn mega selja; það er ekki gert þeirra vegna, heldur bændanna, sem þurfa hans með. Jeg álít, að þeir bændur, sem skifta við kaupmenn, eigi að hafa jafnan rjett að fá vöru þessa eins og hinir, sem skifta við kaupfjelög eða samvinnufjelög. Því víðar, sem varan er á boðstólum, því meiri líkur er til, að notkun hennar útbreiðist. Þess vegna getur það ekki verið á neinn hátt rjett að hindra það, að sem flestir versli með vöru þessa, ef það er tilgangur frv. að auka ræktun landsins með því að útbreiða notkun hennar.

Þetta læt jeg mjer nægja að þessu sinni um brtt. mína. Hinsvegar vildi jeg nota tækifærið um leið og fara nokkrum orðum um frv. alment.

Þessi hugsun um ríkiseinkasölu á tilbúnum áburði mun hafa fyrst verið borin fram í frv.formi á Alþingi 1925. En á þinginu 1926 bar landbn. í Nd., þar sem jeg átti þá sæti, fram frv. um það, að Búnaðarfjelag Íslands fengi einkasöluheimild á þessari vöru.

Þá lágu alveg sjerstakar ástæður til þess, að frv. var borið fram í það sinn. Svo stóð á, að ekki var annað sjáanlegt en að eitt verslunarfirma hjer í bæ væri búið að ná þeirri aðstöðu, að það gæti útilokað alla samkepni í verslun með köfnunarefnisáburð og eitt ráðið allri álagningu hennar. Þetta firma, Nathan & Olsen, hafði þá undanfarið haft einkasöluumboð frá þýsku köfnunarefnisverksmiðjunum

og hafði þá nýverið náð, að menn hjeldu, einkasöluumboði hjá Norsk Hydro. Það var litið svo á, að þetta væri mjög óheppilegt og alveg utan við tilgang heiðarlegrar verslunar, að eitt sjerstakt firma gæti í þessu efni beitt álagningu eftir sínum geðþótta, án þess samkepni mætti komast að. Þetta varð þá til þess, að hv. Nd. samþykti frv. um einkasöluheimild Búnaðarfjelagi Íslands til handa til þess að versla með tilbúinn áburð. Þó var í frv. sleginn sá varnagli, að heimild þessi yrði því aðeins notuð, að þörf væri á til þess að hnekkja því, að þessi vara yrði seld of dýru verði.

Nú horfir þessu máli alt öðruvísi við en á þinginu 1926. Nú getur sjerhvert verslunarfirma, hvar sem er á landinu, fengið að selja þessa vöru og með því verði, sem verksmiðjurnar ákveða. Verksmiðjurnar í Noregi og Þýskalandi, sem þessa vöru framleiða, hafa um hana gert sölusamning sín á milli, þar sem verð vörunnar frá verksmiðju eða umboðsmanni hennar til kaupanda er ákveðið. Það er því alveg útilokað, að nokkurt verslunarfirma geti náð þeirri aðstöðu, að samkepni geti ekki jafnan átt sjer stað um verslun þessarar vöru. Þar með er þá fallin sú ástæða, er varð þess valdandi 1926, að hv. Nd. samþ. það frv., er þá lá fyrir. Og jeg get ekki nú komið auga á, að nein þörf sje fyrir slíka einkasölu sem þessa, nema ef menn líta svo á, eins og alþýðuflokksmenn gera, að einokun sje hagkvæmari tilhögun yfirleitt heldur en verslun í frjálsri samkepni. En jeg er ekki þeirrar skoðunar, að einkasalan sje þjóðinni hagkvæmari, og því síður, að jeg geti fallist á, að nokkur nauðsyn sje til að taka upp einkasölu með þessa nauðsynjavöru.

Jeg skal ekki nefna margar ástæður gegn þessari einkasölu aðrar en nauðsynina á, að varan verði sem ódýrust og fáanleg sem víðast, en þetta hvorttveggja álít jeg, að betur náist í frjálsri samkepni en með einkasölu.

Með frv. er gert ráð fyrir, að þessi nýi milliliður, sem hjer á að skjóta inn, megi leggja á vöruna 5%, en þetta verður að álítast talsvert há álagning, þegar þess er gætt, að þeir, sem um útsöluna annast, eiga eftir að leggja á fyrir sínu ómaki og fyrirhöfn.

Þessi 5% álagning mun svara til 11 kr. á tonn, eða sem svarar kr. 1,10 á hver 100 kg., og verður ekki annað sagt en að þetta sje allmikill aukakostnaður á vöru, sem seld er í heilum sekkjum á 24—25 kr. Móti þessu eiga svo kaupendur að fá ívilnun í ókeypis flutningi á þær hafnir, sem Esja og Eimskipafjelagsskipin sigla til. Nú vil jeg spyrja, hvort það sje meiningin, að skip Eimskipafjelags Íslands eigi eingöngu að flytja þessa vöru til landsins, og hvort þeir kaupendur vörunnar, sem ekki búa við þær hafnir, er þessi skip sigla til, fá ekki sömu ívilnun um flutningsgjaldið og hinir.

Jeg skal ekkert um það segja, hvað Eimskipafjelagið kunni að taka í flutningsgjald á þessari vöru. En undir eins og áburðurinn nær nokkrum hluta af þeirri útbreiðslu, sem menn gera sjer vonir um, þá er hann kominn úr flokki þeirra vara, sem fluttar eru með áætlunarskipum, og í flokk þeirra, sem nú eru fluttar í heilum skipsförmum til

landsins, en það eru nú kol, trjáviður, salt og sement. Þessir vöruflokkar eru fluttir til landsins í heilum skipsförmum og fyrir lægra flutningsgjald en þau skip taka, sem hafa fastar áætlunarferðir. Jeg skal að vísu játa, að fyrir Esju og Eimskipafjelagið getur það verið styrkur að fá þennan flutning, ef greitt er þá það flutningsgjald, sem slík skip þurfa að fá. Og ef ríkiseinkasalan á að leggja 11 kr. á hvert tonn, þá ætla jeg, að lítill hagnaður verði eftir handa notendunum, þó ríkið borgi alt flutningsgjald til landsins, því að í heilum skipsförmum nemur það nú ekki nema 15—18 kr. á tonn.

Mjer sýnist því býsna varhugavert að ganga inn á þessa braut. En e. t. v. er ætlunin sú, að styrkja Eimskipafjelagið með því að láta það annast flutninginn. Væri það nokkur bót í máli. En þetta er alveg óverjandi, ef flutningsgjöldin eiga að ganga til annara.

Jeg hefi gert ráð fyrir því, að 5% álagning einkasölunnar yrði alveg aukreitis; þeir, sem versla með áburðinn, mundu selja hann með sömu álagningu og ef þeir hefðu sjálfir útvegað hann. Jeg geri ráð fyrir, að ef þeir keyptu áburðinn beina leið og hefðu tiltrú, mundu þeir fá greiðslufrest, sem fullkomlega vægi á móti hagræðinu af því að þurfa ekki að snúa sjer lengra en til einkasölunnar. Jeg verð því að halda því fram, að ríkissjóður muni leggja meira í kostnað en notendur njóta með þessu fyrirkomulagi. Og jeg hygg, að aðrar leiðir mundu reynast heppilegri, ef menn á annað borð vilja verja ríkisfje til að auka notkun áburðarins. Áður hefi jeg getið um þörfina á því að ljetta á annan hátt undir með bændum, sem búa langt fram til dala. En jeg ætla ekki að tala nánar um það mál, af því að engar till. liggja fyrir um það.

Að lokum vil jeg lýsa þeirri afstöðu minni, að þó að brtt. mín verði samþ., sem jeg tel sjálfsagt og til mikilla bóta, mun jeg samt ekki sjá mjer fært að greiða atkv. með frv. Það er af því, að jeg hefi enga trú á því, að ríkiseinkasala hafi neitt gott í för með sjer og hygg, að notendur áburðarins muni aðeins að litlu leyti njóta þess fjár, sem ríkissjóði er ætlað að leggja fram.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 3. landsk. hefir nú gert grein fyrir brtt. sinni á þskj. 261 og sömuleiðis talað allmikið um kostnaðarhlið málsins. Við ummæli hans ætla jeg nú að gera nokkrar athugasemdir. Um brtt. á þskj. 261 hefi jeg fáu að bæta við það, sem jeg sagði við 2. umr. Hv. frsm. minni hl. landbn. (JKr) hjelt því þá fram, að kaupmenn ættu að fá að versla með áburðinn. Jeg ljet þess þá getið, að jeg mundi ekki gera þetta ákvæði að kappsmáli. En þegar ríkið leggur fram fje til þess að ljetta mönnum áburðarkaupin, er ætlunin auðvitað ekki sú, að það renni til milliliða. Og það verður að gera mikinn greinarmun á kaupmönnum, er versla með vöruna eingöngu fyrir sjálfa sig, til þess að græða á henni, og hinsvegar bæjar- og sveitarfjelögum, sem hafa hag almennings fyrir augum, eða búnaðar- og samvinnufjelögum, sem stofnuð eru af notendunum sjálfum. Jeg vil í þessu sambandi nefna þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið vegna

gaddavírskaupa fyr á tíð, sem alkunnar eru. Þrátt fyrir þetta held jeg raunar, að frv. mundi ná tilgangi sínum, þó að brtt. á þskj. 261 yrði samþ. En það er ekki til mikils að vinna að greiða henni atkv., þar sem háttv. 3. landsk. hefir lýst yfir því, að hann mundi verða á móti frv., hvort sem hún yrði samþ. eða ekki. Jeg er svo sem ekki að ámæla honum fyrir þetta, því að það sama gerði jeg í einu máli í Nd. í fyrra. Jeg bar fram brtt., en gat þess, að jeg mundi greiða atkv. móti frv., þó að hún yrði samþ. Það hafði því enga þýðingu fyrir menn að greiða atkv. með þeirri till. til þess að slægjast eftir mínu fylgi, og eins er ástatt með þessa brtt. hv. 3. landsk.

Þá gerði hv. 3. landsk. athugasemd við 3. gr. frv. Hann áleit, að það ætti að skylda einkasöluna til þess að hafa ávalt nægan áburð fyrirliggjandi. Getur verið, að þetta væri formlega rjett. En það er óþarfi. Einkasölurjettinum hlýtur auðvitað að fylgja skylda til að hafa vöruna á boðstólum, enda mundi aldrei koma annað til mála. — Um brtt. á þskj. 261 hefi jeg áður sagt það, sem nauðsynlegt er. Jeg geri ekki að kappsmáli, hvort hún verður samþ. eða ekki, en tel þó rjettlátara það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá kom hv. þm. að almennum atriðum, og þó einkum sögu málsins. Á þinginu 1926 var þessi hv. þm. fylgjandi einkasölu, eins og hún var borin fram af landbn. Nd. Á þinginu næsta á undan, þ. e. 1925, hafði jeg borið frv. fram, og þá ekki með tilliti til þeirra atburða, sem gerðust í áburðarmálinu um það leyti. En þeir höfðu vafalaust áhrif á ýmsa menn í Nd. 1926. Jeg get ekki verið honum sammála um það, að nú horfi málið öðruvísi við, af því að þeir atburðir sjeu úr sögunni. Jeg veit ekki betur en að það firma, sem þá náði yfirráðum áburðarsölunnar, hafi enn sömu aðstöðu og áður. A. m. k. hefir Búnaðarfjelaginu ekki tekist að ná þeirri aðstöðu, sem það hafði.

Hv. þm. sagðist ekki sjá ástæðu til þess, að ríkið tæki nú áburðarverslunina í sínar hendur, nema út frá því sjónarmiði, að einkasala væri yfirleitt álitin betri en frjáls verslun. Þetta skýrði jeg nokkuð við 2. umr. málsins. Um þetta mál stendur svo sjerstaklega á, að tilgangi þess verður að ýmsu leyti ekki náð til fulls, ef verslunin er frjáls. Einkasalan kemst vafalaust að betri innkaupum en einstakir menn. Og það, að ríkið tekur málið á þann hátt í sínar hendur, verður mönnum hvöt til þess að nota áburðinn. Og sá er fyrst og fremst tilgangurinn. Þegar jeg bar frv. fyrst fram, gerði jeg ekki ráð fyrir einkasölu. En af áliti landbn. 1926 og af mínum eigin athugunum og sömuleiðis af því, að áburðarverslunin er nú í höndum eins firma, hefi jeg sannfærst um, að einkasala sje tryggari. Jeg vil taka það fram, að einkasöluna á ekki að stofna til þess að græða fje handa ríkissjóði, heldur til þess að lækka áburðinn í verði. Hv. þm. gerði í ræðu sinni ýmsar athugasemdir við kostnaðarhliðina. En jeg held, að alt hans mál um það, að frv. mundi verka öfugt við tilgang þess, hafi við lítil rök að styðjast. Hann sagði, að ríkið mundi kosta meiru til en sem svaraði hagnaði notenda, og einkasalan væri nýr milliliður og að áburðurinn mundi hækka, í stað þess,

að hann ætti að lækka. Hvorugt er rjett hjá hv. þm. Einkasalan verður ekki nýr milliliður. Hún kemur í staðinn fyrir það firma, eða rjettara þau firmu, sem nú hafa söluna, en hún verður ódýrari milliliður en þau. Sömuleiðis verður hún ódýrari en margir smámilliliðir, m. a. af því, að hún kemst að betri kjörum um flutninga.

Þó að nefnd sje alt að 5% álagning í frv., er þar aðeins átt við hámarksálagningu. Jeg geri ekki ráð fyrir, að leggja þurfi svo mikið á áburðinn. Og ef einkasalan verður vel stæð fjárhagslega, er sjálfsagt, að ríkið lækki áburðinn í verði. Einkasalan á ekki að vera gróðafyrirtæki, en hún á ekki heldur að vera áhættufyrirtæki, og því ber að banna skuldaverslun.

Hv. þm. spurði, hvort flutningsgjald ætti að greiða eingöngu til þeirra hafna, sem skip ríkisins og Eimskipafjelagsins kæmu á. Já, það er ætlunin. En um þetta atriði vil jeg þó leyfa mjer að vísa til þeirra aths., sem hv. frsm. meiri hl. landbn. gerði í framsögu sinni við 2. umr.

Hv. þm. gat þess, að þegar notkun áburðarins færi að aukast, yrði hentugra og ódýrara að flytja hann með sjerstökum skipum, heldur en að ætla strandferðaskipunum að annast flutninginn. Þetta getur verið rjett. En ákvæðin um flutningsgjöldin eru heldur ekki sett nema til fárra ára. Verði notkun áburðarins farin að aukast að mun að þeim tíma liðnum, er tími til að athuga, hvað gera skuli. Með þeim lögum, sem nú eru sett, er ekki verið að binda ríkissjóð um aldur og æfi.

Mjer var það kært, er hv. þm. mintist á það að halda flutningunum til Eimskipafjelagsins. Hann er sjálfur í stjórn þess, og vona jeg því, að hann hafi ekkert við það að athuga, þó að það njóti góðs af frv.

Það er oft svo, að þegar menn koma fram með ný áform, byggjast þau að meira eða minna leyti á spám. Í þessu máli erum við báðir spámenn, háttv. 3. landsk. og jeg. Hann er svartsýnn á árangur frv., en jeg bjartsýnn. Það hefir litla þýðingu, að við sjeum að leiða saman hesta okkar í þessum umræðum. Rjettast er að láta atkvgr. skera úr um það, hvor ráða skuli, og reynsluna dæma um, hvor á rjettara hefir að standa um spárnar.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Meiri hl. landbn. leggur á móti brtt. hv. 3. landsk. af sömu ástæðu og getið var um við 2. umr. Ef kaupmenn ættu að fá að selja áburðinn, panta eftir eigin vild, liggja með hann o. s. frv., væri alveg breytt um aðferð í málinu. Með frv. er auðsjáanlega ætlast til, að fjelögin, sem annast útbýting áburðarins, geri sjer hugmynd um, hve mikið menn vilja og þurfa af honum, áður en þau senda pantanir sínar. Því á ekki að þurfa að falla á hann kostnaður, svo að nokkru nemi, því að varla fara t. d. hreppa- og búnaðarfjelög að leggja á hann í ágóðaskyni.

Það er vitanlegt, að 5% álagning hjá einkasölunni er hámark. Hún verður minni en það, ef kostnaðurinn verður minni. Því fer fjarri, að það sje rjett hjá honum, að álagningin hafi verið minni hingað til. Jeg ætla, að ágóðaálagið hafi verið svona hátt, auk kostnaðar. Því er nú svo farið með

kaupmenn, að þeir reikna sjer ávalt sjerstakt ágóðaálag auk alls kostnaðar. En það gerir einkasalan vitanlega ekki. Hún á ekki að græða á sölunni. En það á að ýta undir bændur að kaupa áburðinn með því að greiða farmgjöldin.

Jeg þori ekki að fullyrða, hvort áburðarverslunin muni nú sem stendur vera eingöngu í höndum eins fjelags, eða hvort aðrir sjeu útilokaðir frá því að fá þátt í henni. En jeg hygg, að norska fjelagið, sem aðallega hefir selt áburð hingað, sje nú gengið í hinn mikla áburðarhring, og hann mun ætla sjer að selja hingað gegnum fjelag í Danmörku. Eins og sagt er í greinargerð frv., eru líkur til, að einkasalan mundi komast að samningum við verksmiðjurnar sjálfar. Ef ríkið ekki tekur að sjer innflutning á tilbúnum áburði, er ekki víst, að nein alvarleg tilraun verði gerð til þess að ná versluninni frá milliliðnum í Danmörku, því að þeir, sem nú selja áburðinn hjer á landi, kæra sig e. t. v. ekkert um það.

Þá var hv. þm. að tala um það, að ódýrara yrði að flytja áburðinn með sjerstökum skipum. Ójá, getur verið, að svo verði síðar. En þó er þess að gæta, að áburðinum þarf að dreifa víða út um land, og því ákaflega vafasamt, að borgi sig að hafa sjerstakt skip til þess á meðan notkunin er lítil. Og færi nú svo, að sjerstakt skip þyrfti, hefir Eimskipafjelagið t. d. Selfoss til taks, svo að ekki þarf að leita til annara fjelaga þess vegna. En jeg hefi enga trú á því, að það mundi vera hagur, eins og nú standa sakir, að leigja t. d. eitthvert hinna ódýru norsku flutningaskipa og láta það sleikja hverja höfn.

Mjer þótti vænt um þá viðurkenningu frá hv. 3. landsk., þegar hann taldi óheppilegt, að eitt fjelag eða verslun fengi einkayfirráð yfir einhverri vörutegund, eða færi, eins og hann orðaði það, út fyrir takmörk heiðarlegrar verslunar. Hann hefir þá eftir þessu ekki mikið álit á hinum svo nefndu „trusts“ í Ameríku, því að enginn vafi er á því, að þeir fara út fyrir takmörk heiðarlegrar verslunar, að hans dómi. En grunur minn er sá, að ekki fari fjarri því, að nú sje að myndast einn slíkur hringur hjer í Reykjavík. Eftir því sem jeg frekast veit, er farið að muna merkilega litlu á verði hjá sementskaupmönnum hjer í bæ. En mjer er mikil ánægja að því, að mega vænta liðveislu hv. 3. landsk., ef á þyrfti að halda að afstýra því, að vara kæmist í hendur hrings og út fyrir takmörk heiðarlegrar verslunar.

Erlingur Friðjónsson: Jeg vil segja hjer nokkur orð, af því að öðruvísi horfir gagnvart mjer en sumum öðrum hv. þm. um sölu áburðarins innanlands. Í frv. er gert ráð fyrir, að samvinnufjelög bænda hafi söluna með höndum, en ekki kaupfjelög verkamanna, en eins og kunnugt er, veiti jeg einu slíku kaupfjelagi forstöðu. Gagnvart þessu atriði ætlaði jeg að gefa þá yfirlýsingu, að jeg gæti vel fallist á að fella burtu heimild kaupfjelaganna til áburðarsölu. Jeg álít, að áburðarsalan ætti að vera í höndum deilda Búnaðarfjel. og hreppsfjelaganna. Ætti að mínum dómi ekki að ganga lengra í að dreifa sölunni en

þörf krefur. — Þarna sýnist engin ástæða til að láta kaupmenn eða kaupfjelög hafa hönd í bagga. Það mun vera leitun á vöru, sem eins ljett er að hafa sölu á eins og tilbúnum áburði. Mest af honum er flutt inn að vorinu, en aðeins lítið eitt á haustin. Útbýtingin er því bæði einföld og ljett. Það mundi og lyfta undir samheldnina og samtökin í deildum B. Í. um ræktun landsins, ef þær hefðu þetta með höndum. — Að þessu leyti get jeg fallist á till. hv. 3. landsk., að jeg vil, að kaupmenn og kaupfjelög hafi nákvæmlega sömu aðstöðu gagnvart áburðarversluninni.

Jón Þorláksson: Jeg mun fyrst svara hv. 5. landsk. og hv. þm. Ak. — Hv. 5. landsk. ljet sem sjer þætti mjög vænt um yfirlýsingu mína um það, að jeg vildi hafa heiðarlega verslun. Hann hefir nú haft þá ánægju áður að heyra þetta, því að jeg gaf sömu yfirlýsinguna í hv. Nd. á þingi 1926, einmitt út af þessu sama máli. Verslunin á að vera þannig frjáls, að samkepni komist alstaðar að. Jeg og skoðanabræður mínir álítum samkepnina þann gangstilli á verðlaginu, sem seinast muni svíkja.

Hv. þm. spurðist fyrir um álit mitt á olíuhringunum í Ameríku. Jeg veit mjög lítið um þessa hringa og get því ekki haft fullkomlega rökstudda skoðun um þá. Þó veit jeg það um hinn fyrsta þeirra, að hann leysti af hendi þau þrekvirki um flutning steinolíu, að eftir það er fyrst hægt að segja, að hún verði útbreidd og almenningsvara. Jeg skil ekki, hvað hv. 5. landsk., sem alt þykist vilja skipulagsbinda og helst vill, að ekki fari nema einn aðili með verslunina í hverju landi, getur haft á móti þessu. Annars þekki jeg ekkert til þessa, svo sem jeg tók fram, nema jeg hefi kynt mjer nokkuð þetta „tekniska“ atriði, þegar fyrsti stóri olíuhringurinn leiddi olíuna í pípum langt vestan úr landi niður á austurströnd Ameríku.

Um sementsverslunina get jeg sagt hv. þm. það, að hún er svo frjáls, að hann getur farið til sömu verksmiðjunnar og verslun sú, sem jeg er meðeigandi í, eða til verksmiðjanna við hlið hennar, sem mest selja hingað, og fengið sementið við nákvæmlega sama verði. Í þessum iðnaði er nefnilega hringur um það, að enginn megi hafa fasta umboðsmenn eða gefa nein umboðslaun hingað til landsins. Hitt er ekki nema eðlilegt, að svipað verð sje hjá öllum, sem hjer versla með sement, og að þeir reyni helst að spara sem mest flutningskostnaðinn, með því að flytja sem mest af vörunni með stórum skipum.

Það er einmitt þekking mín á svona iðnhringum, sem gerir það að verkum, að jeg hefi enga trú á, að takast megi að fá áburðinn við lægra verði, þótt landið taki verslunina í sínar hendur. Það yrði svo óendanlega lítið, sem landið þyrfti að nota, varla meira en eins og einn hreppur í Danmörku. Og má nærri geta, hvort áburðarverksmiðjurnar færu að gefa svo smáum viðskiftavini sjerstök vildarkjör.

Jeg staðhæfði, að einkasala á áburði yrði aðeins til að bæta við nýjum millilið, en hæstv. ráðh. mótmælti því. Jeg hefi það frá því samvinnufjelagi bænda, sem mest flytur inn af áburði,

að milliliðir sjeu ekki til um þýska köfnunarefnisáburðinn, sem núna er mest notaður hjer. Og þá er ljóst, að a. m. k. þar yrði einkasalan nýr milliliður.

Mjer þótti leitt, að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara þeirri fyrirspurn, hvort heimildin til að borga undir áburðinn yrði eingöngu notuð um flutninga með skipum Eimskipafjelagsins og ríkissjóðs. Vísaði hæstv. ráðh. um það til hv. frsm. meiri hl. En hann fer nú heim af þingi bráðlega, og þá verður valdið eftir hjá hæstv. atvmrh. Stendur honum því nærri að segja til um þetta. Jeg játa, að ákvæðið er ekki eins varhugavert, ef það verður aðeins látið ná til íslenskra skipa.

Þá vil jeg minnast á nokkur orð, sem töluð voru um milliliðastjettina af þeim hæstv. forsrh., hv. þm. Ak. og hv. 5. landsk. „Við erum ekki að gera þetta fyrir milliliðastjettina eða kaupmennina", segja þeir. En enginn þeirra hefir gert neitt til að andmæla því, að þegar vara er höfð til sölu hjá kaupmanni, þá er það gert til þess, að viðskiftamennirnir geti náð í hana. Ef á að varna þeim, sem versla við kaupmenn, að ná í áburðinn, verður frv. áreiðanlega meira til að draga úr notkun hans en auka hana. Það er ekki nóg að segja mönnum, að þeir geti farið til hreppsfjelagsins eða búnaðarfjelagsdeildarinnar og sagt þeim að panta fyrir sig. Meiri hl. hreppsbúa getur verið í samvinnufjelagi og fengið áburðinn þar, og má vel vera, að hann hafi rjettmætar ástæður á móti því, að hreppsfjelagið fari að fást við áburðarverslun.

Hæstv. ráðh. vændi mig um það, að eitthvað annað lægi á bak við mína afstöðu en jeg ljeti uppi. En jeg vil þá segja, að þegar á að fara að gera erfiðara að fá þessa nauðsynjavöru en alla aðra, þá liggur þar eitthvað á bak við. Jeg tók það fram í byrjun, að það er ekki vegna kaupmannanna, að jeg vil, að þeir fái að versla með þessa vörutegund. Álagningin á henni verður svo lítil, að enginn beinn hagur verður af því að hafa hana til sölu. En það er hagur fyrir viðskiftamenn kaupmannanna að geta fengið áburðinn hjá þeim.

Jeg dreg af þessu þá ályktun, að með frv. sje ekki verið að greiða á eðlilegan hátt fyrir notkun tilbúins áburðar í landinu, heldur er verið að neyða menn til að standa betur saman um tiltekinn verslunarhring, sem á að geta boðið skiftavinum sínum þessa vöru.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla að grípa þar fyrst niður, sem hv. 3. landsk. endaði. Hann sagði, að verið væri að hlynna að samvinnufjelögunum með því að taka af kaupmönnunum þá verslun, sem þeir hafa, að eigin sögn hv. þm., óhag af að fara með. Jeg vænti, að allir hv. þdm. sjái, hve illyrmislega þessar röksemdir hv. þm. stangast. **(JÞ:** Áburðurinn á að draga skiftavinina til kaupfjelaganna). Það eru líka margvíslegar aðrar vörur, sem aðeins fást á einum stað. Það er t. d. svo um jarðræktarverkfæri. Samband ísl. samvinnufjelaga hefir því nær alla verkfæraverslunina úti um land. Enginn hefir kvartað undan þessu. Úti um land er það svo, að því nær enginn

skiftir eingöngu við kaupmann eða eingöngu við kaupfjelag, þar sem hvorttveggja er.

Jeg bauð hv. 3. landsk. við 2. umr. að fylgja brtt. frá honum um þá millileið, að samvinnufjelögin skyldu skyldu til að selja öllum áburðinn við sama verði. Hv. þm. hefir ekki flutt neina brtt. í þá átt, og vil jeg segja, að þetta sýnir, að þarna liggur eitthvað annað á bak við. Jeg er ekki í vafa um, hvað það er.

Jeg var því miður ekki inni í deildinni, meðan hv. 3. landsk. flutti fyrri hluta ræðu sinnar. Þegar jeg kom inn, var hann að tala um það, að ekki væri annað en hugarburður, að einkasalan gæti átt kost á betra verði á áburðinum en innflytjendur nú. Þær ráðstafanir, sem hjer er farið fram á til að auka notkun áburðarins, hljóta að gera það að verkum, að seljendurnir verði liðlegri í viðskiftum. Fjelag það í Suður-Svíþjóð, sem aðallega hefir haft með höndum útsöluna um Norðurlönd, hefir gert mjög mikið til að auka útbreiðslu áburðarins. T. d. hefir það gefið út margar stórar bækur um notkun tilbúins áburðar og kostað til ærnu fje. Svo ætti enginn að þurfa að efast um, að það er mikill munur á að versla við ríkið, sem alt borgar út í hönd, eða einstaklinga, sem vafi er á, hve góðir borgunarmenn eru, eða a. m. k. verða að fá gjaldfrest. Það er auðskilið mál, að seljandi verður að leggja á vöruna fyrir slíkum vanhöldum, ef hann verslar við einstaklinga.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil benda hv. 3. landsk. á, að í síðari ræðu sinni var hann að verja hringana, sem hann vildi lasta í hinni fyrri. Síðari ræða hans hafði það m. a. að markmiði að sýna, að þeir hefðu leyst af hendi þrekvirki í verslunarmálum. Þetta er nokkuð hvort á móti öðru hjá hv. þm.

Jeg talaði ekki um óheiðarlega verslun og áfeldist ekki heldur hringana. Þeir eru afleiðing af því ástandi, sem nú ríkir alment í verslunarmálum. Það er beinlínis lögmál, að menn slá sjer þannig saman vegna eigin hagsmuna. Er ómögulegt að koma í veg fyrir þetta, nema því aðeins, að þjóðfjelagið taki í taumana. Þegar einhver hringur hefir náð í sínar hendur versluninni með vissa vörutegund, þá kemur einmitt sjerstaklega til álita, hvort ekki sje hentugt að stofna þar til ríkiseinkasölu.

Hv. 3. landsk. talaði um, að í þessu máli ætti að haga áburðarsölunni eingöngu eftir þörfum viðskiftamannanna. Ef nú farmgjaldið er greitt og áburðurinn síðan seldur kaupmönnum, þá fer allur gróðinn út í veður og vind. Ef kaupmenn þurfa að liggja með áburðinn, er ekki vafamál, að þeir leggja á hann fyrir flutningsgjaldinu líka. — Engin vandkvæði verða á því fyrir nokkurn bónda að afla sjer áburðar eftir frv., og það veit hv. 3. landsk. ofurvel sjálfur.

Þá vil jeg benda á, að 5% álagningarheimildin lítur nokkuð öðruvísi út, ef áburðurinn er gerður að almennri verslunarvöru. Þá má skilja ákvæðið svo, að smásalarnir hafi heimild til þessarar álagningar, en ríkið ekki til neinnar, gagnstætt því, sem í frv. segir eins og það er nú. Hjer er það ekki venjuleg verslunarleið, sem farin er, því að búnaðarfje-

lögunum, bæjar- og hreppsfjelögum og samvinnufjelögum bænda er ætlað að deila út áburðarpöntununum, án þess að þeim sje ætluð þóknun fyrir.

Ef brtt. hv. 3. landsk. nær fram að ganga, þá gerir það verslunina erfiðari, og það er áreiðanlegt, að varan verður við það dýrari.

Erlingur Friðjónsson: Hv. 3. landsk. hjelt fram, að það væri gert fyrir notendurna, að kaupmenn fengju einnig leyfi til að selja áburðinn. Jeg hefi hugsað mjer, að það væri óhjákvæmilegt, að notendur gerðu fyrirfram pantanir í áburðinn, og eftir þeim væri síðan farið um útvegun hans. En mjer skilst, að hv. 3. landsk. álíti, að áburðurinn eigi að vera til sölu alt árið og á boðstólum eins og hver önnur verslunarvara, svo að notendur gætu altaf fengið hana. Jeg er sannfærður um, að hjer verður ekki sá háttur upp tekinn. Kaupmenn munu fljótlega sjá, að þetta borgar sig ekki.

Þegar notendur eiga greiðan aðgang að samtökum innan hrepps- og bæjarfjelaga og í búnaðarfjelögunum með útvegun á áburðinum, þá fæ jeg ekki annað sjeð en ákvæði frv. þar að lútandi sjeu nægilega rúm. Að halda því fram, að þetta fyrirkomulag dragi úr notkuninni, eru draumórar einir. Frá þessu atriði virðist svo vel gengið í frv., að hverjum einum ætti að vera í lófa lagið að geta fyrirhafnarlítið náð í áburð eftir þörfum. Nú er því svo varið með áburðinn, að hann er nær eingöngu notaður á vorin, og máske lítið eitt á haustin. En þar sem verslunartíminn er svo takmarkaður, er lítt mögulegt fyrir verslanir að versla með hann sem hverja aðra vöru, er selst árið yfir. Enda hefir áburðarverslunin verið rekin að undanförnu á sjerstakan hátt og í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Bændur hafa slegið sjer saman og gert pöntun hjá umboðsmanni þess firma, er haft hefir áburðarverslunina með höndum hingað til. Það verslunarfirma hefir ekki haft áburðinn fyrirliggjandi til sölu það jeg til veit. Enda mjög óeðlilegt, að svo sje, eftir því sem bent hefir verið á hjer að framan.

Halldór Steinsson: Það er þegar búið að ræða þetta mál allmikið, og má því segja, að það sje að bera í bakkafullan lækinn að lengja umr. um það. En þar sem mjer virðist umr. mest hafa hnigið að fyrirkomulagi sölunnar, en síður að aðalkjarna sjálfs frv., þá vildi jeg gjarnan leyfa mjer að lýsa aðstöðu minni til þessa frv. frá almennu sjónarmiði.

Við 2. umr. málsins komu margar nýstárlegar kenningar, en fáránlegust held jeg þó, að sú kenning hafi verið, að kenna þyrfti bændum að brenna sauðataði. Það var, að jeg hygg, hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem fram kom með þá kenningu. Jeg hefi nú hvergi sjeð eða heyrt þessari fjarstæðu haldið fram fyrri og vonast til þess að heyra það ekki oftar, og síst á hinu háa Alþingi.

Við 1. umr. þessa frv. var nokkuð rætt um það, hvort notkun tilbúins áburðar mundi borga sig. — Jeg fyrir mitt leyti tel engan vafa á því, að í kringum kauptún og kaupstaði, þar sem hægt er að ná í daglegan markað fyrir afurðirnar og hátt verð er á

þeim, þá muni það borga sig vel að nota tilbúinn áburð, — svo vel, að ekki ætti að þurfa að styrkja menn af ríkinu til að nota hann. — Nú er tilgangur þessa frv., eins og kom fram hjá hv. frsm., sá, að stuðla að aukinni ræktun. Sá tilgangur er að vísu góður, en jeg er hræddur um, að lög þau, sem frv. þetta er vísir til, komi ekki að tilætluðum notum. Þó notkun tilbúins áburðar borgi sig vel þar, sem nærlægur og góður markaður er fyrir afurðirnar, þá er alt öðru máli að gegna um afskekt hjeruð, er liggja fjarri höfnum. Þó því þessi tilslökun á verði áburðarins fáist, þá er jeg hræddur um, að það komi ekki að almennum notum uppi til sveita. Samgöngurnar víða eru svo bágbornar enn, að svo má segja, að hver hestburður kosti of fjár í flutningi. Aðalhagnaðurinn fyrir bændur hefði því verið það, sem talað var um við 2. umr., að styrkja bændur til að flytja áburðinn upp til sveitanna. Við hafnir eru nú nokkurnveginn góðar og greiðar samgöngur og síst þörf að greiða flutningsgjöld þangað. En til efstu dala er svo dýrt og erfitt að koma áburðinum, að það hefði þurft að styrkja. Og þar sem engin brtt. liggur fyrir til að ráða bót á því, þá treysti jeg mjer ekki til að greiða atkv. með frv.

Páll Hermannsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa frv., að jeg vildi gjarnan gera á því nokkrar breytingar, sem jeg hugði, að gætu orðið til bóta, og að jeg mundi bera þær fram í samráði við þá menn, er málið hefðu sjerstaklega til meðferðar. En þann dag, sem þetta hefði þurft að gerast, var mjer það ekki hægt af sjerstökum ástæðum, og fórst því fyrir. Jeg reyndi að komast í samband við nefndina um þessi atriði, og held jeg, að að minsta kosti meiri hl. nefndarinnar hafi litið svo á, að rjett væri að taka þau til greina. En af sjerstökum ástæðum var þó horfið frá að gera brtt. við frv. nú. Þessar ástæður voru þær, að nefndinni var kunnugt um það, að svipaðar en víðtækari brtt. myndu koma fram við frv. í Nd., og að þar yrði því bætt úr þeim göllum, er mjer þykir vera á frv. nú. Jeg taldi því ekki saka, þótt þessar umbætur biðu, en mun greiða atkv. með frv. nú, í þeirri von, að bætt verði úr þessu í hv. Nd.

Hjer hefir verið rætt talsvert um eitt atriði þessa frv. En samkv. áður sögðu, þá get jeg leitt hjá mjer að tala um það, enda er það ekki stórt atriði og jeg býst við, að með frv. verði sjeð fyrir því, að allir, sem vilja og þurfa, hafa sæmilega greiðan aðgang að því að geta náð í tilbúinn áburð. Jeg geri ráð fyrir umbótum í þá átt í Nd. og mun því verða á móti till. hv. 3. landsk.

Um frv. þetta eru þegar orðnar langar umr., og mun jeg því ekki lengja þær meira.

Ingvar Pálmason: Það er gleðilegt, hve mikill áhugi er fyrir þessu máli hjá hv. þm., sem meðal annars kemur fram í því, hve umr. um það eru orðnar langar. Jeg hafði nú að vísu ekki ætlað að taka til máls, en hv. þm. Snæf. gaf mjer sjerstaklega ástæðu til að segja nokkur orð. Hv. þm. sagði, að margar till. og skoðanir hefðu komið fram í þessu máli. En sú fáránlegasta till., sem fram hefði

komið, væri frá mjer og í því fólgin, að jeg hefði talið, að bændur ættu að brenna sauðataði. Þessa till. taldi hann svo fáránlega, að hún ætti ekki oftar að heyrast í sölum Alþingis. Það hefir víst átt að vera slagorð hjá hv. þm. að kalla þessa skoðun fáránlega. En sá galli var á hjá hv. þm., að þessu orði fylgdi enginn rökstuðningur. Og það, sem meira var, þá hjálpaði hv. þm. mjer sjálfur um rökstuðning í ræðu sinni fyrir þessari „fáránlegu“ kenningu. Sá rökstuðningur sýnir, að það er happasælla að nota tilbúinn áburð og brenna sauðataðinu heldur en kaupa kol og bera sauðataðið á túnin. Hv. þm. sagði, að á meðan samgöngur upp til sveita væru jafnerfiðar og nú, þá gætu bændur naumast flutt tilbúinn áburð heim til sín, þar sem heimflutningur á hverjum hestburði kostaði of fjár, eins og hann komst að orði. Þá sjá allir, hve fráleitt það er að flytja kol til eldsneytis sömu leiðir, því kolin eru margfalt dýrari í flutningi heldur en tilbúni áburðurinn. Jeg geri ráð fyrir því, að 1 tonn af kolum muni spara í sauðataði áburð, sem nemi 1½ dagsláttu. En samkvæmt reynslu minni á tilbúnum áburði, þá svarar það 1½ tunnu. Geta svo allir reiknað, um hve mikinn flutningskostnaðarmismun er að ræða. Ef þetta er fáránleg kenning og stór orð, þá er nú hætt við, að fleiri sjeu sekir um eitthvað svipað. Ef um nægan eldivið annan en sauðataðið er að ræða, kemur þetta vitanlega ekki til greina. Jeg benti aðeins á, hvort jeg teldi hagkvæmara, kaup á kolum eða tilbúnum áburði, ef um kaup á öðruhvoru væri að ræða. Jeg mun því hvorki blikna nje blána vegna staðhæfinga háttv. þm. Snæf. Jeg þarf þess ekki, þegar rök mín eru rjettilega metin.

Jón Þorláksson: Hæstv. forsrh. misskildi orð mín og afstöðu til verslunar kaupmanna á útlendum áburði. Jeg átti við það, að álagningin væri svo lítil, að kaupmönnum væri þess vegna engin eftirsjón að því að vera lausir við verslun á honum, þar sem verslunarhagnaðurinn yrði svo lítill, að verslun með tilbúinn áburð yrði kaupmönnum fremur til þyngsla. Jeg hjelt ekki, að jeg þyrfti að fara að gera grein fyrir því, hvernig verslun bænda er háttað, sem er á þann veg, að á vorin, þegar þeir verða að gera kaup á tilbúna áburðinum, hafa þeir engan gjaldeyri. Þeir verða því að leita til þeirra, sem þeir versla við, kaupmanna eða kaupfjelaga, um gjaldfrest til hausts. — Þeir bændur, sem versla við kaupfjelög, munu því venjulega geta fengið áburðinn með þessum gjaldfresti, en hinir ekki, sem við kaupmenn versla. Þeir bændur munu því yfirleitt verða útilokaðir frá að fá áburðinn til notkunar, meðan ekki er kostur á rekstrarfje öðruvísi en nú er. Þetta mun því draga úr notkun tilbúins áburðar. Úr því vildi jeg bæta með brtt. þeirri, er jeg hefi borið fram.

Þá talaði hæstv. forsrh. um það, að hann gæti verið hlyntur brtt., sem trygði bændur fyrir því, að þeim væri seldur áburðurinn með mismunandi verði. En jeg geri ráð fyrir því, að áburðurinn verði seldur með sama verði til allra, er fá að kaupa hann. Því hefir verið haldið fram, að kaupmenn myndu leggja á þetta meira en

aðrir. En slíkt er alveg fyrirbygt. Viðskiftamennirnir munu sjálfir sjá um það, að þeir fái sömu kjör hjá sínum kaupmanni og aðrir fá annarsstaðar.

Þá þótti mjer hv. þm. Ak. vera heldur svartsýnn um sölu áburðarins. Hann heldur, að það geti gengið til lengdar, að enginn tilbúinn áburður sje til boða annar en sá, sem pantaður er fyrirfram, og því aðeins fluttur og afhentur samkvæmt ákveðnum pöntunum. En þetta held jeg sje fjarstæða. Ef vara á að ganga út og menn eiga að læra að nota hana, þá þarf hún að vera á boðstólum og fyrirliggjandi, einnig handa þeim, sem ekki hafa getað ráðið það við sig fyrirfram, hvort þeir ætluðu að nota hana eða ekki.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg vildi víkja örfáum orðum að orðastað þeirra hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. S.-M., þar sem þeir deildu um, hvort betur myndi borga sig að nota kol eða tilbúinn áburð í stað sauðataðs til eldneytis eða áburðar. Jeg vil þá geta þess, að til þess að rækta eina dagsláttu í túni er talið, að nægi sauðatað undan 20—25 kindum. Til ræktunar á sama bletti mun þurfa áburð, sem kostar á höfn 40 til 50 kr. Áburðurinn undan hverri kind nemur því að verðmæti 2 kr. Áburður undan 150 kindum nægir því til að rækta 6 dagsláttur og sparar 300 kr. í kaupum á tilbúnum áburði, að viðbættum þó flutningskostnaði frá höfn, sem getur kostað mjög mikið um langa og torfæra vegi. Talið er, að þurfa muni helmingi meira af sauðataði en kolum til að gefa sama hita. Það, sem þvingar menn til að brenna sauðataðinu, er ekki dýrleiki kolanna, heldur vöntun á vegum. Ef vegirnir væru komnir í gott horf, þá væri engin frágangssök fyrir bændur að kaupa kol og spara sauðataðið. Með kolum má brenna mjög ljelegum eldivið, sem notast betur með kolunum og eykur því notagildi hans fram yfir hitagildið. Það mundi því verða mjög happasælt fyrir ræktunina að nota sauðataðið sem mest til ræktunar og kaupa kol til eldsneytis, meðan „hvítu kolin", sem eru framtíðarinnar eldsneyti, eru ekki komin til almennrar notkunar.

Það er því sýnilegt, að þessu sama takmarki má ná á ýmsan annan hátt en frv. þetta bendir til: Bættir vegir, bættar eldstór, því eldstór, sem nú eru víða, brenna meiru en þörf er á. Nota betur heimafenginn áburð, hirða hann vel að drýgja. Og þá að lokum að nota tilbúinn áburð þar, sem það borgar sig. En vitanlega borgar það sig betur við sjó en uppi til sveita. Með frv. þessu er bændum boðið til veislu, þar sem búist er við góðum veitingum. En svo fer í þessu boði, að þeim er aðeins leyft að horfa á, meðan aðrir gæða sjer á rjettunum. Og svo eiga þeir að sjálfsögðu líka að þakka fyrir, þótt þeir fengju aðeins að horfa á. Hæstv. fors.- og atvmrh. sagði, að þetta ætti að vera tilraun. En þar sem hjer verður aðeins um einkasölu að ræða, þá verður ekki um neinn samanburð að ræða, og því ekkert svar. Jeg bjóst ekki við því, að það yrði til neins að koma fram með brtt. Taldi víst, að hún yrði ekki samþykt, og gerði það

því ekki. Skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en leyfa, að málið gangi til atkv. frá minni hálfu.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það væri mikil ástæða til að mæla gegn frv., ef það yrði til þess, að bændur landsins keyptu minna af tilbúnum áburði en eftir till. hv. 3. landsk. En nú hefir verið sýnt fram á, að verð tilbúins áburðar verður hærra eftir uppástungu hans og verður þar af leiðandi ekki eins mikið notaður áburðurinn og eftir því fyrirkomulagi, sem hjer um ræðir.

Þá kemur það atriði, hvort allir geti ekki átt aðgang að kaupum á áburðinum. Í flestum hreppum eru búnaðarfjelög, í mörgum þeirra samvinnufjelög, og allir eru þó í hreppsfjelaginu, svo að möguleikarnir eru margir til þess að komast að kaupunum. En þá er spurningin, hvort allir munu hafa tækifæri að afla sjer áburðarins af því að áskilin er greiðsla út í hönd við móttöku.

Þegar þarf að gera pantanir, geta menn í sama hreppi komið sjer saman um, hvað mikið á að panta, og gert ráðstafanir til þess að útvega peninga handa þeim, sem þá hafa ekki, og þeir menn síðan borgað með afurðunum á haustin. Kostnaðurinn við þetta yrði ekki annar en vextir af þessum peningum. Hv. 3. landsk. og aðrir íhaldsmenn, sem hafa svo mikla trú á lánstrausti bænda, ættu síst að vera svartsýnir um, að þetta gæti tekist, og þar að auki, ef þetta ágæta frv. þeirra um atvinnurekstrarlán nær fram að ganga, er bændum þar með borgið. Það er því ekki af þeirri ástæðu, að bændur verða tregir til að nota áburðinn, en hitt getur vel verið, að þeir verði tregir til þess fyrst í stað. En það þarf ekki nema nokkra bændur í hverjum hreppi til þess að byrja, og þegar bændur sæju, hve árangur af notkun tilbúins áburðar væri góður og betri heyfengur næðist með því móti, mundi hver bóndi klífa þrítugan hamarinn til þess að afla sjer áburðarins.

Erlingur Friðjónsson: Jeg vildi aðeins segja nokkur orð út af því, er hv. 3. landsk. sagði, að jeg hjeldi, að enginn gæti fengið áburð nema með pöntun fyrirfram. Mjer er ljóst, að hægt er að fá hann með því fyrirkomulagi, sem hv. 3. landsk. vill hafa, en þá mundi áburðurinn dýrari en ella. Jeg hefi ekki trú á því, og sennilega enginn, sem þekkir til verslunar, að kaupmenn liggi með áburðinn, svo að hægt sje að fá hann hvenær sem er, án þess að þeir leggi hæfilega mikið, eða ef til vill óþarflega mikið á hann fyrir áhættunni að liggja með hann. Til þess að komast hjá þessu ætlast jeg til, að bændur noti það fyrirkomulag að panta áburðinn sjálfir.

Halldór Steinsson: Hv. 2. þm. S.-M. virtist vera mjög hróðugur og ánægður með sjálfan sig yfir þessum merkilegu útreikningum sínum. Jeg ætla heldur ekki að eyðileggja þá ánægju, en vona hans vegna, að hún geti haldist sem lengst. Annars verð jeg að játa, að jeg skildi ekki útreikninga hans um hlutfallið milli kola og áburðar, og jeg er hræddur um, að það hafi enginn skilið, nema ef til vill hann sjálfur.

En út af ummælum hv. 2. þm. N.-M.

vildi jeg skjóta því til forseta, hvort ekki væri rjett að taka málið út af dagskrá, til þess að hv. 2. þm. N.-M. og fleirum gefist kostur á að koma með brtt., því að það er hart að láta málið fara frá þessari deild í þeirri von, að þeir gallar, sem á því eru, verði leiðrjettir í Nd.

Forseti (GÓ): Jeg sje ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, þar sem það hefir verið hjer til umr. þrisvar sinnum og því nægur tími að koma með brtt. Mjer skildist líka á hv. 2. þm. N.-M., að hann væri ánægður með, að brtt. kæmu í Nd.

Ingvar Pálmason: Það er eitt meginatriði, sem ber á milli mín og þeirra hv. 6. landsk. og hv. þm. Snæf. í þessu máli, og það er, að þessir háttv. þm. halda ekki, að notkun tilbúins áburðar sje óbrigðulasta ráðið til þess að auka ræktun í landinu, en virðast trúa, að innlendi áburðurinn sje nægilegur til þess. Þetta virðist mjer vera aðalmeiningarmunur okkar.

Jeg verð að játa, að það er sannfæring mín, að fyr en íslenskir bændur eru búnir að læra að nota tilbúinn áburð, kemst ekki verulegur skriður á ræktun í landinu. Jeg nota tilbúinn áburð sjálfur og tala hjer af reynslu. Dæmið, sem jeg tók áðan, var mjög auðskilið, svo að jeg veit, að hv. þm. Snæf. hefir ekki viljað skilja það. Jeg gerði ráð fyrir, að á móti 1½ tonni af sauðataði þyrfti 1 tonn af kolum til eldsneytis. Til þess að spara sauðataðið, þarf því 1 tonn af kolum, en til þess að þekja jafnstóran völl og með 1½ tonni af sauðataði þarf 1½ tunnu af tilbúnum áburði. Ef borinn er saman flutningur á kolum og áburði, bitnar sá samanburður á kolunum. Ef kolin væru innlend, gæti jeg skilið, að þessir hv. þm. vildu heldur kol, en nú er ekki því að heilsa. Auk þess, sem mikið sparast á flutningnum, er enn ótalið, hve mikill vinnusparnaður er að nota tilbúinn áburð. Til þess að bera tilbúinn áburð á tún, sem er 1½ dagslátta, þarf 1—2 kl.-tíma vinnu, en þeir, sem nota sauðatað til áburðar, geta reiknað, hve mikinn tíma tekur að bera á og vinna á jafnstóru túni, og geta þeir þá sjeð mismuninn. Hefði jeg gaman af, að hv. þm. Snæf. kæmi með það dæmi. **(HSteins:** Jeg er dauður og þetta er síðasta umr. málsins). Jeg vil geta þess, að jeg hefi notað sjávarúrgang til áburðar, og hefir hann reynst mjög góður til nýræktar, mun betur en útlendur áburður. Til áburðar á ræktaða jörð reynist hann nokkru lakari en tilbúinn áburður, og ef hann er notaður ár eftir ár, hleypir hann túni í arfa.

Tilbúinn áburð hefi jeg notað í 5 ár á sama túnið, og hefir það altaf farið batnandi. Mín reynsla er því sú, að notkun tilbúins áburðar sje eina leiðin til þess að ræktun komist í sæmilegt horf, og þetta er það, sem þarf að prjedika bændum.

Annars verð jeg að segja, að það hefir verið óþarfa þóf um þetta mál. Við þessa umr. gafst ekki annað tilefni til umræðna en till. hv. 3. landsk., og býst jeg við, að hv. deildarmenn hafi þegar tekið afstöðu til hennar, svo óhætt sje að ganga til atkv.

Um frv. er það að segja, að þótt einstakir deildarmenn hefðu heldur

kosið ýms atriði þess á annan veg, þá hafa þeir ekki lagt svo mikla áherslu á þau atriði, að þeir hafi viljað bera fram brtt. — Verður því að láta ráðast, hvernig um það fer í Nd. Í þessari deild er auðsjeð, að menn eru skiftir í flokka. Vill annar flokkurinn vinna að málinu, en hinn hefir enga trú á því.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg vil aðeins geta þess, að þessi síðustu orð hv. 2. þm. S.-M. eru bein rangfærsla á því, sem fram hefir farið í deildinni. Það hefir enginn haft á móti tilbúnum áburði eða að hann væri ekki góður til ræktunar. Hitt er annað, að ekki er ætíð fje fyrir hendi til að kaupa og ekki gott að læra, þegar mögulegleika vantar til þess. Hv. þm. virðist ekki annað þurfa en að bændur læri að nota tilbúinn áburð; hann gætir þess ekki, að peninga þarf til að kaupa hann, og að þeir eru oft af skornum skamti hjá efnalitlum bændum. Og þar sem hv. þm. er að tala um verkasparnað, vil jeg geta þess, að til sveita eru það helst unglingar, sem eru látnir vinna á túnunum, þeir, sem ekki hafa annað fyrir stafni, og fer þá að verða lítið úr þessum verkasparnaði. Jeg legg mesta áherslu á að nota heimaáburðinn, eftir því sem hægt er, og því næst tilbúna áburðinn, eftir því sem efni og föng eru á.

Páll Hermannsson: Vegna þess, að á það hefir verið minst, að það væri ef til vill rjettast að taka málið út af dagskrá, og þetta verið sett í samband við mig, vil jeg geta þess, að jeg óska ekki eftir, að svo verði gert. Jeg gat þess við 2. umr., að þær breytingar, sem jeg óskaði, að gerðar yrðu á frv., yrðu bornar fram í samráði við háttv. nefnd. Og í samráði við nefndina hefi jeg tekið þá ákvörðun að láta við svo búið standa nú. Þar af leiðandi óska jeg ekki eftir, að málið verði tekið út af dagskrá.

ATKVGR.

Brtt. 261 feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, JKr, BK, HSteins, JóhJóh, GÓ.

nei: JJ, MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF, IP, GÓ.

nei: JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 260).

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 447, 419).

Frsm. (Lárus Helgason): Það þarf ekki langa framsögu fyrir þessu frv.

Fyrst og fremst ákveður frv., að stj. sje heimilt að taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði, til þess að koma í veg fyrir óþarfa álagningu af ónauðsynlegum milliliðum. Í öðru lagi er henni heimilað að greiða flutningsgjöldin að landinu og með ströndum fram af opinberu fje, svo landsmönnum verði gert mögulegra að nota áburðinn. Það hefir komið í ljós, að áburðurinn hefir verið lítið notaður til þessa, nema kringum aðalhafnirnar. Er þetta frv. því spor í áttina til að kenna mönnum að nota áburðinn og gera mönnum mögulegt að borga hann. Flutningskostnaðurinn hefir orðið svo dýr, að bændur hafa hikað við að nota hann, þótt það jafnvel víða kunni að hafa borgað sig. Nefndinni var það ljóst, að það mundi verða mjög erfitt, og jafnvel ómögulegt, að gera lögin svo úr garði, að allir landsmenn nytu jafnra hlunninda. Það kom til tals hjá nefndinni, að þeirra mundi verða jafnari not, ef flutningsgjöldin landa á milli væru ekki greidd úr ríkissjóði, en upphæðin notuð til þess að stytta landleiðina hjá þeim, sem erfiðast ættu með aðdrætti. En nefndin sá sjer ekki fært að fara þá leið, nema að litlu leyti, þar sem það yrði svo vafningasamt og erfitt í framkvæmdinni. En nefndin viðurkennir, að brýn nauðsyn beri til að ljetta undir með bændum í Árnes- og Rangárvallasýslum að ná í áburðinn. Skip Eimskipafjelagsins koma ekki í þær sýslur, svo teljandi sje, og það mundi áreiðanlega ekki verða ódýrara að fá aukaskip með áburðinn austur þangað heldur en borga undir hann landleiðina að Selfossi og Þjórsártúni. Því leggur nefndin til, að ríkið greiði flutningskostnaðinn þangað austur. Nefndinni er það ljóst, að það hagar hvergi á landinu til eins og þarna. Engir vegir eru eins fjölfarnir og þessir; þótt bændur austanfjalls vildu nota sína eigin hesta og mannafla til flutningsins, þá er það lítt mögulegt. Það er varla vært á veginum með skepnur, vegna umferðar bifreiða. Flutningurinn yrði því bændum tilfinnanlegur útgjaldaliður. Það kemur altaf ver út fyrir bændur að þurfa að kaupa flutning að heldur en nota sína eigin gripi. Það er því fylsta sanngirni að fara þessa leið hvað þessar sýslur snertir.

Þá virtist nefndinni það rjett að útiloka ekki kaupmenn frá að versla með áburðinn. Það getur staðið svo á, að kaupfjelag er ekkert á ýmsum stöðum, sem skip Eimskipafjelagsins og strandferðaskipin koma á, og er þá eðlilegt og sjálfsagt, að kaupmenn fái hann til sölu, til að gera bændum greiðara fyrir með að ná í hann. En hitt er vitanlegt, að hreppsfjelög og búnaðarfjelög hafa sjaldan yfir miklu húsnæði að ráða, og er því erfitt fyrir þau að taka á móti miklum birgðum í einu.

Í frv. stendur, að leggja megi á áburðinn alt að 5%. Það finst nefndinni óþarflega hátt. Gæti það og leitt til misskilnings hjá bændum, þannig að þeir hjeldu, að okrað væri á áburðinum, þótt ekki væri lagt á hann svo mikið sem heimilað er. Nefndin álítur, að 2% sje nægileg álagning, og leggur til, að frv. sje breytt samkvæmt því.

Aðrar brtt. við frv. hefir nefndin ekki gert. Leggur hún til, að það sje samþykt með brtt. Hefi jeg ekki fleira að segja um frv. að svo stöddu.

Einar Jónsson: Jeg skal lýsa yfir því, að fyrst, er frv. þetta kom fyrir landbn., þá hreif það mig ekki eins sterkt og suma aðra hv. nefndarmenn. Fyrst og fremst er jeg í eðli mínu mótfallinn hverskonar einkasölu sem um er að ræða, ef knýjandi nauðsyn er ekki aðkallandi, og í öðru lagi sá jeg, að lítið væri unnið við það að ljetta flutningsgjöldunum af áburðinum að landinu, ef ekkert væri gert til að ljetta undir með flutninginn upp í landið. Jeg gat ekki komist hjá að taka eftir þeim annmarka frv., að þeim mönnum, sem ekki hafa ástæðu til að versla í kaupfjelögum, er meinað að afla sjer áburðarins gegnum kaupmann sinn. Það er óhentugt, að kaupmönnum sje bannað að hafa á hendi sölu áburðarins. Það er öfugri leið að þurfa að snúa sjer til hreppsfjelagsins. Hjer hagar víðast svo til, að bændur komast að þægilegum samningum við kaupmann sinn um að fá vörurnar teknar út, er þeir þurfa á þeim að halda, gegn því að borga þær á vissum gjalddaga. En það hafa ekki allir ástæður til að versla við kaupfjelög. En ef hreppsfjelögin eiga að fara að versla með áburðinn, þá verður að útvega þeim fje til þess. Annars verð jeg, sem oddviti í mínu hreppsfjelagi, að mótmæla því, að þeim sje gert að skyldu að versla með áburðinn. Jeg gekk því einungis að frv. móti því, að nefndin setti inn í það, að kaupmönnum væri heimilt að versla með áburðinn, ásamt þeim stofnunum, sem í frv. eru nefndar.

Það eru og smávægilegar hagsbætur bændum, þótt ríkið borgi flutningsgjöldin að landinu og meðfram ströndum þess. Víða hagar svo til, að samgöngur á landi eru til mestrar hindrunar því að ná til sín þungavöru. Það kostar 80 kr. að flytja tonnið með bifreiðum austur í Rangárvallasýslu, þangað sem þær komast. Þá tekur við lestaflutningur, 1—2 daga hjá mörgum. Flutningskostnaðurinn er þarna, og ef til vill víðar, svo tilfinnanlegur, að ekki er hægt að leggja mikinn kraft á að afla sjer þessarar vöru, nema eitthvað sje ljett undir í landflutningnum. Það þarf helst að gera með bættum samgöngum, en meðan þeim er ekki komið í betra horf, verður að ljetta eitthvað á flutningskostnaðinum upp í landið.

Eitt vil jeg ekki láta hjá líða að minnast á. Jeg hefi tekið eftir því hjá fróðum mönnum um notkun þessarar vöru, að þau vandkvæði væru á notkun hennar, að það er komið undir því, á hvaða jörð hún á að lenda, hvaða tegund skal kaupa. Í þessu efni hlýtur vanþekkingar mjög að gæta fyrst í stað, og leiðbeiningar verða ekki gefnar í fljótu bragði, heldur verður reynslan að kenna mönnum smátt og smátt. En ef bændur, sem hafa hug á að reyna þessa nýbreytni, færu skakka leið og keyptu ekki þá tegund, sem á við þeirra land, þá hafa þeir einungis eytt peningum til einskis. Veðráttan hefir og sín áhrif eftir sem áður. Ef bóndi kaupir tilbúinn áburð í þeirri von að fá aukinn grasvöxt, en er svo óheppinn, að öll grasspretta eyðilegst í rosa og ótíð, þá situr hann einungis eftir með tapið.

Því verður varla neitað, þótt þetta frv. nái fram að ganga, að nauðsyn sje á að örva bændur og hvetja til að hirða vel sinn eiginn heimafengna áburð, en á það vantar mikið enn. En

sæmileg hirðing áburðarins mundi losa menn við mikil útgjöld til kaupa á tilbúnum áburði, og vera mun ódýrari.

Það er varasamt að ætlast til, að bændur leggi út í stór peningaútlát vegna þessa, meðan samgöngum er svo háttað, að flutningurinn verður kostnaðarsamari en varan sjálf komin á höfn. Er því nauðsyn á, að þeim sje hjálpað að sama skapi, sem búa fjarst frá höfn og eiga erfiðast með samgöngur á landi, og þeim, sem nær höfnum búa.

Þótt jeg væri þessu frv. heldur mótsnúinn í fyrstu, þá fór samt svo, að jeg laðaðist að því. Þessi orð mín eiga ekki að vera til þess að leggja móti því, heldur til þess að hv. deild sjái sanngirni í því að samþykkja brtt. nefndarinnar. Þær eru þrjár. Í fyrsta lagi, að ljett sje undir með bændum, sem búa fjarri hafnarstað, að ná sjer í áburðinn. En þar kreppir skórinn einkanlega að bændum í Árnes- og Rangárvallasýslum, sem engin not hafa strandferða meðfram landi — þ. e. milli hafna. — Í öðru lagi, að kaupmönnum sje leyft að versla með áburðinn, og loks, að álag á vöruna sje lækkað.

Jeg hefi tekið eftir brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 419, sem nýlega hefir verið útbýtt. Fer hún í líka átt og tillögur nefndarinnar. En jeg á eftir að athuga hana betur og sjá, hvort hún rekur sig á brtt. nefndarinnar og hvað það er, sem fæst með henni. En mjer hefir fundist hún vera í samræmi við hugsanir nefndarinnar. — Vil jeg svo taka undir með hv. frsm. og óska þess, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar. Að öðrum kosti verð jeg ekki ánægðari við það, að frv. hefir komið fram, heldur en það hefði aldrei komið í dagsins ljós.

Halldór Stefánsson: Á þskj. 419 á jeg brtt. við 2. gr. frv., og virðist hún einnig geta tekið yfir 1. brtt. nefndarinnar á þskj. 447.

Brtt. mín er að því leyti frábrugðin ákvæðum frv., að ekki er ætlast til, að farmgjöldin landa á milli sjeu greidd úr ríkissjóði, en í stað þess semji ríkisstjórnin um framhaldsflutning (gennemgaaende Fragt) á áburðinum til allra hafna á landinu, sem millilandaskip, strandferðaskip og flóabátar, sem styrks njóta af opinberu fje, koma á. Yrði þá farmgjald jafnt til allra hafna á landinu. Ennfremur verður stj. heimilt að greiða frekar fyrir dreifingu áburðarins með því að verja fje til að greiða frekari dreifingu áburðarins á sjó hafna á milli og að einhverju leyti landflutning frá sjó. Vera má, að ríkissjóður þurfi að leggja jafnmikið fje fram, en samanburð um það er ekki hægt að gera, svo ekki verður um það sagt. Hvað snertir flutning áburðarins á landi, þá er það einungis tekið fram með almennum orðum, að stjórninni sje heimilt að greiða hann að einhverju leyti, en ekki nánar teknar fram reglur fyrir því. Jeg áleit, að ekki færi vel á því í lögunum sjálfum að setja slík ákvæði, en það má taka nákvæmar fram í reglugerð.

Jeg skal því taka það fram hjer, hvað fyrir mjer vakir með þessu og hvernig jeg hefi hugsað mjer, að þessum greiðslum mætti koma fyrir og yrði varið. Þegar um stuttar vegalengdir er að ræða, t. d. fyrir vega-

lengdir alt að 15 km., væri ekkert greitt. En fyrir lengri vegalengdir væri greitt hlutfallslega við vegalengdina, það, sem stj., í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, þætti hæfilegt.

Það, sem jeg tel till. mína hafa fram yfir frv. og brtt nefndarinnar, er, að hún er yfirgripsmeiri og, að því er mjer virðist, rjettlátari. Aðalhugsun mín er sú, að allir standi sem jafnast að vígi um verð á áburðinum, hvar á landinu sem þeir búa, — fyrst og fremst að flutningskostnaður verði jafn á allar hafnir og að ljett verði svo sem unt er undir með þeim, sem langt eiga til aðdrátta. Að vísu er ekki hægt að búast við, að fullkomið samræmi náist meðal hinna ýmsu hjeraða landsins á þennan hátt, en það næst þó betur en ef farið er eftir frv. að viðbættri brtt. nefndarinnar. Eftir frv. koma þessar ívilnanir niður þar, sem minst er þörfin, en eftir till. mínum þar, sem aðflutningar eru örðugastir og dýrastir og þörfin mest. Þykir mjer ekki ólíklegt, að menn geti fallist á þær, engu síður en frvgr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þakka hv. landbn. fyrir skjóta afgreiðslu þessa máls og ennfremur fyrir það, að hún hefir getað fallist á frv. í öllum aðalatriðum, og er jeg því fús til að taka brtt. hennar til greina.

Nefndin ber fram 3 brtt. á þskj. 447, og eftir atvikum get jeg ekki lagst á móti neinni þeirra af neinum þunga.

Um 1. brtt. nefndarinnar, sem fer fram á að ljetta undir með landflutninga, skal jeg geta þess, að jeg er fylgjandi hverri þeirri ráðstöfun, sem miðar að því að útvega mönnum þessa vöru með sem vægustu verði. Brtt. hv. 1. þm. N.-M. ganga lengra í þessa átt, en draga hinsvegar að sjer hendina um flutningsgjöld milli hafna. Vildi jeg skjóta því til hv. 1. þm. N.-M. og landbn., hvort ekki sje hægt að samræma brtt. hans við frv., þannig að hlunnindin um flutningsgjöld geti haldist bæði á sjó og landi. Á þann hátt næst best að gera öllum sem jafnast undir höfði um verð á áburðinum og að hvetja menn til að notfæra sjer hann sem mest og víðast. Raddir komu fram í Ed. um að ljetta undir með landflutningum, og lýsti jeg þar yfir því, að jeg myndi slíkum ráðstöfunum hlyntur, en tími vanst ekki til að koma fram með brtt.

Þá er 2. brtt. nefndarinnar, sem er um það, að kaupmenn skuli einnig versla með áburðinn. Till. kom fram um þetta sama efni frá hv. 3. landsk. í Ed., og kvaðst jeg ekki leggjast á móti henni af neinum þunga. En eins og jeg tók fram þar, finst mjer, að þegar hið opinbera kemur mönnum til hjálpar, eins og hjer er gert, þá sje það fyrst og fremst gert fyrir framleiðendurna sjálfa, og því sje óeðlilegt að blanda þeim mönnum inn í, sem ekki eru framleiðendur, en græða aðeins á versluninni með vöruna, en ekki á notkun hennar. En úr því að nefndin hefir orðið sammála um þetta, mun jeg ekki gera það að ágreiningsatriði nje beita mjer á móti því.

Um 3. till. er það að segja, að það verður vitanlega aldrei annað en áætlunarupphæð, hvað lagt er á vöruna, en því minna sem það er, því meira kemur á bak ríkissjóðs af rekstrarkostnaðinum, og mun jeg ekki leggj-

ast á móti till., vegna þess tilgangs, sem á bak við liggur.

Þetta mál hefir valdið allmiklum ágreiningi á undanförnum þingum. Þykir mjer alt benda til þess, að nú horfi betur um úrslit þess en nokkru sinni áður. Að vísu veit jeg, að það muni sæta allmikilli mótspyrnu að þessu sinni. En brjef, sem borist hafa utan af landinu, sýna, að menn vænta sjer mikils af framgangi þessa máls, og jeg vona, að úrskurður reynslunnar verði sá, að frv., með þeim breytingum, sem á því kunna að verða gerðar, komi að stórmiklu gagni fyrir alda og óborna.

Jón Ólafsson: Það voru aðeins nokkur orð út af brtt. hv. 1. þm. N.-M. Það er nú svo um brtt. þessa, að í henni felst í rauninni alger breyting á framkvæmd laganna frá því, sem til er ætlast í frv., með því að dregið er úr styrk ríkisins til sjóflutninga, en hjálp ríkisins að sama skapi færð yfir á landið.

Þessi till. var mikið rædd í nefndinni, en eftir þær upplýsingar, er við höfðum fengið, vorum við allir sammála um það, að það fyrirkomulag að greiða flutningsstyrk á hvern km. væri svo örðugt og margbrotið, að framkvæmd slíkra laga myndi reynast næstum ómöguleg. Till., eins og hún lægi fyrir, væri ekki einhlít, heldur þyrfti að ákveða með sjerstakri reglugerð, hvað greiða skyldi á km. í hinum ýmsu hjeruðum landsins, því að vitanlega skiftir miklu máli, hvort vegir eru illfærir eða akfærir, og fleira, sem hjer kemur til greina. Þótt nefndin væri öll af vilja gerð, fanst henni, að hjer væru svo mörg ljón á veginum, að ekki væri tiltækilegt að ganga inn á þessa braut að svo stöddu. Hinsvegar má aðgæta, þegar farið er að framkvæma lögin, hvaða leiðir megi finna rjettlátastar til að ljetta undir með landflutninga. Má ávalt breyta lögunum í þá átt, eftir því sem hagkvæmast þykir.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um 2. brtt. nefndarinnar, vil jeg geta þess, að jeg tel það rjett á litið, sem hv. 1. þm. Rang. hjelt fram, að bændum myndi veitast erfitt að borga áburðinn út í hönd, og væri því nauðsynlegt, að þeir gætu keypt áburðinn í þeirri verslun, sem þeir hefðu aðalviðskifti við. Og ef búnaðarfjelög hreppanna beita sjer fyrir kaupunum og semja við kaupmenn um að hafa útsölu áburðarins á hendi, þá virðast þau geta haft fullkomna stjórn á því, að álagningin fari ekki úr hófi fram.

Jeg vil endurtaka það, að það var ekki af athugaleysi, að brtt. hv. 1. þm. N.-M. var ekki tekin upp, heldur af því, að nefndin áleit, að svo mikil rekistefna myndi verða út af framkvæmd hennar, að hún sá sjer ekki fært að aðhyllast hana að svo stöddu. En ef hægt er að komast að niðurstöðu um það, hversu flutningsstyrknum skuli skift, og ef þetta yrði til þess að ýta undir notkun áburðarins, þá mun jeg fyrir mitt leyti ekki leggjast á móti því, að farið verði inn á þessa braut.

Magnús Jónsson: Þá er nú þetta mál loksins að komast í höfn eftir langa og erfiða siglingu. Árið 1925 bar hæstv. núv. fors.- og atvmrh. fram

frv. um þetta efni. Var þar að vísu ekki farið fram á einkasölu, heldur að ríkið tæki að sjer verslunina með áburð og veitti þeim, er keyptu hann, viss hlunnindi. Var meðal annars mælt fyrir frv. þessu á þá leið, að hjer væri eins mikið nauðsynjamál á ferðinni eins og það, er menn voru styrktir til að koma upp gaddavírsgirðingum. Jeg skal játa, að þetta er stórt mál, og getur orðið framtíðarmál. En ekki má blanda hjer saman tveim óskyldum atriðum: nauðsyn á útlendum áburði og ríkiseinkasölu. En þess virðist allmjög kenna í frv. því, sem hjer liggur fyrir.

Þetta mál hefir verið til umræðu á Alþingi síðan og oft gustað allmjög um það, en nú lítur út fyrir, að það sje að komast í höfn. Tjáir lítt að deila við dómarann, þar sem flokkar þeir, er að frv. standa, eru í meiri hl. í þinginu og landbn. hefir tjáð sig sammála frv. í öllum aðalatriðum. En af því að málið fór umræðulaust í gegnum 1. umr., vona jeg, að hæstv. forseti taki ekki hart á, þó nokkuð verði hjer minst á málið í heild.

Hjer er um tvö óskyld mál að ræða. Fyrra atriðið er hið sama og var mergur málsins í frv. 1925, að greiða fyrir flutningi áburðarins á hafnir landsins, og nú hefir verið bætt við brtt. um að flytja hann einnig ókeypis út um sveitir landsins. Jeg skal ekki hafa á móti þessu. Má vera, að menn hafi svo mikla trú á þýðingu aukinnar notkunar erlends áburðar. En jeg hefi ekki getað sjeð af neinum skjölum, sem hjer eru, hversu mikinn kostnað muni af þessu leiða fyrir ríkissjóð. Er það þó góð regla að láta einhverjar áætlanir fylgja, þegar um er að ræða alvarlega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Jeg fyrir mitt leyti get ekki gert mjer neina hugmynd um, hve mikill sá kostnaður verður. Verslunarskýrslur vorar eru ekki svo nýjar, að af þeim verði sjeð, hve mikill áburðarinnflutningurinn hefir verið síðustu árin, og því síður er hægt að geta sjer til, hve innflutningur muni aukast. Vil jeg mælast til, að nefndin gefi upplýsingar um þessi efni.

Hitt atriðið, einkasalan, er miklu meira atriði. Jeg verð að segja það, að jeg varð fyrir allmiklum vonbrigðum, er jeg las skýrslu sendimanns stj., hv. þm. Mýr. (BÁ). Ekki af því að skýrslan væri illa samin, því að hún var hin skipulegasta í sniðum, heldur af því, að mjer fanst ekki koma þar eins mikið fram af upplýsingum um málið og jeg hafði búist við. Hafði verið skýrt frá því í „Tímanum", að einhverjir stórviðburðir væru að gerast í þessu máli, og var helst að heyra, að eitthvert ríkisleyndarmál væri á ferðinni. Hafði jeg lesið um það áður, að fyrir dyrum væri stórbylting í áburðarframleiðslu heimsins. Var talað um breytta aðferð í rekstri saltpjetursnámanna í Chile, sem átti að hafa í för með sjer svo stórfeldan sparnað við saltpjetursvinsluna, að öll samkepni væri útilokuð. Um sama leyti las jeg og um samsteypu saltpjetursverksmiðjanna í Þýskalandi og Noregi. Jeg setti þetta í samband hvað við annað og gerði mjer í hugarlund, að verksmiðjurnar væru að búa sig út í bardaga gegn námueigendunum í Chile. Bjóst jeg svo við því, að nýjungar þær, sem verið var að dylgja með, stæðu í einhverju sambandi við öll

þessi umbrot. Svo þegar skýrslan kemur, sjest þar ekkert sjerstakt nema það, að verksmiðjurnar í Noregi og Þýskalandi hafa slegið sjer saman í mikinn hring, svo að hjeðan af þýði ekki nein umbrot eða brölt í málinu. Þar sem þessi sendimaður á nú einmitt sæti hjer í hv. deild, þætti mjer og líklega fleirum gott að fá einhverjar frekari upplýsingar um málið, því að hann er þar vitanlega allra manna fróðastur.

Mjer finst einmitt tilgangsleysi þessa frv. skína út úr skýrslu hans. Jeg hefi lesið hana vandlega, en ekki fundið neina ástæðu færða fram um það, hvers vegna ríkið ætti að taka að sjer einkasölu á þessari vöru, nema aðeins almenna ást á einkasölu og þau alkunnu rök, sem færð eru fyrir ágæti slíks fyrirkomulags, t. d. það, að koma eigi í veg fyrir það, að einstök verslunarhús nái þessari vöru á sitt vald. Vitanlega er engin trygging fyrir því, að einkasalan komist að betri kaupum. Nú sem stendur er öll samkepni útilokuð á þessu sviði í útlöndum og ekki í annað hús að venda en til þýska fjelagsins, sem verslar við oss í gegnum „Dansk Gödningskompagni". Hv. þm. Mýr. segir, að veik von sje um það, að við getum komist í beint samband við þýska fjelagið, en þó sje engin vissa fyrir því, enda er vafasamt, að það yrði okkur heppilegra.

Sumir kunna að segja, að þetta sjeu engar fullgildar mótbárur gegn einkasölunni, því að hún geti þó aldrei orðið til ills. En jeg álít, að ekki eigi að taka upp einkasölu á neinni vöru, nema um beint og ótvírætt hagsmunamál sje að ræða. Ríkissjóður hlýtur ávalt að binda fje sitt í slíkum fyrirtækjum og mikil áhætta hlýtur jafnan að vera verslunarrekstri samfara.

Í skýrslunni er svo sagt, að öll samkepni sje útilokuð. S. Í. S. hafi reynt að komast að samningum við fjelagið um beint samband, en það hafi ekki tekist. Sendimaður stj., hv. þm. Mýr., færir í tal, hvort ríkiseinkasölu muni takast það, en hann fær ekki svar. Það eina, sem var nýtt fyrir mig í skýrslunni, voru upplýsingarnar um hina nýju áburðarblöndu, sem hann telur auðveldara að flytja til landsins, ef einkasala verði upp tekin. Jeg get nú ekki skilið, hvers vegna hún ætti ekki að geta fengist eins án einkasölu.

Jeg vil nú drepa stuttlega á helstu rök skýrslunnar fyrir einkasölunni.

Í fyrsta lagi er sagt, að erlendur áburður sje nauðsynlegur. Þetta er líklega heilagur sannleikur, en það er engin sönnun fyrir einkasölu. Þá er sagt, að áburðarverslun okkar sje svo lítil, að ef hún sje á mörgum höndum, spilli það samningsaðstöðunni. En gallinn er sá, að hún er svo lítil hvort sem er — 1% af áburðarverslun Dansk Gödningskompagni, eftir því sem í skýrslunni greinir —, að sáralítið munar um hana, þótt hún sje á einni hendi. Þessi ástæða sannar einmitt hið gagnstæða við það, sem haldið er fram í skýrslunni. Vegna þess, hve verslun okkar er lítil, vill þýska fjelagið sennilega ekki líta við beinu sambandi við okkur, en skifta fremur áfram við Dansk Gödningskompagni.

Ef beint samband næst við Stickstoff Syndikat, þá er það aðeins af velvild, en engum sjerstökum vildarkjörum verður hægt að búast við, enda

skilst mjer á skýrslunni, að verslað verði framvegis við Dansk Gödningskompagni.

Þriðja ástæðan er talin sú í skýrslunni, að eina hugsanlega aðferðin til að fá áburðarblöndu „Nitrophoska" hingað til landsins beint frá framleiðendunum sje sú, að einkasala verði tekin upp. Jeg get nú ekki sjeð, hvernig á því getur staðið, úr því að við verslum við Dansk Gödningskompagni hvort sem er. Ef vafi leikur á því, hvort betra sje að komast í beint samband heldur en skifta við milliliði, þá sje jeg ekki, hvað unnið er við að fá vöruna beint frá aðalframleiðanda.

Loks er sú ástæðan, að áburðarþörf landsmanna sje svo tiltölulega lítil, að óhentugt sje að dreifa versluninni á margar hendur, heldur sameina hana, svo að hægt sje að lesta sjerstök skip með áburðinn hingað til lands. Mjer þykir sennilegt, að það væri hægt að flytja áburðinn í heilum förmum án þess einkasalan ætti þar hlut að máli. Samband íslenskra samvinnufjelaga mundi t. d. að sjálfsögðu geta flutt áburðinn á þennan hátt eins ódýrt og ríkiseinkasala.

Jeg hefi þá litið á þessar 5 höfuðástæður fyrir ríkiseinkasölu á tilbúnum áburði, sem skýrslan tekur fram. Eins og jeg þegar hefi sýnt fram á, eru þær sannast að segja ekki veigamiklar. Engin þeirra snertir eiginlega það mál, sem um er að ræða, sjerstaklega. Þar er ýmiss fróðleikur um áburðarverslunina yfirleitt, en rökin fyrir einkasölunni eru engin önnur en einkaskoðun höfundarins.

Jeg býst reyndar við, að utan við þessar ástæður, sem færðar eru fram í skýrslunni, sje enn ein ástæða, sem vakað hafi fyrir skýrslugefanda, og jeg veit, að það er aðalástæða í hugum margra manna, en hún er sú, að þeir, sem flytja inn áburðinn eins og nú er, setji ekki á hann hið rjetta verð; einkasalan á að vera til þess með öðrum orðum, að örugt sje, að menn fái vöruna með hinu rjetta verði, því að ríkið fari ekki að reka verslun með tilbúinn áburð til þess að græða á því. En þetta er ekkert nema hin almenna einkasöluástæða, sem eins ætti að gilda um allar aðrar vörutegundir. Tilbúinn áburður er að því leyti ekkert sjerstæður og verslun með hann hlítir sömu reglum og önnur verslun. Á bak við þessa ástæðu stendur sú skoðun, að hin frjálsa samkepni sje ekki örugg til þess að skapa hið rjetta verð. Þeir, sem henni fylgja, ganga þar með inn á, að einkasala skapi hið rjetta verð.

Við höfum eina aðferð, sem er þrautprófuð í gegnum nokkrar aldir og hefir ætíð reynst eina örugga leiðin til að tryggja notendum vörurnar með rjettu verði, og það er *frjáls samkepni*. En hinir, sem ríkiseinkasölunni halda fram, segja: ríkið hefir engan hag af því að vera að græða á þessari vöru; því hljótum við að fá hana þar með hinu eina rjetta verði. Jeg ætla ekki að fara út í það óendanlega mál að gera upp á milli þessa tvens. En það er þó einfalt mál, að þessi röksemd, hvort sem hún er raunrjett eða ekki, nær alveg eins til annara nauðsynjavara, og verður því ekki notuð þessu máli til stuðnings, nema gengið sje inn á þá almennu einkasöluhugmynd. En svo jeg víki aftur að verðinu, þá ætti meðal annars S. Í. S., sem fylgjendur þessa máls bera fylsta traust

til, að jeg hygg allflestir, að geta trygt hið rjetta verð, ef menn örvænta svo mjög um það. Það leiðir af sjálfu sjer, að aðrir verslunarrekendur gætu ekki sprengt upp verðið, ef S. Í. S. seldi hann við sannvirði. Til þess að standast samkepnina yrðu þeir að gera slíkt hið sama. En ef önnur firmu en Sambandið eða jafnvel Sambandið sjálft nær þessari áburðarverslun alveg í einkasölu, þá er komin fram ný ástæða til ríkiseinkasölu, sem getur hrint manni, sem jafnvel annars er eindreginn fríverslunarmaður, út á þá braut víðvíkjandi einstökum vörutegundum — sbr. steinolíueinkasöluna um árið. — Ef þetta eina firma, hvort sem það nú er S. Í. S. eða eitthvert annað, misbeitir valdi sínu og aðstöðu, sem skapast við það, að verslun færist yfir á eina hönd, þá er ríkiseinkasala ef til vill einasta ráðið til þess að brjóta það á bak aftur.

En svo er ein ástæða beinlínis gegn einkasölunni, og hún er sú, að hún mun takmarka notkun tilbúins áburðar. En jeg álít, að ekkert megi gera í þá átt, heldur eigi að koma mönnum í skilning um nytsemi hans og gera sem kleifast að nálgast hann. Jeg býst við, að Búnaðarfjelag Íslands verði að vinna að því að fræða menn um nytsemi og notkun áburðarins, og eins að rjett sje að ljetta undir með bændum um flutninga á honum. Einkasalan er síður en svo löguð til þess að stuðla að þessu. Eitt meðal annars, sem hlýtur að hamla áburðarkaupum margra bænda, er það, að það er skýlaust heimtað, að áburðurinn skuli borgaður við móttöku. Jeg er ekki að lasta það út af fyrir sig. En það er einmitt galli á ríkiseinkasölunni, að það er nauðsynlegt að setja henni þessar römmu skorður. Því að það er ekki til þess að ljetta undir með mönnum að afla sjer áburðarins. Þá er enn svo ákveðið í frv., í 3. gr., að aðeins hrepps- og bæjarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnufjelög bænda megi versla með áburðinn. Öðrum verslunarrekendum verður hann ekki útvegaður. Úr þessu er bætt með brtt. hv. landbn., sem fer fram á að lofa kaupmönnum að fljóta með. Jeg læt í ljós það álit mitt, að hvað sem öðru líður, þá sje nauðsynlegt með öllu að samþykkja þessa brtt. Það er ekki af umhyggju fyrir kaupmönnum, enda býst jeg ekki við, að þeir missi svo stóran spón úr aski sínum við þetta, heldur er það vegna þess, að þeim, sem versla eingöngu við einn kaupmann og hafa öll sín viðskifti við hann, kemur það mjög bagalega að geta ekki líka fengið þessa vöru hjá honum. Jeg sje heldur ekki, hvað ætti að vera hættulegt við það. Kaupmenn hafa engin tök á að selja áburðinn við öðru verði en hann fæst fyrir hjá kaupfjelögunum. Ef þeir seldu hann hærra verði, mundu bændur ekki versla við þá og snúa sjer að kaupfjelögunum.

Jeg sje ekki ástæðu til að koma með brtt. við þetta einkasölufrv. Við atkvgr. mun jeg greiða atkvæði á móti því, eða sitja hjá að minsta kosti. Jeg hefði að vísu getað reynt að bera fram víðtækar brtt., t. d. um að nema í burtu einkasöluákvæðið. En jeg hefi sjeð, að það er ekki til neins, þegar hv. landbn. leggur einhuga til að samþykkja frv. með lítilsháttar breytingum. Þá má telja nokkurnveginn víst um framgang þess. Jeg hefi því

ekki viljað þreyta hv. deild á karpi um þýðingarlausar tillögur.

Hákon Kristófersson: Hv. 1. þm. Reykv. hefir þegar tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa.

Það skýtur svo skökku við um skoðanir mínar og hæstv. atvmrh., sem álítur þetta einkasölumál hreinasta bjargráð fyrir okkur bændurna, að jeg tel frv. lítils virði að öðru leyti en því, að það er til mikils góðs fyrir þá, sem hjer í grend við Reykjavík eða aðra kaupstaði reka búskap í stórum stíl og stunda nýrækt að mestu eða öllu með tilbúnum áburði. Jeg vil nú beina einni spurningu til hæstv. ráðh., sem hann getur svarað beint annaðhvort með já eða nei. Það stendur svo í 2. gr. frv.: „Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á". Nú spyr jeg hæstv. atvmrh.: Mun hann hugsa sjer að nota þessa heimild? **(Forsrh. TrÞ:** Já, tvímælalaust). Þá ætlar hann með öðrum orðum að hjálpa efnuðustu mönnunum til þess að flytja áburð sinn til landsins, undir því yfirskini, að verið sje að ljetta undir með bændum úti um sveitir landsins, en þeir njóta minst af, því að eftir er erfiðasti áfanginn, að koma áburðinum frá höfn og upp í sveit. Jeg held, að fullkomlega væri í hóf stilt, ef þessi ljettir væri miðaður við flutninga með ströndum landsins og upp í landið. Reynslan sker best úr, hverjir hafa rjett fyrir sjer. Jeg hefi ekki trú á, að mikil aukning á notkun tilbúins áburðar verði af völdum þessa frv., að minsta kosti ekki í fátækari hjeruðunum.

Það skal vera undantekningarlaus regla, segir í frv., að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Þetta ákvæði eitt nægir til þess að útiloka fjölda bænda frá því að geta notfært sjer tilbúinn áburð. Bændur eiga alment ekki svo greiðan aðgang að lánsstofnunum — bæði veldur því fjarlægð og svo líka lítil fjárhagsleg tiltrú —, að þeir hafi ástæður til þess að greiða verðið út í hönd um leið og áburðarsending kemur.

Hæstv. atvmrh. væntir þess, að árangur af þessu máli verði mikill og góður. Jeg geri alls ekkert lítið úr þeim ummælum hans; allra síst dirfist jeg að segja, að þau sjeu að engu hafandi. En jeg er því miður hræddur um, að hann sje of bjartsýnn og þær miklu vonir, sem hann bindur við einkasöluna, reynist tálvonir. Jeg er hræddur um það, en jeg vona, að hrakspá mín rætist ekki. Hver getur annars búist við, að árangurinn verði raunverulega eins mikill og hv. flm. gera sjer vonir um, þegar bæði hjá mjer og öðrum bændum landsins er áburður svo illa hirtur, að stórskaði hlýst af árlega? Hefði átt að snúa sjer að þeirri hlið „áburðarmálsins" fyrst, reyna að lagfæra heima fyrir fyrst, með málsháttinn „holt er heima hvað" í huga, áður en farið er að seilast út yfir pollinn eftir áburði. Jeg verð að halda því fram, að áburðarkaup bænda verði aldrei mikil fyrst um sinn, meðan geta manna er að eflast. Þó kann innflutningur áburðar í sjálfu sjer að verða nokkuð ör, því

að megnið af aðfluttum áburði er notað í stærri kaupstöðum þessa lands og meiri hluti innflutts tilbúins áburðar er notaður af einum vissum manni í Reykjavík, sem rekur stórbúskap í nágrenninu. En þessi maður hefir fullkomna getu til þess að flytja inn nauðsynlegan forða áburðar til sinna framkvæmda, án þess hann sje styrktur til þess. Og hann hefir betri aðstöðu en nokkur bóndi í sveit, því að þegar áburðurinn er kominn í höfn í Reykjavík, má heita, að flutningnum sje lokið. En þegar hæstv. stjórn og hv. Alþingi vill rjetta fram hendina fulla af fje ríkissjóðs og veita þessum stórefnamanni fjárstyrk í þessu skyni, hví skyldi því þá ekki tekið með þökkum, þó að örlætið sje óþarflega mikið og að mínu áliti ekki í neinu samræmi við getu ríkissjóðs?

Jeg skal fallast á, að meginatriðið í þessu máli, að forðast að óþarfa álagning á þessa vöru eigi sjer stað, er góðra gjalda vert. En hitt, að þessi liður úr áburðarmálinu sje þess virði, að ríkissjóður hafi svo mikla þátttöku í kostnaði, er af því leiðir, það get jeg ekki fallist á. Þegar svo mikið áburðarmagn er til heima fyrir, að komið gæti að því haldi, ef vel væri notað, að við það mætti una fyrst um sinn, þá er jeg ekki óðfús á að fleygja út stórfje í þessu skyni, allra síst þegar það gengur mest til þeirra, sem síst þurfa styrks við.

Vera má, að hæstv. ríkisstjórn hafi gert sjer ljóst, hve mikið fje ríkissjóður þurfi að binda í þessu skyni. Í fjárlögum eru veittar 10 þús. kr. viðvíkjandi þessu. Enginn getur látið sjer detta í hug, að það verði hægt að komast af með þessar 10 þús. kr., þegar á að greiða allan kostnað af flutningsgjöldum fyrir áburðinn bæði til landsins og hafna milli. Það versta er, að þessi kostnaður verður að miklu leyti greiddur í þágu hinna efnaðri manna. Kaupgeta fátækari bænda er ekki svo mikil, að það verði neitt verulegt, sem þeir kaupa af útlendum áburði, síst þegar hann verður skilyrðislaust að greiðast út í hönd. Að tilgangurinn sje góður hjá hæstv. fors.- og atvmrh., það ætla jeg ekki aðeins að vona, heldur slæ jeg því líka föstu. Hvort sá góði tilgangur sje ekki blettaður af áhrifum annara, það skal jeg ekki forsvara. Hæstv. ráðh. talaði eins og sá, sem vald hefir, og ljet ekki alllítið yfir því, að þetta væri seinasti áfanginn, sem þetta nauðsynjamál væri að fara. Jeg hefi sömu aðstöðu til þessa máls og í fyrra og á undanförnum þingum. Jeg er sannfærður um hið gagnstæða og mun greiða atkv. á móti frv., en með brtt. hv. landbn., því að þær eru til bóta, það sem þær ná. Þessi afstaða mín er bygð á því í fyrsta lagi, að jeg hefi ekki trú á einkasölu, og í öðru lagi, að jeg hefi ekki trú á, að þetta mál komi að þeim notum, sem hv. meðhaldsmenn þess og flytjendur frv. vilja vera láta. Hjer er tvímælalaust gripið á öfugum enda. Mitt álit er það, að við eigum að búa svo mikið að okkar sem unt er án þess að sækja til annara. Óhirðing á heimafengnum áburði er okkur síst til sóma, og mundi það geta komið upp á móti ekki alllitlu af tilbúnum áburði, ef hann væri nýttur sem skyldi.

Ræktun í stórum stíl í grend við Reykjavík er ekki framkvæmanleg nema með útlendum áburði. Það skal

viðurkent. En það er ótækt, að efnuðustu mennirnir, sem engin ástæða er til að styrkja, njóti þeirra vildarkjara, sem þeim er gefinn kostur á eftir frv. Í sveitunum verður nýrækt og búskapur aldrei með eins stórfeldu sniði og sjáanlegt er, að hægt er að reka í grend við Reykjavík.

Jeg óska hæstv. atvmrh. til lukku með þetta mál, sem hann þykist nú loks vera að draga í trygga höfn. Jeg vænti þess fyrir hans hönd, að vonir hans rætist, þótt jeg hafi ekki sjálfur trú á því. En það tel jeg mishepnað að hafa ekki undirbúið sig svo, að hægt væri — ef ekki með rökum, þá að minsta kosti með líkum — að gera mjer og öðrum grein fyrir því, hverjar afleiðingar þetta mál gæti haft fyrir ríkissjóð.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. 1. þm. Reykv. hóf mál sitt með því að lýsa því yfir sem sinni skoðun, að þetta mál, áburðarmálið, gæti orðið fjarska mikið framtíðarmál með tíð og tíma. Jeg er honum ósammála í því, að það þurfi tíð og tíma til þess að verða framtíðarmál. Það er þegar orðið aðkallandi framtíðarmál. Það er þegar fengin nægileg reynsla til þess, að hægt er að segja það alveg ákveðið og afdráttarlaust, að án tilbúins áburðar er ræktun landsins svo nokkru nemi blátt áfram óhugsanleg. Jeg ætla að minnast á grein, sem Guðmundur prófessor Hannesson skrifaði fyrir nokkrum árum síðan og bar fyrirsögnina „Trúin á skuldirnar". Hann hjelt því þar fram, að meðan ekki væri hægt að afla meiri áburðar, væri ekkert vit í að taka lán til ræktunar. Og það er hverju orði sannara. Það þýðir ekkert að stofna ræktunarsjóð fyrir bændur án tilbúins áburðar. Jeg get þar skírskotað, ekki aðeins til minnar eigin reynslu, heldur og allra þeirra, sem nokkuð hafa við ræktun fengist. Og jeg get nefnt dæmi, sem liggur mjer ekki allfjarri, og það er nýræktin í Mosfellssveitinni. Engri sveit hefir fleygt eins fram í ræktun og Mosfellssveit, síðan bændur þar fóru að kaupa og nota útlendan áburð. Og án tilbúins áburðar hefði slík ræktun verið óhugsandi. Þess vegna er þetta mál nauðsynjamál nú þegar. Sje það viðurkent, þá er spurningin: Hvernig á að gefa bændum landsins kost á að ná í þessa nauðsynlegu vöru sem ódýrast? Hv. þm. (MJ) nefndi skýrslu mína, sem jeg gaf hæstv. stjórn um för mína til útlanda síðastliðið haust, er jeg fór í því skyni að leita upplýsinga um þessi efni og leita sambanda um áburðarverslun. Hv. þm. ljet svo um mælt, að skýrslan væri skýr og skilmerkileg, þótt annað hefði verið sjer vonbrigði. En annaðhvort er, að skýrslan er ekki skýr og skilmerkileg, ellegar hv. 1. þm. Reykv. er ekki skýr og skilmerkilegur. Því að það kom glögglega í ljós í ræðu hans, að hann hafði ekki skilið neitt af því, sem í skýrslunni stendur.

Jeg skal þá fyrst geta þess, sem mörgum er kunnugt og hv. þm. talaði um, að stofnað hefir verið voldugt verslunarfjelag, sem hefir yfir að ráða miklu af áburðarverslun og áburðarframleiðslu heimsins, sjerstaklega köfnunarefnisframleiðslunni. Þetta er því að verða heimshringur, og hefir hann aðalbækistöð sína í Þýskalandi. Til þess nú að fá þessa vöru sem ódýrasta, er best að komast sem næst því

að geta verslað beint við framleiðanda, og þá í þessu tilfelli að ná beinum samböndum við þetta stóra fjelag. Nú er það svo, að þeir, sem best skilyrði hafa hjer á landi til að kaupa í stórum stíl, svo sem eins og S. Í. S., hafa reynt til að komast í beint samband við þetta fjelag á Þýskalandi, en við það hefir ekki verið komandi. Jeg bjóst því við, er jeg fór á fund þessa fjelags, að mjer yrði tekið þar svipað og öðrum hafði verið tekið áður, er þeir fóru þangað í sömu erindagerðum. En viðtökurnar, er jeg fjekk þar, fóru mjög á annan veg. Þegar þeir heyrðu, að heil þjóð, þó að vísu væri lítil, stæði á bak við erindi mitt, og að þetta væri hugsað til að greiða fyrir sölu tilbúins áburðar hjer á landi, þá tóku þeir mjer tveim höndum. En þeir óskuðu þess að gefa ekki ákveðið svar fyr en málið hefði gengið í gegnum þingið hjer. Er það skiljanlegt, að þeir hafi ekki viljað fara lengra vegna sinna umboðsmanna, og hins, að þeir vilja auðvitað ekki óska eftir einkasölu, en að gefa ákveðin loforð væri sama sem að gefa fylstu ástæðu til að samþykkja einkasölu. Þegar jeg samdi skýrslu mína til stjórnarinnar, þá vildi jeg orða hana sem varlegast. En jeg er sannfærður um það, að ef ríkið gerir tilraun til að komast í beint samband við þetta firma, þá muni það takast, ef ekki strax, þá áður en langt um líður. Og jeg er líka sannfærður um það, að það muni varða miklu um verð áburðarins. Jeg veit nú ekki, hvað Dansk Gödningskompagni fær há umboðslaun af því, sem það selur. En jeg veit, að það er talsvert. Því jeg veit, að danskir kaupmenn hafa stundum boðið sama verð og það. Og þegar það sjer hag að því að skifta ágóðanum milli sín og annara, þá hlýtur álagningin að vera talsvert mikil. Jeg hygg því, að takast muni að fá áburðinn mikið lækkaðan með því að komast í beinni sambönd. Jeg vil að vísu ekki taka ábyrgð á því, að það muni takast að ná beinum samböndum, en jeg er þó sannfærður um það með sjálfum mjer. Að minsta kosti vil jeg fullyrða það, að eini möguleikinn til þess, að það megi takast, er, að ríkið sjái um áburðarverslunina með því að taka hana í sínar hendur. En þó menn telji sig vera mótfallna einkasölu á áburði, af því að þeir vilji ekki skerða hina frjálsu verslun, þá er það gagnslítil ástæða, þar sem áburðarverslunin er nú á einni hönd hjá Dansk Gödningskompagni, og það getur svo aftur framselt hana á eina hönd hjer, þegar það vill. Jeg vil benda á þessa hættu; reynslan hefir sýnt okkur, að slíkt getur komið fyrir. Búnaðarfjelag Íslands hafði einkasölu á tilbúnum áburði um tíma og engum kom til hugar, að nein hætta væri á því, að Búnaðarfjelagið hjeldi ekki þeirri sölu áfram. En hvernig fór? Án þess menn vissu, á hvern hátt það skeði, og án þess að það atriði sje upplýst enn, þá tapaði Búnaðarfjelag Íslands þessum sölurjetti, sem var fluttur yfir til Nathan & Olsen. Þetta gæti líka komið fyrir með Dansk Gödningskompagni, að það ljeti áburðarverslunina í hendur eins manns eða firma, eins og áður kom fyrir. (**PO**: Er það ekki upplýst enn, af hverju það var?). Jeg ætla að minsta kosti ekki að fara að blanda því máli inn í þessar umr. nú. Jeg tel

sjálfsagt að byrgja þennan brunn nú, svo við steypumst ekki aftur niður í hann. Jeg held, að þessi hv. þm. (MJ) hafi sagt það áður, við umræður um sama efni, að ef áburðarverslunin kæmist á eina hönd, þá væri rjett að taka til þessarar ráðstöfunar. En í þessu vandafyrirbrigði höfum við nú lent áður. Og þótt ríkið gæfi innlendu verslunina frjálsa, þá ætti það þó að taka útlendu samböndin í sínar hendur.

Þá vildi hv. þm. vjefengja það atriði, að þess mætti vænta, að betri kjör fengjust, ef einkasala væri upp tekin. Hann sagði, að þó að samningar tækjust við Berlinarfjelagið, þá yrðu hagsmunirnir svo litlir við þá samninga, að engu munaði. Jeg vil nú segja, að þetta nái ekki nokkurri átt. Og jeg veit, að hv. þm. er svo vel að sjer í verslunarfræði, að hann skilur það vel, hver aðstöðumunur það er, að versla í stórum stíl eða litlum. T. d. mun hann varla neita því, að sá eigi von betri kjara, sem kaupir t. d. um 1000 tn. í einu, en hinn, sem kaupir aðeins nokkra sekki, eins og tíðkast hefir hingað til. Þetta er ekki sambærileg aðstaða. Erlend firmu líta líka líkt á þetta mál. Þau álíta, að hægt verði að komast að miklu betri samningum, ef þeir eru gerðir í einu lagi, heldur en ef innflutningnum er skift í marga staði milli Pjeturs og Páls. Það er alkunn viðskiftaregla, að sá stendur betur að vígi í innkaupum, sem mikið vill kaupa, heldur en annar, sem máske kaupir hundraðfalt minna. Sama er að segja um innflutninginn. Það er meiri von að komast að bestu kaupum, þegar um það er að ræða að lesta heil skip, heldur en þegar semja skal um fáa poka í einu. Jeg er sannfærður um, að hv. þm. veit þetta. — Að vísu sagði hann, að þó verslunin væri gefin frjáls, þá væri eftir sem áður hægt að flytja áburðinn í heilum förmum. Það kann að vera. En kaupmenn hafa ekki gert það hingað til. Það gæti hugsast, að það mætti takast hingað til Reykjavíkur í einstaka tilfellum. En út um land mundi það aldrei geta orðið. Þeir, sem þar búa, munu eflaust altaf fara framhjá þeim hagnaði, sem fæst við það að fragta heil skip í einu. Hjer er því einnig um hagnaðarauka að ræða fyrir áburðarnotendur.

Þá talaði hv. þm. um, að ríkissjóður hlyti að þurfa að binda mikið fje í þessari verslun. Jeg verð nú að segja það, að mjer finst það vanta á, að ekki er nógu greinilega tekið fram í frv., hvaða leið er hugsuð um sölufyrirkomulagið. En jeg býst alls ekki við, að ríkissjóður þurfi að hafa mikið fje bundið í þessari verslun. Jeg geri jafnvel ráð fyrir því, að sölu áburðarins megi koma svo fyrir, að þessi 2% álagning, sem frv. gerir ráð fyrir, verði alveg óþörf. Það þurfi engin álagning að eiga sjer stað. Jeg hugsa sölufyrirkomulagið þannig: Ríkisstjórnin felur Búnaðarfjelagi Íslands að taka á móti pöntunum frá þeim, er ætla að versla með tilbúinn áburð. Þessar pantanir þurfa að vera komnar til Búnaðarfjelagsins fyrir tiltekinn tíma. Búnaðarfjelagið sendir svo þessar pantanir í einu lagi til firma þess í útlöndum, sem samið hefir verið við, og ráðstafar pöntununum á ákveðnar hafnir, eftir óskum kaupenda. Pantandi, hvort heldur er fjelag eða kaupmaður, leysir svo þessa vöru út, hver

á sínum stað, við móttöku hennar. Þessi viðskifti ganga eingöngu milli firmans og kaupenda, en ríkið hinsvegar ábyrgist greiðslu áburðarins gagnvart hinum útlendu seljendum. Til tryggingar því, að varan verði leyst út og ríkissjóður tapi ekki á þessu, setur pantandi tryggingu, sem ákveðin verður t. d. 10—15% af verði vörunnar, sem ekki er afturkræft, nema varan sje leyst út. (**JJós:** Þetta verða liðleg viðskifti!). Það er ekki meining mín, að ríkissjóður þurfi að eiga neitt á hættu vegna þessara viðskifta. — Þetta ætti ekki að verða svo mikið starf fyrir Búnaðarfjelag Íslands, að það þyrfti svo teljandi væri að bæta við sig starfskröftum. Aðalvinnan verður að afgreiða þessar pantanir, og sú vinna ætti að geta orðið því kostnaðarlaus. Ef bændur slá sjer saman og láta fjelög sín, kaupfjelög, búnaðarfjelög eða hreppsfjelög annast um pantanir sínar, þá sje jeg ekki betur en að þetta megi gera alveg kostnaðarlaust. Þannig má ganga frá því, að ríkissjóður þurfi engan verulegan kostnað af versluninni að hafa, og bændur ekki heldur, svo teljandi sje. Að vísu þurfa bændur rekstrarfje til áburðarkaupanna, eins og til annara þarfa. En þar sem svo mikill áhugi virðist vera fyrir því nú á þessu þingi að bæta úr rekstrarfjárþörf bænda, þá ætti ekki að þurfa að kvíða því, að þeir geti ekki keypt þessa vöru eins og hverja aðra. En vitanlega geta menn gert það upp við sjálfa sig, hvort þeir heldur kjósi þetta fyrirkomulag á versluninni eða hitt, að láta kaupfjelög og kaupmenn annast hana, eins og nú er.

Þá ætla jeg lítilsháttar að svara tveimur öðrum hv. þm. — Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að það væri vandkvæðum bundið fyrir bændur að geta fengið rjettar og viðeigandi áburðartegundir. Jeg skal segja hv. þm. það, að Búnaðarfjelag Íslands lætur nú gera mjög myndarlegar tilraunir með þetta, og hann má reiða sig á, að bændur verða jafnharðan látnir vita um niðurstöðurnar. Geta þeir þá hagað áburðarkaupum sínum eftir því, sem best reynist.

Þá er það hv. þm. Barð., sem jeg þarf lítilsháttar að svara. Háttv. þm. sagði, að þetta mál væri lítils virði fyrir aðra en þá fáu menn, sem eru þannig settir, að þeir geti notað tilbúinn áburð. Þetta er vitanlega alveg rjett. (**HK:** Þá fáu, sem hafa kaupgetu). En hjer eru nú óvíða efnaðir bændur, og því ekki um neinn andstæðan skilning að ræða. En jeg er viss um, að ef bændur komast á það stig að telja sjer tilbúinn áburð nauðsynlegan, þá muni þeir og hafa einhver ráð með að láta hann fljóta með annari nauðsynjavöru. Jeg er alveg sannfærður um það, að á slægnalitlum harðbalajörðum er miklu betra að kaupa nokkuð af tilbúnum áburði, til að bera á valllendisbletti, heldur en að taka dýrt kaupafólk til þess að reyta saman hey á ljelegum engjum. Á því má áreiðanlega spara mikið. Jeg er því viss um, að tilbúni áburðurinn á erindi til fátækra sem ríkra. En auðvitað þarf veltufje til þessara þarfa sem annara, eins og jeg gat um áður.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að svo mikið væri til af ónotuðum áburði í sveitunum, að það væri að bera í

bakkafullan lækinn að vera að greiða fyrir notkun tilbúins áburðar. Jeg viðurkenni það fúslega, að áburðarhirðingin er enn ekki komin í það horf, sem skyldi, þó mikið sje nú gert til að kippa henni í lag. En þótt áburðarhirðingin sje enn ekki komin í æskilegt horf alstaðar, þá er þetta mál ekki ótímabært, því að þó það sýnist vera dálítið einkennilegt, þá er það þó svo, að þeir, sem fara að kaupa tilbúinn áburð, fá mestan áhuga fyrir því að hirða vel heimafengna áburðinn. Þetta hefi jeg víða rekið mig á. Það er eins og að reynslan um útlenda áburðinn hafi kent mönnum að meta og hirða heimaáburðinn. Og ef við eigum að gera okkur vonir um stórstígar framfarir í nýræktinni, þá eru þær framkvæmdir óhugsandi nema með hjálp tilbúins áburðar.

Jeg skal svo láta hjer staðar numið að sinni. Ef til vill gefst tækifæri til að víkja nánar að ýmsu viðvíkjandi þessu máli síðar.

Frsm. (Lárus Helgason): Jeg þarf ekki langan tíma til að svara, því yfirleitt hefir ekki verið mikið ráðist á hinar einstöku greinar frv. Það hefir helst verið um andúð að ræða gegn stefnu þess — einkasölunni — einkum frá hv. 1. þm. Reykv. Hann hefir nú hafið upp sitt gamla heróp um það, að hjer væri um einokun að ræða, sem væri alveg hliðstæð þeirri gömlu einokun, sem allir kannast við. Það er nú ekkert nýtt, að gripið sje til þeirra raka, ef um eitthvert það fyrirtæki er að ræða, sem hagur gæti verið að láta ríkið hafa með höndum. Með þessu herópi er reynt að koma inn óhug meðal þjóðarinnar á fyrirtækinu. Hv. þm. vildi halda því fram, að það mundi síst verða til þess að greiða fyrir sölu og notkun tilbúins áburðar, að ríkið tæki innkaupin í sínar hendur. Hv. þm. Mýr. hefir svarað þessu svo rækilega, að jeg þarf þar ekki við að bæta. Hann hefir sýnt fram á það, að ríkið stæði best að vígi með að ná sem hagfeldustum innkaupum á tilbúna áburðinum.

Þá hefir og sami hv. þm. svarað hv. þm. Barð. allrækilega. En jeg verð þó að segja það um ræðu þessa hv. þm. (HK), að mjer fanst skína út úr henni, að háttv. þm. hefði enga trú á ræktun landsins. Mjer heyrðist hann álíta, að landið ætti að halda áfram að vera jafnlítið ræktað og hingað til og þetta frv. um fyrirgreiðslu á notkun tilbúins áburðar væri þýðingarlaust. — Þá gerði hv. þm. ráð fyrir, að hann mundi greiða atkv. móti frv., en með brtt. landbn. Veit jeg ekki, hvernig hann fer að samrýma það. Mjer finst nú satt að segja hálfóviðfeldið, þegar bóndi stendur upp til að andmæla þessu frv. — Hann talaði um það, að einn maður hefði notað tilbúna áburðinn mest hingað til, að mjer skildist. En jeg sje ekkert athugavert við það, þó einn maður hafi skarað fram úr öðrum með notkun tilbúins áburðar. Og væri víðar hægt að sýna sama árangur og þessi maður hefir sýnt í Mosfellssveitinni, þá mætti fljótlega búast við góðum árangri af þessu frv.

Þá sagði sami hv. þm., að áburðarhirðingin væri ekki í góðu lagi ennþá. En þetta frv. stendur alls ekki í vegi fyrir bættri áburðarhirðingu, heldur einmitt hið gagnstæða. Hefir hv. þm. Mýr. rjettilega bent á það atriði, og þarf jeg ekki að endurtaka það. Það

er rjett, að það er ilt til þess að vita, ef sá áburður, sem tilfellur heima fyrir, yrði framvegis látinn fara forgörðum, og ef á sama tíma væri þess í stað notaður aðkeyptur áburður. Nú er það vitanlegt, að áburðarhirðing fer mjög batnandi, enda allmikið gert til að ýta við því frá hálfu þess opinbera. Jeg sje annars ekki ástæðu til að fara frekar út í að svara hv. þm., en jeg endurtek það, að jeg var mjög hissa á hans ræðu; mjer hefði fundist eðlilegt, að hún hefði verið á annan veg.

Þá skal jeg víkja að brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 419. Jeg get sagt það frá nefndarinnar hálfu, að hún hefir enn ekki tekið hana nákvæmlega til athugunar. En eins og jeg hefi áður sagt, sjer hún mikla annmarka á því fyrirkomulagi, sem þar er stungið upp á. Annars vildi jeg, án þess að mæla beint á móti till., mælast til þess, að hv. þm. tæki hana aftur til 3. umr., svo að nefndinni gæfist kostur á að taka hana til nánari athugunar. Jeg sje ekki hv. þm. í deildinni, en þessi tilmæli mín ættu þó að geta borist til hans.

Magnús Jónsson: Jeg held nú, að ekki veitti af að bera tilbúinn áburð á stólana hjer, ef vera mætti, að eitthvað af þingmönnum sprytti upp af þeim.

Hv. frsm. sagði af því, að jeg mintist á einokun, að við vildum setja gömlu einokunarverslunina upp eins og einhverja grýlu í þessu máli. Er það nú ekki von? Það hefir margt þjakað þetta land, ísalög, eldgos, drepsóttir, harðæri og hverskonar óáran, en jeg held, að öllum komi saman um það, að einokunin hafi gert meira tjón en alt þetta til samans. Nú vilja menn halda því fram, að til gömlu einokunarinnar hafi verið stofnað sem hverrar annarar blóðsugu gagnvart okkar þjóð og alls ekki með hag hennar fyrir augum. En því fer fjarri. Það var stofnað til hennar að minsta kosti meðfram sem þjóðþrifafyrirtækis, og þeir, sem að því stóðu, trúðu því, að hún mundi verða okkur til blessunar, alveg eins og forgöngumenn þessa máls nú. Það var búið um hana sem tryggilegast að þeirrar tíðar hætti, með konungsbrjefum og öðru slíku, og það voru færðar fram fyrir henni alveg hliðstæðar ástæður og nú. Því var haldið fram, að annars væru landsmenn ofurseldir eymdinni og hungrinu. Gamla einokunin var sett í góðum tilgangi, og það mun sannast, ef einokun verður sett nú, að dómur sögunnar verður á sínum tíma alveg sá sami.

Það er því engin grýla, sem hjer er verið að sýna, heldur hitt, að benda mönnum á að líta í spegil sögunnar og sjá þar þetta fyrirkomulag í sinni rjettu mynd. Það var heldur ekki svo þá fremur en nú, að landsmenn væru allir mótfallnir einokuninni eða vildu losna við hana. Nei, þeir þorðu það beinlínis ekki, því að þeir óttuðust, að þá mundu aðflutningar til landsins teppast og skortur verða í landinu. Til dæmis var það svo um síra Jón Steingrímsson, þann ágæta Skaftfelling og samsýslung hv. frsm., að hann talaði með hinni mestu vandlætingu um „fríhöndlun“ og aðra ósiði, sem færu nú í vöxt í landinu!

Þá var það aðallega hv. þm. Mýr., sem jeg þurfti að ávarpa. Það var mjög eftirtektarvert, sem hann sagði síðast

í sinni ræðu. Hann kvaðst ekki vilja á neinn hátt kasta rýrð á það eða draga úr því, að bændur notuðu heimafenginn áburð. En hann hjelt því fram, að þeir, sem færu að nota útlenda áburðinn, kynnu þá fyrst að meta hinn innlenda. Hvers vegna? Líklega sjálfsagt vegna þess, að þá kennir reynslan þeim fyrst, að heimafengni áburðurinn er notadrýgri. Þeir, sem báðar tegundirnar hafa notað, eru best allra vitnisbærir í þessu máli, og nú segir einmitt hv. þm., að þessi reynsla bendi þeim í þá átt, að hagnýta sem best íslenska áburðinn.

Jeg skal nú ekki leggja neina rýrð á viðleitni manna til að útvega mönnum tilbúinn áburð við góðu verði. Það er fjarri mjer. En það er þetta stóra atriði í málinu, sem gerir aðalmuninn, og það er flutningurinn. Annar áburðurinn er á staðnum, en hinn þarf að flytja, fyrst til landsins og síðan út um landið á hinar ýmsu hafnir, og svo að lokum upp í sveitirnar, heim til notenda. Annars ætla jeg mjer ekki að berjast á móti útvegun tilbúins áburðar. Jeg veit, að búnaðarframkvæmdir, einkum í nágrenni kaupstaðanna, byggjast mjög á því, að tilbúinn áburður sje fáanlegur með viðunandi verði. En þetta er enn framtíðarmál. Enn sem komið er hefir lítið verið gert að því að nota tilbúinn áburð, nema helst hjer í Mosfellssveitinni, en jeg get trúað, að með tíð og tíma geti þetta orðið stórt mál fyrir alt landið. Það hefir verið bent á hin loflegu dæmi úr Mosfellssveitinni, en um hana má segja, að hún hefir sjerstöðu að því leyti, að markaðurinn í Reykjavík er alveg við hendina. Auðvitað er sú aðstaða alls ekki sambærileg við aðstöðu annara hjeraða á landinu, og það er einmitt aðstaðan, sem veldur miklu um það, hvað hægt er að leggja í kostnað.

Nú eru það aðalrökin í skýrslu hv. þm. Mýr., að nauðsynlegt sje og sjálfsagt að komast sem næst framleiðandanum. Sje það nú svo, þá á jeg bágt með að trúa, að það sje hægast að komast það með einkasölu. Það er svo yfirleitt, að þessum stóru fjelögum er meinilla við einkasölu og þau kæra sig ekki um að ýta undir slíkt fyrirkomulag, sem stríðir að öllu leyti á móti öllum þeirra reglum. Þó þeir sjeu ekki hræddir við einkasölu á Íslandi, þá eru þeir hræddir við ríkisrekstur yfirleitt. Það ber talsvert á nokkurskonar oftrú á þessu, bæði hjá almenningi og kaupmönnum, að komast í „bein sambönd". Jeg hefi komist að því, að sumir kaupmenn hjer eru svo ákafir í þetta, að dæmi eru til, að þeir hafa keypt vöruna dýrara beint en þeir gátu fengið hana frá heildsölum hjer.

Það er líka ómögulegt að segja, hvort áburðurinn yrði ódýrari með því að kaupa hann beint frá þessu stóra þýska fjelagi heldur en frá „Dansk Gödningskompagni", sem vitanlega gerir miklu stærri kaup en við mundum gera og hefði því sennilega aðstöðu til að komast að betri kjörum. Enda kemur viðurkenning á þessu beint fram í skýrslunni. Hv. þm. segir þar meðal annars: „.... þó að val um þetta *gæti að mínum dómi komið til álita*, tel jeg samt sjálfsagt, að ríkisstjórnin sæki svo fast sem unt er að ná beinu verslunarsambandi, og sleppi ekki þeim rjetti, ef fengist, þótt hagkvæmara *kynni að þykja* samband við aðra fyrst um sinn ....". Og ennfrem-

ur segir hann síðar: „.... Þó að það ekki takist, *eða t. d. samband við Dansk Gödningskompagni þætti að einhverju hentugra*, er engu síður nauðsynlegt fyrir ríkið að ná einkasölu hjá Dansk Gödningskompagni ....“.

Á þessum orðum er auðsjeð, að þm. hefir verið inni á svipuðum hugsanaferli og jeg, að það væri ekki víst, að betra væri að versla beint heldur en við milliliði, sem geta ef til vill fengið vöruna miklu ódýrari vegna þess að þeir kaupa miklu meira.

Þá tæpti hv. þm. á hinni miklu deilu, sem hjer hefir orðið á þingi undanfarið um einkaumboð það, sem kallað var, að Búnaðarfjelagið hefði haft og tapað. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvort það hefir nokkurntíma verið sýnt eða sannað, síðan friðurinn frægi var saminn í Búnaðarfjelaginu, hvort það hafði haft nokkurt einkaumboð eða ekki. Af þeim skeytum, sem send voru frá Norsk Hydro, og af skýrslu Pálma Einarssonar verður að minsta kosti ekki dregin nein sönnun í þá átt, nema síður sje. Hv. þm. sagði, að svona gæti farið aftur, að verslunin kæmist á einstakra manna hendur. Mjer sýnist það alls ekki vera næg ástæða út af fyrir sig til þess að grípa til einkasölu. Það yrðu að vera einhverjar líkur til, að það einkafyrirtæki misbrúkaði vald sitt. Ef svo stæði á, að það þyrfti að bjarga málinu úr einhverjum vargaklóm, þá væri komin mikil ástæða til að taka upp einkasölu. En slíku er nú ekki til að dreifa. Það er altaf hægt að hafa slíkt í hendi sjer, þegar í óefni sýnist ætla að komast.

Það hefir verið talað um hagnaðinn við að kaupa stórt, og það er sjálfsagt mikill munur á því eða að kaupa eins lítið í einu og hv. þm. nefndi. Þess vegna geta heildsalar selt ódýrara en smákaupmenn. En það er alt öðru til að dreifa, ef um það eitt er að ræða að kaupa til dæmis 1000 tonn eða 3000 tonn í einu. Svo er aðgætandi, að þegar keypt er mikið, er ekki altaf víst, að hægt sje að afgreiða alt í einu. Valda því oft ýmsar ástæður, að verslunarfyrirtækin afgreiða pantanir smám saman, jafnvel þótt heildarkaupin sjeu mjög mikil. Mjer líst svo á, að hjer verði einmitt að fara svona að, ef senda á áburðinn með skipum víðsvegar um land. Mjer virðist vera aðallega miðað við ríkissjóðsskipin og skip Eimskipafjelags Íslands um flutninginn. Hagsmunirnir nást þá fyrst, er hægt verður að lesta heil skip. En eins og jeg hefi bent á, mun hægt að ná þessum hagsmunum án nokkurrar ríkiseinkasölu.

Þá kom hv. þm. að öðru atriði, sem sje því, hvort ríkissjóður þyrfti að binda fje í þessari verslun. Af því nú að jeg geri ráð fyrir, að hans álit og till. verði mikils metnar, er það mjög upplýsandi að athuga, hvað hann segir um það, og jeg býst við, að menn sjái nú hjer myndina af því, hvernig þessi verslun muni verða rekin undir einkasölufyrirkomulaginu. Hv. þm. var helst á því, að ekkert fje þyrfti til þessa. Hann talaði um að fela Búnaðarfjelagi Íslands að annast um verslunina. En hefir það þá svo miklum starfskröftum á að skipa, að það sje aflögufært til þessa? Og ef svo er, væri þá ekki hægt að fækka mönnum, ef verslun þessi verður ekki á það lögð? Menn ættu svo, sagði hann, að senda því pantanir sínar utan af landi, en fjelagið safnaði þeim saman

og afgreiddi í heild. Svo eiga allir að innleysa pantanirnar, þegar þær koma. Þetta þykir mjer fara mjög í bága við aðaltilganginn, sem sje að útbreiða og auka sem mest notkun tilbúins áburðar, að setja verslunina í svona þrönga spennitreyju. Nei, þetta getur gengið í þingræðum, en ekki í verulleikanum. Pantanir koma ekki á þennan hátt; menn vita ekki fyrirfram, hvað mikið þeir muni nota, eða hugsa ekki út í það að panta í tæka tíð. Reynslan hefir sýnt þetta. Hvers vegna dugðu ekki pöntunarfjelög og af hverju var nauðsynlegt að setja upp söludeildir þeim við hlið? Auðvitað af því, að menn þurftu að geta gengið að vörunni á staðnum, — annars var hún ekki keypt. Nei, þetta getur ekki gengið. Búnaðarfjelagið eða ríkiseinkasalan verður að panta eins mikið eins og hún gerir ráð fyrir að geta selt á árinu. Það verður því óhjákvæmilegt að binda stórmikið fje í þessari verslun, bæði í vörubirgðum og eins í vörugeymsluhúsum, ef fyrirkomulagið á ekki að fara algerlega í bága við höfuðtilgang málsins, að örva menn til að nota meira tilbúinn áburð en verið hefir. Annaðhvort verður einkasalan til að hefta allan árangur af þessu eða að hún kostar stórmikið fje. Mig minnir, að jeg hafi heyrt nefndar 10 þús. kr., en jeg er hræddur um, að sú upphæð hrökkvi skamt. Hið minsta, sem hægt er að hugsa sjer, býst jeg við, að væri svo sem hálf miljón, eða það væri að minsta kosti nær sanni.

Mig vantar ennþá ástæðuna fyrir einkasölu á tilbúnum áburði. Eina ástæðan er þessi gamla einkasöluástæða, sem hægt er að bera fram á öllum sviðum og gagnar því ekki hjer. Það er ekki sannað, að betra verð fáist með einkasölufyrirkomulagi, en það er gert sennilegt, að verslunin yrði miklu stirðari og óhagstæðari, og myndi því draga úr notkun áburðarins. Eina gagnið, sem notendur áburðarins hafa af einkasölunni, ef frv. verður samþ., er ívilnunin á flutningsgjöldum, en einkasalan verður aðeins til ógagns.

Jón Sigurðsson: Jeg hefi ekki gert ráð fyrir því að standa upp hjer í dag til þess að segja mitt álit, en það hafa á hinn bóginn orðið það miklar umræður og það fjölbreyttar, að jeg get ekki stilt mig um að leggja þó ofurlítið orð í belg, af því að jeg er að ýmsu leyti ósammála þeim, sem talað hafa um þetta mál, og sem í raun og veru er tvö óskyld mál, einkasala og ívilnun á flutningsgjöldum.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er, eins og tekið hefir verið fram, ekki nýr gestur hjer, og jeg hefi á undanförnum þingum verið dálítið við þetta mál riðinn, sjerstaklega um eitt skeið, þegar horfur voru á því, að áburðarverslunin, eða öllu heldur ein tegund áburðar, myndi lenda í höndum eins firma hjer í Reykjavík. Bæði jeg og aðrir óttuðust þá, að það mundi verða til óhags fyrir þá, sem þyrftu að nota þessa vöru, en nú er þessu, eftir því sem mjer skilst, ekki lengur til að dreifa, þar eð hvorki þetta firma eða aðrar verslanir hafa lengur einkaumboð hjer á landi að því er þessar vörur snertir, og af þeim ástæðum er þá einkasalan heldur ekki nauðsynleg.

Þá er næst að gera sjer grein fyrir, hvort þörf er á framlagi úr ríkissjóði

til styrktar þeim, er nota tilbúinn áburð, og hverjir fá þennan styrk samkv. frv. Nú er það svo, að bændur landsins njóta óbeinlínis styrks til áburðarkaupa, þar sem er styrkur sá, sem greiddur er samkvæmt jarðræktarlögunum, því hann er, eins og kunnugt er, ekki greiddur fyr en landið er komið í rækt; með öðrum orðum, ekki fyr en búið er að bera á þær landspildur, sem metnar eru. Það er þess vegna gengið út frá því, að um leið og styrkurinn er veittur, þá er hann ekki aðeins veittur til að vinna, heldur og líka til áburðarkaupa. Í þessu sambandi vil jeg taka það fram, að ef þörf álíst að styrkja menn meira til áburðarkaupa, þá myndi það vel hægt, þótt einkasalan væri ekki, og þó að samvinnufjelög bænda og kaupmenn hefðu þessa sölu með höndum, eins og þau hafa haft síðustu árin. Nú mun ástandið vera þannig, að mikið af áburðarversluninni er í höndum tveggja samvinnufjelaga, hjá Sambandi ísl. samvinnufjelaga og Mjólkurfjelagi Reykjavíkur. Þessi tvö fjelög munu hafa áburðarsöluna að mestu leyti í sínum höndum; en það getur verið, að eitt firma hjer hafi eitthvað af henni líka. **(Forsrh. TrÞ:** Nei, firmað Nathan & Olsen hefir langmest). Hæstv. forsrh. skýtur því inn í, að firmað Nathan & Olsen hafi meira. Jeg vil ekki mótmæla því; mjer er það ekki svo kunnugt, en hitt veit jeg, að bæði þessi samvinnufjelög hafa mjög mikla verslun með áburð. Mjer sýnist þess vegna, að landsstjórnin verði, ef þetta frv. gengur fram, einskonar nýr milliliður, og er í stjfrv. gert ráð fyrir, að hún taki sín 5%, en nefndin ætlar henni 2%. En það er óreynt, hver kostnaðurinn verður, nema því aðeins, að það eigi líka að bæta einhverjum gjöldum á ríkissjóð á þennan hátt, en það er vitanlega reynslan ein, sem verður að skera úr því. Annars verð jeg að segja það, að mjer virðist kenna nokkuð mikilla öfga í þessu máli; eins og sakir standa, get jeg ekki kannast við, að þetta sje, eins og tekið hefir verið fram við umr., nokkurskonar höfuðmál bænda. Fyrir mjer er það svo, að á meðan þorri bænda brennir miklu af þeim áburði, sem til felst hjá þeim, þá tel jeg þessa „agitation" fyrir útlendum áburði, sem hefir verið töluvert mikið rekin hjer, beinlínis ranga. Jeg hygg, að það sje engin hagfræði í því að eggja menn alment á að kaupa tilbúinn áburð dýrum dómum, en nota ekki þann áburð, sem bændur hafa umráð yfir. Jeg lít svo á, að það eigi að vera markmið okkar að nota fyrst og fremst það, sem til felst í landinu sjálfu og við höfum ráð á, áður en við förum að seilast til útlanda eða kaupa útlent efni, þegar við höfum svipað efni heima fyrir. — Notkun tilbúins áburðar er því ekkert höfuðmál fyrir bændur í heild sinni ennþá sem komið er. Höfuðáhersluna á að leggja á það, að bændur noti mó og brenni kolum í stað sauðataðs og bæti þannig úr áburðarskortinum. Auk þess er vitanlegt, að áburðarhirðingu er stórkostlega ábótavant víðast hvar, en það fer reyndar batnandi. Af framansögðu er það ljóst, að jeg tel ekki þörf á þessum styrk, sem frv. gerir ráð fyrir. — Og hverjir njóta svo þessa styrks eða farmgjaldaljettis? Kaupstaðirnir og

næstu sveitir. Með eftirgjöf á farmgjöldum til landsins fá þeir áburðinn fluttan ókeypis heim í hlað, sem kallað er, og til Reykjavíkur, Akureyrar og nærsveitanna fer mest af þeim áburði, sem til landsins flytst. Þessi eftirgjöf hefir því mikla þýðingu fyrir kaupstaðina og nágrenni þeirra; það eru peningar í vasann. Nú hafa þessir menn sjerstaklega góða aðstöðu um markað, og hefir hún gert það að verkum, að kaupstaðabúar hafa gerst forgöngumenn á þessu sviði. Þeir hafa hjer því töluverðra hagsmuna að gæta, því að þetta fyrirkomulag verður þeim aðallega til hagræðis, eins og þegar hefir verið tekið fram. En það er svo um mig, að þessara manna vegna sje jeg ekki ástæðu til að verja tugum þúsunda úr ríkissjóði, þó að þeir eigi náttúrlega gott skilið. En vilji nú þingið á hinn bóginn losa ríkissjóð við þessar þúsundir, þá verð jeg enn sem fyr að vera á þeirri skoðun, að þá eigi að verja þessu fje til hjálpar þeim, sem mest þarfnast þessarar hjálpar, en það eru í mínum augum ekki bændurnir kringum kaupstaðina, bændurnir, sem yfir höfuð eiga ljettari aðgang að ýmsum öðrum áburði heldur en stjettarbræður þeirra víðast hvar annarsstaðar. Nei, það eru fyrst og fremst dalabændurnir, þeir, sem fjærst búa verslunarstöðum, bændurnir, sem víða hvar hafa litlar aðrar slægjur en túnblettina, aðeins smábletti utan túns, og þá eðlilega lítinn áburð, en hjá þeim er hver töðubaggi kannske fullgilt fóður fyrir ána. Það eru þessir menn, sem sjerstaklega hafa þörf fyrir að fá nokkra hjálp, og það er einmitt svo, að þessir sömu menn eiga langerfiðast með að fá áburð fluttan heim til sín. Eftir frv. fær kaupstaðarbúinn áburðinn fluttan ókeypis frá framleiðslulandinu heim til sín, en dalabóndinn verður að borga kannske 100 kr. í flutningsgjald á hvert tonn, komið heim í hlað. Jeg hefi átt tal við menn, sem svona er ástatt fyrir, um þetta mál, og þeir segja allir það sama: Á meðan aðflutningar úr kaupstaðnum eru svona erfiðir og dýrir, er okkur ómögulegt að borga 5—10 krónur undir hestburðinn, fluttan úr kaupstaðnum heim til okkar; það er meira en við erum menn til að standa straum af.

Ef þessu fje, sem hugsað er að verja til þess að ljetta flutningsgjaldið til landsins, væri beint að því að hjálpa þessum mönnum, sem örðugast eiga, þá gæti jeg litið talsvert öðrum augum á málið. (**Forsrh. TrÞ:** En hví ekki að gera hvorttveggja?). Það verður ekki gert með þessu fyrirkomulagi. Já, að gera hvorttveggja, það getur maður samþykt, en það er aðeins að fara ennþá dýpra í vasa ríkissjóðs, og jeg held ekki, eins og sakir standa, að það sje nauðsynlegt. En það, sem jeg vildi benda mönnum á í þessu sambandi, og sem jeg held, að væri hyggilegasta leiðin, ef farið væri inn á þessa götu, væri það, að fella niður styrkinn til flutnings á áburðinum frá útlöndum, en taka í þess stað upp þá reglu að styrkja áburðarflutning milli hafna og á landi þannig, að búnaðarfjelögunum væru veitt nokkurskonar verðlaun fyrir notkun tilbúins áburðar, þannig, að búnaðarfjelögin ættu kröfu á hendur ríkissjóði, ef eitthvert ákveðið áburðarmagn væri notað í hreppnum, og yrðu að sanna þá kröfu sína, en jafnframt væri settur nokk-

urskonar taxti, ef svo má segja, þar sem búnaðarfjelögunum væri gert mishátt undir höfði, eftir því, hve miklir örðugleikarnir væru með að flytja áburðinn. Það er t. d. ekki hægt að jafna saman flutningsörðugleikunum í hreppum kringum kaupstaði, og svo aftur í fremstu hreppum til dala, þar sem menn verja frá 4 dögum til viku í kaupstaðarferðina, eða ef borin er saman vegalengdin fyrir bændur við Reyðarfjörð og bændur efst uppi í Jökuldal, sem mjer er sagt að muni vera 90—100 km., er nokkuð ólík aðstaða. Sú sveit er sögð vera ein af bestu sauðfjársveitum landsins, en aðflutningar ákaflega erfiðir. Ef nokkur sveit hefir hjálpar þörf, þá eru það slíkar sveitir. Þótt gengið sje framhjá því, sem jeg tel mestu skifta í þessu máli, mun jeg þó greiða atkvæði með frv. til 3. umr., til að gefa nefndinni tækifæri til að athuga málið betur og sjá, hvaða breytingum það tekur.

Jeg get ekki stilt mig um að drepa á það að endingu, að ef jeg hefði viljað vera illgjarn í garð landbn., hefði jeg getað sagt, að það sæi á, að Sunnlendingar hefðu verið fjölmennari í nefndinni heldur en Norðlendingar og Austfirðingar, — þar sem þeir ætla Sunnlendingum einum styrk til áburðarflutninga á landi. En jeg sleppi því að þessu sinni og læt þetta nægja.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil lýsa ánægju minni yfir því, inn á hvaða braut umræður um þetta mál eru komnar, þegar það er borið saman við önnur mál, sem stundum hafa verið rædd hjer dag eftir dag án þess að vikið væri að málefninu sjálfu. Jeg vona, að eins fari um þetta mál og jarðræktarlögin, er þau voru samþ. Þá leit út fyrir allmikinn storm í fyrstu, en menn vildu koma málinu fram og vildu koma sjer saman, og því endaði alt í sátt og samlyndi. Mjer finst þetta bera svo að hjer, bæði eftir ræðu háttv. 2. þm. Skagf., er síðast talaði, að dæma og brtt. hv. 1. þm. N.-M., og finst það benda til þess, að þetta mál verði afgreitt hjeðan í betri mynd en það kom í frá Ed., eða það hefir fengið nokkru sinni áður. Hv. landbn. steig fyrsta sporið í þá átt að gera sem flestum kleift að afla sjer áburðarins. Hv. 1. þm. N.-M. gengur enn lengra í þá sömu átt. Hv. 2. þm. Skagf. benti nú á nýtt atriði, sem virðist vert að athuga nánar. Vona jeg, að þetta verði alt athugað til hlítar milli 2. og 3. umr. Mjer hefir heyrst, að hv. 1. þm. N.-M. og hv. landbn. sjeu ásátt um að fresta till. sínum til 3. umr., til þess að hægt verði að komast að samkomulagi.

Auðvitað var það tilgangur frv. frá byrjun, að menn fengju sem líkasta aðstöðu um öflun áburðarins. Er því ástæðulaust að víkja að þeim mönnum, sem hjer hafa talað á móti frv., þeim hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Reykv., enda máttu ræður þeirra heita áreitnislausar. Háttv. 1. þm. Reykv. sagði m. a. í ræðu sinni, að hann gerði ráð fyrir, að frv. gæti orðið til gagns, og kvaðst ekki mundu leggjast á móti flutningsstyrknum. Jeg þarf heldur ekki að taka ummæli hv. þm. Barð. illa upp. Hann kvaðst vita, að frv. væri borið fram af trú á málið, og vonaði, að okkur yrði að þeirri trú. Þótt

hann sje nú meiri Tómas en við hinir, vona jeg, að fari um hann eins og hinn gamla Tómas, að augu hans upplúkist síðar og hann gleðjist með okkur hinum.

Sigurður Eggerz: Jeg vil gera hjer grein fyrir atkv. mínu með nokkrum orðum. Jeg hefi ávalt verið andstæður einokun og er það enn. Jeg vil fá að heyra alvarlegri ástæður en þær, sem hjer hafa verið bornar fram, áður en jeg get ljeð þessu máli fylgi mitt.

Hjer er um mikilvægt mál að ræða fyrir bændur. Jeg sje á engan hátt eftir því, þótt fje sje veitt til þess að koma vöru þessari til notendanna, en þá sýnist ástæða til að hugsa um annað meira en að koma áburðinum til kaupstaðanna. En jeg sje ekki, að ástæða sje til að víkja frá þeim almenna grundvelli, sem verslun og viðskifti hafa hvílt á undanfarið — grundvelli hinnar frjálsu samkepni.

Jeg hefi ekki sjeð, að neinar frambærilegar ástæður hafi komið hjer fram fyrir því, að víkja af þessum grundvelli.

Jeg hefi lesið greinargerð frv. með athygli. Skilst mjer, að sú ástæða fyrir einkasölunni, sem á að vera aðalástæða, sje í 2. lið ályktana þeirra, er sendimaður stjórnarinnar dregur í niðurlagi skýrslu sinnar, þar sem svo segir:

„Um áburðarefni alment er óhætt að fullyrða það, að til að geta komist að sem bestum kaupum á þeim, er nauðsynlegt að kaupa þau í einu lagi, þar sem áburðarverslun okkar er svo hverfandi lítil, að skifting innkaupanna á margar hendur við ýmsar verslanir einungis spillir samningsaðstöðu okkar, sem fyrirfram er nægilega erfið".

Það mun nú vera yfirleitt ríkjandi skoðun, að nauðsynlegt sje að gera sem mest innkaup til að ná góðum kaupum, og því er sú stefna komin fram, að leggja einkasöluhöft á alla verslun. En þar á móti vegur sú ástæða, að þegar öll verslun er komin á eina hönd, þá er svo mikið í húfi, ef illa fer, að slíkar ráðstafanir eru hreinasta hættuspil fyrir þjóðarheildina. Þó er enn ótalin sú hætta, sem af því stafar, þegar verslunin er komin á eina hönd, að á allan hátt sje reynt að freista þeirra, sem hana hafa með höndum, með mútum og ýmsum slíkum meðulum. En þótt ekki sje um það að ræða, eru mistök þau, sem þessari einu hendi geta orðið á, svo hættuleg, að þessi ástæða vegur fullkomlega á móti því, þótt hægara sje að gera stór innkaup með einkasölufyrirkomulaginu.

Þá kem jeg að 3. lið í ályktunum sendimanns stjórnarinnar, háttv. þm. Mýr., um þýska köfnunarefnið og nýju áburðarblönduna:

„Um þýskan köfnunarefnisáburð og hina nýju áburðarblöndu, Nitrophoska, er það auk þess sjerstaklega að segja, að eina hugsanlega leiðin til að fá þau beint frá framleiðslustöðvunum, er að koma á ríkiseinkasölu með áburð".

Þetta er víst alveg rjett, að einstökum mönnum og fjelögum hjer á landi hafi ekki tekist enn að komast í beint samband við verksmiðjurnar. En þótt það hafi ekki enn tekist, má vel vera, að það takist í framtíðinni, og engar líkur eru fyrir því, að einkasölu takist betur.

Ef víkja á af hinum almenna grund-

velli hinnar frjálsu samkepni, þá þarf frekari ástæður en þær, sem nú hafa verið færðar fram. Þá vildi jeg varpa fram þeirri spurningu, hvernig fyrirkomulagið er á sölu þessarar vörutegundar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og öðrum nágrannalöndum. Er einkasala á áburði þar? Jeg held, að svo sje ekki, og versla þó lönd þessi við hina sömu miðstöð og við, fjelagið í Berlín. Hvers vegna ætti þá að vera sjerstök ástæða fyrir okkur að setja hjer upp einkasölu, úr því að hún hefir ekki verið tekin upp þar, sem sömu ástæður eru fyrir hendi? Jeg sje enga ástæðu til þess.

En því meiri ástæðu sje jeg til að óttast það, að þetta frv. sje fyrirboði meiri einokunar í landinu. Hjer úir og grúir af einokunarfrv. í þinginu. Jeg skal engu spá um það, hversu mörg þeirra, eða hvort nokkurt þeirra nær samþykki Alþingis, en mjer finst einhver einokunaralda vera að rísa upp hjer í þinginu. Og vegna þessarar einokunaröldu, sem nú rís svo hátt, finn jeg ástæðu til að spyrja hæstv. fors.- og atvmrh., hvort hæstv. stj. hafi einokun á stefnuskrá sinni eða ekki. Jeg hefi áður vikið að þessu og veit, að allir, sem unna frjálsri verslun, hlusta á svörin með athygli. Jeg vil spyrja, hvort hæstv. stj. standi á grundvelli hinnar frjálsu samkepni eða hafi tekið einokunina á stefnuskrá sína. Ef hæstv. fors.- og atvmrh. telur stjórn sína standa á grundvelli hinnar frjálsu samkepni, þá verður hann að bera fram ástæður fyrir þessu frv. En það er trú mín, sem hefi trú á frjálsri verslun, að vandamál verslunarinnar leysist best á grundvelli hinnar frjálsu samkepni.

Ef þetta frv. verður samþ. — og jeg efast ekki um, að svo verði, og einhverjir verði til þess að syngja stjórninni lof og dýrð fyrir það —, þá mun reynslan skera úr því, hvort bændur fá áburð sinn ódýrar á þann hátt heldur en ef áburðarverslunin færi fram á þeim grundvelli, sem öll heilbrigð verslun á að vera rekin á. Ætli það verði ekki einhverjir aðrir en bændurnir, sem græða á einokuninni?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil benda hv. þm. Dal. á það, að hann hefði átt að geyma þessar aths. sínar til 3. umr. Annars tel jeg óþarft að svara spurningum hans. Svo oft hafa fallið orð frá Framsóknarmönnum um afstöðu þeirra til verslunarmálanna, að honum og öðrum ætti að vera fyllilega kunnugt, hver hún er.

Jeg hefi altaf litið á þetta mál sem ræktunarmál, en ekki sem verslunarmál. Því til sönnunar skal jeg benda á það, að þegar jeg bar frv. fyrst fram, var ekki farið fram á einkasölu. Það voru aðrir, sem eiga frumkvæði að því, að sú leið sje farin, m. a. hv. þm. Barð., hv. 2. þm. Skagf. og þriðji góðkunnur Íhaldsmaður hjer í hv. deild. Enginn þessara manna leit á málið sem verslunarmál, heldur sem ræktunarmál, enda er hjer um svo lítið verslunaratriði að ræða, að það er hverfandi með öllu.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg þarf að svara ýmsu, sem hjer hefir fram komið, og mun þá byrja á háttv. 1. þm. Reykv. Hann reyndi að snúa út úr því, að jeg hafði sagt, að þeir notuðu mest innlendan áburð, sem lengst væru

komnir í hagnýtingu erlends áburðar. Þetta skýrði hann svo, að þegar menn færu að nota erlendan áburð, sæju menn fyrst yfirburði hins innlenda. Þarf auðvitað ekki að eyða orðum að því, hvílík fjarstæða þetta er. Þegar menn sjá verkanir erlenda áburðarins, verður mönnum fyrst ljóst, hvers virði áburður er yfirleitt, og fara því að vanda til hagnýtingar innlenda áburðarins.

Líka gæti sú skýring verið rjett, að þessir menn hefðu frá upphafi haft meiri skilning á gildi erlends og innlends áburðar en aðrir.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri að marka notkun áburðarins kringum Reykjavík, af því að þar væri um sjerstaka aðstöðu að ræða. Jeg skal viðurkenna, að þetta er rjett eins og stendur. En undir eins og aðstaða manna úti um land batnar til að afla sjer áburðarins, þá mun alveg sama áburðarþörfin og áburðarhungrið gera vart við sig hjá þeim eins og nú í kringum Reykjavík. Það er alveg fráleitt að þykjast vilja stuðla að ræktun landsins, en vilja ganga framhjá þessum nauðsynlegasta þætti í henni.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Skagf. voru að efast um, að ríkiseinkasala væri besta leiðin til þess að komast í beint samband við verslanirnar. Reynslan verður þar ólygnust. Einstök fjelög hafa reynt til þess, en það hefir ekki tekist. Undirtektir þær, sem jeg sem sendimaður stj. fjekk hjá fjelaginu, virðast benda til þess, að ríkiseinkasala standi þar langtum betur að vígi.

Annars gerði hv. 1. þm. Reykv. lítið úr þeirri togstreitu, að vera að reyna að komast í beint samband við verksmiðjurnar, og hjelt jafnvel, að ógagn yrði að. En nú er það flestum kunnugt, að hver einasti milliliður kostar peninga. Menn vilja fá vinnu sína borgaða, og helst meira, ef hægt er. Það er því augljóst, að mikið væri unnið, ef hægt væri að búa svo um hnútana, að engin álagning lenti á vörunni á leiðinni frá framleiðanda til neytanda. Þetta skilur hver maður með viti og það á við hjer, eins og annarstaðar.

Hjer er að vísu aðeins um einn þröskuld að ræða á leiðinni, Dansk Gödningskompagni. Takist okkur að komast framhjá því, er mikið unnið. Eins og jeg gat um í skýrslu minni, eigum við ekki víst að njóta sömu kjara og fjelag þetta, en úr því verður reynslan að skera. Ef einkasalan verður til þess, að áburðarnotkun aukist að mun, eru meiri líkur til þess en áður. En jafnvel þótt þetta tækist ekki, er þó ávalt vissa fyrir að komast á þennan hátt að næsta áfanga, þeim, að Dansk Gödningskompagni verði eini milliliðurinn. En að öðrum kosti höfum við enga tryggingu fyrir því, að ekki komist aðrir í spilið, sem geti skattlagt bændur fram yfir það, sem þörf er á.

Hitt væri líka hugsanlegt, að ríkiseinkasalan væri rekin þannig, að eingöngu væri að ræða um umboðssölu milli hinna erlendu seljenda og þeirra, sem versluðu með áburðinn hjer innanlands, hverjir svo sem það væru, og hallast jeg heldur á þá skoðun, að svo ætti að vera. Jeg lýsti því áðan, að fyrirkomulagið ætti eiginlega að vera svo, að Búnaðarfjelag Íslands væri einskonar tengiliður milli hinna erlendu seljenda og þeirra, sem versluðu með áburðinn hjer. Það yrði til

þess að koma versluninni í eina heild, en það mundi aftur bæta aðstöðuna út á við.

Hv. þm. mintist á það, að það gæti orðið um svo litla sölu að ræða, að vafasamt væri, hvort hagur væri að því, að alt væri á einni hönd. En okkar kaup verða tiltölulega það lítil, að ef alt verður ekki pantað í einu, þá verðum við útilokaðir frá því að njóta jafngóðra kjara og erlendar stórverslanir.

Þá var hv. þm. að tala um það, að ekki gæti komið til mála að haga versluninni svo, að pantanir um áburð, er sveitamenn þyrftu að fá, yrði að senda til aðalverslunarinnar einhvern tíma vetrar, því þá væri ekki svo gott að sjá, hvað menn þyrftu mikið. En þetta er alveg það sama og nú á sjer stað og ekki nein ástæða að ætla, að það yrði nokkuð erfiðara, þó ríkiseinkasölu yrði komið á.

Þá þarf jeg að svara hv. 2. þm. Skagf. nokkrum orðum. Hann sagðist hafa verið með svipuðu frv. einhverntíma áður, því þá hefði verið hætta á því, að áburðarverslunin kæmist á eina hönd, en slík einokun hefði getað orðið til þess, að áburðurinn hefði orðið of dýr. En jeg get ekki sjeð, að við sjeum lausir við þá hættu ennþá. Þessi verslun er í höndum einstaks verslunarfjelags erlendis, svo við getum altaf átt á hættu, að hún lendi hjer í höndum þeirra, sem gætu lagt meira á þessa vöru en góðu hófi gegnir, eins og líka átt hefir sjer stað áður. Það er því best að byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann og tryggja það strax, að við getum ráðið nokkru um verðlag þessarar vöru.

Hv. þm. var hræddur um það, að með þessu fyrirkomulagi á áburðarversluninni yrði landsstj. aðeins nýr milliliður, er gerði áburðinn dýrari en hann þyrfti að vera. Jeg skal viðurkenna það, að eins og frv. liggur fyrir mætti skilja ákvæðið um þessi 2% eða 5% svo, að þar væri um aukaálagning að ræða, en til þess þarf samt ekki að koma. Að vísu mundi það baka Búnaðarfjelaginu dálítinn kostnað, en það yrði ekki neitt verulegt. Jeg hefi borið það undir verslunarfróða menn, hvað kostnaðurinn við þetta mundi verða mikill, og hafa þeir allir verið sammála um það, að kostnaðaraukinn mundi alls ekki verða verulegur, í mesta lagi hjálp í nokkra daga.

Þá var hv. 2. þm. Skagf. að tala um það, að ekki væri mikil þörf á því að gera víðtækar ráðstafanir til þess að flytja tilbúinn áburð inn í landið, meðan bændur hugsuðu ekki betur um að hirða áburðinn en nú ætti sjer stað. En jeg verð að segja það, að ef við eigum að bíða eftir því, að allir bændur hirði vel áburðinn, þá er jeg hræddur um, að við megum bíða nokkuð lengi. Og þó áburðarhirðing sje víða mjög skamt á veg komin, þá er þörfin svo knýjandi hjá mörgum, að það er ekki afsakanlegt að láta þá gjalda þeirra, sem trassa að hirða áburðinn. Út af því, sem hv. þm. sagði, að rjettara væri að brenna kolum, en nota taðið til áburðar, heldur en kaupa tilbúinn áburð, vil jeg taka það fram, að ef um það tvent er að ræða, hvort kaupa skuli kol eða áburð, þá hygg jeg, að það verði bæði hyggilegra og ódýrara að kaupa áburðinn.

Það kom fram hjá hv. þm., að það mundu eingöngu verða bændur í

kringum kaupstaðina, sem yrðu aðnjótandi þeirrar hjálpar, er felst í frv. hvað flutningana snertir. En jeg er sannfærður um, að það líður ekki á löngu áður en bændur hafa yfirleitt aðstæður til þess að flytja áburðinn heim til sín á sæmilega ódýran hátt, og enginn vafi er á því, að notkunin eykst eftir því sem bændum skilst, hve hún er þýðingarmikil. Það er líka gert mikið að því á ári hverju að bæta samgöngurnar á landi með vegagerðum, svo það eru margir á ári hverju, sem fá betri aðstöðu að því er flutninga snertir. Það er enginn vafi á því, að þegar samgöngur eru komnar í sæmilegt horf, þá borgar sig miklu betur að kaupa tilbúinn áburð og nota hann heimavið heldur en að hafa dýrt fólk við heyskap á þýfðum og graslitlum engjum. Og reynslan mun sýna, að menn vilja heldur kaupa tilbúinn áburð en eltast við ljelegar slægjur. Vitanlega er það svo víða, að bændur geta alls ekki náð í tilbúinn áburð, en það er líka gefið, að það borgaði sig að nota hann víðar en gert er. Sumstaðar er það orðið svo, að bændum þykir ódýrara að nota hann heldur en t. d. þang eða slor, því vinnan við það er svo dýr. Og þegar hlutföllin eru orðin svo, þá er ekki vafi á því, að þessi vara á rjett á sjer og fullkomlega rjett að álykta af þessu, að hún verði mikið notuð í sveitum þessa lands, þegar tímar líða.

Hv. þm. Dal. spurði um það, hvaða reglum væri fylgt um þetta í nágrannalöndunum, hvort þar væri einokun eða frjáls verslun. Eftir því sem jeg veit best, er þessi vara ekki „monopoliseruð“ þar, en við það er ekki miðandi hjer, því aðstæður eru hjer allar aðrar. Jeg veit ekki betur en að í Noregi, Svíþjóð og Danmörku sjeu það samvinnufjelögin, er versla með þennan áburð, og hafa þau bein viðskifti við þýska hringinn, er framleiðir hann. Samvinnufjel. hjer mundu ekki geta fengið bein viðskifti við Þýskaland, heldur mundu þau verða að ganga í gegnum Danmörku. Þetta er því að vissu leyti sjálfstæðismál fyrir okkur að geta fengið þessa vöru án þess að Danir sjeu þar milliliðir. Þetta er því virðingarverð tilraun til þess að losna við dönsku milliliðina, og skil jeg ekki í öðru en að jafnmikil sjálfstæðishetja og hv. þm. Dal. er kunni að meta hana.

Undanfarin ár hefir verið hörð barátta um yfirráð áburðarverslunarinnar milli danskra samvinnufjelaga og annara fjelaga þar, meðal annars Dansk Gödningskompagni, og hefir sú barátta endað svo, að samvinnufjelögin náðu þar undirtökunum og hafa nú á sínu valdi verðlag áburðarins. Hjer erum við svo smáir og langt í burtu, að við mundum lenda í höndum þeirra, er fengju umboð hjá Dansk Gödningskompagni. Það er því svo, að ef við eigum að geta reist rönd gegn valdi þessarar verslunar, þá er það eina ráðið að flýja á náðir ríkiseinkasölunnar. Það er hin sterka aðstaða dönsku samvinnufjelaganna, er hefir gert þá sjálfstæða í þessum efnum. En við höfum ekki svo góða aðstöðu, að við getum látið samvinnufjel. hafa forgöngu þessa máls, og því eigum við ekki annars úrkosta en að snúa okkur til ríkisvaldsins og fá hjálp þess.

Þá get jeg ekki komist hjá að minnast nokkrum orðum á þá grýlu, sem

svo mjög hefir verið hampað hjer, sem sje hræðsluna við ríkiseinkasöluna. Er það að vísu ekki að undra, þó henni sje hampað hjer, jafnkærkomið vopn og hún virðist vera ýmsum hv. þm. í þessari deild. En jeg verð að segja það, að jeg sje heldur lítinn skyldleika milli einokunarverslunarinnar gömlu, sem var í höndum erlendra manna og rekin beinlínis til þess að auðgast á henni, og hins, þó þjóðfjelagið geri ráðstafanir til þess að skipa málum sínum í hvert skifti eftir því, sem best hentar. Þetta er ekki „princip"mál fyrir mjer, heldur hagsmunaatriði. Og það er hart, að hv. þm. sumir hverjir skuli vera þeir „princip"-þrælar að setja þetta undir eins í samband við hina gömlu og illræmdu einokunarverslun, enda þótt hjer sje um að ræða sama nafnið og þá, þ. e. einkasölu.

Þetta minnir á mann nokkurn, sem stolið var frá, en var eftir það svo hræddur um, að stolið yrði frá sjer, að hann faldi peninga sína, en það svo vel, að hann gat ekki fundið þá sjálfur. Það er alveg það sama, er hendir þá, er þora ekki að láta þjóðfjelagið taka þetta í sínar hendur, sem sje hræðsla við sjálfa sig.

Jeg get að lokum ekki stilt mig um, í sambandi við hættu þá, er hv. þm. Dal. hjelt fram, að fylgdi því, ef þetta frv. yrði samþ., að minna á ræðu, sem hann hjelt um daginn, og kvað þess brýna nauðsyn, að við eignuðumst háðskáld. Jeg skal fúslega játa, að þess væri full þörf, þó það yrði ekki til annars en að fækka ræðum, er svipar til þeirrar, er þessi hv. þm. hjelt í dag í þessu máli.

Pjetur Ottesen: Það er nú búið að taka svo margt fram um þetta mál, að jeg hefi þar í rauninni ekki miklu við að bæta. En fyrst verið er að reyna að finna þann grundvöll, sem hægt er að sameina á þær andstæðu skoðanir, sem fram hafa komið í þessu máli, þá vildi jeg leggja mitt fram til þess að samkomulag næðist um afgreiðslu málsins. Jeg býst nú við, og er þar á sama máli og hæstv. forsrh., að það verði hlutverk hv. landbn. að hafa forgöngu þess að bræða hinar sundurleitu skoðanir saman. En jeg vildi benda á, að það horfir dálítið öðruvísi við um flutning þessa máls nú heldur en að undanförnu, því eins og hæstv. atvmrh. benti til, þá var mál þetta fyrst borið fram af alveg sjerstökum ástæðum, og það eru þær ástæður, er hafa ráðið flutningi þess alt þar til nú. Því var sem sje svo varið, að Búnaðarfjelag Íslands hafði náð í umboð frá fjelaginu, sem framleiddi áburðinn, en tapaði því svo aftur, en í þess stað náði einstakt firma hjer í bænum þessu umboði. Það er fyrst nú, sem mál þetta er flutt á þeim grundvelli, að raunverulega er um það að ræða, hvort vera skuli hjer eftir frjáls verslun eða einkasala á þessari vöru. Það verður að líta á það, hvort muni líklegra til að verða bændum til hagnaðar. Fylgismenn einkasölunnar segja vitanlega, að það fyrirkomulagið sje heppilegra fyrir bændur og líklegra til þess að auka notkun tilbúins áburðar. En jeg verð nú að hallast að því, að ekki sje mikill vinningur að einkasölu, og jeg held, að það sje mjög hæpið að gera sjer miklar vonir um mikinn árangur af henni

út af fyrir sig. Það hefir líka verið sýnt fram á, að þetta mál horfir svo við, að verslunin með köfnunarefnisáburð er í höndum eins fjelags á Norðurlöndum, svo ekki væri í annað hús að venda en til þess. Við mundum ekki geta komist í beint verslunarsamband við fjelagið, sem framleiðir áburðinn, þó komið væri á einkasölu, því verslunarfjel. í Danmörku hefir líka einkaumboð fyrir Ísland. Og þó að við kæmumst í beint verslunarsamband við þýska fjelagið, þá er spurning, hvort nokkur hagnaður yrði að því, sökum þess, að danska fjelagið, sem hefir einkaumboðið, mundi fá ákveðnar prósentur af öllu, sem selt væri, enda þó það væri selt beint. Þetta er höfuðregla í viðskiftalífinu, og það sama mundi auðvitað verða hjer uppi á teningunum. Það er því mjög vafasamt, að við ynnum nokkuð á þessu. Ein stærsta verslun þessa lands, S. Í. S., hefir reynt að komast í beint samband, en ekki tekist. Það byggist því ekki á öðru en hugboði hv. þm. Mýr., að þetta geti tekist.

Sami hv. þm. var að tala um það, að ef þessi verslun yrði ekki rekin með einkasölufyrirkomulagi, gæti svo farið, að verslunin með tilbúinn áburð lenti í höndum einstakra manna eða fjelaga. En jeg verð að segja það, að jeg býst við, að það komi í sama stað niður, hver hefir verslunina, ef þetta fjelag í Danmörku, sem aðalumboðið hefir, ekki vill sleppa því, eins og miklar líkur eru til. Og jeg get ekki sjeð, að það verði nokkur breyting til batnaðar, þó þessi einkasala komist á. Þá var hv. þm. að tala um, að þetta væri sjálfstæðismál, og meinti það til hv. þm. Dal. Án þess jeg ætli mjer á nokkurn hátt að fara að svara fyrir hann, vil jeg segja það, að jeg álít ekki, að leiðin til sjálfstæðis liggi um einkasölur. (**SE**: Þetta var vel sagt). Eitt af því, sem þessu frv. hefir verið fært til gildis, er það, að flutningur áburðarins verði ódýrari, ef einkasala kæmist á. Það er jeg ekki viss um, enda mun það vera miðað við það fyrirkomulag, sem á að vera á sölu áburðarins. En jeg er nú ekki viss um, að það verði svo gott að framfylgja því, sökum þess, að hvorki búnaðarfjelög nje hreppsfjelög hafa nægileg húsaráð til þess að geta birgt sig upp, þó þau vildu, eins og hv. þm. Mýr. ætlast til, að þau geri. Auk þess er áburður þessi talsvert vandgeymdur, ef hann á að geymast um lengri tíma, að minsta kosti sumar tegundir hans.

Þegar af þessari ástæðu verður nokkuð erfitt um framkvæmdina. Auk þess hafa bændur lítið fjármagn til kaupa gegn greiðslu út í hönd, eins og nú horfir við um viðskifti þeirra. Raunar liggur nú fyrir Alþingi frv. til laga um atvinnurekstrarlán, og ef því auðnaðist að afgreiða það breytingalítið, væri að vísu nokkuð úr þessu bætt. En jeg býst við, að verslun bænda með þessa vöru, áburðinn, fari eftir sem áður fram gegnum kaupmenn og kaupfjelög, og er því sjálfsagt að heimila kaupmönnum að hafa einnig þessa vöru á boðstólum, viðskiftamanna þeirra vegna. Jeg hygg, að mjög erfitt reynist að framkvæma þetta eftir tillögu hv. þm. Mýr., og þess vegna hætt við, að ekki náist sá mikli hagnaður, sem því gæti orðið samfara að lesta heil skip með vörunni.

Frá mínu sjónarmiði horfir þessu

máli svo við, að aðalkostur frv. — og hann tel jeg mikinn — er sá, að gert er ráð fyrir að veita bændum fjárhagslegan stuðning til að afla sjer tilbúins áburðar og fá þeim tækifæri til að kynnast nytsemi hans. Jeg vil leggja áherslu á, að þessu verði ágengt. En fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, er í beinni andstöðu við meginhugsun þess. Því að ef eingöngu á að borga flutningskostnaðinn til landsins, þá verður það að mestu gagni fyrir kaupstaðina og nágrenni þeirra. En einmitt þar er minst þörf að útbreiða þekkingu á tilbúnum áburði, því að þar hefir hann lengi verið notaður. Hinn daglegi markaður fyrir afurðirnar, sem kaupstaðabændur og næstu nágrannar hafa, gerir aðstöðuna til ræktunar einnig gagnólíka við kaupstaði og úti um landið, þar sem ef til vill eru ekki nema tvö tækifæri á ári til afurðasölu. Stuðningurinn er samkvæmt frv. eins og það er nú þannig mestur þar, sem síst skyldi. Þekkingin á tilbúnum áburði og notkun hans er þeim mun minni, sem fjær dregur kaupstöðunum, og alls engin fjærst þeim. En styrkurinn er þeim mun minni, sem hans er meiri þörf. Það er stór galli á frv. og rekst hrottalega á aðaltilgang þess.

Brtt. hv. landbn. og hv. 1. þm. N.-M. miða til nokkurra bóta á þessu. Brtt. hv. landbn. snertir raunar aðeins tvær sýslur hjer á Suðurlandi. Að vísu stendur nokkuð sjerstaklega á um þær, en varla þó svo, að hægt sje að taka þær einar út úr. Till. hv. 1. þm. N.-M. er víðtækari, og að því leyti betri, en hún er talsvert óákveðin. Enda er erfiðara að finna rjettlátan grundvöll til að styðja menn með flutningi vörunnar á landi en sjó.

Verði það nú niðurstaðan að samþykkja ákvæði frv. um ívilnun á flutningsgjaldi, þá vil jeg taka undir orð hæstv. atvmrh., hvort hv. landbn. sjer sjer ekki fært að sjóða þessar brtt. saman, eða orða á annan hátt þá hugsun, sem bak við báðar liggur.

Þar sem jeg sje nú ekki aðra kosti við þetta frv. en þann fjárhagslega stuðning, sem jeg nú hefi talað um, þá hlýtur hjá mjer að vakna sama spurning og hjá hv. 2. þm. Skagf.: Er ekki hægt að ná sama marki með öðru en einkasölu? — Hv. þm. benti líka á leið í þessu efni, sem sje þá, að veita hreppabúnaðarfjelögunum verðlaun fyrir áburðarnotkun, sem síðan væri skift milli áburðarnotenda. Mælikvarðinn ætti að vera sá, hve mikinn tilbúinn áburð hver bóndi hefði notað, og hve mikill flutningskostnaður legðist raunverulega á áburðinn, án tillits til þess, hvar hann væri keyptur. Jeg vildi óska, að hv. landbn. tæki þetta til athugunar og reyndi að finna leið, sem við gætum allir orðið sammála um, sem viljum útbreiða þekkingu og notkun á tilbúnum áburði. Því að þótt fyrst og fremst beri að nýta vel þann áburð, er til fellur heima fyrir, verður þó að taka hinn útlenda til hjálpar við hið mikla verkefni, sem framundan er um ræktun landsins.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að styrkja menn til áburðarkaupanna með ókeypis flutningum nema 3 ár. Hjer er því um algerða bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Þótt ekki þurfi að halda þessari starfsemi lengi uppi, þá

geri jeg þó ráð fyrir, að 3 ár sjeu of skammur tími til að þekking manna á nytsemi tilbúins áburðar verði almenn. Jeg vil, að reynt sje að byggja til meiri frambúðar í áburðarmálinu að þessu leyti en þarna er gert.

Jeg lýk máli mínu með því að óska, að hv. landbn. geti fundið einhvern þann grundvöll, sem allir velunnarar málsins geti mætst á. Þá yrði málið vissulega leitt fram til sigurs. Vona jeg, að Alþingi takist svo vel í þessu máli sem hinu, er hæstv. atvmrh. mintist á.

Gunnar Sigurðsson: Mjer finst umr. þessa máls komin á nokkuð breiðan grundvöll og skal reyna að halda mjer við frv. sjálft. Jeg var strax, er jeg heyrði um þetta frv., því fylgjandi, sökum þess, að það er spor í þá átt að hrinda landbúnaðinum í tískuhorf. Það er á móti mínu skapi að styrkja einn atvinnuveg á annars kostnað, en það gleður mig, hve vel og vinsamlega málsvarar sjávarútvegsins hafa tekið þessu máli. Aftur á móti er leitt að heyra sumar þær raddir, er fram koma í málinu, svo sem hv. þm. Barð., sem mjer skildist, að vildi gera lítið úr notkun tilbúins áburðar fyrir landbúnaðinn. (**HK:** Rangt, alrangt!). Það gleður mig, ef ekki hefir átt að skilja hv. þm. þannig, en það var ekki hægt að skilja ummæli hv. þm. öðruvísi. Annarsstaðar er tilbúni áburðurinn höfuðundirstaðan undir ræktuninni. Húsdýraáburður er þar eingöngu notaður til undirburðar. Hjer á landi er þegar farið að nota tilbúinn áburð þar, sem best eru markaðsskilyrðin og samgöngur greiðastar. Því hygg jeg, að þetta mál muni læknast af sjálfu sjer og komast í gott horf, þegar sveitir landsins fá þær samgöngur, er nútímanum hæfa. Við verðum að rækta landið upp frá sjónum með bættum samgöngum.

Hjer hefir heyrst rödd um hreppapólitík af Sunnlendinga hálfu í þessu máli. En það er beinlínis skilyrði fyrir því, að Suðurlandsundirlendið geti haft nokkurt gagn af frv., að því verði hjálpað á einhvern hátt að koma áburðinum austur. Það þarf að koma áburðinum sem allra víðast, en eins og samgöngur eru nú, er alveg ógerningur að koma honum ókeypis á hverja vík og vog. Jeg hygg, að menn hafi ekki gert sjer nægilega grein fyrir, hver baggi það yrði fyrir ríkissjóð. En fyrir þá sök vil jeg sætta mig til bráðabirgða við till. hv. landbn. Málið er nú á frumstigi, og er betra að byrja á því að stíga spor í rjetta átt, þótt smátt sje, heldur en að byrja á víxlspori.

Jeg er enginn „princip"-maður um það, hvort hafa beri einkasölur eða ekki. Er það því ekkert höfuðatriði fyrir mjer, hvort einkasala er á áburði eða ekki. En jeg álít, að landsstjórnin hafi betri tök en aðrir á því að gera hagstæða samninga við skipafjelögin, þó einkum Eimskipafjelag Íslands, sem altaf er upp á þing og stjórn komið að meira eða minna leyti.

Jeg álít það vera stærsta kost frv., að það ýtir undir menn að nota tilbúinn áburð. Þar sem samgöngur eru svo góðar, að unt er að flytja hann að sjer með tiltölulega litlum kostnaði, má fullyrða, að hægt sje að hafa allmikla hagsmuni af notkun áburðarins nú þegar. Með leið þeirri, er hv. landbn. leggur til, er hægt að koma á

notkun áburðarins í sjávarplássunum og öðrum þeim hjeruðum, er best liggja við samgöngum, og væntanlega verður í framtíðinni hægt að fikra sig áfram og koma áburðarnotkuninni með tímanum sem víðast um landið.

Frsm. (Lárus Helgason): Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvort landbn. hefði kynt sjer, hve mikinn kostnað frv. mundi hafa í för með sjer, ef samþykt yrði. Jeg gleymdi að svara þessu áðan, en það kom ekki svo mjög að sök, því að hv. þm. svaraði sjer sjálfur; sagði, að skýrslur væru ónógar og ómögulegt að vita um notkunina, hve mikil hún yrði. Annars var það svo um þennan hv. þm., að hann sagði í öðru orðinu, að áburðarnotkunin yrði svo lítil, að ekki tæki því að koma á fót landsverslun á honum, og í hinu orðinu, að útgjöld ríkissjóðs yrðu gífurleg, máske ½ miljón króna, vegna einkasölunnar á áburðinum, — árlegur kostnaður, að því er mjer skildist. Þetta sýnist mjer stangast illilega.

Hv. þm. var enn að tala um einokun. Mig skal ekkert furða, þótt bæði hann og fleiri tönnlist í sífellu á þessu, ef þeir trúa sjálfir því, sem þeir eru að segja. T. d. sagði hv. þm. áðan, að hann væri ekki í neinum vafa um það, að afleiðingin af ríkisverslun nú yrði hin sama sem af einokuninni fyr á öldum. Ef hann trúir þessu í raun og veru, þá skal mig ekki furða, þótt hann sje hræddur. En jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur þingmaður sje svo skyni skroppinn, að hann segi annað eins og þetta í alvöru. Það var dálítið öðruvísi um gömlu einokunina. Þá var aðeins um valdboð að ræða frá konungi, ókunnugum og ábyrgðarlausum, sitjandi í öðru landi. Verslunin var í engu miðuð við hag landsmanna og stjórnað með ókunnugleika á högum þeirra. Það er ótrúlegt og undursamlegt, að mönnum, sem taldir eru sæmilega skynugir, skuli koma til hugar þessi samanburður. En hv. 1. þm. Reykv. er ekki einn um þetta. Hv. þm. Dal. lagðist á svipaða sveif, þótt hann tæki ekki eins djúpt í árinni. Það er augljóst, að þetta er sagt alveg út í bláinn. Við höfum nú alt í eigin hendi um þessi mál; getum þar á meðal lagt niður einkasöluna, þegar við viljum.

Hv. 1. þm. Reykv. var að benda á, að ekki væru svipuð skilyrðin til ræktunar í Mosfellssveit og úti um landið, og því væri lítils virði samanburður á því, hvað gert hefði verið þar og annarsstaðar. Nefndinni var vel kunnugt um þetta áður. En þó að ræktunin úti um sveitir landsins verði ekki svipað því í eins stórum stíl og í Mosfellssveit, þá gæti jarðirnar munað um þá túnauka, sem þær fengju fyrir notkun tilbúins áburðar. Mjer hefir verið sagt um eina jörð í Mosfellssveit, sem nú framfleytir yfir 20 kúm, þar sem voru 2 eða 3 kýr fyrir 14 árum. Þetta hefir einn bóndi áorkað með hagsýni og dugnaði á greindum tíma. **(Forsrh. TrÞ:** Alt að þakka tilbúnum áburði). — Úti um land erum við ekki svo stórhuga, að við getum ekki látið okkur minna nægja. En ræktunarmöguleikarnir eru ónógir, nema með auknum áburði. Ef hann vantar, er ekki hægt að rækta jarðirnar, jafnvel þótt jarðyrkjuverkfæri komist inn á hvert heimili.

Þá er það hv. 2. þm. Skagf. Honum þarf jeg ekki mörgu að svara, enda

veit jeg, að fleiri en jeg eru orðnir þreyttir á þessari löngu umr. Eins og fleiri hv. ræðumenn taldi hann, að frv. hjálpaði síst þeim, er helst skyldi, dalabændunum, sem dygði einn baggi handa ánni yfir veturinn. Þeir mundu þurfa að sækja áburðinn svo langt, sagði hv. þm., að þeim kæmi hann ekki að liði. Í þessu eru náttúrlega miklar fjarstæður. — Ef einhverjum dalabændum dugir einn baggi handa ánni, sem jeg skal ekki rengja, þá er augljóst mál, að þeim er mikið hagræði að því að geta fjölgað böggunum. Þeir ættu að mega leggja enn meira á sig til þess heldur en sá, sem þarf 5 eða 6 bagga handa hverri á. Mjer finst þessi dæmalausi barlómur ganga alt of langt, þegar bændur eiga ekkert að geta, ekki einu sinni náð heim til sín fáum pokum af áburði frá næsta verslunarstað. Meining frv. er að flytja áburðinn á sem allra flestar hafnir, og held jeg, að bændum sje ekki vorkunn að ná honum þaðan heim til sín. Þeir eru ekki svo gerþrotnir öllum dug, að þeim sje það nokkur ofraun. Mjer finst það of mikill barlómur. Hv. þm. fór að vísu vægum orðum um það, að við í nefndinni værum Sunnlendingar, og gat þess, að þrátt fyrir það mundi sjálfsagt engin hlutdrægni koma þar til greina; en það mátti svo sem skilja á honum, að honum hefði fundist gæta nokkurrar hlutdrægni í því, að nefndin leggur til, að áburðurinn verði fluttur ókeypis austur í Árnes- og Rangárvallasýslur. Ef nokkursstaðar eru erfiðleikar á að flytja hann landleið á hestum, þá er það þar. Jeg veit, að fjöldi bænda mundi nota sína hesta til aðdrátta, ef þeir hefðu frið til að ferðast eftir vegunum fyrir bílum. Jeg skil ekki í, að þeim hafi farið svo mikið aftur síðustu 10—15 árin. Þegar maður var á ferð á vorin, komst maður oft lítt áfram vegna stanslausra lestaferða, sem mestmegnis voru þorskhausalestir. Jeg held það sje enginn vafi á því, ef bændur eystra hefðu sömu aðstöðu til aðflutninga nú og þá, mundu þeir telja sjer arðvænlegra að sleppa hausunum og flytja heldur tilbúinn áburð heim á býlin og auka túnin. Bílaumferðin bagar ekki annarsstaðar enn sem komið er, svo nokkru nemi. Þess vegna er ekki hægt að dróttа neinni hlutdrægni að nefndinni fyrir þessa till., og það því síður, sem það er vitanlegt, að ríkissjóði yrði dýrara að kosta flutning áburðarins sjóleiðina í umræddar sýslur.

Hv. þm. Dal. þarf jeg ekki að svara sjerstaklega. Jeg tel svar mitt til hv. 1. þm. Reykv. hafa náð til hans einnig. Það hefir einatt svo verið, að þessi hv. þm. hefir haft horn í síðu samvinnufjelaganna, að jeg ekki tali um einkasölu, en það er hlutur, sem hann má ekki heyra nefndan, svo að ekki raskist sálarjafnvægi hans. En það er eins um hann og hv. 1. þm. Reykv., að þótt hann haldi langar og fjálglegar ræður, þá hljómar það í eyrum margra sem meira og minna alvöruleysi.

Hv. þm. Borgf. komst svo að orði, að hann hjeldi ekki, að leiðin til sjálfstæðis væri sú, að koma á stofn einkasölu. Hver hefir haldið því fram? Mjer vitanlega enginn. En mjer er spurn: Að hvaða leyti ætti einkasala að standa í vegi fyrir sjálfstæðinu?

Jeg ætla þá ekki að þreyta hv. deild á lengri ræðu. Jeg hefi þegar sagt nægilega margt, og þó að jeg hafi

punktað fleira niður hjá mjer, ætla jeg að hlaupa yfir það. En að síðustu vil jeg lýsa yfir því, að það hefir orðið að samkomulagi milli flestra í landbn. og hv. 1. þm. N.-M. að taka aftur brtt. Nefndin tekur sínar brtt. aftur til 3. umr., ef hann gerir sama. Jeg efa ekki, að flestir eða helst allir vilji þessu máli vel, þótt greini á um leiðir til þess að sjá því sem best og rjettlátlegast farborða.

Halldór Stefánsson: Jeg þarf fátt eitt að segja út af þeim umræðum, sem orðið hafa um brtt. mínar, því að jeg hugsa mjer ekki að ganga inn á almennar umræður um þær, eins og gert hefir verið um hinar. Það hefir heldur ekki komið fram svo stórvægilegur ágreiningur um þær, að jeg þurfi að mæla með þeim frekar en jeg hefi gert. Helsti ágreiningurinn hefir orðið við hæstv. atvmrh. Hann virtist helst vilja taka síðari hluta till. minnar til viðbótar við frv. En jeg tel ekki rjett, og heldur ekki þörf, að ríkið greiði hið almenna flutningsgjald undir áburðinn til landsins. Ef ríkið þyrfti ekkert að horfa í fje, þá væri óneitanlega meiri stuðningur í því, að þetta væri gert. En þar sem meginhluti áburðarins er notaður á þeim stöðum, sem margborgar sig að nota hann, tel jeg óþarft að láta ríkissjóð borga hið almenna flutningsgjald til landsins. Hinsvegar vil jeg vinna að því að gera öllum sem jafnasta aðstöðu að ná í áburðinn, hvar sem þeir eru á landinu.

Hv. landbn. þóttist ekki með öllu andvíg till. minni, en virtist sjá mörg ljón á veginum að því er snerti framkvæmd hennar. En eins og jeg hefi bent á áður, held jeg, að það sje misskilningur. Jeg tel óhugsandi, að ekki megi koma því svo fyrir, að hugmynd mín sje vel framkvæmanleg. Að minsta kosti virtist hæstv. atvmrh. ekki sjá þessi ljón, þar sem hann áleit, að síðari hluti till. gæti komið til mála sem viðbót við frv. Það mætti hugsa sjer framkvæmdina á þá leið, að settur yrði taxti fyrir landflutningana, sem miðaður væri við vegalengd, sennilega leikandi á 5 km. bili, en ekki fast ákveðinn. Þeir, sem svo hefðu afhendingu áburðarins með höndum, byggju til taxta fyrir sitt viðskiftasvæði, eftir því sem vegalengdirnar eru miklar. Kæmi svo styrkurinn upp í verð áburðarins. Annars efa jeg ekki, að finna megi hagnýtar leiðir, þegar farið er fyrir alvöru að athuga þessa hlið málsins.

Hv. frsm. landbn. talaði á þann hátt, að ef jeg vildi taka till. mína aftur til 3. umr., þá myndi nefndin ekkert vera á móti því að taka hana á ný til athugunar ásamt sínum, og þar sem jeg er fús til samvinnu og frekari athugunar á þessu atriði, þá lýsi jeg því hjer með yfir, að jeg tek hana aftur til 3. umr. En jeg tek það jafnframt fram, að ef ekki næst samkomulag, þá áskil jeg mjer rjett til þess að bera hana fram til atkvæða.

Þá vildi jeg leyfa mjer að bera fram fyrirspurn til hv. nefndar eða hæstv. stjórnar um tvö atriði í frv., sem mjer finst ekki fyllilega ljós. Það er þá fyrst um framfærslu fyrir sölukostnaði. Jeg get ekki sjeð eftir frv., hvort þar er átt við framfærslu vegna heildsölu eða smásölu. Ef aðeins er átt við annaðhvort, þá er ákvæðið ófullnægjandi, því að jeg tel,

að setja þurfi ákvæði um hvort-tveggja.

Þá er hitt atriðið. Í frv. er svo ákveðið, að áburðurinn skuli greiðast við móttöku, en mjer er það ekki fyllilega ljóst, eftir orðalagi frv., hvort þetta er meint gagnvart ríkissjóði eða gagnvart þeim, sem smásöluna hafa á hendi. Um þessi tvö atriði vildi jeg fá svör, svo það verði ótvírætt, hvað meint er með þessu, svo að það valdi ekki ágreiningi síðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af fyrirspurnum þeim, sem hv. 1. þm. N.-M. bar fram, vil jeg geta þess, að frá minni hálfu sem flutningsmanns er alstaðar átt við heildsöluálagningu í frv., þar sem um álagningu er talað. Og jeg skal jafnframt geta þess, að 5% álagning á áburðinn fyrir einkasöluna er hámarksupphæð, sem jeg vel get fallist á, að megi lækka. Set jeg mig því ekkert á móti því, þó að hún verði færð niður í 2%. Það er rjett, að í frv. er hvergi ákvæði um það, hvernig smásalar eigi að haga sjer; slíkt áleitst ekki þörf, þar sem einungis er gert ráð fyrir, að það sjeu bændafjelög, sem annist söluna. Er því bændanna sjálfra að hafa eftirlitið. Þá spurði háttv. þm., hvað átt væri við með því ákvæði, að áburðinn skyldi greiða við móttöku, hvort átt væri við útsölumenn gagnvart ríkissjóði eða notendur gagnvart smásölu. Um þetta atriði er hið sama að segja og hitt, að þar er átt við stórsöluna, einkasöluna. Og jeg vil halda fast við það, að ekki verði farið að stofna til skuldaverslunar með þessu. Það eru yfirleitt engin ákvæði í frv. um smásöluna.

Jón Ólafsson: Það er nú búið að ræða mál þetta allmikið, og það, sem um er deilt, virðist mjer smámunir einir. Sumum hv. deildarmönnum finst óbragð af frv. þessu, af því að það er kent við einkasölu, en jeg lít svo á, að það sje hjegómi, því að frá verslunarlegu sjónarmiði skiftir þetta litlu máli. Það, sem aðallega er hjer um að ræða og aðaláherslan er lögð á, er það, að hlunnindi þau, sem hjer á að veita, nái til sem flestra. Og úr því að búið er að ákveða það, að kaupmenn hafi útsölu á vöru þessari eins og aðrir, þá er ekki eftir nema heildsalan, og jeg held, að hún sje ekki svo stór biti, að verslunarstjettin þurfi að sjá eftir henni. Það er því aðeins „principið", sem hjer getur gefið tilefni til deilu.

Það má vitanlega altaf þrátta um, hvort rjett sje að gefa bændum eitthvað eftir af flutningsgjaldi vöru þessarar, en úr því að það er ákveðið, þá fæ jeg ekki sjeð, hvernig það verður hægt á annan hátt en að láta ríkið annast söluna að einhverju leyti.

Jeg held, að það geti ekki komið til mála, að komið verði á verslun í þessu efni í gegnum aðra milliliði en þá, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þess að með því er grundvallarhugsun frv. kollvarpað.

Mjer skildist helst á orðum hv. þm. Barð., að honum þyki ekki mikið til frv. koma í heild eða stefnu þess. Þá skoðun getur hann haft út af fyrir sig án þess jeg fari að deila um það. En þar sem hann var að tala um, að fyrst ætti að kenna bændum að hirða um og nota betur sinn heimafengna áburð, áður en hafist sje handa að flytja inn tilbúinn áburð,

þá er því til að svara, að jeg geri ekki ráð fyrir, að með þeim bændum, sem ekki hugsa um sinn heimaáburð, þurfi að reikna. Það eru aðeins dugnaðarmennirnir, sem manndáð hafa í sjer til búskapar, sem hvorttveggja gera: nota vel sinn heimaáburð og kaupa erlendan áburð til aukinnar ræktunar, sem við reiknum með. Hina, sem ekkert vilja gera, látum við eiga sig. Jeg held lítið leggjandi upp úr því í þessu sambandi að skylda menn til þess að kaupa áburðinn og nota; það er búið um margt ár að leggja bændum styrk til þess að örva þá til framtakssemi. Það hefir eflaust komið mörgum að góðu gagni, eða þeim, sem eitthvað vilja gera. Um hina er ekki að tala, sem engum ráðleggingum vilja taka.

Þá er það fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir um ókeypis flutning áburðarins til landsins. Mjer heyrist nú á ýmsum háttv. þdm., að sú ívilnun eða þau þægindi, sem frv. veitir í þessu efni, komi helst niður á kaupstöðunum; það verði þeir, er eingöngu eða að mestu leyti njóti þessara hlunninda.

Þetta má nú kannske til sanns vegar færa, en um leið mætti þá minna á það, að kaupstaðirnir eru taldir að leggja allríflega af mörkum í ríkiskassann, svo að það ætti þá ekki að vera nein höfuðsök, þó að þeir njóti slíkra hlunninda í staðinn, enda mun það tilgangur hæstv. stj. og annara, sem að frv. standa, að gera ekki upp á milli manna í þessu.

Hvað því viðvíkur að hjálpa upp á fjallabúana, sem fjarri kaupstöðunum búa, þá er það ekki nema sjálfsagt að reyna að bæta úr þörfum þeirra, eftir því sem hægt er. Þó geri jeg ráð fyrir, að þau hjeruð, sem ennþá notast að mestu við flutninga á klökkum eða smávögnum, eigi langt í land að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, er notkun tilbúins áburðar veitir. Hjer kemur fram það sama og raunar víða, að yfirleitt er ekki hægt að hlynna að bændum og auka framtakssemi þeirra nema með góðum samgöngum. Þeir eiga erfitt með að draga að sjer um langa vegu alla þungavöru á þeim flutningatækjum, er þeir hafa yfir að ráða. Það verður því sauðfjárræktin, sem borgar sig best í þessum fjallahjeruðum á meðan verið er að bæta samgöngurnar, og afleiðingin þá sú, að þær jarðir, sem fallnar eru til kúaræktar, munu nota þennan tilbúna eða innflutta áburð fyrst um sinn.

Þá var það hv. 1. þm. N.-M., sem fórust orð á þá leið, að ýmsir hefðu sjeð ljón á vegi þeirra framkvæmda, sem brtt. hans á þskj. 419 miðar að. Það er svo með mig, að jeg sje ýms ljón á þeim vegi og get því ekki áttað mig á, hvernig þessu verði komið fyrir á þann hátt, sem brtt. gerir ráð fyrir. Mjer skilst, að erfitt væri að ákveða, hvað mikið ætti að greiða, ef styrkurinn t. d. væri miðaður við kílómetra. Því að sjálf vegalengdin er enginn mælikvarði. Hitt mætti að sjálfsögðu: flokka niður hreppana í landinu og ákveða fyrirfram, hvað mikil ívilnun skuli gefin, svo ekki yrði hægt að villast um, hvað mikið þetta yrði. En væri þetta ekki ákveðið fyrirfram, er jeg hræddur um, ef miðað væri við kílómetra, þá yrði reynt að teygja sig eins langt og hægt er, enda hefir venjan verið sú, þegar menn

hafa getað komist í ríkissjóðinn, að hlífa honum ekki.

Jeg sje því ekki aðra leið færa, ef breyta á frá stjfrv., en að flokka hreppa landsins og ákveða fyrirfram, í hvaða flokki hver hreppur eigi að vera, hvað hann eigi að fá mikinn styrk, miðað við eina smálest, og hvað hinn. Jeg held, að hafa mætti fyrir sjer skýrslur, er sýndu áburðarnotkun hvers hrepps undanfarin ár, og miða styrkinn við það.

Annars hefði jeg nú haldið, að hv. deild færi ekki að hrófla við grundvallaratriðum frv., af því að hjer er um nýmæli að ræða, sem lagfæra mætti síðar, þegar reynslan hefði sýnt, að annað skipulag mundi heppilegra. En eigi brtt. hv. 1. þm. N.-M. að koma til framkvæmda, sem eru mjög víðtækar breytingar á frv. frá því, sem það nú er, þá kemur margt til athugunar, ef greiðslan á að miðast við kílómetra, t. d. hvort um góðan akfæran veg er að ræða eða vegleysur, eins og flestar sveitir eiga við að búa. Því vitanlega á það ekki saman nema nafnið að flytja vörur sínar úr kaupstaðnum heim til sín á baggahestum eða bíl.

Þá hefir það verið látið klingja, að það væri svo sem auðsjeð, að Sunnlendingar væru í meiri hl. í landbn., þar sem hún legði til, að ókeypis flutningur næði einnig til landleiðarinnar úr Reykjavík austur að Selfossi og Þjórsárbrú. En það erum ekki við austanmenn í nefndinni, sem höfum sett þetta inn, heldur þeir, sem sáu, að ekki var hægt að fá áburðinn inn í sýslurnar austanfjalls á annan hátt en í gegnum Reykjavík. Þetta er fleirum ljóst en nefndinni, sem taldi ýms vandkvæði á, hvað gera ætti til þess að ljetta undir með þessum frjósömu sveitum að ná í áburðinn. En hitt er satt, að okkur austanmönnunum þykir það engin ósanngirni, þó að bændur austanfjalls njóti þeirrar ívilnunar, sem 1. brtt. nefndarinnar fer fram á.

Hæstv. atvmrh. hefir svarað spurningum hv. 1. þm. N.-M. um álagningu áburðarverslunarinnar, svo að jeg þarf ekki að eyða orðum að því.

Að lokum vildi jeg þá segja það, að við nefndarmenn munum tregir til að breyta frv. og stofna til fjárútláta eitthvað út í bláinn, enda finst mjer engin frágangssök að láta sitja við það, sem hæstv. stj. hefir lagt til, t. d. um eitt ár, og mætti þá breyta um, ef reynslan bendir til, að annað muni hagkvæmara.

Mjer dettur ekki í hug að halda svo stíft fram rjetti kaupstaðanna um þessi hlunnindi, að jeg vilji ekki, að athugað sje, á hvern hátt sveitirnar geti orðið slíkra ívilnana aðnjótandi betur en gert er ráð fyrir í frv.

Mín skoðun er, að þetta mál eins og það liggur fyrir eigi að verða til þess, að bændur hefjist handa og auki jarðræktina til stórra muna. En eins og allir vita, byggist afkoma landbúnaðarins í framtíðinni á aukinni ræktun landsins og framtakssemi einstaklinganna, og hana verður að örva og henni verður að veita lið á allan mögulegan hátt.

Hákon Kristófersson: Þessi fáu og hógværu orð, sem jeg sagði hjer í dag, hafa orðið til þess, að ýmsir hv. þdm. hafa risið upp og fundið ástæðu til að víkja ræðum sínum til mín. Jafnvel hv. 3. þm. Reykv. hefir

nú gengið fram fyrir skjöldu til þess að verja hæstv. stj., og verð jeg að segja það eins og það er, að jeg hefði ekki búist við því fyrirbrigði, því jeg hafði nú haldið, að öðrum stæði það nær að verja stj. í þessu máli en honum. En af því að hann talaði síðastur þeirra hv. þdm., sem beint hafa orðum til mín, þá ætla jeg að svara honum fyrst.

Í sambandi við þau orð, sem jeg ljet falla í dag um áburðarhirðingu bænda, vildi hann láta líta svo út, að jeg hefði meint, að bændur væru yfir höfuð þeir dæmalausir trassar, að ekkert tillit ætti að taka til þeirra í þessu efni. Jeg hjelt nú, að hv. 3. þm. Reykv. væri vandari að virðingu sinni en svo, að hann fyndi hvöt hjá sjer að snúa þannig út úr orðum þeirra, sem eru á annari skoðun í einhverju máli en hann. En þetta hefir hann gert og farið þar að dæmi hv. frsm., sem jeg kem síðar að.

Jeg sagði ekkert annað en það, að talsvert væri af áburði úti um sveitir, sem ekki mundi notaður, og benti á, að hagkvæmara mundi vera að kenna bændum að meta gildi síns heimafengna áburðar með betri hirðingu hans og meiri notkun, og styrkveitingum í því skyni, heldur en að ætlast til, að þeir hinir sömu færu að flytja heim til sín erlendan áburð með ærnum kostnaði. — Eins og hv. sama þm. mátti vera fullljóst, þá hnigu orð mín að því einu að gera ráð fyrir takmörkun á getumöguleikum hinna smærri bænda og fátækra einyrkja í sambandi við áburðarkaupin. En með slíkum mönnum virtist hv. þm. alls ekki vilja reikna; þeir kæmu ekki til greina í þessu efni. Eftir sama hugsunargangi mætti með sama rjetti segja, að ekki bæri að telja sem útgerðarmenn aðra en Kveldúlf og Alliance eða aðra slíka „stórlaxa", en útvegsmenn mótorbáta og annara smærri báta ættu þá að teljast eitthvað annað — jeg veit ekki hvað. A. m. k. eins og orð hv. þm. fjellu, koma þau manni til að álykta á þessa leið.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði í þessu sambandi, að kaupstaðirnir legðu alldrjúgan skerf í ríkiskassann. Því neitar enginn, en það gera sveitirnar líka, þó að jeg geti ekki sýnt það með tölum nú, hvað það sje mikið, því það er í rauninni ómögulegt. Og þó að kaupstaðirnir leggi mikið af mörkum, þá held jeg, að ekki verði gott að sýna það reikningslega, hvað sje hið raunverulega framlag kaupstaðanna og hvað sveitanna í þarfir ríkisins. Eins og kunnugt er, greiðast tollarnir af út- og innfluttum vörum í kaupstöðum víðsvegar á landinu, en þær vörur fara að allmiklu leyti út um sveitirnar til notkunar, eins og líka sumar útflutningsvörur eru þaðan komnar til kaupstaðanna. Sannleikurinn er sá, að því aðeins eru kaupstaðirnir til, að sveitirnar hjálpa þeim í lífsbaráttu þeirra og styðja þá til þess að ná því bjargræði, sem afkoma kaupstaðanna byggist á. Annars er það ekkert undarlegt að heyra slík orð frá þeim, sem rífa vilja niður það þjóðskipulag, sem nú er, og telja sveitirnar ómaga bæjanna, en það er hart, að jafnmætur maður og hv. 3. þm. Reykv. skuli láta sjer jafnógætileg orð um munn fara, því sú er spá mín, enda hefir reynslan sannað það, að sveitirnar mundu líf-

seigari verða en kaupstaðirnir, ef vandræði bæru að höndum, t. d. aflaleysisár eða þvíumlíkt. Hitt er auðvitað mál, að báðir þessir aðiljar komast því aðeins vel af, að hvor geti styrkt annan.

Orð þau, sem jeg talaði hjer í dag, voru eingöngu mælt gegn grundvallarstefnu frv. Jeg sagði það, að þó tilgangur frv. væri góður, þá hjálpaði hann ekki mikið upp á þá, sem fátækari væru eða mættu sín minna fjárhagslega. Jeg trúi því, þegar slíkt skeður, að mörg hreppsfjelög eða búnaðarfjelög borgi fyrir þá, sem vöruna hafa pantað, en geta ekki staðið í skilum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að slík fjelög hafa ekki peninga á reiðum höndum fram yfir þarfir sínar. Við skulum segja, að varan sje send gegn eftirkröfu og verður ekki greidd. Á hverjum lendir þá tapið?

Það var einmitt þetta, sem jeg benti á í dag í ræðu minni, og taldi varhugavert að öllu væri slöngvað á ríkissjóðinn. Hitt tók jeg líka fram, að ekki mundi minni ástæða til að styrkja áburðarflutninginn eftir að til landsins kemur og farið er að dreifa honum út um sveitirnar.

Það hefir verið talið hægt að semja um þennan áburðarflutning til landsins við Eimskipafjelagið, eins og hæstv. atvmrh. meðal annars tók fram. Jeg efast alls ekki um, að þetta sje hægt. En jeg sje ekki betur en að peningarnir sjeu teknir í öðrum vasanum og látnir í hinn. Því vitanlega verður ríkissjóður að taka á sig hallann, þegar Eimskipafjelagið vill ekki lengur bera hann. Annars var mjer bent á það utan umr. í dag, að þar sem ríkissjóður ætti skip, þá væri ekki nema náttúrlegt, að það yrði látið annast áburðarflutninginn milli hafna, þar sem því yrði komið við.

Hv. þm. Mýr. þarf jeg litlu að svara. Ræða hans var prúðmannleg í minn garð. Honum hefir misheyrst, ef honum hefir heyrst jeg segja, að mikið væri um tilbúinn áburð úti um sveitir. En hitt sagði jeg, að mikið væri til af ónotuðum áburði úti um sveitir landsins, og átti þar vitanlega við heimafenginn áburð. Hinu hefi jeg heldur ekki neitað, að notkun tilbúins áburðar mundi, þar sem henni verður við komið með hægu móti, verða lyftistöng undir aukna ræktun landsins. Í þessu sambandi vil jeg þá nota tækifærið og leiðrjetta misskilning, sem mjer virtist koma fram í orðum þeim, er hv. 2. þm. Rang. beindi til mín. Jeg lýsti því aldrei yfir, að jeg hefði enga trú á notkun tilbúins áburðar. Hinsvegar vil jeg mótmæla því, að þessi ívilnun á flutningnum sje nokkur styrkur frá sjávarútveginum, og segi jeg það ekki af því, að jeg vilji á neinn hátt móðga þann atvinnuveg eða þá menn, sem að honum standa, enda hefi jeg jafnan reynt að vera hans styrktarmaður, engu síður en landbúnaðarins.

Í sambandi við þau ummæli, sem fallið hafa hjer í dag, að þetta áburðarmál væri allmikil hvatning til bænda landsins um að auka jarðræktina, og vil jeg ekki mótmæla því, að svo sje þar, sem staðhættir eru þann veg, að auðvelt er að notfæra sjer þetta. En alt er þetta á byrjunarstigi, og fyrstu reynsluárin er tæplega að vænta mikils árangurs, sjerstaklega þegar um fátæka menn er að ræða, sem eiga fult í fangi að sjá fyrir allra

nauðsynlegustu þörfum sínum og sinna. En þetta skilja kannske ekki þeir — eða vilja ekki skilja það —, sem hafa nóg af öllu og búa við þau bestu lífsskilyrði, sem fáanleg eru hjer í landi.

Þá var það hv. frsm., sem ljet sjer sæma að fara þannig orðum um mig út af því, sem jeg sagði í dag um þetta mál, að auðheyrt væri á öllu, að jeg hefði enga trú á ræktun landsins.

Hvað á nú að segja um slíka afbökun á orðum andstæðings síns? Er það heyrnarleysi að kenna eða sprottið af sjerstakri tilhneiging hans um að rangfæra orð andstæðinganna sjer í vil? Að minsta kosti geri jeg fastlega ráð fyrir, að enginn annar hv. þdm. hafi getað fengið þetta út úr orðum mínum. Jeg einmitt tók það fram í dag, hve nauðsynlegt það væri, að landið væri sem mest og best ræktað, en hv. frsm. segir í sambandi við það, að undarlegt sje, að bóndi úr sveit skuli standa upp til þess að tala á móti þessu máli. En mjer finst enn undarlegra, að hann sem bóndi og maður, sem jeg ætla að sje góðgjarn, skuli láta sjer sæma að koma með jafnrakalausar getsakir í garð samþingismanns síns.

Jeg vil beina þessum orðum til hæstv. atvmrh., sem sagði, að jeg hefði á sínum tíma staðið framarlega í flokki þeirra manna, sem vildu koma einkasölu á. En það var á þeim tíma, er þeir atburðir gerðust, sem best er að fara ekki langt inn á, vegna hæstv. atvmrh. — Jeg hefi þá trú, að þótt þetta frv. verði að lögum, þá verði það ekki lyftistöng fyrir þau mörgu fátæku hjeruð, sem hjálpar þarfnast í þessum efnum.

Það getur vel verið, að hv. þm. V.-Sk. viti, hve mikið af áburði er flutt til Skaftafellssýslu. En er það nú virkilega sami hv. þm., sem sagði, að bændur bæru sig illa yfir kostnaðinum? En hverjir bera sig illa yfir kostnaðinum við flutning á áburðinum til landsins, nema hann og samnefndarmenn hans? Jeg hefði litið svo til, að þessi hv. þm. væri ekki líklegur til að bera sig illa, en hefði jafnframt haldið, að með honum feldist betra Íslendingseðli en fram kom í ræðu hans í dag, er hann lagði illar meiningar og ósannar og ómaklegar í mín orð.

Það hafa komið fram loforð frá ýmsum hliðum um lagfæringar á þessu frv. við 3. umr., og er gott að lifa í voninni um það, eins og hæstv. atvmrh. lifir í þeirri von, að nöfn þeirra, sem standa fyrir því að koma þessu á, muni lengi í minnum höfð. En jeg verð nú að segja, að það „varðar mestu, að allra orða undirstaðan sje rjettleg fundin". En nú eru horfnar allar þær ástæður, sem jeg taldi mæla mest með einkasölu á þessu sviði, þegar jeg var með henni, og er því ekki rjett að bendla mig við skoðanaskifti í þessu máli. Í þessu nál., sem jeg þegar hefi getið um, segir í brtt., sem nefndin bar fram: „Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. janúar 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum". Og þótt ekki sje ennþá beinlínis svo komið, þá er aðstaðan breytt á þann hátt, að sölufyrirkomulagið stendur ekki, hvorki að mínu áliti nje annara, í vegi fyrir sæmilegu verði. Enda er það kunnugt, að mikilsvirtur fjelagsskapur, sem

samanstendur af mörgum bændum, hefir nú mikið af sölu áburðarins með höndum.

Það er ekki svo, að jeg vilji líkja þessari einkasölu við einokunina gömlu, en jeg verð að álíta einkasölu í alla staði óhentuga og óhagstæða fyrir ríkissjóð yfirleitt. En hitt er annað mál, að á neyðartímum verður ríkið stundum að taka að sjer sölu einhverra vörutegunda.

Jeg hjelt satt að segja, að jeg hefði í dag stilt orðum mínum svo í hóf, að enginn þyrfti að leggja í þau illar meiningar, og jafnvel ekki hv. þm. V.-Sk. Sönnun þess eru orð hæstv. atvmrh., er hann sagði, að orð mín hefðu verið í alla staði áreitnislaus. Jeg gat talað um málið alveg hitalaust og ekki persónulega. Held jeg og, að jeg sje grandvar og yfirleitt laus við það að ráðast á menn að fyrra bragði. Hæstv. atvmrh. sagði raunar, að það væri sá munur á okkur, að hann hefði trúna, en jeg væri eins og Tómas. Þetta er að nokkru leyti rjett. Hann hefir trú á málið eins og það liggur fyrir, en það hefi jeg ekki. Mín trú er einungis sú, að við bændur þurfum að fá áburðinn með því verði, að allir geti aflað sjer hans.

Jeg skal líka viðurkenna það, sem hv. þm. Mýr. sagði í sinni mjög hógværu ræðu, að það sjest best hjer í kringum Reykjavík, hvað hægt er að gera með tilbúnum áburði. En þess finnast líka dæmi ekki langt frá Reykjavík, að stórar lendur liggja alveg óhreyfðar og sýna, að þar vantar sem víðar afl þeirra hluta, sem gera skal, sem sje peningana.

Jeg held jeg láti svo úttalað um þetta mál að sinni. Jeg vona, að jeg og stórvinur minn, hinn mæti þm. V.-Sk., sjeum nú kvittir, og ef honum sýnist að leggja meira inn í reikning sinn hjá mjer, þá megi það bíða til 3. umr.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvmrh. leit svo á, að hjer væri frekar um ræktunar- en verslunaratriði að ræða. En hjer eru allir sammála um ræktunaratriði þessa máls. Allir vilja greiða götu bænda til þess að fá ódýran áburð, og tek jeg fast í þann streng og skal ekki standa á mjer til þess. En hv. 1. þm. Skagf. hefir sýnt fram á það, að það er hægt, þó menn sjeu með frjálsri verslun. Það er því verslunaratriðið, sem ágreiningur er um. Og spurningin er þá, hvort nokkur ástæða er til þess að yfirgefa þann grundvöll, sem áburðarverslunin hefir staðið á hingað til. Jeg spurði háttv. þm. Mýr. um þetta, en hann er sjerstaklega kunnugur þessu máli, og jeg hefi verið að velta fyrir mjer svari hans, en fæ með engu móti sjeð, að honum hafi tekist að færa nokkur rök að því, að einokun sje nauðsynleg. Jeg skildi hann svo, að hann áliti, að ekki væri hægt að ná beinu sambandi við þessa áburðarverslunarmiðstöð í Berlín, nema því aðeins, að ríkið tæki einkasölu á áburði. En mjer virtist hann ekki geta fært sönnur á þetta. Háttv. þm. fann ástæðu til að kalla mig „sjálfstæðishetju", vegna þess, að jeg hjelt, að þessir erfiðleikar mundu ef til vill stafa af því, að þeim mönnum, sem fyrir þessu þýska fyrirtæki standa, kynni að vera ókunnugt um það, að Ísland og Danmörk eru tvö ríki. En jeg verð að segja, að mjer finst það ólíklegt, að þetta danska fjelag hefði fengið umboð fyrir bæði

löndin, ef þýska fjelaginu hefði verið kunnugt um það, að þetta eru tvö ríki. Svo framarlega sem einstakir menn geta ekki fengið beint samband við þessa þýsku sölumiðstöð, þá er jeg viss um það, að það yrði ekki ljettara fyrir ríkiseinokun. Jeg býst við því, að fyrir þessari sölumiðstöð standi slíkir menn, að þeir kjósi heldur að eiga viðskifti við land, sem hefir frjálsa verslun, en það land, sem einokun hefir. Þess vegna verð jeg að líta svo á, að engar líkur sjeu til þess, að greiðara verði að ná þessu sambandi, þótt ríkiseinokun leitaði eftir því en einstakir menn.

Jeg spurði hv. þm. Mýr. einnig um það, hvort sú ástæða væri til einokunar hjer, að einokun væri á þessari vörutegund í nágrannalöndunum. Þeirri spurningu svaraði hann ótvírætt neitandi. En ef ekki er ástæða til einokunar þar, af hverju er þá ástæða til hennar hjer?

Sami hv. þm. sagði — auðvitað í spaugi —, að ef það skopleikaskáld, sem jeg nefndi hjer fyrir nokkrum dögum í ræðu, væri hjer, þá væri hann viss um, að jeg talaði minna. En jeg ímynda mjer, að slíkt skáld mundi fremur víkja að þeirri ungu ást, sem hjer er sýnileg á milli Framsóknarflokksins og jafnaðarmanna. Og jeg ímynda mjer, að þessi einokunarkrógi, sem hjer er á ferðinni, muni vera ein afleiðing af þessari ungu ást. **(Rödd af þingbekkjum:** Það passar líka upp á meðgöngutímann). Já, það passar upp á meðgöngutímann, segir háttv. sessunautur minn, háttv. 2. þm. G.-K. **(ÓTh:** Nei, nei, jeg sagði það ekki).

Mjer þykir leitt, að hv. þm. V.-Sk. þótti ræða mín hjer í kvöld of löng, því að hún var stutt, en hún var þrungin af röksemdum, og má vera, að þess vegna hafi honum fundist hún alt of löng.

Jeg held aldrei því fram hjer á þingi, sem jeg trúi ekki á. Og frjáls verslun er eitt af því, sem jeg trúi á, og jafnan síðan jeg kom á þing hefi jeg barist fyrir frjálsri verslun, en gegn einokun, og sá flokkur, sem jeg tilheyri, hefir sett frjálsa verslun efst á stefnuskrá sína. Og hvað sem háttv. þm. kann að segja um ræðu mína, þá má hann ekki segja, að mjer hafi ekki verið full alvara með henni. Það, sem kom mjer til þess að halda ræðu mína áðan, er hinn óvenjulega mikli fjöldi einokunarfrumvarpa, sem hjer er nú á ferðinni, og að jeg ber kvíðboga fyrir því, að þessi einokunarstefna kunni að eiga sjer dýpri rætur hjer á Alþingi en æskilegt væri.

Jeg get ímyndað mjer, að þegar á að taka upp einkasölu á áburði, en innflutningur hans fer auðvitað sívaxandi, þá verði sú verslun allumfangsmikil og þurfi góðrar stjórnar, því annars gæti illa farið fyrir bændum. En góð forstaða slíks fyrirtækis hlýtur að kosta mikið, og hygg jeg, að fljótt mundi koma í ljós, að meira verði lagt á áburðinn af þeim kostnaði en nú er gert ráð fyrir, og fá bændur sjálfsagt alvarlega að finna það. En þar sem allir eru sammála um, að það er höfuðatriðið í þessu máli, að áburðurinn verði bændum sem ódýrastur, með tilliti til þess, hve mikla þýðingu það hefir fyrir þjóðina að vekja áhuga bænda á jarðrækt, þá álít jeg, að stj. ætti að yfirgefa þennan einokunargrundvöll og taka málið til yfirvegunar að nýju og leita samkomulags um það á

grundvelli frjálsrar verslunar. Og hygg jeg, að málið verði þá auðsótt.

Jeg spurði hæstv. fors.- og atvmrh., hvort hann og stj. væri heldur fylgjandi frjálsri verslun eða einokun yfirleitt. Hæstv. ráðh. taldi það ekki eiga við að bera fram slíka spurningu við 2. umr. máls; kvað hann það rjettara við 1. eða 3. umr. Skal jeg því ekki ganga ríkt eftir svari nú, en jeg vona, að hæstv. ráðh. verði reiðubúinn að gefa það svar við 3. umr., og jeg vona, að ástin unga, sem jeg gat um áðan, fái engin áhrif að hafa á það svar.

Halldór Stefánsson: Það er aðeins örstutt aths. út af ýmsum ummælum háttv. 3. þm. Reykv. Hann var enn að tala um ýmsa mikla örðugleika á framkvæmd brtt. minnar, en það fór þó svo, að hann benti sjálfur á leið til þess, að hún yrði framkvæmanleg. Jeg skal ekki ræða um þá leið nú, en jeg get vel trúað, að hún geti komið til mála samhliða öðrum tillögum um það efni. Hann talaði um hina misjöfnu aðstöðu til flutninga á landi, flutning á hestum gagnvart t. d. bílflutningum, og komu mjer þau ummæli undarlega fyrir sjónir hjá manni, sem fylgir till. nefndarinnar. Það ætti þá að vera rjettlátara að styðja millilandaflutning fyrir þá, sem búa við hafnarstaði, en landflutning fyrir þá, sem erfiðast eiga um flutning á landi! Jeg skil ekki, hvernig jafnherfilega fráleit ummæli geta komið frá manni, sem hefir þá aðstöðu til málsins, sem þessi háttv. þm. hefir. Þá sagði hann, að ótakmarkað fje væri heimilað til þessara hluta samkvæmt minni till., en jeg held, að hann hafi ekki athugað, að með minni till. eru feldir niður styrkir til millilandaflutninga að miklu eða öllu leyti, en þeir, sem versta aðstöðu hafa til flutninga, eiga að njóta styrkjanna í stað hinna. Jeg sje ekki næga ástæðu til þess að verja fje ríkissjóðs til þess að ljetta þeim flutninga, sem geta fengið vöruna „heim í hlað" til sín, en það eru allir þeir, sem búa við hafnir. — Samkv. frv. á að styrkja einmitt þá, sem hægasta aðstöðu hafa, en hinum á enga hjálp að veita, sem erfiðast eiga. Þetta er það ranglæti, sem jeg vil ekki þola, og því hefi jeg borið fram brtt. mína. Jeg talaði ekkert um kaupstaði og Sunnlendinga, en jeg bygði aðeins á því, að þar ætti að hjálpa, sem þörfin væri mest. Líkt kom fram hjá hv. 2. þm. Rang. Hann mælti með því að greiða flutningsgjald aðeins fyrir sjerstök hjeruð. Það er líkur blær á því, sem maður verður var við hjá þeim; þeir sjá ekki nema sjerstök hjeruð.

Einar Jónsson: Jeg hefi fáu að bæta við þessar umræður, enda hefi jeg áður gert grein fyrir skoðunum mínum. Ýmsir þeirra, sem talað hafa á eftir mjer, t. d. hv. 1. þm. Reykv., hafa tekið í sama streng og jeg og endurtekið mín orð á köflum, án þess þó að láta mín getið. Skiftir það mig engu að vísu, er jeg sje, að málið fær góðan byr.

Hjer var þó flutt ein ræða fyrir skömmu, sem jeg felli mig ekki við og get ekki stilt mig um að minnast á, en það er ræða hv. þm. Barð. Sú ræða var svo óljós og undarlega leiðinleg í alla staði, að mjer var ómögulegt að skilja, hvað hv. þm. var að fara. Að vísu heyrði jeg ekki sumt af því, sem hann sagði, en þar held jeg, að

mjer sje bættur skaði, ef það hefir verið álíka og það, sem jeg heyrði. — Hann var, þessi háttv. þm., að álasa hinum og öðrum mönnum fyrir ýmislegt; en það þykir mjer furðulegt, ef nokkrum hefir tekist að skilja þær ásakanir, því að jeg gat ekki betur sjeð en að alt, sem hann vildi segja, bæri öfugt að og endirinn yrði sá, að hann segði hreint ekki neitt. Ýmist sagði hann, að bændur væru betlarar og aumingjar, ef þeir þægju það, sem þeim væri boðið í frv., eða hann barmaði sjer yfir því, að það kæmi þeim ekki að liði. Jeg gat ekki með nokkru móti komið því inn í mitt höfuð, hvern þremilinn hann meinti með þessu. Svo var hann að tala um kjarkleysi bænda og kveifarskap. En jeg skal ennþá undirstrika það, svo að hann sjálfur heyri og öll háttv. þingdeild, að jeg skildi ekki eitt einasta orð í allri þessari mælgi hv. þm.

Helst vildi jeg leggja það til, ef samþykki hlutaðeigenda fengist, að till. nefndarinnar og háttv. 1. þm. N.-M. kæmu ekki til atkvæða nú, en yrðu geymdar til 3. umr. (**LH**: Jeg er búinn að óska þess. — **HStef**: Og jeg er því samþykkur). Þá styð jeg till. þessara hv. þm. Og þar sem búið er að óska þess, að brtt. komi ekki til atkv., hefi jeg ekki meira að segja. Þó vil jeg enn leggja áherslu á, að jeg tel sjálfsagt að hlynna helst að þeim, sem erfiðast eiga með aðdrættina. — Þetta tók jeg skýrt fram í fyrri ræðu minni.

Get jeg svo lokið máli mínu, en verð þó að lokum að minnast aftur á hv. þm. Barð.; svo hugstæð er mjer ræða hans. Jeg verð að benda honum á það, þó að hann sje stundum nokkuð viðkvæmur — og frekur —, að af ræðu hans getur ómögulega neitt gott hafa hlotist, því að það, sem jeg heyrði af henni, skildi jeg ekki, og mjer vitanlega enginn hv. þdm., og jeg held helst, að hann hafi ekki skilið hana sjálfur. Mjer er því næst að halda, að hann hafi flutt hana án þess að meina það, sem hann sagði, enda er alment talið, að slíkt muni hafa hent þennan hv. þm. oftar en í dag.

Frsm. (Lárus Helgason): Jeg ætla aðeins að gera stutta athugasemd. Hv. þm. Barð. hefir tekið sjer nærri orð, sem jeg ljet falla í síðustu ræðu minni til hans, enda mun honum þykja að sjer stefnt úr ýmsum áttum. Hann brígslaði mjer um, að jeg hefði snúið út úr ræðu sinni. Þessu þarf jeg raunar ekki að svara, því að hann viðurkendi síðar í ræðunni, að jeg hefði engan útúrsnúning haft í frammi. Hann endurtók nefnil. sín fyrri orð, að hann hefði ekki trú á því, að áburðurinn mundi flýta fyrir ræktun landsins. (**HK**: Þetta sagði jeg ekki, heldur hitt, að jeg hefði ekki trú á frv. Hv. þm. ætti að reyna að fara rjett með nú, þó að honum tækist það ekki í dag). Ójú, þetta viðurkendi hv. þm., en raunar er það satt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að erfitt var að fylgjast með í ræðu hans, því að hann óð úr einu í annað.

Hv. þm. spurði, hvort jeg byggist við mikilli áburðarnotkun í Skaftafellssýslu. Jeg fæ raunar ekki sjeð, að það komi málinu beinlínis við, en get þó sagt það, að jeg vonast eftir, að svo verði, þó að hjeraðið sje afskekt.

Jeg held annars, að hv. þm. Barð. hafi verið í mjög slæmu skapi, þegar hann talaði áðan. Eitthvað mun það hafa breytst til batnaðar nú við þær áminningar, sem hann hefir fengið. En alt tal hans um útúrsnúning frá minni hálfu er á misskilningi bygt. Hann hefir sjálfur sannað, að svo er. Jeg hefi togað það upp úr honum, að hann hefir vantrú á frv. Nú fer frv. fram á að auka notkun tilbúins áburðar, og yfirfærist því vantrú hv. þm. á möguleika áburðarins til að flýta fyrir ræktun landsins.

Hv. þm. Dal. bar sig illa yfir því, að jeg hefði sagt, að hann hefði ekki meint það, sem hann sagði um einokun 17. og 18. aldar og ríkisverslun nú á tímum. Hann verður að þola það. Jeg endurtek þau ummæli mín, að hvorki hann nje aðrir vitibornir menn geta talað í alvöru, þegar þeir leggja þetta tvent að jöfnu. Sjálfum hlýtur þeim að vera ljóst, að þeir fara með fimbulfamb og markleysu. (**MJ:** Hver er aðalmunurinn). Mjer dettur ekki í hug að svara þessari fyrirspurn. Hvorki hv. 1. þm. Reykv. nje aðrir hv. þdm. eru svo mikil börn, að þess sje þörf.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg þarf aðeins að minnast lítillega á 3 atriði, áður en umræðum lýkur, og skal vera stuttorður.

Hv. þm. Borgf. hefir misskilið mig, þegar jeg talaði um fyrirkomulag á sölu áburðarins. Hann ljet í veðri vaka, að áburðarskortur mundi verða eða geta orðið, á þeim tíma, þegar áburðarins væri mest þörf. En jeg vil benda honum á, að hættan um þetta eykst ekkert, þó að frv. gangi í gildi. Vitanlega ætlast jeg til, að þær sömu verslanir, sem nú hafa sölu áburðarins, geti pantað hann hjá einkasölunni og verslað með hann eins og áður, og er ekki ástæða til að ætla, að fyrirhyggja þeirra fyrir að fullnægja áburðarþörfinni minki úr því, sem nú er.

Ýmsir hv. þm. hafa haldið því fram, að þeir, sem lengst búa frá þeim höfnum, sem skip ríkisins og Eimskipafjelagsins koma á, fái minstan styrk til áburðarkaupanna. Þessu mótmæli jeg. Samkv. frv. eiga allir að fá jafnan styrk — og hann er flutningskostnaðurinn til landsins. Þann kostnað greiðir ríkið fyrir alla, undantekningarlaust, sem áburðinn nota. En hitt er annað mál — og það hefir auðvitað vilt suma hv. þm. —, að ýmsum finst, að þeir, sem fjarri höfnum búa, eigi að fá meiri styrk, af því að flutningurinn frá höfn verði þeim dýr. Og það er alveg rjett, að þeir þyrftu meiri styrk. En hitt er með öllu rangt að segja, að þeir fái minni styrk en aðrir.

Loks þarf jeg að gera ofurlitla athugasemd við orð hv. þm. Dal. Hann hjelt því fram, að við hefðum ekki ástæðu til að stofna einkasölu fremur en Danir og Norðmenn. En hjer er ólíku saman að jafna. Verslunarfjelög dönsku bændanna eru gömul og öflug og hafa skapað sjer vald yfir verðlaginu. En hjer er við volduga hringa að etja og áburðarverslunin á byrjunarstigi. Og áburðarnotkun landsins er svo lítil, að engin von er til þess, að nokkurt tillit sje tekið til okkar, á meðan við erum sundraðir. Til þess að fá nokkru áorkað gegn þeim stóru erlendu fyrirtækjum, sem hafa vald á áburðinum, dugir ekkert

annað en alþjóðarsamtök. Þetta er ómótmælanlegt, og jeg veit, að hv. þm. Dal. skilur það, vilji hann á annað borð um það hugsa. Alþingi verður að fyrirskipa samtökin með lögum. Ríkið á að ábyrgjast greiðslu og semja við hin erlendu firmu. Því aðeins er von um að komast að sæmilegum kjörum.

Ýmislegt fleira hefði jeg kosið að ræða í þessu máli, en læt það farast fyrir, til þess að lengja ekki umr. meir en orðið er.

Hákon Kristófersson: Jeg þarf aðeins að minnast lítilsháttar á ræðu hv. 1. þm. Rang. Hann veittist að mjer í miklum móði og með þungum orðum. En það stendur svo á, að jeg þarf ekki að fara langt út á þá braut að svara honum, því að það, sem hann fór með, voru tómar fjarstæður. Hann átti líka ákaflega bágt með að dæma um, hvað hefði verið af viti mælt eða vitleysa í fyrri ræðu minni, því að hann heyrði hjer um bil ekki neitt af henni. Það var líka auðheyrt á því, sem hann sagði. Jeg mintist ekki einu orði á kjarkleysi, og ekki álasaði jeg heldur nefndinni. Annaðhvort hefir hv. þm. dreymt þetta eða einhver vondur maður hefir skrökvað því að honum.

Það getur vel verið, að jeg hafi ekki komið eins vel orðum að hugsunum mínum og hv. 1. þm. Rang. En það er auðvitað af þeirri einföldu ástæðu, að hæfileikar hans til að tala skýrt og skilmerkilega eru meiri en mínir. Ætti hann að þakka forsjóninni sínar góðu gáfur, en ekki gera gys að því, þó að mjer sje minna lánað. Að endingu vil jeg segja þessum hv. þm. það, að það er af sjerstökum ástæðum, að jeg ekki fer þeim orðum um framkomu hans í þessu máli, er hann fann ástæðu til að ráðast á mig.

Hv. þm. V.-Sk. var einstaklega hógvær í sinni síðustu ræðu, og það var ekki nema örlítið, sem hann leitaðist við að fara rangt með af orðum mínum. En hann var ennþá að tala um, að jeg hefði ekki trú á ræktun landsins. En þetta er misskilningur, og óskiljanlega margendurtekinn misskilningur hjá svo gáfuðum manni, sem hv. þm. er. Jeg hefi enga ótrú á ræktun landsins. En jeg er á móti einkasölu. Jeg vil aftur benda hv. þm. á nefndarálit það, sem jeg skrifaði undir 1926 og gat um áðan. Og jeg fel nú hv. þdm. að eiga um það við sjálfa sig, hvort það sje líklegt, að sá maður, sem skrifaði undir það nál., standi móti ræktun landsins.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að jeg hefði samþykt það í ræðu minni, að hann hefði haft rjett fyrir sjer. Ja, mikið dæmalaust hefi jeg komist klaufalega að orði, ef hægt hefir verið að skilja þetta á mjer.

Hv. þm. V.-Sk. var að geta þess til, að illa hefði legið á mjer, þegar jeg talaði síðast. Þetta er fullkominn misskilningur, eins og fleira hjá hv. þm. Meðan jeg flutti ræðu mína var jeg og er enn í besta skapi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:7 atkv.

Brtt. 419 tekin aftur til 3. umr.

— 447,1 tekin aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 447,2.a—b teknar aftur til 3. umr.

3.—4. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:4 atkv.

Á 55., 57., 58. og 59. fundi í Nd., 23., 26., 27. og 28. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 29. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 260, 419, 447, 570, 574).

Frsm. (Lárus Helgason): Eins og nál. á þskj. 447 ber með sjer, gerði landbn., þegar hún hafði þetta frv. til meðferðar, mjög litlar breytingar á því, en lagði til, að það yrði samþ. svo að segja óbreytt.

En síðan frv. var hjer til 2. umr. hafa komið fram allmargar brtt., sem nefndin hefir nú athugað, og vil jeg þá fyrir hennar hönd lýsa því yfir, að hún er einhuga um að leggja á móti þeim öllum. Nefndin vill ekki hagga þeim aðalgrundvelli, sem frv. byggist á, en yrðu þessar brtt. samþ., mundu þær breyta grundvelli frv. mjög mikið.

Þá vil jeg og geta þess, að nefndin hefir komið sjer saman um að taka aftur 1. brtt. sína á þskj. 447, um ókeypis flutning að Selfossi og Þjórsártúni. Nefndin hefir orðið vör við andúð gegn þessari brtt., þótt hún hinsvegar telji hana ekki rjettmæta eða á rökum bygða, því að það mundi ekki reynast ódýrara fyrir landið að láta strandferðaskip annast þennan flutning til kauptúnanna í Árnessýslu eða austur með söndunum í Rangárvallasýslu heldur en að senda áburðinn með bifreiðum á þessa tvo ákvörðunarstaði. En sem sagt, nefndin hefir komið sjer saman að taka þessa brtt. aftur, en af því leiðir þá það, að hún getur heldur ekki fallist á aðrar brtt., sem fara fram á að veita samskonar ívilnun um flutning áburðarins landleiðina.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að svo stöddu.

Halldór Stefánsson: Jeg gerði grein fyrir ástæðunum fyrir brtt. þeim, sem jeg bar fram við 2. umr., og ætla ekki að endurtaka þær nú, en víkja heldur örfáum orðum að þeirri brtt., sem jeg ber fram nú og sem er breyting á fyrri brtt. mínum.

Þegar jeg gerði brtt. mína, hugðist jeg að ná samkomulagi við hv. landbn., en þar sem hún hefir nú lýst því yfir, að hún taki sínar brtt. til baka, geri jeg ráð fyrir, að slíkt samkomulag sje útilokað. Annars var meiningin fyrir mjer engin önnur en sú, að gera þessa staði, sem tillagan ræðir um, í víðáttumestu landbúnaðarhjeruðunum jafna við hafnarstaðina, sem ókeypis flutning eiga að fá. Enda hygg jeg, að engum sje gerður órjettur með þessu og ekki auðvelt að benda á aðra staði til samanburðar.

Viðvíkjandi Egilsstöðum vil jeg taka það fram, að það er fyrsti staðurinn við brautina innan hjeraðs, sem komið getur til greina í þessu efni. Vegurinn þangað liggur um óbygðir frá því að hafnarstaðnum sleppir.

Að lokum vildi jeg mega mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri brtt. mína upp í tvennu lagi. Fyrri

liðinn fyrst og þá síðari liðinn með brtt.

Jón Sigurðsson: Það hefir verið bent á það áður, bæði af mjer og öðrum hv. þdm., að frv. þetta eins og það liggur fyrir felur í sjer tvö óskyld mál. Í fyrsta lagi er það um einkasölu á áburði, en jafnhliða heimild fyrir hæstv. stjórn að greiða fyrir flutning áburðarins til landsins.

Jeg hefi nú, ásamt hv. þm. Borgf., borið fram brtt. um þetta á þskj. 574, og er þá 1. brtt. um að breyta einkasölufyrirkomulaginu frá því, sem lagt er til í stjfrv.

Það hefir verið tekið fram, að tilgangurinn sje að ná hagkvæmara sambandi um kaup á norskum og þýskum áburði. Meðmælin eru hin sömu og vant er að færa með öllum einkasölum, og sje jeg ekki ástæðu til að fara að þessu sinni að gera einkasölufyrirkomulagið að umtalsefni. Jeg geri ráð fyrir, að reynslan yrði svipuð og viljað hefir brenna við þar, sem slíkt fyrirkomulag hefir verið tekið upp: Innkaupin síst betri og öll afgreiðsla næsta þung í vöfum, af því að þeir, sem að henni starfa, vinna ekki fyrir eiginn hag.

Auk þess bættist hjer við nýr milliliður, þar sem ríkið er. Reynslan yrði þá sú, að bændur keyptu áburðinn hjá kaupfjelagi sínu eða þeim kaupmanni, sem þeir versla við, kaupfjelagið eða kaupmaðurinn yrði að snúa sjer til S. Í. S., en það aftur til Búnaðarfjelags Íslands, sem kaupa yrði af ríkinu, er áburðinn útvegaði beint frá verksmiðjunum. Með þessu móti eru milliliðirnir orðnir nokkuð margir, svo reynslan mundi verða sú, að allerfitt mundi þetta ganga í framkvæmdinni. Þetta fyrirkomulag hlýtur að verða kostnaðarsamt og óhjákvæmilegt, að ríkið liggi með birgðir, enda stj. heimilt að leggja á 5%. Nú þykist jeg mega gera ráð fyrir, að S. Í. S. og önnur fjelög líti svo á, að þeim beri engin skylda til þess að liggja með vöruna. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til, að haldið sje út á þessa braut, af því að telja má nokkurnveginn víst, að það verði almenningi ekki til neinna hagsbóta, heldur þvert á móti.

Með 1. brtt. okkar er ætlast til, að stj. sjái um, að Búnaðarfjelag Íslands nái einkaumboði fyrir Ísland í þessu efni, og aðalverkefni Búnaðarfjelagsins sje að sjá um, að þeir, sem með áburðinn versla, leggi ekki frekar á hann en sem nemur hæfilegum ómakslaunum. Þar sem um svona einkasöluumboð er að ræða, er það mjög algengt, að kaupfjelög eða kaupmenn snúa sjer til verksmiðjanna eftir að hafa fengið meðmæli frá einkaumboðsstofnuninni, er tekur þá sínar prósentur frá verksmiðjunum fyrir að útvega sambandið. Með þessu vinst þá það, að milliliðunum fjölgar ekki og að varan heldur áfram að vera á sömu hönd og áður, sem er rjett og eðlilegt, enda í samræmi við það, sem Alþingi hefir áður lýst yfir í þessu efni. Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta atriði.

Þá kem jeg að öðrum þætti frv., um flutningskostnað þann, sem ríkissjóði er ætlað að greiða. Jeg hefi lýst því yfir áður, að jeg teldi þetta einungis eyðslu á ríkisfje, þar sem með þessu næst nálega ekkert það til gagns, sem virðist þó hafa vakað fyrir stjórninni. Og mín skoðun byggist meðal annars

á því, að alt að $^{19}/_{20}$ af tilbúnum áburði, sem til landsins flytst, fer til Reykjavíkur, kaupstaðanna og sveitanna umhverfis þá. Nú er vitanlegt, að þarna hafa orðið skjót umskifti um aukna ræktun, sem stafa af því, að hvergi er jafngóð aðstaða fyrir markað og aukna ræktun eins og þar. Þessum mönnum þarf því ekki að kenna að notfæra sjer tilbúinn áburð; þeir eru áreiðanlega búnir að sjá og reyna, hvers virði hann er fyrir aukna ræktun. Ennfremur mætti benda á, að flutningskostnaðurinn frá útlöndum, um 2 kr. eða kr. 2,50 á tunnu, er svo lágur og þar af leiðandi svo lítill liður í öllum ræktunarkostnaðinum, að það er barnaskapur að ímynda sjer, að það skifti nokkru um framtak einstaklinganna í kaupstöðum og grendinni. Jeg tel að minsta kosti ekki ástæðu til að leggja áherslu á þetta.

En af því að nú eru horfur á, að þetta mál nái fram að ganga, þá höfum við hv. þm. Borgf. leyft okkur að koma með brtt. um rjettlátari skiftingu á styrknum en hæstv. stj. hefir hugsað sjer í frv. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að þeir áburðarnotendur, sem í Reykjavík búa, eða á Akureyri eða í kaupstöðum og í grend við þá, fái allan áburðarflutninginn greiddan frá útflutningshöfn, eða sama sem 100%. En í langflestum sveitum, sem þó eru vel settar með samgöngur, mun það nema um ⅓ af flutningskostnaðinum, eða sem svarar um 30—45%. Bárðdælingar, sem eru fremstir í Suður-Þingeyjarsýslu, fá greiddan ⅕ kostnaðarins, en það svarar til um 20%. Hjá Austurdælum í Skagafjarðardölum nemur það um ⅙, eða um 17%. Aftur á móti munu Jökuldælir í Norður-Múlasýslu og uppsveitamenn í Rangárvallasýslu ekki fá nema um ⅛ greiddan af flutningskostnaðinum, en það svarar til um 12—13%.

Þetta yfirlit er að vísu ekki nákvæmt, en það gefur þó nokkurn veginn hugmynd um, hversu hróplegu misrjetti fjöldi bænda væri beittur, ef frv. stj. væri samþ. óbreytt.

Þessar tölur sýna ennfremur, hversu till. hv. landbn. og hv. 1. þm. N.-M. eru fráleitar og ófullnægjandi um að greiða úr ríkissjóði flutningskostnaðinn út í Árnes- og Rangárvallasýslur og upp í Fljótsdalshjerað. Ástæðulaust að taka þessar tvær sýslur út úr, þegar sýnt er, að í ýmsum öðrum hjeruðum er flutningskostnaðurinn nálega jafnmikill eða meiri, og gæti jeg í því sambandi nefnt Hólsfjöll, sem jeg hefi ekki tekið með í samanburði mínum.

Með brtt. okkar hv. þm. Borgf. er reynt að gera öllum landsmönnum hlutfallslega jafnt undir höfði, sem kostur er, með því að miða styrkinn við flutningskostnað frá útflutningsstað til notkunarstaðar. Þess vegna leggjum við til, að veitt sje úr ríkissjóði ákveðin upphæð, sem Búnaðarfjelag Íslands úthlutar í þessu skyni, á meðan þetta er á tilraunastigi. Jeg verð að telja það mikinn kost að hafa upphæðina þannig ákveðna, í stað þess að alt leiki í lausu lofti, eins og nú er með frv., og þó enn frekar ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. og hv. landbn. verða samþyktar. Ennfremur skal jeg benda á, að Búnaðarfjelagi Íslands er samkv. till. okkar falið að safna skýrslum um áburðarnotkun landsmanna, svo ekki þarf að ætla, að það bresti kunnugleika til þess að skifta styrknum rjettlátlega niður.

Jeg vil þá benda hv. deild á, að þegar hún greiðir atkv. um brtt. á þskj. 574, þá eiga þm. að velja milli þess: að láta ríkissjóð greiða allan flutningskostnaðinn, eða 100%, fyrir kaupstaðina á sama tíma og bændur víðsvegar á landinu fá flestir greitt úr ríkissjóði aðeins um 12—40% af þeim flutningskostnaði, sem óumflýjanlega hvílir á áburðinum, og svo till. okkar hv. þm. Borgf., að ríkissjóður styrki sjerhvern áburðarnotanda, hvort sem hann er búsettur í kaupstað eða einhverstaðar uppi til dala, hlutfallslega jafnt, miðað við flutningskostnað á áburði hans frá útflutningshöfn til notkunarstaðar.

Það er um þetta tvent að velja, og jeg vil að óreyndu ekki trúa því, að hv. deild hallist á þá sveifina, sem ver gegnir, að veita þeim styrkinn, sem síst þarfnast hans. Eins og jeg tók fram við fyrri umr. þessa máls, að ef þörf er á einhverri hjálp í þessu efni, þá er það fyrst og fremst þeim mönnunum, sem búa fremst til dala, sem þarf að hjálpa — dalabændunum, sem hafa litla túnbletti og enn minni áburð, af því að þeir verða að treysta á beitina sem hægt er. Þar er hver töðubagginn dýr og því helst þörf á skjótri hjálp til þess að græða út túnin. Þess vegna vona jeg, að hv. deild minnist þessara manna og þeirra örðugleika, sem þeir eiga við að búa, þegar hún greiðir atkvæði um þetta mál.

Frsm. (Lárus Helgason): Jeg hefi ekki mörgu að svara þeim hv. þm., sem nú settist niður. Hann sagði, að eftir frv. væri áburðarflutningskostnaðurinn til landsins aðeins eyðsla á ríkisfje. En þessu vil jeg mótmæla. Hitt er auðvitað, að það verður erfitt að fara að reikna nákvæmlega út, hve mikinn flutningskostnað hver maður eigi að fá. Jeg veit heldur ekki betur en að þeir, sem búa lengra í burtu frá kaupstað, verði oft að mæta erfiðleikum fram yfir þá, sem búa nærri hafnar- eða verslunarstöðum, við flutning á vörum, og kemur það vitanlega ekki fremur til greina við þessa vörutegund en flestar aðrar. Má þar til dæmis benda á það, að þeir, sem þurfa að reisa sjer hús í sveit, verða sjálfir að annast flutning á byggingarefni, og jeg hefi ekki orðið var við, að þeir fengju flutningskostnaðinn greiddan af opinberu fje. En mjer virðist það rökrjett, að þennan kostnað ætti þá einnig að greiða, ef fara ætti að greiða heimflutningskostnað á áburði.

Hv. þm. talaði um þann mikla kostnað, sem leiddi af einkasölunni, og talaði um alt að 5% álagningu. Landbn. hefir álitið, að 2% mundu nægja, og þótt talað hafi verið um 5% í byrjun, þá hefir aldrei verið búist við, að svo mikill kostnaður yrði við framkvæmd einkasölunnar. Jeg sagði, að það þyrfti ekki að kenna mönnum að nota áburðinn með þessu, því að jeg hefi trú á því, að eftir því, sem það kemur betur og betur í ljós, hve vel hann er fallinn til túnaræktunar, þá muni notkun hans dreifast út um alt land með tímanum, jafnvel þótt bændur þurfi kannske að sækja áburðinn eina til tvær dagleiðir. Það mun seint verða hægt að koma áburðarsölunni þannig fyrir, að eitthvert býli eigi ekki erfitt með að ná í áburðinn. Og allir brotareikningar hv. flm. brtt. á þskj. 574 benda best til þess, hve erfitt það yrði að úthluta styrknum

rjettilega, því að það er ekki hægt að ganga framhjá því, að það yrði erfitt mál. Virðist því miklu ráðlegra að reyna að ná aðalkjarna málsins nú fyrst um sinn og láta síðan tímann leiða í ljós, hvaða gagn verður að áburðinum. Hv. þm. gat þess, sem rjett er, að í sumum sveitum er töðubagginn miklu verðmeiri en í öðrum, t. d. á góðum beitarjörðum, og sannar það, að þar borgar sig að leggja meira á sig til þess að ná í áburðinn. Það er langt frá því, að jeg haldi því fram, að það sje ósanngjarnt að ljetta undir með þeim, sem fjarri búa, en jeg álít það ekki viðkunnanlegt að staðfesta það, að bændur geti ekki kostað flutning á milli bæja á þessari vöru sem öðrum, og eins og nú horfir við er slíkt óframkvæmanlegt. Jeg tel það því neyðarúrræði að fara inn á þá braut að fara að kosta flutning út um landið af opinberu fje. Og jeg vænti, að það eigi eftir að sýna sig, að þetta frumvarp nái vel tilgangi sínum, ef það verður samþykt eins og landbúnaðarnefnd hefir gengið frá því.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. form. landbn. Hv. aðalflm. að brtt. á þskj. 574 hefir gert mjög ljósa grein fyrir því, að einmitt á þann hátt, sem við leggjum til, er tilgangi frv. mjög vel náð, en það er ekki hægt með öðru móti. Því að hann er sá, að auka þekkingu manna á nytsemi áburðarins, og þess vegna er það vitanlega höfuðatriðið í þessu máli að styrkja þá menn, sem örðugt eiga með öflun áburðarins og hafa þar af leiðandi ekki fært sjer í nyt þá hagsmuni, sem leitt geta af notkun hans.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú gert glögga grein fyrir því, hvernig við hugsum okkur, að þessi stuðningur komi niður. Samkv. frv. eins og það er nú, þá eiga þeir, sem í kaupstöðum búa eða nálægt þeim, að fá allan flutningskostnað greiddan, en því fjær sem menn búa kaupstöðum og eiga erfiðara með aðdrætti, því minna eiga menn að fá, og þeir, sem fjærst búa og örðugast eiga, fá minst, eða ekki nema örlítinn hundraðshluta.

Hv. frsm. gerði tilraun til þess að verja þetta ranglæti með því, að í kaupstöðum og nærliggjandi sveitum, þar sem margt fólk væri samankomið, þar kæmi þessi stuðningur að allverulegu liði. En hv. 2. þm. Skagf. hefir sýnt fram á það, að þessir bændur hafa yfirleitt miklu betri aðstöðu en aðrir, og eru alveg ósambærilegir við aðra að því leyti, hve þeir eiga miklu hægara með að koma afurðum sínum í verð en aðrir bændur.

Hv. frsm. sagði, að fyrirkomulag okkar væri mjög þungt í vöfum og mundi verða stirt til framkvæmda. En ef hv. þm. hefði nokkuð athugað málið, þá hefði hann átt að sjá, að það verður að minsta kosti ekki erfiðara heldur en að úthluta styrknum til hreppabúnaðarfjelaganna. Og skal jeg nú gera grein fyrir því, í hverju munurinn liggur, ef hann er nokkur. Við skiftingu þess styrks er lögð til grundvallar dagsverkatalan, en hjer verður lögð til grundvallar vegalengd og þungi. Jeg er hissa á því, að hv. þm. skuli ekki hafa gert sjer grein fyrir þessu.

Hv. þm. var að tala um, að alveg sama ástæða væri til þess að ljetta undir flutning á byggingarefnum út

um sveitir eins og áburð. Þá má alveg eins segja, að sama ástæða sje til að borga flutningskostnað til landsins af þessum vörum eins og af áburði, úr því að það er hans grundvallarskoðun, að þeir, sem búa nærri kaupstöðum, eigi að fá allan flutningskostnað greiddan, en hinir aðeins örlítið brot.

Það, sem hv. frsm. (LH) talaði um 5% eða 2% álagningu, það kemur ekkert þessu máli við; það snertir aðeins verslunarreksturinn og þann kostnað, sem af honum leiðir fyrir ríkissjóð.

Þá sagði hv. þm., að hann hefði ekki mikla trú á því, að till. okkar yrði til þess að dreifa áburðinum út um landið. Hann hefir þá ekki mikla trú á tilgangi frv., því að það er vitanlega úti um land, sem þarf að auka þekkingu á nytsemi áburðarins, en ekki í kaupstöðum. Samt talar hv. þm. um það, að hann sje með aðalkjarna málsins. En aðalkjarna frv. verður best náð með því að styðja þá, sem fjærst búa, og það verður best gert með okkar till.

Þá talaði hv. frsm. um það, að það væri ekki vel viðkunnanlegt, að ríkið færi að borga bændum fyrir flutninga frá kaupstöðum og heim á hlað. Hjer kemur fram það sama og áður hjá hv. frsm., að hann sjer ekkert nema þarfir kaupstaðanna. (**LH**: Er þá öll nefndin blind?). Það lítur út fyrir það, ef hún heldur þessu sama fram, en því vil jeg naumast trúa, því að jeg hefi átt tal við flesta nefndarmenn, en enginn þeirra hefir fært fram þessi rök nema hv. form., og held jeg, að þau sjeu hans rök, en ekki nefndarinnar. Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en það er sýnt, að ef menn á annað borð vilja ná höfuðtilgangi frv. eins og frekast er unt, þá verður það best gert með því að samþykkja brtt. okkar.

Jeg ætla ekki að tala um þann lið brtt. okkar, að fella niður einkasöluna, en að Búnaðarfjelag Íslands fái einkaumboð á þeim áburðartegundum, sem mest eru notaðar hjer, því að hv. 2. þm. Skagf. hefir gert glögga grein fyrir því, að á þann hátt er náð kostum einkasölunnar, en hinsvegar komist hjá aðalókostum hennar.

Frsm. (Lárus Helgason): Jeg ætla ekki að þreyta hv. deild á því að fara út í rangfærslur og útúrsnúninga hv. þm. Borgf., en jeg bíð þess rólegur, að hv. deild felli sinn úrskurð.

Hákon Kristófersson: Jeg er alveg hissa á þessum síðustu orðum háttv. form. landbn., því að jeg álít ummæli hv. þm. Borgf. fyllilega rjettmæt. Það er fyrst við þessa umr., að það kemur í ljós, að aðaltilgangur í þessu máli er sá, að styðja flutningana til landsins, en ekki út um sveitir. (**LH**: Jú, meðfram ströndunum). En hvaða rjettlæti er í því, að þeir, sem næst búa, fái mest, en þeir, sem fjærst búa, minst af flutningskostnaðinum? Þess vegna lít jeg svo á, að það sje mikil sanngirni í till. á þskj. 574. Hitt held jeg ekki rjett, að þar sje farið með öfgar í málinu. Hverjir eru það í kaupstöðum, sem eru líklegir til þess að nota áburðinn mest? Þeir, sem hafa efni og getu fram yfir allan almenning. Jeg býst við því, að það sje svo í garðinn

búið fyrir þetta mál, að það muni ná fram að ganga, hvað sem jeg og hv. þm. Borgf. segjum, en jeg vildi láta það sjást, að þeir menn væru til, sem kæmu auga á ýmislega galla á því eins og það er nú.

Ef það er frambærilegt, að bændur verði látnir flytja áburðinn eina eða tvær dagleiðir á hestum sínum styrklaust, þá held jeg, að það sje miklu frambærilegra, að þeir, sem einungis þurfa að láta flytja áburðinn milli landa, greiði einnig sinn flutningskostnað. (**LH:** Það hafa allir gagn af ókeypis flutningum milli landa). Já, það er rjett, en aðstaða þeirra, sem fjærri eru, er svo miklu verri en hinna, að jeg get ekki talið líklegt, að það hafi farið framhjá jafnprýðilega skýrum og greinagóðum þm. eins og hv. form. landbn. heldur sig vera og er. Og jeg er alveg hissa á hv. form. og öðrum hv. þm. í landbn., að þeir skuli ekki hafa fallist á till. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Hvorki jeg nje aðrir hafa slegið því föstu, að ókeypis flutningar til landsins sjeu óþarfir, en við lítum svo á, að aðstaða kaupstaðabúa væri þeim mun betri en bænda, að hægt væri, að þeir bæru þann kostnað sjálfir.

Þetta er allsherjar nauðsynjamál landbúnaðarins, — og því þá ekki að leggja áherslu á, að það nái fullkomlega tilgangi sínum, með því að samþ. till. á þskj. 574, sem einmitt stefna í þá átt? Jeg vil enda á því sama, sem hv. frsm. endaði ræðu sína á, nefnilega að fela till. dómi hv. deildar, og jeg vænti þess, að hv. deild hafi ekki enn lokað svo augum sínum, að hún sjái ekki þær sanngirniskröfur, sem eru á því, að þær verði samþyktar.

Jón Sigurðsson: Jeg get slept að svara miklu af ræðu háttv. frsm. En hann hafði eftir mjer ummæli, sem jeg get ekki látið ómótmælt. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að flutningar til landsins væru einskis virði. Jeg sagði aldrei þau orð. En jeg taldi, að eins og frv. lægi fyrir, þá stefndi það aðeins að eyðslu á fje ríkissjóðs, og jeg rökstuddi það með því, að það kæmi aðallega þeim að notum, sem hafa notað áburðinn hingað til og kunna þegar áður að nota hann. En það þarf ekki að kenna þeim að stafa, sem lært hefir að lesa. Og ef þetta frv. á að koma að þeim notum, sem til er ætlast, þá þarf að kenna þeim að nota áburðinn, sem ekki hafa notað hann hingað til, en till. okkar fer einmitt í þá átt. Það mun hv. frsm. viðurkenna, ef hann hugsar rólega um málið.

ATKVGR.

Brtt. 574,1 feld með 15:9 atkv.

— 574,2 feld með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SE, HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ.

nei: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HJ, HjV, IngB, JörB, LH, MT, BSv.

HStef greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (EJ, GunnS, HG, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 574,3—5 teknar aftur.

— 447,1 tekin aftur.

— 419, fyrri málsgr., feld með 14:5 atkv.

— 419, síðari málsgr., tekin aftur.

— 570 tekin aftur.

— 447,2.a samþ. með 17:2 atkv.

— 447,2.b samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JörB, LH, MJ, ÓTh, PO, SE, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef.
nei: HjV, IngB, JAJ, JS, MG, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, HJ, BSv.

JJós greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (EJ, GunnS, HG, JÓl) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HJ, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, BSv.
nei: HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Þrír þm. (EJ, HG, JÓl) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 640).

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 640, 672).

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er komið hingað frá hv. Nd. Komu þar fram margar og róttækar brtt. við það, en niðurstaðan varð sú, að aðeins voru samþ. tvær smávægilegar brtt. við það. Er önnur við 3. gr. frv. og fjallar um hámark álagningarinnar, en hin er um það, sem nokkuð var rætt hjer í þessari háttv. deild, hverjir skyldu annast sölu áburðarins hjer á landi. Var bætt inn í frv. því ákvæði, að kaupmenn skyldu líka mega hafa hann til sölu. Nú hefir hv. landbn. þessarar deildar komið fram með brtt. á þskj. 672, því henni finst þetta ekki nógu skýrt í frv., því þar sje þetta eingöngu bundið við samvinnufjelög bænda og kaupmenn, en hún vill, að þetta nái líka til kaupfjelaga verkamanna. Jeg álít alveg sjálfsagt, úr því að búið er að breyta þessu, að allar þær verslanir, sem á annað borð geta greitt, fái áburðinn keyptan, en hinsvegar vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til háttv. landbn., hvort hún vildi ekki taka aftur þessa brtt. sína, því meðan jeg hefi með þetta mál að gera, skal jeg láta þetta jafnt út yfir alla ganga, er á annað borð geta greitt áburðinn.

Í Nd. gat ekki orðið samkomulag um það, hvernig ljett skyldi undir um landflutningana. Komu fram allmargar brtt. í þá átt og höfðu þær talsvert fylgi, en sá varð endirinn við 3. umr., að þær náðu ekki samþykki. Mun það mest hafa stafað af því, að landbn. leit svo á, að það væri nærri ómögulegt að gefa reglur fyrir því, hvernig þetta skyldi framkvæmt. En jeg skal lýsa því yfir, að stjórnin mun telja sjer skylt að reyna að finna sem best form fyrir því, hvernig unt væri að framkvæma þetta, og vonast jeg eftir því að geta þegar á næsta þingi lagt fram till. um þetta, þegar einhver reynsla er fengin.

Viðvíkjandi 2. gr. skal jeg geta þess, að jeg er þess fulltrúa, að stj., að því er snertir flutning áburðarins frá útlöndum, muni geta haft það í hendi sjer að komast að slíkum samningum, að það verði ekki verulegur kostnaðarauki, því bæði hefir ríkið sín eigin skip og svo trúi jeg ekki öðru en að

hægt væri að komast að sæmilegum samningum við Eimskipafjelag Íslands. Af þessum ástæðum, er jeg nú hefi nefnt, vænti jeg þess, að háttv. landbn. taki nú brtt. sína aftur, svo málið verði afgreitt.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hæstv. fors.- og atvmrh. hefir nú þegar skýrt frá þeim breytingum, er hafa orðið á þessu frv. síðan það lá síðast hjer fyrir þessari deild. Það er að vísu rjett, að það hefir ekki tekið svo stórum stakkaskiftum, en þó hafa orðið á því nokkrar breytingar.

Það var mjög um það deilt hjer í þessari háttv. deild, hvort samvinnufjelög, hreppsfjelög og búnaðarfjelög skyldu aðeins hafa leyfi til þess að versla með áburðinn, og þau svo aftur selja meðlimum sínum, eða hvort öðrum skyldi líka leyft að versla með hann. Nú hefir Nd. gert þá breytingu á þessu, að kaupmenn eru líka taldir með þeim, er versla mega með áburðinn. Af þessum ástæðum þykir mjer ekki nema rjettmætt, að kaupfjelög verkamanna verði talin með, og því hefir þessi brtt. komið fram. Nú hefir hæstv. fors.- og atvmrh. lýst því yfir, að stj. muni framkvæma þetta svo, að áburðurinn verði seldur öllum þeim, er geta greitt hann, og þá líka kaupfjelögum verkamanna. Þó þetta sje nú ekki skýrt tekið fram í lögum, fæ jeg ekki sjeð, að stjórnin brjóti lögin, þó hún framkvæmi þau á þennan hátt. Tek jeg því brtt. hjer með aftur, svo frv. þurfi ekki að vera að hrekjast á milli deilda. Þá vil jeg og árjetta það, að þessi 2%, sem heimilt er að leggja á, skulu lögð á af ríkinu, en ekki þeim, er ríkið selur. Út af þeim till., er komu fram í hv. Nd. viðvíkjandi flutningi áburðarins á landi, skal jeg geta þess, að við tókum þetta til athugunar hjer, og komst meiri hl. landbn. að þeirri niðurstöðu, að svo mikil vandkvæði væru á því að setja fastar reglur um framkvæmd þess, að hann gafst upp við það. Það er svo margt, sem kemur til álita í því efni, að ekki er gott að segja að óreyndu, hvað taka skal. Og þó það væri t. d. ákveðið, hvað mikið skyldi greitt fyrir hvern km., þá eru vegir svo mjög mismunandi og ekki saman jafnandi, hvort flytja skal á sljettum bílvegum eða fara þarf langar leiðir eftir einhverjum götutroðningum. Af þessum ástæðum er ómögulegt að fara inn á þá braut að ákveða með lögum, hversu mikið skuli greitt af kostnaðinum við landflutningana.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg varð í minni hl., er þetta mál kom hjer til nefndar eftir 1. umr., eins og hv. þdm. er kunnugt um. Varð sá og endirinn, að frv. var samþ. hjeðan úr deildinni án þess að brtt. væru samþyktar. Í hv. Nd. voru svo gerðar brtt. við það, er fóru í sömu átt og mínar, en fæstar þeirra náðu fram að ganga. Þó var sumt í frv. fært í það horf, sem jeg óskaði eftir, eins og t. d. það, að salan skyldi ekki eingöngu bundin við hrepps-, sveitar-, samvinnu- og búnaðarfjelög, heldur skyldu líka kaupmenn hafa leyfi til þess að versla með þessa vöru, og tel jeg það mikið til bóta. Þá er og það, að hundraðsgjaldið, sem leggja má á áburðinn fyrir það að útvega hann, hefir verið lækkað úr 5% niður í 2%, og tel jeg frv. miklu aðgengilegra en það var fyrir þetta. Eitt þýðingarmikið atriði

vantar þó ennþá í frv., en það er um það, að ljett skuli undir með bændum, er fjarri búa kaupstöðunum og erfitt eiga með að flytja áburðinn heim til sín. Gleður það mig, að hæstv. fors.- og atvmrh. hefir sjeð, að þetta er rjettlátt, sem jeg hefi farið fram á, og að hann hefir haft góð orð um, að till. þessa efnis verði lagðar fyrir næsta þing. Þó get jeg ekki greitt atkv. með frv., því jeg tel það ekki rjetta aðferð, er hjer er notuð, að verja svo miklu fje í flutningskostnað. Fyndist mjer nær að verja því til þess að bæta vegina hjer innanlands, svo bændur ættu hægara með að flytja áburðinn til sín. En ef einhver styrkur er veittur, þá ætti hann að ganga til þess að styrkja áburðarflutninga þeirra, er versta hafa aðstöðuna og fjærst búa hafnarstöðunum.

ATKVGR.

Brtt. 672 tekin aftur.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 729).

22. Menningarsjóður.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um menningarsjóð (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Í þessu frv. er farið fram á nýmæli í íslenskri löggjöf. Með því er stigið spor í áttina til þess að draga úr þeirri þjóðarspillingu, sem leiðir af áfengisnautninni, á þann hátt að láta þá, sem spillingunni valda, greiða fje til menningarstofnana.

Í frv. er gert ráð fyrir, að það fje, sem inn kemur fyrir upptækt áfengi og í áfengissektir, renni í sjerstakan sjóð til styrktar listum og vísindum. Jeg hefi áður borið fram á Alþingi frv. í líka átt, en það fór allmiklu lengra en þetta. Það mun einmitt hafa fallið að miklu leyti fyrir þá sök, að það þótti svifta ríkissjóð of miklum tekjum.

Fje þess menningarsjóðs, sem hjer er talað um að stofna, á einkum að verja í þrennum tilgangi: Til náttúrufræðirannsókna á Íslandi, til að skapa markað handa innlendum listaverkum og til útgáfu alþýðlegra fræðibóka og skáldrita. — Það hefir altaf verið mjög erfitt að vera náttúrufræðingur á Íslandi. Eggert Ólafsson gerði rannsóknir sínar á náttúru landsins fyrir danskt fje. Það var náttúrlega eðlilegt á sínum tíma, því að þá var hvorttveggja kallað sama ríkið, Ísland og Danmörk, en jeg vil samt minna á, að Eggert hlaut engan beinan stuðning hjeðan. Alveg sama máli var að gegna um Jónas Hallgrímsson. Þegar Þorvaldur Thoroddsen fór að ferðast um landið og skoða náttúru þess, fjekk hann aðalstyrk sinn frá sjóði í Danmörku. Alþingi veitti honum að vísu ofurlítinn árlegan styrk, en það var svo lág upphæð, að hann hefði lítið getað gert af því, sem eftir hann liggur, fyrir það fje eitt saman. Nú er alveg eins ástatt hjer og áður. Ef hjer kæmi nú einhver Eggert, Jónas eða Þorvaldur, þá gæti hann lítinn styrk fengið í landinu. Ríkið hefir ekkert fje handbært

til rannsókna á náttúru landsins. Og við, sem sæti höfum átt á Alþingi, vitum, hve erfitt er að koma slíkum styrkjum í fjárlögin.

Sú fasta, árlega fjárhæð, sem hjer er gert ráð fyrir, yrði, þótt lítil sje, til þess, að hjer gætu átt sjer stað einhverjar náttúrufræðilegar rannsóknir.

Það er og kunnugt, að landið á nú talsvert marga unga, efnilega listamenn, sem hafa komist furðanlega langt, þegar tekið er tillit til þeirra aðstæðna, er þeir hafa átt við að búa. Alþingi hefir styrkt marga þessara manna utan til náms, og hafa því margir þeirra getað klöngrast fram úr þeim hluta baráttunnar. En eftir námið hafa örðugleikarnir fyrst byrjað fyrir alvöru, — þegar mennirnir þurftu að fara að lifa af list sinni. — Það gæti ef til vill komið til mála, að þessir menn reyndu að lifa erlendis eða selja verk sín þar. En það má teljast næstum lokuð leið. Að vísu hafa nú nýlega selst 10—15 íslensk málverk á sýningu í Danmörku, en það er ekki mikill fjöldi, síst þegar þess er gætt, að sýningin nýtur sjerstaklega góðrar aðstöðu. Því er augljóst, að hinn erlendi markaður getur ekki haft neina þýðingu fyrir listamennina í þá átt að skapa þeim atvinnu. Í öðrum löndum eru listamenn svo margir, að vonlaust er um, að þeir geti unnið fyrir sjer með list sinni. Aðeins þeir, sem ná svo langt að verða frægir, geta vænst þess að hafa nokkuð, sem heitið geti, upp úr henni. En það er altaf fæstra hlutskifti að ná frægð. — Jeg vænti því, að mönnum sje það ljóst, að íslensk list verður að treysta á íslenskan markað fyrst og fremst. En hann er mjög þröngur. Bæði eru þeir fáir, sem hafa efni á því að prýða húsakynni sín með dýrum listaverkum, og efnuðu mennirnir hafa ekki ávalt smekk fyrir fögrum listum. Fyrir þær sakir sje jeg ekki, að hjer geti dafnað sjálfstæð list, nema þjóðfjelagið sjálft geri eitthvað til þess að skapa markað fyrir listaverkin. Á því er þetta frv. bygt, og það fer fram á að ráðstafa nokkrum tekjum árlega í þessu skyni, tekjum, sem vitanlega muna ekki miklu fyrir ríkissjóð, en geta orðið þessu málefni til verulegrar styrktar. — Jeg lít ekki svo á, að hjer sje verið að gera nokkurt miskunnarverk á listamönnunum. En mjer finst fara vel á því að hafa þessa aðferð. Það er mikils virði fyrir landið að eignast þau verk íslenskra listamanna, sem fremst mega teljast. Og með sýningum erlendis geta listamennirnir margborgað það fje, sem til þeirra fer. Það er enginn efi á því, að sýningin í Kaupmannahöfn í vetur hefir verið Íslandi mikil og góð auglýsing. — Og þegar talað er um það, hvað sýna skuli þeim útlendingum, sem hjer koma 1930, hljóta listir landsmanna að vera eitt af því, sem mönnum kemur fyrst til hugar. Vitanlega megnum við ekki að gera gesti okkar agndofa með því, sem við getum sýnt þeim, en við getum þó sannfært þá um, að hjer býr þjóð, er má teljast þroskavænleg á menningarbrautinni.

Um þriðja atriðið get jeg verið fáorður, en það er auðsætt, að þar sem þorri manna verður að búa við þá einu gleði, sem heimilin veita, eru góðar bækur ákaflega mikils virði. Þessi þjóð talar nú alveg einangrað tungumál, og mikill minni hluti manna á kost á því að lesa erlendar bækur. Ef ⅓ af því fje, sem hjer er talað um, — nálægt

7 þús. kr. á ári, — færi til bókaútgáfu, gæti hún orðið allmikil. Jeg ætlast ekki til þess, að val bóka þeirra, sem út verða gefnar, verði einskorðað við annað en það, að eingöngu sjeu út gefnar góðar og gagnlegar bækur.

Jeg hefi orðið þess var, að einstöku menn, einkum templarar, eru þessu frv. andvígir, af því að þeim finst fjeð heldur illa fengið. Jeg get nú ekki fallist á þetta. Fjeð rennur hvort sem er til opinberra þarfa, og jeg sje ekki, að frá þjóðfjelagsins hálfu skifti nokkru máli, hvort því er varið til þessa eða annars.

Jeg get ekki fullyrt, hve mikið fje þetta verður árlega. En meðalsektir til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir óspektir af völdum áfengis eru 6—7 þús. kr. á ári, og auk þess fellur nokkuð til landssjóðs. Þegar sjerstakir hvalrekar koma, eins og t. d. full skip af áfengi, er lagt til í frv., að því fje, sem inn kemur umfram meðallag, sje varið til að koma upp húsi yfir listasafn ríkisins.

Þetta mál mundi að umr. lokinni best komið í hv. mentmn., og vona jeg að því verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til mentmn. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 256).

Forseti (GÓ): Hv. frsm. (PH) er að vísu fjarverandi og ekki von á honum að þessu sinni á fundinn, en hv. þm. Ak. hefir tekið að sjer að segja nokkur orð fyrir nefndarinnar hönd.

Erlingur Friðjónsson: Það er auðvelt og ljett verk að vera frsm. þessa máls í forföllum hins rjetta. Eins og nál. á þskj. 256 ber með sjer, hefir nefndin orðið sammála um, að frv. nái fram að ganga með örlitlum breytingum. Að vísu hefir einn nefndarmaður, hv. 3. landsk., skrifað undir með fyrirvara, sem nær til frv. yfir höfuð, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni.

Að öðru leyti er lítið um brtt. nefndarinnar að segja.

Fyrsta brtt. er aðeins orðabreyting, 3. málsl. 1. gr. frv. orðaður um, en efni hans er á engan hátt raskað.

Önnur brtt. felur í sjer örlitla tímabreytingu, að í staðinn fyrir „janúar" komi: apríl. Þar er aðeins gert ráð fyrir, að tekjur sjóðsins verði ekki komnar í handraðann svo snemma, að hægt verði að skifta þeim fyr en í aprílmánuði í fyrsta lagi.

Um þriðju brtt. sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja frekar. Þar er ekki um annað að ræða en lítilsháttar orðabreytingar.

Efni frv. og stefna þess er óhögguð, eins og jeg hefi tekið fram, og hirði því ekki að svo stöddu að hafa um það fleiri orð.

Jón Þorláksson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en það snertir ekki brtt. þær, sem þar eru tilfærðar, enda er jeg þeim samþ. og tel þær allar fremur til bóta.

Fyrirvari minn byggist á því, að jeg er óánægður með þá leið, sem farin er til þess að afla sjóðnum tekna. Raunar álít jeg, að hjer sje ekki um annað að ræða en að útvega lagafyrirmæli um að leggja meira af mörkum

úr ríkissjóði til lista og vísinda en verið hefir. Þess vegna hefi jeg ekki viljað setja mig upp á móti þessu, þar sem stjórnin fer fram á að fá heimild til þess og álítur, að hún sjái sjer fært að miðla þessum styrk af venjulegum tekjum ríkissjóðs.

Eins og jeg sagði, er jeg óánægður með þá leið, sem farin er, ekki þó vegna þess, að mjer finnist meiri sori fylgja þeim peningum, sem í ríkissjóð drjúpa fyrir áfengissektir, heldur en annað. Heldur finst mjer, að utan um þetta mál sje það, að í staðinn fyrir sičsamlega notkun áfengis sje beinlínis gert ráð fyrir í lögum, að áfengisbrotin verði sem mest og stærst, og þá um leið einskonar fjeþúfa fyrir listamenn, og mjer finst, að út af þessu muni spretta alvöruleysi um brot á áfengislöggjöfinni. Það er þessi stefna frv., sem jeg kann illa við, en gat ekki fengið meðnefndarmenn mína til að viðurkenna. Hinsvegar hefi jeg ekki borið fram neinar brtt. til þess að lagfæra þetta, og það af þeim ástæðum, að reynslan hefir sýnt, að hv. stjórnarflokkar hjer í deildinni eru svo viðkvæmir fyrir brtt. á stjfrv., að það er ekki til neins að bera hjer fram í hv. deild brtt., þótt af góðum toga sjeu spunnar; meiri hl. hefir ekki viljað fallast á þær, þótt auðsætt sje, að þær miði til bóta.

En þessa athugasemd vildi jeg láta fylgja með fyrirvara mínum í nál. á þskj. 256.

Erlingur Friðjónsson: Mjer finst dálítið einkennileg aðstaða hv. 3. landsk. (JÞ), að halda nú ræðu um, að óviðfeldið sje að nota fje, sem fæst fyrir áfengisbrot, til þess að efla menningu í landinu. Þessi skoðun er ný fyrir mjer. Hv. þm. hefir ekki haldið eins snjalla ræðu um þetta efni í nefndinni og hann hefir nú gert. (**JÞ:** Jeg hefi sagt alt þetta sama þar, og síst minna). En ekki af nándarnærri jafnmikilli andagift og nú.

Annars finst mjer það engu máli skifta um þetta fje fremur en annað, sem í ríkissjóð rennur, til hvers það sje notað, hvort það gengur til að launa með því ráðherrunum eða embættismönnum landsins eða til einhvers annars. Þess vegna get jeg eins verið með því, að þetta sektarfje gangi til menningar eins og hvað annað.

Um þetta hefi jeg svo ekki fleira að segja. En viðvíkjandi því, sem háttv. 3. landsk. sagði um aðstöðu sína að öðru leyti til þess að bera fram brtt. og kvartaði undan því, að ekki væri mögulegt að fá þær brtt. samþ., sem gengju á móti stjórninni, þá held jeg, að þar sje um líkt að ræða og átt hefir sjer stað á undanförnum þingum, að minnihlutatillögur eigi jafnan erfitt uppdráttar, og þá einkum þær, sem ganga mjög á stjórnina. Það er fyllilega eðlilegt, að stjórn, sem að sjálfsögðu hefir meiri hluta þingsins á bak við sig, hafi þann styrk í flestum málum, að till. frá andstæðingaflokknum eigi erfitt uppdráttar.

Jón Þorláksson: Jeg veit, að ef hv. frsm. (PH) væri hjer staddur, myndi hann bera vitni um, að jeg hafi haldið hinu sama fram í nefndinni og jeg gerði í ræðu minni áðan. Það má náttúrlega segja, eins og hv. þm. Ak., að engu skifti, hvað af fje ríkissjóðs sje notað til þessa. En þegar þessu fje er fyrirfram ráðstafað með lögum, er það

ekki lengur fje ríkissjóðs. Þá nærist menningarsjóðurinn eingöngu á fje því, sem inn kemur vegna lögbrotanna, og á beinlínis alla sína afkomu undir því.

Það verður að virða hv. þm. Ak. það til vorkunnar, að hann er ungur í sessi og þekkir ekki þingvenjur. En jeg vil benda honum á, að það hefir aldrei áður þekst hjer, að menn væru svo viðkvæmir, að ekki mætti samþykkja svo auðsæjar lagfæringar á stjfrv., sem hjer er um að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 256,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 256,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 256,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 256,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

8. gr. feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JJ, MK, EF.

nei: JóhJóh, JÞ, JKr, BK, EÁ, H-Steins, IHB, GÓ.

Einn þm. (PH) fjarstaddur.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 291).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 291).

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 620, 632).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum minni háttar breytingum.

Aðalbreytingin er það viðbótarákvæði, að úr sjóðnum megi verja fje til útgáfu veggmynda eftir íslenskum listaverkum til heimilisprýði. Þetta er aðeins lítils háttar rýmkun á starfssviði sjóðsins. Aðrar breytingar skifta litlu máli, nema síðasta brtt., þar sem lagt er til, að „og formenn mentamálanefnda beggja deilda“ falli burtu úr síðasta málslið 6. gr. Nefndin lítur svo á, að næg trygging sje í því, að öll sjóðsstjórnin skuli vera sammála um meðferð tekna sjóðsins.

Magnús Jónsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að gera nokkra grein fyrir brtt. minni hl. nefndarinnar, sem

jeg og hv. þm. Vestm. höfum borið fram á þskj. 632. Í 3. gr. eru talsvert margbrotin fyrirmæli um stjórn hinna einstöku starfsgreina sjóðsins. Um þau ákvæði, sem lúta að bókaútgáfu sjóðsins, hygg jeg, að þegar frá er tekinn prófessorinn í íslenskum bókmentum, þá sje engin trygging fyrir því, að í hinar stöðurnar veljist altaf menn, sem hæfir sjeu til þessa. Þó að maður sje hæfur til að kenna íslensku sómasamlega í kennaraskólanum, þá er ekki víst, að hann hafi öðrum fremur vit á að velja úrvals skáldrit til að gefa út, og sama er að segja um prófessorinn í sögu. Við viljum því í allri vinsemd vekja athygli á því, hvort ástæða sje til að láta þessa menn vera sjálfkjörna til að stjórna þessu, ef það lán kemur fyrir sjóðinn, að honum áskotnist fje við það, að einhver lendi í því óláni að verða sekur við lög landsins.

Að því er kemur til náttúrufræðinnar, þá má gera ráð fyrir, að þessir menn sjeu allir vel hæfir, sem þar til eru nefndir, en um einn þeirra er það að segja, að hann er búsettur í fjarlægð, og því nokkrir annmarkar á að ná til hans, og hvað hina snertir, er óþarfi að taka þá með hjer, vegna þess að ráðið getur altaf kvatt þá til ráðuneytis.

Við höfum af þessum ástæðum lagt til, að stjórn sjóðsins sje að öllu leyti í höndum ráðsins sjálfs og að því sje heimilt að kveðja sjerfræðinga sjer til ráðuneytis.

Á þessu er sá mikli kostur, að það er einfaldara. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta. Jeg býst ekki við, að þetta verði mikið deilumál, en atkvgr. verði látin skera úr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Við nefndarmennirnir þrír getum ekki fallist á brtt. minni hl. Við teljum okkur ekki hafa fundið neinn allsherjar sannleika í þessu efni, en viljum fá reynslu á því skipulagi, sem frv. felur í sjer, og lítum svo á, að síðar megi breyta lögunum, ef þau gefast illa að einhverju leyti.

Jeg hefi eins mikla trú á því, að fleiri ráði, sjerstaklega að því er snertir þann hluta, sem ganga á til náttúrufræði, og er eins gott að láta þá greiða úrslitaatkvæði eins og að láta yfirstjórnina um það að fella eða samþykkja eftir tillögum annara. Ef einhver skorast undan að taka að sjer störf vegna sjóðsins, viljum við láta ráðið skipa í auð sæti.

Hv. 1. þm. Reykv. tæpti á, að eitthvað væri bogið við, hvernig ætlast er til, að tekna sje aflað. Það má fallast á, að upphaf þeirra sje ekki sem viðfeldnast, en hitt er annað mál, hvort nokkur hætta sje á ferðum um það, að menn fari að gera leik að því að brjóta lögin til þess að veita sjóðnum tekjur. Þessir peningar mundu hvort sem er falla til ríkisins og sjálfsagt verða varið til einhvers, sem betur væri gert en ógert. En oft veitir erfitt að ná fje til þess, sem á að vinna til menningar, nema helst því aðeins, að það sje tekið af þeim tekjum, sem ekki eru áætlaðar. Hjer er um það fje að ræða, sem þingið getur tæplega gert áætlun um meðal tekna. Það er og gamall siður að láta mammon ranglætisins vinna eitthvað gott sjer til afsökunar, og verður það ekki með öðru betur gert en að styrkja listir og vísindi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 620,1.a samþ. án atkvgr.

Magnús Jónsson: Hafi háttv. þdm. eigi áttað sig á efni 1. brtt. á þskj. 632, skal jeg taka það fram, að fylgi við hana hlýtur að fara eftir því, hvort þeir vilja samþykkja till. þær, sem jeg gerði grein fyrir í ræðu minni áðan.

Brtt. 632,1 feld með 12:9 atkv.

— 620,1.b samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 632,2 feld með 12:8 atkv.

— 632,3—4 teknar aftur.

— 620,2.a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 620,2.b samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 620,3 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 620,4.a samþ. án atkvgr.

— 620,4.b samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JÓl, LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSv.

nei: HK, MG, PO, TrÞ.

JS greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (EJ, GunnS, JJós, JAJ, JörB) fjarstaddir.

7.—8. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:5 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 662).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 662).

Á 67. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 736).

---

23. Fjáraukalög 1927.

Á 40. fundi í Nd., 6. mars, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1927 (stjfrv., A. 399).

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vil aðeins geta þess, að þetta frv. verður að skoða einungis sem bráðabirgðafrv. Auðvitað er ekki hægt að sjá til fullnustu nú allar þær umframgreiðslur, sem orðið hafa. Það má því gera ráð fyrir, að annað frv. komi fram, er landsreikningarnir fyrir það ár verða hjer til meðferðar. Út í einstak-

ar gr. frv. sje jeg ekki ástæðu til að fara á þessu stigi málsins, en vona, að aths. þær, er fylgja, sjeu svo ítarlegar, að hv. þm. geti áttað sig á þeim. Legg jeg svo til, að frv. sje vísað til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjvn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399. n. 559).

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Fjvn. hefir gaumgæfilega athugað þetta frv., hina ýmsu útgjaldaliði, heimildir þær, sem liggja fyrir um ýmsar þessar greiðslur, og venjur þær. sem skapast hafa á undanförnum þingum um samþykt svipaðra útgjalda. Og niðurstaðan er sú, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Útgjöldin eru samtals eftir frv. kr. 156457,98, en upphæð fjáraukalaga fyrir árið 1926 nam 280 þús. kr. Er heildarupphæð þessa frv. þannig allmiklu lægri en árið á undan.

Jeg sje enga ástæðu til að fara út í hina ýmsu liði, því að háttv. þm. hafa að sjálfsögðu kynt sjer frumvarpið og ástæður þær, sem stjórnin færir fram. En þó vildi jeg minnast á nokkra. Það er þá fyrst 3. liður 5. gr., sem hefir brenglast í frv. Þar stendur, að veittar skuli kr. 4665,76 til byggingar íbúðarhúss í Tröllatungu, en á að vera til byggingar á prestssetrinu í Kollafjarðarnesi, svo sem glögt kemur fram í aths. við frv. Taldi nefndin mega leiðrjetta þetta í prentun. Nefndin fann ástæðu til að benda á misræmi það, sem kemur fram í fjárveitingum til bygginga á prestssetrum, þar sem til sumra eru veittar 20 þús. kr. og enda minna, en aftur til annara upp að 30 þús. kr. og yfir það. T. d. eru þegar veittar 33 þús. kr. til byggingarinnar á Bergþórshvoli, og þó ekki alt greitt, og til byggingarinnar á Saurbæ í Eyjafirði mun verða greitt 25 þús. kr. Nefndin vill leggja áherslu á, að þessum byggingum sje hagsýnilega stjórnað. Það er ekki gott um það að segja, í hverju þessi mismunur liggur, en sennilega kemur hann af ónógu eftirliti og sömuleiðis af því, að húsin eru misjafnlega íburðarmikil.

Út af 6. lið 5. gr. vil jeg taka það fram, að bygging daufdumbraskólans kostar fullar 60 þús. kr., en eins og margir munu minnast, var gert ráð fyrir, að lóðir ríkissjóðs þar í kring verði seldar, og í athugasemdum stj. er þess getið, að lóðirnar sjeu þegar seldar og fjeð muni koma inn á næstu árum, en það mun nema, að því er mjer skilst, eins miklu og byggingin kostar.

Þá er það 3. liður 6. gr., um fornmenjarannsóknir á Bergþórshvoli. Til þeirra eru veittar 4000 kr. Nefndinni þótti þetta allhátt, en það er sýnilegt, að ráð er gert fyrir meiri kostnaði, því að í athugasemdum stj. stendur, að kostnaðurinn við rannsóknirnar „hafi ekki orðið meiri árið 1927“, og sýnist það benda til þess. að kostnaðinum sje ekki enn lokið. Nefndinni fanst það óviðurkvæmilegt að láta starfa að þessum grefti án heimildar í fjárlögum. Og þar sem einn liður þeirra fjallar um kostnað við fornmenjarannsóknir, fanst nefndinni sjálfsagt, að tekin væri upp í fjárl.

veiting í þessu skyni, ef þingið á annað borð vildi halda þessum rannsóknum þarna áfram. Hefi jeg svo ekki fleira að athuga.

Magnús Guðmundsson: Út af síðustu orðum hv. frsm., um rannsóknirnar á Bergþórshvoli, vil jeg benda á það, að það var búist við því, að rannsóknunum yrði lokið á síðasta ári, og því var ekki hægt að taka fjárveitingu til þeirra upp í fjárlögin fyrir 1928. Það er alveg rjett, að það á að vera sem minst um slíka liði sem þennan, en jeg býst þó við, að stj. verði neydd til að fara sömu leið nú í ár. Rannsóknirnar eru svo merkilegar, að við megum ekki skirrast við að leggja fram nokkurt fje til þeirra.

Um daufdumbraskólann er óhætt að fullyrða það, að byggingin verður greidd með hinum seldu lóðum. Það eru þau bestu kaup, sem ríkissjóður hefir gert, þegar hann keypti þessar lóðir með gamla húsinu fyrir 37 þús. kr. Það var mikið talað um það á sínum tíma, en það hefir sýnt sig, að þetta var hyggileg ráðstöfun.

Út af byggingarkostnaðinum á Bergþórshvoli vil jeg segja það, að jeg hygg, að hann stafi af þál. um að hafa bygginguna með sjerstöku sniði. Það getur verið, að fleiri orsakir sjeu til þessa, t. d. veit jeg ekki nema sementið hafi verið dýrt.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er fátt, sem hv. fjvn. hefir haft að athuga við frv., enda hygg jeg, að flestir liðirnir sjeu þannig, að erfitt sje að komast hjá þeim. Flestar upphæðirnar eru frá tíð fyrverandi stj., og sje jeg enga ástæðu til að tala um þær. En jeg vil benda á þá liði, sem varða núverandi stjórn.

10. liður 5. gr. er til loftræstinga í mentaskólanum. Það er enginn vafi, að þetta var sjálfsagt.

11. liður sömu gr. er til girðingar um lóð kennaraskólans. Sömuleiðis sjálfsögð fjárveiting.

14. liður 5. gr. er til smásjárkaupa handa háskólanum. Þetta var óumflýjanlegt, til þess að læknaefnin gætu lagt nauðsynlega stund á vísindagrein sína.

5. liður 7. gr. er til kostnaðar við stíflu á aðfærsluskurði við Miklavatnsmýraráveituna. Um þetta hefir áður verið rætt hjer og það upplýst, að menn hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum hvað snertir árangurinn af þessu fyrirtæki. Og mjer er óhætt að fullyrða, að þessi fjárveiting er til að bæta úr ágöllunum.

3 fyrstu liðir 8. gr. eru um greiðslu eftirlauna til þriggja uppgjafastarfsmanna og stafa af mismunandi reglu um það, frá hvaða tíma eftirlaunin eru reiknuð. Jeg held, að það sje ljóst, að þau beri að reikna frá þeim tíma, sem maðurinn lætur af starfi. Þessir menn hafa ekki fengið launin strax, og þetta er leiðrjetting á misrjettinu, sem þeir hafa orðið fyrir. Jeg get sagt það, að jeg álít sjálfsagt, að eftirlaunin sjeu reiknuð frá þeim tíma, sem menn fara frá starfi.

Um 3. lið 9. gr. má vera, að ágreiningur verði. Jeg hygg þó, að þessi upphæð sje ekki meiri en svo, að allir geti orðið sammála um, að starf nefndarinnar sje þess virði, sem veitt var til hennar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, vegna þess að í at-

hugasemdunum er gerð grein fyrir hverjum lið. Jeg vona, að frv. verði samþ. eins og nefndin leggur til.

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson): Það var út af því, að hv. 1. þm. Skagf. upplýsti, að eftir væri að rannsaka frekar á Bergþórshvoli og hentugast væri að haga fjárveitingunni til þeirra rannsókna eins nú og áður. Mjer finst eðlilegast, að þessi upphæð sje sett í fjárlögin. Það er best að vera laus við svona greiðslur utan fjárlaga, og auk þess á þingið að láta uppi vilja sinn í þessu efni, eða ráða, hvað langt verður gengið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 399).
Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg legg til, að þessu máli verði vísað til fjvn. Annað hefi jeg ekki um málið að segja að svo komnu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 704).

Frsm. (Páll Hermannsson): Fjvn. hefir rannsakað frv. þetta og ekki orðið vör við neitt, sem mæli gegn því, að það verði samþ. óbreytt. Aðeins skal jeg taka það fram, að í því er ein smávilla. Veit jeg ekki, hvort það er prentvilla, en þess er vænst, að leiðrjetta megi þetta við prentun stjórnartíðinda. Villan er í 5. gr. 3. lið, því þar stendur „Tröllatunga“, en ætti að vera Kollafjarðarnes. Er þetta að nokkru leyti eðlileg villa, því prestakallið hjet áður Tröllatungupresta-kall, en nú er Kollafjarðarnes prestssetur. En þessi fjárveiting, er hjer um ræðir, var til íbúðarhúss á staðnum. Hefi jeg svo ekki meira að segja um þetta, en eins og stendur í nál., leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 756).

24. Friðun Þingvalla.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um friðun Þingvalla (stjfrv., A. 23).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Frv. svipað þessu var borið hjer fram fyrir 5 árum. Það var samþ. í Ed. með mörgum breytingum, en dagaði uppi í Nd. í þinglokin. Síðan hefir málið ekki verið tekið upp í frv.formi, en ýmislegt hefir gerst, sem veldur því, að þörfin á löggjöf um þetta efni er enn brýnni en áður. Nú í vetur barst stjórninni brjef frá formanni og ritara Þingvallanefndarinnar, þar sem þess er óskað, að stjórnin beri fram frv. um friðun Þingvalla. Að vísu er í frv. gengið nokkuð lengra en nefndin óskaði eftir, því að, eins og vitanlegt er, þarf Þingvallanefndin ekki að sinna öðru en undirbúningi hátíðahaldanna 1930. En stjórninni þótti rjett, úr því að gera þurfti sjerstakar ráðstafanir vegna hátíðarinnar, að undirbúa um leið almenna verndarlöggjöf fyrir Þingvelli.

Í frv. er farið fram á, að spildan milli Hrafnagjár og Almannagjár verði friðuð framvegis og að alt svæðið að norðanverðu við Þingvallavatn verði undir sjerstöku eftirliti þingkjörinnar nefndar. Vel getur komið fyrir, að bændurnir á þessu svæði leyfi að reisa í landi sínu byggingar eða gera mannvirki, sem þættu fara illa í hjeraðinu. T. d. skal jeg geta þess, að prestinum á Þingvöllum og bóndanum á Brúsastöðum hefir dottið í hug að virkja Öxará, að vísu ekki sjálfan fossinn. En slíkt mannvirki á þessum stað mundi særa fegurðartilfinning manna. Að vísu er þetta afsakanlegt frá þeirra sjónarmiði. Þeir gera þetta ekki til að spilla völlunum, heldur til að lýsa og hita heimili sín. En jeg þarf ekki að fjölyrða um, að það yrði þeim hvumleitt, sem nokkurn smekk hafa fyrir útliti Þingvalla, ef bygðir yrðu ljótir steinsteypukassar á vestari bakka Almannagjár. Jeg ætlast til, að Þingvellir verði undir sjerstakri vernd Alþingis hjeðan í frá. Jeg geri ráð fyrir, að Alþingi verði sá húsbóndi yfir Þingvöllum, sem best fari með staðinn. Jeg býst við, að það verði svo minnugt þeirra daga, er Alþingi var haldið á Þingvöllum, að það sjái jafnan sóma sinn í því að fara trúlega með verndarvaldið yfir þessum helgistað.

Mjer dettur ekki í hug að ætla, að frv. þetta sje svo úr garði gert, að það megi ekki bæta. Það hefir þegar verið bent á ýms smáatriði, sem betur mættu fara. Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 89 og 143).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Nefndin er sammála um það aðalatriði þessa frv., að það beri að friða Þingvelli. En það skilur nefndina fyrst og fremst, að meiri hl. vill fylgja frv. um stærð þessa svæðis, sem á að friða, en minni hl. vill fylgja þeim tillögum, sem komu fram í frv., sem lá fyrir þinginu 1926. En það svæði er aðeins lítil ræma milli Almannagjár og Hrafnagjár; það er ekki mjög breitt og miklu minna um sig en svo, að nægja mundi fólki, sem kemur til Þingvalla á ári hverju í skemtanaskyni eða til þess að sjá þennan merkilega stað.

Þá er annað. Eftir því sem árin líða mun því fólki fjölga, sem þangað leitar, svo að það er skylda þjóðarinnar að halda þessum stað í heiðri og sjá um, að skógurinn sje ekki upprættur og vernda landið fyrir því að blása upp. En þetta fæst ekki nema með því móti, að lagður sje niður sauðfjárbúskapur á þeim jörðum, sem eru í sjálfri kvosinni í Þingvallasveit, og landið varið fyrir ágangi sauðfjár. Þó að lagður sje niður búskapur á þessum jörðum, má náttúrlega búast við ágangi af sauðfje úr öðrum nærliggjandi hjeruðum, svo sem Grímsnesi.

Nefndin vill fallast á að taka þetta svæði, sem um ræðir í 2. gr. frv. Hún álítur, að með því sje Þingvöllum bestur sómi sýndur og að það sje fullkomlega rjettlátt af þinginu að taka þann stað undir sína vernd, — gera Þingvelli að nokkurskonar þjóðgarði, þar sem landsmenn eigi frjálst að hreyfa sig um stærra svæði en gert var ráð fyrir í frv. 1926.

Þó að nefndin þannig í aðalatriðum fylgi frv. því, sem liggur fyrir frá stjórninni, þá telur meiri hl. rjett að gera þá breytingu við 2. gr., að Þingvallanefndin geti gert ráðstafanir til þess að eyða dýrum og fuglum, sem geta gert usla á því friðlýsta svæði. Það er t. d. mikið af veiðibjöllu í Þingvallasveit, og er hún oft vargur í vjeum í fuglalífinu á vorin. Svo gætu verið refir, og sagt er, að gren finnist innan þessa svæðis, en jeg hefi ekki heyrt getið nema um eitt. Ætti Þingvallanefndin að hafa heimild til að gera ráðstafanir til að eyða þeim, ef til kæmi. Fyrir því gerir nefndin þessa breytingu.

Þá finst nefndinni óþarflega mikið að ákveða, að bæði Þingvallanefndin og húsameistari ríkisins skuli þurfa að gefa leyfi til þess, að jarðrask og húsabyggingar megi gera á þeim jörðum, sem ræðir um í síðustu málsgrein 2. gr. frv.; finst henni nóg, að Þingvallanefnd úrskurði þetta.

Þá þykir meiri hl. rjett að taka upp í frv. svipuð ákvæði og í frv. 1926, þar sem heimilt væri að taka eignarnámi og til afnota þau svæði og afnotarjett þeirra svæða, er frv. ræðir um. Auk þess finst meiri hl. rjett, að Þingvallanefnd hafi heimild til þess að kaupa jörðina Gjábakka, sem liggur austan að hinu friðlýsta svæði. Það er mjög sennilegt, ef farin verður sú leið að hafa verði til þess að vernda Þingvallaskóg fyrir ágangi sauðfjár, þá ættu þeir að vera þarna, því að austan mundi helst ágangsins von. Og fáist ekki viðunandi verð, ætti Þingvallanefndin að geta tekið jörð-

ina eignarnámi samkvæmt lögum. Nú hefi jeg fengið upplýst, að Gjábakki muni vera einstaklings eign, en þó muni Þingvallahreppur sem stendur geta tekið hana í sínar hendur fyrir eitthvert ákveðið verð. Ef svo stæði, finst mjer ekki ólíklegt, að Þingvallanefndin mundi geta náð samþykki við hreppinn um það, að hún fengi jörðina fyrir hans milligöngu.

Þá hefir meiri hl. gert þá breytingu á 5. gr., að fella niður það ákvæði, að brot á áfengislöggjöfinni megi varða alt að þrefalt hærri sektum þar en annarsstaðar. Álítur meiri hl., að slíkt ákvæði eigi ekki heima í þessu frv., enda var gert ráð fyrir, að þetta ætti að setja í reglugerð, en þar eiga slík ákvæði ekki heima. Annars á þetta auðvitað helst að vera í áfengislöggjöfinni sjálfri, ef menn vilja hafa slíkt ákvæði á annað borð.

Þá lokabreytingu gerir svo meiri hl. nefndarinnar, að í staðinn fyrir, að hugsað var að greiða allan kostnað við friðun Þingvalla sem þingkostnað, þá skuli greiða hann beint úr ríkissjóði. Mönnum finst sjálfsagt þingkostnaður svo mikill, að ekki sje rjett að vera að bæta þar við kostnaði af ýmsum öðrum störfum og framkvæmdum. Auk þess kann sumum að finnast það nokkuð aðhald, að Þingvallanefndin skuli þurfa að biðja ríkisstjórnina um fje úr ríkissjóði til framkvæmda.

Jeg gleymdi raunar að geta einnar brtt., við B-lið 2. gr., að Þingvallanefndin ráði veiði í Þingvallavatni. Það er að vísu ekki ætlast til, að þarna verði algerlega bönnuð veiði, en úr því að á að fara að friðlýsa skóginn, þá er ekki minni ástæða að friða vatnið, eða einstaka hluta þess, sjerstaklega vegna þess, að það er upplýst, að norðan þessarar línu, sem tiltekin er í frv., sje hrygningarsvæði í vatninu. Bændur, sem jeg hefi talað við að austan, telja einmitt nauðsynlegt, að friðað sje að minsta kosti nokkuð af því svæði, sem er norðan þessarar línu, svo að silungsveiði þverri ekki í vatninu. Það hefir verið veitt svo takmarkalaust á seinni árum, svo að hætta er talin á því, að veiðin þverri. Þá gæti Þingvallanefndin gengist fyrir því eða fengið bændur til þess, t. d. á Kárastöðum eða Mjóanesi, að hafa silungaklak. Auðvitað getur nefndin, ef þetta verður samþ., leyft þá veiði í vatninu, sem henni sýndist og þætti hæfileg.

Jeg hefi þá minst á brtt. og minst á þann ágreining, sem er milli nefndarhlutanna. Hv. 3. landsk. mun gera grein fyrir sinni afstöðu, og get jeg því beðið með frekari andsvör, þar til hann hefir flutt sína framsöguræðu.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg hefi ekki getað fallist á, að það væri rjett að taka til friðlýsingar jafnstórt svæði sem stjfrv. gerir ráð fyrir. Það eru tvær ástæður til þess. Önnur er kostnaðurinn. Svæðið, sem stjfrv. fer fram á að friðlýsa, sýnist við lauslega mælingu vera 50 ferkm. Og eftir því, hvernig friðlýsingunni er ætlað að vera, mun ekki vera talsmál að framkvæma hana á annan hátt en bæði með sauðheldri girðingu og þar að auki með mikilli vörslu. Þetta hygg jeg, að öllum verði ljóst, sem athuga ummörk svæðisins, sem liggja bæði

yfir marga alfaravegi og þjóðvegi, þar að auki um ákaflega mikið mislendi, þar á meðal upp á eitt af hæstu fjöllum hjer í nágrenni. En hinsvegar er áleitni mikil á þetta land, einkanlega á vorin, af sauðfje nágrannajarða og nágrannasveita.

Mjer virðist þetta muni vera alt of kostnaðarsamt, bæði að framkvæma girðinguna og halda henni við, og halda ennfremur uppi þeirri vörslu, sem útheimtist til þess, að ákvæði stjfrv. nái tilgangi sínum.

En höfuðástæða mín er sú, að jeg vil ekki leggja niður þau býli, sem nú eru á þessu svæði. Jeg get ekki fundið næg rök fyrir þörf á niðurlagning þeirra. Svæðið er í sjálfu sjer ákaflega víðlent, þetta skógivaxna hraun, sem er nú kringum þessi býli. Það er svo rúmgott, að það mætti að skaðlausu taka hluta af skóginum og girða þá, ef menn vilja, til þess að hlynna að vexti hans. En jeg get ekki sjeð, að það standi í neinu sambandi við að friða þingstaðinn og þá fornsögulegu helgi, sem á honum er, þegar farið er fram á að leggja niður býli eins og Hrauntún og Skógarkot, sem liggja í mikilli fjarlægð þar frá og sjást ekki einu sinni frá þingstaðnum, nema kannske af einstöku hæðum. En það yrði óhjákvæmileg afleiðing af stjfrv., að þessi býli yrði að leggja niður sem bændabýli; hitt gæti komið til mála, að lána grasnyt innan túns þeim starfsmönnum, sem yrðu launaðir til þess að hafa gæslu þessa svæðis.

Af þessum ástæðum hefi jeg ekki viljað fylgja stjfrv. óbreyttu, en lagt það til sem aðalbreytingu, sem felst í 1. brtt. minni á þskj. 143, að þessi ummörk hins friðlýsta svæðis verði hin sömu sem stjórnin stakk upp á í frv., sem var lagt fyrir Nd. 1926. Þau ummörk voru þar tiltekin eftir uppástungu nefndar, sem stjórnin hafði skipað til að undirbúa þetta mál. Í nefndinni áttu sæti þjóðmenjavörður, húsameistari ríkisins og vegamálastjóri.

Jeg heyrði hv. frsm. meiri hl. ekki færa fram önnur rök fyrir sínu máli hvað ágreining um stærð svæðisins snerti en að það væri of lítið fyrir þann ferðamannastraum, sem sækti til Þingvalla nú og í framtíðinni. En sjálfsagt er meira en $^{9}/_{10}$ hlutar af þeim fólksfjölda fólk úr Reykjavík og nágrenni, sem aðeins fer til Þingvalla á sunnudagsmorgna og hverfur heim aftur að kvöldi. Og það munu ekki vera nema örfáar undantekningar, að það fólk fari út fyrir það svæði, sem jeg hefi tiltekið í minni brtt. Meira að segja fer það ekki um nema tiltölulega lítinn hluta þess svæðis, líklega ekki meira en $^{1}/_{3}$, sem er þingstaðurinn sjálfur og allra næsta nágrenni fyrir norðan hann. Og hvað snertir aðra ferðamenn, sem koma til lengri dvalar, þá get jeg ekki sjeð, að Þingvallahraun og beitilönd jarða þar í kring þurfi að vera fremur lokuð fyrir þeim heldur en þau eru nú, ef þeir vilja sjer til skemtunar fara gönguferðir eitthvað dálítið lengra frá þingstaðnum.

Þetta er þá höfuðbreytingin. En svo eru vitanlega ýmsar aðrar breytingar, sem felast í till. mínum. Þar á meðal geri jeg ráð fyrir, að stjórninni sje skylt að halda uppi lögskilum öllum á hinu friðlýsta svæði, en fer fram á að fella niður ákvæði stjfrv. um friðun villidýralífs á þessu svæði. Meiri hl.

vill lagfæra stjfrv. með því að taka upp heimild fyrir Þingvallanefndina til að gera ráðstafanir um eyðingu refa. En sú umbót er ekki fullnægjandi. Það eru lög í landi, að það er skylda að útrýma refum. En eftir stjfrv. er ekki meiningin að gegna þeirri skyldu á hinu friðlýsta svæði á þann hátt, sem landslög standa til. Það er ekki nóg að gefa Þingvallanefnd heimild. Það þarf á þessu svæði sem annarsstaðar að vera bæði heimilt og skylt að vinna að útrýmingu refa, ef þeirra verður vart. Og það hygg jeg náist með því ákvæði, sem jeg hefi stungið upp á, að ríkisstjórnin geri lögskil af landinu að þessu eins og að hverju öðru leyti.

Þá hefi jeg stungið upp á þeirri breytingu frá stjfrv., að til ársloka 1930 komi afmælisnefnd Alþingis fram stjórninni til aðstoðar um þetta mál, hvað friðlýsingu snertir, en að þá fyrst taki við sjerstök til þess kjörin Þingvallanefnd. Mjer finst ekki ástæða til að hafa báðar þessar nefndir samtímis og vil sneiða hjá því með brtt. minni.

Jeg hefi svo tekið upp helstu ákvæði úr stjfrv. frá 1926, sem miða að því að heimila stjórninni að gera þær ráðstafanir, sem viðeigandi þykja til þess að friða og hlynna að því landi, sem eftir mínum tillögum á að vera áfram í ábúð frá prestssetrinu eða hjáleiga þaðan, en stjfrv. fer fram á að friðlýsa. Það er svæðið, sem 5. gr. brtt. minna hljóðar um.

Þá hefir mjer þótt rjett að setja í frv. heimild fyrir sjálfa afmælisnefnd Alþingis að taka land til afnota, svo sem hún telur þurfa, vegna hátíðahalda 1930. Jeg geri ráð fyrir hvort sem er, að það muni þykja rjett að hafa slíka heimild, og jeg skil í raun og veru brjef Þingvallanefndarinnar, sem birt er í greinargerð stjfrv., sem tilmæli um að fá einmitt þetta, sem jeg sting hjer upp á, þar sem hún fer fram á, að stjórnin með sjerstöku tilliti til hátíðahaldanna 1930 undirbúi og leggi fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, þar sem hinu opinbera sjeu trygð full umráð Þingvallalands og þess nágrennis, sem þurfa þykir.

Þetta er rjett athugað, að það þarf að tryggja nefndinni hverskonar afnot af landi kringum þingstaðinn, sem henni þykir þurfa vegna hátíðahaldanna, og það er það, sem jeg orða með 6. brtt.

Mjer þykir svo ekki ástæða að fjölyrða meira um þetta að svo stöddu.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það hefir verið skýrt frá því áður, að stjfrv. um friðun Þingvalla fyrirskipi ekki girðingu um hið friðlýsta svæði, heldur er ætlað að leggja það í vald þeirrar nefndar, sem kosin verður samkvæmt frv., hvort landið skuli girt eða ekki, og á hvern hátt. Það getur náttúrlega verið, að það verði erfitt að halda uppi girðingu þarna á þeim takmörkum, sem lýst er í frv., að hún mundi ekki standast snjó á vetrum; en það er þá þeirrar framkvæmdarstjórnar, sem hjer er kölluð Þingvallanefnd, að ákveða, á hvern hátt landið skuli varið, hvort það skuli girt að nokkru og varið að nokkru o. s. frv. En ástæðan til þess, að við viljum hafa svæðið svo stórt, er þetta, sem hv. frsm. minni hl. rjetti-

lega hafði eftir mjer, að við búumst við svo auknum gestafjölda til Þingvalla í framtíðinni. Við hátíðahöldin 1930 búast menn við, að komi mesti fjöldi til Þingvalla, og ekki síst erlendra manna. Verður það nokkurskonar auglýsing fyrir staðinn út á við, svo að búast má við, að mjög mikill fjöldi erlendra manna komi þá næstu árin, að sínu leyti eins og konungskoman 1907 var nokkurskonar auglýsing fyrir Þingvelli. Gestagangur hefir verið þar margfalt meiri eftir en áður. Það er athugandi, að eins og nú stendur eru byggingar svo litlar á Þingvöllum, að það er ekki hægt að taka á móti nema takmarkaðri tölu gesta. Þar eru áreiðanlega miklu minni húsakynni en menn gjarnan vildu nota. En úr því verður að bæta á einhvern hátt. Með auknum húsakynnum mundi því gestastraumurinn til Þingvalla vaxa stórum, og fjöldi þeirra gesta, sem þangað sækti, ekki sætta sig við hið takmarkaða svæði hv. 3. landsk. Afleiðingin yrði þá sú, að gestirnir dreifðust út um alt hraun og gerðu usla á jörðum ábúenda, eins og við hefir viljað brenna og kvartað hefir verið undan á síðustu árum.

Hinsvegar er það ekki víst, að leggjast þyrfti niður með öllu ábúð í Skógarkoti, þó að friðað yrði og girt svæði það, sem frv. fer fram á. Mjer þykir því sennilegt, að búskapur, t. d. með kýr, haldist áfram í Skógarkoti. Þar eru ágætir sumarhagar fyrir kýr og góður markaður fyrir mjólkina á sumrin. Ekki er heldur ósennilegt, að þar mundi halda áfram að vera gisting fyrir þá menn, er dvelja vildu þar eystra um tíma, og hún aukast. Mjer er kunnugt um, að á Kárastöðum, Brúsastöðum og í Skógarkoti hefir verið yfirfullt af sumargestum allan þann tíma, er gestir haldast við austur þar. Er því sennilegt, að ábúendur jarðanna mundu hafa talsverðar tekjur af greiðasölu og ef til vill þóknun fyrir eftirlit með hinu friðlýsta svæði.

Hv. frsm. minni hl. álítur, að brtt. okkar meiri hl. við d-lið 2. gr. eigi ekki við. En jeg held einmitt, að hún eigi vel við og sje nauðsynleg til þess að taka af allan vafa um fyrri málsliðinn. Því að vitanlega kemur það ekki til mála, að þetta friðlýsta svæði eigi að verða einskonar uppeldisstofnun fyrir refi, eins og drepið var á í einu dagblaðinu nýlega. Hinsvegar segir það sig sjálft, að ef til þess kemur að eyða þurfi refum á þessu svæði, þá mundi Þingvallanefnd gera ráðstafanir til þess í samráði við nærliggjandi sveitir.

Þá vill hv. frsm. minni hl. ekki hafa tvær nefndir, heldur fela þau störf, sem frv. nefnir, Þingvallanefnd þeirri, sem nú er starfandi. En hjer er um alóskyld verkefni að ræða. Núverandi Þingvallanefnd er aðeins kosin til þess að sjá um undirbúning alþingishátíðarinnar 1930, en hin nefndin, sem kjósa á eftir frv., er framkvæmdanefnd, sem Alþingi kýs og á að hafa alla yfirstjórn hins friðlýsta lands, einnig eftir 1930. Enda er það ærinn starfi, sem hátíðanefndin hefir með höndum, og eykst þó drjúgum, eftir því sem nær líður hátíðinni, svo að á það er ekki bætandi.

Það mun líka sýna sig, að starf hinnar væntanlegu nefndar verður margþætt. Jeg get vel hugsað mjer, að ekki líði á löngu þangað til gerðir yrðu vegir eða stígar um Þingvalla-

hraun, til þess að gera gestunum auðveldara að ferðast um svæðið. Ef slíkir vegir yrðu lagðir, sem gæti verið einskonar hringbraut, efast jeg ekki um, að fólkið mundi dreifast víðsvegar um hið friðlýsta svæði og halda minna kyrru fyrir en tíðkast nú.

Með frv. er gert ráð fyrir, að taka megi gjöld af gestum, sem ljetta þá undir kostnaðinn, sem af því hlýtst að friðlýsa svæðið. En þó að hjer gæti verið um einhverjar tekjur að ræða fyrir ríkissjóð, álít jeg, að varlega verði að fara og gjaldið verði að vera svo lágt, að það fæli ekki almenning frá því að sækja til Þingvalla.

Hv. frsm. minni hl. gerði ráð fyrir, að $^{9}/_{10}$ allra Þingvallagesta væru Reykvíkingar, sem færu þangað að morgni og heim sama kvöldið. Það er rjett, að fjöldinn allur af Reykvíkingum skreppur þangað austur og dvelur þar dagstund. En þessu veldur meira húsnæðisskortur sá, sem er á Þingvöllum, en að fólkið geri sig ánægt með að dvelja þar svo skamma stund. Þar er altaf yfirfult af gestum, og menn verða lengi að bíða eftir því að komast að. Þó að svona snöggar ferðir tíðkist nú, þá eru miklar líkur til, þegar vegir eru komnir um hraunið og fleira er gert til þess að auka þægindi gesta, að aðsókn bæði innlendra manna og útlendinga til Þingvalla aukist mjög eftir 1930, og mun þá varla veita af þessu svæði til frjálsrar umferðar, eftir því sem fært kann að þykja vegna friðunar skógarins.

Um brtt. hv. minni hl. á þskj. 143 get jeg verið fáorður. Við erum þar á öndverðum meiði, eins og sjest á því, að við í meiri hl. leggjum til, að stjfrv. sje samþ. með lítilsháttar breytingum, en hv. minni hl. ber hjer fram frv., sem er alt annars efnis. Það eina í brtt. á þskj. 143, sem ástæða væri kannske til að sinna að einhverju leyti, er ákvæðið, sem felst í 6. brtt. um að tryggja nægilegt land og landsnytjar í landi Þingvallakirkju, Kárastaða og Brúsastaða vegna hátíðahaldanna 1930. En þó virðist nægur tími að gera þetta með sjerstökum lögum á næsta þingi, ef samkomulag næst ekki um þetta. Annars er mjer kunnugt um, að báðir ábúendur Kárastaða og Brúsastaða eru fúsir til samninga um landsnytjar þetta umrædda sumar, og geri því ráð fyrir, að þeir verði liðlegir. Það er þá aðeins um Þingvallaklerk að ræða, en ótrúlegt, að hann láti sjer sæma að vera óliðlegur í samningum um nauðsynlegar landsnytjar alþingishátíðarinnar vegna.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál; aðeins vildi jeg fara nokkrum orðum um þær aðallínur, sem marka stefnu hv. meiri og minni hl. í þessu máli.

Um brtt. hv. meiri hl. get jeg verið fáorður; þær eru ýmist til bóta, eða þá að öðru leyti þess eðlis, að jeg get fallist á þær. Að því leyti er jeg þakklátur hv. meiri hl., hvernig hann hefir tekið í frv.

Aftur á móti er skoðanamunur mikill milli hv. meiri og minni hl., enda kom mjer síst á óvart afstaða háttv. 3. landsk. Hún er hin sama og lýsti sjer hjá flokksbræðrum hans 1923, er við Guðmundur Guðfinnsson bárum hjer fram í deildinni frv. um friðun Þingvalla.

Þegar jeg var að semja þetta frv., hafði jeg í huga, að Þingvellir væru

svo mikið listaverk frá náttúrunnar hendi, að tryggja yrði það með lögum, að mönnum gæti ekki, af fávisku sinni, haldist uppi að spilla útliti staðarins meira en orðið er.

Dufferin lávarður, sem var heimskunnur maður, sagði fyrir mörgum árum, að það væri tilvinnandi að ferðast um hálfan hnöttinn til þess eins að sjá Almannagjá. Í augum þessa heimsfræga manns var Þingvöllur með umhverfi sínu sú perla, sem á engan hátt mátti saurga eða spilla.

Jeg skal nefna lítið dæmi, sem allir þeir, sem komið hafa hjer inn fyrir bæinn, kannast við, en sýnir átakanlega, hversu fátæklegur listasmekkur sumra manna er um fegurð náttúrunnar. Á mel innarlega við Sogamýrina, norðanmegin vegarins, hafa verið reist fyrir skömmu tvö steinsteypuhús. Þau eru ekki óásjálegri en mörg önnur hús, sem reist hafa verið víðsvegar um bæinn. En þarna inn frá ber mikið á þessum kassamynduðu kumböldum. Húsin standa of hátt og verða þyrnir í augum þeirra manna, sem skilja list, af því að þau brjóta þær mjúku línur, sem eru í landslaginu. Maðurinn, sem bygði þessi hús, hafði fullan rjett til að gera það. Hann átti landið og mátti því notfæra sjer það á þann hátt, sem hann vildi vera láta. En á meðan smekkur manna leyfir slíkt, þá er ekki gott að vita, hvað langt verður gengið í því að brjóta línur náttúrunnar og brjála fegurð hennar. Við skulum t. d. hugsa okkur, að presturinn á Þingvöllum og bóndinn á Brúsastöðum leyfðu einhverjum að reisa hús sitthvoru megin við Öxará, þar sem hún fellur ofan í Almannagjá. Jeg er ekki að segja, að þetta verði gert, en það er heldur ekkert því til fyrirstöðu, að svo geti orðið. En yrðu nú álíka steinsteypukassar og á melásnum innan við Sogamýrina reistir við Öxarárfoss, þá mundu þeir stórum spilla allri fegurð og útliti Þingvalla. Ef hv. 3. landsk. treystir sjer að neita þessu, þá held jeg, að jeg og eflaust margir fleiri fari að efast um fegurðarsmekk hans.

Það, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem ekki vilja spilla útliti Þingvalla, er það, að náttúran og hennar listasmíði frá örófi alda fái að njóta sín sem best. Hinsvegar verður því ekki neitað, að ýmsar byggingar þarf að reisa á Þingvöllum á næstu árum, t. d. kirkju og bæjarhús, en allar slíkar nýbyggingar verða að vera þann veg gerðar, að þær falli inn í heildarsvip Þingvalla.

Merkur Englendingur sagði við mig í sumar: „Alt, sem þið byggið á Þingvöllum, verður að vera í stíl við gjána“. Og þetta er hverju orði sannara. Það er einmitt Almannagjá, sem skapar stílinn. Gæti jeg því ímyndað mjer, að gríðskur byggingarstíll mundi falla vel inn í línur og svip staðarins. Og þegar að því kemur, að bygt verður á Þingvöllum, þá verður það að gerast eftir nákvæmri athugun listamanna og með það fyrir augum að spilla ekki því mikla listaverki, sem þjóðskáldið góða sagði um, að „guð og eldur“ hefðu einir getað skapað.

Nú er það svo, að á þessu svæði, sem báðir nefndarhlutar eru sammála um, að verði friðlýst, eru 3 timburhús, og margir í Þingvallanefnd eru þeirrar skoðunar, að þessi hús verði að hverfa fyrir 1930. Þessi hús eru: Valhöll, konungshúsið og sumarbústaður

í Fögrubrekku, sem er eign einstakra manna. Um Valhöll er það að segja, að hún særir minst fegurðarsmekk listhneigðra manna, því að hún er þó bygð í íslenskum bæjarstíl. En konungshúsið, sem er ríkiseign og er bygt eins og venjulegur kaupstaðarkumbaldi, særir óþægilega augað. Og þó að margt megi segja um einstakra manna húsið í Fögrubrekku, þá hefir það þó unnið það gagn að opna augu almennings fyrir því, hvernig ekki eigi að byggja í umhverfi Þingvalla.

Þó full þörf sje á að byggja gistihús á Þingvöllum fyrir 1930, geri jeg samt ráð fyrir, að hátíðarnefndin sjái sjer ekki fært að bera fram till. um það. Hún vill ráðast í sem minstan kostnað, en þó gæti komið til mála að flytja þessi hús, sem jeg nefndi, á þann stað nærlendis, sem minna bæri á þeim.

Það, sem ber þá á milli mín og hv. 3. landsk., er þetta: Jeg og þeir, sem mjer fylgja að málum, viljum ekkert það aðhafast, sem spilli útsýni Þingvalla. Við lítum á Þingvöll sem dýrgrip, sem þjóðin öll á, og þennan dýrgrip á að vernda, svo að náttúrufegurð staðarins geti notið sín. Þetta eru okkar kröfur í þessu máli.

Fyrir hv. 3. landsk. vaka lægri kröfur. Hann vill að vísu ganga inn á að friða vellina og dálítið svæði norður eftir. En þetta friðlýsta svæði hans er ekki stærra en svo, að utan við það gæti risið upp einskonar Grímsstaðaholt, í skjóli skipulagsleysis og stundarhagnaðar einstakra listsnauðra manna. Bændur gætu óátalið leyft að byggja úti um alt hraun, svo að þar risu upp ljelegir sumarbústaðir, sem yrðu einskonar hreiður fyrir fólk úr Reykjavík.

Við viljum ekki hamla því, að gestir komi til Þingvalla. Ánægjulegast, að þangað sæki sem flestir. En við viljum ekki láta gestunum haldast uppi að setja neinn þann svip á staðinn, er spilli útsýni hans og fegurð. Við vonum að geta verndað og geymt Þingvöll, svo að óbornum kynslóðum gefist kostur á að skoða hann óskemdan og geti skemt sjer við að njóta fegurðar hans. Og eina ráðið til þess er að láta náttúruna í friði, en hjálpa henni þar sem með þarf að vernda skógargróðurinn og auka hann.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að Skógarkot eða Hrauntún þurfi að leggjast í eyði. Það er aðeins sauðfjárræktin, sem verður að hverfa, og sömuleiðis geitfje. Annar búskapur getur haldið áfram, og eins og hv. frsm. meiri hl. benti á, þá má gera ráð fyrir, að ábúendur þessara jarða geti haft talsverðar tekjur af mjólkursölu. Og jeg þarf ekki að fræða gamlan landsverkfræðing um það, að þegar bættir vegir koma austur í Laugardal, þá er auðvelt fyrir þessa túnlitlu bændur í Þingvallahrauni að afla sjer nægra heyja af Laugarvatnsvöllum. Þeir, sem austar búa, hafa nóg af landi til ræktunar, svo að vellirnir geta að mestu leyti orðið til notkunar bændum í Þingvallasveit.

Það er ekki meiningin með þessu frv. að fækka býlum í landinu, og því síður vakir nokkuð slíkt fyrir stj., eins og jeg vona, að þeir menn gangi úr skugga um, sem lesið hafa frv. hennar um byggingar- og landnámssjóð.

Eins og hv. 3. landsk. er kunnugt um, þá er Hallormsstaðarskógur friðaður fyrir geitum og sauðfje og sömuleiðis Háls- og Vaglaskógur. En skógarverðirnir, ábúendur þessara jarða,

hafa bæði kýr og hross innan friðaða svæðisins.

Með frv. þessu er stuðlað að því, að hraunbreiðan milli gjánna klæðist aftur samfeldum skógi, eins og í fornöld. Bóndinn í Skógarkoti, sem hefir alist þar upp, hefir sagt mjer, að Bruninn, sem er svæði, er eyðilagðist af eldi vegna óhapps manns, er gerði þar til kola fyrir rúmum mannsaldri síðan, hafi verið vaxinn fallegum skógi eftir 30 ár. Eftir þessu mætti ætla, að skógurinn mundi taka miklum stakkaskiftum á næsta mannsaldri, ef hann nyti algerðrar friðunar fyrir sauðfje, og mundi þá verða fegurra um að litast í Þingvallahrauni heldur en nú.

Svo langt horfum við fram í tímann, sem erum með frv. um verndun Þingvalla, að við sjáum skóginn breiðast um berangurinn, sem nú er, og ná sama þroska og vexti eins og á dögum forfeðra okkar fyrir 1000 árum.

Hv. 3. landsk. lætur í veðri vaka, að ríkið muni tæplega rísa undir girðingarkostnaðinum og öðru því, sem af friðuninni leiðir. En þó að landið sje allstórt, er staðháttum þannig varið, að víða þarf enga girðingu. Fyrst og fremst ver vatnið á einn veginn, auk þess sem Almannagjá og Hrafnagjá eru gripheldar á löngum köflum, svo að þar sparast girðing að miklu eða öllu leyti. Girðingarkostnaðurinn, samanborinn við stærð hins friðaða svæðis, verður því ekki tilfinnanlega hár. Hitt er annað mál, að af því að þjóðvegir liggja um svæðið á tveim stöðum, þá þarf talsverða vörslu, eins og frv. gerir ráð fyrir. Jeg þekki bónda norður í Mývatnssveit, sem ráðist hefir í það að girða alt sitt land. Og þar sem slíkt er kleift einstökum mönnum upp á eigin spýtur, þá ætti ríkinu ekki að vera ofvaxið að standa straum af Þingvallagirðingunni.

Mjer þykir leitt, að hv. 3. landsk. tekur þá stefnu sem frsm. minni hl. að vera á móti þeim þjóðlega anda, sem kemur fram í þessu frv.: að vilja vernda og friða Þingvöll og hjálpa náttúrunni að klæðast aftur sínu forna skrúði.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg ætla, að veilurnar í þessu frv. komi best fram, þegar bornar eru saman þær framtíðarhugmyndir, sem koma fram hjá hæstv. dómsmrh. annarsvegar og hv. frsm. meiri hl. hinsvegar.

Hæstv. dómsmrh. vill ekki einungis vernda Þingvelli sjálfa, heldur alt Þingvallahjeraðið fyrir hverskonar ágangi og spjöllum af manna völdum. Hv. frsm. meiri hl. leggur aðaláherslu á að greiða sem best fyrir ferðamönnum, og færir það sem aðalástæðu fyrir friðuninni.

Hæstv. dómsmrh. vill láta rífa niður allar þær byggingar, sem nú eru á Þingvöllum og ætlaðar eru til þess, að hægt sje að veita gestum beina. Hv. frsm. meiri hl. gerir ráð fyrir fjölgun ferðamanna og auknum byggingum.

Hæstv. dómsmrh. leggur megináherslu á það, að landið sje varðveitt óspjallað. Hv. frsm. meiri hl. ætlast til þess, að lagðir sjeu vegir og gangstígar, til þess að greiða fyrir umferðinni.

Þannig koma þeir sinn úr hvorri áttinni, hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. Hæstv. dómsmrh. hugsar að mestu leyti eða eingöngu um náttúruna, en hv. frsm. um fólkið. Og jeg verð nú að

segja það, að jeg hallast að skoðun hv. frsm. Jeg vil meta fólkið mest í þessu máli. Jeg held, að við Íslendingar eigum svo mikið af náttúrufegurð, og það jafnvel uppi í óbygðum, að við þurfum ekki að leggja landauðnarkvaðir á byggileg hjeruð hennar vegna. Jeg er að vísu með því, að friðaður sje sjálfur þingstaðurinn og næsta umhverfi. En jeg sje ekki, að Þingvallahjeraðið beri svo af öðrum sveitum, og sjerstaklega ýmsum óbygðum stöðum, að ástæða sje til þess að gerfriða það alt.

Það eru öfgar hjá hæstv. dómsmrh., að rísa muni upp nýtt Grímsstaðaholt í grend við þingstaðinn. A. m. k. er auðvelt að koma í veg fyrir það. Í 5. brtt. minni við frv. er ákvæði um það, að ekki megi reisa byggingar á hinu friðaða svæði nema með leyfi stjórnarinnar. Sting jeg upp á, að sjerstök nefnd hafi umsjón með slíkum byggingum og geri tillögur um, hverjar leyfa skuli. Geri jeg ráð fyrir, að stj. leyfi aðeins þær byggingar, sem nefndin mælir með. Þetta er í raun og veru það sama og að leggja þetta á vald Þingvallanefndarinnar, og má gjarnan orða það svo, ef hæstv. dómsmrh. sættir sig betur við það. Í rauninni getur hann ekkert haft á móti þessum tillögum, nema ef hann óttast, að sá ráðherra kunni að koma síðar meir, sem víki frá venjulegum stjórnarfarsreglum um að taka tillögur til greina.

Að lokum vil jeg taka það fram, að mjer virðist kenna nokkurs ósamræmis í afskiftum þessa þings af skógræktarmálunum. Það er einkennilegt, að sama þingið, sem amast við kindum í Þingvallaskógi, skuli vilja leyfa að beita gripum í friðuð skóglendi annarsstaðar, a. m. k. um nokkurn tíma árs.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að ákvæði frv. um að banna jarðrask og byggingar á jörðum innan hins fyrirhugaða friðlýsta svæðis þarf ekki að baka ríkissjóði nein útgjöld að ráði. Svo stendur nefnilega á, að þær eru allar opinber eign, nema ein, Gjábakki. Þess vegna mundi ríkið ekki þurfa að greiða skaðabætur, þó að hömlur væru lagðar á framkvæmdir á þessum jörðum.

Hv. frsm. minni hl. leitaðist við að sýna fram á, að ósamræmi væri á milli skoðana hæstv. dómsmrh. og mín um tilgang frv. Það er rjett, að jeg vil gera fólki svo auðvelt sem unt er að koma og sjá hinn forna, merkilega og helga stað. En mjer skilst, að sami sje tilgangur stjfrv., þó að ræða hæstv. dómsmrh. snerist aðallega um helgi staðarins. Jeg tel heldur ekki rjett að leyfa hverskonar byggingar. Um það hefir heldur enginn ágreiningur verið, að Valhöll ætti að flytja af þeim stað, sem hún nú er á. Í Þingvallanefndinni hefir mikið verið talað um þetta. Og það var líka skoðun þeirrar nefndar, sem fyrv. stj. skipaði til að athuga málið.

Hv. frsm. minni hl. áleit ekki þörf á að taka eins stórt svæði og frv. gerir ráð fyrir til friðunar, af því að við ættum marga aðra fagra staði en Þingvallahjeraðið. Það er að vísu rjett, að á Íslandi eru margir fagrir staðir. En engan þeirra tignar þjóðin eins mikið og Þingvöll, og ferðamenn kæra sig

ekki eins mikið um að skoða þá. Og jafnvel þó að það væri viðurkent, að þeim stöðum bæri að sýna sóma, minkar ekki þörfin á að friða Þingvöll fyrir því. Frv. er borið fram með framtíðina fyrir augum, svo að komandi kynslóðum gefist kostur á að skoða hinar fornu menjar sögualdarinnar á Þingvöllum og að hin stórfenglega náttúrufegurð Þingvalla verði ekki skemd með framkvæmdum, svo sem byggingum og jarðraski, sem hæglega getur orðið, ef ekki er fyrir það girt í tíma.

ATKVGR.

Brtt. 143,1 feld með 8:6 atkv.

— 143,2—8 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 89,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 89,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 89,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 89,4 samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 89,5 samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 168).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 168).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 54., 56., 57. og 60. fundi í Nd., 22., 24., 26. og 29. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 168, n. 482 og 508, 578).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Allshn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Eins og sjest á nál. meiri hl. á þskj. 482, leggjum við meirihlutamennirnir til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Þó hefir einn okkar, hv. 2. þm. Rang., nokkra sjerstöðu og mun gera sjerstaklega grein fyrir því sjálfur. Minni hl. virðist, eftir nál. á þskj. 508 að dæma, vera sammála meiri hl. um, að friða beri þingstaðinn forna, en leggur þó til, að frv. verði felt. Gerir hann að sjálfsögðu grein fyrir þessari afstöðu sinni.

Jeg geri ráð fyrir, að í augum allra Íslendinga sjeu Þingvellir helgasti

staður þessa lands, fyrst og fremst vegna þeirra minninga, sem við staðinn eru tengdar, en einnig vegna hinnar einkennilegu náttúrufegurðar. Geri jeg þó ráð fyrir, að þessi tilfinning til Þingvalla eigi eftir að glæðast enn meir en orðið er við hin væntanlegu hátíðahöld 1930. Meiri hl. lítur svo á, að það sje helg skylda þjóðarinnar að vernda þennan stað fyrir öllu því, sem spillir helgi hans eða fegurð. Um þetta atriði voru allir nefndarmenn sammála að því er snertir þingstaðinn sjálfan, þ. e. a. s. þann blett, sem er innan hinnar fornu þinghelgi. En frv. gerir auk þessa ráð fyrir að friða allstórt svæði utan þinghelginnar gömlu. Og um það er ágreiningurinn, hvort aðeins skuli friða þingstaðinn sjálfan eða alt það svæði, sem frv. gerir ráð fyrir. Aðalástæða meiri hl. til þess að vilja friða alt það svæði, sem frv. tiltekur, er sú, að með því móti yrði skógurinn í hrauninu friðaður. Við lítum svo á, að það mundi spilla stórum útliti staðarins, ef skógurinn í hrauninu eyðilegðist meir en orðið er. Þyrfti þvert á móti að gera ráðstafanir til, að hann gæti náð frekari þroska. Annað er það líka, að hugsa mætti sjer þau mannvirki gerð í nágrenni Þingvalla, sem ekki ættu heima á þeim stað. Heyrt hefi jeg, að komið hafi jafnvel til orða að taka Öxará til rafvirkjunar og setja upp rafmagnsstöð í Almannagjá. Geri jeg ráð fyrir, að minni hl. mundi fallast á að hindra það á slíkum stað. Þesskonar mannvirki, þó að góð kunni að vera í sjálfu sjer, eiga ekki við á þessum fornhelga stað. Sama er, þó að þau sjeu ekki í sjálfri þinghelginni, ef þau eru í þeirri nálægð, að þau blasa við frá Þingvöllum, því að þá eru þau til helgispjalla. Ef nokkur staður er hjer á landi, þar sem náttúran á að fá að vera í fullum friði og án þess að henni sje raskað af mönnum, þá eru það Þingvellir.

Um það hefir verið talað, og er jafnvel að því vikið í nál. minni hl., að ef þetta frv. næði samþykki þingsins, yrði Þingvallasveitin lögð í eyði. Jeg skal játa, að jeg er ekki sjerlega kunnugur staðháttum þar eystra og veit ekki, hve margir bæir teljast til Þingvallasveitar. En hitt veit jeg, að það svæði, sem frv. gerir ráð fyrir að friða, er auk prestssetursjarðarinnar, Þingvalla, ekki nema 3 jarðir, sem eru hjáleigur úr Þingvallalandi. Það er heldur ekki farið fram á að leggja þessa bæi í eyði, heldur aðeins að hindra, að sauðfje gangi í hinu friðaða landi. Það er einmitt líklegt, að býlin geti haldist eftir sem áður. Í greinargerð stjfrv. er vikið að því, að verndun staðarins mundi gefa ábúendum þessara jarða allarðvænlega atvinnu, sem fyllilega bætti þeim það upp, þó að þeir yrðu að leggja niður sauðfjárrækt. Er og ekki óhugsandi, að þeir gætu haft gróða af greiðasölu á sumrin, ef hugsað verður um Þingvelli eftirleiðis eins og vera ber. Um Vatnskot, sem mun vera rjett hjá vatninu, er líklegt, að þar mætti stunda arðvænlegan atvinnuveg, nefnil. veiði í vatninu. Sje jeg því ekki, að eins mikið sje í húfi og af er látið af sumum. Og þegar um þennan stað er að ræða, þingstaðinn forna, helgistað þjóðarinnar, þá er forsvaranlegt að gera þær ráðstafanir til friðunar, sem annarsstaðar á landinu væri ekki hægt að telja rjettmætar.

Það hefir verið talað um, að ekki væri hægt að girða, eða að minsta kosti mjög örðugt, á takmörkum þess svæðis, sem frv. gerir ráð fyrir að friða. Jeg er, því miður, svo ókunnugur þarna, að jeg get ekki sagt um þetta, en jeg sje ekki, að nokkursstaðar í frv. sje ákveðið beinlínis, hvar girðingin skuli liggja. Jeg tel sjálfsagt, þó frv. verði samþ., að þá verði girðingunni hagað eftir landslagi og staðháttum. Jeg skal játa, að til frekara öryggis væri ef til vill rjett að samþ. brtt. á þskj. 578,2.b, um að Þingvallanefnd kveði nánar á um takmörk hins friðaða svæðis. — Jeg skal taka það fram, að brtt. á þskj. 578 hefir nefndin ekki tekið fyrir á fundi, og er þetta því ekki sagt fyrir nefndarinnar hönd, heldur á eigin ábyrgð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál frekar að sinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil taka það fram út af ræðu hv. frsm. meiri hl., að jeg hefi borið fram í dag brtt. við frv. þetta, sem verður útbýtt eftir klukkustund eða svo. Býst jeg við, að hún geri frv. aðgengilegra fyrir þá, sem á móti því mæla. Það, sem mest hefir verið fundið að því, er, að hið friðaða land sje of stórt; er gert ráð fyrir, að Hofmannaflötur verði innan girðingar. Í brtt. hefi jeg fallið frá því til samkomulags. Nær þá friðunin yfir hjer um bil sama svæði og merkt er á korti, sem hangir uppi í Hlaðbúð og stafar frá fyrri Þingvallanefndum. Jeg vildi segja frá þessari brtt. strax og skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti fresta atkvgr., þar til síðar í dag.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það er erfitt að ræða þetta mál nú, þegar hæstv. dómsmrh. hefir borið fram brtt., sem ekki liggur þó fyrir. En eftir því sem mjer skildist á ræðu hans, þá er hjer um lítið svæði að ræða, sem verði undanskilið friðuninni, og hefir brtt. því litla þýðingu. Þó er sjálfsagt bót að því, að friðunin nær ekki yfir Hofmannaflöt. Annars fer jeg ekki út í þetta frekar fyr en brtt. verður útbýtt.

Þá skal jeg snúa mjer að frv. sjálfu, eins og það liggur fyrir, og segja bæði kost og löst á því.

Jeg tel það sjálfsagt mál að friða hinn forna þingstað og gæta þess, að honum verði ekki spilt, heldur verði það bætt, sem bætt verður. En þessi friðun nær yfir alt of stórt svæði. Jeg kann illa við að fara að leggja niður að óþörfu búskap á 4 býlum algerlega og 2 að nokkru leyti. Ef bændum þarna er bannað að hafa fje á jörðum sínum, þá er ekki hægt að halda uppi búskap þar, því engjar eru ekki svo neinu nemi og tún lítil. Ef beit verður bannað að nota, þá er ekki hægt að stunda þar sauðfjárrækt. En nautgriparækt verður ekki stunduð, því að tún eru smá og landið illa fallið til túnræktar.

Eftir því sem mjer skilst, þá á að girða um 30 km.^{2} svæði. En það verður að setja miklu lengri girðingu en sem þessu svarar, því eftir þessu svæði liggur vegur, bæði austur í Laugardal og norður á Kaldadal og Uxahryggi. Það verður ekki hægt að girða yfir vegina, og verður því að girða meðfram þeim. Það lengir girðinguna mikið. Mun það lágt ætlað, að girðingin

verði um 40—50 km. í alt. Nú mun vönduð girðing ekki kosta minna en 1 kr. á metra. Mundi hún því kosta um 40—50 þús. kr. Auk þess mundi viðhald hennar verða afardýrt. Jeg hefi átt tal við mann úr Þingvallasveit, nákunnugan þar um slóðir. Hann segir snjóþyngsli þar svo mikil, að ekki sjeu nokkrar líkur fyrir því, að girðingin falli ekki niður á hverjum vetri á allstórum svæðum sökum snjóa. Yrði því að verja miklu fje á hverju vori henni til viðhalds. Jeg fæ ekki skilið, að ekki sje hægt að friða góða og þróttmikla skógarbletti án þess að fara að friða alla sveitina. Það er rjettmæt stefna að hlynna að skóginum, en til þess þarf ekki að eyðileggja búskap margra bænda.

Þá eru skaðabætur þær, sem greiða þarf. Fyrst og fremst þarf að greiða Þingvallapresti. Stjórnin gerir ráð fyrir, að til þess þurfi 15 þús. kr. Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að skaðabætur til hinna ábúendanna, 5 eða 6 manna, verði minni að samanlögðu heldur en þær, sem prestur fær einn. Svo kemur brtt. hv. 2. þm. Árn., um að hreppurinn fái skaðabætur. Það er í alla staði eðlilegt, því hreppurinn rýrnar mjög við þessar ráðstafanir. Þykir mjer efasamt, hvort hann fær staðið sem sjerstakt hreppsfjelag, eftir að þær hafa komist í framkvæmd. Jeg held því, að kostnaðurinn verði ekkert smáræði, verði naumast undir 100 þús. kr. — Hæstv. ráðh. hristir höfuðið. Hann hrekur þetta þá á eftir, og skal jeg fús á að leiðrjetta, ef honum tekst að sýna fram á, að jeg hafi farið með rangt mál.

Þá er gefið í skyn, að ætlast sje til að kaupa Gjábakka, því Þingvallanefnd er gefin heimild til að kaupa þá jörð, ef henni sýnist. Ekki minkar það kostnaðinn.

Eitt atriði í frv. finst mjer undarlegt. Í 1. gr. er sagt, að „frá og með árinu 1930“ skuli Þingvellir vera friðaðir. Samkv. brtt. hv. 2. þm. Árn. skal það orðað svo: „Frá ársbyrjun 1930“. En hvað verður til 1930? Eiga Þingvellir ekki að vera friðlýstir þangað til? Í frv. stendur ekkert um það, hvenær lögin öðlist gildi; um það fer því eftir almennum reglum. Í 1. gr. stendur, að Þingvellir skuli ekki friðaðir fyr en 1930. Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að kosin sje Þingvallanefnd þegar á þessu þingi. Jeg sje ekki, að þessi nefnd geti starfað nokkurn skapaðan hlut fyrri en eftir 1. janúar 1930. Þessu máli liggur því ekkert á; það má bíða til næsta þings og vita á meðan, hvort ekki er hægt að komast að samningum við ábúendur. Þá verður og hægt að vita, hvaða kostnað hjer er um að ræða. Annars finst mjer það einkennilegt að friða Þingvelli fyrst 1930. Hví á ekki að gera það strax, ef það er nauðsynlegt? Eins kann jeg illa við að láta þingnefnd hafa stjórn á jarðeignum. Það er utan við verksvið þingsins. Það fer með löggjöfina, en ekki framkvæmdarvaldið. Þetta heyrir undir stjórnina. Þetta verður ekki rjettlætt með því, að þessi staður sje helgistaður þjóðarinnar, því yfirleitt eru allar eignir ríkisins undir umsjón ríkisstjórnarinnar. Það er engin ástæða til þess að breyta út af þeirri reglu. Það eru engar líkur til, að þingnefnd fari stjórnin betur úr hendi en ríkisstjórninni. En aðalatriðið er, að þingið fari ekki inn á verksvið stj. Stjórnarskráin

skiftir svo verkum, að þingið fari með löggjöfina, en stj. með framkvæmdarvaldið. Þótt stundum sje vikið frá þessu, þá á þó að gera sem allra minst að því. Og ekki man jeg til þess, að umsjón jarðeigna hafi nokkru sinni áður verið falin þingnefnd.

Jafnvel þó hv. 2. þm. Árn. hafi ekki ennþá mælt fyrir brtt. sínum, skal jeg þó taka það fram, að jeg tel þær til bóta og mun greiða þeim atkv. Þær eru til dálítilla bóta, þó ekki sjeu þær fullkomin bót. Sumpart eru þær það, sem kalla mætti stílsleiðrjettingar, og veitir ekki af því, því að frv. er illa samið af hálfu stj., en sumpart efnisbreytingar. Jeg skal benda á það, að þar sem hann vill breyta orðinu „takmörk“ í „mörk“, þá hefir honum yfirsjest. „Takmörk“ kemur fyrir oftar í frv., og það í sömu gr. og hann leiðrjettir það í: „Landið innan ofannefndra takmarka“ o. s. frv.

Hv. frsm. meiri hl. furðaði sig á því, að við, sem ekki fylgjum frv., hefðum ekki komið fram með brtt. við það. En eins og við tökum fram í nál., þá álitum við það ekki vera til neins. Það var reynt í Ed., en allar brtt. voru þar feldar, sem fóru í þá átt, sem við mundum hafa borið fram hjer. Það hefði því einungis verið til að tefja þingtímann. En við erum reiðubúnir til að samþykkja að friða minna svæði en hjer er gert ráð fyrir.

Hv. frsm. mintist á það, að til mála hefði komið að virkja Öxarárfoss. Mjer er ókunnugt um þetta, en það má vel vera. En jeg veit ekki, hvort fossinn þyrfti að skemmast nokkuð við það. Hæstv. dómsmrh. mintist á það í gær, að það væri sín ósk, að þingið væri flutt til Þingvalla. Þá þarf þingið ljós og hita. Jeg veit ekki, hvort þessi foss yrði þá virkjaður eða ekki, en ólíklegt þykir mjer, að þm. geri sig ánægða með að sitja þar við kertaljós eða olíulampa.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að verndun staðarins mundi verða bændum á þessu svæði tekjugrein; gætu þeir á þann hátt fengið fullar bætur. Það getur verið, að það sje meiningin að hafa marga menn launaða til að verja svæðið. En það yrði dýrt. Það verður og erfitt að fyrra bragði að semja svo við bændur, að þeir geri sig ánægða með bæturnar. Þótt jarðir sjeu þarna ekki sjerlega góðar, þá hafa þó ábúendur talsvert upp úr þeim, því umferð er þarna mikil. En ef svæðið verður friðað, þá þarf ekki að hugsa til að hafa þar fólk til sumardvalar, þegar þessar hömlur eru komnar á landið.

Jeg held, að það hljóti að vera hægt að velja úr góða skógarbletti, girða þá og rækta. Það er alhægt að velja svo úr, að ekki sje takmörkuð notkun bænda á jörðum sínum. Það er auðsætt, að farið er óþarflega langt í ýmsum ákvæðum frv. Það má t. d. ekki gera neitt jarðrask, ekki byggja hús nema með leyfi Þingvallanefndar, og það ekki einungis á friðlýsta svæðinu, heldur jafnvel í landi Kárastaða og Brúsastaða. Það má ekki stinga upp hnaus í landi Svartagils nema með samþykki nefndarinnar. Þetta er sannarlega að fara út í öfgar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni. Það væri gott, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa, hve stórt svæði það er, sem hann fellur frá, að friðað verði í brtt. sinni. Það má segja, að ekki sje seinna vænna að draga úr

öfgunum en nú, þegar málið er komið til 5. umr. hjer í þingi.

Magnús Torfason: Það ræður af líkindum, að jeg stend ekki hjer upp til þess að draga úr helgi Þingvalla eða friðun þeirra. Jeg segi þetta út af því, að sumir hafa viljað skilja brtt. mínar á þskj. 578 svo, að þær miði í þá átt. En það er síður en svo. Jeg vil gera alt til þess, að helgi staðarins aukist. Og þessar till. mínar eru fram komnar af góðum hug, sprottnar af ást á málinu. Jeg vil, að það, sem gert verður, fari sem best úr hendi, og þá líka, að á það sje litið, að kostnaðurinn verði ekki meiri en þörf er á, til að ná hinum góða og göfuga tilgangi. Skal jeg ekki fara út í málalengingar, og snúa mjer því beint að brtt. 2 b., við 2. gr.

Eins og sjá má, miðar hún ekki að því, að vernd staðarins verði minni en verða mundi samkvæmt frv. Það, sem brtt. fer fram á, er það eitt, að Þingvallanefnd skipi fyrir um friðunina, en það verði ekki ákveðið í lögunum sjálfum. Vænti jeg, að hv. þdm. beri það traust til Þingvallanefndar, að þeir skilji ekki þessa brtt. svo, að verið sje að draga úr friðuninni með þessu ákvæði. En það, sem fyrir mjer vakir með þessari brtt., er, að vegna staðhátta muni ekki reynast fært að girða þetta svæði, svo sem ætlast er til í frv.

Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (BSt), að það er ekki sagt í frv., að girða eigi alt hið friðlýsta svæði. En af sumum hefir það verið skilið svo, og andúð gegn frv. er meðfram sprottin af ótta við, að kostnaður, sem af því leiðir, ef girða ætti alt svæðið, verði meiri en góðu hófi gegnir. Jeg skal játa, að þessi ótti er ekki með öllu ástæðulaus. Vegalengdir eru að vísu í sjálfu sjer ekki mjög miklar. En dalurinn frá vatninu upp að Skjaldbreið er einhver hin mesta snjóakista, svo að fönnin er oft margir faðmar að dýpt, þar sem dregur til lauta. Landslag er þar ósljett; hæðir og dældir, hálsar og slakkar skiftast á, og verður að leita lags um það, hvernig girt verður, þannig að girðingin fylgi sem mest hábörðum að hægt er, þar sem snjóljettast er. Það er ómögulegt að ætla sjer að girða eftir beinum línum. Og þó að Þingvallanefndin fái kunnugustu menn, sem kostur er á, til þess að leggja girðinguna, þá þykist jeg viss um, að hún muni ekki standa lengi þar, sem hún verður sett í fyrstu. Snjóalög breytast ár frá ári. Það vita allir, sem það hafa athugað. Girðingu kann því að verða vært eða ekki vært þar, sem í fyrstu þótti fært að leggja hana. — Jeg skal bæta því við, að landið inn hjá Hofmannaflöt verður einn hafsjór á hverju vori. Þegar leysa tekur, myndast þar flaumur og vatnavextir, svo að þessi blettur, sem er einhver sá fallegasti hjer á landi á sumri að sjá, verður umflotinn alla vega. Það verður því að leita lags um girðingar eftir gröndum og bölum. Með þessu er í raun og veru alt þar um sagt; en jeg skal geta þess, að jeg tel ekki rjett að hafa eina girðingu um alt landið. Jeg geri ráð fyrir, að t. d. Hofmannaflöt verði girt út af fyrir sig. En landið austan við Hofmannaflöt, Hraunkot og Skógarkot, er svo þjettur náttúruskógur, að það mun ekki þörf að verja það nema ef til vill fyrir vetrarbeit. Jeg get skotið því

hjer fram, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að girt verði meðfram vegum, sem um svæðið liggja. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein skemd í því fólgin, þótt menn fari um landið með hesta sína. Auðvitað verða hlið á girðingunni, þar sem vegir liggja út og inn, og ef þau hlið eru góð og gild, ætti engin hætta að vera á því, að fje færi þar inn um að ráði. Bæði mundu menn telja sjer skylt að ganga vel um þau og einhverjir gæslumenn vera settir til þess að líta eftir girðingunni. Hitt er annað mál, að jeg tel þurfa sjerstaka girðingu um vissa staði, ekki vegna friðunar, heldur til þess að græða upp skóg. Til þess þarf meira en almenna girðingu. Þess verður vandlega að gæta, að engin skepna komist inn á skóggræðslusvæðið, ef nokkur von á að vera um árangur, sjerstaklega þegar haft er í huga, hve erfitt er að græða skóg á þessum slóðum.

Að öðru leyti get jeg þakkað, hve vel hefir verið tekið í brtt. mína 2 b. á þskj. 578.

Brtt. 2 c. segir, að það *skuli* gerðar ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði, í stað þess sem stendur í frv., að Þingvallanefnd *geti* gert slíkar ráðstafanir. Þessi breyting er til áherslu. Meiningin er að sjálfsögðu, að þessar ráðstafanir skuli gerðar, ef usli verður af dýrum eða fuglum. En það er fleira en refir, sem getur komið til greina. Það má gera ráð fyrir, að rottur geti orðið æðiaðgangsharðar, og jafnvel mýs í hörðum vetrum. Urmull af hagamúsum hefst við í Þingvallahrauni, og harðni um björg, sækja þær svo að mannabústöðum, að ekki er hægt að geyma nokkurn ætan bita óhultan í óvönduðum húsakynnum.

3. brtt. fer fram á, að metnar skuli bætur til Þingvallahrepps fyrir rýrnun fjallskila og útsvara, sem kann að leiða af ráðstöfunum frv. Að því er þetta snertir, að það stofni til útgjalda, eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, þá er það rjett, að svo kann að fara. Þó skal jeg ekki um það segja, því að margt getur komið til greina.

Þetta eru fjárjarðir fyrst og fremst, sem hjer er um að ræða. Því verður ekki neitað, að þessi atvinnuvegur sveitarinnar, fjárræktin, er mjög rýrður með ráðstöfunum frv. Jeg býst ekki við, að neinn neiti því, að þessi sveit standi ver að vígi fyrir friðunina út af fyrir sig. Einkanlega mundu fjallskil verða þyngri eftir en áður. Fyrir 2 árum voru þau metin 132 kr. á mann, ef jeg man rjett. Það er þungur skattur á fátækum bændum. Leitir eru þar svo erfiðar og langar, að Grímsnesingar hlupu undir bagga með sveitarbúum og smöluðu með þeim, af því að sveitarmenn önnuðu því ekki sjálfir. Þeir máttu blátt áfram til sjálfra sín vegna að gera það, til þess að fjallskil færu ekki í handaskolum. Þegar nú fjárbúskapur sveitarinnar sjálfrar enn er rýrður, en hreppnum ber eftir sem áður skylda til að annast full fjallskil, er eðlilegt, að hann þyrfti að fá tillög til þess að hægt sje að halda þeim uppi. Það, sem sjerstaklega ýtir undir, að þetta sje gert, er það, að kostnaður við fjallskil í Árnessýslu er ekki aðeins lagður á fjeð, heldur á jarðirnar út af fyrir sig. Þessi venja, sem þar hefir verið upp tekin, stafar af því, að menn úr Reykjavík hafa lagt undir sig ýmsar jarðir eystra og lagt þar

niður fjárbúskap. Fjallskilasjóður missir við það af miklum tekjum, sem ekki er rjett að leggja á sömu menn með útsvari.

Rýrnun útsvara í Þingvallahreppi mundi að sjálfsögðu leiða af því, að gjaldþol hreppsbúa minkaði við skerðing fjárbúskapar sveitarmanna. Er ekki nema eðlilegt, að sveitin fái bætur fyrir það, er til kemur.

Hinsvegar er því ekki að neita, að með ýmsum ráðstöfunum, sem gerðar kunna að verða í sambandi við friðun Þingvalla, geti vel verið, að Þingvallasveitarmenn fái ýms fríðindi í aðra hönd. Jeg skal ekkert um það segja. Enda fer till. mín ekki fram á annað en að bætur skuli metnar. Það er ekki farið fram á neinar beinar skaðabætur, heldur aðeins, að það verði ekki útilokað, að sveitin fái bætur, ef metið verður, að hún þurfi þess með.

Jeg vona, að hv. þm. sjeu svo sanngjarnir, að þeir líti með velvild á þessa till. mína. Hv. Alþingi má eiga það, að það hefir jafnan haft það fyrir reglu hingað til að íþyngja aldrei þeim, sem minni máttar eru. Hjer er farið fram á að tryggja, að þeir, sem minni máttar eru í þessu máli, þ. e. bændurnir í Þingvallasveit, verði ekki ósanngirni beittir.

Að öðru leyti hefi jeg ekki ætlað mjer að taka þátt í umr. um þetta mál.

Jeg býst við, að hæstv. dómsmrh. svari hv. frsm. minni hl. um sumt, sem hann kom við. Jeg skil ekki í, að kostnaður við framkvæmd málsins verði neitt líkt því, sem hann gerði sjer í hugarlund, sjerstaklega ef horfið væri að því ráði, er jeg hefi hugsað mjer, að girða af fyrst um sinn aðeins þá bletti, sem mest þörf er á að alfriða þegar í stað. Má bæta við síðar, eftir því sem ástæður eru til.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil fyrst taka það fram, að brtt. hv. 2. þm. Árn. eru yfirleitt meira og minna til bóta, og óska jeg því eftir, að þær verði samþ. Ennfremur er ein aths. frá hv. 1. þm. Skagf. beinlínis til bóta málinu. Þyrfti smábreytingu á frv., þannig að viss ákvæði gangi í gildi í ár, svo að þegar megi taka til starfa, þótt sumt verði eftir eðli sínu að bíða. Jeg er þakklátur fyrir þessa bendingu, og verður hún tekin til greina.

Háttv. 1. þm. Skagf. óttaðist, að girðingar um hið friðlýsta svæði verði bæði miklar og ekki haldgóðar. En ótti hans er ástæðulaus. Hann gerir sem sje ráð fyrir, að girt verði meðfram vegum í gegnum hraunið, en þeir eru aðallega tveir, þjóðvegurinn austur í Laugardal og þjóðvegurinn norður Kaldadal. En jeg held það sje óþarfi. Maður verður að treysta það á vegfarendur, að þeir skilji ekki við opin hlið, en þau verða að sjálfsögðu að vera vel úr garði gerð, og þar að auki verður eitthvert eftirlit af gæslumönnum.

Girðingar á útjöðrum svæðisins verða heldur ekki svo ýkjamiklar, því að það má heita sjálfvarið á þrjá vegu: Að sunnan er vatnið, að vestan Almannagjá, sem er held girðing að mestu leyti — þyrfti kannske að fylla upp í skörð á stöku stað —, að austan er Hrafnagjá og Hlíðargjá á löngu svæði. Í raun og veru verður aðalgirðingin ekki nema þvert yfir hraunið

norðan við Hrauntún, og það er engin geysi-vegalengd. Jeg þekki einstaka bændur, sem hafa girt meira en þetta, svo að ríkinu ætti ekki að verða skotaskuld úr því. Svæðið er sem sagt sjálfgirt á þrjá vegu, en að norðan vantar vörn frá náttúrunnar hendi, og þar þarf að koma einhverskonar girðing. Jeg held eðlilegast að byggja grjótgarð að norðanverðu. Efnið er við hendina og tiltölulega fljótgert að koma honum upp. Grjótgarður mundi að vísu verða heldur dýrari en gaddavírsgirðing í fyrstu, en endingarbetri svo miklu munar. Viðgerð á vorin yrði ekki önnur en sú, að hressa garðinn við, þar sem úr hryndi. En jeg er viss um, að slík girðing yrði ekki í neinni verulegri hættu. Presturinn á Þingvöllum hefir gert girðingar úr grjóti um haga og engjabletti, og hann segir mjer, að engum erfiðleikum sje bundið að halda þeim uppi. Þess vegna er, eins og jeg flyt málið, engin hætta á, að girðingarkostnaður verði nema hverfandi lítill.

Til sönnunar því, að ekki þurfi að girða meðfram vegum, vil jeg nefna Hallormsstaðarskóg. Þar liggur alfaravegur gegnum skóginn, en ekki girt meðfram, og ber ekki á öðru en vel gefist. Vegfarendur sjá sóma sinn í að loka hliðunum, og garðvörður lítur eftir, að þess sje gætt.

Þá kem jeg að aðstöðu bænda á hinu friðlýsta svæði. Það er ekki hægt bæði að vernda skóginn og hafa fje í honum. Auk 600 fjár, sem bændurnir á þessum slóðum eiga, koma mörg þúsund fjár þangað á sumrin til beitar. Mjer er kunnugt um, að bændurnir mundu verða fegnir að losna við þetta aðstreymi, því að þessi sægur spillir skóginum, sem von er til. En ekki yrði heldur leyft til lengdar að hafa þetta fáa fje, sem þeir eiga, því að það mundi spilla með vetrarbeit. Þar með er ekki sagt, að búskapur á býlum þessum þyrfti að leggjast niður. Hv. 1. þm. Skagf. hlýtur að þekkja vel frá sinni stjórnartíð skógvörsluna á Vöglum og á Hallormsstað. Þar er á báðum stöðunum myndarlegur búskapur, haldið vel við túnum og hafðar kýr á búi og góður sumarhagi fyrir þær í skóginum. Kofoed-Hansen skógræktarstjóri heldur því, sem kunnugt er, fram, að við Íslendingar getum skapað góða aðstöðu til kúaræktar í kjarrskógum landsins með því að girða þá og grisja. Og kúabú er hægt að hafa án skaða fyrir skóginn. En skógurinn í Þingvallahrauni er í stöðugri afturför, og er full þörf á að hefjast handa, ef hann á ekki með tímanum að eyðast með öllu. Það er alment álitið, að vetrarbeitin, þegar snjór er yfir alt, fari verst með skóginn. En það hafa sagt mjer bændur í Þingvallasveit, að mestar skemdir hafi orðið á vorin, þegar hart var og þeir urðu að beita á broddana og höggva af handa fjenu. Nú viljum við hjálpa til, að hraunið megi aftur fyllast fögrum skógi, þótt enginn af okkur fái að sjá hann í fullum blóma.

Það þarf ekki annað en líta í gamlar jarðabækur til þess að sjá, hvernig rányrkjan hefir eyðilagt sveitina. Um það ber vott sá fjöldi eyðijarða, sem þar eru taldar. Fyrrum hafa það verið býli, en lagst í eyði. Og það er fullljóst, eftir því sem á undan er gengið, að Þingvallahraunið getur enganveginn orðið sauðfjárland til lengdar. Þess vegna er síður en svo, að hjer

sje um landsspjöll að ræða. Það er þvert á móti farið fram á að vernda land, sem lengi hefir verið skemdum undirorpið. Það er hliðstætt sandgræðslustarfseminni á Rangárvöllum og hliðstætt því, sem þarf að verða svo víða á landinu. Það þarf að hjálpa náttúrunni til þess að viðhalda fegurð og frjósemi landsins. En það, sem gerir þetta sjerstaklega knýjandi með Þingvelli, er helgi staðarins, sem veldur því, að stöðugt fleiri og fleiri Íslendingar krefjast þess, að staðnum sje haldið í heiðri og hin náttúrlega prýði hans vernduð sem best. Jeg held, að ástæðulaust sje að óttast, að Þingvallasveit verði á nokkurn hátt ver farin fyrir þetta. Það má að vísu gera ráð fyrir, að eitthvað verði að bæta bændum vegna þess að þeir geti ekki haft sauðfje eins og áður, en jeg þykist þess fullviss, að kúm mundi fjölga.

Það er nú fullráðið, að nýr vegur verði lagður til Þingvalla austur Mosfellsdalinn, sem sennilega verður fær að vetri til, og er þá aðstaðan til að koma afurðum á markaðinn öll önnur og betri. Á sumrin er meira en nógur markaður heima fyrir fyrir mjólk, egg og þess háttar. Þarna eru líka ágætir sumarhagar og aðstaða góð til að auka við túnin. Til dæmis er bóndinn í Skógarkoti altaf að færa út túnið, og hið sama mætti einnig gera í Hrauntúni. Margt fleira kemur hjer til greina.

Bóndinn á Arnarfelli kom til mín og sagði mjer, að veiðin í vatninu væri altaf að þverra. Það hefði verið dregið miskunnarlaust fyrir á hrygningarstöðvunum og silungur á vissum stöðum nærri upprættur. Nú yrði það ein afleiðing friðunarinnar, að fyrirdráttur yrði bannaður, að minsta kosti nyrst í vatninu, þar sem silungurinn þroskast, og mætti þá auk þess koma þar upp klaki. Þarna er alveg sama um að ræða og í landhelgigæslunni. Hún er gerð til þess að friða ungviðið, sem elst upp við landsteinana.

Jeg býst alls ekki við, að leggja þurfi niður eitt einasta býli, og jeg hefi sagt bændunum það, að jeg mundi bæði sem þm. og meðan jeg er ráðh. vinna á móti því, að þau leggist í eyði. Jeg vil aðeins breyta til um atvinnu þeirra, sem þarna búa. Til dæmis hygg jeg, að þarna geti allmargt fólk lifað á gistihúshaldi. Aðsókn er nú þegar mjög mikil og á vafalaust eftir að vaxa mikið, eftir því sem hlynt er að staðnum. Einn bóndinn þarna, bóndinn á Kárastöðum, hefir bygt eitt myndarlegasta sveitagistihús, sem til er á Íslandi, og það ber sig mjög vel, eftir því sem jeg best veit, og er þó betra að vera í Skógarkoti en á Kárastöðum, vegna ýmsra náttúruskilyrða.

Annarsstaðar þar, sem ríkið hefir friðað landsvæði vegna skógræktar, svo sem í Fnjóskadal og á Hjeraði, hefir búskapur heldur alls ekki lagst niður.

Það hefir verið gert ráð fyrir því að leggja gestagjald á Þingvöll, sem gangi til verndunar og fegrunar staðnum. Hversu mikið það verður, get jeg ekki sagt um, en jeg vil aðeins geta þess, að þegar sætið í bifreið til Þingvalla kostaði 40 krónur, fór þangað fjöldi fólks, og ekki er ólíklegt, að fólk, sem vann svo mikið til að komast þangað þá, mundi nú vilja vinna til að

greiða 1—2 krónur í viðbót við það lága fargjald, sem nú er. Ýmsar aðrar tekjur mætti hafa síðar meir upp í kostnað við verndun staðarins, svo sem af veiði og bátaleigu um vatnið og fleira, sem jeg hirði ekki að telja hjer. Möguleikar eru þarna mjög miklir til skógræktar. Náttúran græðir sig auðvitað nokkuð sjálf, en hinsvegar er sjálfsagt að hjálpa til. Ennfremur verður að vera þarna varsla, eins og á Vöglum og Hallormsstað. Jeg býst við, að þarna þyrfti að vera skógarvörður, sem liti eftir girðingunni, o. s. frv.

Þá hefir því verið haldið fram, að með þessu sje gengið nærri hag bænda, sem búa utan við hið friðlýsta svæði. Það er alveg víst, að þingið skipar aldrei verndarnefnd, sem mundi sýna bændum ósanngirni. Hitt er annað mál, að hún mundi gæta þess að vernda staðinn fyrir hverskonar spellum. Til dæmis datt bóndanum á Brúsastöðum það í hug ásamt prestinum að virkja Öxarárfoss. Það var alls ekki ástæðulaust að hafa eftirlit með þessu.

Þá fanst hv. 1. þm. Skagf. óþarfi að kjósa þingnefnd til að annast um þetta. Jeg get fullvissað hann um, að það er ekki gert af vantrausti, hvorki á núverandi stj. nje hv. þm. (MG), þegar hann kemur í stj. næst. Það er gert vegna þess, að stjórnirnar hafa vanalega öðru að sinna. Til minningar um það, að Alþingi hefði ákveðið að gefa Þingvöllum sína helgi aftur, þykir rjett, að allir flokkar eigi fulltrúa í Þingvallanefnd, sem sje varanleg. Mjer þykir betur hlýða, að á Þingvöllum ráði ekki flokksstjórn, heldur þingið sjálft.

Að þessu mæltu vil jeg vona, að þegar jeg nú hefi stigið þetta spor til samkomulags, sem brtt. mínar fela í sjer, þá beiti hv. þm. sjer ekki gegn því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Jeg vil aðeins taka það fram hjer, að fyrirvara minn ber ekki að skilja svo, að jeg sje á nokkurn hátt mótfallinn þessu máli í sjálfu sjer. Jeg taldi aðeins ekki rjett að binda hið friðaða svæði svo einskorðuðum takmörkum eins og gert er í frv., og var það mest vegna þess, að jeg er hræddur um, að það reynist illmögulegt að halda við girðingum á þessum mörkum. Hæstv. dómsmrh. hefir nú komið fram með brtt. við frv., og hv. 2. þm. Árn. sömuleiðis í svipaða átt, og tel jeg sjálfsagt að samþ. frv. með þeim breytingum.

Jeg tel alveg sjálfsagt að friða þennan fornhelga stað, og sjerstaklega vil jeg leggja áherslu á skóginn, að hann verði friðaður og hlúð að honum sem best. Við þurfum ekki annað en líta aftur í tímann í fornsögur vorar til þess að sjá, hversu miklu meiri skógurinn var áður, — og hvers vegna ætti hann ekki eins að geta þrifist nú?

Jeg vil leggja til, að brtt. hæstv. dómsmrh. og hv. 2. þm. Árn. verði samþ. og að girðingunni verði hagað eins og best verður talið og hentast til að friða skóglendið. Jeg skal þó taka það fram, að hvað stærð girðingarinnar snertir stend jeg að ýmsu leyti nær minni hlutanum.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Mjer finst nú allmikil von um,

að samkomulag náist um þetta mál. Aðalágreiningurinn hefir verið um stærð friðaða svæðisins, en þar sem hæstv. dómsmrh. hefir nú boðað brtt. til miðlunar í málinu, má ætla, að hv. þdm. geti yfirleitt fallist á þær. (**MG:** En getur allur meiri hlutinn fallist á þær?). Það get jeg auðvitað ekki sagt um með vissu, fyr en jeg sje till., en jeg hygg það þó, því að ekki mun meiningin að fastbinda það, hvar girðingin eigi að liggja.

Mjer hefir fundist málstaður minni hlutans helst byggjast á því, að þetta mundi verða til hnekkis búskap í hjeraðinu. Um þetta hefi jeg engu við það að bæta, sem hæstv. dómsmrh. sagði, enda er enginn, sem getur fullyrt neitt um það að svo stöddu, hvort búskapur mundi bera sig eins vel og nú á þessum býlum. Líklegt má þó telja, að bændurnir hafi eitthvert tjón af þessu í bili, og er þá sanngjarnt að bæta það að einhverju leyti.

Þá er það kostnaðarhliðin. Jeg veit ekki til, að nein bein áætlun liggi fyrir um hann. Hv. minni hl. hefir talið, að hann mundi nema alt að 100 þús. króna. Jeg álít nú, að slíkt nái engri átt. En jeg stend auðvitað jafnilla að vígi að staðhæfa það eins og hv. minni hluti að fullyrða, að hann verði þetta mikill. Jeg get ekki skilið, að kostnaðurinn við girðinguna geti orðið nándar nærri eins mikill og minni hl. heldur fram. Mjer er nær að halda, að einstakir bændur hafi gert eins miklar girðingar eins og hjer er um að ræða, og gæti jeg trúað því, að svo væri t. d. um samþingismann hv. 1. þm. Skagf., en ekki eyða einstakir bændur tugum þúsunda í girðingar. En setjum svo, að minni hl. hefði rjett fyrir sjer, að allur kostnaðurinn yrði 100 þúsund krónur. Setjum svo, en þá verð jeg að segja það, að jeg álít, að þjóðin megi ekki horfa í þann kostnað. Enda er það svo, að mörgum 100 þús. hefir verið ver varið, og þó að þetta kostaði jafnmikið eins og ætlast er til, að ríkið leggi til sundhallar hjer í Reykjavík, þá blöskrar mjer það ekki svo mjög.

Jeg verð að segja, að jeg er hálfhissa á afstöðu hv. minni hl. Hann segist vilja friða þingstaðinn, en ekki taka svona stórt svæði til friðunar. Hann segist ekki sjá til neins að koma með brtt.; þær muni verða feldar. En ef það sýni sig, að nógu margir fáist með, þá muni hann flytja brtt. við 3. umr. Nú er það till. minni hl., að frv. verði felt, en hvernig ætlar hann þá að koma fram brtt. við 3. umr., ef hann fær nógu marga með sjer til að fella frv. nú?

Hv. frsm. minni hl. mintist meðal annars á mannvirki á Þingvöllum og að komið hefði til mála að virkja Öxará og benti á, að ef þingið yrði flutt til Þingvalla, væri óhjákvæmilegt, að þar þyrfti að koma upp mannvirkjum, rafveitu og fleiru. Þar til er því að svara, að mikið vafamál er, hvort þingið verður flutt. Hinsvegar er það tvent ólíkt, hvort ráðist verður í einhver fyrirtæki vegna þingsins og undir þess stjórn, eða hvort einstökum mönnum er leyft að gera þau mannvirki, sem þeim sýnist, eftirlitslaust. Það, sem hv. þm. að öðru leyti mintist á, að það væri hart fyrir hlutaðeigendur, að þeim væri bannað að láta gera nokkur mannvirki á jörðum sínum, þá þarf jeg ekki að svara því, þar sem hæstv. dómsmrh. tók það fram,

að slíkt væri ekki tilætlunin. En hitt finst mjer alveg óhjákvæmilegt, að setja eitthvert eftirlit með því, hvernig þau mannvirki eru gerð, ef á annað borð á að tryggja það, að staðnum verði ekki spilt og helgi hans. Þetta er heldur ekki neitt einstakt í lögum. Jeg veit ekki betur en að allir þeir, sem í kaupstöðum búa, verði að hlíta fyrirmælum hins opinbera um byggingar og þess háttar. Mjer finst það ekki mikið meira fyrir íbúa Þingvallasveitar.

Jeg vona nú, að þetta frv. nái samþykki hv. deildar og þingsins í aðalatriðunum. En út af því, sem fram hefir komið um það, hvenær lögin skuli ganga í gildi, þá býst jeg við, að jeg geti lofað því fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að það skuli verða athugað nánar fyrir 3. umr., og það er líklega alveg rjett að láta þau ganga í gildi fyr en gert er ráð fyrir í frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. Árn. mælti fyrir sínum brtt., en vildi nú gera sem allra minst úr þeim, hvað þær hefðu að þýða, og skil jeg það vel. En jeg verð að minna bæði hv. þm. og hæstv. dómsmrh. á það, að það stendur í þessu frv., að þetta svæði skuli vera friðað, og þar af dró jeg það, að það mundi vera tilætlunin að setja um þetta land fullkomna girðingu, því að á annan hátt er ekki hægt að friða það.

Hv. 2. þm. Árn. viðurkendi það, sem jeg hjelt fram, að girðingu á þessum stað væri mjög erfitt að hafa, og hv. þm. gaf meira að segja í skyn, að það myndi oft þurfa að rífa niður girðingar og byggja þær upp aftur, til þess að finna hagkvæmustu staðina fyrir þær. Þetta er ekki til að gera verkið ódýrara, og þarna er hv. þm. á gerólíkri skoðun við hæstv. dómsmrh.

Hvað snertir girðingar meðfram vegum, þá hjelt hæstv. dómsmrh. því fram, að þeirra myndi ekki þörf, og mjer skildist líka, að það ættu að vera þrjú hlið á girðingunni, þar sem vegirnir eru, eitt einhversstaðar nálægt Meyjarsæti, eitt undir Lyngdalsheiði og eitt þar, sem farið er inn á Þingvelli, þegar farið er hjeðan og þangað. En eftir því hve mikil umferð er um þessa vegi, skil jeg ekkert í því, hvernig hægt er að búast við, að þessum hliðum verði lokað, t. d. með allri þeirri umferð, sem er hjeðan úr Reykjavík, eða norður á Kaldadal eða austur í Laugardal. Hvernig geta menn ímyndað sjer, að hliðin verði venjulegast látin aftur? **(Dómsmrh. JJ:** Svona var það á Hallormsstað). Já, en þar var líka sjerstakur skógarvörður, og þar var það heldur ekki svo skaðlegt fyrir skóginn, þótt fje gengi í hann, og þar er lítil umferð. Hjer er um alt annað að ræða, og það verður heldur engin varsla á skóginum, ef á að notast við svona mörg hlið á jafnfjölförnum vegum. Skemtiferðafólk úr Reykjavík hefir engan skilning á því, og það þarf þá að vera vörður við hvert hlið, og þá kemur víst nokkuð upp í vexti og afborganir af þessari girðingu. Það er heldur ekki hlaupið að því að smala Þingvallahraun og reka úr því; það er ekki eins og að reka úr túni, því að þetta er stór sveit, eins og allir vita.

Jeg veit ekki, hvort jeg má benda hv. 2. þm. Árn. á það, að mjer þykir hans 3. brtt., við 3. gr., vera dálítið

einkennilega orðuð. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir rýrnun fjallskila ....“.

Þetta myndi helst benda til þess, að þeir í Þingvallasveitinni þyrftu að láta minna af hendi til fjallskila, ef frv. nær fram að ganga, en svo verður ekki, því að jafnstórt svæði þarf að smala af færri mönnum. Hjer verður því ekki um rýrnun að ræða, heldur aukning. Það hefði átt að standa: fyrir aukningu kostnaðar. Það verður að smala landið engu síður, þótt ekki megi vera sauðfje á þessu takmarkaða svæði, því að það eru ekki fjallskil að smala heimalöndin.

Þá sagði hv. þm., að það ætti aðeins að meta skaðabætur handa Þingvallasveitarbúum. Jeg hjelt, að það væri ekki nóg; jeg hjelt, að Þingvallasveitarbúar hefðu enga ástæðu til að láta meta skaðabæturnar, ef þeir ekki fá þær greiddar. En þetta á kannske að vera „diplomati“, að láta fyrst aðeins meta bæturnar og heimta þær svo seinna. Jeg held, að þeir eigi að fá bætur, en þá má hv. þm. ekki láta það líta svo út, að hjer sje aðeins um matið að ræða. Hv. þm. (MT) langar í skildingana líka, og það er ekki nema eðlilegt.

Þá kem jeg að hæstv. ráðh. Hann var eiginlega miklu fúsari til samninga heldur en hv. meiri hl. nefndarinnar, því að það mátti ekki orða það í nefndinni að koma með brtt. við frv.; það var ekki um það að tala, en nú, þegar hæstv. ráðh. kemur með boðskap um það, að koma með brtt. til 3. umr., þá segir hv. frsm. meiri hl., að nú verði sjálfsagt samkomulag, og með því gefur hv. þm. það í skyn, að hann ætli að ganga inn á þessa brtt. Mjer kemur þetta dálítið undarlega fyrir, því að úr því að hæstv. ráðh. álítur ekki sitt frv. vera svo heilagt, að ekki megi róta við því, þá hefði hv. meiri hl. nefndarinnar ekki átt að álíta það heldur. En það er auðvitað, að það má til að breyta upphaflega frv., ef það er meiningin, að það eigi að gera nokkuð þar fyrir árið 1930, því að það stendur alveg skýrt í 1. gr. frv., að þá fyrst skal þessi staður vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

Það er nú sjálfsagt ekki til mikils að deila um það, hve nauðsynlegt sje að girða þarna. Jeg held, að það sje nauðsynlegt, ef á að gera eins og frv. segir, að það eigi að verja landið algerlega fyrir sauðfje. Þá verður að setja fjárhelda girðingu um alt svæðið og líka meðfram vegunum, en ef ekki á að gera það nema að nafninu, þá get jeg vel gengið inn á, að nóg sje að girða spotta og spotta og að ekki þurfi að vera girðing meðfram vegunum, en allur minn útreikningur var miðaður við það, að það verði gert, sem í frv. segir, og það er ekki hægt að álasa mjer fyrir það, þó að jeg geri mína áætlun eftir því, sem frv. segir. En ef meiningin er að bregða frá því, sem frv. segir, geta náttúrlega aðrar áætlanir komið til greina.

En út af orðum hv. 2. þm. Árn. vil jeg segja það, að jeg er honum sammála um, að betra sje að taka fallegustu skógarblettina og afgirða þá, því að vitanlega eru á þessu svæði stórir flákar, sem ekki er nein ástæða til að vera að girða.

Hæstv. ráðh. fór að miða þessa girð-

ingu við girðingar prestsins á Þingvöllum, en þess ber að gæta, að það er mjög snjóþungt, þegar dregur upp til fjalla, og þegar svo lítur út, sem girða eigi upp á talsvert hátt fjall, þá verður að athuga það, að snjóþyngsli eru þar mjög mikil, og miklu meiri en niðri á láglendinu.

Mjer þótti tekið nokkuð djúpt í árinni, þegar hv. 2. þm. Árn. sagði, að snjórinn gæti orðið marga faðma á dýpt; en ef snjórinn verður svo mikill, þá eyðileggur hann hverja girðingu.

Það er heldur ekki hægt að líkja þessari girðingu við Hallormsstaðareða Vaglagirðinguna, þegar af þeirri ástæðu, að á þeim stöðum er sjerstakur skógarvörður, en það liggur ekkert fyrir um, að það eigi að verða svo hjer, og skógarnir á þeim stöðum munu hafa náð þeim þroska, að þótt sauðfje komist í þá, getur það ekki gert mikinn usla.

Jeg get tekið undir það, að full ástæða væri til að friða skóginn í Þingvallahrauni, en jeg sje ekki, að það hafi neitt að gera með friðun Þingvalla sjálfra. Annars skal jeg geta þess, að jeg man, að sjera Jón sál. á Þingvöllum sagði mjer, að hann sæi ekki betur en að þá tíð, sem hann var á Þingvöllum, hefði skógurinn frekar verið í framför en afturför, og hefði hann það þó á tilfinningunni, að skógurinn væri það, sem Þingvallasveitin hefði lifað á, og þess vegna hefði hann gefið nákvæmar gætur að því, hvernig hann hefðist við.

Þá hjelt hæstv. ráðh., að kúm í Þingvallasveitinni mundi fjölga mjög og að bændur þar gætu notað markaðinn hjer. Það mun nú eiga nokkuð langt í land, að kúnum fjölgi þar, því að jeg held, að varla sje hægt að hugsa sjer sveit, sem er öllu ver löguð til að hafa kúarækt. Að minsta kosti eru ákaflega fáar kýr í þeirri sveit og allir kostir hennar eru taldir að vera fyrir sauðfje. Svo var hæstv. ráðh. að tala um, að það væri ekki svo mikið tekið af sveitinni með þessu. En ef maður lítur í jarðabókina, þá sjer maður, að í Þingvallahreppi eru aðeins 16 býli, og það eru 8 af þessum 16 býlum, sem eru að meira eða minna leyti skert, svo að það verða þá ekki eftir nema svo sem 10 býli, sem hægt er að segja, að sjeu að mestu leyti óskert, frá því sem nú er, og mörg af þeim eru smá. Jeg get ekki sjeð það, hvernig svona sveit getur staðist sem sjerstök sveit á eftir. Það verður að minsta kosti mjög hæpið að koma því við, og ef svo þrjár af þessum jörðum eða fleiri munu fara að mestu leyti í eyði, eins og helst lítur út fyrir, get jeg ekki sjeð, að þessi sveit geti staðist áfram sem sjerstakt sveitarfjelag. Eftir því, sem hæstv. ráðh. segir, þá á að taka þau einu hlunnindi af þessari sveit að meira eða minna leyti fyrst um sinn, sem hún hefir haft, en það er veiðin í Þingvallavatni. Það er vitanlegt, að hún hefir verið mjög mikil hlunnindi fyrir sveitina, og nú boðar hæstv. ráðh., að það sje tilgangurinn að friða silunginn fyrst um sinn norðan til í vatninu. Það getur vel leitt til þess, að veiðin verði síðar, kannske eftir einn mannsaldur, miklu meiri en hún er nú; en þeir, sem nú búa þar, hafa engin not af því, og eins er með það, sem hæstv. ráðh. segir um kúahaga, sem verði síðarmeir í skóginum. Þeir, sem nú eru uppi, hafa engan hag af því, sem verða kann í skógin-

um eftir 40—50 ár. Það er rjett, það er náttúrlega hægt að taka gestagjald af Þingvöllum og afla sjer tekna með því, en það verður þá aðeins lagður á sjerstakur skattur til að standast kostnaðinn af þessari friðun. Þykir líklega álitamál, hvort sá skattur verður vinsæll eða þykir eiga rjett á sjer, en út í það skal jeg ekkert fara.

Hæstv. ráðh. upplýsti áðan, að það hefði ekki verið tilgangurinn að virkja Öxarárfoss sjálfan, heldur aðeins einhverjar flúðir neðan við hann. Jeg fæ nú ekki sjeð, að það væri sjerstök goðgá, þó að það væri gert. Mjer finst, að það væri ekki nema eðlileg framför, þó að þeir menn, sem þarna búa, geri sjer náttúruöflin á þessum stað undirgefin, alveg eins þótt þessi staður sje fornhelgur. Jeg geri ráð fyrir, að þessu væri hægt að haga þannig, að án þess raskaðist nokkuð á Þingvöllum, og þvert á móti yrði slíkt bæði til þæginda og prýði að hafa góð ljós, að jeg nú ekki tali um þau þægindi, ef hægt væri að hafa rafmagn um leið til hitunar á Þingvöllum.

Svo var yfirstjórnin á Þingvöllum. Hæstv. ráðh. álítur, að þingflokkarnir eigi að hafa hana, en þar til er því fyrst að svara, að þeir geta vel verið fleiri en þrír, og þeir eru meira að segja fjórir núna, svo að einhver þeirra eða einhverjir, ef þeir verða fleiri, hljóta að verða afskiftir í þriggja manna nefnd. Jeg álít líka, að þetta skifti ekki neinu máli. Jeg álít, að landsstjórnin eigi á hverjum tíma að stjórna þessu eins og öðrum eignum ríkissjóðs, þ. e. a. s., að hún eigi að hafa framkvæmdarvaldið, en ekki Alþingi.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að mín kostnaðaráætlun myndi vera alt of há. Já, það fer alt eftir því, hvað á að gera, hvort á að gera það, sem frv. ráðgerir. Hún er náttúrlega of há, ef ekki á að gera það, en annars er hún nærri lagi. Jeg get vitaskuld ekki sagt um það, hvaða bætur muni verða gerðar bændum þar, en ef dæma má eftir þeim bótum, sem hæstv. stjórn ætlar prestinum á Þingvöllum, þá sýnist mjer, að bændur þar í grend eigi að fá talsvert líka. Jeg er hræddur um, að háttv. frsm. meiri hl. sje heldur ókunnugur stærð þessa lands, sem þarna er um að ræða, þegar hann heldur, að einstakir bændur þessa lands hafi girt álíka land hjá sjer. Jeg held, að það sje allmiklu stærra en heimaland einstakra jarða, og það er jeg viss um, að enginn bóndi mundi telja land sitt alvarið með því fyrirkomulagi, sem hjer er gert ráð fyrir, að láta þrjú hlið vera á þeim fjölförnu vegum, sem um það liggja. Það myndu bændur landsins telja algerlega ónóga vörslu. Hv. frsm. meiri hl. tók það fram, að þótt eytt væri í þetta 100 þús. kr., þá væri það ekki of mikið; getur vel verið, en ef á að samþykkja frv., er þó rjett að gera sjer grein fyrir því, hver útgjöldin verða. En það er ekki nema virðingarverð hreinskilni hjá hv. þm. að segja, að hann vilji leggja þessa upphæð í kostnað, ef með þarf. (**BSt**: Ef með þarf, en jeg álít ekki, að þess muni þurfa). Nei, hv. þm. hefir ekki mælt þetta land upp og er heldur ekki vel kunnugur þar; jeg heyri það á orðum hans. Og svo er þetta það minsta, sem þarf að gera þar fyrir 1930, því að það verð-

ur sannarlega ekki meira en ein fjöður af fati þetta, út af fyrir sig. Hv. þm. kvaðst vera hissa á afstöðu minni hl., að leggja á móti frv., en flytja þó engar brtt. við það, en ráðgera á hinn bóginn að flytja brtt. við 3. umr., ef sá vilji kæmi í ljós í deildinni að breyta því eitthvað. Jeg hjelt, að hv. frsm. meiri hl. áliti ekki, að við hv. þm. Barð. værum svo heimskir, að við gætum ekki látið vera að greiða atkv. á móti til 3. umr., og auk þess hefir nú þetta komið fram, sem okkur hv. þm. Barð. ugði, að það hlytu að koma fram brtt. við frv. En það var einmitt það, sem hv. meiri hl. mátti ekki heyra nefnt í nefndinni. Þetta frv. var sá helgur dómur, af því að það kom frá stjórninni, að ekki mátti breyta því. Auk þess hjelt jeg, að hv. 2. þm. Eyf. vissi, hve sterkt stjórnarliðið er hjer í þessari hv. deild, svo að þótt minni hl. gerði það, sem hann gæti, þá fær hann ekki mikið að gert. Hv. þm. fanst það rjett, að það mætti ekki einu sinni stinga upp hnaus úr jörðu á þessum býlum öllum, sem hjer er um að ræða. En jeg vil aðeins benda hv. þm. á það, hve ýms af þessum býlum eru fjarlæg frá Þingvöllum og svo sett, að þau sjást ekki þaðan, og veit jeg því ekki, hvers vegna þarf að vera að setja svo ströng ákvæði, til að gera þeim mönnum, sem þarna búa, aðeins óþægindi.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að taka til máls aftur vegna þess, að brtt. mínum hafi verið mótmælt. Þvert á móti hefir þeim verið mjög vel tekið, og þakka jeg hv. þdm. fyrir það. En jeg þykist þó ekki komast hjá að leiðrjetta einn misskilning, sem komið hefir fram. Jeg verð að halda því fram, að jeg hafi ekki beint krafist skaðabóta fyrir hönd Þingvallahrepps, heldur hefi jeg aðeins krafist þess, að bætur yrðu metnar, ef til kæmi. Þ. e. a. s. jeg vil, að dómkvaddir menn sjeu látnir meta, hvort þessar ráðstafanir sjeu bótaverðar fyrir hreppinn eða ekki.

Einn liður, sem jeg býst við, að hljóti þó að verða metinn til bóta, er íþyngingfjallskilanna. — Helmingur þeirra er lagður á jarðirnar, en hinn helmingurinn á sauðfjeð, þ. e. á sauðfjáreigendur, eftir því, hve margar kindur hver á. Fjallskilin á þeim jörðum, sem leggja á niður, nema 132 kr. Fjallskilin eru þegnskylda, og þegar mönnunum fækkar, sem þau eiga að inna af hendi, verða þau rýrari fyrir hreppinn. Verður þá að meta þau hærra á þeim, sem eftir eru, og jafnvel kaupa menn á hreppsins kostnað til að inna þau af hendi.

Jeg hefi ekki skilið Þingvallanefnd svo, að hún ætli að leggja bann við því, að Öxará sje virkjuð, heldur vilji hún aðeins hafa hönd í bagga um það, hvernig það sje gert. Jeg er sammála hv. 1. þm. Skagf. um, að það gæti orðið sveitinni til bóta, og eins öllum þeim, sem þar koma. Býlin verða vistlegri, ef þau eru lýst og hituð með rafmagni. En mjer hefir skilist, að að því skuli unnið að gera þetta svæði vistlegra, fremur en hitt.

Kúabúskapur er ekki eins afleitur þarna eins og sumir halda. Markaðurinn er ágætur fyrir mjólk og skyr á Þingvöllum á sumrin. Það er jafnvel ekki fátítt, að bændur kaupi kýr á vorin og selji aftur á hausti. Hafa þeir upp úr þessu góða peninga, auk

þess sem það eykur áburðinn og flýtir þannig fyrir ræktun sveitarinnar.

Jeg hefi ekki heyrt, að sveitarmenn telji takmarkanir á veiði í Þingvallavatni kvöð á sjer. Þvert á móti telja þeir nauðsynlegt að banna ádrátt á vissum svæðum, og hefir presturinn t. d. lýst yfir því sem sinni skoðun. En frá því er að segja, að veiðin hefir verið rekin sem rányrkja, og hefir minkað ár frá ári, svo að nú er hún sumstaðar til lítilla nytja. En með því að vernda riðsvæðin er mikil von um, að hún komist bráðlega aftur í samt lag og verði sveitarbúum til hins besta hagræðis.

Síðan jeg talaði síðast hefir komið fram brtt. á þskj. 659. Henni hefir enn ekki verið lýst af forsetastóli, og skal jeg ekki fara út í hana, enda er hún svo viðfeldin, að ekki getur sjest veruleg ástæða til að vera óánægður með frv., ef hún nær fram að ganga.

Forseti (BSv): Nýlega hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 659, og þarf afbrigða frá þingsköpum, svo að hún megi komast hjer að.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni. Mjer finst óþarft að orðlengja frekar en orðið er um þetta mál. Þó þarf jeg að leiðrjetta a. m. k. eitt atriði hjá háttv. frsm. minni hl. Hann sagði, að það væri undarlegt, að meiri hl. gæti nú gengið inn á breytingar á frv., því að í nefndinni hefði ekki mátt orða þær. Jeg hygg, að þetta sje rangt með farið. Jeg var að vísu veikur, þegar þetta mál var til umræðu í nefndinni, og tók aðeins þátt í atkvgr. En hv. meðnefndarmenn mínir segja mjer, að engar brtt. hafi verið orðaðar af hv. minni hl. á nefndarfundum. Því er ekki neitt við því að segja, þótt við legðum til, að frv. væri samþ. óbreytt. Okkur hafði ekki hugkvæmst neitt, sem endilega þyrfti að breyta, en þar með var ekki sagt, að við hefðum ekki gengið inn á skynsamlegar brtt., ef þær hefðu verið orðaðar.

Hv. þm. sagði, að jeg væri ókunnugur á þessu svæði, og sæist það best af því, að jeg hefði sagt, að einstakir bændur hefðu girt eins stór svæði og hjer væri um að ræða. Það er rjett, að jeg er þarna ókunnugur, en hitt er ekki rjett haft eftir. Jeg sagði ekki, að bændur hefðu girt svona stór svæði, en hitt sagði jeg, að þess væru dæmi, að einstakir bændur hefðu girt jafnlangar girðingar og hjer mundi þurfa. Svo hagar nefnilega til, að gjár geta víða komið í girðinga stað.

Þá sagði háttv. frsm. ekki rjett frá um undrun mína út af till. minni hl. Jeg sagðist vera hissa á því, að háttv. minni hl. segist leggja til, að frv. sje felt, en ef hann þykist sjá, að nógu margir sjeu honum sammála, ætlar hann að bera fram brtt. við 3. umr. En þá skilst mjer, að frv. sje fallið, ef hv. minni hl. fær meiri hluta deildarinnar á sitt mál.

Þá talaði hv. þm. um, að ekki mætti stinga hnaus innan girðingarinnar, jafnvel ekki uppi undir fjöllum. Jeg býst nú varla við, að svo strangt verði

farið í sakirnar. En hitt finst mjer sjálfsagt, að á þessum stað, þar sem alt á að hafa sem prýðilegast úr garði gert, sjeu öll þau mannvirki, sem í er ráðist, undir opinberu eftirliti. Þar má ekki láta mönnum haldast uppi að byggja hvaða hænsnakofa sem er.

Pjetur Ottesen: Eins og tekið hefir verið fram, býst jeg við, að allir sjeu mjer sammála um, að sjálfsagt sje að gera einhverjar ráðstafanir til frekari friðunar á Þingvöllum en nú er. Mig minnir, að þetta sje í þriðja sinn, sem fram kemur á Alþingi tillaga um friðun Þingvalla. Fyrst var það fram borið á Alþingi 1919 í þál.formi. Jeg hygg einmitt, að samþ. þeirrar tillögu hafi átt upptökin að því, að komið var upp eftirliti á Þingvöllum. Á þinginu 1926 var líka borið fram frv. um friðun Þingvalla, en náði ekki fram að ganga. Er þetta frv. því þriðja till., sem fram kemur í þessa átt. Um það hafa aftur á móti verið skiftar skoðanir, hversu langt eigi að ganga með friðunina. Samkv. frv. frá 1926 var gert ráð fyrir að friða svæðið á milli Almannagjár að vestan og Háugjár að austan, Þingvallavatns að sunnan og Ármannsfells að norðan. Þetta er allstórt svæði og á því mikill skógargróður. Meðal annars er þar ljómandi fallegur skógarblettur uppi undir Ármannsfelli, sem kallaður er Bás. Að Þingvallagestir hafa kannske ekki sótt þennan stað eins og ýmsa aðra staði á Þingvöllum, stafar af því, að hann liggur nokkuð afskektur, en úr því má bæta með því að leggja þangað veg eftir svo kölluðum Leirum, enda var ráð fyrir því gert samkv. því frv., sem borið var fram 1926. Með því að friða þetta svæði teldi jeg sæmilega frá þessu friðunarmáli gengið, því að með því er ekki gengið svo langt að skerða bygð Þingvallasveitar, því að jeg býst við, að þau býli, sem þetta land nota nú, myndu geta haldið fullri áhöfn eftir sem áður. Það leiðir líka af sjálfu sjer, að kostnaðurinn við að friða aðeins þetta land myndi ekkert verða sambærilegur við þann kostnað, sem af því yrði að friða alt það svæði, sem hjer liggja fyrir till. um, og enda þótt dregið yrði úr því eins og till. hæstv. dómsmrh., sem nú eru fram komnar, benda til. Jeg býst við, að girðing um það svæði liggi samt sem áður langt fyrir norðan Hrauntún; gæti því ekki komið til mála, að þar mætti reka sauðfjárbúskap. Annars er jeg þeirrar skoðunar, að sú friðun, sem farið er fram á í frv., sje alls ónauðsynleg, og í raun og veru fjarstæða einber, og það þó að tekið sje fult tillit til hinna fornu menja og. sögulegu helgi, sem bundin er við þennan stað, því að með þessu eru lögð í eyði 5—6 býli. Því er að vísu haldið fram af hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. meiri hl., að friðun þessi sje ekki raunveruleg skerðing á búskap á þessum jörðum, þar sem reka megi kúabú á jörðunum eftir sem áður, en slíkt er af ókunnugleika mælt. Því eins og kunnugt er, er sauðfje aðalbústofn manna á þessu svæði, og sauðfjárrækt er það eina, sem gerir þessar jarðir byggilegar, því að svo miklir erfiðleikar eru á að auka túnrækt þarna, svo hægt sje að hafa kúabú, svo nokkru nemi, að slíkt getur alls ekki komið til greina. Afleiðingin verður því sú, að bygð legst að mestu leyti niður á þessum jörðum.

Jeg býst nú við, að það geti verið

álitamál, hvort hægt sje að alfriða þetta land, þó að ekkert sje horft í kostnaðinn. Á það hefir verið bent af hv. 2. þm. Árn., að þó að hægt verði að koma girðingu niður á þessum stöðum, þá sjeu þar svo mikil snjóþyngsli, að girðingin muni leggjast niður á hverjum vetri, að minsta kosti á stórum köflum. Það er nú að vísu kleift að rjetta girðinguna svo fljótt við á vorin, að koma mætti í veg fyrir, að skepnur kæmust inn á hið friðlýsta svæði, ef hún þá kæmi svo snemma undan snjónum alstaðar, en þarna verður ekki um það að tala, því að landið, sem hún á að liggja um, er svo lautótt, að snjór liggur á því langt fram á vor. Má því búast við, að fje renni inn á svæðið eftir sköflum fram eftir öllu vori, því eins og kunnugt er, sækir fje mjög á þessar slóðir. Yrði þá of miklu til þessa kostað, ef það þannig kæmi að litlum eða engum notum, því að kostnaðurinn við slíka girðingu yrði óneitanlega mjög mikill, ekki aðeins vegna vegalengdarinnar, heldur og líka sökum þess, hve erfitt yrði að koma girðingu niður þarna, því að um það getur ekki verið að tala, sem hæstv. dómsmrh. benti á, að girða mætti með grjótgarði að einhverju leyti, því lítið er af lausagrjóti á þessu svæði, sumstaðar a. m. k., og þó svo væri, er með öllu ókleift að flytja grjótið nokkuð til sökum þess, hve landið er mishæðótt. En að sprengja grjót í garðinn, kemur heldur ekki til mála, því að fyrst og fremst er ilt að sprengja hraungrjót, og í öðru lagi myndi slíkt verk verða svo dýrt, að um það gæti ekki verið að ræða. Hjer yrði því ekki um annað en vírgirðingu að ræða, og víða hagar svo til, að klappa yrði staurana niður í hraunið á stórum svæðum. Stofnkostnaður slíkrar girðingar yrði því óneitanlega mjög mikill, auk hins árlega viðhaldskostnaðar, sem áreiðanlega yrði mjög mikill, eins og hv. 2. þm. Árn. hefir bent á. Mjer virðist því mál þetta horfa svo við, að alls ekkert sje hægt að segja um það með vissu, hvílíkan feiknakostnað getur af því leitt að friða svona stórt svæði. Jeg verð því að segja, að mjer finst það vera að fara aftan að siðunum að fara að leggja niður bygð á þessu svæði, þegar það fyrst og fremst er augljóst, að kostnaðurinn við það verður geysimikill, og auk þess er óvíst um árangurinn. Jeg býst við því, þó fylgt væri út í ystu æsar ákvæðum frumvarpsins um alfriðun á landinu, þá mundi sú friðun aldrei verða annað en málamyndafriðun. Fje mundi renna yfir girðinguna á sköflum á vorin, smjúga hana, og hætt er við, að hliðin á girðingunni yrðu ekki altaf látin aftur, svo oft yrði greiður gangur fyrir fje um þau.

En samkv. till. hv. 2. þm. Árn. yrði skógurinn í Þingvallahrauni alls ófriðaður, þar sem hann gerir ekki ráð fyrir girðingum þar. Hv. þm. talaði um að verja skóginn í Þingvallahrauni fyrir vetrarbeit, en jeg er mjög hræddur um, að fje mundi leynast þar lengi í hrauninu fram eftir vetri, því eins og nú er reynist lítt kleift að fullsmala hraunið fyr en komin er aðsetursjörð, enda kemur það iðulega fyrir, að fje vestan úr Borgarfirði og öðrum fjarlægum hjeruðum kemur þar fyrir, þegar komið er langt fram á vetur. Jeg er því hissa á, að hæstv. dómsmrh. skyldi taka vel í þessa till., því að það hefir komið skýrt fram,

hver ágangur er á þetta svæði, þar sem hann hafði það eftir ábúendunum, að þeirra fjár gætti þarna lítils, samanborið við urmul af fje, sem streymdi þangað frá öðrum hjeruðum.

Það er gengið út frá því, að nauðsynlegt sje að gera þessar friðunarráðstafanir til þess að friða skóginn á þessu svæði, og því er haldið fram, að skógurinn þarna hafi verið miklu meiri áður. Það má vel vera, að svo hafi verið, en þegar verið er að tala um, að skógarnir hafi gengið úr sjer og eyðilagst, bæði þarna og víðar, er alveg gengið framhjá einu atriði, sem sje því, er mestu olli um eyðingu skóganna, kolagerðinni.

Síðan kolagerðinni ljetti af hafa skóglendi víðsvegar á landinu blómgast, og svo mun einnig vera um skóginn í Þingvallahrauni. Jónas sál. Halldórsson í Hrauntúni sagði mjer það fyrir nokkrum árum, að þá tíð, sem hann dvaldi í Hrauntúni, en það var í fleiri tugi ára, þá hafi skógurinn vaxið og blómgast, og það til stórra muna á sumum svæðum.

Þá hefir hæstv. dómsmrh. ennfremur fært það fram sem ástæðu fyrir þessum friðunarráðstöfunum sínum, hve mörg eyðibýli væru þarna, því að þau bentu til þess, að land þetta væri að ganga úr sjer. En þetta er ekkert sjerstakt þarna, því að það eru víðar eyðibýli á landinu en á þessum stað. Þau eru víðsvegar um landið, og er því ekki hægt að halda því fram, að það, að býlin lögðust niður eða fóru í eyði, stafi af því, að landið hafi gengið úr sjer. Það er þvert á móti afleiðing af breyttum atvinnuháttum landsmanna; afleiðing af því, að þurrabúðarmennirnir, sem áður áttu heima í sveitunum, hafa nú flutst út að sjávarsíðunni.

Þá hefir því verið haldið fram, að friðun þessi miðaði líka að því að viðhalda veiði í Þingvallavatni, og hæstv. dómsmrh. hafði það eftir einum bónda þar eystra, að klakstöðvarnar væru aðallega að norðanverðu í vatninu. En svo mun ekki vera, því langsamlega bestu veiðistöðvarnar eru fyrir utan þetta svæði. Innan svæðisins eiga ekki nema þrír bæir veiði í vatninu, Þingvellir, Skógarkot og Vatnskot, og jeg býst ekki við, þó að bönnuð yrði veiði frá þessum bæjum, að það hefði nokkur veruleg áhrif á veiðina í vatninu. Það er önnur aðferð, sem frekar yrði til þess að auka veiðina, sem sje sú, að komið yrði þar upp klakstöðvum og bestu hrygningarstaðirnir friðaðir, en til þess þarf ekki að leggja í þá stórkostlegu Þingvallafriðun, sem hjer er farið fram á.

Um það, að gistihúshald geti komið þarna upp sem atvinnuvegur fyrir bændurna í staðinn fyrir sauðfjárrækt, er það að segja, að það eru ekkert frekar mögulegleikar fyrir þann atvinnuveg þarna, þó að sauðfjárræktin verði lögð niður. Annars býst jeg við því, að aðrir staðir á Þingvöllum þyki eins heppilegir fyrir gistihús eins og á þessum býlum, sem nú á að fara að leggja í eyði.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 2. þm. Árn. Brtt. hans við 2. gr., að setja skýrari ákvæði um, að eyða skuli dýrum á þessu svæði, sem valdið geta tjóni, er vitanlega alveg sjálfsögð. Það er beinlínis bráðnauðsynlegt að setja ströng ákvæði um útrýming refa á þessu svæði, til þess að reyna að koma í veg fyrir hinn mikla

dýrbít, sem altaf er þarna, en sem þó hefir tekið út yfir nú á síðustu árum, sem ekki er heldur undarlegt, þar sem svo að segja er alstaðar fult af grenjum á þessu svæði, og mjög ilt að vinna grenin. Það er því ekki að ófyrirsynju, þó að háttv. 2. þm. Árn. vilji kveða fast á um þetta atriði, þar sem líka stjfrv. gaf helst í skyn, að refirnir ættu að vera friðaðir á þessu svæði.

Þá er 3. brtt. hans, um að meta skuli bætur til Þingvallahrepps fyrir rýrnun fjallskila og útsvara, ef samningar nást ekki um það. Það virðist alveg sjálfsagt, að þetta sje gert, en það hefir óneitanlega mikinn kostnað í för með sjer fyrir ríkissjóðinn. Hve mikið það verður vegna rýrnunar útsvaranna, skal jeg ekki um segja, því að jeg hefi ekki nein gögn í höndum um það. Aftur á móti hefi jeg gert mjer dálitla grein fyrir því, hverju þetta muni nema að því er fjallskilin snertir, því að um það hefi jeg aflað mjer upplýsinga. Það mun láta nærri, að af bæjum þeim, sem hjer er um að ræða að banna fjárrækt á, fari 18 menn í leitir á hverju hausti, og nú er leitað þrisvar sinnum. Verða því samtals af þessum bæjum 54 dagsverk til fjallskila á haustin, auk eftirleita og annara haustsmalana. Til þess að bæta hreppnum það upp, myndi því þurfa fullar 500 kr. árlega. En jeg býst ekki við, að það myndi nægja, því að oft verður að gera eftirleitir á afrjettir á haustin, sem sennilega yrði líka að bæta hreppnum upp. Og auk þess yrði ríkissjóður að annast smalamensku á hinu friðlýsta landi. Þá leiðir og af sjálfu sjer, að hann verður líka að annast eyðingu refa á svæði þessu. Jeg fæ því ekki annað sjeð en allverulegur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð fylgi þessari friðun líka að þessu leyti, að það sje hreint og beint fjarstæða að ætla að fara að gera svo víðtækar og mikilfenglegar ráðstafanir á Þingvöllum, sem hjer er farið fram á, og það því fremur, sem þetta verður engin friðun.

Það eina skynsamlega í þessu máli er að friða það svæði, sem jeg gat um í upphafi ræðu minnar. Það er kleift kostnaðarins vegna og innan þess er öll hin forna þinghelgi, og auk þess langfallegasta skógarsvæðið, sem til er í Þingvallahrauni. Og með því móti þarf ekki að grípa til þess, sem jeg kalla óyndisúrræði, að leggja niður fleiri býli á svæði þessu. Mál þetta horfir því þannig við frá mínum bæjardyrum sjeð, að jeg get alls ekki aðhylst þá stefnu, sem fram kemur í frv., að leggja fleiri jarðir í eyði og ráðast í lítt kleifan kostnað, sem fyrirfram er sjeð um, að lítinn árangur ber. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal vera mjög stuttorður, aðeins beina fáum orðum til háttv. 2. þm. Árn. Um orðalag 3. brtt. hans vildi jeg segja það, að mjer fyndist rjettara, að í stað „rýrnun fjallskila“ komi: aukning fjallskila — því að fjallskil Þingvallasveitar mundu aukast í hlutfalli við fækkun búfjenaðar á þessu svæði, því að hjer er ekki friðað annað en heimalöndin. Jeg vildi því beina þeirri spurningu til háttv. þm., hvernig hann myndi taka því, ef jeg kæmi með brtt. um þetta atriði. **(MT:** Við gætum athugað það til 3. umr.).

Hv. þm. hjelt, að rjett mundi að

friða vatnið að norðanverðu. Það leyfi jeg mjer að efast um. Murtuveiðin er alveg órannsökuð, og mikill vafi leikur á því, hvort murtan sje sami silungurinn og annars er veiddur í vatninu. En nú er Pálmi Hannesson náttúrufræðingur að rannsaka það.

Þá heldur hv. frsm. meiri hl., að girðingarkostnaður verði minni en jeg geri ráð fyrir. Það er álit mitt, að ef á að friða þetta svæði, svo að gagni komi, verði að girða alt svæðið, því að öðrum kosti nær frv. ekki tilgangi sínum. Þá fór hv. þm. að fræða mig um það, að ekki væri hægt að breyta frv., ef það fjelli við 2. umr. Þetta vissi jeg vel áður, enda hjelt jeg, að stj. hefði nægan styrk til þess að koma málinu frá 2. umr. til 3. umr. Og ef jeg ætti von á því að fá bót á frv. við 3. umr., myndi jeg áreiðanlega hafa vit á því að greiða því atkv. við 2. umr.

Um brtt. hæstv. dómsmrh. má segja það, að hún bætir dálítið úr, því að hún minkar svæðið, og er gleðilegt, að hann hefir sjeð, að of langt var gengið. Samt sem áður er svæðið ennþá langt of stórt, og þótt brtt. verði samþykt, mun jeg ekki geta fylgt frv.

Jón Sigurðsson: Það er nú eins og oftar, að hæstv. dómsmrh. hefir ekki látið sjá sig, og dugir ekki um það að fást, enda skal jeg ekki lengja umr. Það er eitt merkilegt við þetta frv., eins og reyndar fleiri frv. hæstv. stj., að því fylgja engar upplýsingar af neinu tægi, ekki einu sinni um lengd girðingarinnar. Um þetta hefir verið svo mikil óvissa, að mikill tími hefir gengið í deilu um það, hve löng girðingin verði, og stj. er síst fróðari en aðrir um þetta efni. Jeg hygg, að það muni vera leitun á svo fákænum bónda, sem ekki hugsar fyrir því áður en hann ákveður að girða land sitt, hve mikið hann þurfi að greiða í girðingarkostnað og hve löng girðingin er. Mætti þó gera strangari kröfur til stj. en slíkra manna. Það er merkilegt, að stj. skuli ekki hafa látið mæla þetta, því að ekki gat það þó kostað of fjár. En að vísu er þetta ekki meira en ýmislegt annað, sem fram hefir komið frá hæstv. stj. Að áliti kunnugra manna er talið, að girðingin muni verða um 30 km. löng. Háttv. frsm. minni hl. benti á það, að óhjákvæmilegt væri að girða meðfram öllum vegum. Hæstv. ráðh. svaraði því þannig, að nægilegt væri að hafa hlið á girðingunni, og þannig væri það í Hallormsstaðarskógi. Þetta er blekking; Hallormsstaðarskógur liggur í miðri sveit, en þetta er afrjettargirðing. Að slíkum girðingum hnappast fjeð í stórhópum, er líður á sumarið, einkum þegar hret koma. Ef einhver skilur svo eftir opið hlið af öllum þeim fjölda, sem þarna fer um, þá streymir fjeð inn í girðinguna og þarna verður þá ágæt fjárstöð, fjeð sjálfpassað og kemst ekki út aftur, er veður skána, og getur því gert stórtjón. Þetta viðurkenna allir, sem nokkuð þekkja til um víðlendar afrjettagirðingar. Það er áreiðanlegt, að ef þetta á að verða nokkuð annað en eintóm fjáreyðsla, þá verður að girða líka meðfram vegunum, eða setja vörð við hvert hlið að öðrum kosti, en slík girðing mundi kosta 80—100 þús. kr.

Hv. þm. Borgf. tók ýmislegt fram af því, sem jeg ætlaði að segja, svo að jeg hefi nú ekki miklu við að bæta.

Eitt eru allir sammála um, að nauð-

synlegt sje að friða allstórt svæði af landinu á Þingvöllum, en ágreiningurinn er um það, hve stórt það á að vera. Það er hygginna manna háttur að fara hægt af stað og láta reynsluna kenna sjer, og ætti Alþingi að fara að þeirra dæmi og gera slíkt hið sama, þótt hæstv. dómsmrh. vilji viðhafa þá aðferðina, er ver gegnir. Jeg mun haga atkv. mínu þannig, að jeg óska ekki eftir, að flanað sje út í slíka vitleysu, eins og málið er nú reifað. Það hefir verið um það talað, að þetta mundi geta kostað um 100 þús. kr. Auðvitað er það ágiskun, eins og alt annað í þessu máli, en það er ekki ólíklegt, að sú fjárhæð sje nærri sanni, þegar greiða þarf bændum skaðabætur. Jeg hygg, að nóg muni þurfa að greiða fyrir hátíðahöldin 1930, þótt reynt yrði að spara að minsta kosti 40—50 þús. kr. á þessum lið. Jeg mun því greiða atkv. gegn frv. eins og það nú liggur fyrir, en greiða atkv. með brtt. hv. 2. þm. Árn.

ATKVGR.

Brtt. 578,1.a samþ. án atkvgr.

— 578,1.b samþ. án atkvgr.

— 578,1.c samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv.

Brtt. 578,2.a samþ. án atkvgr.

— 659 samþ. með 22 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 666) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 666 samþ. án atkvgr.

— 578,2.b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 578,2.c samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 667) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 667 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 578,3, svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 578,4 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 668, 686, 693).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Við 2. umr. þessa máls kom til tals, að nauðsynlegt væri, að að minsta kosti sum ákvæði frv. gengju í gildi nú þegar, í stað þess, sem í frv. stendur, að lögin gangi í gildi 1930. Fyrir því hefir nú meiri hl. allshn. leyft sjer að koma með brtt. og bætt við ákvæði um stundarsakir, þar sem lagt er til, að 5.—8. gr. frv. gangi í gildi nú þegar. En aftur á móti hefir nefndin ekki talið þörf á, að hin önnur ákvæði frv., t. d. friðun Þingvalla o. fl., komi til framkvæmda fyr en 1930. Þá vill meiri hl. allshn. ennfremur gera aðra brtt. á frv. Er hún ásamt hinni á þskj. 686, við 8. gr. frv., þar

sem talað er um sekt og fangelsi, þannig að á eftir orðunum „alt að 1000 kr.“, komi: „eða alt að“. Það var af ógáti, að þessi orð voru ekki sett í frv. í upphafi.

Nú hafa komið fram brtt. á þskj. 693, frá hv. 2. þm. Árn., og er efni þeirra svipað og í till. meiri hl. 6. brtt. hans er við 8. gr. og fer í sömu átt og nefndarinnar. Þar sem þessi till. er framkomin, þá leggur meiri hl. allshn. ekki áherslu á, að sín till. verði fremur samþykt en þessi. Þó má benda á það, að ákvæði 5. gr., um kosningu Þingvallanefndar, og 6. gr., um reglugerð, er sú nefnd semur og veiti heimild til að ákveða gestagjöld, er verja megi upp í kostnað við friðunina, er nauðsynlegt, að gangi í gildi strax, svo nefndinni gefist kostur á og tími til að undirbúa friðunina. Hygg jeg því fult svo rjett að samþ. brtt. meiri hl. allshn., ákvæðin um stundarsakir, eins og till. á þskj. 693.

Magnús Torfason: Jeg vil geta þess um þessar brtt., sem jeg hefi nú komið fram með við 2. og 3. umr. þessa máls, að þær eru ekki að öllu leyti mín einkaeign. Þessar till. eru gerðar í samráði við gamlan og góðan Árnesing, sem ekki er þingmaður, en þó við þingið riðinn. Þegar þessar brtt. voru gerðar, þá vissi jeg ekki af því, að brtt. á þskj. 686, frá meiri hl. allshn., mundu koma fram. Jeg get játað það, að brtt. á þskj. 693 hefðu líklega ekki komið fram, ef jeg hefði vitað um hinar, því þær ganga mjög í sömu átt, að minsta kosti í þeim atriðum, sem verulega þýðingu hafa. Þó er brtt. á þskj. 693 víðtækari en hin, að því leyti, að í 6. lið hennar er tekið fram, að brot á reglugerðum, sem settar verða, heyri undir sektarákvæðið eins og lögin. Eins og kunnugt er, þá getur það komið að baga, þegar framfylgja skal lögunum, ef slíkt er ekki tekið fram. En jeg játa þó, að verði brtt. hv. allshn. samþykt, þá má við það una. Jeg mun því ekkert kapp á það leggja, hvor till. verður samþykt, mín eða nefndarinnar.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Aðeins fáein orð um brtt. á þskj. 686 og 693. Það er álit minni hl. allshn., að þessar till. bæti frv. ekki, nema þá 1. liður till. hv. 2. þm. Árn. á þskj. 693. Hún bætir úr þeim galla, er jeg talaði um við 2. umr. Ef Þingvellir verða ekki friðaðir fyr en 1930, þá skil jeg ekki, til hvers á að fara að kjósa þessa nefnd strax. Það væri þá að minsta kosti nógur tími að gera það á þingi 1929. Hv. 2. þm. Árn. ætlast til þess, að lögin gangi í gildi strax á venjulegan hátt. En jeg skil ekki, hvernig á að framkvæma þau. Er ætlast til þess, að bændur eigi að smala fje sínu burt af svæðinu á ákveðnum degi? Þarf ekki að gefa þeim einhvern frest til þess? Jeg sje, að hv. þm. hristir höfuðið. En yfir hverju? Gerir hann það yfir sínu eigin hugsunarleysi? Í frv. stendur, að landið skuli varið sauðfje og geitum. Ef lögin eru strax látin ganga í gildi og friðunin á að framkvæmast strax, hvað á þá að gera? Hv. þm. sagðist ekki vera einn um þessa brtt. sína. Hvort stjórnin veit um þetta eða ekki, skal jeg ekki um segja. (**MT:** Jeg skýrði frá því, að það hefði verið utanþingsmaður, sem samdi hana með mjer). Það getur verið. En það er

þessi galli á till., um að lögin komi strax í gildi, sem er svo fráleitur, ef 1. gr. verður jafnframt breytt. Að því leyti er þó betra að samþ. brtt. meiri hl. allshn., því þar er þó ekki gert ráð fyrir, að ákvæðið um friðunina gangi í gildi fyr en 1930. Aðeins gert ráð fyrir, að sá hluti frv., er fjallar um nefndarskipunina, gangi í gildi strax. Það er að vísu óþarft, en þó ekki beinlínis skaðlegt. Að öðru leyti hefi jeg hið sama út á þetta frv. að setja og jeg hafði við 2. umr., að svæðið, sem friða á, sje óþarflega stórt og óþörf fjársóun að leggja þarna niður bestu bújarðir.

Magnús Torfason: Jeg held, að það sje á ókunnugleika bygt, að þessi brtt. mín, að því er snertir að friða landið strax, fari á nokkurn hátt í bága við það, sem þarf eða á að gera. Það kemur vitanlega ekki til mála annað en að þessir bændur, sem á svæðinu búa, sitji þarna þetta ár út, og er þá komið að fardögum 1929. — Þá kemur fardagaárið 1929—'30, en jeg býst ekki við, að þessir bændur verði látnir hætta ábúð um áramót. Yrðu þeir því að nota beitina til hausts 1929. Það er því ekki of snemt, að lög þessi gangi í gildi strax, enda kemur ekki til mála annað en gefa hæfilegan frest. Fyrir því er líka gert ráð í 3. gr. frv. Og sú grein sýnir, að ekki er ætlast til þess, að girt verði á einu augnabliki. Framkvæmdin getur aldrei orðið sama dag og lögin öðlast gildi. Við slík lög, sem þarfnast undirbúnings og framkvæmda, er ekki skilið annað en það, að þau komist svo fljótt í framkvæmd og sæmilegt eða hentugt má teljast. Annað hefir heldur ekki verið skilið við þetta af hálfu okkar tillögumanna, og rjeðum við það með okkur með gerhygli og af góðum hug að leggja þetta til málsins. Jeg hefi ekki minst á hina smærri liði till. minnar. Það er sjerstaklega 3. liðurinn við 3. gr. Í þeirri gr. eins og hún er í frv. er sú veila, að talað er um aukning fjallskila. En nú má það öllum ljóst vera, að fjallskilin aukast ekkert við það, þótt búskapur verði lagður niður á þessum býlum. Þau verða vitanlega hin sömu eftir sem áður og rýrna hvorki nje aukast við það. Jeg játa, að þegar jeg bjó til till. mína, þá var jeg ekki vel ánægður með orðið rýrnun. En það orð var miðað við þá þegnskylduvinnu, sem hreppurinn hefir yfir að ráða til að framkvæma fjallskilin. Það var því engin hugsunarvilla. Síðar hugsaðist mjer orðið „íþyngja", og þótti það betra, því það þyngjast fjallskil á þeim bændum, sem eftir verða, og þarf því að bæta þeim það upp.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að byrja þar, sem hv. þm. endaði. Hann hjelt því fram, að það hefði verið rjett hjá sjer að tala um rýrnun fjallskila. En það er ekki rjett, því það er aukning fjallskila á þeim mönnum, er eiga að smala landið. Íþynging fjallskila er betra, því það þýðir hið sama og að auka þau. En rýrnun er rangt.

Þá talaði hv. þm. um það, hvenær lögin kæmu til framkvæmda. Jeg fór þar eftir því, sem stendur í frv. Þar segir svo, að landið skuli varið ágangi af sauðfje og geitum. Ef því brtt. hv.

2. þm. Árn. verður samþykt, svo lögin gangi strax í gildi, þegar konungur hefir skrifað undir þau, þá gildir einnig þetta ákvæði strax, ef brtt. við 1. gr. verður samþ. Hv. þm. var eitthvað að tala um fardagaár. Eiga lögin þá ekki að ganga í gildi? Jeg skil ekki, hvað hv. þm. á við. — Hið eina skynsamlega er það, að fresta framkvæmd laganna og samþykkja ekki till. hv. 2. þm. Árn. Ef lögin koma þegar til framkvæmda, þarf strax að semja við bændurna á þessu svæði og óheimila þeim að hafa fje sitt einn dag á svæðinu eftir það. En samningarnir hljóta að taka tíma. Þeir þurfa að fá að skýra sína aðstöðu og gera grein fyrir þeim skaðabótum, er þeir telja sig þurfa að fá fyrir þann rjett, sem af þeim er tekinn, að fá að hafa fje sitt á þessu svæði. Í 3. gr. frv. er ekki talað um bætur fyrir annað en jarðarnytjar. En nú eru þarna hús líka. Hvað á að gera við þau, ef ábúendurnir vilja ekki vera þarna lengur? Á að rífa þessi hús niður, eða á að halda þarna við þessum kompum sem eign hins opinbera? Í 3. gr. frv. er aðeins talað um afnotarjett bænda, en það hefði líka þurft að taka fram um þær eignir, sem þeir eiga þarna. Ef brtt. meiri hl. verður samþ., er það þó skárra en þetta. Þá mega þó bændurnir vera þarna til fardaga 1930 samkvæmt skilningi hv. 2. þm. Árn. Er það mikill munur fyrir bændurna, í samanburði við að verða að víkja burtu með fje sitt á ákveðnum degi, sem ekki er að vita, hver verður, því bændurnir í Þingvallasveitinni geta ekki fylgst með í því, hvenær konungur kann að skrifa undir þessi lög úti í Kaupmannahöfn. Jeg vil því leggja það til, að þessi hv. deild samþykki þessa frestun á framkvæmd laganna, svo bændurnir á þessu svæði fái þó ráðrúm til að taka sig saman.

Magnús Torfason: Mjer er aldrei um það gefið að tala þrisvar við sömu umræðu mála. Vona, fyrst jeg er ekki langorður venjulega, að jeg verði það ekki heldur nú. Jeg þarf aðeins að leiðrjetta misskilning í ræðu hv. frsm. minni hl. Hv. þm. sagði, að samkvæmt 2. gr. frv. mætti ekki hafa neitt sauðfje eða geitfje á þessu svæði strax og lögin ganga í gildi. Nú vita það allir, að hugsað er til að verja þetta svæði með girðingu. En sú girðing verður ekki lögð á einum degi. Auk þess hafa þeir afnotarjett þessa lands, meðan ekki semst. Það verður því ekki hreyft við þessum mönnum fyr en samningar eru búnir, eða þá búið er að taka þetta eignarnámi, ef samningar ekki nást. Þá er það og eitt atriðið, sem kemur til greina, þegar samið er, hve lengi þeir megi vera þarna. Þetta eru því alt fyrirkomulagsatriði, sem nefndin ræður yfir. Jeg lít svo á, að ef svæði þetta á að geta orðið alfriðað frá ársbyrjun 1930, þá muni ekki veita af því að fara nú þegar að undirbúa það, að svo geti orðið. Þegar svo getur farið, að eignarnám þurfi að fara fram, að undangengnum árangurslausum samningum, þá mun ekki veita af þessum tíma. Það er og best, að lögin sjeu ákveðin í þessu efni frá byrjun.

Jeg verð því, eftir að hafa heyrt þessi ummæli háttv. 1. þm. Skagf., að halda fast við það, að full þörf sje á því, að þessi síðasta till., um að lögin öðlist gildi þegar í stað, verði samþ.

Magnús Jónsson: Mjer finst, að þessi síðustu deilumál manna sjeu farin að verða hálfgerðar deilur um keisarans skegg. Jeg lít svo á, að þegar alls er gætt, verði ekki komist hjá því að kom upp þjóðgarði eða friðlýsa svæði á Þingvöllum. Saga og lega Þingvalla gerir það að verkum, að óhjákvæmilegt mun að friðlýsa landið, og tjáir ekki að spyrna móti því. Og hátíðin 1930 gerir það að verkum, að nú mun þessi friðlýsing komast í framkvæmd á næstunni. Vegna þeirra hátíðahalda þyrfti að vísu ekki annað en Þingvallanefndin hefði landið til umráða nokkru áður en hátíðahöldin byrjuðu og á meðan á þeim stæði, en þá vaknar um leið sú spurning í huga manna, hvort ekki væri rjettast að friða Þingvelli til langframa og hefja undirbúning þess jafnframt hinu.

Annað mál er það, að mjer þykir svæðið, sem friða á, of stórt, þótt það hafi nú verið minkað nokkuð, en þó get jeg ekki miklað það atriði svo mjög fyrir mjer. Hygg jeg langmest undir því komið, hvernig lögin verða framkvæmd. Menn hafa talað um þetta eins og þarna þurfi geysilega stórar girðingar, leggja jarðir í rústir o. s. frv. og eyða til alls þessa ógrynni af fje. Þetta fer auðvitað alt eftir því, á hvern hátt Þingvallanefndin starfar. Jeg fyrir mitt leyti vildi helst láta friða mjóu skákina, sem gamla Þingvallanefndin markaði með rauðu á kort það, sem hjer hefir verið til sýnis, en jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, og heldur ekki það, hvenær lögin öðlast gildi. — Mjer dettur heldur ekki í hug, að undireins og lögin eru samþ. þurfi að rjúka í það að reka burt alt kvikt af þessu svæði. Það þarf auðvitað ekkert annað en að þetta friðlýsta svæði verður sett undir umsjón sjerstakrar nefndar, sem á að sjá um, að alt sje þar eins og þarf að vera. Þeirri nefnd verður fengið afarmikið vald í hendur og hún getur auðvitað beitt því svo heimskulega, að mikill usli og kostnaður hljótist af, en hún getur líka starfað með þeirri lipurð, að hægt sje að koma þessu í kring smámsaman og án þess að menn verði mikið varir við það. T. d. dettur mjer ekki í hug, að nauðsynlegt sje að girða þegar alt svæðið, enda segir í frv., að landið skuli varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum, eftir því sem fært kann að reynast og Þingvallanefnd ákveður. Þetta er því eins og annað lagt í vald nefndarinnar, hve langt hún vill fara í þessu efni. Teldi jeg það algert óráð að afgirða alt svæðið, nema því aðeins, að það hefði verið nákvæmlega rannsakað fyrirfram, hve kostnaðarsamt það yrði.

Jeg er ekki svo kunnugur þarna, að jeg geti sagt um það, hvort nauðsynlegt sje að girða alt svæðið, en jeg álít, að fyrst mætti að minsta kosti girða minni svæði, eins og þar sem nefndin áliti, að best væri hægt að koma til skógi. Verður þetta sem annað að fara eftir áliti nefndarinnar. — Sama er að segja um bændurna í Skógarkoti og Hrauntúni; nefndin gæti látið það ganga svo hægt fyrir sig, að ekki þyrfti að sópa öllu burt þaðan í einu. M. ö. o., alt byggist á því, hve lipurlega nefndin fer með sitt vald. Jeg mun því fylgja frv. í því trausti, að nefndinni takist vel að framkvæma lögin, og einnig sökum þess, að jeg er viss um það, hvort sem

Þingvellir verða friðaðir nú eða ekki, þá rekur að því, að þess verður krafist, að Þingvellir verði friðlýstir fyr eða síðar.

Einstök atriði frv., eins og heimildina til þess að taka gestagjald á Þingvöllum, mun jeg ekki ræða. Hitt er ákaflega leiðinlegt, ef taka þarf gjöld, sem menn láta sig nokkru muna, og teldi jeg það illa farið, ef gjöldin yrðu til þess, að Þingvellir yrðu lakari til skemtistaðar en þeir nú eru. Hinsvegar sje jeg ekkert á móti því, að þessi heimild sje veitt, því að það getur verið ástæða til þess að taka þessi gjöld við viss tækifæri, og vil jeg því ekki leggja fast á móti þessu atriði. Jeg hefi ekki fylgst svo vel með umr., að jeg viti fyrir víst, hvernig stjórnin hefir hugsað sjer framkvæmdir þessa máls, en þó hygg jeg, að ekki muni ætlun hennar að fylgja þeim með meiri strangleika en jeg hefi hjer lýst, og get jeg því fylgt málinu. Ennfremur álít jeg það aukaatriði, hvort lögin koma öll til framkvæmda nú eða 1930. Aðalatriðið er, að Þingvellir komist undir stjórn þingsins; alt annað fer eftir því, hvernig Þingvallanefnd kveður á í þeim efnum.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ekki annað en undrast það, að nokkur maður skuli álíta það sama, hvort lögin koma til framkvæmda þegar í stað eða 1930. Eins er um það, ef lögin ákveða, að eitthvað skuli gert, en það er ekki framkvæmt, þá er það brot á lögunum. Það er óhjákvæmilegt að girða þetta svæði, en ef svo er, að lögin eiga að koma til framkvæmda þegar í stað og ekki er varið svæðið, þá eru lögin ekki haldin. Skil jeg því ekki, að nokkur vafi geti leikið á því, hvort till. á að samþ.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi kasta öllum sínum áhyggjum upp á Þingvallanefndina. Sú nefnd er ennþá ókosin, og því getur stjórnin ekkert sagt um það, hvernig framkvæmdir þessa máls muni verða. Það er nefndarinnar að sjá um þær, en ekki stjórnarinnar.

Mjer skildist líka á ræðu hv. þm., að honum fyndist ekkert gera til, þótt svæðið sje svona stórt, því að Þingvallanefndin mundi sjá um það. Jeg hygg, að ekki muni auðvelt að verja skóginn fyrir ágangi sauðfjár, ef svæðið er ekki girt, en í lögunum stendur, að svæðið skuli varið, eftir því sem fært kann að reynast. Það dettur engum í hug að efast um það, að hægt sje að girða svæðið, en það verður afardýrt.

Og ef Þingvallanefndin vill hlýða lögunum, þá er augljóst, hvað hún á að gera, en sje það meiningin, að Þingvallanefndin geti haft þetta eins og hún vill, þrátt fyrir ákvæði laganna, þá er öðru máli að gegna, en þá eru lögin brotin, og kann jeg illa við það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af orðum hv. 1. þm. Reykv. vil jeg geta þess, að það verður í öllum aðalatriðum Þingvallanefndin, sem ræður framkvæmdum um friðun Þingvalla. En af því að mjer virtist hann æskja þess að heyra álit stjórnarinnar á þessu, þá vil jeg svara því, að jeg hygg því best lýst þannig, að framkvæmdirnar verði með svipuðum hætti og kristnitakan á Íslandi. Þá var leyft að blóta á laun, ef það komst ekki upp, og á sama hátt hygg jeg, að best verði nú að miðla

sem mest málum og þoka framkvæmdunum áfram eins og heilbrigð skynsemi benti til.

Út af till. hv. 2. þm. Árn. vil jeg geta þess, að hinar fyrri eru aðallega málsbreytingar og til skýringar, og ennfremur er 6. brtt. hans nokkuð svipuð og 1. brtt. nefndarinnar. En jeg álít, að það, sem fyrir mjer vakir, nyti sín betur, ef ákvæðið um stundarsakir, að 5.—8. gr. komi til framkvæmda þegar í sumar, yrði samþykt, vegna þess að fyrstu atriðin, um friðun skógarins, taka nokkurn tíma, en annars hygg jeg, að niðurstaðan yrði hin sama, hvort sem brtt. verða samþ. eða frv.

Jeg hefi nú síðan mál þetta var til 2. umr. átt tal við bóndann í Skógarkoti, sem er stærsti sauðfjáreigandinn í hrauninu. Tók hann mjög vel í þetta mál, svo að gera má sjer góðar vonir um það, að samkomulag náist milli hans og nefndarinnar um það, að hann búi þarna áfram með breyttum lifnaðarháttum.

Aðalatriðið í máli þessu er það, hvort menn hallast að þeirri stefnu að friða Þingvelli eða ekki. Jeg er hv. 1. þm. Reykv. alveg sammála um það, að heillavænlegast muni að fara að öllu með hægð og framkvæma friðunina smátt og smátt.

Magnús Jónsson: Eftir ræðu hæstv. dómsmrh. hefi jeg litlu við að bæta. Það er rjett, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það er auðvitað ekki alveg sama, hvort höfð er aðferð hv. 2. þm. Árn. eða nefndarinnar, en jeg hygg samt sem áður, að þegar til reyndarinnar kemur, verði niðurstaðan hin sama, svo framarlega sem Þingvallanefndin fer að með þeirri lipurð, sem álíta má, að hún hljóti að beita.

Hv. þm. talaði þannig, að honum fyndist annaðhvort verða að girða alt svæðið eða ekkert. Það finst mjer ekki nauðsynlegt, og hygg jeg, að girða mætti minna svæði fyrst, þótt aðalgirðingin yrði ekki sett, sem gera mætti ráð fyrir, að yrðu margir kílometrar að lengd.

Jeg hefði, eins og jeg sagði áðan, heldur kosið, að hið friðlýsta svæði hefði verið tiltekið minna, en ef stóra svæðið verður tekið alt, þurfa framkvæmdirnar að þokast áfram hægt og hægt, eftir því sem nefndin álítur tiltækilegt og skynsamlegt að gera. Sje jeg ekki, hvernig hægt væri að framkvæma friðun Þingvalla öðruvísi en að fela hana lipurð og dómgreind tilkvaddrar nefndar, og jeg álít, að lagabókstafurinn sje ekki eins veigamikið atriði og það, að Þingvallanefndin beiti valdi sínu á sem skynsamlegastan hátt.

Hákon Kristófersson: Jeg vil aðeins beina örfáum orðum til hæstv. ráðh. viðvíkjandi þeim bótum, sem viðkomandi bændur eiga að fá fyrir missi á afnotarjettinum. — Í 3. gr. stendur sem sje, að greiða eigi ábúendum fyrir afnotarjettinn, en jeg lít svo á, að bæta þurfi mönnum þessum miklu meira, ef stjórnin vill skilja sæmilega við þá. Hv. 2. þm. Árn. gat þess rjettilega, að ef lög þessi yrðu samþ., hlytu bændur að skera niður bústofn sinn á komandi hausti. Má búast við því, að þeir verði þar fyrir ekki alllitlum skaða, og álít jeg, að stjórninni beri að bæta þeim allan þann skaða, er þeir kunna að verða

fyrir af þessum orsökum. Þar á meðal ætti stjórnin eða nefndin að kaupa húsin á jörðum þeim, sem leggjast í eyði, við því verði, er þau verða metin af óvilhöllum mönnum.

Annað var það ekki, sem jeg vildi benda á, en að nauðsyn beri til þess, að stjórnin geri svo vel við þessa menn, að þeir bíði ekkert tjón af samþykt þessara laga.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er mjög auðvelt að svara hv. þm. Barð., enda fer hann alveg með rjett mál. Það hefir altaf verið svo til ætlast, að ef ekki næðist samkomulag milli nefndarinnar og bænda um fyrirkomulagsbreytingu á búskap þeirra, væri ekki um annað að gera en að greiða þeim þær bætur, er þeim verða metnar að dómi tilkvaddra manna. Hjá þessu verður alls ekki komist, og þarf hv. þm. því ekki að vera hræddur um, að þessir bændur muni bera skarðan hlut frá borði.

Pjetur Ottesen: Það hefir nú komið fram við þessa umr. hjá þeim hæstv. dómsmálaráðherra og háttv. 1. þm. Reykv., að það sje nú eiginlega ekki meiningin að fylgja ákvæðum frumvarpsins, ef það verður samþ., eða gera jafnvíðtækar ráðstafanir og heimild er til í frv. Skildist mjer einkum á hv. 1. þm. Reykv., að hann bygði vonir sínar á því, að sú nefnd, sem kosin verður, tæki málið slíkum tökum. Nú er ómögulegt að segja um það, hvaða tökum hin fyrirhugaða nefnd tekur á þessu máli. Álít jeg og, að nefndin sje bundin af ákvæðum laganna um framkvæmdir þessa máls, en ekki því, þótt raddir hafi heyrst um það í þinginu, að æskilegt væri, að þær væru á annan veg en lögin mæla fyrir.

Jeg álít, að það verði að ganga út frá því, að framkvæmdirnar verði eftir bókstaf laganna, og með það fyrir augum get jeg ekki greitt málinu atkvæði. Jeg gerði grein fyrir því við 2. umr. þessa máls, hve langt jeg vildi ganga um friðun Þingvalla, en þótt svæðið hafi nú verið nokkuð minkað frá því, sem var í frv. eins og það var flutt af hæstv. dómsmrh., er hjer gengið miklu lengra en jeg tel, að rjett sje og hyggilegt að gera. Þar að auki er jeg þess fullviss, að aldrei muni hægt að koma við fullri friðun á þessu svæði, hversu mikið sem lagt er í kostnað. Ef framkvæma á ákvæði frv., má skifta aðalkostnaðinum niður í þrjá liði. Fyrst og fremst er girðingarkostnaðurinn. Auk stofnkostnaðar, sem yrði mjög mikill við að girða alt svæðið, má gera ráð fyrir, að árlegt viðhald á girðingunni verði stór útgjaldaliður. Í öðru lagi skaðabætur til bænda, sem á jörðunum eru, fyrir að vera sviftir rjetti til þess að reka fjárbúskap á jörðunum, en sauðfjárræktin er, eins og kunnugt er, aðalnytjar jarðanna. Í þriðja lagi verður að borga hreppnum mjög háar skaðabætur fyrir rýrnun útsvara og íþyngingu fjallskila, því með því að leggja með öllu niður sauðfjárbúskap á sex býlum, þyngir vitanlega mjög um fjallskil á þeim, sem eftir eru, og það svo, að ekki nær nokkurri átt að ætla þeim að taka þann þunga á sig; ríkissjóður verður því að leggja fram fje, sem á vantar, svo int sjeu af hendi full fjallskil, og er ekki of í lagt, þó gert sje ráð fyrir, að þessi kostnaður

nemi um 1000 kr. á ári. Er þá ótalinn kostnaður við eftirlit á Þingvöllum, kostnaður við refaveiðar og vitanlega margt fleira.

Það þarf enginn að ganga þess dulinn, að hjer er um stór útgjöld að ræða, og eiginlega ekkert nema kostnað. Jeg legg ekki mikið upp úr því, eða þeim röddum, sem heyrst hafa nú á síðustu stundu um það, að dregið verði úr framkvæmdum þarna. Jeg býst þvert á móti við því, að ítrasta bókstaf laganna um framkvæmdir verði fylgt og þetta knúið áfram eins og frv. nú gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 693,1 feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, HG, LH, MT, SvÓ, BSv.

nei: TrÞ, BSt, GunnS, HK, HjV, IngB, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ.

Þrír þm. (EJ, JJós, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 693,2 samþ. án atkvgr.

— 693,3 samþ. án atkvgr.

— 693,4 samþ. án atkvgr.

— 693,5 samþ. án atkvgr.

— 693,6 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 686,1 sjálffallin.

— 693,7 samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HG, HjV, IngB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, BSt, BÁ.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (EJ, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 686,2 sjálffallin.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, JÓl, LH, MJ, MT, BSv.

nei: PO, HK, JJós, JAJ, JS, MG, ÓTh, IngB, TrÞ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (EJ, JörB) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 709).

Á 67. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:7 atkv.

Á 69. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 759).

---

25. Bankavaxtabrjef.

Á 40. fundi í Nd., 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (stjfrv., A. 400).

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Eins og athugasemdirnar við þetta frv. bera með sjer, þá er útlit fyrir, að þeim síðasta af starfandi flokkum bankavaxtabrjefanna, sem lagaheimild er fyrir, verði lokið á miðju þessu ári. Verður þá að fullu notað það fje, sem stjórninni var veitt heimild til að útvega til veðdeildarinnar. Bankaráð Landsbankans hefir því farið fram á, að stofnaðir yrðu nýir flokkar. Þetta frv. er að mestu leyti í sama formi og fyrri lög, sem sett hafa verið um veðdeildina, að því fráskildu, að í það er ekki tekin heimild til að taka lán til að kaupa bankavaxtabrjefin. Fyrir mitt leyti held jeg, að gengið hafi verið nokkuð langt í því að taka lán til þess. Reynslan hefir sýnt, að það er einungis lítill hluti brjefanna, sem hefir selst, á móts við það, sem ríkið hefir keypt. Sje jeg ekki, að hægt sje að halda áfram á þeirri braut. Mikill hluti þessa fjár hefir og farið til nýbygginga í kaupstöðum landsins og kauptúnum. Það hljóta að vera takmörk fyrir, hvað langt á að fara í því að draga landslýðinn til sjávarþorpanna. Er oft svikull sjávaraflinn.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni, og geri það að tillögu minni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil ekki láta þetta frv. hæstv. stjórnar ganga svo til nefndar, að jeg ekki láti því fylgja nokkur orð, út af ræðu hæstv. fjmrh. Jeg get ekki tekið undir það, sem hann sagði í framsöguræðu sinni, heldur þvert á móti verð jeg að mótmæla af öllum huga aðalinnihaldi ræðu hans. Það, sem jeg held, að mest stuðli að dýrtíðinni hjer, háum embættislaunum og þá líka verkakaupi, er einmitt fyrirkomulag lánsstofnananna og lánsaðferðir þeirra hjer við sjávarsíðuna. Það er langt frá, að hjer fáist næg lán, heldur mundi þurfa margar miljónir króna til að fullnægja lánsþörfinni. Og það þótt fullkomnar tryggingar sjeu í boði. Þeir tveir aðalgallar eru á frv. að mínum dómi, að ekki er ákveðið að taka lán til að kaupa brjefin, og að ekki eru gerðar ráðstafanir til að veita hærri lán út á fasteignir en nú er. Nú fást ekki lán í veðdeildinni nema út á ¼ af sannvirði fasteigna, þegar afföll brjefanna eru dregin frá, og verða menn þá að leita til einstaklinga og taka lán oft gegn okurvöxtum. Það er ljóst, að ekki geta lán með afarkostum orðið til að lækka húsaleiguna. Að öðru leyti hefi jeg ekki neitt við frv. að athuga, en mun síðar í nefnd reyna að koma að við það breytingum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil taka í sama streng og hv. 2. þm. Reykv. Það yrði áreiðanlega mjög erfitt að fá lán út á fasteignir, þótt heimild fengist til að gefa út nýja flokka bankavaxtabrjefa. Því það er vitanlegt, að markaður fyrir slík brjef er mjög takmarkaður hjer á landi, einkanlega síðan ræktunarsjóður fjekk heimild til að gefa út slík brjef, því margir munu heldur kaupa þau, og munu þessi því sitja á hakanum. Það er og svo lítið lánað út á fasteignir, að víst er, að ríkissjóður bíður ekki halla, þó sú leið væri farin, að taka lán til að kaupa brjefin. Svo var gert árið 1909, að landssjóði var heimilað að taka lán. Fer því fjarri, að hann hafi tapað á því láni, en með því hefir hann ljett

undir með mörgum manni að koma sjer upp nauðsynlegum húsum eða gera umbætur á jörðum sínum. Jarðarlánin hafa verið látin ganga fyrir húsabyggingalánum. Jeg skal ekkert um það segja, að það hafi ekki verið rjett, en hinsvegar er nauðsyn á, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefir tekið fram, að trygt verði, að hægt sje að fá lán út á eignir í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg gekk ekki að því gruflandi, að andmæli yrðu hafin hjer í þessari háttv. deild gegn þessu máli. Mjer var þegar kunnugt, hvernig straumarnir liggja. En úr því að hv. þm. eru svo sjerlega óánægðir, geri jeg ráð fyrir, að þeir telji ekki eftir að koma með brtt. við frv., úr því að þeir telja svo brýna nauðsyn til þess að halda áfram á þessari lántökubraut.

Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að það, að ekki er tekin lánsheimild fyrir ríkisstjórnina til veðdeildarbrjefakaupa upp í frv., stafar af því, að þessi útlán þykja hafa gengið nokkuð ört, þar sem nú er búið að nota 10 milj. kr. á 1½ ári. Með sama áframhaldi var mjer það ljóst, að safnast mundu á skömmum tíma skuldir, sem öllum mundu ofbjóða, þótt segja megi, að verðmæti komi í staðinn.

En auðvitað er það svo, að þessi lán hafa ekki öll gengið til húsabygginga, heldur hefir æðimiklum hluta þeirra verið varið til þess að greiða gamlar skuldir. Það er aðeins tilfærsla milli manna, en ekki aukning verðmæta. Aðalástæðan til þess, að jeg tel rjett að láta nú staðar numið þar, sem komið er, er sú, að jeg álít það heilbrigðara fyrirkomulag, sem fengist með því að snúa sjer að því að framkvæma lögin um veðbankann. Sú stofnun er fyrir löngu samþykt hjer á þingi, en framkvæmdir hafa dregist. Jeg vona, að þetta tiltæki mitt — jeg ætla ekki að bendla hina ráðherrana neitt við það að svo komnu — verði til þess, að nú verði fyrir alvöru horfið að því ráði að setja veðbankann á stofn, svo að hann geti tekið til starfa innan skamms. Jeg held, að veðlánaþörf landsmanna hljóti að verða það hollara. Á síðustu tímum hefir verið gert allmikið til þess að auka sölu veðbrjefanna innanlands. Hefir sú starfsemi borið allgóðan árangur. Bankastjórnin gerir sjer góðar vonir um, að þessi sala geti haldið áfram og veðdeildin geti starfað þannig áfram. Þar af leiðandi verður alls ekki um alvarlega kyrstöðu að ræða.

En í þessu sambandi vil jeg geta þess, að mjer finst ástæða fyrir þá hv. þm., sem álíta, að með því að halda áfram á sama hátt og undanfarið mundi húsaleiga fljótlega lækka til muna, að athuga, hver reynslan er í þessu efni. Satt að segja verður ekki sjeð, að það hafi haft nokkur áhrif í þá átt, þrátt fyrir þessar 10 miljónir; a. m. k. er það svo hjer í Reykjavík, að þess hefir lítt orðið vart.

Jeg geri ráð fyrir, að þessir hv. þm. líti svo á, að því meira sem bygt sje í Reykjavík, því betra. En jeg get ekki neitað því, að mjer er það talsvert áhyggjuefni, þegar litið er á alt það verðmæti, sem safnast saman á þessari eyðimörku; verðmæti í húsum til íbúðar og verslunarrekstrar, og það

oft óholls og óþarfs verslunarrekstrar. Þegar þessa er gætt, finst mjer ástæða til þess að skoða huga sinn vandlega og gera upp með sjálfum sjer, hvort rjett sje að halda áfram á þessari braut. Þegar svo hjer við bætist, hve óhóflega er farið með fjeð, svo að meðalfjölskyldumaður þykist þurfa að byggja fyrir 50 þús. kr., og efnamaðurinn lætur sjer ekki nægja minna en 100 þús. kr., þegar kannske ein einkaeign eða húseign einstaks manns er svo íburðarmikil, að hún er meira virði en öll húsakynni til samans í heilum hreppi, þá get jeg ekki annað sjeð en eitthvert öfugstreymi eigi sjer stað í þessum sökum. Jeg get ekki sannfærst um, að þing og stjórn eigi að stuðla að því, að menn haldi áfram í þá átt.

Jeg skal ekki fjölyrða mikið meira um þetta. Jeg þykist hafa gert grein fyrir því, hvers vegna veðlánsheimild var ekki tekin upp í frv. En það má vel vera, að þeir hv. þm., sem álíta, að jeg hafi brugðist skyldu minni í því efni, telji sjer skylt að bæta úr þeim göllum, sem að þeirra dómi eru á frv., og kemur þá til kasta þingsins að taka ákvörðun um, hvert stefnt skuli, hvort það álítur brýna þörf á, að landið taki á sig í bráð öllu meiri skuldbindingar en orðið er vegna þeirra útlendu lána, sem tekin hafa verið í þessu skyni.

Hieðinn Valdimarsson: Jeg fæ ekki skilið, hvernig það getur verið hættulegt fyrir ríkissjóð að taka á sig ábyrgðir, ef fullar tryggingar koma á móti, og meðan hæstv. ráðh. getur ekki sýnt fram á, að lánað hafi verið út á ónógar tryggingar eða fje hafi tapast fyrir þær sakir, sje jeg ekkert athugavert við að halda áfram sama lánsfyrirkomulagi.

Að lánað hefir verið mest til sjávarsíðunnar, er ekki af því, að kaupstaðirnir hafi setið fyrir lánum. Lán til bænda hafa gengið fyrir húsabyggingalánum til kaupstaðanna. En meginþorri lánanna hefir eigi að síður farið til þeirra, af því að stóratvinnurekstrinn er þar, framkvæmdir flestar og framfarir og þörfin fyrir lánin og getan til þess að standa straum af þeim að sjálfsögðu mest þar. Hæstv. fjmrh. gat þess, að óheppilegt væri að auka lánsfjeð til Reykjavíkur, þessarar eyðimerkur, er hann nefndi svo. Það sýnir sig, að Reykjavík gefur þrátt fyrir alt meira af sjer í ríkissjóð eftir mannfjölda en nokkur staður annar og hefir meiri framleiðslu en nokkur annar fiskiveiðabær hjerlendis, að undanskildum kannske Vestmannaeyjum. Ef Reykjavík væri orðin að eyðimörk, eins og hæstv. ráðherra segir, þá hygg jeg, að lítið yrði eftir af tekjum handa ríkissjóði, og sveitirnar, sem hæstv. ráðherra virðist einar vilja láta sitja að peningastraumnum, mundu þá varla verða sá sælunnar reitur, sem margir mundu óska.

Á meðan Landsbankinn lánar fjeð úr veðdeildinni svo út, að fullar tryggingar komi á móti, þá sje jeg ekki neina hættu á ferðum, hvorki fyrir veðdeildina sjálfa nje heldur ríkissjóð.

Jón Auðunn Jónsson: Það er ekki nema eðlilegt, að mikið hafi verið lánað úr veðdeildinni, því að svo mátti heita, að fasteignaveðslán væru ófáanleg um tveggja ára skeið áður en útlánin byrjuðu. Menn urðu því að bíða

með að taka lán og fyrstu lánin úr 5. og 6. flokki voru mikið tekin út á hús og aðrar umbætur frá undanförnum árum.

Veðbankinn mun lenda alveg á sama þröskuldinum og veðdeildin, þ. e. markaðsleysi fyrir skuldabrjefin. Þótt hann kæmist upp, þarf að taka lán í útlöndum til þess að veðlánastarfsemin komi að meiri og fyllri notum. Það vakir ekki fyrir okkur, að því meira, sem bygt er við sjávarsíðuna, því betra. Við viljum ekki, að bygt sje umfram þarfir. En eins og nú stendur, er víðast mikið húsnæðisleysi. Í Vestmannaeyjum var t. d. feikna mikið húsnæðisleysi á síðastliðnu ári og í Reykjavík er, eins og kunnugt er, húsnæðisekla stöðug ár frá ári, þrátt fyrir miklar framkvæmdir í byggingum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg ætla ekki að tefja umr. mikið úr þessu. Því hefir verið haldið fram, að ekki sje hægt að benda á, að útlánsstarfsemi veðdeildarinnar hafi verið með þeim hætti, að hún bakaði ríkissjóði tjón, þannig að ekki kæmi full greiðsla á þeim lánum, sem veitt hafa verið. Jeg býst ekki við, að hægt sje að segja, að mikil töp hafi átt sjer stað í þessu efni. En það stafar eingöngu af því, hve varlega hefir verið lánað. Jeg veit ekki betur en það hafi orðið að ganga að eignum til þess að fá lánin greidd, og það hlýtur altaf einhver að tapa á því. Og þeir, sem kunnugir eru húsabraski í Reykjavík og víðar, hljóta að gera sjer ljóst, að ekki getur það alt verið á heilbrigðum grundvelli reist. Það gefur nokkrar bendingar í þá átt, að ekki sje alt með feldu, þegar Lögbirtingablaðið flytur í hvert einasta skifti, sem það kemur út, fjölda auglýsinga, þar sem auglýstar eru eignir til sölu fyrir skuldum og gjöldum til bæjarins, sem í sumum tilfellum nema 10—20 krónum, máske 100. Það sýnir, að sægur af húseigendum hjer í bænum hefir flosnað upp og ekki getað staðið straum af greiðslum, er þeim bar.

Annars þýðir ekki að fjölyrða frekar en komið er. Jeg tel enn sem komið er alveg rjett að hugsa til að breyta svo til sem gert er ráð fyrir í frv. En hinsvegar var mjög æskilegt að fá umræður um þetta í þinginu, því að þess úrskurður ræður og það verður að taka á sig ábyrgðina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 546).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir leitað upplýsinga hjá bankastjórn Landsbanka Íslands og fengið að vita, að eftir eru 2 miljónir, sem ekki er búið að lána út af þeim 10 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, sem gefnar voru út 1926. En fyrir þessum 2 miljónum eru þegar komnar lántökubeiðnir, svo að segja má, að ekki sje hægt að veita frekari lán en þegar hefir verið sótt um, ef þetta frv. verður ekki samþykt. Það er því skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sje að samþykkja lögin, svo að hægt sje að halda áfram að lána mönnum út á fasteignir sínar. Nefndin er ekki

sammála um fasteignalán yfirleitt, og munu nefndarmenn hver gera sjerstaklega grein fyrir skoðunum sínum um þau efni síðar. Meiri hl. nefndarinnar mun flytja brtt. um lánsheimild handa stjórninni, en geymir hana og umr. um hana til 3. umr. Í frv. er engin lántökuheimild fyrir stj., en meiri hluti nefndarinnar álítur, að slík lántökuheimild eigi að vera nú eins og 1926.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er ekki mikil ástæða til að tala langt mál núna. Það verður líklega frekar við 3. umr. Jeg gerði grein fyrir skoðun minni við 1. umr., og skal jeg ekki endurtaka það. En mjer dettur í hug, að það væri ekkert á móti því að gefa skýrslu um starfsemi veðdeildarinnar frá byrjun til þessa tíma. Er sú skýrsla á þessa leið:

1. fl.	byrjaði	20.	júlí	1900,	endaði	29. mars	1906
2. -	—	2.	apríl	1906	—	22. júlí	1909
3. -	—	26.	okt.	1909	—	16. sept.	1914
4. -	—	17.	ágúst	1914	—	6. febr.	1926
5. -	—	1.	okt.	1926	—	2. mars	1927
6. -	—	29.	nóv.	1926	—	7. okt.	1927
7. -	—	13.	okt.	1927			

	Stærð flokkanna.		Upprunaleg tala lána.	Núverandi tala lána.	Eftirst. 31. des. 1927.
1. fl.	1200000 kr.		1428	273	163763,60
2. -	3000000 —		1078	585	601421,73
3. -	3000000 —		1166	767	1291087,76
4. -	5000000 —		731	688	4166919,34
5. -	3000000 —		392	392	2947149,25
6. -	3000000 —		396	396	2703195,68
7. -	4000000 —	27/2 '28	311	311	2176000,00
	22200000 kr.		5502	3412	13949537,36

Eins og sjá má af þessari skýrslu, er 7. flokki ekki lokið enn. Það kann að vera, að þessi skýrsla sje ekki fullnægjandi, en þó má af henni töluvert átta sig á þessu máli. Alls hafa verið teknar 22200000 kr. og alls veitt 5502 lán. Tala núverandi útistandandi lána er 3412, en eftir standa ógreiddar 13949537,36 krónur. Í þessi 27 ár, sem veðdeildin hefir starfað, hefir hún fengið til umráða rúmar 22 miljónir króna, og enn eru ógreiddar af því um 14 miljónir.

Eitt atriði í þessu máli er sjerstaklega eftirtektarvert. Það er það, hversu mikil breyting hefir orðið á lánsupphæðunum. Þær eru miklu hærri nú en þær voru fyrst framan af og fara altaf hækkandi. Fyrsti flokkur er að upphæð 1200000 krónur. Úr honum eru lánuð 1428 lán. Sjötti flokkur er að upphæð 3 milj. kr., en úr honum eru aðeins lánuð 396 lán. Það virðist svo, að í seinni tíð hafi mjög fáir menn orðið aðnjótandi þessara lána, og eru þau þó einhver hin hagkvæmustu lán, sem hjer er kostur á. Jeg býst við, að um það kunni að verða skiftar skoð-

anir, hve langt skuli haldið áfram á þessari braut. Það er sýnilegt, að veðdeildarstarfsemin er aðallega miðuð við það, að koma upp byggingum í bæjum, kaupstöðum og kauptúnum. En jeg er hræddur um, að nauðsynlegt sje að hafa nokkra gát á að ýta ekki undir það, að allur þorri þjóðarinnar taki upp það ráð að flytja úr sveitunum og taka lánsfje til þess að koma sjer upp skýli hingað og þangað með ströndum fram, þar sem sumstaðar er ekki sem björgulegast. Jeg er hræddur um, að svo fari, að þessar eignir falli í verði. Hinsvegar er það sjálfsagt, að það þarf að vera kostur á lánum til bygginga og jarðræktar og að nokkru leyti til þess að halda áfram byggingum í kaupstöðum og kauptúnum. En það er mjög athugavert, að nú síðustu árin hafa 90% af þessum lánum gengið til þess að fjölga býlum í þorpum og kauptúnum. Það er með þetta fyrir augum, að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að fara fram á lánsheimild í því skyni. Hitt er annað mál, ef Alþingi telur á þessu svo mikla nauðsyn, að stjórnin verði að halda áfram á lántökubrautinni. En jeg verð að segja, að jeg mun nauðugur gera það, því að það er ekki lítil upphæð, sem nú er útistandandi aðeins í húsabyggingum, nefnilega ca. 14 miljónir. Það gæti verið að einhverju leyti undir hælinn lagt, hvort alt það fje fæst aftur með skilum. Jeg vildi óska, að sá ótti væri ekki á rökum bygður og að þeir, sem hafa tröllatrú á framtíð bæja og kauptúna í þessu landi, reynist ekki of bjartsýnir. Jeg vil beina því til hv. þm. yfirleitt, að þeir rannsaki þetta mál vel og rækilega, áður en gengið er frá því til fullnustu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, en jeg get ekki látið þetta mál fara svo út úr deildinni, að jeg taki ekki til máls.

Það hefir verið upplýst af hæstv. fjmrh., að í veðdeildinni eru óborguð lán að upphæð ca. 14 miljónir króna. Þó að mönnum kunni að vaxa þessi upphæð í augum, er hún áreiðanlega tiltölulega mjög lág. Ef bankinn hefði farið eftir þeim grundvallarreglum, sem annarsstaðar tíðkast, að nota fasteignir sem aðaltryggingargrundvöll, væri hagur hans betri nú en hann er. Jeg hefi haldið því fram áður, að veðdeildarstarfsemi ætti að vera hjá sjerstökum banka. En úr því að það fæst ekki, hlýt jeg að fylgja því, sem hjer er farið fram á, því að svo er mjer kunnugt um, hvað lánsþörfin er mikil. Það verður aldrei hægt að draga úr aðstreyminu til bæjanna með því að neita mönnum um aðgengileg lán til bygginga. Það er mjög eðlilegt, að menn leggi þar peninga í húsabyggingar, sem mest er upp úr því að hafa. Það er áreiðanlegt, að nú eru veð í húseignum í Reykjavík bestu veðin, sem hægt er að fá hjer á landi. Jeg er ekki hræddur um, að neinn afturkippur eigi sjer stað meðan útgerðin er við lýði.

Ástandið er óþolandi eins og það er og hefir verið um þá vesalings menn, sem eru að reyna að koma sjer upp húsum. Þeir hafa orðið að flýja til hreinna okrara, sem taka 20% í öðrum veðrjetti í húsum. Það skýtur mjög skökku við það, sem er annarsstaðar, að hjer geta þeir menn, okrararnir, haft tryggustu veðin. Það er mjög leitt, hvað veðdeildin hefir veitt lánin lág, miðað við það, sem þau mega vera eftir lög-

um og reglugerð veðdeildanna. Það er áreiðanlegt, að þetta mál er eitt af þeim, sem mest nauðsyn er á, að Alþingi láti til sín taka. Jeg tel því, eins og jeg tók áður fram, að þessari þörf eigi að skipa á þann hátt, að stofnaður verði fasteignabanki, þar sem sveitunum verður trygður forgangsrjettur að lánum. Jeg bar einu sinni fram till. um það efni, og jeg er viss um það, að ef veðbankalögin hefðu komist til framkvæmda, þá væri betur sjeð fyrir lánsþörf bænda en nú er. Aðstaða bænda utan af landi er miklu erfiðari til þeirra lána, sem nú eru fáanleg, heldur en þeirra, sem hjer eru búsettir. Það er mín bjargföst skoðun, að seðlaútgáfan ætti að vera í sambandi við fasteignaveðbankann, frekar en í sambandi við nokkurn annan banka, sem allir standa á valtari grundvelli heldur en fasteignaveðbankinn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Hv. 2. þm. Rang. hefir nú lýst því neyðarástandi, sem menn hjer í bæ ættu við að búa um að fá lán til allra hluta og sem gengi svo langt, að menn væru neyddir til að eiga skifti — jeg held jeg hafi heyrt það rjett — við okrara. En jeg hygg nú, að ekki sje nóg að líta aðeins á aðra hlið þessa máls. Það þarf einnig að líta á hina, og hún er sú, að þegar fólk, hjer sem annarsstaðar, safnast fyrir á einn stað, þá þurfi líka að vera einhverjar auðsuppsprettur til staðar, sem beri uppi nauðþurftir þessa fólks. En það sjá nú allir menn, að þótt hjer sjeu til segjum um 30 togarar, hversu fráleitt það er, að þeir beri uppi þarfir alt að 25 þús. manns. Jeg sje því ekki vel, á hvaða framleiðslu þessi bær á að hafa lífsuppeldi sitt til frambúðar. Það er að vísu svo, að hjer hafa komið fram nú um stund margvíslegir atvinnuvegir, en þótt þeir hafi blómgast nú um hríð, þá liggur mjer við að segja, að sumir þeirra sjeu óþarfir og margir svo vaxnir, að þeim er lítt að treysta til farsældar, þegar til lengdar lætur. Hjer er nú við ýmsar öfgar að stríða. Annarsvegar er talað um atvinnuleysi svo til vandræða horfi. En hinsvegar er það þó svo í raun og veru, að oft er ekki hægt að fá mann til að gera nokkurt handarvik, hvað sem við liggur. Þetta er af því, að fjöldinn vill ekki vinna að því, sem talist getur framleiðsluvinna. Það er eiginlega nokkuð hlálegt þetta, því hjer eru fleiri hundruð eða þúsundir manna, sem fúslega taka að sjer ýms innanhússtörf, þó ekki sem hjú, því það er nú ekki lengur móðins að ráða sig svo, heldur sem verslunarfólk, skrifstofufólk og þess háttar. Umsækjendur skifta jafnan hundruðum um hverja eina slíka stöðu, sem losnar, hversu auðvirðileg sem hún er. — Þótt það því sýnist fara vel á yfirborðinu, að bærinn stækki og veitt sjeu lán til þess að byggja fyrir ný hús, þá hygg jeg ekki rjett að ýta mikið undir það aðstreymi, sem þegar er orðið til bæjarins, með því að veita ótakmarkað fje til þess, að alt þetta geti haldið áfram.

Jeg veit það vel, að sumar íbúðir, sem fólk hjer notar, eru mjög ljelegar. En það er alls ekki við því að búast, að fólk, sem fátækt er, geti greitt þá húsaleigu, sem húseigendur telja nú nauðsynlegt að heimta, hvort heldur það stafar nú af of miklum kröfum, eða þá hinu, að dýrtíðin sje hjer svo mikil, að ekki sje von um, að atvinnulíf geti blómgast hjer undir því fargi.

Jeg skal láta ósagt, hvor ástæðan er þessu valdandi. En jeg hefi þó heyrt það sagt, að Reykjavík sje dýrasti bær í heimi að lifa í. Og húsaleiga mun vera þriðjungi hærri hjer en annarsstaðar á landinu. Jeg mun nú ekki fara að rekja orsakir til þess, að svo er, en hygg, að það stafi þó í fyrsta lagi af því, hve lóðir eru hjer óhæfilega dýrar. Og þá í öðru lagi af því, hve — mjer liggur við að segja — óhæfilega mikill íburður á sjer stað um flest, sem að húsabyggingum lýtur. Hjer er ekki bygður húskofi svo, að ekki þurfi að fá húsameistara til að gera teikningu af honum. Þetta er nú sjálfsagt gott, en það er sagt, að þessir menn taki æðihátt gjald fyrir verk sitt. Þá verður að hafa minst tvo lærða og dýra verkstjóra yfir byggingunni, sem krefjast mikils kaups, miðað við þá vinnu, er þeir leggja sjálfir fram. Fyrirkomulagið alt sýnist því vera miklu dýrara en það þyrfti að vera. Alt þetta bendir til þess, að afturkast muni koma fyr eða síðar, og því sje varhugavert að verja fje takmarkalaust til nýrra bygginga, sem ekki eru reistar á grunni tryggara atvinnulífs en nú horfir við. Jeg vildi vekja athygli hv. þd. á þessu, svo hún gæti einnig frá þessu sjónarmiði athugað, hvað langt beri að fara í því að verja fje til að auka vöxt — en ekki viðgang — þessa bæjar. Jeg býst við því, að sumir muni hneykslast á þessu, en það verður þá að hafa það. Jeg tel rjettara, að sannleikurinn komi fram í þessu máli.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg ætlaði ekki að blanda mjer inn í deilur um þetta mál. En eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. fjmrh. verð jeg að taka til máls. — Það lítur svo út, eftir orðum hæstv. ráðh., að þetta frv., sem gerir ráð fyrir því að auka veðdeildarfje um 10 milj. kr., eigi að vera sem nokkurskonar pappírslög fyrir Reykjavík, en fjeð eigi eingöngu að lána til sveita. Nú er það svo, að skýrsla hefir verið gefin um það, hvernig þau lán, er veitt hafa verið úr veðdeildinni, hafa skiftst. Sýnir hún að vísu það, að langmestur hlutinn hefir verið lánaður til sjávarsíðunnar. En bankastjórnin hefir verið spurð að því, hvernig á því stæði, og hún hefir svarað því þannig, að bændur hafi fengið öll umbeðin lán og hafi haft forgangsrjett að lánunum, þannig að þeir þurftu ekki að bíða neitt eftir þeim, þar sem sjávarmenn aftur á móti voru látnir bíða, þar til röðin kæmi að þeim. — Þetta, að svona lítið hefir verið veitt bændum af lánum þessum, stafar af því, að eftirspurnin frá þeirra hálfu hefir ekki verið meiri en þetta. Hinsvegar er það svo, að lán þau, er veitt hafa verið út á hús hjer í Reykjavík, eftir þeim reglum, er veðdeild eru settar og bankastjórnin hefir framfylgt, eru svo lág, að fylsta trygging er fyrir greiðslu þeirra. Hjer og annarsstaðar hefir ekki verið lánað meira út á húsin en sem svarar 25—30% af gangverði þeirra. Það verður því mikið afturkast, ef þau seljast ekki fyrir meira en ¼ hluta þess. Það fer þá að verða spurning um afkomu landsins í heild, ef afturkippurinn verður svo mikill hjer í Reykjavík, að húsin standi ekki í einum fjórða hluta af núverandi verðmæti sínu. Þá er hætt við, að ríkissjóður hafi úr litlu fje að spila til bygg-

inga nýrra vega, strandferða og annara framkvæmda. Því er ekki hægt að neita, að ríkissjóður fær mest af gjöldum sínum frá Reykjavík. Útgerðarmenn og kaupmenn, sem hafa miklar tekjur, leggja allmikið fram. Og þá er ekki síour drjúgt, sem hjeðan drýpur frá allri alþýðu manna, sem hún greiðir í allskonar tollum og sköttum. Ef alt það fje hætti að renna gegnum ríkissjóðinn, þá hefði ríkið lítið fje til framkvæmda. Þar sem ræða hæstv. fjmrh. virtist bera vott um, að hann vildi stöðva lán til Reykjavíkur af þeirri ástæðu, að bærinn mætti ekki aukast meira, þá er rjett að minnast á það, hvort eftirspurn undanfarandi ára hefir verið eðlileg eða ekki. — Síðan lögin um nýja flokka bankavaxtabrjefa frá 1926 komu til framkvæmda, hafa verið veittar 8 miljónir, en eftir eru þá 2 miljónir, sem þegar er búið að sækja um og verða veittar á næstu mánuðum. En þeir, sem þurftu að byggja, voru orðnir svo langsveltir, að strikið, sem komst á 1926, er alveg óeðlilegt. Má því búast við, að þetta fari að jafnast úr þessu og eftirspurnin fari að verða eðlileg. En að stöðva þessi lán nú mundi hafa þau áhrif, að bankavaxtabrjefin fjellu, til mikils óhagræðis fyrir lántakendur. Þegar svo þessi lán væru opnuð aftur, kæmi nýr straumur. Og hræðsla manna við, að þessi lán yrðu enn stöðvuð, mundi mjög herða á þeim að nota þau. Það er því áreiðanlega rjettara að halda þessum lánum hiklaust áfram. Þá er hitt atriðið, hvort rjett sje að afnema þessi lán til þess að stöðva vöxt Reykjavíkur. Jeg held nú, að það hafi ekki mikil áhrif á innflutning fólks, hvort bygð eru fleiri eða færri hús á ári hverju. Þar kemur annað til greina. Á Eyrarbakka t. d. standa húsin tóm, og þó flytur fólk ekki þangað. Það eru aðrar orsakir, sem liggja til grundvallar fyrir því. Meðan fólkið telur betra um afkomu hjer í bæ en annarsstaðar, þá flykkist það hingað. — Það kemur þá til álita, hvort leyfa eigi mönnum húsaskjól, þar sem þeir vilja helst vera, eða að minsta kosti þess sje ekki varnað, að menn byggi sjálfir yfir sig heilnæma bústaði. Hæstv. stjórn gæti ráðið því með stöðvun veðdeildarlána til Reykjavíkur, að menn lægju í kös í óheilnæmum íbúðum, en hún gæti ekki stöðvað innflutninginn með því. Þá gat hæstv. fjmrh. um það, að byggingar hjer yrðu dýrari en þær þyrftu að vera, vegna dýrra byggingarmeistara og verkstjóra. En jeg hygg, að ekki sje hægt að taka byggingar úti um land til fyrirmyndar í þessu efni, enda hvaðan ætti þeim að koma kunnáttan? Hjer eru byggingar og verkstjórn áreiðanlega í besta lagi hjer á landi, og svarar áreiðanlega best kostnaði að láta þá hafa umsjón með byggingum, sem sjerþekkingu hafa, þó að það kosti meira. Annað mál er það, hvort ekki þyrfti að vera betra skipulag á byggingum hjer en nú er. En nú hefir skipulagsnefnd verið starfandi undanfarið. Ætti starf hennar að tryggja það, að betur yrði gengið frá þessu í framtíðinni. Í sveitum er ekki um neitt slíkt að ræða. Það þarf að tryggja það, að vel sje frá öllu slíku gengið hjer sem annarsstaðar, en það verður heldur ekki gert með stöðvun veðdeildarlána, sem hæstv. fjmrh. virðist helst telja allra meina bót.

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. fjmrh. fór hógværum orðum um þá hlið þessa

máls, að ekki væri rjett að veita fje takmarkalaust til húsagerðar hjer í Reykjavík og auka þar með straum fólksins hingað frá sveitunum. Jeg vil taka undir það með honum, að ekki sje rjett að styðja fólk meira en orðið er til að flytja til kaupstaðanna úr sveitunum, þó sjálfsagt verði erfitt að stöðva þann straum. En jeg vil þó benda á eina hlið þessa máls, sem enn hefir ekki verið rædd. Hún er sú, að ef menn fá að byggja, þá lækkar einnig húsaleigan, og það er besta ráðið til að lækka þá dýrtíð, sem nú er hjer. Það mun vera rjett, að Reykjavík er dýrasti bær í heimi. En grundvöllur þess er, hve mikil óstjórn hefir verið á peningamálunum hjer og er enn þann dag í dag. Það er rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að veðdeildin hefir ekki lánað meira en 25—30% út á verðmæti húsanna hjer. Þetta hefir oft glapið þeim sýn, sem hafa ætlað að byggja, einkum efnalitlum mönnum, sem hafa staðið í þeirri meiningu, að þeir fengju hærri lán úr veðdeildinni. En þetta hefir svikið og þeir hafa þá orðið að nota óeðlilega dýr lán, til þess að þurfa ekki að stöðva bygginguna. Þetta hefir svo orðið til þess, að húsin hafa orðið óeðlilega dýr og húsaleigan eftir því. Það er því spurning, hvort ekki væri rjett að veita hærri lán út á hús og aðrar fasteignir en nú er gert. Þegar litið er á þau lán, sem veitt hafa verið, þá eru þau lítil í samanburði við eignir landsins. Þetta hefir verið svo óþolandi ástand, að fá ekkert út á 2. veðrjett húseignanna hjer, að jeg er hissa á því, að það hefir ekki verið gert að blaðamáli fyrir löngu. Vil jeg beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh., að hann taki þetta mál vel til yfirvegunar og reyni að koma því í betra horf. — Það gladdi mig, hve bankastjórnin tók vel í þetta mál, og jeg veit, að það eru margir fleiri, sem skilja það vel, hve mikill munur það er að lána út á tryggar fasteignir heldur en svo sem gert hefir verið út í óvissu, og því er nú komið sem komið er með hag bankanna. Jeg vil treysta því, að það sje meining stjórnarinnar að útvega mönnum hagkvæm lán út á tryggar fasteignir, og vil fylgja henni í því.

Halldór Stefánsson: Hv. frsm. gat þess í ræðu sinni, að fjhn. hefði fengið upplýsingar um þau veðdeildarlán, sem veitt hafa verið undanfarið, og að eftir þeirri skýrslu, sem bankastjórnin gaf, þá hefði þeim lánum verið hagað þannig, að bændur landsins hefðu átt forgangsrjett að þeim, á þann hátt, að þeir hefðu verið látnir sitja í fyrirrúmi um afgreiðslu lánanna. Það má nú vera, að hv. frsm. hafi fengið þessar upplýsingar hjá bankastjórninni, en fyrir nefndinni leit þetta nokkuð öðruvísi út, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi lágu. Þó lán þau, sem til sveita hafa gengið, sjeu miklu minni en til kaupstaðanna, þá getur það verið af eðlilegum ástæðum, sem liggur í aðstöðumun þeim, sem þeir eiga við að búa. Þótt líkt væri um lánbeiðnir úr sveitum og kaupstöðum, þá eru bændurnir, vegna fjarlægðar og annarar aðstöðu sinnar, oft útilokaðir frá að ná í veðdeildarlán. Bændur eiga verri kost á að fá bráðabirgðavíxla upp á loforð um lán síðar meir heldur en menn hjer eiga o. s. frv.

Jeg skal þá víkja að því, hverjar

upplýsingar lágu fyrir fjárhagsnefnd um þetta efni og hvernig þetta lítur út samkvæmt þeim. Þessar upplýsingar ná aðeins til 5., 6. og 7. flokks, eða þeirra flokka, sem bygðir voru á lögum nr. 26, 15. júní 1926.

Í **5. flokki** er tala lána *til kaupstaða og verslunarstaða alls um 360 og lánsupphæð alls kr. 2808100, en til sveita er tala lána 32 og lánsupphæð alls kr. 191900.*

Með öðrum orðum, af lánsupphæðinni allri í 5. flokki hafa *kaupstaðir og verslunarstaðir fengið 93,6%, en sveitirnar aðeins 6,4%.*

Í **6. flokki** eru veitt alls *325 lán til kaupstaða og verslunarstaða,* alls að upphæð *kr. 2673000,* en til *sveita* eru veitt *71 lán,* alls að upphæð *kr. 327000.* Í þeim flokki hafa *kaupstaðir* fengið *89%, en sveitir 11%* af allri lánsupphæðinni.

Í **7. flokki**, sem ekki er fulllánaður, eru þegar veitt *209 lán til kaupstaða og verslunarstaða,* og er upphæð þeirra alls *kr. 1651800,* en til *sveita* eru veitt *59 lán,* og upphæð þeirra alls *kr. 218900.* Í hundraðshlutföllum sama og í 6. fl., eða *89% til kaupstaða en 11% til sveita.*

Um það hefir verið getið hjer, hve mikið er enn ólánað af 7. fl. og hvernig ástatt er um sölu brjefanna. En jeg vil taka það fram, til þess að gera þetta yfirlit sem fylst, að frá því hefir verið skýrt, að enn liggja fyrir 61 lán veitt, en enn ótekin, samtals að upphæð 309100 kr., þar af 31 lán til sveita, að upphæð alls kr, 90800. Óafgreiddar liggja fyrir rúmlega 300 lánbeiðnir. Allar þessar tölur eru teknar eftir skýrslu Landsbankastjórnarinnar til fjhn., er gefin var með brjefi dags. $^{18}/_{2}$, og nær sú skýrsla til 2. febrúar þ. á.

Jeg vildi aðeins gefa þessar upplýsingar út af ummælum, sem hjer hafa fallið, sjerstaklega frá hv. 2. þm. Reykv.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg fæ ekki sjeð, hvað það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, kemur í bága við ummæli mín.

Jeg tók það fram, að meira hefði verið veitt til kaupstaða en til sveita, en jeg ljet það fylgja með, að það er einungis af því, að eftirspurnin er miklu minni frá sveitunum.

Jeg hafði mínar upplýsingar frá bankastjórum Landsbankans, eins og hv. 1. þm. N.-M., en mínar upplýsingar eru að vísu nýrri. Sögðu þeir, að lánbeiðnir frá sveitunum væru afgreiddar svo að segja jafnóðum og þær berast, og væri það vegna þess, hve þær væru fáar; en lánbeiðnir frá kaupstöðum væru látnar bíða eftir sinni röð. Við hjer í Rvík vitum, að það tekur oft 6—9 mánuði að fá lán úr veðdeild, og verð jeg að segja, að það er mikill munur eða að fá það undireins. Jeg segi ekki, að það muni svo ákaflega miklu, að sveitirnar eru látnar ganga fyrir, en þá er heldur alls ekki hægt að segja, að bæirnir taki fjeð frá sveitunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

11.—26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 26. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 400, 582).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Eins og frá var sagt við síðustu umr., er nefndin ekki sammála að því leyti, að meiri hl. vill fá samþ. brtt., sem fer fram á, að stj. verði veitt heimild til að taka 3 miljóna lán til þess að kaupa bankavaxtabrjef. Eftir upplýsingum frá stjórn Landsbankans er ekki hægt að búast við, að bankinn eða viðskiftamenn hans geti keypt veðdeildarbrjef á þessu ári fram yfir þau, sem óseld eru af síðustu útgáfu. Bankinn hefir haldið áfram að kaupa brjefin og selt þau, aðallega til Svíþjóðar, en bankastjórnin býst ekki við, að bankinn geti keypt þær 2 milj., sem eftir eru, hvað þá heldur meira. Og þess vegna leyfir meiri hl. sjer að leggja til, að þetta lán verði tekið, svo að hægt yrði að halda áfram að veita lán úr veðdeildinni. Jeg hygg, að það sjeu allir sammála um, að þetta ástand er óviðunandi, en þar er sú bót í máli, að hæstv. forsrh. hefir lýst yfir því, að hann muni á næsta þingi leggja fram drög til nýrrar fasteignalánsstofnunar, sem jeg vænti, að nái ekki síður til bæja en sveita.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg get ekkert haft á móti því, þó að þessi heimild sje sett inn í frv. Hitt er annað mál, að hún verður ekki notuð, nema brýn nauðsyn beri til. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, að jeg er ekki viss um, að það sje heppilegt, að þessar 3 milj. eigi að vera flokkur út af fyrir sig. Jeg held, að það sje erfitt reikningshaldsins vegna að gera þetta að sjerstökum flokki, af því jeg álít, að samtímis verði selt mikið af öðrum brjefum. Mjer finst, að 1. gr. geti staðist út af fyrir sig, og það er vafasamt, hvort það er heppilegt að hafa þessa flokkun. Ef ekki koma óyggjandi upplýsingar um það, að þetta valdi ekki óþægindum, vil jeg mælast til þess við nefndina, hvort hún geti ekki orðið við þeirri ósk að athuga þetta nánar. Jeg býst við, að hæstv. forseti sjái sjer fært að láta greiða atkvæði um þennan hluta till. út af fyrir sig.

Jón Auðunn Jónsson: Það er ekki komin úr prentsmiðjunni brtt., sem jeg flyt við þetta frv., en jeg vænti þess, að hæstv. forseti vilji taka til greina skriflega brtt. Brtt. mín fer í þá átt að fella niður úr 6. gr. „kaupstaðir eða kauptún". Eins og menn vita, er ekki heimilt fyrir veðdeild Landsbankans að lána út á hús, nema því aðeins, að húseignin standi á verslunarlóð. En verslunarlóð er í smærri kaupstöðum oft mjög óákveðin, og það er til dæmis oft, að menn byggja í athugaleysi rjett fyrir utan takmörk verslunarlóðarinnar. Mjer finst engin ástæða til að útiloka þá menn, sem hafa bygt rjett við takmörk lóðarinnar, frá því að fá lán, en það hefir verið gert, af því að þetta ákvæði hefir staðið í lögunum um veðdeildina. Til dæmis getur ekki veðdeildin, eins og lög hennar eru, lánað út á hús vestan við verslunarlóð Reykjavíkur, í Seltjarnarneshreppi, þó að það sje aðeins örfáa metra frá verslunarlóð Reykjavíkur, nema um jarðarhús sje að ræða. Af þessu getur leitt hin mestu óþægindi. Það er oft, að hús, sem eru utan við verslunarlóðina, eru verðmætari og í alla staði eins

vel hæf til leigu og sölu og hús, sem eru á verslunarlóðinni. Mjer finst ótækt, að það standi áfram í lögunum, að óheimilt sje að lána út á önnur hús en þau, sem eru fyrir innan takmörk verslunarlóðarinnar.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svo hljóðandi skrifleg brtt. frá háttv. þm. N.-Ísf.:

„Við 6. gr. Orðin „í kaupstöðum og verslunarstöðum" falli niður".

Til þess að tillagan verði borin undir atkv., þarf að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verður þskj. 605) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir hans undir brtt. nefndarinnar. Við flm. erum auðvitað sammála um, að ekki eigi að nota þessa heimild nema brýn nauðsyn beri til. Hæstv. ráðh. gat þess, að heppilegt væri, að lán ríkissjóðs væru ekki af sjerstökum flokki, því að jafnóðum væri hægt að fá önnur lán, án þess að ríkissjóður tæki þau. En brtt. er flutt nákvæmlega eftir lögunum frá 1926, og þar er gert ráð fyrir, að þær 3 miljónir, sem þá var veitt heimild fyrir, sje sjerstakur flokkur. Við meirihlutamenn hugðum, að sömu ástæður væru fyrir hendi nú eins og þá. Annars mun þetta verða athugað í hv. Ed.

Magnús Guðmundsson: Mjer þykir rjett að mæla með samþykt brtt. á þskj. 582. Það getur aldrei skaðað, að stjórnin hafi heimild til þess að taka lán. En út af aths. hæstv. ráðh. vil jeg benda á, að eftir 1. gr. sýnist vera mjög hægt að koma þessu fyrir eins og hv. meiri hl. nefndarinnar vill. Það má skifta bankavaxtabrjefunum í flokka og hafa tvo flokka starfandi samtímis. Þetta er gert til þess, að hægt sje að halda lánunum aðskildum og reikna út fyrir hvern flokk, hve háir vextirnir þurfi að vera. Jeg hygg, að engin vandkvæði sjeu á að hafa þetta lánsfje, ef til kemur, sjerstakan flokk. Enda er svo ákveðið í 1. gr., að hver flokkur má ekki vera hærri en 3 milj.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það þýðir ekki að fara að hefja deilur um það, hvort þetta sje heppilegt eða ekki. Það verður athugað í hv. Ed. En jeg vil geta þess, að jeg sje ekki, að þessu verði við komið á annan hátt en þann, að fleiri en einn flokkur sjeu starfandi samtímis. Þá gæti svo farið, að flokkarnir yrðu 3, því að ef á að halda þessu lánsfje út af fyrir sig, má búast við, að þurfi alveg sjerstakt bókhald fyrir annað fje, sem veðdeildin hefði í umferð á sama tíma. Jeg hygg, að þetta geti valdið óþægindum, en jeg sje ekki ástæðu til að ræða frekar um það, þar sem málið er svo langt komið. Hinsvegar mun jeg taka það nánar til athugunar, áður en gengið er frá málinu í Ed.

Magnús Jónsson: Jeg er sammála hæstv. fjmrh. um það, að ekki sje heppilegt að hafa brjefin, sem keypt eru fyrir lánið, sjerstakan flokk. Mjer er kunnugt um það frá 1926, að þetta þótti valda óþægindum. Jeg álít langeðlilegast, ef lánið er tekið, sem jeg vænti fastlega að verði, verði því varið

til þess að kaupa brjef, sem þá liggja fyrir á markaðnum. Hagsmunirnir af því að hafa brjef ríkissjóðs í sjerstökum flokki eru ímyndun ein. Það væri vegur að bera fram um þetta skriflega brtt., en af því að málið á eftir að ganga í gegnum hv. Ed., býst jeg ekki við því að bera fram brtt. Hæstv. fjmrh. er vís til þess að bera slíka brtt. fram þar. Og þó að þetta ákvæði væri felt niður, er stjórninni heimilt að láta þessi brjef vera í sjerstökum flokki, ef einhverjar ástæður gera það heppilegra. Jeg stóð upp aðeins til að leggja inn orð með því, að gert yrði það, sem hægt er, til þess að lánið verði tekið. Það væri mjög bagalegt, ef menn hættu að geta fengið veðdeildarlán.

Út af brtt. háttv. þm. N.-Ísf. skal jeg aðeins geta þess, að mjer virðist sú heimild, sem þar er gefin, geta verið mjög varhugaverð. Við verðum að fara ákaflega varlega í alt, sem veikt getur traust á veðdeildarbrjefunum, en mjer virðist þetta stefna beint í þá átt.

Ólafur Thors: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af brtt. hv. þm. N.-Ísf. Jeg hefi áður átt tal um þetta við stjórn Landsbankans og get upplýst, að bankastjórnin lagði á móti slíkri breytingu. Jeg hefi nú aftur haft tækifæri til að tala við bankastjórnina, og hún lítur þannig á, að það sje að vísu rjett, sem hv. þm. N.-Ísf. tók fram, að verðgildi húseignar, sem liggur nærri kaupstöðum, sje oft jafnmikið verðgildi þeirra eigna, sem liggja innan kaupstaðarins, en hinsvegar bendir bankastjórnin á það með rjettu, að þurrabúðir sjeu hæpið veð, af því að verðgildi þeirra fer mjög eftir því, hver er ábúandi á hverjum tíma. Við skulum taka til dæmis, að söðlasmiður fari austur í Árnessýslu og reisi þar hús. Það hús er ágætlega veðhæft meðan söðlasmiðurinn býr þar, vegna atvinnu hans. En ef hann flytur burt, fellur verðgildi hússins. Ef alment væri að leggja kvöð á veðdeildina til þess að lána út á slíkar húseignir, er það mjög illa farið. En ef um er að ræða eign, sem er vel veðhæf, hefir bankastjórnin tekið tillit til þess. Af því að mjer finnast rök bankastjórnar Landsbankans rjett, er jeg á móti tillögu hv. þm. N.-Ísf. Vænti jeg þess, að hv. þdm. geti aðhylst skoðun bankastjórnarinnar, eins og jeg hefi nú skýrt frá henni.

Jón Auðunn Jónsson: Hjer er aðeins farið fram á, að veðdeildinni sje *heimilt* að veita lán út á húseign utan verslunarlóðar. Jeg held, að það sje alveg sjálfsagt að gera þetta. Að veðdeildin láni með tilliti til þess, hver á húsið, er óforsvaranlegt. Veðdeildarlánið bindur eignina, en ekki manninn, sem á eignina. Dæmið, sem hv. 2. þm. G.-K. tók, á ekki við hjer. Það, sem jeg fer fram á, er aðeins það, að menn geti fengið lán, sem byggja aðeins lítið eitt fyrir utan verslunarlóðina, en geta ekki fengið vottorð um, að þeir sjeu á verslunarlóðinni, þó að þeirra húseign sje fullkomlega eins veðhæf og væri hún á verslunarlóðinni.

Þess ber einnig að gæta, að í reglugerðinni, sem sett verður, má taka upp skilyrði um það, að út á húseign utan verslunarlóðarinnar skuli aðeins lánað, þegar veðdeildin hefir *fulla vissu* um, að veðið sje jafngott og þó að húsið væri á verslunarlóðinni. Jeg tel það alveg ótækt, að fjöldi manna, sem kannske ekki þekkir verslunarlóðatakmörkin,

fái ekki lán út á hús sín, þó að þau sjeu fullkomlega veðhæf.

Ólafur Thors: Hv. þm. N.-Ísf. benti á, að veðdeildarlögin væru aðeins heimildarlög. Já, eftir orðalaginu eru þau það, en í framkvæmdinni eru þau það ekki. Þegar lánbeiðandi getur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru, þykir hann eiga kröfurjett til láns.

Hv. þm. hefir misskilið það, sem jeg sagði um álit bankastjórnarinnar. Jeg sagði ekki, að veðdeildarlánin ættu að fara eftir því, hver ætti húsin. Jeg sagði, að ef lána ætti út á þurrabúð, gæti verðgildi hennar farið eftir því, hver væri eigandinn á hverjum tíma. Hann taldi dæmið, sem jeg tók, ekki vera rjett, af því að tillaga sín ætti aðeins við eignir, sem væru við takmörk verslunarlóða. En eins og brtt. hans er orðuð, má yfirleitt lána út á húseignir, sem eru fyrir utan kaupstaði eða kauptún. Mjer væri ljúft, ef hægt væri að heimila í veðdeildarlögunum lán út á húseignir, sem eru mjög nærri kaupstöðum, en þá yrði ákvæðið að vera það þröngt, að það næði ekki jafnt til húseigna hvar sem væri. Jeg vil benda hv. þm. á, að það er yfirleitt svo um þær húseignir, sem liggja nærri verslunarlóðum, að lánað er út á þær sem næst því, sem veðdeildin lánar.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 2. þm. G.-K. vill ekki viðurkenna, að þetta sjeu heimildarlög. En það eru heimildarlög samt. Það hefir komið fyrir, að veðdeildin hefir ekki lánað um tveggja ára skeið í senn. Það getur staðið svo á, að ekki þyki rjett að láta lögin koma til framkvæmda. Ef mín tillaga verður samþykt, er veðdeildinni heimilt að veita lán til húsa hvar sem er, en það er venjan að binda með reglugerð, hvað til þess þurfi, að eignin sje veðhæf. Jeg veit, að fyrir vestan hefir veðdeildin framkvæmt það mjög stranglega að lána ekki út á eignir utan verslunarlóðar.

Yfirleitt þykir mjer fara best á því, að sem mest af starfsreglum veðdeildarinnar sje ákveðið með reglugerð, en ekki með lögum, enda eru lögin aðeins rammi um það, sem má gera, en reglugerð setur nánari ákvæði um það, hvernig eigi að framkvæma lögin. Þar sem nú er upplýst af hv. 2. þm. G.-K., að veðdeildin fer nú ekki stranglega eftir þessu verslunarlóðaákvæði, er því meiri ástæða til að breyta um.

Ólafur Thors: Það er aðeins örstutt aths. Jeg sá það á svip hv. þm. V.-Húnv., hverskonar viska það var, sem hann var áðan að hvísla að hv. sessunaut sínum (JAJ), því að hann hló svo hjartanlega, þegar hv. þm. N.-Ísf. sagði þessa reginvitleysu. Jeg get ekki stilt mig um að skýra hv. deild frá því, að það, sem hv. þm. hvíslaði, var það, að þetta væru heimildarlög. Það átti svo sem að þjappa að mjer fyrir það, að jeg gerði ráð fyrir því, að þessi lög, ef samþykt verða, komi til framkvæmda. Jeg veit það að vísu vel, að þetta eru heimildarlög og að hægt er að fresta framkvæmd þeirra. En sje það meiningin, að þau eigi ekki að koma til framkvæmda, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða er til að leggja kapp á, að þessi brtt. verði samþykt, og ljeleg rök eru það fyrir ágæti brtt., að hún sje skaðlaus af því að sjálf lögin eigi ekki að komast í framkvæmd. Jeg bið svo hv. þdm. að hafa það hugfast, að

stjórn veðdeildarinnar er andvíg þessari tillögu af góðum og gildum ástæðum, sem jeg hefi drepið á.

Jón Auðunn Jónsson: Aðeins stutt aths. til að bera sakir af hv. þm. V.-Húnv. Hann átti engan þátt í því, sem jeg sagði. Hann var að hvísla alt öðru að mjer; en þau orð þm. gáfu mjer von um, að till. mín verði samþ. af hv. deild. Það, sem jeg sagði, verður því að skrifast á minn reikning, en ekki hans. (**ÓTh:** Það er ómögulegt!). Annars held jeg, að þetta gefi ekki tilefni til þess að fara að halda meiri háttar ræðu. Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg held fast við það, að rjett sje að samþ. hina skriflegu brtt. mína.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki tefja tímann. Aðeins vildi jeg minnast á hina skriflegu brtt. hv. þm. N.-Ísf. Jeg legg eindregið til, að sú till. verði samþykt. Jeg lít svo á, að það sje á valdi bankastjórnarinnar að meta í hverju einstöku tilfelli veðhæfi þeirra eigna, sem láns er beiðst út á, og megi því hafa þetta ákvæði rúmt í lögunum. Jeg tel líka, að hingað til hafi frekar verið lánað of lágt en of hátt. Jeg hygg, að það geti verið fulltrygt veð í húsum, sem standa rjett við kaupstaðalóðir. Eins má segja um smábýli í sveitum, sem svo lítið land fylgir, að þau teljast ekki jörð með sjerstöku hundraðatali. Þau eru venjulega reist af atorkumönnum, sem byrja smátt, en ætla sjer að rækta umhverfis býlin og kaupa síðar land til viðbótar, en styðjast að öðru leyti við aðra atvinnu. Þar sem slík býli eru vel í sveit komin, er engin hætta á, að þau leggist aftur í auðn, því þótt sá fyrsti hverfi frá þeim, þá eru þau mjög eftirsótt og er því altaf verð í þeim. Jeg tel því óráðlátt að útiloka slíka menn frá slíkum lánum, sem hjer um ræðir. Þótt þessi býli heyri ekki undir nýbýli vegna landleysis, þá eru þó þessir menn brautryðjendur, sem vert er að styrkja. Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að ef mikið ætti að lána út á þetta, þá gæti það verið hættulegt. En sje venjulegt mat og varfærni viðhöfð, þá tel jeg hættuna enga. Jeg vil því leggja til, að till. hv. þm. N.-Ísf. verði samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 605 samþ. með 18:2 atkv.

— 582 samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, ÁÁ, EJ, GunnS, HG, HK, HjV, JJós, JAJ, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, IngB, JörB, MT.

Tveir þm. (BÁ, JÓl) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 610).

Á 60. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Þetta mál þarf í rauninni ekki mikilla

skýringa við. Þetta er samskonar frv. og oft áður hefir legið fyrir þinginu, um nýja veðdeildarflokka. En það er að því leyti frábrugðið þeim venjulegu frv., að í þessu var ekki nein heimild fyrir stj. til lántöku, eins og það var lagt fyrir Nd. En háttv. Nd. hefir talið þörf á að setja inn í frv. slíka heimild. Það má nú að vísu líta svo á, að þegar sje alllangt gengið í þessu efni, þar sem það fje, sem veðdeildin hefir haft til meðferðar, er orðið 22 milj. kr. og ekki er lengra komið en það, að búið er að endurgreiða 8 miljónir. Það eru þá um 14 miljónir, sem veðdeildin á útistandandi. Það má vera, að sumum ógni þessar upphæðir, en jeg tel ekki mikið við þær að athuga, ef fjenu hefir jafnan verið varið þannig, að líklegt sje, að það beri mikinn og góðan árangur til almennra heilla fyrir þjóðfjelagið. Sumir telja, að mikið af þessu fje hafi gengið til þess að byggja bústaði yfir það fólk, sem streymir frá sveitunum til kaupstaðanna, og þá einkum hingað til Reykjavíkur. Jeg skal ekki leggja dóm á þetta, en jeg tel ekki líklegt, að sá straumur verði stöðvaður með því að gera lánskjörin erfiðari; en mjer finst full ástæða fyrir Alþingi að athuga, hversu langt sje rjett að ganga í því að taka lán til þessa. Þó hjer sje ekki talað um nema 3 miljónir, þá má búast við, og reyndar telja víst, að þegar það er búið, verði farið fram á meira. Mjer finst vert að gera sjer grein fyrir, hvar staðar eigi að nema. Það er vitanlegt, að þetta fje gengur nær eingöngu til bygginga í kaupstöðum.

Jafnframt því, að þessi lánsheimild var sett inn í hv. Nd., voru sett inn í 25. gr. ákvæði, sem jeg tel til spillis, og þyrfti að breyta þeim. Jeg skal ekki fara út í það nánar, en geri ráð fyrir, að nefndin athugi, hvort 25. gr. getur staðist eins og hún nú er orðuð. Jeg skal svo ekki fara frekar út í efni frv., en legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

Jón Baldvinsson: Það var gott, að hæstv. fjmrh. kom fram með þetta frv., því að jeg álít, að ekkert væri verra en það, að veðdeildarlánin stöðvuðust eða brjefin fjellu. Þá færi svo, að þeir, sem ráðast í að byggja yfir sig, ættu ákaflega erfitt með að bjarga sjer áfram. Jeg álít hina mestu nauðsyn að sjá fyrir þessu, og ekki síst, að fje sje fyrir hendi til að kaupa brjefin fyrir. Sje það ekki, má búast við, að þau falli niður úr öllu valdi. Jeg vænti, að hæstv. stjórn geri sitt til að sjá um, að ekki verði stöðvun á þessum lánveitingum og að afföll verði ekki mikil á brjefunum, og er það vitanlega best trygt með því, að fje sje fyrir hendi til kaupa á þeim. Um þessar lántökur get jeg sagt það, að mjer ægja þær ekki svo mjög, með því að þarna standa trygg verðmæti altaf á bak við. Og þó að mikið gangi til bygginga í kaupstöðum, fá sveitirnar líka lán, og þó að hömlur yrðu lagðar á lánveitingar úr veðdeild, eða veðdeildarlán fengjust ekki, þá mundi það engu breyta um fólksstrauminn til bæjanna, heldur aðeins verða til þess að auka dýrtíð og vandræði yfirleitt í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 610, n. 633).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg gæti látið nægja að vísa til nál., en vil aðeins bæta við þeim ummælum frá nefndinni, að hún álítur, að þetta mál þurfi að komast þannig til framkvæmda, að ekki verði stöðvun á lánum úr veðdeildinni. Nefndin álítur, að ef ekki verður nægilegt fje til þess að kaupa brjefin, þá muni verð þeirra falla og kannske komast ofan í 60—70% af ákvæðisverði, eins og var, þegar erfiðast var um þessi lán.

En það væri mjög mikið óhapp fyrir alla, ef menn þyrftu að taka lánin með þeim ókjörum, að fá ekki nema ⅔ af nafnverði brjefanna.

Í 25. gr. frv. er stjórninni heimilað að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstj. kaupir samkv. heimild þessari, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal koma honum þannig fyrir, að ríkissjóður verði undir öllum kringumstæðum skaðlaus af kaupunum.

Hverjum augum sem menn líta á fjárhag ríkissjóðs, þá hlýtur það að vera alveg áhættulaust að taka þetta lán, þar sem úr veðdeild er einungis lánað gegn 1. veðrjetti, og aldrei nema nokkur hluti af matsverði eignanna, matsverði, sem oft er langt fyrir neðan sannvirði þeirra. Og það virðist benda á, að veðdeildarlán sjeu örugg lán fyrir veðdeildina, að þess heyrist sjaldan getið í seinni tíð, að eignir sjeu seldar á uppboði vegna vanskila við veðdeild Landsbankans.

Jeg vona, að hæstv. stj. hagi svo til, að brjefin falli aldrei í verði og aldrei verði stöðvun á lánum úr veðdeild Landsbankans. Því að ef stöðvun verður, þá verður afleiðingin sú, að þegar opnað er aftur, þó sópast á skömmum tíma burtu margar miljónir úr veðdeildinni, af því að menn eru búnir að bíða svo lengi eftir lánum. Á næstu árum má lána minna en verið hefir á seinustu árum, en það verða vandræði, ef útlánin stöðvast alveg.

Jeg geri ráð fyrir því, að auðvelt verði fyrir stj. nú eins og hingað til að fá lán í þessu skyni. Jeg þori að fullyrða, að þetta er mjög mikilsvert mál, bæði fyrir sveitir og kaupstaði.

Sú mótbára kom fram í hv. Nd., að greið veðdeildarlán ykju strauminn til kaupstaðanna, vegna þess að lánin væru mest notuð þar. En þetta er hinn mesti misskilningur. Það eru alt aðrar ástæður, sem eru fyrir þeim straumi, eins og sjá má af því, að sá straumur minkaði ekkert, meðan veðdeildarlánin lágu niðri.

Að lokum vil jeg mæla með því, að deildin samþykki þetta frv., og vil enn á ný þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi að vísu ekkert á móti því, að þessi heimild til lántöku var sett inn í frv. En hinsvegar get jeg ekkert sagt um það, hvort eða hvernig hún verði notuð, því að það getur verið alveg álitamál, hvað við eigi í því efni í hvert skifti.

Mjer fanst það nokkuð stórt tekið til

orða hjá hv. 5. landsk., að veðdeildarlánin mættu aldrei stöðvast, en hinsvegar geri jeg mjer bestu vonir um, að þessi brjef geti selst töluvert innanlands, og kannske eitthvað utanlands, og mjer þætti æskilegast, að sem mest af brjefunum gæti selst á þann hátt. En fyr en útsjeð er um það, hvernig það tekst, er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hvort þessi lánsheimild er nógu há til þess að aldrei verði stöðvun á lánum.

Jeg held, að ekki sje gott að fullyrða um það, hvort slíkt lán fæst með sæmilegum kjörum og til nógu langs tíma. Því að í nánustu framtíð er nauðsynlegt að taka lán til ýmsra annara þarflegra hluta. Og tíminn verður að leiða það í ljós, hvað hægt er að gera í málinu. Jeg vil bæta því við, að jeg tel ekki nauðsynlegt að nota þessa heimild á næsta sumri, því að bæði er nokkuð eftir af fyrri lánum og jeg geri ráð fyrir allmikilli sölu brjefanna.

Háttv. 5. landsk. áleit, að brjefin mundu falla í verði til muna, ef ekkert lán yrði tekið. En jeg hygg, að þau brjef, sem þegar hafa verið látin úti, muni ekki hafa áhrif á gangverð hinna. Hitt getur verið, að stjórn bankans sjái sjer ekki fært að láta brjefin af hendi nema með töluverðum afföllum. En ef þau ganga kaupum og sölum með miklum afföllum, þá er það álitamál, hvort það borgi sig að setja meira af brjefum í umferð fyrst um sinn á ábyrgð ríkissjóðs. En ef það er álit hv. þm., að ríkissjóður eigi að kaupa brjefin sem næst ákvæðisverði, þá verður hann líka að bera öll skakkaföll, sem af kynnu að leiða.

Það má vel vera, að lítið af þeim eignum, sem lánað hefir verið út á, hafi undanfarið verið selt á nauðungaruppboðum. En jeg býst við, að ekkert sje hægt að fullyrða um, að slíkt geti ekki komið fyrir. Því að oft er lánað út á lítt vönduð hús, og ekki er ómögulegt, að sumstaðar á landinu, a. m. k. á tímabili, geti eignirnar orðið mjög lítils virði.

Hinsvegar er það ekki meining mín, að þessi heimild megi ekki vera í lögunum. En jeg geri ráð fyrir, að henni verði ekki beitt nema nauðsyn beri til.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg get verið ánægður með það, að heimildin verði notuð, ef nauðsyn ber til. Ef hætta er á, að veðdeildarlán stöðvist, eða brjefin falla í verði, þá lít jeg svo á, að sú nauðsyn sje fyrir hendi, sem hæstv. fjmrh. talaði um, og þá álít jeg, að stjórnin eigi að nota þessa heimild til að taka lán.

Það er rjett, að töluvert af brjefunum mun seljast innanlands til einstakra manna og ýmiskonar sjóða, og sjálfsagt selst líka eitthvað af þeim erlendis.

En ef svo færi, að brjefin seldust eingöngu á þeim markaði, sem innanlands er, þá mundi skapast það ástand, sem áður var, þegar verð brjefanna fjell niður í 60—70% af nafnverði. Þess vegna er sjálfsagt, að heimilt sje að taka þetta lán, til þess að halda uppi verði brjefanna með því. Það getur verið, að einstöku menn og sjóðir græði við það, að brjefin falla í verði, en almenningur tapar við það.

Annars vona jeg, að vel rætist úr þessu máli. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um stöðvun lánanna, þá vil jeg enn benda á, að hafi verið tregða á útlánum eða engin lán veitt

um langan tíma, þá safnast margar lánsbeiðnir fyrir, og svo þegar nýr flokkur kemur, þá er honum sópað út á svipstundu, og getur það orðið til þess, að verð brjefanna falli. En það má ekki ske, og jeg treysti hæstv. fjmrh. til að sjá svo um, að slíkt ástand komi ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

11.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

21.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Ingvar Pálmason: Jeg skal geta þess, að síðan mál þetta var fyrir fjhn., hefi jeg átt tal við bankastjórn Landsbankans, og taldi hún breytingar á þessu frv. frá hinum fyrri frv. geta haft töluvert alvarlegar afleiðingar fyrir veðdeild bankans.

Jeg er ekki svo fróður um þetta mál, að jeg geti þar nokkurn dóm á lagt, en fyrir þær ástæður, er jeg hefi tilgreint, leyfi jeg mjer að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að nefndin gæti haft það til frekari athugunar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 610, 719).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 719. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi, ásamt háttv. 3. landsk., leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 719 við þetta frv. Ástæðan fyrir því, að við komum fram með þessa brtt., er sú, að framkvæmdarstjórn Landsbankans hefir hitt að máli nokkra úr fjhn. Ed. og látið þess getið, að sú breyting, sem nú er ráðgerð í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, frá því, sem áður hefir verið um veðdeildarflokka Landsbankans, geti máske valdið því, að brjefin seldust lakar.

Eins og menn hafa tekið eftir, er þessi breyting frá því, sem verið hefir um veðdeildarflokka Landsbankans, fólgin í því, að þá er heimilt að lána út á húseignir utan verslunarlóðar, en hingað til hefir það aðeins verið bundið við verslunarlóðir. Nú hefir það komið í ljós, að ýmsir þeirra manna, sem hafa átt hús utan verslunarlóðar og hafa þar full lóðarrjettindi, hafa sótt um lán til veðdeildar bankans, en ekki getað fengið það, vegna þess að heimildina vantaði, og það er víst, að sennilega mjög margir af þessum umsækjendum hafa haft trygg veð að bjóða. Hinsvegar lítur framkvæmdarstjórn Landsbankans svo á, að fyrir þessa rýmkun muni aðsóknin verða mun meiri að veðdeildinni um lán út á slíkar húseignir utan verslunarlóða, og að margar af þeim umsóknum muni verða þannig, að nokkrar líkur geti verið fyrir því, að veðin verði ekki eins trygg og verið hefir. Hefir bankastjórnin bent á, að hún hafi fengið slíkar umsóknir, og bent á ýms dæmi, þar sem svo stendur á, að hús eru bygð með litlum nytjum lands, þar sem hlutaðeigandi vill gjarnan búa sjálfur, en þegar hans missir við, eru litlar líkur

til, að neinn vildi búa á þessum stöðum, og gæti húseignin því orðið lítils virði sem eign.

Því er nú ekki að neita, að þetta hefir sjálfsagt við töluverð rök að styðjast hjá framkvæmdarstjórninni, og höfum við flm. litið svo á, að rjett væri að slá við þessu nokkurn varnagla, ef hægt væri. En hinsvegar verður þess ekki dulist, að margar eru þær tryggingar, sem hægt er að setja í húsum á lóðum utan löggiltra verslunarlóða, sem er alveg hæf trygging, bæði hvað veðgildi og stærð snertir, og við finnum, að margir þeir, sem af þeim ástæðum er synjað um lán, eru nokkru misrjetti beittir, þar sem þeir eiga ekki kost á sömu lánskjörum. Þess vegna hefir okkur dottið í hug, að úr þessu mætti nokkuð bæta með því að samþ. brtt. okkar, sem kveður svo á, að lán skuli verða veitt eftir því, sem nánar verður til tekið í reglugerð, og fyrir okkur vakir þá, að í þessari reglugerð verði sett sjerákvæði um þessi hús og lóðir utan verslunarstaða, því að við finnum, að þetta er á rökum bygt hjá stjórn bankans, að þessar eignir geta verið ákaflega mismunandi veðhæfar.

Jeg skal ekki segja um það, hvort hægt verði að koma þessu svo fyrir í reglugerð, að vel sje, en jeg vænti að minsta kosti að tryggja það, að nokkur greinarmunur verði gerður á slíkum veðum, eftir því, hver líkindi eru fyrir, að veðið sje trygt.

Það er rjett, að jeg geti þess um leið, að framkvæmdarstjórnin ber nokkurn kvíðboga fyrir því, að þegar breyting er gerð á lögunum um veðrjettinn, þá geti það haft nokkur áhrif á traust veðdeildar bankans. Það er aðallega svo, að kaupendur, sem ekki eru vel kunnugir, kynnu að líta svo á, að hjer sje um sjerstakan flokk að ræða, af því að nokkur breyting á sjer stað um þau veð, sem á bak við liggja. Jeg skal ekki dæma um, hvort þetta kæmi að sök eða ekki, en þó hygg jeg, að ef hægt verður að halda uppi sæmilegri sölu á þessum brjefum á þann hátt, sem hefir átt sjer stað undanfarið, þannig að ríkisstjórnin og Landsbankinn geri sitt til að halda uppi verði þeirra, þá álít jeg, að þetta verði ekki til mikils skaða. En hvernig sem litið er á þetta mál, þá hygg jeg, að skoða megi brtt. okkar hv. 3. landsk. til bóta, og jeg hygg, að hún muni hafa þær verkanir, að það þurfi síður að saka, þótt tekin verði upp í lögin heimild til þess að lána út á hús og lóðir, sem ekki eru á löggiltri verslunarlóð. Jeg held því, að brtt. sje til bóta, en um hitt skal jeg ekki deila, hvort hún er fullnægjandi til þess að taka af allan efa bankastjórnar Landsbankans um það, að þessi flokkur sje svo vel trygður og aðrir, er áður hafa verið út gefnir. En jeg vona, að þessi brtt. okkar þurfi ekki að verða til þess að ýta undir þennan efa, ef varlega er farið í það að lána út á nýjar byggingar á þessum stöðum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vona, að hv. þdm. geti áttað sig á þessari brtt., þó henni hafi ekki verið útbýtt fyr en nú.

ATKVGR.

Brtt. 719 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 725).

Á 70. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta frv. er komið aftur frá hv. Ed., og hefir orðið á því mjög lítilvæg breyting, sem jeg vil leyfa mjer að gera grein fyrir.

Í 6. gr. er svo ákveðið, að fje veðdeildarflokkanna megi lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð. Breyting hv. Ed. er sú, að bætt er inn í þar á eftir: „eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð".

Þessi breyting er ekki það stórvægileg, að nokkur ástæða sje til annarar afstöðu til málsins hennar vegna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 769).

26. Varðskip landsins.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim (stjfrv., A. 34).

Á 10. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það þarf ekki að fylgja frv. þessu úr hlaði með langri ræðu, því það var rætt mjög ítarlega um þetta mál á Alþingi í fyrra, og ljetu aðalflokkarnir þá skýrt í ljós skoðun sína á því. Ennfremur hafa verið teknar fram í greinargerð helstu breytingarnar frá lögunum í fyrra, en þau voru tvenn, og hefir það verið tekið úr þeim í þetta frv., er þurfa þótti. Í því er þetta frv. frábrugðið lögunum í fyrra, að í því eru ekki áætlaðir fleiri fastir starfsmenn en þörf er á, og má gera ráð fyrir því, að það spari útgerðinni töluverð útgjöld. Mjer er kunnugt um, að ýmsir hjer á þingi og annarsstaðar álíta, að laun föstu starfsmannanna þurfi að vera hærri en hjer er tiltekið, og ef Alþingi kemst að þeirri niðurstöðu, að svo þurfi að vera, samþ. það það, og verður best skorið úr á þann hátt. Það skiftir mjög miklu máli fyrir landið, að hægt sje að gera gæsluna sem fullkomnasta, en það er einnig nauðsynlegt að gæta hófs um eyðsluna, bæði kaupgjald og annað.

Þá er eitt atriði, sem jeg legg til við nefnd þá, er um málið á að fjalla; það er, að bætt verði inn í frv. ákvæði, sem geri með öllu óheimilt að viðhafa vín á varðskipunum. Landhelgigæslunni er það mjög áríðandi, að aldrei komi fyrir, að nokkur maður á þessum skipum geti verið undir áhrifum víns. Þótt við höfum orðið að leyfa vín í landinu undir vissum kringumstæðum, þá er með öllu óþarfi að gera ráð fyrir víni á þessum skipum. Legg jeg svo til, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 326 og 380, 327).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Eins og nál. á þskj. 326 og 380 bera með sjer, hefir allshn. ekki orðið á eitt sátt í þessu máli. Minni hl. leggur til, að frv. verði felt, en meiri hl., að frv. verði samþ. með nokkrum verulegum breytingum. Fyrir þessum breytingum er lítilsháttar grein gerð á þskj. 326, og eru þær, eins og sjá má, aðallega í tvennu fólgnar. Aðalbreytingarnar við frv. eru þær, sem meiri hl. gerir við 9. gr., sem er um laun þeirra starfsmanna á varðskipunum, sem ætlast er til, að verði ákveðin með lögum.

Meiri hluti nefndarinnar hefir litið þannig á, að laun skipstjóranna á þessum skipum væru of lág eftir frv., og leggur því til, að þau verði hækkuð samkvæmt því, sem stendur í brtt. Einnig taldi meiri hl. rjett að hækka að nokkru frá því, sem er í frv., laun vjelstjóranna, og nokkrar aðrar breytingar og tilfærslur hefir meiri hl. leyft sjer að gera við laun annara starfsmanna á skipunum.

Fyrsta brtt. meiri hl. er óviðkomandi launanum, en meiri hl. taldi rjett að gefa dómsmálaráðherra heimild til að víkja burt starfsmönnum á þessum skipum, ef ástæða væri til, en til þess að tryggja það, að ekki væri beitt neinu ranglæti við þessa menn, þá þótti meiri hl. rjett að kveða svo á, að þessi brottrekstur skyldi því aðeins lögmætur, að báðar sjútvn. Alþingis samþykki hann. Það getur margt borið það við, að það sje full ástæða til, að dómsmrh. hafi leyfi til slíkrar brottvikningar, en hinsvegar er sjálfsagt rjett að setja einhverjar tryggingar til þess, að þeim sama rjetti verði ekki misbeitt.

Þá er önnur brtt. meiri hl. um það, að 7. gr. falli niður. Meiri hl. leit svo á, að ekki væri rjett að láta 7. gr. standa, vegna þess að hún kemur í bága við gildandi lög, sem mæla svo fyrir, að vjelstjórar skuli vera þrír á skipum, sem hafa yfir 700 hestafla vjelar. Það ákvæði laganna um vjelstjórn á gufuskipum, sem setur þessa tryggingu, álítur meiri hl., að eigi fullan rjett á sjer og að það eigi ekki að nota aðrar aðferðir á þessum skipum ríkissjóðs, varðskipunum, heldur en taldar eru nauðsynlegar á öðrum skipum, sem kringum landið ganga.

Jeg sje ekki ástæðu til, að svo stöddu, að fara út í einstakar brtt. við 9. grein, um laun skipverja, því að það er auðvitaður hlutur, að það getur altaf verið dálítið álitamál, hvernig þau á að ákveða. Jeg vil aðeins geta þess, að meiri hl. nefndarinnar hafði það eitt fyrir augum að stilla launanum í hóf, þannig að þau væru viðunanleg og ekki óhæfilega há, samanborið við aðra starfsmenn ríkisins. Það, sem mest stingur í stúf í brtt. meiri hlutans, er ákvæðið um laun skipstjóra, en við lítum svo á, að með þeim launum, sem þar eru ákveðin, sjeu þessir starfsmenn sæmilega launaðir.

Jeg tel ekki heyra undir þessa umr. að ræða málið alment og fer því ekki út í það, með því líka, að það var rætt ítarlega við 1. umr. Aðalstarf nefndarinnar hefir verið í því fólgið að færa ýms ákvæði frv. til betri vegar. Vera má, að minni hl. finni ástæðu til þess að ræða þetta mál alment, og mun jeg þá ekki sakast um það og taka þá til andsvara eftir því sem þörf gerist, en að

svo komnu máli óska jeg ekki eftir almennum umræðum um það.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg legg til, að þetta frv. verði felt, og vísa þar að mestu leyti til þeirra ástæðna, sem fram eru fluttar í nál. minni hl. á þskj. 380. En þau atvik eru fyrir hendi, að ekki verður hjá því komist að gera sjer grein fyrir þeim almennu ástæðum, er liggja til þess, að fella beri þetta frv.

Eins og kunnugt er, hefir núverandi landsstjórn sumpart brotið og sumpart látið fyrirfarast að framfylgja tvennum lögum, er samþykt hafa verið af Alþingi og hlotið konungsstaðfestingu. Jeg á þar við lög nr. 41 1927, um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim, og lög nr. 51 1927, um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins. Og nú er það náttúrlega ekki nema bein afleiðing af atferli stjórnarinnar, að hún flytur nú uppástungu um nýja lagasetningu, sem fer í þá átt að nema þessi tvenn lög úr gildi.

En jeg lít svo á, að ekki megi koma þeirri venju á, þó að nýjar kosningar leiði til stjórnarskifta, að nýja stjórnin virði að vettugi þau lög, sem sett hafa verið og eru í gildi. Og jeg er þeirrar skoðunar, að ef goldin er þögn við slíku einræði stjórnarinnar, eða það samþykt, þá sje þingræðið í hættu. Annars hefi jeg ekki tilhneigingu til að gera meiri hávaða út af þessu máli en nauðsyn krefur. Mildasti mátinn til að leiðrjetta þetta er að segja: Við viljum láta þessa löggjöf, sem þegar er sett um þessi efni, haldast, og ætlumst til, að stjórnin framfylgi henni. Þennan vilja er hægt að láta illindalaust í ljós með því að fella þetta frv. Ef þingið gerir það, er það ljóst, að það vill, að þau lög sjeu haldin, sem þegar hafa verið sett um þetta. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa hlið málsins að svo stöddu, en viðurkenni, að þingið gæti á annan hátt látið í ljós vilja sinn, ef til þess þyrfti að taka og ef það fer ekki þessa leið, að fella frv.

Þá kem jeg að efni þessa frv., sem hjer liggur fyrir, og jeg skal strax taka það fram, að jeg hefi ekki getað fundið, að það hefði í neinu verulegu atriði í sjer fólgna nokkra umbót á þeirri löggjöf, sem enn er í gildi um þessi efni, en er að mörgu leyti, sjerstaklega eins og það kom frá hendi stjórnarinnar, til stórskemda í núgildandi lögum. Jeg ætla ekki að endurtaka það, sem stendur í nál. minni hl., minnist aðeins á aðalatriðin, en vísa að öðru leyti til þess, sem þar er sagt.

Í frv. er farið fram á, að yfirmenn skipanna, skipstjóri, stýrimenn og vjelstjórar, sjeu ráðnir til 6 ára í senn með óuppsegjanlegum samningi af beggja hálfu. Þetta nær vitanlega engri átt, enda hefir meiri hl. kannast við þetta með því að leggja til, að öðrum aðiljanum, landsstjórninni, væri gefinn uppsagnarrjettur og rjettur til að víkja þessum mönnum frá starfanum á sama hátt og öðrum embættismönnum ríkisins. Þetta er að vísu nægilegt frá stjórnarinnar hálfu, en þá vantar rjettinn á hina hliðina, svo þeim aðiljanum sje mögulegt að losna frá starfinu, ef hann æskir þess. Og jeg fæ ekki sjeð, að það sje neitt, sem mælir með því, að binda þurfi menn í 6 ár, án þess þeir hafi rjett til þess að losna, ef þeir æskja þess. Það hefir hingað til ekki

valdið neinum vandkvæðum, þó starfsmenn gætu ávalt sagt lausum starfa sínum með hæfilegum uppsagnarfresti eða fyrirvara. Og þó það sje gamall vani, að embættismenn beiðist lausnar, þá er það í sjálfu sjer alveg sama sem uppsögn af þeirra hálfu. Að öðru leyti er óheppilegt að taka upp samninga í stað þess að skipa mennina, og er það vegna eftirlaunanna.

Árið 1919 var komið á þeirri tilhögun, að ríkissjóður skyldi vera laus við eftirlaunakröfur, en embættismenn greiða sjálfir af launum sínum í lífeyrissjóð. Þeir menn, sem þannig eru ráðnir til 6 ára, verða ekki skyldaðir til þess að leggja í lífeyrissjóð af launum sínum, og þegar svo þeir eru orðnir útslitnir í starfi sínu, standa þeir að því leyti ver að vígi en aðrir embættismenn ríkisins, að þeir hafa ekki getað safnað sjer ellistyrk í lífeyrissjóði, og endirinn mundi verða sá, að þingið yrði að samþykkja handa þeim eftirlaun, er þeir falla frá. Uppástungan um 6 ára ráðningartímann er því bein afturför og til hins verra fyrir báða aðilja, bæði ríkisstjórnina og starfsmennina. Þá álít jeg ákvæði 5. gr. frv. viðvíkjandi brottrekstri skipverja mjög óviðeigandi. Þar er sem sje gert ráð fyrir því, að skipstjóri geti vikið skipverjum fyrirvaralaust frá starfi, ef þeir verða í einhverju svo brotlegir, að honum þyki næg ástæða til brottrekstrar, en þá skal samt greiða þeim kaup eins og um venjulega uppsögn væri að ræða. Þetta ákvæði frv. álít jeg mjög óheppilegt. Maður, sem gerist svo brotlegur, að ástæða sje til að víkja honum frá starfi fyrirvaralaust, á ekki að eiga neina kaupkröfu fyrir það á hendur vinnuveitanda sínum, en samkv. þessum lögum mundi slíkum manni bera þriggja mánaða kaup. Þetta er alveg sama og ef farið væri að verðlauna brotin.

Það er, eins og jeg hefi áður tekið fram, síst til bóta að víkja á þennan hátt frá núgildandi reglum um að skipa þessa menn eins og aðra starfsmenn ríkisins. Því þó segja megi upp ráðningarsamningnum með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þá mundi reyndin verða sú, að þeir sætu kyrrir í skiprúmunum. Og svo þegar til kæmi, mundi ekki verða hjá því komist að láta þá fá sjerstök eftirlaun, í stað þess, að hægt hefði verið að láta þá sjálfa greiða í lífeyrissjóð, ef þeir hefðu verið skipaðir eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

Að því er snertir 7. gr. frv., þá er jeg meiri hl. samþykkur í því, að hún eigi að falla niður.

Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á launaákvæði frv. sjálfs. Um þau get jeg verið fáorður, því þau eru þannig, að þau ná ekki nokkurri átt. T. d. er starfsmönnum á varðskipunum ekki ætluð dýrtíðaruppbót, en það hefir nú samt líklega ekki verið tilætlun stjórnarinnar að útiloka þá frá henni, heldur mun þetta stafa af missmíði á frv. Hv. meiri hl. hefir borið fram till. til breytinga á launum stýrimanna og vjelstjóra, og get jeg fallist á þær, því í frv. stjórnarinnar voru þau ákveðin svo lág, að ekki hefði verið unt að fá hæfa menn til þess að gegna þessum störfum fyrir slík laun. Eftir till. meiri hl. verða þau svipuð og þau eru nú, líklega þó heldur hærri, en þar sem svo litlu munar, er ætíð vafasamt, hvort rjettara er, og því ekki ástæða til ágreinings í þessu efni.

Um laun skipstjóranna vildi jeg sjerstaklega fara nokkrum orðum. Eftir núgildandi lögum hafa þeir að byrjunarlaunum 6 þús. kr., sem hækkar smám saman upp í 7200 kr. Eftir stjórnarfrv. eiga þeir að byrja með 5000 kr., sem svo smáhækkar upp í 6000 kr. En meiri hl. leggur til, að þeir byrji með 5800 kr., er hækki upp í 7000 kr., svo eftir því verða launin aðeins 200 kr. lægri en þau eru eftir núgildandi lögum. Jeg tek því brtt. meiri hl. sem viðurkenningu þess, að í raun og veru sje ekki ástæða til þess að breyta ákvæðum núgildandi laga um þetta, og að það sje síst gert af sparnaðarástæðum. En það er dálítið sjerstöku máli að gegna með þá skipstjóra, sem nú eru á skipunum, því þegar þeir voru ráðnir, var þeim lofað, að þeir skyldu halda sömu launum og þeir höfðu haft hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyja. Þetta loforð var að vísu munnlegt, en það er jafnbindandi fyrir það. Þennan samning gerðu þeir við Jón Magnússon fyrv. forsrh., og var mjer vel kunnugt um það, enda er ein gr. núgildandi laga, um laun þeirra, sett með tilliti til þessa, því þeim var lofað, að þeir skyldu halda þessum launum meðan þeir væru á skipum þessum. Jeg skal ekki segja neitt um það, hversu mikið núverandi stjórn er kunnugt um þetta, en skal aðeins geta þess, að í desembermánuði síðastl. skrifaði dómsmrh. skipstjórunum á varðskipunum brjef, sem bæði er brot á gildandi lögum um laun þeirra og brigð á því loforði, sem þeim hafði verið gefið. Í þessu brjefi stendur, að frá áramótum (1927 og 1928) verði skipstjórum á varðskipum ríkisins ekki greidd hærri laun en skrifstofustjórum í stjórnarráðinu, og að launahækkun þeirra skyldi reiknuð þannig, að tekinn væri með sá tími, er þeir störfuðu hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyja. Svona tilkynning getur ekki verið gild gagnvart gildandi lögum og ekki heldur gagnvart þeim loforðum, sem gefin hafa verið. Jeg skal ekki fara neitt út í það, hvort heimilt sje að segja þeim upp starfi sínu, en meðan þeir eru kyrrir í stöðum sínum, halda þeir rjetti til þeirra launa, sem þeim hafa verið lofuð.

Jeg hefi nú gert grein fyrir því, að ekki sje um neina slíka framför að ræða hvað snertir ákvæði þessa frv., að þess vegna sje hin minsta ástæða til að samþykkja það.

Loks skal jeg geta þess, að hvað fjárhagshliðina snertir, verða launin líklega heldur hærri eftir till. meiri hl. nefndarinnar en þau eru nú. Að vísu er þessi mismunur ekki svo mikill, að hans vegna sje sjerstök ástæða til þess að fella frv., en þetta mælir heldur ekki með því að samþykkja það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf að fara nokkrum orðum um nál. meiri og minni hl., en áður en jeg geri það ætla jeg að rifja upp, hvernig ástandið var í landhelgimálunum, þegar núverandi stjórn tók við völdum.

Fyrv. stjórn lagði mikið kapp á það að koma í gegn frv., er fór fram á það, að allir starfsmenn á varðskipunum væru fastráðnir æfilangt, og henni var sjerstakt áhugamál, að núverandi skipstjórar hefðu 12 þús. kr. laun meðan þeir lifðu. Það er eins og Íhaldsmenn hafi álitið það eitthvert lífakkeri fyr-

ir landhelgivarnirnar, að þessir menn hefðu 3—4 þús. kr. meira í laun en aðrir mundu fá, ef þeir kæmu í þeirra stað. Það er þessi sjerstaða í frv. fyrv. stjórnar, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allar blaðaádeilur Íhaldsmanna og eldhúsdagsumr. Það er eins og þetta sje höfuðatriðið. Og jeg get ekki sagt annað en það, að mjer finst þetta alveg óskiljanlega seinheppilegt hjá fyrv. stjórn.

Jeg tel byrjun þessa máls, þegar Vestmannaeyingar keyptu „Þór" sem björgunarskip. Þá vill svo undarlega til, að meginið af íhaldsmönnum, og sjerstaklega Jón heitinn Magnússon, lögðu hina mestu fæð á skipið og alt það fyrirtæki. Og það var ekki fyr en seint og síðar meir og fyrir mikla elju manna í Vestmannaeyjum og annara, sem standa utan við Íhaldsflokkinn, að það tókst að láta þann mann í Vestmannaeyjum, sem mest gekst fyrir skipakaupunum, fá lægstu gráðu dannebrogsorðunnar, enda þótt menn væru þá allósparir á þau fríðindi.

Í öðru lagi kom þetta fram í því, að lengi fram eftir vildi Jón heitinn Magnússon alls ekki nota „Þór" í þágu landsins. Hann var bæði mótfallinn styrk til Vestmannaeyinga og að nota „Þór" til sumarvarna. Það voru þess vegna framsóknarmenn og sjálfstæðismenn og fulltrúi verkamanna á þingi, sem studdu þessa viðleitni Vestmannaeyinga.

Í þessu kom fram í byrjun það áhugaleysi um landhelgimálin, sem síðan hefir einkent Íhaldsflokkinn. Þegar Jón heitinn Magnússon hafði vikið úr stjórn veturinn 1922, kom það til greina hjá þeirri stjórn, sem tók við, hvort ekki ætti að nota „Þór" til landhelgigæslu fyrir norðan land yfir sumarið. Mælti þá miðstjórn Framsóknarflokksins með því, að svo yrði gert, er stjórnin leitaði álits hennar, bæði til þess að bæta strandvarnirnar og til þess að styðja fyrirtæki Vestmannaeyinga.

Þegar það var sýnt, að mál þetta varð ekki stöðvað, og sjerstaklega þegar einn stuðningsmaður Íhaldsflokksins, hv. þm. Vestm., kom á þing, mun hann hafa unnið talsvert í sínum flokki að því, að flokksmenn hans færu að hætta þessari mótstöðu við Björgunarfjelagið og „Þór", og skifti þá ekki löngum togum, að skipið væri keypt af Vestmannaeyingum. Og íhaldsmenn trúðu jafnvel, að þetta væri framtíðarskip fyrir landhelgigæsluna. Nú í vetur hefir skipstjórinn á þessu skipi skrifað stjórninni brjef, sem lagt hefir verið fyrir þingið og er þess efnis, að hann segir mjög hörmulega sögu af því, hvernig „Þór" sje, — nefnir hvert dæmið af öðru um það, hversu ómögulegt skipið er til landhelgigæslu og mælir sterklega með því, að keypt verði nýtt skip. Sú sterka ást, sem íhaldsmenn skyndilega lögðu á „Þór", þegar núv. háttv. þm. Vestm. kom á þing, virðist mjer hafa orðið frekar taumleysiskend. Það gat vitanlega verið full ástæða til að styrkja Vestmannaeyinga með því að leigja skipið af þeim yfir sumarið; en að fara að kaupa það, úr því að það er svona ljelegt, að vitnisburði manns, sem hv. 3. landsk. mun ekki vilja tortryggja, það virðist mjer vera mjög slæleg frammistaða.

Við umræður um annað mál hefir hv. 3. landsk. viðurkent, að svona skip ætti að lækka í verði um 50 þús. kr. á ári. (**JÞ**: 40 þúsundir). Jæja, jeg

mundi það, að skipið átti að vera orðið alveg verðlaust nú eftir tvö ár, þannig að eftir þessum útreikningi mætti nú fleygja því á sorphauginn í því ríka landi, Íslandi.

Svo þarf vart að minna á það, að þegar loks átti að hefjast handa í íhaldsherbúðunum og gera eitthvað fyrir strandvarnirnar, þá fór svo, að skipið, sem íhaldsmenn ljetu smíða, vildi einhvern veginn ekki fljóta á sjónum. Það er eina íslenska skipið, sem hefir orðið svona hroðalegt missmíði á á allan hátt. Enda er það skiljanlega ekki hættulaust, þegar menn, sem ekkert vit hafa á slíkum efnum, leita ekki til sjer betri manna, þegar þeir ætla að smíða skip. Það, sem drap þetta fyrirtæki íhaldsstjórnarinnar, var það, að hún hjelt, að hægt væri að hafa skipið með venjulegri togaralengd, en með helmingi sterkari vjel en í meðaltogara. Og þegar ein af betri skipasmíðastöðvum á Þýskalandi sagðist ekki geta komið slíkum hraða í þessa skrokklengd á skipinu, þá sneri hún þaðan og til annarar stöðvar, sem vildi samþykkja meinlokuna. Var skipið eitt sinn nærri oltið á hliðina, eins og allir vita, í tiltölulega góðu veðri, og sú varð raunin á, að lengja þurfti skipið, alveg eins og sjerfróðir menn, svo sem forstjóri Eimskipafjelagsins, höfðu altaf haldið fram. Við þetta varð margfaldur kostnaður eftir á. Til dæmis um það, hve lítill sparnaður var kringum þetta, skal jeg geta þess, að „Esja" var um líkt leyti til athugunar í Kaupmannahöfn, og varð skipstjórinn að búa þar í nokkra daga með menn sína. Hann kom þeim þá fyrir á ódýrasta gistihúsi, sem hægt var að fá í borginni. En þessir sjerstöku vildarvinir stjórnarinnar aftur á móti, sem mega hafa hærra kaup en aðrir menn, voru á hinum dýrustu hótelum í Kaupmannahöfn. Þetta tek jeg sem dæmi um það, að það var ekki verið að hugsa um sparnaðinn á þeim dögum; þetta voru gæðingar stjórnarinnar, er máttu lifa og leika sjer á allan hátt eins og þeir vildu.

Þá kem jeg að öðru máli, sem landhelgimálinu kemur talsvert við. Nú í vetur situr nefnd ein á rökstólum, sem vinnur að því að liða í sundur útgjöld landsins. Hún óskaði meðal annars að sjá skilríki landhelgisjóðs fyrir árið 1926. Kom þá í ljós, að engir reikningar voru til neinstaðar fyrir 1926, — ekki nema brot af reikningum, höfuðlausar vjelskrifaðar smáskýrslur, og fylgiskjöl ekki nema fyrir dálitlum parti. Var svo hraksmánarlega gengið frá þessu, að þrátt fyrir það, þótt jeg hafi fengið einn af helstu endurskoðendum bæjarins til að gera þessa reikninga upp, svo að þeir væru sómasamlegir, þá tókst honum ekki um langan tíma að ganga frá þeim, af því að fylgiskjölin vantaði. Og enn er verið að skrifa út um borg og bý til þess að reyna að tína saman fylgiskjöl fyrir tugum þúsunda af útgjöldum sjóðsins. Ekki var samt sjerlega sparlega farið að við bókhaldið, því að íhaldsstjórnin rjeð mann til gjaldkerastarfs og bókhalds og borgaði honum 10 þús. kr. Þetta var að vísu mætur maður, en hafði þetta aðeins fyrir aukastarf, og mun ekki hafa talið sig þurfa að líta á það öðruvísi. Jeg spurði hv. 3. landsk. í fyrra um kostnaðinn af þessu, en hann vildi engu ákveðnu svara.

Jeg skal taka það fram sem dæmi, að í þessum reikningum er einn liður

4 þús. kr. og er kallaður „ýmislegt“, og fyrir þessa upphæð hefir kvittað einn lögfræðingur hjer í bænum, sem menn vita ekki til, að hafi meira með varðskipin að gera en kötturinn sjöstjörnuna. Hann er m. ö. o. alveg óviðkomandi varðskipunum, en hefir þó sennilega unnið eitthvað fyrir þau. En jeg hefi ekki getað fengið fulla vitneskju um þetta „ýmislegt“.

Jeg hefi þá lýst því nokkuð, hvernig hirðuleysi framan af og takmarkaleysi í fjármálum síðar meir hefir einkent afskifti íhaldsstjórnarinnar af þessu máli. Það er líka alkunnugt, hvernig hv. þm. Snæf. lýsti í fyrra á þinginu, hvernig togararnir, ekki síst þeir íslensku, væðu upp í landhelgina við Snæfellsnes, án þess að hefði verið við því gert. Og það er nú fullyrt af fiskkaupmönnum í bænum, að áætla megi, að á þeim tíma, sem hv. þm. Snæf. talaði um, hafi íslenskir togarar mokað upp við Snæfellsnes 20 þús. skippundum af fiski. Einhvernveginn var áhuginn ekki meiri en það hjá hæstvirtri íhaldsstjórninni, að henni tókst aldrei að gera neitt í þessu, og má þó nærri geta, að hv. þm. Snæf. hafi ekki legið á liði sínu um það að reyna að fá skip sent þarna vestur. Jeg tek þetta fram af því, að lítið hefir verið látið af því í íhaldsblöðum, að núverandi stjórn bæri landhelgivörnina fyrir brjósti, en í vetur hefir þó vitabáturinn verið hafður langan tíma á þessum slóðum við Snæfellsnes meðan togarahættan var mest. Og mjer segja menn, er vel til þekkja á togurum, að þeir hafi ekki á þeim tíma getað athafnað sig eins og venjulega á þessum eftirsótta stað. Íhaldsstjórnin hefir sýnilega borið meira fyrir brjósti að hafa skipstjórana á nær helmingi hærri launum en frægustu vísindamenn landsins við háskólann, heldur en að sinna rjettmætum kröfum hv. þm. Snæf.

Enn hefi jeg ekki nefnt það, að nú þegar borið var fram frv. um það að reyna að hindra misnotkun loftskeyta hjá íslenskum veiðiskipum, þannig að þau gætu ekki stuðst við loftskeyti við landhelgiveiðar, þá hefir fúkyrðum verið ausið yfir alla, sem að frv. standa, frá leiðandi mönnum Íhaldsflokksins, og sjerstaklega blöðum hans. Þessi framkoma verður vart skilin öðruvísi en svo, að mikilsmegandi menn í Íhaldsflokknum vilji ekki láta hindra íslenska togara frá að vera í landhelgi. Þetta kemur í raun og veru heim við þá lýsingu, sem hv. þm. Snæf. gaf af ástandinu í fyrra. Jeg gerði svo nýja tilraun á skapsmunum íhaldsmanna í Nd. Þar las jeg upp grein eftir danskan sjóliðsforingja, sem var á „Fyllu“ í tvö ár. Hann segir, að það sje ekki við lambið að leika sjer við landhelgigæsluna, því að íslenskir togarar hafi allir loftskeytatæki og fái frjettir úr landi. Þá komu hnútur hvaðanæfa frá íhaldinu til þessa fjarstadda manns, og ekki síst „Morgunblaðinu“, og ásakanir fyrir það, að hann hafi legið í landi og að honum hefði verið nær að vera meira á sjó og skrifa minna í dönsk blöð. Og einn hv. þm. gerði sjer mikið ómak við að sanna, að þessi maður, sem er búinn að sigla í kringum landið í tvö ár, hafi fengið frjettir um íslenska togara og þeirra háttalag hjá núverandi stjórn. Það er eins og enginn viti um rán togara í landhelgi nema núverandi stjórn!

Þessi dæmi öll sýna, að það er einhver innri meinsemd í viðhorfi ýmsra

háttsettra manna í íhaldsflokknum til landhelgigæslunnar.

Jeg hefi neyðst til þess að segja frá þessu almenna viðhorfi flokkanna til landhelgimálsins, til þess að gera grein fyrir því, sem hjer liggur fyrir. Það er sem sje ekkert annað en það, að eins og við framsóknarmenn studdum Vestmannaeyinga í sinni veiku viðleitni, eins ætlum við að gera landhelgigæsluna þannig úr garði, að gagn verði að, án allrar heimskulegrar eyðslu til einhverra persónulegra kunningja. Og það er langt frá, að mjer detti í hug að taka það illa upp, þó að erlendur maður, sem hjer er kunnugur, segi satt frá um spillingu í þjóðlífinu. Jeg álít, að hann sje maður að meiri fyrir það, og að þeir, sem hann hafa afflutt, geri ekki annað en sanna sekt sína og samvitund um lögbrotin með því að leggja þetta út á versta veg.

Út af till. meiri hl. nefndarinnar vil jeg segja það, að jeg álít að vísu, að við endurskoðun launalaganna gæti vel komið til mála að færa launin það upp, sem hjer er gert. En jeg álít það samt nevðarúrræði að gera það nú, meðan ekki eru bætt launakjör annara embættismanna. Þó mun jeg greiða atkv. með þessum till., vegna þess að þær eru að svo mörgu levti umbót frá því frv., sem var samb. hjer í fyrra. Og þó að jeg álíti, að meiri sparnaði mætti koma við, þá vil jeg þó taka það, sem meiri líkur eru til, að komist í gegn til sparnaðar og gagns fyrir landið.

Annars verð jeg að segja, að mjer þykir þessi eyðslustefna fyrv. stjórnar og hennar manna næsta undarleg. Hv. 3. landsk. barðist t. d. fyrir því heilt þing, að frægasti maður við háskólann og einn af okkar mestu rithöfundum yrði flæmdur burt af Íslandi, þangað sem honum buðust lífvænleg laun, heldur en að láta hann fá lítilsháttar launauppbót. Þá var hv. 3. landsk. sparsamur; þá var hann og hans samherjar — að tveim undanteknum — undursamlega umhyggjusamir um ríkissjóð. En hjer er að ræða um þá menn, sem hafa í rauninni ekkert gert annað en það, sem hver dugandi maður getur gert, að ljúka sjómannaprófi og stýra skipi, og íhaldsmenn finna sig knúða að berjast fyrir því með hnúum og hnefum, að þeir fái miklu hærri árslaun en borguð eru við háskólann. Þetta er ekkert nema frekja og ósvífni, ekkert annað en þáttur af þeirri sömu spillingu, sem kom fram í landhelgigæslunni og nær hámarki sínu í þeim frægu landhelgisjóðsreikningum, sem líkjast reikningum Einars Jónassonar.

Jeg tók það fram oft í fyrra, að jeg hefði verið á móti frv. um varðskipin meðal annars af þeirri ástæðu, að mjer er fullkunnugt, hvað erfitt er að losna við þá embættismenn, sem ríkið getur án verið, eða breyta kjörum þeirra. Jeg vík að þessu nú í sambandi við það, að hv. 3. landsk. taldi það of mikla eyðslu, ef einhverjum undirmanni yrði sagt upp, þá fengi hann kaup í 3 mánuði á eftir. En þessi hv. þm. hefir barist fyrir því, að læknir einn, sem ekkert gerir og hefir verið margdæmdur fyrir meðferð áfengis, hjeldi áfram að vera starfsmaður ríkisins og hækkuð yrðu laun hans. Honum finst, að ef kyndari eða vikadrengur er látinn fara fyrir eitthvert smávægilegt brot, þá sje óþarfa eyðsla að láta hann fá kaup næstu 12 vikurnar, en vildi hinsvegar láta hækka laun við mann, sem hefir

haft það að aðalstarfi að brjóta lögin.

Þetta er hið stærsta atriði gagnvart framtíðinni, að yfirmenn sjer í lagi — og raunar engir væru ráðnir æfilangt. Jeg er búinn að þekkja svo mikið af heigulshætti í þessum málum, þar sem jafnvel formaður Íhaldsflokksins hefir fúslega breitt verndarvæng sinn yfir misfellurnar, að jeg hefi fengið þá bjargföstu skoðun, að það sje óhjákvæmilegt atriði í okkar embættalöggjöf, að sem allra flestir starfsmenn landsins sjeu ekki ráðnir með æfilöngum samningi. Jeg tel embættin ekki orðin til vegna embættismannanna, heldur vegna almennings, og mjer er ant um, að þau störf, sem þjóðin þarf að láta leysa af hendi, sjeu samviskusamlega unnin og þjóðin eigi altaf kost á að fá dugandi menn til þeirra. Og mín mótstaða gegn frv. í fyrra var bygð á því, að jeg fann, að hjer var embættasvefninn að teygja sig yfir þessa starfsgrein, ef skjóta ætti þeim mjúka svæfli hins æfilanga samnings undir kollinn á þeim, sem við þetta starf fengjust.

Nú er það mjög einkennilegt, að hv. 3. landsk. finst það alveg ófært, að gerður sje 6 ára samningur um þetta starf. Jeg man nú ekki betur en hann berðist fyrir því með miklum dugnaði, að Gunnar Egilson væri ráðinn með slíkum samningum til þess að vera erindreki á Spáni. Og nú spyr jeg hv. 3. landsk.: Hvers vegna gerði hann samninginn við fiskifulltrúann á Spáni svona? Að vísu hefi jeg ýmislegt um það heyrt, en hefði þó gaman af að heyra hann sjálfan skýra frá því.

Sem sagt, skoðun hv. 3. landsk. er sú, að landið eigi að vera svo bundið við þessa menn, að ekki sje hægt að segja þeim upp starfi sínu nema fyrir stærri brot. En þó eiga þessir sömu menn altaf að hafa greiða götu til þess að geta sagt landinu upp þjónustu sinni. Jeg hefði nú kunnað betur við, að samhliða æfilöngum rjetti til þess að vera í þjónustu landsins fylgdi æfilöng skylda til hins sama. En úr því ríkissjóður átti að vera sú mjólkurkýr, sem starfsmenn ríkisins gætu sogið æfilangt, fer ekki illa á, að farið hefðu saman skyldur og rjettindi á báðar hliðar.

Jeg ætla þá að ljúka ræðu minni með að skýra nokkru nánar frá því, sem laut að frestun um veitingu þessara embætta á varðskipunum, samkvæmt lögum frá síðasta þingi.

Þess er þá fyrst að geta, að sú stj., sem hv. 3. landsk. var formaður í, ljet líða marga mánuði án þess að hreyfa hönd eða fót til þess, að lögin kæmust í framkvæmd. Þegar svo jeg tók við, fjelst jeg strax á að láta þetta haldast áfram eins og það var. Jeg hefi því algerlega fetað í fótspor fyrirrennara míns í dómsmálaráðuneytinu. Sje jeg því brotlegur í þessu efni, þá er það fyrir það eitt að hafa gert það sama og hæstv. fyrirrennari minn. Það verður því að byrja á að dæma fyrv. hæstv. dómsmrh., áður en mín sekt er ákveðin. Hvaða hegningu þessir íhaldsforkólfar vilja leggja á þennan samherja sinn, skal jeg ekkert um segja. En allar ásakanirnar verða að bitna á honum, en ekki á mjer, sem eingöngu fór eftir fordæmi fyrirrennara míns. Jeg get auðvitað sagt alveg eins og hv. 1. þm. Skagf., að jeg hafi haft svo mikið að gera síðan jeg kom í stj., að jeg hafi ekki haft tíma til þess að skrifa undir

veitingarbrjefin. En það er engin afsökun, hvorki fyrir hann eða mig. Annars get jeg vel skilið, þó að hv. 3. landsk. sje gramur þessum fyrverandi embættisbróður sínum að hafa ekki veitt embættin á meðan þeir löfðu við völdin. En þeir um það. Jeg ætla ekki að fara að blanda mjer í slíkar innbyrðis deilur milli húsbænda og hjúa á aðalheimili Íhaldsins. En þó vil jeg benda á, að mjer finst ekki ósennilegt, að fyrirrennari minn, hv. 1. þm. Skagf., hafi við nánari athugun komist að þeirri niðurstöðu, að lögin um varðskipin og starfsmenn þeirra væru ómöguleg og því ráðlegast að bera enga ábyrgð á framkvæmdum þeirra. En andstæðingar mínir geta ekki vænst þess, að jeg beri meiri virðingu fyrir þessari löggjöf heldur en þeir, sem voru með að setja þessi lög í fyrra.

Um lögbrot yfirleitt, bæði einstakra manna og stjórna, mætti ýmislegt segja. T. d. er það vitanlegt um hv. 3. landsk., að hann hefir brotið lög og er skráður í bók, sem geymd er hjer í bænum, í tölu þeirra manna, sem „slegist hafa upp á“ lögin — og hann mun álíta sig jafngóðan fyrir því.

Hannes Hafstein bar ekki upp fyrir konungi lög, sem þingið hafði samþykt, sem skoðast verður sem ótvírætt lagabrot.

Stjórn, sem hv. 3. landsk. studdi, tók við lögum um stofnun fasteignabanka, en hröklaðist svo frá eftir ár og hafði þá ekkert gert til þess, að lögin kæmust í framkvæmd.

Samstarfsmaður hv. 3. landsk., hv. 1. þm. Skagf., braut lögin um atvinnu við siglingar, með því að veita mönnum rjett til þess að fara með skip, sem ekki höfðu fullnægjandi próf til þess. Og þessi lög braut hann ekki einu sinni, heldur oft og mörgum sinnum, svo að ungum lögfræðingi fanst það blómlegur atvinnuvegur að venja komur sínar upp í stjórnarráð til þess að útvega þessar undanþágur, sem hann tók 500 kr. fyrir, að því er heyrst hefir.

Jeg benti á það í hv. Nd. undir eldhúsdagsumr., að þegar farið væri út í að athuga þessa hluti, þá kæmi upp úr kafinu, að lögbrotin væru mörg og víða. Hv. 1. þm. Skagf. hefir t. d. í vetur brotið lög með því að vera í stjórn Shellfjelagsins og segja, að hlutafjeð sje innborgað, sem vitanlega er ekkert annað en fals.

Öll afskifti hv. 3. landsk. af þessu máli eru ein óslitin harmsaga, og hvert sem hann lítur, er alt á sömu bókina lært hjá honum og flokki hans. En við andstæðingar hans höfum skömm á öllum þeim skollaleik, sem þeir hafa sýnt í landhelgivörnunum. Við ætlum að hafa landhelgigæsluna öðruvísi. Mjer dettur ekki annað í hug en að verja landhelgina í kringum Snæfellsnes eins og annarsstaðar, þó að einhverjir togaraeigendur kunni að missa spón úr askinum sínum við það.

Mjer dettur heldur ekki í hug, að Friðrik Ólafsson eigi að hafa hærri laun heldur en Sigurður prófessor Nordal eða Gísli Ísleifsson skrifstofustjóri. Þetta er honum borgað, sem var þó í 12 ár að búa sig undir starf sitt. En þó má benda á, að skipstjórarnir hafa auk launanna frítt fæði og föt.

Annars hefi jeg ekkert á móti því að rökræða þetta mál við hv. 3. landsk. og aðra andstæðinga mína. En jeg er búinn að taka frá þeim þá vinnugleði,

sem þeir höfðu gert sjer vonir um að fá af þessu. Annars virðist mjer, að þeim sje ekki fjarri skapi að hafa landhelgigæsluna að sínu leyti eins og þeir skildu við landhelgisjóðinn.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 8. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 34, n. 326 og 380, 327).

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. endaði fyrri hluta þessarar umr. fyrir 2 dögum með mikilli ræðu, sem jeg hafði hugsað mjer að svara allítarlega. En það stendur nú svo á, eins og öllum er kunnugt, að við komum frá útför 10 góðra drengja, sem fórust af „Jóni forseta". Jeg fyrir mitt leyti er því í friðarhug, eftir þá athöfn, og jeg get ekki fengið mig til þess að taka upp öll atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., og mun því leiða hjá mjer að svara því, sem ádeilukent var í ræðu hans, en ræða aðeins þau atriði, sem máli skifta.

Það, sem á milli ber um efni frv. og ekki hefir verið nægilega tekið fram í umr., er fyrst og fremst laun skipstjóranna.

Hæstv. dómsmrh. heldur því fram, að það sje mikið atriði, ef ekki aðalatriði, fyrir okkur íhaldsmenn að halda skipsstjórunum á háum launum. Þetta er alls ekki rjett. En okkur finst, að hv. meiri hl. sje reiðubúinn til þess að sýna svo mikla sanngirni að því er snertir alla skipverja á skipunum, aðra en skipstjóra, að um þær tillögur þurfum við ekki sjerstaklega að tala. En svo finst okkur, að ekki geti komið til mála annað en að þessir skipstjórar landsins fái laun, sem sjeu sambærileg við laun annara skipstjóra í sambærilegum stöðum.

Jeg vil minna á það, að eftir gildandi lögum, þeim, sem sett voru í fyrra, voru laun skipstjóra sett 6000 kr. sem byrjunarlaun og 7200 kr. sem lokalaun, og er það með dýrtíðaruppbót 7800 kr. til byrjunar og 9000 kr. sem lokalaun eftir 10 ára þjónustu. Þetta verð jeg að telja mjög hófleg laun, og meira að segja lág, ef þau eru borin saman við laun manna í þeim stöðum, sem helst eru hliðstæðar. En þó er farið fram á lækkun, mikla lækkun eftir frv. stj. og dálitla eftir till. hv. meiri hl. nefndarinnar.

Til samanburðar við þessi 7800 kr. laun skipstjóranna skal jeg geta þess, að skipstjórar á skipum Eimskipafjelagsins fá 10640 kr. í laun, og þar að auki 3% af nettó-ágóða skipsins, og getur það verið töluverð upphæð, þegar vel gengur.

Skipstjórinn á „Esju" hefir í ár 10640 kr., og er það 1840 kr. hærra en varðskipstjórarnir hafa þetta ár, og 1640 kr. hærra en gert er ráð fyrir, að þeir hafi í lokalaun í frv. stj.

Hæstv. dómsmálaráðherra vísaði á aðrar stöður til samanburðar, nefnilega skrifstofustjórana í stjórnarráðinu, sem hefðu 5000 kr. í byrjunarlaun og 6000 kr. í lokalaun. En þegar þessar stöður eru bornar saman, verður að gæta þess, að skrifstofustjórarnir fá frá ríkinu greiðslur fyrir ýms önnur störf, sem þeir vinna við hlið embættisstarfanna, svo að laun þeirra verða miklu hærri en hin lögákveðnu,

enda er það öllum vitanlegt, að ekki mundu fást hæfir menn í þessar stöður fyrir þau laun eingöngu. Svo að það er ekki rjett að bera saman hin lögmæltu laun skrifstofustjóranna og varðskipstjóranna, nema því aðeins, að aukalaun skrifstofustjóranna sjeu tekin með. Lögmælt laun skipstjóranna eru að vísu hærri en hin lögmæltu laun skrifstofustjóranna ein, en þeir geta ekki aflað sjer neinna aukatekna, og þar að auki er það alment álitið, að stöður þeirra sjeu erfiðari og óhægari, þar sem þeir eru á sjó mestan hluta ársins og geta því síður sint heimilum sínum í landi.

Þá ber hæstv. dómsmrh. laun þeirra saman við lögboðin laun prófessora við háskólann, án þess þó að nefna tölur eða tilgreina laun nokkurs sjerstaks manns. En ef tekin eru laun háskólaprófessoranna yfirleitt, þá er það alkunnugt, að þau eru svo lág, að þau nægja þeim ekki. En þær kröfur, sem gerðar eru til þessara manna um kenslustarfið í háskólanum, eru ekki mjög frekar. Það er alkunnugt, að þeir hafa allmikinn tíma afgangs frá því, og yfirleitt má segja, að þeir eigi sinn tíma sjálfir. Og þótt það sjeu ekki arðsöm störf, sem þeir vinna í sinni vísindagrein, geta þeir haft talsverðar tekjur auk hinna lögboðnu launa.

Þetta verður að taka með, ef á að fara að bera saman svo ólíkar stöður. Jeg verð því að álíta, að hvernig sem á er litið, sjeu laun varðskipstjóranna nú lægri en laun manna í öðrum sambærilegum stöðum. Og það er því ekki hægt að vísa á önnur embætti til þess að sýna það, að launin eigi að vera lægri en nú eru þau. Jeg vil bæta því við, að stöður skipstjóranna eru óvanalega ábyrgðarmiklar stöður, svo að alls ekki er áreiðanlegt, að í þær fáist valdir menn, svo sem þyrfti, með slíkum launum.

Það er ekki nóg, eins og hæstv. dómsmrh. nefndi, að velja menn, sem hafa siglingapróf eða rjett til að fara með skip, því að meðal skylduverka þeirra er að beita valdi við innlenda og erlenda lögbrjóta við landhelgiveiðar, eða skip, sem eru grunuð um lögbrot. Þeir þurfa að geta fært sönnur á brotin fyrir rjetti, en til þess þarf snarræði, þekkingu í mælingum og nákvæmni. Þeir verða að kunna að beita þeim vopnum, sem þeim eru fengin, og ríður því á miklu fyrir landið út á við, að valdir sjeu hæfir menn, sem hægt er að treysta. Það er álit þeirra, sem hingað til hafa farið með þessi mál, að núverandi skipstjórar sjeu starfinu vaxnir. Mjer þykir leiðinlegt, ekki vegna þeirra, heldur vegna landsins, ef svo lítur út, sem starf þeirra sje lítils metið og megi þröngva launakjörum þeirra, auk þess sem þá má búast við, að þeir noti fyrsta tækifæri til að leita að lífvænlegri stöðu. Jeg álít þetta ekki rjett. Þeir skipstjórar, sem nú eru á skipunum, eru ráðnir með sömu launum og þeir áður höfðu hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyinga, eða 1000 kr. á mánuði. Það kann að vera, að þetta sje fullhátt, því að gildi peninganna var þá lægra, og jeg álít því, að enginn þurfi að hneykslast, þótt stj. leiti samkomulags um niðurfærslu á launununum í sambandi við þá peningahækkun, sem orðið hefir. Og jeg vil skjóta því í fullri vinsemd til

hæstv. dómsmrh., sem væntanlega fær lögin í gegn, hvort hann vilji ekki fara þessa leið, svo framarlega sem hann er samdóma fyrirrennurum sínum um það, að mennirnir sjeu hæfir til starfans.

Hitt atriðið, sem á milli ber — þau eru ekki nema tvö, eftir því, sem hæstv. ráðh. segist nú frá —, er það, hvort ráða skuli mennina æfilangt, eða eftir venjulegum reglum um starfsmenn þess opinbera. Mjer finst það heppilegt að ráða þá eftir venjulegum reglum, enda má búast við, að þeir verði kyrrir á skipunum, ef þeir brjóta ekkert af sjer. En þetta er ekkert aðalatriði og landhelgigæslan getur farið vel úr höndum, þótt ríkið sje ekki bundið gagnvart mönnunum.

Jeg ætla ekki að hafa þetta lengra í þetta sinn. Mjer finst frv. ekki til bóta, og lakara hvað snertir lífeyri og eftirlaun. Jeg tel allar brtt. meiri hl. til bóta og mun greiða þeim atkv., en þótt frv. gangi áfram, álít jeg, að það þurfi frekari lagfæringa við, er mætti koma með við 3. umr.

Jón Baldvinsson: Frsm. meiri hl. hefir gert grein fyrir afstöðu okkar til frv., svo að jeg þarf engu við að bæta. Við erum sammála í öllum verulegum atriðum. Þó er eitt atriði, sem á milli skilur, sem jeg flyt sjerstaka brtt. við. En áður en jeg vík að því, vil jeg fara nokkrum orðum um frv. í heild sinni.

Í sambandi við þá deilu, sem orðið hefir milli hinna stærri flokka þingsins, vil jeg segja, að það er náttúrlega slæmt, ef ráðh. hlýða ekki fyrirskipunum Alþingis, en hæstv. dómsmrh. hefir þá afsökun, að fyrverandi stjórn, sem bar málið fram, ljet bíða um langt skeið að framkvæma það og skildi það eftir óafgreitt við stjórnarskiftin. Það er einkennileg tilviljun, að plöggin voru tilbúin að öllu öðru leyti en því, að eftir var að undirskrifa þau. Samt getur það verið, þó að varla virðist sem það þurfi að taka langan tíma að skrifa nafn sitt undir nokkur skjöl. Þessa afsökun hefir hæstv. dómsmrh. fyrir að framkvæma ekki lögin, og svo þá, að Framsóknarflokkurinn yfirleitt var á móti þessari skipun á starfsmönnum varðskipanna. Það sjest á þessu þingi, hvort hæstv. dómsmrh. hefir fylgi til að koma fram þessari skoðun sinni, sem hann telur vera rjetta, og með því sker þingið úr um það, hvort það telur hann hafa gengið á svig við vilja sinn eða ekki. Það getur verið, að einhver misbrestur hafi orðið á framkvæmdum á fyrirskipunum Alþingis, en þá sjer þingið ekki ástæðu til að víta þá, ef frv. nær samþykki. Annars álít jeg, að ráðherrar eigi yfirleitt að framkvæma vilja þingsins.

Jeg vil drepa á nál. minni hl. Í því eru dregin saman laun fyrir 6 stýrimenn og 5 vjelstjóra og borin saman við lögin frá í fyrra og till. meiri hl. — Það er ekki rjett hjá hv. 3. landsk. þm. að taka aðeins undirmennina 11 og reikna út, að þeir fái hærra kaup eftir okkar till., en sleppa svo þeim, sem fengið hefðu hærra kaup eftir lögunum frá í fyrra. Jeg hefi ekki reiknað þetta út, en geri ráð fyrir, að það sje rjett reiknað hjá hv. þm. Mismunurinn er ekki mikill, og sama sem enginn, ef skipstjórarnir eru teknir með. Aðalatriðið er að gera vel við þessa menn, og jeg álít þá betur setta

eftir tillögum meiri hl. en núgildandi lögum.

Jeg vil segja það út af frv. stj. og þeim launum, sem hæstv. dómsmrh. ætlar skipverjunum samkv. 9. gr., að mjer þykir hann skera þau um of við nögl sjer og alment finst mjer hann hafa tilhneigingu til að skamta lág laun. Mjer finst hann vilja miða öll laun við einhleypa menn. En úr þessu er bætt með till. meiri hl., og stendur þá deilan aðeins um laun skipstjóranna. Jeg er ekki ótilleiðanlegur að hækka þau; jeg játa, að mjer þótti þau of há í fyrra og of mikill munur gerður á skipstjórum og skipverjum yfirleitt. Jeg vil taka það fram, sem vakti fyrir mjer og samnefndarmanni mínum, að við ætluðumst til, að þeir, sem lengi hafa verið á skipunum, fengju aldursuppbót, og með því komast þeir skipverjar, sem lengst hafa verið, nærri upp í hámark.

Þá vil jeg snúa mjer að brtt. minni. Í 6. gr. frv. er tekin málsgrein upp úr lögunum frá í fyrra, sem svo hljóðar: „Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915". Jeg álít, að þetta sje hreinn skrælingjabragur í okkar löggjöf, að slá einasta vopnið úr höndum verkamanna til að bæta úr brýnustu þörfum. Þessa rjettar er aldrei neytt, nema þegar að kreppir, enda er hann viðurkendur með lögum í flestum löndum. Jeg vil fella þetta niður, þótt jeg hinsvegar geri ekki ráð fyrir, að skipverjar varðskipanna geri verkfall, jafnvel þó að stjettarbræður þeirra grípi til þess. Jeg get hugsað mjer, að þeir haldi sínum launum samkvæmt samningum meðan verkfall kann að standa yfir. En þótt ekki komi til þessa, þykir mjer leiðinlegt að hafa þennan blett á löggjöf okkar.

Þá er það 8. gr. frv., um að skipstjórum og stýrimönnum sje skylt að kenna stýrimannaefnum. Jeg álít ekki rjett að hafa svona lagað í lögum, þótt jeg beri ekki fram brtt. við það, og mun því greiða atkv. á móti greininni, er um þetta fjallar.

Jeg ætla svo ekki að hafa þetta lengra; jeg vildi aðeins sýna afstöðu mína til málsins í heild og einstakra atriða.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg verð að svara báðum síðustu ræðumönnum nokkrum orðum. Háttv. 3. landsk. fór út í þann skoðanamun, sem er á milli okkar um það, hversu há laun skipstjórarnir eigi að hafa. Samkvæmt lögunum frá því í fyrra var þeim ætlað 6000—7000 kr. auk dýrtíðaruppbótar og aukatekna. — Jeg lækkaði þessi laun í samræmi við laun skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Það vakti fyrir fyrverandi stjórn, að núverandi skipstjórar skyldu fá 3000 kr. hærri laun en þeir, sem á eftir þeim kæmu, vegna munnlegra samninga, er látinn maður, fyrverandi stjórnarformaður, hafði gert við þá. Þetta kom fram í plöggum í stjórnarráðinu, þar sem gert var ráð fyrir, að skipstjórarnir fengju 12000 kr. — Mjer fanst þetta ekki rjett, ekki af því, að jeg hjeldi, að landið myndi fara á höfuðið, þó að þessum mönnum væru borguð þessi laun, heldur af því, að þetta er eitt af mörgum dæmum til að skapa launaafstöðu, sem verður landinu um megn. Jeg er ekki eins bjartsýnn eins og margir aðrir, að jeg búist við, að hægt sje að launa mönnum yfirleitt svona

vel. Jeg lít á þetta frá almennu sjónarmiði, og því fleiri embætti, sem þingið stofnar, því erfiðara er að koma sparnaði við. Jeg skal minnast á það í þessu sambandi, þegar Jón heitinn Magnússon samdi við Eggert Claessen um 40 þús. króna bankastjóralaun. Þetta var gert á þeim tíma, þegar landið var orðið fátækt og búið að tapa mörgum miljónum. Auðvitað heimtuðu svo bankastjórarnir við Landsbankann laun í líkingu við þetta, enda er svo komið, að þeir hafa 20 þús. kr. á ári. Jeg tók það fram við umr. um þetta mál, að mjer þætti þetta of hátt. Eins er það með togaraskipstjórana; þar er sett met, sem aðrir miða við, enda hefir komið fram megn óánægja meðal embættismanna yfir launakjörum þeirra, þegar þeir hafa borið sig saman við bankastjóra og togaraskipstjóra. Sá veldur miklu, sem upphafinu veldur. Þegar nú verður farið að semja upp launalögin að nýju — hvað á þá að segja við skrifstofustjórana í stjórnarráðinu, rektor mentaskólans og ýmsa fleiri? Jeg var um daginn staddur hjá ríkisfjehirði og sá af tilviljun á kvittun, sem einn mentaskólakennarinn gaf fyrir launum sínum. Þau voru 450 kr. á mánuði. Þetta er þektur fræðimaður, sem varið hefir 12 árum æfi sinnar til undirbúnings starfi sínu, með langan þjónustualdur að baki. Það er því ekki aðeins að ræða um sparnað á launum yfirmanna varðskipanna, heldur um fordæmi fyrir marga tugi embættismanna.

Það hlýtur að stafa af ókunnugleika hjá hv. 3. landsk. þm., ef hann heldur, að allir skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hafi aukatekjur. Honum hefði þó átt að vera kunnugt um, að sá skrifstofustjórinn, sem hann sjálfur hafði mest saman við að sælda, hefir engar aukatekjur. Hann hafði að vísu í fyrra endurskoðun landsreikninganna á hendi, en nú hefir hann engin aukastörf.

Það kemur að því, að við verðum að miða launin fyrst og fremst við það, sem við getum fengið mennina fyrir, og í öðru lagi við það, sem þeir geta lifað af. Það er náttúrlega ekki hægt að telja það til fastra launa, þó að mennirnir hafi einhverjar aukatekjur um stundarsakir. En það mun vera af ókunnugleika, að hv. þm. gerir ráð fyrir, að skipstjórarnir á varðskipunum geti engar aukatekjur haft. Jeg get gefið þær upplýsingar, að árið sem leið fjekk annar þeirra 2000 kr. fyrir björgun, og hinn 1800 kr. í sinn hlut fyrir að draga upp keðjur og akkeri á Vestmannaeyjahöfn. — Þetta er einmitt tekjugrein, þó lítið sje, sem yfirmenn og skipsmenn á Þór hafa haft undanfarin ár. Jeg vil ekki segja, að það sjeu fastar tekjur, en það er þó hliðstætt við það, sem er í landi.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um það, að starf þessara manna væri mjög vandasamt og að mikil ábyrgð fylgdi því að taka innlenda og erlenda lögbrjóta. Mjer dettur ekki í hug að neita þessu, en það sama er að segja um lögregluna í landi. Í Englandi er lögreglan sjerstaklega fræg. Jeg leigði einu sinni hjá enskum lögreglumanni. Hann var einn af þessum glæsilegu mönnum, sem allir líta upp til, en honum var borgað eins og verkamanni fyrir starf sitt. Í Englandi hefir tekist að skapa þessa virðulegu stjett manna án mikilla launa. Jeg bendi á þetta

aðeins til að sýna, að þetta er hægt án fjeboða. Og jeg er þeirrar skoðunar, að það sje vafasamt, hvort fátæk þjóð eins og við getur skoðað það sem aðalgrundvöllinn undir sínu mannavali, að borga hátt. Jeg veit, að ýmsir menn kenna í brjósti um mig og hæstv. fjmrh., af því að við höfum „ekki nema“ 12 þús. kr. í laun. En jeg verð að segja, að mjer finst þetta eiginlega of hátt. Það er mín skoðun um þá ráðherra, sem ekki eru forsætisráðherrar og þurfa þess vegna að leggja fje í aukakostnað, að landið beri það ekki, að borga þeim aðra eins óhemju eins og gerist hjá einstökum fyrirtækjum, sem ætla sjer að fá mannaval fyrir fje. Jeg er óánægður með laun bankastjóranna. Það er afleiðing af hinni miklu yfirsjón, sem hv. 3. landsk. gerði sig sekan í, þegar hann setti einn bankastjórann á 40 þús. kr. laun. Aðrir bera sig svo saman við það.

Jeg lít á starfsmenn varðskipanna eins og lögreglu og jeg álít, að þeir mættu vera vel sæmdir, ef þeir kæmust jafnhátt ensku lögreglunni. Hún nýtur álits og virðingar, ekki vegna gyltra borða eða fjár, heldur vegna þeirrar „traditionar“, sem skapast hefir í kringum hana. Jeg lít svo á, að bæði núverandi stjórn og þær, sem á eftir koma, eigi að hafa hugfast að skapa einmitt þá tegund af sjólögreglu, sem hafi þann dug og karlmannskjark til að bera, sem þarf til þess að hún vinni sjer fullkomið traust innlendra og erlendra manna. Jeg vil leitast við að styðja hana með því að koma í veg fyrir, að nokkrir þeir, sem hún á að hafa eftirlit með, geti haft þá aðstoð úr landi, sem miðar að því að brjóta lög landsins. Jeg vil hefja okkar sjólögreglu upp í það veldi, sem við verðum að óska, að hún komist í.

Hv. þm. hefir áður minst á, að hann byggist við, að það, sem ein stjórn hefði gert í launamálinu, yrði að vera bindandi. Jeg vil benda honum á það — og það er auðsjeð af frv. —, að jeg lít svo á, að um það atriði sjeu ákveðnir samningar milli landsins og starfsfólksins. Þar eigi engin miskunn eða kunningsskapur að koma til greina. Landið á að vera eins og hver annar atvinnurekandi. Það segir: „Jeg vil fá hrausta og duglega menn fyrir ákveðið kaup. Ef þið viljið ekki ganga að því, fæ jeg aðra menn“. Á þessu er frv. bygt. Jeg er í engum vafa um, að þessi tímabundni samningur muni í framtíðinni verða yfirfærður á marga aðra staði, og þetta leysir úr einu vandasömu atriði: Hvernig getur ríkið trygt sjer það, að hafa vakandi starfsmenn? En frá tíma fyrverandi stjórnar eru dæmi, sem sanna, að hún hefir litið á þetta eins og jeg, nefnilega, að hún gæti ekki skoðað sig bundna við gamlar ráðagerðir. 1917, þegar breyting var gerð á landsversluninni, rjeði stjórnin í þjónustu sína ungan hagfræðing, Hjeðin Valdimarsson. Hann hafði áður fengið veitingu fyrir starfi í hagstofunni. Það varð því að samkomulagi á milli hans og forsætisráðherra, að starf hans í hagstofunni biði eftir honum, meðan hann væri í landsversluninni, og þetta varð úr, þangað til á síðasta kjörtímabili. Þá skrifaði fyrverandi forsætisráðherra honum og gaf honum nokkurra daga frest til að ákveða sig. Hjeðinn Valdimarsson mótmælti því, að hann væri skyldugur til að taka ákvörðun strax,

og svo var embættið veitt á bak við hann og á sama tíma gerði stj. ráðstafanir til að leggja landsverslunina niður. Nú var hjer um ungan og duglegan mann að ræða, svo að hann var ekkert brjóstumkennanlegur. Jeg er alveg sammála hv. 3. landsk. um, að hann hafði rjett til að gera eins og hann gerði. Það verður að líta fyrst og fremst á það, sem nauðsynlegt er fyrir landið. Um alla starfsmenn einstakra manna eða fjelaga, til dæmis bæði skipstjóra og háseta á togurum, er það svo, að það er ekki álitin skylda útgerðarinnar að halda þeim lengur en hún álítur sig hafa hag af. Þegar annar sættir sig ekki lengur við þá samninga, sem gerðir hafa verið, er samningnum sagt upp. Eitthvað í þessa átt álít jeg, að ríkið verði að taka upp. Þá fyrst getur það trygt sjer það, að hafa jafnan hina færustu krafta í þjónustu sinni. Ef það heldur áfram að hafa sömu mennina, þó að það geti fengið aðra færari í þeirra stað, er búið að bjóða sleifarlaginu heim. Þetta er að vísu nokkuð hart, en svona verður það að vera. Í dag er verið að grafa 10 sjómenn, sem öll þjóðin harmar rjettilega. En ef dauðinn hefði ekki tekið þá, hefðu þeir, þegar þeir voru farnir að slitna, verið sendir í land hver á fætur öðrum og nýir og hraustir menn komið í staðinn. Þeir hafa enga tryggingu. Ef þeir hafa ekki styrkt aðstöðu sína meðan tími var til, eru þeir illa farnir. Svona er okkar þjóðlíf enn. Næststærsta vinnandi stjettin í landinu á við þessa óvissu að búa.

Þá kem jeg að ræðu hv. 5. landsk. Hann hefir aðra skoðun en jeg á launamálinu. Það er rjett, að hann er miklu bjartsýnni en jeg á það, hvað hægt er að borga. Jeg er mjög óánægður með til dæmis það fyrirkomulag á skipum okkar, að við höfum fleiri vjelstjóra en einn. Við höfum apað það fyrirkomulag eftir einni ríkustu þjóðinni í Norðurálfu, Dönum. Aðstaða Vjelstjórafjelagsins er sú, að það hefir boðið birginn bæði landsstjórninni, Eimskipafjelaginu og einstökum atvinnurekendum, vegna þess, hve vjelstjórar eru eftirsóttir, og heimtað kaup, sem er í ósamræmi við það, sem aðrir fá. Það er átakanlegt dæmi um óframsýni löggjafarvaldsins, að landið heldur uppi dýrum skóla til þess að ala upp þessa stjett manna, en tryggir sig ekki gegn því, að þeir beiti hinni ítrustu harðdrægni á móti. En það er geymt, en ekki gleymt. Það er ekki einungis landsstjórnin, sem hjer á um sárt að binda, heldur líka atvinnuvegirnir. Hið háa kaup skipstjóranna á Eimskipafjelagsskipunum er ákveðið af því að vjelstjórarnir skrúfa upp sitt kaup. Þá koma skipstjórarnir og segja: „Við erum þó æðstu mennirnir á skipunum“. Þessar launagreiðslur og margar aðrar eru gerðar fyrir tekjuhalla í mörg ár. Ef við hættum að taka eyðslulán, verður þjóðin að endurskoða sína launalöggjöf. Það er rjett hjá hv. 5. landsk., að við verðum að endurskoða okkar kaupmál. Þjóðin verður að reyna að fá starfskrafta sína sem ódýrast.

Jeg er ekki samdóma brtt. hv. 5. landsk. viðvíkjandi verkföllum á skipunum. Jeg geri mun á ríkisvaldi og einstökum fyrirtækjum. Jeg skal játa, að jeg álít verkföll leyfileg í iðnaðarlöndunum gagnvart einstökum fyrir-

tækjum, en viss störf í þágu þjóðfjelagsins eru þess eðlis, að þau þola enga stöðvun. T. d. er í löngum og þrálátum kaupdeilum og verkbönnum í kolanámunum í Englandi samkomulag milli vinnuveitenda og verkamanna um að láta þá menn, sem dæla vatninu í námunum, altaf halda áfram. Annars mundu námurnar eyðileggjast. Jeg lít svo á, að varðskipin sjeu í þjónustu þjóðfjelagsins á líkan hátt og vatnsdælumennirnir í kolanámunum, svo að þar á engin kaupdeila að koma til mála. Mönnunum á varðskipunum á að vera ljóst, að þeir gegna sjerstöku trúnaðarstarfi. Hitt er annað mál, að kaup verkamanna á varðskipunum á vitanlega að mótast af kaupi annara manna við sambærilegt starf í landi. En jeg álít bæði þarflaust og skaðlegt fyrir þá að hafa verkfallsrjett. Sú tegund af baráttu á ekki að ná til þeirra.

Um sjómannakenslu á varðskipunum ætlaði jeg að bera fram sjerstakt frv. í vetur, en þetta frv. er þegar búið að vera svo lengi á leiðinni, að það er ekki sýnt, að annar fylgifiskur þess nái samþykki. En jeg er enn sömu skoðunar og áður, að hægt sje að spara með því að nota varðskipin sem skólaskip.

Halldór Steinsson: Jeg held, að með þessu frv. sje farið inn á mjög varhugaverða braut, þar sem laun skipstjóranna eru gerð svo lág. Því hefir verið haldið fram af hæstv. dómsmrh., að þessi laun væru sambærileg við laun prófessora og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, en þó að þær stöður sjeu veglegar og ábyrgðarmiklar, þola þær ekki samanburð við stöðu skipherranna hvað alla ábyrgð snertir. Það er enginn vafi á því, að staða skipherranna er með ábyrgðarmestu stöðum í okkar þjóðfjelagi. Ef á að fara að bera saman launin, verður það að vera við laun annara skipstjóra. Skipstjórar á millilandaskipunum og strandferðaskipunum hafa hærri laun en skipherrunum eru ætluð. Það má og geta þess, þó að ekki hafi verið á það minst, að togaraskipstjórar hafa allir miklu hærri laun en hjer er um að ræða. Þess vegna má ganga út frá því, þegar þessi samanburður er gerður, að hann geti orðið til þess, að ekki fáist vel hæfir menn á varðskipin. Þó eiga þessir menn að gæta sóma landsins útávið og innávið, og í því liggur hin mikla ábyrgð þeirra. Auk þess er það mikið fjárhagsmál fyrir ríkissjóð, að þessar stöður sjeu vel af hendi leystar. Varðskipin færa ríkissjóði árlega hundruð þúsunda í sektir. Það getur því ekki talist sæmandi að launa æðstu menn þeirra svo lágt, sem hjer er farið fram á.

Þá er annað atriði, sem skiftir allmiklu máli, en það er, að skipherrarnir sjeu efnalega sjálfstæðir menn, svo að þeir þurfi ekki að leita sjer neinnar annarar atvinnu. Það er alkunnugt um hæstlaunuðu starfsmenn landsins, hæstarjettardómara og bankastjóra, að þeim er launað svona hátt af því, að stöður þeirra eru svo ábyrgðarmiklar, að talið er nauðsynlegt, að þeir sjeu efnalega óháðir, svo að þeir þurfi ekki að gefa sig að annari atvinnu eða jafnvel „spekulationum". En því verður ekki neitað, að það er frekar opin leið

fyrir grun um, að skipherrarnir gæti ekki fullkomlega skyldu sinnar, ef þeir eru lágt launaðir.

Jeg hefi ekki miklu við þetta að bæta, en vil aðeins minnast á byrjun ræðu hv. 5. landsk. Jeg vildi aðeins geta þess að síðustu, að mjer þótti ljeleg vörn sú, er hv. 5. landsk. bar fram vegna stjórnarinnar út af lögbrotum hennar. (**JBald:** Jeg var ekkert að verja stjórnina. — **Dómsmrh. JJ:** Hann var að deila á stjórnina). Hann var að afsaka stjórnina og gerði það með tvennu. Hið fyrra var, að fyrverandi stjórn hefði líka gert sig seka í lagabroti, en hið síðara, að Framsóknarflokkurinn hefði mestallur verið á móti lögunum um varðskipin á síðasta þingi. Aðrar afsakanir færði hann ekki fram. Um þá fyrri er nú það að segja, að hún er engin afsökun. Þó gamla stjórnin hefði brotið lögin í þessu efni, sem jeg enganveginn vil halda fram eða viðurkenna, að hún hafi gert, þá er það engin afsökun fyrir núverandi stjórn að hafa gert það líka. En um síðari ástæðuna er það að segja, að hún er ekki rjett. Á síðasta þingi var þetta ekkert flokksmál, enda voru margir framsóknarflokksmenn með samþykt laganna. En þó hvorttveggja hefði verið rjett, þá var það þó ekki rjetta leiðin, sem stjórnin tók í þessu máli. Rjetta leiðin var auðvitað sú, að halda lögunum í heiðri fram til þess að þing kæmi saman, en breyta þeim svo, ef meiri hluti þingsins reyndist því fylgjandi.

Jón Baldvinsson: Út af orðum hv. þm. Snæf. vil jeg taka það fram, að jeg var enga vörn að færa fram vegna hæstv. stjórnar. Jeg álít, að hún sje fullfær um að verja gerðir sínar sjálf, og mjer hefir, satt að segja, ekkert heyrst standa upp á hana í því efni, og síst hæstv. dómsmrh. Jeg vildi aðeins slá því föstu, að ef þessi stjórn hefir gert sig seka við þessi lög, þá hefir fyrverandi stjórn verið það líka. Það er að minsta kosti mjög skrítið af henni að hlaupa frá skjölunum tilbúnum að öllu öðru leyti en því, að undirskrift ráðherra vantar. Það getur varla verið langrar stundar verk að skrifa undir nokkur blöð. Og þetta sýnir, að fyrv. stjórn hefir ekki verið ant um þessi lög, því það vissi hún þó, að hæstv. núv. dómsmrh. var mjög á móti þessu lagafrv. í fyrra. — Mjer er sem jeg heyri tóninn í vissum blöðum hjer í bænum, þegar hæstv. dómsmrh. hefði verið búinn að samþykkja þessa skipun. Jeg býst við, að það hefði kveðið við, að ráðherrann hefði ekki verið lengi að eta ofan í sig skoðanir sínar frá síðasta þingi. Það er ómögulegt að verjast því að láta sjer detta í hug, að fráfarandi stjórn hafi þarna verið að búa til gildru handa þeirri, er við tók. Annars sagði jeg það sem álit mitt alment, að stjórnir hvorki ættu nje mættu hindra framgang þeirra laga, sem þær ættu að framkvæma að vilja Alþingis. Ef því núverandi stjórn hefir brotið þá reglu, þá á hún áminningu skilið. En þá á fyrverandi stjórn líka skilið þá áminningu. Annars sker nú þingið úr því, hvort það telur þetta saknæmt hjá stjórnunum, með afgreiðslu þessa frv. — Þetta var þá svar við því, sem hv. þm. Snæf. beindi til mín í ræðu sinni.

Þá vil jeg beina máli mínu til hæstv. dómsmrh. og segja honum það,

að mjer þótti það ekki vera neitt fínn „móral", sem kom fram í ræðu hans, þar sem hann vildi taka einstaklingsatvinnureksturinn sjer til fyrirmyndar í því að losna við starfsmenn ríkisins, þegar þeir væru komnir af ljettasta skeiði. Þetta er ekki gott hjá atvinnurekendum, og því síður af ríkinu. Það ætti því ekki að taka sjer slíkt til fyrirmyndar.

Viðvíkjandi brtt. minni á þskj. 327, um að fella niður síðari málslið 6. gr. frv., vil jeg taka það fram, að jeg býst ekki við, að til verkfalls komi hjá þessum mönnum. Jeg geri ráð fyrir því, að þó til verkfalls komi, þá bíði þessir menn eftir úrlausn verkfallsins og leggi ekki niður vinnu á meðan, svo varðskipin geti haldið áfram eftir sem áður. En þessi grein hindrar hásetana frá því að vera í almennum fjelagsskap um þessi efni og taka þátt í stjettarsamtökum. Þetta fer því, eins og lögin frá 1915, sem til er vitnað, í einræðisáttina. En jeg tel þetta ákvæði ekki hafa „praktiska" þýðingu.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Úr því að hv. 5. landsk. hefir leitt umræðurnar inn á það svið að tala um lögbrot, þá er rjett, að jeg víki nokkrum orðum að því atriði. — Það nær engri átt að halda því fram, að sú stj., sem fór frá um síðastl. ágústmánaðarlok, hafi brotið þessi lög. Það hefir verið viðurkent, að í tíð fyrv. stj. hafi verið búið að gera ráðstafanir til þess að koma þessum lögum til framkvæmda. Það var búið að ákveða það, hverjum skyldi veita stöðurnar eftir lögunum. Sú stjórnarráðsskrifstofa, er átti að undirbúa þetta, var búin að fá fyrirskipun um að gera það. Hið eina, sem áfátt var, var það, að þetta afgreiðslustarf var ekki búið. En það er heldur ekki undarlegt, þegar þess er gætt, að ekki voru liðnir að fullu tveir mánuðir frá því lögin gengu í gildi. Á þeim tíma höfðust skipin lítið við hjer í Reykjavík. En það þurfti að ná til allra mannanna, sem á þeim störfuðu, til þess að vita, hvort þeir vildu taka á móti veitingu. Það var ákveðið að auglýsa ekki þessar stöður; hitt þótti sanngjarnara, að láta þá menn, er störfuðu á varðskipunum, ganga fyrir starfinu, ef þeir vildu. — Þá er það líka mishermt, að skjölin hafi legið á borði ráðherrans, er stjórnarskiftin urðu. Þau voru ekki þangað komin, er fyrverandi stjórn fór frá; skrifstofan var þá ekki búin að ganga frá þeim. Stjórnarskiftin fóru fram um helgi, og hefir skrifstofan lokið því eftir helgina að ganga frá þessum skjölum, en þá var nýja stjórnin tekin við. Í fjármálaráðuneytinu var strax ákveðið að búa til launalista samkv. lögum þeim, er gengu í gildi 1. júlí. En til þess að geta gert þessa skrá, þurfti að fá upplýsingar um mennina og starfsaldur þeirra, þar sem launahæðin átti að fara eftir því. En um þetta leyti voru skipin á verði við Norðurlandið, vegna síldveiðanna, og varð því nokkur dráttur á því að geta lokið þessu, en varð þó lokið fyrir annað skipið. En vegna þessa dráttar, sem hlaut að verða á þessu vegna fjarveru skipanna, þá var ákveðið að greiða fyrst um sinn áætlaða upphæð til þessara manna, sem svo yrði lagað að fullu, þegar launalistinn væri orðinn ákveðinn. Það fer því

fjarri, að fyrverandi stjórn bryti þessi lög á nokkurn hátt. Hún gerði einmitt alt, sem hægt var að gera til framkvæmdar á lögunum. En það tók eðlilega sinn tíma, og að það var ekki að fullu búið, stafaði aðallega af fjarveru skipanna um þetta leyti.

Fyrst nú á annað borð út í þetta mál er farið, þá vil jeg stuttlega minnast á það atriði, er hæstv. dómsmrh. blandaði látnum mönnum inn í þetta mál. Hæstv. dómsmrh. sagði, að Hannes Hafstein ráðherra hefði brotið lög; en það er ekki rjett. Hann gerði einungis það, að leggja ekki ein lög fyrir konung. Er það ekkert lögbrot, því stjórnarskráin gerir ráð fyrir því og mælir svo fyrir, að þau lög falli niður, er næsta Alþingi kemur saman. Það hefir því aldrei verið um þetta deilt á þeim grundvelli, að þetta hefði verið lögbrot, heldur að það hafi verið brot á þingræðinu. Jeg skal ekki fara nánar út í þetta. Aðeins geta þess þó, að ef ráðherrann hefði lagt þessi lög fyrir konung, þá hefði þeim verið synjað staðfestingar, vegna þess að í lögunum var ákvæði, er laut að danskri löggjöf og kom í bága við hana, eins og hún þá var orðin. Hitt dæmið, sem hæstv. dómsmrh. tók og beindi að Jóni Magnússyni, var það, að lögin um ríkisveðbanka Íslands hefðu ekki verið látin koma til framkvæmda. En það var hvorki Jón Magnússon nje heldur Magnús Guðmundsson, sem þá var líka í stjórn, heldur þriðji ráðherrann, sem nú er látinn, sem átti sök á því, ef um sök var að ræða. En hingað til hefir þetta ekki verið álitið neitt lagabrot, enda mundi slík ásökun hitta fleiri menn, og ekki síður flokksmenn núverandi hæstv. dómsmrh. en aðra þá, sem farið hafa með bankamálin í stjórn landsins. En af því jeg vil ógjarnan fara í deilur í dag, þá læt jeg ósvarað því, er hæstv. dómsmrh. vjek að okkur fyrverandi stjórn.

Þá fór hæstv. dómsmrh. allmörgum orðum um hinar almennu ástæður, sem lægju til grundvallar fyrir því, að hann hefði viljað lækka laun varðskipaforingjanna. Jeg get nú tekið undir það svona alment, að gát þurfi að hafa á því, hvað þjóðfjelagið þoli í því efni. Þá talaði hæstv. ráðh. um vond fordæmi um of há laun, sem hefðu haft víðtæk eftirköst. En hæstv. dómsmrh. svaraði því ekki, sem jeg benti á í ræðu minni, að þó skipstjórum varðskipanna væru greidd hærri laun en frv. stjórnarinnar eða brtt. meiri hl. gerir ráð fyrir, þá er ekkert fordæmi gefið með því, þar sem hliðstæð störf eru áður launuð hærra, svo sem er um skipstjórastöður Eimskipafjelagsskipanna og skipa ríkissjóðs. En mjer finst alls ekki hægt að ganga framhjá launakjörum þeim, er skipstjórinn á Esju hefir, þegar ákveða skal launakjör varðskipstjóranna. Hæstv. dómsmrh. tók enga afstöðu til ummæla minna um þetta, og jeg óska heldur ekki eftir því, að hann geri það strax. Jeg óska miklu frekar eftir því, að hæstv. dómsmrh. athugi þetta mál í ró og næði, og vonast jeg þá til þess, að hann komist að þeirri sanngjörnu niðurstöðu, að rjett sje að ákveða laun þessara manna í samræmi við aðrar hliðstæðar stöður.

Hæstv. dómsmrh. fór, máli sínu til sönnunar, að vitna í bankastjóralaunin. En þar fór nú hæstv. ráðherra fyrst og fremst út fyrir fordæmi rík-

issjóðs, þar sem hann fór að tala um laun Eggerts Claessens, bankastjóra við Íslandsbanka. Jeg hefi nú í raun og veru ekki ástæðu til að fara inn á það atriði. En þó þykir mjer rjett, að það komi hjer fram, að eftir því, sem mjer hefir verið sagt, þá var sá samningur bygður á tvennu. Í fyrsta lagi, að það þótti miklu skifta að fá duglegan og kunnugan mann, er vænta mátti, að helst væri fær um að leiða bankann út úr þeirri kreppu, sem hann var þá kominn í. Hinsvegar var þessi maður atvinnurekandi hjer í bænum, og var kaupið miðað við það, sem sú atvinna gaf honum í arð, enda gaf hann ekki kost á sjer, nema telja mætti, að hann slyppi skaðlaus af að taka bankastjórastöðuna að sjer.

Mjer var alveg ókunnugt um það, að skipstjórarnir á varðskipunum hefðu nokkrar aukatekjur. Og jeg hygg nú, að þessi dæmi, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, beri fremur að skoðast sem fágæt höpp heldur en að rjett sje að reikna með þeim sem venjulegum tekjum. En sje sú ályktun röng hjá mjer og þetta sje venja, þá hefi jeg ekkert að athuga, þó gert sje ráð fyrir því, þegar launin eru ákveðin. Hæstv. ráðherra sagði, að skrifstofustjórinn í fjármálaskrifstofu ráðuneytisins hefði engin aukastörf. En hann hefir haft þau. Nú er hann veikur og mun varla geta þess vegna sint sínum eigin störfum að fullu, og þá því síður gegnt aukastörfum. Um skoðun hæstv. dómsmrh. um afstöðu stjórnarinnar alment til starfsmanna ríkisins vil jeg segja það, að jeg er á gagnstæðri skoðun við það, sem fram kom hjá honum. Hæstv. dómsmrh. sagði beint, að ef stjórninni líkaði ekki við starfsmennina, þá ætti hún að láta þá fara og fá aðra, og að ríkið væri ábyrgðarlaust gagnvart starfsmönnum sínum og ætti að geta sagt þeim upp, þegar þeir væru ekki lengur bestu fáanlegir starfskraftar, og rjett væri þar að fara að dæmi atvinnurekenda. En því er til þess að svara, að mjög fáir atvinnurekendur gera þetta. En hinsvegar er staða atvinnurekenda venjulega ekki svo trygg, að hægt sje að ráða þangað menn til langrar þjónustu. En ríkið hefir sjerstöðu á þessu sviði, því ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að það leggist niður, sje ekki farið út fyrir eðlileg takmörk. Getur því ríkið boðið tryggari stöður heldur en atvinnurekendur alment geta, og á að nota aðstöðu sína til þess að skapa fordæmi á því sviði. Ríkið á því að nota þessa sjerstöðu sína á þann hátt, að láta starfsmenn sína ekki tapa stöðum sínum fyrir það eitt, að þeir sjeu komnir af hinu ljettasta skeiði, meðan þeir þó leysa störfin af hendi með alúð og samviskusemi. — Það er yfirleitt talið óheppilegt, að mikið los sje á starfskröftum ríkisins. Þess vegna er það trygt með stjórnarskránni, að ekki sje hægt, þegar stjórnarskifti verða, að setja starfsmönnum ríkisins stólinn fyrir dyrnar, hvorki af flokkslegum nje öðrum pólitískum ástæðum. Að vísu eru til ríki, þar sem gagnstæðri reglu hefir verið fylgt. Svo er um Bandaríki Norður-Ameríku. Þegar ný stjórn sest að völdum, þá sópar hún burtu starfsmönnum og setur aðra í staðinn. Yfirleitt er samt talið, að betta gefist illa. En að það hefir ekki komið alvarlega að sök í Bandaríkjunum, stafar af því, að þau eru svo auð-

ugt land og möguleikar til atvinnurekstrar eru þar svo miklir á öllum sviðum, að þetta hefir ekki gert þjóðfjelaginu verulegt tjón. En þar sem atvinnuvegirnir eru fábreyttir og landið fátækt, væri hreinn og beinn þjóðarvoði að losa þannig um starfsmannahald ríkisins.

Jeg hefi ekki komið auga á neina ástæðu til að láta aðra reglu gilda um starfsmenn ríkisins á varðskipunum en aðra starfsmenn þess. Hinsvegar hefi jeg altaf haldið því fram, að ríkinu bæri engin skylda til að halda þá lengur en þörf er á. Jeg hygg líka, að það sje fullljóst af núgildandi lögum, að landið geti losnað við þá.

Hæstv. ráðh. mintist á þann starfsmann í hagstofunni, sem skipaður var til starfs þar og fjekk leyfi til að gegna öðru starfi og neytti þess leyfis í 7 ár. Lögin um hagstofuna mæla svo fyrir, að þar skuli vera hagstofustjóri og annar starfsmaður ásamt honum, lærður hagfræðingur, ef völ er á slíkum manni. Nú var um nokkur ár ekki völ á öðrum lærðum hagfræðingi en Hjeðni Valdimarssyni, en aukastarfi hans var nú svo háttað, að hann kom alls ekki að starfi sínu í hagstofunni. En svo kom breyting á þetta. Lærður hagfræðingur kom hingað og sótti um stöðuna og fjekk hana, af því að jeg áleit, að hagstofan bvrfti á öllum þeim starfskröftum að halda, sem henni eru ætlaðir.

Jeg skal svo geta þess, að jeg er mótfallinn brtt. hv. 5. landsk. um að fella burtu það ákvæði frv., sem þar um ræðir.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Snæf. hefir talað hjer nokkur orð til að sýna fram á, að störf þurfi að vera vel launuð til þess að þau sjeu vel unnin. Jeg hefi nú áður hrakið þetta og sýnt fram á, að störfin standa yfirleitt ekki í rjettu hlutfalli við launin. Nú hefir enginn gagnrýnt strandvarnirnar meira en þessi hv. þm., og er þá furða, að hann skuli ekki bera fram brtt. í þessa átt, ef hann telur það mikils virði fyrir málið.

Þá reyndi hv. 3. landsk. að afsaka það, að fyrverandi stj. skyldi ekki vera búin að framkvæma lögin, áður en hún fór frá. Má vera, að ókunnugleika hv. þm. sje um að kenna, að hann hafi ekki vitað, að skipin lágu hjer bæði í júlímánuði, áður en þau fóru norður, og ennfremur var hægt að senda skjölin norður. Þetta er því engin afsökun hjá hv. þm. Fyrverandi stj. var innan handar að framkvæma lögin, ef hún hefði haft hug á því. Það er líka annað, sem sýnir þetta ljóslega, og það er það, að það varð að brenna eitt eintak af Lögbirtingablaðinu, þegar stjórnarskiftin urðu, vegna þess að það var búið að prenta veitingarnar. Það var sem sagt ekki annað eftir en undirskriftirnar. Það, sem gerst hefir í málinu, síðan jeg kom í stj., er því ekki annað en það, að því, sem íhaldsstjórnin hafði slegið á frest, hefir enn verið frestað. Sama er að segja um launin; þau hafa verið hin sömu, þangað til um áramót, að laun skipstjóranna voru lækkuð. Þeir hafa frjálst val; ef þeir hefðu getað fengið betra annarsstaðar, þá hefðu þeir farið, en það hafa þeir ekki gert, og virðist það benda á, að þeir telji þessi laun viðunandi eftir atvikum. Enda hafa þeir látið í ljós við mig, að það mundi hreint ekki svo auðhlaupið

að því að fá vinnu annarsstaðar. Það út af fyrir sig að fresta framkvæmd laganna er auðvitað ekkert lögbrot. Fyrverandi stjórn ljet líða mánuði og núverandi stjórn hefir sömuleiðis látið líða mánuði án þess að framkvæma þau. Enda mundu þá lögbrotin verða æðimörg og víða pottur brotinn, ef þetta væri talið lögbrot. Það hefir til dæmis komið í ljós, að Pjetur Jónsson hafði ákveðið að fresta framkvæmd veðbankalaganna, Hannes Hafstein ljet hjá líða að bera upp fyrir konungi lög, sem Alþingi hafði samþ., og svipað mun mega segja um fleiri. Hannes Hafstein mun hafa litið svo á, að það væri þjóð sinni fyrir bestu, að þessi lög kæmu ekki til framkvæmda. Hv. 1. þm. Skagf. hefir sjálfsagt einnig talið það landinu fyrir bestu, að þessi embætti væru ekki veitt, og alveg það sama vakir fyrir mjer.

Hvað snertir samninginn við Eggert Claessen, þá hefir hann auðvitað orðið fordæmi fyrir launum annara bankastjóra, ekki einungis við Íslandsbanka, heldur einnig við Landsbankann, og þannig orðið til þess að skapa hin háu laun, sem þessum mönnum eru greidd. Hitt sje jeg ekki, að vonir fulltrúaráðsins hafi rætst svo mjög að því er hag bankans snertir. Hann getur víst tæplega talist svo góður. Á síðasta ári voru teknar út úr bankanum 6 miljónir af sparisjóðsfje, og það er altaf að ganga niður á við hvað hag hans snertir, svo það er síður en svo, að þessi háu laun hafi orðið til að auka velgengni bankans.

Jeg er alveg á gagnstæðri skoðun við hv. 3. landsk. um það, að ríkið eigi að vera nokkurskonar framfærslustofnun fyrir þá, sem einu sinni eru komnir að einhverju starfi hjá hinu opinbera.

Það er líka svo yfirleitt við atvinnuvegina, til dæmis á togurunum, að þegar menn eru orðnir slitnir og lítt færir til starfans, þá eru þeir settir í land. Aðstaða einstaklinganna er nú ekki tryggari en þetta við þennan atvinnuveg, þrátt fyrir það, að bankarnir hafa lánað langmestan hluta af sínu veltufje til hans og ríkisvaldið þannig ekki trygt neinn atvinnuveg eins og þennan.

Að því er snertir mannaskiftin í hagstofunni, þá er það ósköp auðskilið mál, hvernig í því liggur. Stjórnin vissi, að verið var að leggja niður landsverslun, og stóð þá vel á að ráðstafa þessu. Það verður heldur ekki sjeð, að fyrverandi stjórn hafi verið neitt ófús á að losna við þennan „sósíalista“ og fá skoðanabróður sinn í staðinn, enda ljet hún aðstoðarmanninn vera áfram með fullum launum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. talaði nú um nýtt atriði í þessu máli. Hann sagðist hafa orðið að láta brenna eitt eintak af Lögbirtingablaðinu, vegna þess, að búið hefði verið að prenta veitingarnar. Ef nú nokkuð væri óbrent af þessu blaði, þá væri það skýr sönnun þess, að fyrv. stjórn vildi halda lögin. **(Dómsmrh. JJ:** Á ábyrgð annarar stjórnar). Þetta var ekki annað en dráttur, og jeg geri ráð fyrir, að skipanirnar hefðu verið látnar gilda frá 1. júlí 1927, þó að jeg viti það ekki. En hvað fjármálaráðuneytið snerti, þá er víst, að skipanirnar áttu að miðast við 1. júlí 1927. Eins og

menn muna, stóðu um þetta leyti fyrir dyrum almennar kosningar, og það gekk svo fyrir þeim ráðherrum, sem þá sátu að völdum — og jeg hygg að það geti farið svo fyrir fleiri ráðherrum —, að nokkrar frátafir urðu í sambandi við þær. Hinsvegar var það ákveðinn vilji fyrverandi stjórnar að láta þessi lög, sem og önnur landslög, koma til framkvæmda, og hæstv. dómsmrh. hefir sjálfur, nú rjett í þessu, leitt ákveðin rök að því, að svo hafi verið.

Það er alveg rangt, að jeg hafi kastað hv. 2. þm. Reykv. burt úr nokkurri stöðu. Hann var látinn halda þeirri stöðu, sem hann vildi heldur, eftir að hafa valið á milli þeirra. Eftir þá reynslu, sem hann hafði fengið við verslun, var líka þess að vænta, þó að svo færi, að landsverslun yrði lögð niður, að hann hefði betri möguleika á því sviði en með því að setjast að starfi í hagstofunni með aðstoðarmannslaunum. Um það var enginn ágreiningur okkar á milli, enda held jeg, að reynslan hafi síðar staðfest þetta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þessi brenna Lögbirtingablaðsins, sem háttv. 3. landsk. nú vill reyna að telja sjer til tekna, er einmitt ákveðin bending um, að fyrv. stjórn hafi viljað láta aðra stjórn gera það, sem hún ekki vildi sjálf gera, og koma ábyrgðinni yfir á hana. Að þessi dráttur hafi ekki verið ásetningssynd hjá fyrverandi stjórn, er mjög ólíklegt, þar sem svo margir mánuðir voru liðnir og hún átti svo auðvelt með að vera búin að þessu.

Ekki er jeg heldur alveg viss um, að alt hafi verið í lagi hjá fyrv. hæstv. fjmrh. Að minsta kosti var skipshöfnin í megnustu óvissu um, hvað hún ætti að fá greitt. Um það getur háttv. 3. landsk. fengið upplýsingar. Þeir stóðu í þeirri meiningu, að það ætti að veita þeim stöðurnar, en hvenær og hvernig, vissu þeir ekki.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins bæta við lítilsháttar upplýsingum út af því, að hv. 2. þm. Reykv. var vikið úr embætti við hagstofuna. Jeg veit ekki betur en hann færi fram á það, þegar hann fjekk brjef frá fyrverandi fjmrh., þar sem þess var krafist, að hann gæfi ákveðið svar strax um það, hvort hann ætlaði að setjast í embættið, að þá hafi háttv. 2. þm. Reykv. óskað eftir fresti til vors, því þá gat hann vitað, hvort landsverslunin yrði lögð niður eða ekki.

Jeg verð að segja, að það var talsverð óbilgirni, sem fyrv. stjórn sýndi þessum starfsmanni landsins, sem hafði loforð fyrir stöðu hjá ríkinu.

Það er út af fyrir sig gleðilegt, að hv. 3. landsk. og hæstv. dómsmrh. skuli einhverntíma geta verið sammála, en jeg vildi aðeins óska, að þeir vildu fylgjast að um eitthvert betra málsatriði en þetta, sem þeir nú eru sammála um. Jeg hygg nú líka, að hv. 3. landsk. þætti hart, ef honum væri bannað að vera í því stjettarfjelagi, sem hann er í, og að hann væri ranglæti beittur, ef honum væri meinað að taka þátt í fjelagsskap stjettarbræðra sinna, en það er það ranglæti, sem hann vill beita sjómennina á varðskipunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 326,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 327 feld með 9 : 2 atkv.

6. gr. samþ. með 7:2 atkv.

Brtt. 326,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv.

Brtt. 326,3 (ný 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 326,4 samþ. án atkvgr.

10.—11. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 44. fundi í Ed., 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, IP, JBald, JJ, MK, PH, GÓ.

nei: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ.

Einn þm. (JKr) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 433).

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg legg til, að málinu verði að minsta kosti vísað til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Nd., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 433, n. 661, 665 og 674).

Frsm. 1. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg og hv. 2. þm. Eyf. höfum lagt til, að frv. þetta verði samþ., eins og nál. okkar ber með sjer. Þó höfum við gert eina brtt. við frv., en ekki getur hún talist stórvægileg. Að vísu hefðum við talið fleiri smábreytingar æskilegar, en við vildum ekki eiga á hættu að tefja málið með frekari brtt.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi ávalt verið á þeirri skoðun, að þeir menn, sem hjer eiga hlut að máli, ættu að vera sæmilega launaðir. En eftir þau ákvæði um launakjör yfirmannanna, er sett hafa verið inn í frv. í hv. Ed., þar sem gert er ráð fyrir, að launin komist upp í 10 þús. kr. á ári, að meðtaldri dýrtíðaruppbót, get jeg fallist á, að launin sjeu viðunandi.

Brtt. okkar á þskj. 661 gengur í þá átt, að starfssamningur yfirmanna

varðskipanna gildi, að því er þá snertir, ekki nema eitt ár í senn, í stað sex ára í frv. Teljum við þetta til bóta og í meira samræmi við meginreglur starfssamninga en ákvæði frv. Ennfremur felst það ákvæði í brtt. okkar, að hvor samningsaðili geti sagt upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara, og er sama um það ákvæði að segja og hið fyrra.

Jeg skal taka það fram, að þó að búast megi við því, að pólitík komist inn í umr. um þetta mál, þá mun jeg ekki taka þátt í öðrum umr. en þeim, sem snerta brtt. okkar á þskj. 661.

Frsm. 2. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg hefi ekki getað orðið sammála hinum fjórum samnefndarmönnum mínum í þessu máli. Jeg hefi verið þeirrar skoðunar, eins og Alþýðuflokkurinn yfirleitt, að ekki þyrfti svo miklar umbúðir um varðskipin, sem fram komu í lögunum frá síðasta þingi, þar sem ekki var annað sýnna en að verið væri að stofna vísi til sjóhers. Okkur hefir fundist nægilegt, að yfirmennirnir einir skuli vera sýslunarmenn ríkisins, en aðrir skipverjar skuli ráðnir með svipuðum kjörum og tíðkast á Eimskipafjelagsskipunum eða skipum ríkisins, Esju og Selfossi. En að taka hjer upp fjölda manna og kalla þá sýslunarmenn ríkisins, og setja sjerstök lög um kyndara og háseta, sem máske eru ekki nema mánuð á varðskipunum, það er beinlínis hlægilegt, og þá til hins verra.

Fyrverandi stjórn tók upp þessa stefnu og núverandi stjórn hefir fetað í fótspor hennar, enda þótt hún hafi ekki gengið út af eins langt í hernaðaráttina, þótt frv. þetta sje að vísu svo keimlíkt hinu fyrra, að mismunurinn megi teljast bitamunur en ekki fjár. Þó þykist jeg sjá, að skárra verði, að frv. þetta verði að lögum en að lögin frá í fyrra haldist, og mun því verða því fylgjandi, að frv. þetta nái fram að ganga með vissum breytingum.

Í fyrsta lagi tel jeg þá breytingu sjálfsagða, að ekki verði aðrir skipverjar en yfirmenn taldir sýslunarmenn ríkisins. Aðrir skipverjar sjeu ráðnir með sömu kjörum og tíðkast á skipum Eimskipafjelagsins. Þessir hásetar sjeu undir hinum almennu sjólögum um rjettindi og skyldur og aga yfirmannanna. 5. og 6. gr. frv., þar sem eru sjerstök ákvæði um skyldur og störf skipverja á varðskipunum, falli því niður.

Þá vil jeg ekki skerða athafnafrelsi þessara manna svo mjög, að þeim sje bannað að hætta vinnu. Það stappar næst þrældómi, að menn sjeu neyddir til að vinna á móti vilja sínum. En bann gegn verkfalli háseta á varðskipunum er í frv. þessu eins og lögunum í fyrra.

Jeg þori að fullyrða, að enginn vandi er að komast hjá verkföllum á varðskipunum, ef skynsamlega er að farið. Þótt verkfall kynni að verða á Eimskipafjelagsskipunum, mætti setja það ákvæði í varðskipalögin, að greiða skuli sama kaup á varðskipunum og var er verkfallið hófst, uns sættir eru komnar á aftur og samningar hafa tekist, eða einungis fara svo að í framkvæmd laganna með samningi við Sjómannafjelagið. Með þessum hætti mætti komast hjá öllum verkföllum á varðskipunum, og ætti því engin hætta að stafa af því að fella greinina um bann gegn verkföllum niður.

Í fyrra var rætt allítarlega um muninn á afstöðu sjómanna eftir varðskipalögunum og hinum almennu sjólögum. Má í fám orðum segja, að í varðskipalögunum sje einvörðungu um skyldur að ræða, en í sjólögunum komi ýms rjettindi á móti, í sjúkratilfellum og oftar. Kjör skipverja eftir varðskipalögunum eru því mun lakari en ella.

Við alþýðuflokksmenn álítum, að til þess að landhelgigæslan sje í góðu lagi, sje jeg ekki einhlítt, að yfirmenn skipanna sjeu vanir og kunnugir, heldur þurfi og kjör hásetanna að vera svo viðunandi, að þeir geti tollað á skipunum og vanist störfum sínum. En sjeu kjör þeirra lakari en farmanna yfirleitt, verður afleiðingin auðvitað sú, að þeir fara af skipunum undir eins og þeir geta og þangað safnist yfirleitt ljelegar skipshafnir, sem ekki eiga annars úrkostar. Mjer virðist því, að þau lög, sem nú gilda, og einnig þetta frv. eins og það er, miði að því, að gera landhelgigæsluna lakari en hún þyrfti að vera.

Frsm. 3. minni hl. (Hákon Kristófersson):* Eins og hv. deild mun vera kunnugt orðið, klofnaði allshn. í þrjá hluta um þetta mál, og hafa hv. frsm. tveggja þessara minni hl. þegar gert grein fyrir nál. sínum og skoðun á málinu.

Við hv. 1. þm. Skagf. og jeg höfum skilað sjerstöku nál. á þskj. 674, og eins og það ber með sjer, leggjum við þar til, að frv. þetta verði felt, en þau lög, sem nú gilda um þetta efni, verði látin gilda áfram.

Það hafa verið bornar ýmsar ástæður fram fyrir því, að frv. þetta sje betra en núgildandi lög. Það er rjett, að í því eru ákvæði, sem alls ekki eru í lögunum frá í fyrra. Það mætti nú að vísu segja gagnvart mjer, að jeg hafi ekki verið þeim lögum fast fylgjandi, þar sem jeg kom fram með ítarlegar brtt. um launakjör háseta og stýrimanna við þau lög. Sú afstaða mín er óbreytt enn. Jeg tel niðurröðun launanna ekki rjettláta og launin öll lág, að undanteknum launum skipstjóranna. Jeg er alveg sammála hv. frsm. 2. minni hl. um það, að það sje mjög óheppilegt, að menn þessir sjeu svo illa launaðir, að þeir sjeu ávalt reiðubúnir að fara í aðrar stöður, sem bjóðast kunna. Hinsvegar get jeg með engu móti fallist á þá skoðun hans, að hjer sje verið að stofna vísi til sjóhers. Þetta er aðeins lögregla á sjónum, og embætti þessi eða sýslanir algerlega hliðstæðar sýslunum á landi, sem engum hefir dottið í hug að kenna við landher. Jeg vona einnig, að hv. frsm. 2. minni hl. taki það ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg geti ekki fallist á, að það sje sama og að hneppa þessa menn í þrældóm að banna þeim að gera verkfall. Jeg þykist vita, að hann sjái sjálfur, hvílík fjarstæða þetta er.

Hv. frsm. 2. minni hl. heldur því fram, að afkoma háseta verði verri eftir varðskipalögunum en hinum almennu sjólögum. Jeg var einnig á þessari skoðun í fyrra, en skal játa, að jeg hefi hlaupið dálítið á mig, og eftir þeim upplýsingum, sem þáverandi dómsmrh. veitti mjer, sá jeg, að jeg hafði ekki athugað gildandi lög, sem hann benti mjer á, að þessir menn

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

kæmu undir. Jeg hafði t. d. haldið í fyrra, að ef maður á varðskipunum veiktist fyrir Norðurlandi um síldveiðatímann, þá yrði hann af kaupi sínu og yrði að standa straum af sjer sjálfur, en eftir yfirlýsingu þáv. dómsmrh. sá jeg, að menn þessir voru trygðir eins og aðrir embættismenn ríkisins.

Jeg mun reyna að verða við tilmælum hv. frsm. 1. minni hl. um að hleypa ekki hita í umræðurnar. Þótt jeg væri á móti þessum lögum í fyrra, eins og þegar hefir verið tekið fram, voru það ekki nema nokkur sjerstök ákvæði þeirra, er ollu því. Nú eru lögin ekki komin til framkvæmdar að neinu leyti, og tel jeg það óheppilegt og illa farið, því að jeg tel sjálfsagt, að virða beri svo lagasetningu Alþingis, að hún komi þegar til framkvæmdar, er hún hefir öðlast löglega staðfestingu. Þessa skoðun hljóta allir hv. þm. að hafa, ef þeir bera á annað borð nokkra virðingu fyrir löggjafarstarfsemi sinni. Til að gera nú einhverja yfirbót á vanrækslu sinni, ber hæstv. stjórn fram þetta frv.

Meðal annara atriða í þessu frv. er þannig ákveðið, að dómsmrh. sje heimilt að gera starfssamning við yfirmenn skipanna til ákveðins tíma, 6 ára. Þessi aðferð ríður í bág við þá reglu, sem embættismenn þjóðfjelagsins eiga alment við að búa, og einnig við mína persónulegu skoðun á því, hvernig þessu verði haganlegast fyrir komið. Þar hygg jeg og, að jeg tali fyrir munn okkar beggja, minn og hv. 1. þm. Skagf. Jeg tel þarna gengið inn á mjög varhugaverða braut, og þótt ekki væri vegna annars, mundi þetta nægja til að fá mig á móti frv. Jeg lít svo á, að það sje aðalatriðið að fá á skipin valinkunna menn, sem áhuga hafa á starfi sínu, hvort sem eru undir- eða yfirmenn. Virðist mjer hentast, að þeir hafi hugsað sjer að gera það sem mest að æfistarfi sínu, og erum við hv. 2. þm. Reykv. sammála í þessu atriði. Um rök fyrir þessu get jeg annars skírskotað til nál. hv. minni hluta allshn. í Ed. á þskj. 380. Veit jeg ekki til, að þau rök hafi verið hrakin af neinum, hvorki innan þings nje utan. Jeg þykist vita, að hv. þdm. hafi kynt sjer þetta skjal, en samt vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr því. Þar segir svo m. a.: „Nú á tímum veit jeg ekki til, að slíkir samningar hafi verið notaðir nema í Suður-Afríku og á einstöku stöðum öðrum, við ráðningu verkamanna frá Indlandi og Kína. En þessir óuppsegjanlegu 6 ára vinnusamningar þóttu nálgast svo mjög þrælahald, að úr menningarlöndum Norðurálfunnar reis sterk alda gegn þessu, og veit jeg ekki annað en að bann gegn þessu sje nú lögleitt alstaðar þar, sem hvítir menn ráða". — Mjer er nú spurn: Hvaða nauðsyn er hjer fyrir hendi, að við þurfum að fara að taka upp eitthvað þessu líkt? Það verður að teljast mjög athugavert og alveg undir hælinn lagt, hve haldgott það verður fyrir menn að taka við þessum störfum. Ríkisstjórnin á hverjum tíma getur þótst þurfa að koma einhverjum sínum gæðingi í gott brauð, og er þá opin leið til að hafa mannaskifti á skipunum, án þess að sá, sem fara yrði, hefði gert nokkuð fyrir sjer. Mjer sýnist allar horfur á, að þetta ákvæði verði síður en svo til nokkurrar þurftar fyrir landhelgigæsluna.

Því hefir verið haldið fram, að frv. þetta gengi í sparnaðaráttina. Ef menn athuga ummæ'in á þskj. 380, munu þeir fljótlega sjá, að ekki er miklu til að dreifa í þá átt. En jeg skal ekki taka að mjer að verja gildandi lög í því efni, því að þar var jeg á annari skoðun en flytjendur frv. í fyrra. En það er bersýnilegt, að sparnaður þessa frv. getur ekki rjettlætt það, að það gangi fram.

Með þessum fáu orðum hefi jeg viljað sýna, hve óheppilegur og illa sæmandi sá hringlandaháttur hlýtur að teljast fyrir Alþingi, að eitt þingið rífur niður það, sem hið næsta á undan hefir samþykt. Það er bersýnilegt, ef þessi aðferð á að haldast í löggjöfinni, að hvenær sem meiri hluti myndast, þá rífur hann niður öll verk andstæðinga sinna, sem þeir hafa e. t. v. gert degi áður. Þá hljóta borgarar þjóðfjelagsins altaf að verða í óvissu um það, hvort þau lög, sem samþykt eru, eigi að standa deginum lengur.

Jeg mun að sinni ekki fara inn á það, sem gerst hefir í málinu á síðasta ári. Aðalatriðið fyrir okkur hv. 1. þm. Skagf. er það, að við teljum þessa löggjöf síst betri eða hentugri en núgildandi löggjöf.

Jeg tel ekki ósennilegt, að fleiri þykist þurfa að ræða um þetta mál, og mun jeg þá neyddur til andsvara, ef umr. hefjast á breiðari grundvelli.

Jóhann Jósefsson: Jeg tók eftir því, að hv. frsm. 1. minni hl. sagði eitthvað í þá átt, að sjer þættu launakjör skipverja komin í nokkurnveginn sæmilegt horf — sterkara kvað hann nú ekki að orði — með breytingum þeim, sem hv. Ed. gerði á frv. Get jeg ekki verið sömu skoðunar um það. Út af fyrir sig tel jeg ekki, að frv. um launakjör skipverja eigi rjett á sjer, því að jeg tel ekki rjett að breyta því, sem samþ. var í því efni í fyrra. Hitt er annað mál, að framkvæmd gildandi laga hefir farið svo úr hendi, að það er landshneyksli, að mínu áliti, en vera má, að einhverjum þyki hjer of sterkt að orði kveðið. En út í það atriði mun jeg ekki fara að sinni. En mjer virðist þessum mönnum ekki sæmilega launað með ákvæðum þeim, sem í frv. eru, enda þótt jeg hljóti að kannast við, að hv. Ed. hefir sýnt virðingarverða viðleitni í þá átt að lagfæra misrjetti það, er hæstv. landsstjórn vildi sýna skipshöfn og skipherrum á varðskipunum. Getur vel verið, að svo fari, að hæstv. stjórn noti þingfylgi sitt til þess að halda áfram að níðast á þessum mönnum, en jeg tel það mjög ómaklegt og illa farið. Að minni hyggju liggur sómi Alþingis við, að bætt sje úr því misrjetti, sem þessum mönnum hefir verið sýnt.

Eins og áður hefir verið á minst, er frv. þetta svo flausturslega samið, að gleymst hefir að setja þar ákvæði um dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna. Er þetta dálítið einkennilegt, þegar þess er gætt, að hæstv. dómsmrh., sem er sá skapandi — eða öllu heldur eyðileggjandi — kraftur í þessu máli, hefir haft embættismenn, einkum í sveitum, til samanburðar um launakjörin. Hefði hann því átt að muna eftir dýrtíðaruppbótinni. En það er eins og hæstv. ráðh. hafi ekkert sjest fyrir í málinu. Hann hefir anað af fótum fram í ákafanum við að þrýsta niður kaupi yfirmannanna, án þess að taka nokkurt tillit til laga eða rjettar. Í

brjefi því, er skipherrarnir hafa sent Alþingi, er það sýnt með ljósum rökum, að laun þeirra samkv. stjfrv., og jafnvel eftir frv. eins og hv. Ed. sendi það frá sjer, eru algerlega ósambærileg við laun sambærilegra starfsmanna ríkisins og þess innlenda fjelags, sem í þessu sambandi er hægt að vitna til, Eimskipafjelags Íslands. Þess utan eru með frv. — og það atriði hefir ekki verið leiðrjett í hv. Ed. — bæði skipverjar og skipherrar, sem áður höfðu verið á Þór, rændir þeim rjetti, er þeim þar ákveðinn í fyrra, til þess að þjónustualdur þeirra þar væri tekinn til greina, er reiknuð væru laun þeirra. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði fyrir mennina, þar sem launum þeirra er ætlað að fara stighækkandi á vissu árabili. Þetta ákvæði í gildandi lögum sætti engri mótspyrnu á þingi í fyrra, með því að allir töldu það þá sanngjarnt og sjálfsagt. Þessu hefir hæstv. stjórn nú kipt burtu, eins og flestu öðru nýtilegu í hinum gildandi lögum. Vænti jeg, að hv. deild geti fallist á að leiðrjetta þetta við 3. umr.

Jeg hlýt að taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að nauðsynlegt sje, að á skipunum sjeu a. m. k. meðal annara vanir menn. Þar verða að vera menn, sem bæði eru vanir sjómensku og því starfi, sem skipin hafa með höndum. En það stendur aldrei í vegi fyrir, að þeir ílendist á skipunum, að þeir megi ekki gera verkföll, heldur hitt, að þeim sje ekki sómasamlega launað. Jeg hitti nýlega að máli einn myndarlegasta hásetann, sem verið hefir á Óðni, og sagði hann mjer, að eftir að hæstv. landsstjórn gerði launabreytinguna í haust, hafi hann farið af skipinu, því að hann hafi ekki treyst sjer til að komast af með þeim launum, sem ákveðin voru. Svona getur verið um fleiri. Þótt ef til vill megi nota viðvaninga að einhverju leyti, þá er hitt nauðsynlegt, að nokkur hluti hásetanna sje vanur landhelgigæslu og björgun. — Hitt, sem hv. 2. þm. Reykv. aðallega fáraðist yfir, að skipverjarnir mættu ekki gera verkföll, er ekki svo mjög tilfinnanlegt fyrir þá, en hinsvegar væri það mjög hættulegt, ef verkföll kæmu fyrir á skipunum. Það kom einu sinni fyrir á Þór fyrir nokkrum árum, að útgerð hans var hótað, að einn háttsettur vjelamaður yrði tekinn af skipinu, ef kaup hans væri ekki hækkað. Skipið var þá við björgunarstarf, og endirinn varð sá, að útgerð skipsins varð að láta undan mjög harðdrægum kröfum, fremur en að missa nauðsynlegan mann af skipinu. Eins verður, þótt ríkið taki við skipunum, ef það er þolað, að hásetarnir sjeu háðir þeim, sem í landi gangast fyrir að stofna til verkfalla.

Jeg sje, að hv. 3. minni hl. ber ekki fram neinar brtt. við frv. Er það vitaskuld af því, að hann leggur til, að frv. sje felt og telur þessa löggjöf óþarfa og órjettmæta. Er jeg þar fyllilega sammála, að rjettast væri að fella þetta frv. algerlega. Til þess er stofnað með ofbeldi og rangsleitni, og það er til niðurrifs og lægingar fyrir landhelgistarfið. Það gerir landhelgigæsluna óvirðulegri og stofnar aga á skipunum í háska. Skal jeg færa nokkur rök fyrir þessum orðum mínum. Í fyrra var svo ákveðið, að skjaldarmerki Íslands skyldi vera á skipunum ásamt nafni þeirra. En nú á þar aðeins að standa: „Þór, Reykjavík“ og „Óðinn, Reykjavík“, eins og á hverri

fiskidollu. Þetta virðist mjer ekki miða til annars en að gera landhelgigæsluna óvirðulegri. En til agaleysisins tel jeg stofnað með 5. gr. frv. Þar er tekið fram, að skipstjóri geti vikið skipverja frá, ef honum þykir ástæða til, þ. e. ef ástæða er til, en þó á að greiða honum kaup í næstu 3 mánuði. Þetta, að greiða mönnum kaup, þótt ástæða hafi verið til að víkja þeim frá starfi sínu, hlýtur að verða til að ala upp agaleysi. Ef skipverji vill fara einhverra orsaka vegna, þá má hann það að vísu, en fær ekkert kaup eftir brottför sína. En sje honum *vikið frá*, á hann kaup í 3 mánuði. Jeg segi ekki, að margir geri það, en það er ekki freistingarlaust fyrir þann, sem vill fara, að láta reka sig, fremur en að segja upp starfinu. Hásetarnir eru einnig skyldaðir til að segja upp með talsverðum fyrirvara, en oft er mönnum hentara að mega fara fyrirvaralaust. Og þá er beinlínis ýtt undir þá að láta reka sig.

Frv. er ekki til bóta að neinu leyti. Þar er gengið á rjett þeirra manna, sem á skipunum eru, og grafið undan aganum. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Barð., að mjög nauðsynlegt er að hafa góða og skyldurækna menn á skipunum. Landsstjórnin segist og vilja hafa það svo, en það sjest ekki á framkvæmdunum hjá henni. Þegar athugað er, hvert feikna fje þessir menn hafa dregið í landhelgisjóð bæði í beinum sektum og í andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, þá virðist mjer nokkuð harkalega að farið hjá þingi og stjórn, að setja þessa löggjöf, sem til stórra muna íþyngir rjetti þessara manna.

Jeg vil mælast til þess við hv. allshn., að hún taki til athugunar til 3. umr. það, sem jeg hefi sagt um þjónustualdur skipverjanna. Það hafði alment samþykki í fyrra, og þykir mjer næsta ótrúlegt, að hringsnúningur hafi átt sjer stað í því efni hjá meiri hluta Alþingis. Það er þegar viðurkent, að þeir, sem unnu á Þór, meðan hann var eign Björgunarfjelagsins, hafi unnið að sama verkefni og þeir vinna nú á varðskipunum. Það er því á engan hátt rjettlátt að miða þjónustualdur þeirra við þann tíma, sem þeir rjeðust á varðskipin sem eign ríkissjóðs. Mun jeg svo ekki fjölyrða um mál þetta öllu frekar nú; til þess mun verða tækifæri síðar. En jeg legg áherslu á, að launakjör skipstjóranna sjeu borin saman við og miðuð við launakjör skipstjóranna á skipum Eimskipafjelagsins og öðrum skipum ríkissjóðs en þeim, er hjer ræðir um. Segi jeg þetta fyrir þá sök, að í frv. er ætlast til, að skipherrar varðskipanna hafi mun verri kjör en skipstjórar á áðurnefndum skipum. Þá ber og líka að taka tillit til þess, að stjórnin áskilur sjer rjett til þess að gera starfssamning við menn þessa aðeins til 6 ára í senn. Með öðrum orðum, hún vill geta trygt sjer þá, á meðan þeir eru á besta skeiði aldurs síns. En þetta er alveg gagnstætt allri venju, sem tíðkast annarsstaðar í þessum efnum, bæði hjer á landi og í öðrum löndum. Venjan er þvert á móti sú, að menn þessir fá að halda stöðu sinni til 60 ára aldurs, ef ekkert ber út af. En hjer á aðeins að ráða þá til 6 ára í senn. Það er því ennþá berara órjettlætið, sem í því felst að láta þessa skipstjóra hafa mun verri kjör en skipstjóra þá, sem sigla t. d. hjá Eimskipafjelaginu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg vil aðeins leggja áherslu á eitt atriði í þessu máli við þessa umr., en það eru launakjör hásetanna, enda þótt jeg sje ósamþykkur frv. að ýmsu öðru leyti. Jeg fæ ekki betur sjeð en það sje mjög óákveðið eftir frv., við hvaða launakjör þessir menn eigi að búa, og meðal annars af því hefir hv. 2. þm. Reykv. borið fram brtt. á þskj. 665 um að samræma kjör þeirra við kjör háseta á Eimskipafjelagsskipunum. Á það hefir verið bent áður, og það með rjettu, að brýn nauðsyn krefji að fá ötula og góða menn fyrir háseta á þessi skip. Ef menn því kunna að halda, að það sje tekið með sitjandi sælu að vera háseti á skipum þessum, þá er það misskilningur. Það kann máske að vera svo, að erfiði sje ekki að jafnaði eins mikið á þeim og t. d. togurum, en þar er síst hættuminna að vera en á öðrum skipum. Þeir verða að fara í skipsbátum frá varðskipunum út í togarana, sem staðnir eru að ólöglegri veiði, svo að segja í hvernig veðri sem er, ef fært þykir bátum á sjónum. Er slíkt oft hin mesta hættuför, og er sagt, að skipstjórinn sje oft skjálfandi á stjórnpallinum af hræðslu um afdrif þeirra. Til slíkra svaðilfara þarf því sannarlega duganði menn og ótrauða.

Jeg hefi gert lauslegan samanburð á launakjörum hásetanna á þessum skipum og launakjörum háseta alment á verslunarskipum, og fæ jeg ekki betur sjeð en þar sje um allverulegan mismun að ræða. Um laun yfirmannanna tala jeg ekki, því að frá þeim gekk hv. Ed. svo, að þau virðast viðunandi, þar sem aðeins munar örlitlu á þeim og launakjörum samsvarandi starfsmanna hjá Eimskipafjelaginu. Jeg skal játa, að frá því, sem verið hefir, er breytingin mest á launum skipstjóranna, enda er þar mestu af að taka. Nú eru þeim ætluð um 9000 kr. laun, miðað við þá dýrtíðaruppbót, sem nú er, og fylsta þjónustutíma. Auk þess fá þeir sömu hlunnindi og aðrir skipverjar, t. d. fæði og einkennisbúning. Líka geta þeim stundum áskotnast aukatekjur, eins og t. d. síðastl. ár, er mun hafa numið alt að 2 þús. kr. Jeg verð því að telja, að sæmilega sje gengið frá launakjörum allra yfirmannanna. En þá eru eftir þeir mennirnir, sem leggja sig í mestu hættuna, sem sje hásetarnir, og sömuleiðis kyndararnir, og mjer finst, að þm. geti ekki annað en gengið sæmilega frá launakjörum þessara manna, svo þau verði í samræmi við laun yfirmanna skipsins, sem þegar eru orðin næstum samhljóða launum samskonar manna hjá Eimskipafjelagi Íslands. — Eins og jeg tók fram áðan, er munurinn á kaupi þeirra, samanborið við aðra háseta, allmikill. Eins og nú standa sakir, hafa þessir menn um 2500 kr. á ári. Sje þetta borið saman t. d. við yfirmennina, er munurinn mikill. Þá ber og þess að gæta, að menn þessir eru háðir sömu reglum og aðrir verkamenn. Þeim er vikið frá starfinu eftir geðþótta yfirmannanna; þeir eru látnir fara, ef t. d. skipstjóri eða einhverjir ráðamenn aðrir þurfa að koma einhverjum skjólstæðingi sínum að. (**JJós:** Skipstjórarnir geta þetta ekki eftir gildandi lögum). Það er rjett, samkvæmt lögum frá síðasta þingi þurfti uppsagnarfrest hjá hásetum alt að 6 mán., en skipstjóri gat vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi fyrir

sakir, sem hann einn dæmdi um að mestu. En sem betur fer, hafa þau lög aldrei komið til framkvæmda. Þetta er því sú hlið málsins, sem jeg legg mesta áherslu á, að rýmkað verði um kjör fullgildra háseta, sem heimtað er fullkomið verk af, því jeg á ekki við vikadrengi, sem settir eru um borð í skipin til þess að læra sjómensku. Á síðastliðnum árum hafa hásetar t. d. á Gullfossi haft um 100 kr. í eftirvinnu á mánuði. Hefir mánaðarkaup þeirra því orðið um 300 kr., auk annara fríðinda, sem þeir hafa samkvæmt samningi. Líkt því hefir kaup hásetanna á ríkissjóðsskipunum orðið, því þar gilda sömu samningar. Nú fæ jeg ekki skilið, hvers vegna svona mikill munur þarf að vera á kaupi þessara manna, þó þeir vinni á varðskipi, sem ríkið á og starfrækir. Eins og það sje ekki sama, hvort mennirnir vinna að því að elta togara eða flytja fólk og vörur hafna á milli. Nei, á því á engan mun að gera. Hvorirtveggja eiga að vera undir sömu lögum og búa við sömu launakjör; á því getur enginn vafi leikið. Þess vegna ber að samþykkja brtt. hv. 2. þm. Reykv. Með því er líka bætt úr þeim agnúa, sem hv. þm. Vestm. benti á, að væri á frv.

Annars mun jeg geyma til 3. umr. að tala frekar um málið.

Frsm. 3. minni hl. (Hákon Kristófersson):* Það hefir ekkert það komið fram í þessum umr., sem hefir gefið mjer sjerstakt tilefni til andsvara. Mun jeg því ekki lengja umr. mikið.

Hv. 4. þm. Reykv. mintist á varðskipalögin frá í fyrra og taldi það vel farið, að þau hefðu aldrei komið í framkvæmd. Slík ummæli sem þessi þykja mjer alveg óviðeigandi á löggjafarþingi þjóðarinnar, og jeg verð að átelja það, að einn þm. skuli hafa þau ummæli, að hann telji það vel farið, að gengið sje á snið við þau lög, sem löggjafarvaldið hefir samþykt. Þá gat þessi hv. þm. þess, þegar hann gerði samanburð á launakjörum hásetanna á varðskipunum og háseta á skipum Eimskipafjelagsins, að þeir síðarnefndu hefðu haft síðastliðið ár um 100 kr. í eftirvinnu á mánuði. Jeg er honum alveg sammála um, að þetta sje ekki svo lítið atriði. En mjer kom það dálítið undarlega fyrir, að hann skyldi leggja svona mikla áherslu á þetta atriði, þar sem hann er margbúinn að slá því föstu, að öll eftirvinna sje aðeins til þess að ofþreyta menn, og eigi því ekki að eiga sjer stað.

Hvað snertir vinnuna á þessum skipum, þá er jeg þess fullviss, að hún er mun erfiðari á milliferðaskipunum en varðskipunum. En jeg skal jafnframt játa, að það getur oft verið hættulegt að fara á smábát frá varðskipunum út í togarana, en þess ber þá jafnframt að gæta, að það er altaf einhver yfirmaður með í slíkum ferðum, og hættan vofir því jafnt yfir honum og hásetunum. Þá sagði hv. þm., að sjer virtist, að í frv. þessu væri sæmilega gengið frá launakjörum allra skipverja, nema þeirra, sem ættu mestu hættuna yfir höfði sjer, sem sje hásetanna. En það er nú svo í þessu tilfelli sem öðrum, og það er gangur lífsins, að því meiri ábyrgð, sem á

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

manninum hvílir, því meiri kröfur gerir hann til kaups.

Út af þeim ummælum hv. þm., að engin lög væru til, sem giltu um þetta efni, vil jeg taka það skýrt fram, að til eru lög um það, og það í fullu gildi, *enda þótt yfir þau hafi verið troðið.*

Þar sem umr. um mál þetta hafa verið svona rólegar, ætla jeg að leiða hjá mjer öll árásarefni, og skal því ekki fara frekar inn á varðskipalögin frá síðasta þingi, og læt því umr. um málið frá minni hálfu lokið að þessu sinni, nema þá því aðeins, að eitthvert sjerstakt tilefni gefist.

Jóhann Jósefsson: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs áður en fundi var frestað, vegna þess að jeg vildi gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 4. þm. Reykv., þó jeg sje honum í ýmsum atriðum sammála, og það í þeim atriðum, sem skifta miklu máli að mínum dómi. T. d. er jeg á sama máli og hann um það, að nauðsynlegt sje, að vel vanir sjómenn sjeu hásetar á varðskipunum, enda er það fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sje að nota unglinga á skipunum og að þeir venjist störfunum, að þeir hafi sjer til fyrirmyndar fullgilda menn, sem öðlast hafa þekkingu sjómanna. En þá finst mjer skjóta nokkuð skökku við, að hann geri sig ánægðan með laun þau, sem fullgildum hásetum eru ætluð eftir frv. eins og það er nú, og segir, að vel hafi farið á því, að launaákvæði laganna í fyrra hafi ekki komist í framkvæmd. Þetta þótti mjer undarlegt að heyra af vörum hv. 4. þm. Reykv., sem þykist bera svo mjög hag sjómannanna fyrir brjósti, því eftir lögunum í fyrra voru fullgildum hásetum ætluð mun hærri laun en frv. gerir ráð fyrir.

Þá mintist hann á til samanburðar laun varðskipstjóranna og skipstjóranna hjá Eimskipafjelagi Íslands og taldi þar ekki muna miklu eftir frv. eins og það er nú. Jeg hefi áður tekið fram, að frv. hefði tekið stakkaskiftum til hins betra í meðförum hv. Ed. að því er laun skipstjóranna snertir, en þó munar miklu, að þeir njóti enn sömu launa og Eimskipafjelagið greiðir sínum skipstjórum. Lágmarkslaun skipstjóranna hjá Eimskipafjelaginu eru 8000 þús. kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót, sem nema þá til samans um 11 þús. kr. á ári. Þar við bætist ennfremur ágóðahluti, sem getur munað talsverðu, en er vitaskuld ekki ávalt hinn sami. Árið 1926 nam ágóðahluti skipstjórans á Gullfossi 1140 kr. og skipstjórans á Goðafossi eitthvað minna, svo að hjer verður þá að minsta kosti um 12 þús. kr. að ræða, sem þessir skipstjórar hafa í árslaun. Taki maður skipstjórann á Esju, verður útkoman síst betri, enda nálgast árslaun hans, þegar alt er talið með, um 12 þús. kr. En skipstjórum varðskipanna eru ætluð 5800 kr. árslaun, sem verður með dýrtíðaruppbót um 8000 kr. Mismunurinn því um 4 þús. kr. Verður því ekki annað sagt en að sá mismunur sje allverulegur og að varðskipstjórarnir sitji mjög með skarðan hlut samanborið við skipstjórana hjá Eimskipafjelaginu og á Esju.

Þá mintist sami hv. þm. á, að skipherrum varðskipanna hefði hlotnast einhver höpp. Það mun satt vera, að Óðinn hefir eitt sinn dregið enskan togara á flot og fengið einhverja þóknun fyrir það; en jeg veit ekki,

hvað mikið. Annars held jeg, að ekki sje vanalegt að reikna með slíkum höppum, sem ef til vill koma einu sinni fyrir á mörgum árum. Þar að auki fylgir slíku starfi mikið erfiði og margskonar áhætta, svo að villandi getur verið að taka slíkt til greina, þegar verið er að ákveða hin föstu laun. Jeg er líka þess fullviss, að kæmi það fyrir skipstjórana hjá Eimskipafjelaginu að bjarga skipi, svo sem átti sjer stað með Óðin, þá mundi þeir fá einhvern hluta björgunarlaunanna, eða það, sem þeim ber, án tillits til hinna föstu launa.

Jeg hefi þá sýnt fram á, að það er þvert á móti, að skipherrar varðskipanna hafi svipuð laun og skipstjórar þeir, sem sigla á vegum Eimskipafjelagsins, heldur eru þeim ætluð mun lægri laun eftir frv. Hinsvegar hefi jeg haldið fram, að þeir ættu að vera jafnir, en eftir frv. eru þeir settir skör lægra. Frv. gerir því hvorttveggja í senn, að rýra laun allra starfsmanna skipanna og stytta ráðningartímann, sem færður er niður í 6 ár, og þar að auki er ekki gert ráð fyrir neinum eftirlaunum. En hjá Eimskipafjelagi Íslands er öllum starfsmönnum, sem á vegum þess eru, ætluð eftirlaun. Með lögunum í fyrra var ákveðið, að sama regla skyldi gilda um starfsmenn varðskipanna og um aðra starfsmenn ríkisins, sem greiða iðgjald í lífeyrissjóð, en nú er þetta felt niður, og í staðinn fyrir það eru lagðar enn meiri skyldur á herðar þessum starfsmönnum. Eftir 7. gr. er þeim ætlað að kenna ungum mönnum, sem settir kunna að verða á skipin sem lærlingar. En slíkri kenslu fylgir aukið starf, og virðist það því ekki fara vel saman að binda starfsmönnum ríkisins fleiri skyldubagga á herðar, en lækka launin um leið.

Jeg tel það að vísu vel farið, að skipstjórarnir kenni þessum ungu mönnum, sem lærlingar eru á skipunum, en löggjöfin ætti þá að sjá fyrir því um leið, að þeir sitji ekki við svo þröngan kost, að ekki sje við unandi. En launakjör þessara manna eru samkvæmt frv. á engan hátt við unandi nje Alþingi sæmandi að ætla þeim við þau að búa.

ATKVGR.

Brtt. 665,1 feld með 16:9 atkv.

1. gr. samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, LH, MT.

nei: ÓTh, PO, SE, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.

Þrír þm. (BSv, EJ, JörB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 661 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 665,2 feld með 17:3 atkv.

4. gr. samþ. með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JÓl, LH, MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ.

nei: SÁÓ, HG, HK, HjV.

JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BSv, EJ, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 665,3 feld með 16:3 atkv.

5. gr. samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, LH, MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB.

nei: JAJ, MG, PO, SÁÓ, HG, HK, HjV, JJós.

JS, MJ, ÓTh greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BSv, EJ, JörB) fjarstaddir.

6 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 15:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Þrír þm. (BSv, EJ, JörB) fjarstaddir.

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 710, 722, 723, 724).

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg gat þess við 2. umr. málsins, að jeg mundi verða að hafa af því nokkur frekari afskifti við 3. umr., en skal reyna að haga orðum mínum svo, að það gefi ekki tilefni til langra umræðna eða þurfi að vekja deilur. Mun jeg gera mjer far um að ræða málið eingöngu á grundvelli brtt. minna. Brtt. mínar eru allmargar, en ekki að sama skapi róttækar. Byggjast þær fyrst og fremst á þeirri skoðun minni, að jeg lít öðrum augum á starf þessara manna á varðskipunum en ýmsir aðrir. Bak við mína skoðun liggur skoðun allflestra, sem unnið hafa á skipunum fram á þennan dag, og fjölmargra annara. Jeg verð að segja, að bæði í þessu frv. eins og það nú er, og þó einkum í lögunum frá í fyrra, finst mjer þess kenna alt of mikið, að herskip annara þjóða eru tekin til fyrirmyndar. Jeg hefi þá skoðun, að þessi skip okkar eigi sem allra mest að vera fráskilin slíku. Á þá menn, er á þeim vinna, ber að líta sem hverja aðra farmenn, er sigla við strendur landsins.

Þessi skoðun kemur skýrt fram í 1. brtt. minni, að því er tekur til háseta, viðvaninga eða lærisveina, kyndara og að vissu leyti um þann flokk manna, er annast matreiðslu og þjónustu á skipunum. Þetta eru þeir menn, sem kallaðir eru undirmenn, og mjer er óhætt að fullyrða, að langflestir þeirra, ef ekki allir, líta á siglingarnar með varðskipunum eins og hverja aðra atvinnu. Þeir sigla með þessum skipum tvo til þrjá mánuði, en sæta færi að komast í betra skiprúm, ef það býðst annarsstaðar. Þetta á þeim að vera frjálst. Þeir eiga að geta komið og farið eftir því samkomulagi, sem alment gildir um vinnu á sjó. — Jeg hefi getað fallist á þá skoðun, að yfirmennirnir, það er að segja þeir af skipverjum, sem einhver próf eða sjerkunnáttu þurfa að hafa, skipstjórar, stýrimenn og vjelstjórar, megi og verði jafnvel að hafa sjerstöðu að þessu leyti. Þeir hljóta að verða nokkurskonar embættismenn. Samfara próflærdómi sínum hafa þeir orðið að

leggja á sig meiri eða minni verklega æfingu, sem alment er ekki heimtuð af hásetum. Þó er það víða, t. d. hjá Eimskipafjelagi Íslands, að enginn getur orðið fullgildur háseti, nema hann hafi siglt a. m. k. eitt ár sem viðvaningur. Um það verður að krefjast hins sama á varðskipunum. Aldurstakmark er ekki talað um, enda hlýtur það atriði mjög að fara eftir því, hve snemma menn hafa byrjað sjómensku, ásamt líkamsþroska hvers eins. — Það eru einmitt miklar líkur til, að sá flokkur skipverjanna, sem mesta sjerkunnáttuna hefir, verði fastastur í ríkisins þjónustu, og því er rjett, að þeir sjeu opinberir sýslunarmenn. Hina er engin ástæða til að nefna því nafni, frekar en aðra, sem vinna í þjónustu landsins stuttan tíma, við tolleftirlit, vegagerð eða annað.

Þá kemur önnur brtt. mín, og er hún um nýja orðun á 4. gr. frv. Breytingin er í því fólgin að ákveða, hvaða launakjör undirmenn skipanna eiga að hafa. Segir svo í brtt., að launasamningar, er yfirvjelstjóri og skipstjóri gera, skuli vera samhljóða samningum þeim, er gilda á íslenskum verslunarskipum á hverjum tíma. Jeg verð að segja það sem mína skoðun, að með tilliti til launa annara á skipunum hafa undirmennirnir mjög lágar tekjur. Fullgildur háseti fær röskar 2500 kr. og aðrir þaðan af minna. Það er of lágt, því að á þessi skip eins og önnur hljóta að veljast m. a. menn, sem hafa fyrir heimili að sjá. Það er ómögulegt að heimta, að á skipunum sjeu eingöngu einhleypir menn. Mjer er kunnugt um mjög skýran, efnilegan og duglegan mann, sem ráðist hafði á annað varðskipið, en varð að fara þaðan, því að kaupið var of lágt til að framfleyta honum og heimili hans. Þó bjó hann í kauptúni úti á landi, þar sem einum þriðja hluta ódýrara er að lifa heldur en hjer í bæ. Hjer í hv. þd. eru menn, sem geta vitnað, að jeg fer hjer rjett með. Um það þarf engum getum að leiða, að laun undirmannanna eru of lág, hvort sem miðað er við farmenn alment eða við þarfir manna. Því er brtt. mín fram borin, til að fá nokkra rjettingu á þessu misrjetti. Ef hún verður samþykt, geta þessir menn verið alveg lausir við að taka nokkurn þátt í launadeilum, og er þar með fallin úr sögunni sú grýla, sem ýmsir hafa viljað gera mikið úr, að þessir menn mundu taka þátt í verkföllum.

3. brtt. mín er við 5. gr. og breytir henni nokkuð frá því, sem er í frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að skipstjóri sje sá einvaldi maður, sem geti sagt skipverja upp skiprúminu án nokkurrar gagnrýni, fyrir hverjar þær sakir, er honum sýnist. Jeg þekki það inn í viðskiftalíf manna, að það þarf ekki mikið út af að bera til þess að mönnum verði sagt upp starfi án þess nokkrar gildar ástæður sjeu fyrir hendi. Fyrir þetta vil jeg byggja á þann hátt, að farið sje eftir sjólögunum á hverjum tíma og þeim ákvæðum, sem eru í 3. brtt. minni, að dómsmálaráðuneytinu sje tilkynt, ef slík uppsögn fer fram, og sje því gefinn kostur á að úrskurða, hvort rjett sje að farið gagnvart hlutaðeigandi mönnum. Jeg verð að líta svo á, að þó að um undirmenn á skipunum sje að ræða, þá eigi þeir fullan rjett á allri sanngirni, þegar atvinnuuppsögn á sjer stað, engu síður en yfirmenn skipanna. En eftir frv. er ó-

mögulegt að sjá, að rjettur þeirra í þessu efni sje á nokkurn hátt trygður.

Þá er 4. brtt., um þau störf og skyldur, sem þessir menn eiga að inna af hendi. Jeg hefi að nokkru leyti lýst því; jeg álít svo mikinn skyldleika milli þeirra starfa, sem menn verða að vinna á skipunum, að það geti nákvæmlega sömu reglur gilt um skyldur og störf þessara manna eins og á verslunarskipunum alment. En þar sem sjólögin eru allónákvæm um vinnutíma og ýms hlunnindi, sem farmenn njóta alment nú, þá hafa verið gerðar ýmsar takmarkanir og breytingar með samningum við útgerðarfjelögin, er veita mönnum meiri rjett og frjálsræði en sjólögin gera ráð fyrir. Heyrt hefi jeg því mjög haldið fram, að það þurfi að vera svo afarstrangur agi og regla á þessum skipum. En jeg vil aðeins benda á, að eftir þeim almennu sjólögum, sem bæði við og aðrar þjóðir lifum undir, þá er aginn svo strangur, að óhætt er að segja, að við finnum ekki í neinni löggjöf jafnmikið vald gefið í hendur þeim, sem stjórna, eins og skipstjórum er gefið. Það er því algerlega óþarft að semja einhverjar reglur um strangari aga en nú er.

Þá er það 5. brtt., við 7. gr. Það stendur í frv., að það skuli kenna stýrimannaefnum fræðilega og verklega sjómensku. Jeg er kannske einn um þá skoðun, sem jeg nú vil setja fram. Skilji maður þessi orð bókstaflega, virðist mjer hugmyndin, að skipin sjeu nokkurskonar stýrimannaskóli. Sje svo, get jeg ekki fallist á þessa grein. Hjá erlendum siglingaþjóðum þekkist það ekki, að á herskipum eða verslunarskipum sje nein fræðileg kensla í orðsins fylstu merkingu; þar með meina jeg þá bóklegu fræðslu sem kend er í stýrimannaskólum. Á herskipum Dana ættu ef til vill að vera skilyrði fyrir þessari kenslu, en jeg veit ekki betur en danski herinn haldi uppi þremur skólum, fyrir þrjár tegundir yfirmannaflokka. Yfirleitt er skoðun manna sú, að hin fræðilega kensla þurfi svo mikla árvekni, svo mikla kyrð og góða aðstöðu, líkt og gerist um skólanám í öðrum fræðigreinum, að ekki sje hægt að hafa hana um hönd á siglingum á höfum úti. En öll verkleg kensla, sem lýtur að sjómensku, er yfirleitt kend á verslunarflotanum, og jeg vil segja á herskipunum, eins og tök eru á. Svo hafa sumar þjóðir líka nokkurskonar skólaskip, og er í Danmörku eitt slíkt. Jeg skal ekki fullyrða, hvort það er kostað af ríkinu eða útgerðarfjelagi. Slík skip eru eins og unglingaskólar fyrir þá, sem ætla að gera sjómennskuna að lífsstarfi sínu, og kenslan þar er fyrst og fremst verkleg, — þeir „læra sjóinn“, eins og sagt var í gamla daga. En fræðilega kenslan er látin fram fara í landi. Jeg held því, að það yrði aldrei barn í brók, ef ætti að koma fyrir fræðilegri kenslu um borð í þessum skipum. Ef gæslustarfið á að verða rekið með nokkuð mikilli árvekni, þá er það ærið nóg starf bæði fyrir undirmenn og yfirmenn, og sjerstaklega ef þessi skip eiga að meira eða minna leyti að vera björgunarskip, eða ávalt reiðubúin til hjálpar í því efni, eins og þingið virðist vilja stefna að. Ef sú fræðilega kensla ætti að fara fram að mestu á sjó, er gengið framhjá stýrimannaskólanum, — og hvað eigum við þá að

gera með að hafa stýrimannaskóla í landi? Annars ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta, en vildi láta skoðun mína koma fram í þessum fáu orðum.

Þá er það 6. og síðasta brtt., sem jeg bæti aftan við; hún heyrir undir þá flokka, sem jeg hefi gert að umtalsefni, skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, sem í raun og veru er búið að ákveða, að skuli vera á föstum launum. Jeg lít svo á, að það sje ekki nema sanngjarnt, að þessir menn verði sama rjettar aðnjótandi eins og aðrir starfsmenn ríkisins, — eigi rjett til eftirlauna, og greiði þá að sínum hluta í eftirlaunasjóð. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að Eimskipafjelagið hefir komið upp eftirlaunasjóði handa sínum yfirmönnum öllum. Og jeg veit ekki betur en að á því eina skipi, sem ríkissjóður á og rekur, nefnilega Esju, njóti skipverjar þess sama rjettar í skjóli Eimskipafjelagsins.

Jeg lofaði í upphafi, að jeg myndi ekki tala með neinni áreitni til neins manns í þessu máli. En jeg vænti þess, að hv. þdm. skilji, að þessar brtt. eru bygðar á nokkurri sjerþekkingu á þessum málum, því að jeg þykist vera það vel kunnugur öllu því lífi, sem tíðkast á sjó á hafskipum okkar, að jeg geti upplýst þetta mál af meiri sjerþekkingu en hver annar þingmaður hjer í hv. deild. Vænti jeg því, að hv. þdm. taki til greina það, sem jeg hefi flutt hjer fram í málinu, og samþ. brtt. mínar.

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi ásamt tveimur öðrum hv. þm. leyft mjer að flytja nokkrar brtt. við frv. á þskj. 724. Þær snerta ekki í sjálfu sjer grundvallaratriði frv., en fara fram á nauðsynlegar breytingar á launakjörum skipverja. Eins og hv. þdm. munu sjá, eru ekki gerðar breytingar við laun annara starfsmanna en skipstjóra og stýrimanna. Okkur virðist laun þeirra eftir atvikum heldur lág, og einkum laun skipherranna. Það var alment viðurkent í fyrra, þegar afgreidd voru lögin um launakjör á varðskipunum, að laun stýrimanna væru með allra lægsta móti; og jeg geri ráð fyrir, ef tími hefði unnist til, að breytingar hefðu náð fram að ganga á þeim, ef fram hefðu komið.

Hjer er nú leitast við að bæta úr þessum ágöllum með brtt. okkar. En jeg skal geta þess, að að þeim samþyktum verður skipverjum varðskipanna ekki eins vel borgað eins og gerist á verslunarskipum Eimskipafjelagsins og ríkissjóðs. En þó tel jeg, að launakjörin myndu verða viðunandi. En það verða þau líka að vera fyrir æðri og lægri á þessum varðskipum. Því að það starf, sem varðskipin hafa með höndum, er svo vandasamt og svo nauðsynlegt fyrir þetta land, að Alþingi er skylt að sjá um, að kjör starfsmanna á þeim sjeu í alla staði sæmileg.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta. Jeg treysti rjettsýni hv. þdm. til að sjá svo um, að frv. verði afgreitt þannig frá þinginu, að launakjörunum verði komið í það horf, sem hjer er farið fram á.

Það verður ekki sjeð í frv. nákvæmlega, hvaða kaup eigi að gjalda fullgildum hásetum og kyndurum á þessum skipum, og hefir okkur tillögumönnum því komið saman um að leggja til, að fullgildir hásetar og

kyndarar njóti sömu launakjara eins og gerist á strandferðaskipi ríkisins. Jeg legg áherslu á, að hjer er talað um fullgilda háseta, vegna þess, að jeg veit til þess, að hæstv. stjórn ætlast til, að á þessum skipum sjeu lærlingar, og um þeirra kjör vil jeg ekki gera tillögur. En eins og hv. 4. þm. Reykv. og fleiri hafa bent á, þá verður vitanlega ekki komist af án þess að hafa á varðskipunum nokkuð af sjóvönum mönnum og fullgildum hásetum. Og það virðist öll sanngirni mæla með því, að þeirra launakjör sjeu höfð svipuð og þeirra manna, sem starfa á strandferðaskipum ríkissjóðs. Ennfremur höfum við leyft okkur að leggja til, að greinin í núgildandi lögum um þjónustualdur fái að haldast framvegis. Jeg held það hljóti öllum að vera ljóst, að þegar laun breytast við lengri starfstíma, þá sje sanngjarnt að taka tillit til þess tíma, sem þessir menn hafa áður starfað á Þór við svo að segja nákvæmlega sömu verk, sem þeir nú starfa við á strandvarnarskipi ríkisins.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál; það hefir svo oft verið minst á launakjör á varðskipunum, og síðast við 2. umr. þessa máls. En þessar tillögur eru bornar fram í trausti þess, að þótt hv. þdm. greini á um fyrirkomulagið, þá sjeu þeir yfirleitt þeirrar skoðunar, að þeir menn, sem starfa að björgun við strendur landsins og að eftirliti við fiskveiðar, skuli fá sæmilega borgun; en meira er hjer ekki farið fram á. Það er vitanlegt, að undir árvekni yfirmanna á varðskipunum er það að mestu leyti — ef ekki að öllu leyti — komið, hvernig bæði landhelgigæsla og björgunarstarfsemi fer úr hendi. En hitt er líka vitanlegt, að jafnframt því, sem þeim er ætlað að hafa nokkuð af óvönum mönnum, þurfa þeir að hafa góða sjómenn með.

Hv. 4. þm. Reykv. hefir flutt sex brtt. samtals á þskj. 722, og skal jeg ekki vera margorður um þær. Jeg get tekið undir margt af því, sem hann sagði, og skal kannast við, að hann hefir allra manna besta aðstöðu til þess að hafa talsverða sjerþekkingu á þessum málum.

Ein brtt. hv. þm. er nokkuð sama efnis og 2. brtt. okkar á þskj. 724; hún er um það, er skipstjóri sjer sig tilneyddan að segja skipsmanni upp stöðu sinni fyrir einhverjar sakir. Jeg sje á till. hv. þm., að okkur kemur saman um, að það sje ekki rjettmætt, að hinn brotlegi maður eigi kröfu á þriggja mánaða launum. Fara báðar brtt. í þá átt að nema það í burt. Hv. 4. þm. Reykv. bætir að vísu við, að ástæður verði að vera til samkvæmt gildandi sjólögum; það skal jeg fúslega kannast við, enda mun að sjálfsögðu ekki koma til mála, að brottvísun eigi sjer stað að öðrum kosti. Og þar sem hann segir „gildandi sjólög“, ræðir það vitanlega um það, að viðkomandi skipsmaður hafi gert sig brotlegan í einhverju gagnvart skyldu verkum sínum. Jeg gæti því eins aðhylst þessa till. hv. þm. eins og till. okkar á þskj. 724.

6. brtt. hv. 4. þm. Reykv., um gjald í lífeyrissjóð og eftirlaunarjett þessara embættismanna, álít jeg til bóta og vil fyrir mitt leyti fylgja henni.

Þá á jeg eftir að minnast á fyrstu brtt. á þskj. 724, sem fer í þá átt að halda því ákvæði í gildandi lögum, að

skjaldarmerki landsins sje haft á skipunum. Það kann að álítast, að það skifti ekki miklu máli, en jeg verð að segja, að þar sem er að ræða um skip til eftirlits og löggæslu, þá sje ekki nema eðlilegt og rjett, að þau hafi skjaldarmerki. Jeg hygg, að hver einasti maður, sem við löggæslu fæst, hafi skjaldarmerkið utan á sjer einhversstaðar.

Eftir því sem mál þetta hefir verið rætt áður, álít jeg óþarft að tala meira um það, og skal láta máli mínu vera lokið um þessar brtt.

Þá vil jeg minnast á brtt. á þskj. 723, frá hv. þm. N.-Ísf. og mjer, um það, að sama ákvæði og er í núgildandi lögum um laun skipherranna á varðskipunum fái að haldast. Það er vitanlegt, að þegar þeir skipherrar, sem nú stjórna Óðni og Þór, voru ráðnir, þá var svo um samið af hálfu stj., að þeir fengju að halda þeim launum, sem þeir höfðu áður hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyja, 12 þús. kr. Í því trausti rjeðust þessir menn í þjónustu ríkisins. Þess hefir orðið vart, að margir álíta launin of há; en jeg vil benda á, að þau eru ekki hærri en laun skipstjóranna á póstskipunum íslensku. Starfsmenn við landsstofnanir eru venjulega ekki látnir bíða tjón af breytingum á launakjörum, ef breytingin miðar til rýrnunar á launum, og er þá sú leið farin, að þeir, sem eru við starfið, þegar breytingin verður, fái meðan þeir eru við starfið að halda óbreyttum launakjörum. Er skemst á að minnast bankalögin frá í fyrra, og ennfremur það frv. um breyting á bankalögunum, sem þessi hv. deild afgreiddi í gær. Þar er, um leið og samþ. eru nýjar till. um launakjör bankastjóranna, ákveðið, að laun núverandi bankastjóra haldist eins og þau hafa verið. Jeg þarf ekki að nefna fleiri dæmi af þessu tægi; það er svo algengt, að menn eru ekki látnir koma undir ákvæði nýrra laga. Og hjer er því sjerstaklega til að dreifa, að skipherrarnir voru á sínum tíma af þáverandi stj. ráðnir með þessum kjörum. Mjer finst það því vera í samræmi við það, sem áður hefir verið gert, að láta þessa menn hafa áfram sömu laun og þeir hafa nú. Þeir hafa starfað undanfarin 8 ár að björgun og eftirliti, og jeg þori að fullyrða, að framkoma þeirra þann tíma hefir fyllilega sýnt það, að þeir eru alls góðs maklegir.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það hafa nú komið fram allmargar brtt. við frv. þetta, og þó að ekki væri annað, sem mælti á móti þeim, en það, að þær eru komnar fram á síðustu dögum þingsins og geta því orðið málinu til tafar, þá teldi jeg ekki rjett að samþ. þær. En auk þess er margt í þeim þess eðlis, að jeg tel ekki rjett að samþ. þær fyrir þær sakir. Hvað snertir brtt. hv. 4. þm. Reykv., þá tel jeg þær yfirleitt ekki til bóta. Fyrstu brtt. hans, um að yfirmenn skipanna skuli aðeins telja sýslunarmenn, tel jeg ekki heppilega. Þá sýnist mjer vera óþarfi að vera að setja það í lög, að um kaup háseta á þessum skipum gildi hið sama og um kaup háseta á öðrum skipum. Hjer er töluvert öðru máli að gegna, því að það er ekki sambærilegt, hve störfin eru ljettari og mönnum yfirleitt miklu geðfeldari á

þessum skipum heldur en á siglingaflotanum.

Þá hafa þeir hv. þm. Vestm. og hv. 4. þm. Reykv. hvor í sínu lagi komið með brtt. þess eðlis, að menn, sem fara burtu af skipunum áður en ráðningartími þeirra væri á enda, skuli ekki fá kaup þann hluta ráðningartímans, sem eftir er. Á þetta atriði legg jeg enga sjerstaka áherslu. Jeg setti það inn í frv. sem sanngirnismál, ef t. d. það kæmi fyrir, að breytt væri til eða hætt fyrir þann tíma, sem menninirnir væru ráðnir til. Annars þykir mjer undarlegt, að hv. þm. Vestm., sem er svo mjög kröfuharður um kaup fyrir þessa varðskipamenn, skuli ekki geta sætt sig við þessa litlu ívilnun.

Um brtt. á þskj. 724, frá þeim hv. þm. Vestm., hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Barð., er það að segja, að það eru alt hækkunartillögur, sem jeg verð að leggja á móti, því að jeg tel alls ekki rjett að fara að skapa laun við þessa starfa, sem ekki falla inn í launakerfi landsins. Eins og jeg hefi tekið fram áður hjer í þinginu, þá gekk jeg út frá því, þegar jeg samdi frv. þetta, að laun skipstjóranna yrðu lík og laun skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu og annara virðulegustu embættismanna landsins, eins og t. d. landssímastjóra. Það eru alt eftirsótt embætti. Sýslumenn úti á landi sækja t. d. allmjög eftir því að verða skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Með brtt. þessum er því farið fram á að launa skipstjórunum betur en mönnum, sem varið hafa að minsta kosti 12 árum æfi sinnar til undirbúnings undir starf sitt. Hljóta því allir að sjá, hvílíkt rjettlæti það er. Jeg verð því alvarlega að vara við þessum till., því að auk þess, sem þær ganga í þá átt að gera laun þessi óeðlilega há, þá mun líka verða vitnað til þeirra, þegar launalögin verða endurskoðuð. Og yfir höfuð sje jeg enga ástæðu, sem rjettlæti það að setja laun þeirra, sem á sjónum vinna, langt fram yfir laun þeirra, sem vinna í landi. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að laun skipstjóranna hjá Eimskipafjelaginu hafa lækkað um mörg þús. kr. nú á undanförnum árum. Stafar lækkunin af því, að nokkur hluti launa þeirra er miðaður við arð skipanna. Ber þó ekkert á því, þrátt fyrir launalækkunina, að skipstjórarnir tolli ekki í vistinni. Þeir sjá, að fjelagið er fátækt, og sætta sig því við launalækkunina. Annars verð jeg að segja það, að mjer hefir verið raun að því í vetur, hve mjög Alþingi virðist hafa hallast að þeirri stefnu að hækka laun embættismanna. Því að sú stefna virðist hafa verið ofan á í báðum deildum, án tillits til afleiðinganna. Mín aðstaða til hækkunartillagna þessara þriggja hv. þm. er því sú, að með þeim sje verið að snúa snöru að hálsi þjóðarinnar síðar meir, og því til sönnunar vil jeg nefna dæmi. Við landssímann vinnur ungur verkfræðingur, sem hefir „akademiskt“ nám að baki sjer. Þegar jeg samdi frv. í vetur, setti jeg laun stýrimannanna og vjelstjóranna í samræmi við laun þessa manns; en þó hækkaði Ed. þau frá því, sem jeg lagði til, og hjer er enn farið fram á hækkun, og verði hún samþ., fer ósamræmið að verða nokkuð mikið. Maður skyldi nú ætla, að enginn fengist í stöðu þessa verkfræðings, ef hann hætti, en því fer fjarri, því að um hana myndi verða kapphlaup lærðra verkfræðinga, og það er

ekki aðeins á því sviði, sem yfirfult er af lærðum mönnum. Daglega koma upp í stjórnarráð margir menn, sem vilja komast á ríkissjóðinn, fá einhvern fastan starfa. Út af þessari eyðslustefnu, sem virðist vera ríkjandi hjá sumum hv. þm., vil jeg vekja athygli á því, að komi harðindaár, eins og t. d. komu á milli 1870—'90, mun mega ganga út frá því sem vísu, að þær 12 milj., sem nú eru áætlaðar árlega í ríkissjóðinn, muni ekki koma allar inn. Verður þá ekki um annað að gera en fella niður allar verklegar framkvæmdir, sem ríkið hefir með höndum, og má þykja gott, ef það dugir til þess að halda jafnvægi á tekjum og greiðslum ríkissjóðs, án þess að taka lán til þess að greiða laun embættismannanna. Með þessu er jeg alls ekki að halda því fram, að laun allra embættismanna sjeu of há; þvert á móti játa jeg, að ýmsir þeirra lifi við sultarkjör, þrátt fyrir þessi laun einstakra manna. Það, sem jeg því hefi haldið fram, og held fram enn, er það, að fækka megi starfsmönnum ríkisins að einhverju leyti, og jafnframt að koma megi meira samræmi á laun þeirra. En allar tilraunir í þá átt hafa til þessa mætt hinni mestu andstöðu.

Jeg vil nú skjóta því til háttv. þm. Vestm., hvort honum finnist það goðgá að lækka dálítið laun skipstjóranna á varðskipunum, úr því að Eimskipafjelagið hefir lækkað laun sinna skipstjóra að miklum mun.

Á þskj. 724 er ein till., sem jeg tel, að megi samþ., enda þótt hún sje óþörf. Það er till. um, að starfstími þeirra af skipverjunum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, skuli teljast frá þeim tíma, er þeir í fyrsta skifti lögskráðust á björgunarskipið Þór. Þetta hefir einmitt verið gert síðan um nýár, að launin lækkuðu, og mun verða gert framvegis. Er því óþarfi að setja ákvæði um það í frv.

Vil jeg svo að síðustu undirstrika það, að jeg álít það hættulegt, vegna fordæmisins fyrst og fremst, að fara að hækka laun þessara manna frá því, sem þegar hefir verið gert. Enda engin þörf vegna þess, að ekki sje hægt að fá nægilega marga dugandi menn á skipin fyrir þau laun, sem þegar hafa verið ákveðin. Að fara að hækka launin enn er því ekkert annað en óhæfileg og óþörf eyðsla, sem landið má ekki við.

Frsm. 1. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Fyrir hönd nefndarinnar vil jeg taka það fram, að henni hefir ekki unnist tími til að athuga till. þessar. Hafa því allir nefndarmenn um þær óbundin atkvæði. En úr því að jeg stóð upp á annað borð, vil jeg taka það fram, að það er mín persónulega skoðun, að ástæða sje til að hækka eitthvað laun skipstjóranna á varðskipunum. Get jeg þó fyllilega tekið undir orð hæstv. dómsmrh. um það, að fara þurfi varlega í öllum launagreiðslum. — Hvað skipstjóra þessa snertir, þá finst mjer óumflýjanlegt, að þeir hafi eitthvert fje til risnu, og auk þess finst mjer, að taka þurfi tillit til þess, að þeir munu yfirleitt ekki verða skipstjórar fyr en þeir eru orðnir aldraðir menn, og geta því ekki haft þann starfa á hendi nema til-

tölulega stuttan tíma. Mun jeg því greiða atkv. með till. um hækkun á launum skipstjóranna, en á móti öðrum hækkunartill. Um kaup hásetanna skal jeg taka fram, að jeg tel sjálfsagt, að þeir hafi sama kaup og aðrir stjettarbræður þeirra, t. d. á Eimskipafjelagsskipunum, því að á þessi skip þarf vitanlega engu síður að fá duglega og góða menn en á önnur skip.

Frsm. 3. minni hl. (Hákon Kristófersson):* Eins og sjá má á þskj. 724, er jeg meðflm. að nokkrum brtt., ásamt hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf. Það er alveg rjett hjá hæstv. dómsmrh., að brtt. þessar eru allar til hækkunar, og út á það tel jeg ekkert hægt að setja, nema færa megi rök fyrir því, að þær sjeu ósanngjarnar. En það fæ jeg ekki sjeð, og vil jeg því til sönnunar skírskota til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta efni. Ef hæstv. ráðh. finst hjer vera að ófyrirsynju farið ofan í ríkissjóðinn, þá má hann sjálfum sjer um kenna, því að till. þessar hefðu ekki komið fram, ef hann hefði farið eftir gildandi lögum um þetta efni, í stað þess að troða yfir þau. Jeg fæ alls ekki sjeð, að það sje neitt skökk stefna, þó að lagt sje til að hækka laun einstakra manna, sem hægt er að sanna, að hafi of lítil laun, samanborið við aðra hliðstæða sýslunarmenn, og jeg verð að segja það, að mjer finst ekki sitja á hæstv. dómsmrh. að vera að finna að því. Hann hefir a. m. k. ekki verið svo varkár með að bæta starfsmönnum á ríkissjóðinn, sem bæði jeg og aðrir álíta með öllu óþarfa.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að á það bæri að líta, að þessi störf, sem hjer er um að ræða, væru geðfeldari en önnur sjómannastörf. En þetta verð jeg að draga í efa; a. m. k. munu skoðanir manna vera mjög skiftar um, hvort svo sje.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, sem hann hefir margtekið fram áður, að hann hafi sniðið laun þessara starfsmanna við laun annara starfsmanna í trúnaðarstöðum þjóðfjelagsins. Þetta skal jeg ekkert vjefengja, en það hefir aldrei verið hrakið, að þessum embættum, sem hann segist hafa miðað skipstjóralaunin við, fylgi svo og svo miklar aukatekjur. Þá virðist mjer hæstv. ráðh. ekki hafa tekið tillit til þess sem skyldi, að samfara því, sem þessar stöður eru mjög ábyrgðarmiklar, fylgir þeim líka mikil hætta, sem ekki fylgir embættum í landi.

Þá furðaði mig á því, að hæstv. ráðherra skyldi koma með þá ástæðu gegn þessari launahækkun, að altaf væri hægt að fá nóga menn í stöðurnar. Jeg er alls ekki að mótmæla því, að hægt muni vera að fá nóga menn í þessi embætti, en jeg lít alt öðruvísi á þetta atriði en hæstv. ráðh. Jeg tel nefnil. hagkvæmast fyrir þjóðfjelagið að njóta sem lengst krafta þeirra manna, sem vel og trúlega leysa starf sitt af hendi, án tillits til þess, þó að hægt kunni að vera að fá einhverja aðra, kannske miður hæfa, fyrir eitthvað lægri laun.

Það er sömuleiðis rjett hjá hæstv. ráðh., að laun þessara manna eru hærri en hjá ýmsum öðrum, sem stundað hafa 12 ára nám. En eru ekki hliðstæð laun á togurum og mörgum öðrum skipum hærri en þessara svo

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

kölluðu lærðu manna? Jeg verð því að slá föstu, að laun þessara manna er ekki hægt að bera saman, því að það verður að miða við þá stjett, sem þessir menn heyra til.

Jeg er heldur ekki hræddur við þann ugg, sem virtist vera í hæstv. dómsmrh. yfir því að hækka laun varðskipstjóranna, að í það atriði mundi vitnað síðar, þegar væntanleg endurskoðun launalaganna færi fram. Jeg er ekki trúaður á það, enda virtist ekkert slíkt vaka fyrir þeim hv. þm., sem guldu því jákvæði að hækka risnufje forsrh. úr 4 þús. kr. upp í 8 þús. kr. á ári. (**Dómsmrh. JJ:** En hvað hefir sendiherrann í Kaupmannahöfn? Hann hefir 20 þús. kr. í risnufje, sem Íhaldsflokkurinn hefir samþ.). Jeg var ekki að telja eftir risnufje forsrh. eða segja, að það væri of hátt, heldur átti jeg við, að hækkun sú, er gerð var á þeirri upphæð nú í vetur, mundi ekki hafa nein áhrif á endurskoðun launalaganna. Jeg vænti líka, að hann telji það ekki blett á Íhaldsmönnum, þó að þeir hafi viljað launa þessum mikilhæfa landa okkar sæmilega í þeirri stöðu, sem hann gegnir fyrir hönd þjóðarinnar úti í Danmörku. Þess vegna vil jeg mótmæla algerlega þeirri staðhæfing hæstv. ráðherra, að með samþykt þeirrar till., sem hjer liggur fyrir, snúi Alþingi neina snöru að hálsi sjer í framtíðinni, og af því að jeg virði hæstv. dómsmrh. mjög mikils, þá vona jeg, að hann hafi ekki á þessu þingi snúið neina snöru, sem fjelli ólíkt þjettara að hálsi þjóðfjelagsins, að því er fjárþol þess snertir, með allri bruðlunarsemi sinni og flokkanna, er hann styðst við. Jeg er reiðubúinn að forsvara, að hjer er frá okkar hendi ekki farið fram á neitt óhæfilegt, heldur aðeins jafnrjetti, sem er á fullum rökum bygt.

Jeg sje heldur ekki, hvað ísaár, harðæri eða hallæri komi þessu máli við, fremur en svo mörgum öðrum í líkum tilfellum, er miða til útgjalda.

Hæstv. dómsmrh. benti á símaverkfræðinginn við landssímann og sagði, að handa honum mætti krefjast hárra launa, af því að það fyrirtæki gæfi ríkissjóði svo miklar tekjur, en nefndi þó ekki, hvað miklu þær tekjur nema á ári. En úr því hæstv. ráðh. tók þetta til fyrirmyndar, þá mætti einmitt með ekki minna rjetti halda því fram, að þeir menn, sem árlega draga stórar fúlgur inn í landhelgisjóð, án þess nokkur gjöld þurfi að leggja á landsmenn, ættu ekki síður að eiga kröfu til sæmilegra launa.

Að við, sem að brtt. stöndum, höfum borið þær fram til þess að tefja málið, neita jeg algerlega, nema að ákveðið sje af þeim meiri hl., sem ræður, að engu megi breyta, ef málið á að komast fram. Hjer er aðeins fylgt þingvenju, að koma með brtt. til þess að bæta úr því, sem miður fer. Þess vegna mótmæli jeg því sem annari rakalausri staðhæfing, að þungamiðjan í okkar brtt. sje sú, að auka útgjöld ríkissjóðs. Ef hæstv. dómsmrh. hefði ekki gengið annað til í þessu máli en einlægur sparnaðarvilji, þá var honum opinn vegur að láta þau lög koma til framkvæmda, sem í gildi eru um þessa hluti.

Jón Auðunn Jónsson: Það var sjerstaklega um brtt. okkar háttv. þm. Vestm. á þskj. 723, sem jeg vildi segja nokkur orð. Okkur þótti vel

hlýða að gefa hæstv. dómsmrh. tækifæri til þess að standa við þá samninga, sem gerðir hafa verið milli skipherranna og ríkisstjórnarinnar, enda finst okkur ótilhlýðilegt í alla staði, að Alþingi samþ., að ríkisstjórnin skuli ekki standa við gerða samninga, hver sem í hlut á. En mjer finst, ef hv. meiri hl. fellir þessa brtt., þá sjeu flokksbræður hæstv. dómsmrh. að þvo einhvern blett af honum, og að sú samþykt eigi að notast sem einskonar skjól fyrir misgerðir ráðherrans. En slíkt skjól — jeg vil ekki segja skálkaskjól — á Alþingi ekki að vera, enda á engan hátt sæmandi virðingu þess.

Annars hefði það verið ánægjulegt að heyra sparnaðartölu þá, er hæstv. dómsmrh. flutti hjer, ef hún hefði ekki verið jafnhjáróma við framkvæmdir hæstv. ráðh. og raun ber vitni. T. d. er nú vitanlegt, að þann stutta tíma, sem þessi ráðh. hefir farið með völd, hefir hann verið frekar ógætinn í launagreiðslum til þeirra manna, sem hann hefir skipað til ýmsra starfa, bæði fastra og lausra, að ógleymdri margskonar bruðlunarsemi, er hann hefir gert sig mjög beran að á þessu þingi.

Það er ekki nema sjálfsagt að viðhafa sparnað þar, sem honum verður við komið án þess að sýna órjettlæti eða brjóta lög. Hækkunartill. okkar eru því ekkert annað en að nálgast þá samninga, sem gerðir hafa verið um laun þessara manna, og þar eru þau ákveðin hærri en í brtt. og með hliðsjón af því, sem tíðkast á öðrum skipum, eins og t. d. hjá Eimskipafjelagi Íslands. Það er ekki hægt að bera saman launagreiðslur til sjómanna við þá, sem vinna í landi við skrifstofustörf eða annað þess háttar. Það tíðkast líka altaf, að greidd eru hærri laun á sjó en í landi. Enda er þetta ekki nema rjettmætt og eðlilegt, þegar litið er á hættu þá og erfiði, sem sjómenn hafa fram yfir þá, sem í landi vinna.

Í þessu sambandi vil jeg benda á, að hjá fjelagi, sem jeg er viðriðinn, var launagreiðslan sú árið 1925, að það voru aðeins þrír menn á skipunum, hjálparkokkurinn og tveir kyndarar, sem höfðu lægri laun en framkvæmdarstjórinn; allir hinir, sem á skipunum unnu þetta ár, höfðu hærri laun en framkvæmdarstjórinn, og sumir mun hærri.

Þess vegna mótmæli jeg því eindregið, að brtt. okkar á þskj. 724, ef samþ. verða, feli í sjer nokkurt fordæmi eftirleiðis um laun embættismanna yfirleitt. Því að ef um fordæmi gæti verið að ræða, þá hefir það verið skapað, þegar ákveðin voru laun yfirmannanna, sem vinna við útgerð ríkisins á Esju. Að starfið á varðskipunum sje miklu einfaldara og ljettara en á þeim skipum, sem siglingar stunda milli landa og með ströndum fram, er mesti misskilningur. Starf varðskipanna er margfalt erfiðara og hættumeira. Þau verða að vera úti í öllum veðrum og t. d. leggja sig í hættu við að bjarga öðrum skipum. Starf þeirra manna, sem á varðskipunum vinna, hlýtur að verða óreglubundnara en manna á farskipum. Ef þeir eiga að ná í skip, sem er að brjóta landhelgilögin, verða þeir að vinna hvernig sem á stendur og neita sjer um svefn eða önnur þægindi, sem farmenn geta veitt sjer reglulegar.

Jeg er samþ. hæstv. dómsmrh. um það, að stefnt er í óefni með útgjöld

ríkisins, ef eitthvað verulega út af ber. En þar sem hann játar þetta, kemur mjer það undarlega fyrir sjónir, að hæstv. dómsmrh. með sínum trygga meiri hl. skuli ekki hafa viðhaft meiri gætni í afgreiðslu fjárlagafrv., heldur hækkað útgjöldin stórum, og ekki nóg með það: bætt ofan á stórum útgjaldaauka utan við fjárlögin. Í þessu finst mjer koma fram meira ósamræmi en svo, að ástæða sje til að taka mark á því, sem hæstv. dómsmrh. segir í þessu efni. Ef þetta sparnaðartal hans nú er annað en blekking, sem notast á í þessu eina máli, þá mætti hann segja: „Hið góða, sem jeg vil, það geri jeg ekki, en það vonda, sem jeg vil ekki, það geri jeg".

Jóhann Jósefsson: Það eru aðeins örfá orð til andsvara hæstv. dómsmrh., sem sýnilega telur sig vera búinn að vinna sitt hlutverk hjer í hv. deild og er nú horfinn hjeðan, eins og hann á vanda til, en jeg held samt, að jeg verði að gera þessa aths., þó hann sje ekki viðstaddur.

Jeg vil þá, að vísu með allri virðingu fyrir sparnaðarhjali hæstv. dómsmrh., segja það álit mitt — og sama dóm fær hann eflaust hjá mörgum í þessu landi —, að mjer finst sparnaðarráðstafanir hæstv. ráðh. byrja á skökkum enda og lenda á óverðugu starfi, er hann með frv. þessu vill ganga á gerða samninga við starfsmennina á varðskipum ríkisins. Enda virðist hann hafa gert sjer þetta ljóst sjálfur, því hvarvetna í rökum sínum leitar hann til þess flokks manna, sem að öllu leyti eru ósambærilegastir við skipherrana á varðskipunum, svo sem skrifstofustjórar í stjórnarráðinu og prófessorar hjer við háskólann.

Í frv. því, sem hjer liggur fyrir og ótvírætt má sjá fingraför hæstv. dómsmrh. á, er gert ráð fyrir, að skipherrarnir sjeu ráðnir til 6 ára í senn. Á það að sýna vilja hæstv. stj. til þess að tryggja það, að jafnan sjeu ólúnir og fullfrískir menn á varðskipunum. Slíkur ráðningarmáti gildir alls ekki um skrifstofustjórana í stjórnarráðinu. Þeim er ætlað að gegna starfi sínu fram í rauða elli, en lítur ekki út fyrir, að skipherrarnir eigi að verða ellidauðir á varðskipunum. Þarna er því um ærið mikið ósamræmi að ræða, úr því verið er að bera laun þessara manna saman. Auk þess hafa skrifstofustjórarnir ýmsar aukatekjur, sem sýnir, að starfi þeirra er þann veg háttað, að þeir geta tekið að sjer önnur störf og þegið laun fyrir. Á varðskipunum hlýtur aðalstarf skipherranna að vera þeirra eina starf, og því hvorki um aukastarf eða aukatekjur að ræða.

Þá er það og alt annað að vera embættismaður í landi og geta á hverjum degi litið eftir heimili sínu en að vera úti í sjó og mega aldrei um frjálst höfuð strjúka. Skipherrarnir á varðskipunum eru eiginlega aldrei sínir eigin herrar, eins og til dæmis á sjer stað á öðrum skipum; þar eru skipstjórarnir þó sjálfráðir, þegar þeir liggja í höfn hjer í Reykjavík. En á varðskipunum mega þeir vera við því búnir að leggja í haf samstundis og þeir láta sjá sig í höfn, annaðhvort til að hremma landhelgibrjóta, eða þá að þeir eru sendir af stj. til að bjarga öðrum skipum, sem eru nauðulega

stödd. T. d. á sjálfa jólanóttina í vetur var Óðinn sendur til að leita að mótorbát og tókst að bjarga honum. Lífskjör þessara manna eru svo ólík þeim, sem þeir hafa við að búa, er í landi vinna, að það er með öllu ósambærilegt.

Nú sje jeg, að hæstv. dómsmrh. lætur ljós sitt skína hjer í háttv. deild, mjer og öðrum til ánægju; þó ætla jeg ekki að endurtaka annað af því, sem jeg hefi sagt, en að samanburður hæstv. ráðh. á launum skipherranna á varðskipunum og ýmsra embættismanna í landi fer altaf í öfugar áttir við það, sem hann ætlast til.

Þá drap hæstv. ráðh. á annað, sem er fremur sambærilegt, en það eru laun skipstjóranna hjá Eimskipafjelaginu, sem auk 8000 kr. og dýrtíðaruppbótar hafa þó rjett til eftirlauna. Og þó má bæta við, að þeim er alls ekki ætlað að láta af starfi fyr en þeir eru orðnir 60 ára.

Með brtt. okkar höfum við ekki farið lengra en að leggja til, að hámarkslaun skipherranna yrðu sett eins og lágmarkslaun skipstjóranna hjá Eimskipafjelaginu. Og þar sem laun þau, sem Eimskipafjelagið greiðir sínum skipstjórum, voru lögð til grundvallar, er ákveðnar voru launagreiðslur við útgerð ríkissjóðs, þá þykir einmitt fara vel á, að sama fyrirmyndin sje notuð að því er varðskipin snertir. Sá munur, sem hæstv. dómsmrh. vill láta vera á launum skipstjóranna á Esju og Óðni, er svo áberandi og stór, að það er ekki hægt að rjettlæta hann á neinn hátt, og allra síst með einhverju sparnaðarhjali út í bláinn.

Þá gat hæstv. dómsmrh. þess, að ein brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. væri óþörf, því að starfslaun skipherranna væru miðuð við þann tíma, er þeir rjeðust í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, og væri því framfylgt nú í launagreiðslu til þeirra. Það gleður mig, að ráðh. er svo rjettsýnn maður, að hann hefir gengið inn á þetta í framkvæmdum sínum, þrátt fyrir öll lögbrotin. Hinsvegar get jeg alls ekki fallist á, að það sje óþarft, að þetta ákvæði standi í lögunum, þó að ráðh. hafi hagað sjer eftir því við útreikning launanna. Það er ekki víst, að allar stjórnir geri það sama, enda reglan sú, að stj. yfirleitt fari eftir því, sem í lögunum stendur, eins og ráðh. hlýtur að vera kunnugt. Að vísu þykir mjer mikilsvert að hafa fengið þessa yfirlýsingu frá hæstv. dómsmrh., en vildi þó, að þetta stæði í lögunum til hægðarauka fyrir aðrar stj., sem á eftir koma og sem legðu eitthvað upp úr því, hvað lög eru í landi.

Hann sagði, að meiri festa ætti að vera í þessu starfi varðskipanna en á öðrum skipum. En líti maður á frv., þá er ekki að sjá, að ráðh. ætlist til, að festan verði þar meiri en á strandferðaskipunum, þar sem stj. er heimilað að gera samning við starfsmenn varðskipanna aðeins til 6 ára í senn. Og eftir orðalaginu er festan ekki meiri, heldur minni, úr því að ástæða þykir til að láta þá sitja við lakari launakjör en tíðkast á öðrum skipum. Jeg tek því yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. sem vott þess, að hann hafi engin veruleg rök fram að færa til þess að hnekkja því, er jeg og aðrir hv. þdm. höfum haldið fram. Ef hæstv. dómsmrh. hefði getað, mundi hann hafa bent á launakjör íslenskra sjómanna á skipum Eimskipafjelagsins

og ríkissjóðs, en því er ekki til að dreifa. Brtt. okkar fer fram á það, að rjetta svo hluta þessara manna, að launakjör þeirra megi sæmileg kallast. Hæstv. ráðh. sagði, að þjóðin hefði ekki efni á því að borga mönnum þessum þau laun, er við förum fram á. En ef hann ber kjör þeirra saman við kjör manna í sambærilegum stöðum og tekur tillit til þess, hve mikið starf þessir menn hafa leyst af hendi í þarfir þjóðfjelagsins, þá er jeg viss um, ef vit hans og sanngirni fær að njóta sín, þá mun bæði hann og aðrir hv. deildarmenn fallast á það, að þjóðin hefir ekki efni á að launa menn þessa eins illa og gert er ráð fyrir í frv. Till. okkar á þskj. 724 um laun þessara manna er svo vel í hóf stilt, að jeg vænti þess, að hv. þingdeild leyfi henni fram að ganga.

Jeg verð enn einu sinni að biðja hæstv. ráðh. að athuga vel allar ástæður í þessu efni, og vænti þess, að háttv. deild sjái, að hjer er ekki verið að flana út í neina fjárhagslega örðugleika eða skapa skaðlegt fordæmi með samþykt þeirrar till., heldur aðeins verið að sjá fyrir því, að þessir starfsmenn ríkisins sjeu svo launaðir, að þeir megi við una.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. dómsmrh. lýsti yfir því, að hann mundi setja sig á móti öllum brtt. við frv., svo að jeg sje ekki ástæðu til að ræða þær frekar. Þó finst mjer frv. svo úr garði gert, að eigi væri vanþörf á að breyta því nokkuð, og undrar mig, að hæstv. ráðh. skuli vilja setja sig upp á móti brtt. 724,2, við 5. gr., þar sem segir, að orðin „en greiða skal þeim umsamið kaup eins og um uppsögn væri að ræða“ falli burt. Það er alveg eins og verið sje að gefa skipverjum, sem ætla sjer að fara af skipunum, undir fótinn um að haga sjer illa, svo þeir verði reknir og eignist þannig kröfu á þriggja mánaða kaupi. Það ætti þó að mega breyta þessu þannig, að skipverjar fengju ekki greitt kaup, ef þeir væru reknir fyrir fullar sakir, en nú stendur í 5. gr., að skipverjum skuli greitt umsamið kaup eins og um uppsögn væri að ræða. Jeg geri þó ráð fyrir, að það sje til einskis að ræða um þetta frekar við hæstv. ráðh. Jeg vil benda hæstv. ráðherra á það, í sambandi við 6 ára ákvæðið í frv., að ef það væri ekki, hefðu þessir embættismenn engan rjett til biðlauna, þótt þeim væri sagt upp stöðunni. Sje hinsvegar búið að ráða þessa starfsmenn til 6 ára, verður ekki hjá því komist að greiða þeim full laun þennan tíma, en annars þekkist slíkt ákvæði sem þetta ekki í neinum öðrum lögum.

Samanburður hæstv. ráðh. á launum skrifstofustjóra stjórnarráðsins og skipstjóranna er mjög villandi, sökum þess að skrifstofustjórarnir vinna mikla aukavinnu utan embættis, og hafa altaf gert. Starf skipstjóranna er þannig vaxið, að þeir geta á engan hátt aflað sjer aukatekna utan embættis. Þá sagði hæstv. ráðh., að laun skipstjóranna á Eimskipafjelagsskipunum hefðu lækkað. Það er alveg rjett, en samt eru laun skipstjóranna á Eimskipafjelagsskipunum og strandferðaskipi ríkissjóðs miklu hærri en hjer er gert ráð fyrir. Þegar skipstjórar varðskipanna voru ráðnir til þessa starfa,

voru þeir teknir frá einkafjelagi og þeim lofað því, þótt það loforð væri að vísu munnlegt, að þeir skyldu fyrst um sinn njóta sömu launakjara. Þá hefi jeg fyrir satt, að laun skipstjóranna sjeu lægri en sumra annara starfsmanna á varðskipunum. Það kann að vera, að þetta sje ranghermi, og vænti jeg þess þá, að hæstv. ráðh. leiðrjetti það, ef svo er.

Jeg er ekki í neinum vafa um það, að hægt muni að komast að samkomulagi við þessa menn, skipstjórana, um einhverja lækkun á launum þeirra. Jeg vona, að þingið samþ. launakjör skipstjóranna óbreytt, enda væri annað brigður á því loforði, sem þessum mönnum hefir verið gefið, ekki einungis af stj., heldur einnig af þinginu, því að á þinginu í fyrra mælti enginn þessu í mót. Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að frv. þetta væri flutt sem sparnaðarfrv., en nú hefir hann sjálfur upplýst, að launin hafi hækkað, svo að ekki sje lengur um sparnað að ræða, heldur þvert á móti, því að nú eru gjöldin orðin talsvert hærri en eftir gildandi lögum. Eftir þær breytingar, sem Ed. gerði á frv., þá virðist það nokkuð farið að fjarlægjast takmarkið, svo framarlega sem aðaltilgangur frv. var sparnaður, enda tók hæstv. ráðh. það fram með nokkurri gremju, að launin hefðu hækkað í Ed. til mikilla muna.

Hæstv. ráðherra sagði, að risnufje sendiherrans hefði verið ákveðið af Íhaldsflokknum. Nú hefir það verið ákveðið af honum sjálfum, og jafnhátt, svo að jeg hygg, að þetta geti ekki orðið honum biturt vopn í höndum. Annars vil jeg benda hæstv. ráðherra á það, að í frv., er hann sjálfur flytur hjer á þingi, hefir hann lagt það til, að laun þeirra manna, sem þeim stöðum gegna, er það frv. ræðir um, verði ekki lækkuð meðan þessir menn sitja í embættunum, sem nú eru þar. Eins og menn vita, hafa bankastjórar Landsbankans mjög há laun, en í frv. því, sem hjer liggur fyrir um Landsbanka Íslands, segir svo, að laun þeirra skuli haldast óbreytt meðan þeir menn gegni stöðunum, sem nú sitja í þeim. Ef það þykir sanngjarnt, að laun bankastjóra Landsbankans, sem viðurkend eru að vera mjög há, haldist óbreytt, hvers vegna má þá ekki sama regla gilda um skipstjóra varðskipanna? Mjer þætti gaman að vita, hvers vegna er gert upp á milli þessara starfsmanna ríkisins. Það er a. m. k. ekki hægt að segja, að skipstjórar varðskipanna hafi staðið ver í stöðum sínum en bankastjórarnir, og þá hlýtur það að vekja undrun manna, að gert er upp á milli þessara embættismanna. Þeirri spurningu vil jeg beina til hæstv. ráðh., hver sje ástæðan fyrir slíkum mismun, því jeg fæ ekki betur sjeð en að hin sama regla ætti að gilda um þessa starfsmenn ríkisins, ekki síst þegar þess er gætt, hve starf skipstjóranna er oft að ýmsu leyti hættulegt. Þeim er oft skipað að fara út í verstu veður og þess krafist, að þeir leggi alt í sölurnar, hvernig sem á stendur. Vænti jeg þess, að hæstv. ráðh. svari þessari spurningu, þó að ekki líti út fyrir það, því að nú flýtir hann sjer burtu, er hann er beðinn að skýra rangindi sín.

ATKVGR.

Brtt. 724,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 722,1 feld með 15:3 atkv.

Brtt. 722,2 feld með 19:4 atkv.
— 722,3 tekin aftur.
— 724,2 samþ. með 18:4 atkv.
— 722,4 feld með 16:3 atkv.
— 722,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 724,3 samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, SE, ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, BSv.
nei: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HJ, HG, HjV, IngB.
Brtt. 724,4 samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SÁÓ, ÁÁ, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, ÓTh, BSv.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, LH, MT, PO.
HG, HjV, JS greiddu ekki atkv.
Brtt. 724,5 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, EJ, HG, HK.
nei: IngB, JS, LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, BSv.
HjV greiddi ekki atkv.
Brtt. 724,6 feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JörB, MG, MJ, ÓTh, SE.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JS, LH, MT, PO, BSv.
HG, HjV, SÁÓ greiddu ekki atkv.
Brtt. 724,7 samþ. með 17:7 atkv.
— 722,6 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 723 feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.
nei: BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.
Brtt. 724,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, BSv.
nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JS.
HG, HjV, JÓl, SÁÓ greiddu ekki atkv.
Frv. endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 743).
Á 71. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 777).

---

27. Gin- og klaufaveiki.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (stjfrv., A. 17).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þór-

hallsson): Þetta mál var svo rækilega rætt á síðasta þingi og þinginu þar á undan, að óþarft er að vera nú að rifja upp umræður og rök þau, er þá voru færð fyrir málinu. Jeg vil aðeins geta þess, að frv. er samið í samráði við dýralækni og hlutaðeigandi ráðunaut Búnaðarfjelags Íslands og er bygt á sama grundvelli og frv. það um þetta efni, er hjer var til umr. í fyrra. Vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til landbn.

Jón Þorláksson: Það má segja, að efni þessa frv. sje gamall kunningi. Er ekkert við því að segja, þótt sett sjeu ákvæði í þeim tilgangi að verjast gin- og klaufaveiki og öðrum alidýrasjúkdómum. En jeg vil taka það fram, eins og bent var á í hv. Nd. í fyrra, að frv. þetta fer lengra í ákvæðum sínum um aðflutningsbann en svo, að hægt sje að færa fyrir því þær ástæður, sem frv. segir vera. Samkvæmt frv. á að banna innflutning á vörutegundum, sem í öðrum löndum er frjáls verslun með, jafnt í þeim löndum, sem eru að reyna að verjast þessum sjúkdómum, sem öðrum.

Jeg vona, að hv. nefnd gefi því rækilega gaum, að þegar farið er, undir slíku yfirskini og hjer á sjer stað, að setja óeðlilegar hömlur á verslun milli landa, þá eru menn komnir út fyrir það svið landbúnaðarins, sem þessi löggjöf á við, og inn á utanríkismálin. En þar verðum við sannarlega að gæta fylstu varúðar, af því að við erum ný eining, sem á eftir að mynda sjer og skapa allan heiður og virðing í samlífi þjóðanna.

Jeg mun ekki að sinni fara nánar inn á einstök atriði, en vil aðeins beina þessum athugasemdum til hv. nefndar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get ekki fallist á, að gengið sje lengra en hægt sje að færa ástæður fyrir út frá þeim grundvelli, sem frv. hvílir á. Jeg vil minna á, að samkvæmt því, sem hjer var samþykt í fyrra, hafði fyrverandi stjórn gert ráðstafanir til þess að draga að sjer ýms gögn í þessu máli. Þau gögn komu fram um það leyti, er hin nýja stjórn tók við völdum, og er frv. þetta borið fram í samráði við þá menn, er best vit hafa á þessum málum.

Hv. þm. benti á, að í þessu frv. væri bannað ýmislegt það, er ekki væri bannað annarsstaðar. En það er ekkert undarlegt, því að aðstaða okkar er önnur en allra annara þjóða í Norðurálfunni um þetta mál: annarsvegar að því leyti, að við erum eina ríkið í álfunni, sem aldrei hefir fengið þessa veiki til sín, og hinsvegar er aðstaða okkar til varnar innanlands, ef svo illa færi, að veikin bærist hingað, verri en flestra annara ríkja, því að við erum svo skamt á veg komnir í löggjöf og framkvæmd heilbrigðismála á þessu sviði.

Jeg er algerlega ósammála hv. 3. landsk. um það, að hjer sje verið að setja óeðlilegar hömlur á verslunina landa á milli. En um hitt er jeg honum fyllilega sammála, að í þessu máli verður að gæta mikillar varúðar, og þeirrar varúðar álít jeg, að sje gætt í frv., en jeg vil mælast til, að háttv. nefnd taki málið til grandgæfilegrar rannsóknar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 313 og 358, 314, 315).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Reglur þær, sem nú gilda um innflutningsbann á vörum vegna gin- og klaufaveiki, eru bygðar á lögum um innflutningsbann á dýrum o. fl. frá 15. júní 1926.

Ríkisstj. hefir litið svo á, að þessi lög væru óhentug í framkvæmd og gætu tæpast gefið það öryggi, sem nauðsynlegt er í þessu efni. Þess vegna hefir hún nú lagt fyrir þingið frv. um breytta skipun um innflutningsbann vegna gin- og klaufaveiki.

Þetta frv. hefir landbn. nú haft til meðferðar, en ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þess.

Lögin frá 1926 heimila atvmrh. að banna innflutning á sóttnæmum vörum frá þeim löndum, er næmir húsdýrasjúkdómar geisa í. En í reyndinni mun framkvæmdin á þessu verða sú, að vörurnar verða aðallega bannaðar frá þeim löndum, sem næst okkur eru og við skiftum mest við. Vegna þess að það má næstum telja ókleift að telja upp öll þau lönd eða hjeruð, sem hætta getur stafað frá, þá getur afleiðingin orðið sú, að við getum átt á hættu að fá vörur frá langtum hættulegri löndum en þeim, sem bannið hvílir á. Eins og nú er ástatt, er hægt að flytja hingað vörur frá Eystrasalti og Rússlandi og öllum austur- og suðurhluta Evrópu, en þar er gin- og klaufaveikin í algleymingi. Af því að svo er ástatt, felst meiri hl. landbn. á, að rjett sje að gera nýja skipun um þetta. Hefir hann lagt stjfrv. til grundvallar, en gert á því nokkrar breytingar, sem þó að miklu leyti eru formsbreytingar.

Dálítill ágreiningur er innan meiri hl. um einstakar vörutegundir. Hefi jeg því borið fram sjerstakar brtt. í 4 stafliðum á þskj. 314. En jeg tek það fram, að jeg skil hv. meðnefndarmann minn í meiri hl., hv. 5. landsk. (JBald), svo, að hann sje mjer sammála um þá stefnu, sem kemur fram í brtt., og jafnvel 3 fyrstu stafliðina. Ágreiningurinn milli okkar er um vörurnar í d-lið. Vill hann ekki banna innflutning á sumum þeim vörum, sem þar eru taldar, svo sem kartöflum, mjólkurafurðum og eggjum.

Það vakir ekki fyrir mjer, að beinlínis verði tekið fyrir innflutning á þessum vörum algerlega. En jeg vil gera lögin svo úr garði, að þó að stjórnin geti annarsvegar veitt undanþágu um innflutning frá sumum löndum, sje hægt að koma í veg fyrir hann frá öðrum án þess að gera sjerstakar ráðstafanir. Stjórninni er innan handar samkv. till. mínum að leyfa innflutning frá löndum, sem ekki eru hættuleg. Jeg vil t. d. algerlega útiloka það, að hingað flytjist egg frá Rússlandi, kartöflur frá Póllandi o. s. frv. Hinsvegar játa jeg, að minni hætta stafar af þessum vörum frá Danmörku en ýmsum öðrum löndum. En sjeu þessar áðurnefndu 4 vörutegundir feldar út úr tillögum mínum, verður ekki komið í veg fyrir, að þær flytjist hingað frá þeim löndum, sem

eru miklu hættulegri en nágrannalöndin.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í hvern einstakan staflið í brtt. mínum. Í a-lið eru taldar vörur, sem ekki má veita neina undanþágu um. Í b- og c-lið eru vörur, sem veita má undanþágu um, ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, annaðhvort að þær hafi verið sótthreinsaðar eða sjeu framleiddar með þeim hætti, að sótthætta sje útilokuð.

Hv. deild hefir auðvitað á sínu valdi, hvernig hún afgreiðir þetta mál. Jeg skal taka það fram, að þó að brtt. á þskj. 315 verði samþykt, mun jeg sætta mig við það og greiða atkv. með frv. eftir sem áður. En auðvitað teldi jeg heppilegra, að brtt. mínar næðu óbreyttar fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg þykist þurfa að gera grein fyrir afstöðu minni til frv. Hún er alveg sú sama og á síðasta þingi, nefnilega sú, að jeg álít málið best komið í höndum stjórnarinnar. Jeg held satt að segja, að aldrei verði samin svo lög um það efni, sem frv. fjallar um, að ekki verði á þeim nægilega stór göt til þess, að eins smáir sýklar og hjer er um að ræða komist í gegnum þau. Það mun því affarasælast, að stj. ráði og breyti eftir bestu vitund. Í þessu máli geta komið fyrir svo mörg tilfelli, að óhugsandi er, að þau verði öll tekin fram í lögum. Mundi því heppilegast, að stjórn, sem hefir áhuga á málinu og góðan vilja til framkvæmda, skæri úr í hvert sinn, hversu fara skyldi að.

Við stjfrv. sjálft hefi jeg margt að athuga. Þar er t. d. gert ráð fyrir undanþágu um innflutning dýra. Þetta er að mínum dómi ákaflega varhugavert. Eins og dýralæknir segir, getur veikin legið niðri jafnvel heilt ár og dýr gengið með hana allan þann tíma án þess að þess verði vart. Gæti t. d. svo farið, að dýr hefði sýkst nokkrum dögum áður en það var flutt hingað, en veikin brytist ekki fram fyr en eftir missiri eða heilt ár. Þá er þess að gæta, að dýr geta, eins og menn, verið sýkilberar. Með taugaveiki og mænusótt geta menn t. d. gengið árum saman án þess að þeir sjeu veikir sjálfir. En aðra geta þeir sýkt. Klaufaveikinni er að öllum líkindum eins farið og þessum sjúkdómum, og geta menn af því sjeð, hvílík voðahætta getur stafað af innflutningi dýra. Um þetta atriði var Magnús heitinn Einarson dýralæknir strangastur, og mun hann eiga mestar þakkir fyrir það, að veikin er ekki enn hingað komin. Í frv. er gert ráð fyrir, að stjórnin ráðfæri sig við dýralækni. Það ákvæði mun ekki hafa verið í frv. í fyrra; þá þótti það óþarft, eða jafnvel varhugavert.

Þá þykir mjer einkennilegt, að í frv. er talinn fjöldi vara, sem eingöngu eru notaðar til manneldis. Mjer virðist aðallega bannaður innflutningur þeirra vörutegunda, sem menn eiga að eta, en síður þeirra, sem dýrum er ætlað til fóðurs. Það er rjett eins og menn sjeu orðnir að kúm, en kýrnar að mönnum. T. d. er ekki bannað að flytja inn þá vöru, sem einna mest hætta getur stafað af, fóðurkökur. Þær geta þó verið komnar frá Póllandi og Rússlandi, og dæmi eru til, að borist hafi með fóðurkökum miltisbrandur þaðan að austan. Aftur á

móti er ýmislegt bannað, sem vjer Íslendingar getum ekki með nokkru móti verið án, t. d. kálmeti og kartöflur. (**Forsrh. TrÞ:** Kartöflur eru ekki bannaðar í stjfrv.). Jæja, það hefði nú samt verið ástæða til að banna innflutning þeirra t. d. frá Pólandi, en aftur á móti síður frá Danmörku. Danir eru svo „civiliseruð" þjóð, að minni hætta stafar af vörum þeirra en margra annara þjóða, vegna þess að þeir verjast eftir megni útbreiðslu veikinnar og viðhafa alla mögulega varúð. Þá er þess að gæta, að innflutningsbannið veldur nágrannaþjóðunum tjóni. Er ekki ástæða að baka sambandsþjóð vorri tjón að raunalausu. Þarf því vel að athuga, frá hvaða stöðum þarf að banna innflutning og hvaðan má leyfa hann. Þetta getur verið nokkuð breytilegt, og ætti stjórnin að skera úr því í hvert sinn.

Að vísu heimilar frv. stjórninni að gera ýmsar undanþágur. En því fylgir minni ábyrgð en ef hún ætti að hafa varnirnar algerlega í sinni hendi. Og stjórnin þarf umfram alt að finna greinilega til þeirrar ábyrgðar, sem á henni hvílir í þessu máli. Annars getur hún sagt, ef veikin berst til landsins: „Mjer er ekki um að kenna; jeg hlýddi lögunum". En hún þarf að hafa miklu meiri skyldur í þessu efni en að hlýða afmörkuðum lagaákvæðum. Ef lög ættu að koma að haldi í þessu máli, þyrftu þau að ná yfir öll möguleg tilfelli. En það gera þau aldrei. Og því á stjórnin að geta gert það, sem hún álítur best og hagkvæmast til þess að verjast veikinni. Eins og jeg tók fram í upphafi, hefir aðstaða mín ekkert breytst síðan í fyrra, enda fæ jeg ekki sjeð, að neitt nýtt hafi fram komið, sem gæfi ástæðu til þess. Vona jeg, að mjer hafi tekist að tala svo ljóst, að hv. þdm. hafi skilið aðstöðu mína og andstöðu gegn frv.

Jón Baldvinsson: Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að við vorum sammála um stefnuna í brtt. hans, þó að ekki yrðum við alveg ásáttir um upptalninguna. Jeg álít rjett, að lögin telji upp þær vörur, sem á að banna, og geri sem flestar ráðstafanir til varna. Hitt er annað mál, að ef við ættum að vera alveg öruggir, yrði að banna allar samgöngur milli Íslands og annara landa. Þetta er eina örugga ráðið, og vænti jeg, að það mundi reynast óbrigðult. Raunar er af sumum talið, að veikin berist með fuglum loftsins, en jeg held, að hún kæmist varla á þann hátt yfir hina djúpu Íslands ála. En þetta er nú ekki hægt, og því finst mjer ekki ástæða til að ganga eins langt í upptalningu bannvara og hv. frsm. gerir. Það er varla hugsanlegt að banna innflutning á kartöflum. Sama er að segja um smjör, egg og osta. Slíkt kæmi ákaflega þungt niður á fólki í kaupstöðum. Án eggja er ekki hægt að vera vegna sjúklinga; framleiðsla á þeim er ekki svo mikil hjá okkur. Upptalningin er heldur ekki tæmandi. Ætti hún að vera það, yrði sá listi óendanlegur. En komi upp skaðræðispest í einhverju landi, hefir stjórnin heimild til að banna allar vörur þaðan, þó að ekki sjeu upp taldar í lögum. Annars vænti jeg, að því megi treysta, að veikin muni ekki berast hingað frá löndum, þar sem haft er sæmilegt eftirlit með framleiðslu þeirra vara,

sem um ræðir í brtt. minni. En þessar vörur fáum við mest frá Norðurlandaþjóðunum, og hvergi er eftirlitið eða hreinlæti betra. Í þessu sambandi má geta þess, að ef til vill væri rjett að taka upp mat á kartöflum, svo að við þyrftum ekki að taka við hverju því, sem hingað er sent. Hefir þessu áður verið hreyft í þinginu. Líka er sjálfsagt að krefjast þess, að þær sjeu fluttar í nýjum umbúðum.

Fleira hefi jeg ekki að taka fram. En jeg tel freklega nærri mönnum gengið, ef d-liður brtt. á þskj. 314 yrði samþ. Jeg skal geta þess, að jeg hafði tilhneigingu til að nema burt fleiri vörur en jeg gerði í brtt. minni, en jeg vildi fara varlega og ljetta banni aðeins af þeim vörum, sem mjer fanst mest nauðsyn á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. landbn. hefir haft þetta mál helst til lengi til meðferðar og átt erfitt með að komast að niðurstöðu í því, því að svo má segja, að hún sje þríklofin. Hinsvegar má játa það, að málið er erfitt viðfangs og því ástæða til að vanda til afgreiðslu þess.

Það er rjett, sem hv. 6. landsk. tók fram, að innflutningsbann varðar ekki eingöngu okkar þjóð, heldur og aðrar þjóðir, sem við höfum verslunarviðskifti við. Gæti það bakað þeim nokkurt óhagræði. Hinsvegar er þetta svo alvarlegt mál, að það er ekkert álitamál að gera allar þær ráðstafanir, sem að haldi mættu koma í baráttunni við hinn mikla vágest, gin- og klaufaveikina. Og jeg sem atvinnumálaráðh., sem fyrst og fremst ber ábyrgð á, hversu fer um þetta efni, mun fyrir mitt leyti telja það mína fyrstu og sjálfsögðustu skyldu að nota til hins ítrasta hverja heimild, sem þingið gefur til þess að stemma stigu fyrir veikinni. Mun jeg þar, sem sjálfsagt er, haga mjer samkv. áliti hinna færustu vísindamanna um útbreiðslumöguleika hennar.

Jeg vil segja það, að brtt. þær, sem hv. 1. þm. Eyf. ber fram á þskj. 314, fari í rjetta átt, enda munu þær vera gerðar með ráði dýralæknisins í Rvík og samkvæmt upplýsingum frá þeim manni, sem rannsakað hefir klaufaveikina meir en nokkur annar maður á Norðurlöndum, C. O. Jensen í Kaupmannahöfn.

Háttv. 5. landsk. vill undanþiggja mjólkurafurðir og egg. Vísindin telja þó alls ekki útilokað, heldur beinlínis sennilegt, að veikin geti borist með þeim vörum. Hinsvegar er talið, að hægt sje að ganga svo vel frá þeim, að girt sje fyrir smitunarhættu. Með tilliti til þess mun ákvæðið í brtt. hv. 1. þm. Eyf., um heimild til að undanþiggja einstök lönd eða landshluta, vera samið.

Jeg vil, sem sá ráðherra, er ábyrgð á að bera á framkv. þessara laga, mæla með því, að brtt. hv. 1. þm. Eyf. verði samþyktar. Þykist jeg, er jeg ber fram þau tilmæli, standa á þeim grundvelli, er vísindin hafa traustastan lagt í þessu máli. En hinsvegar verð jeg alvarlega að mæla á móti brtt. frá hv. 5. landsk.

Hv. frsm. minni hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með rökst. dagskrá og málinu vísað til stj. Jeg vil eindregið mælast undan því, að sú dagskrá verði samþykt. Frv. er borið fram í samráði við dýralækni og menn úr Búnaðarfjelagi Íslands. Það er ósk

mín, að það nái fram að ganga, því að í frv. eru settar ýmsar nánari reglur en nú eru til að halda sjer að, og yfirleitt tekið miklu fastari tökum á málinu. En jeg tek að vísu með þökkum því trausti, sem hv. 6. landsk. ber til mín um framkvæmd þessa máls.

Þá vjek hv. þm. að 1. gr. frv., um undanþágu við innflutning dýra. Jeg hefi enga tilhneigingu til að halda þessu. Jeg skal geta þess, að nýlega lá fyrir umsókn um innflutning hreindýra. Dýralæknir neitaði ekki algerlega og ekki heldur aðrir, sem um þetta áttu að segja. En jeg neitaði um innflutningsleyfið.

Hv. þm. þótti undarleg sú uppástunga í 2. gr., að sleppa ýmsu, sem skepnur jeta, en halda því, sem menn borða. Það fyrsta, sem nefnt er, er hey. En það var álit dýralæknis og meining frv., að það bæri að vera aðalregla, að banna annarsvegar það, sem hætta væri á, að bærist til skepnanna, og hinsvegar afurðir skepnanna utanlands frá. Þetta kemur greinilega fram í brtt. háttv. 1. þm. Eyf. á þskj. 314.

Háttv. minni hl. landbn. hjelt því fram, að erfitt væri að setja lög um þetta, af því að mismunandi mikil hætta stafaði frá hinum ýmsu löndum. Það er alveg rjett. Frá þeim löndum, þar sem allur landbúnaður er rekinn með „moderne“ sniði, eins og í ýmsum nágrannalöndum okkar, til dæmis á Norðurlöndum og í Hollandi, er áreiðanlega minni ástæða til að hræðast smitun en til dæmis frá Eystrasaltslöndunum. Ríkið heldur þar uppi stöðugri baráttu gegn gin- og klaufaveiki. En mjer finst þetta ekki vera ástæða til að vera á móti brtt. á þskj. 314, því að þar er einmitt gert ráð fyrir heimild til að veita undanþágu fyrir ýms lönd og landshluta. Það nær að vísu aðeins til d-liðs í brtt., en það mætti athuga til 3. umr., hvort ekki má breyta því þannig, að það nái yfir allar þær vörur, sem frv. tiltekur, og þó vil jeg ekki að svo stöddu fallast á það.

Hv. 5. landsk. vitnaði í það, að gin- og klaufaveiki hefði ekki komið hingað enn, og djúpir væru Íslands álar. En því má ekki treysta. Háttv. þm. minnist þess, að fyrir mörg hundruð árum gekk veiki um alla Evrópu, sem strádrap fólkið, og þó liðu tugir ára, áður en hún barst til Íslands. Þá hafa eflaust margir verið farnir að hugsa, að djúpir væru Íslands álar. En eftir 40—50 ár barst þessi veiki hingað og drap hjer fleira fólk en nokkur önnur pest fyr eða síðar. Jeg vil láta þessa getið, til þess að sýna, að hjer er um mikið alvörumál að ræða. Jeg mæli með brtt. hv. 1. þm. Eyf. Hún fer eins langt og við megum fara á grundvelli vísindanna.

Halldór Steinsson: Jeg er ekki alveg sömu skoðunar og hæstv. forsrh. um, að hjer sje beinlínis um mikið alvörumál að ræða. Jeg verð að segja, að jeg tel þetta frv. fremur þýðingarlítið. Það er alkunnugt, að gin- og klaufaveiki hefir gengið svo árum skiftir í nágrannalöndunum, án þess að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar hjer á landi til varnar henni, og enn hefir það ekki orðið að sök. Við höfum því ástæðu til að vona, að það komi ekki heldur að sök í framtíðinni, þó að ekki verði gerðar sjerstakar ráð-

stafanir. Í öðru lagi er ómögulegt að setja með lögum svo tæmandi ákvæði til varnar veikinni, að örugt sje, nema með því að banna innflutning á vörutegundum, sem hreint og beint koma í bága við það mataræði, sem landsmönnum er hentugt og nauðsynlegt. Það er að nokkru leyti gert í þessu frv.

Jeg mun samt ekki leggja fast á móti frv., en mjer finst d-liður brtt. hv. 1. þm. Eyf. alveg ótækur. Þar er farið fram á að banna innflutning á fóðurkökum, rófum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, mjólkurafurðum og eggjum. Jeg vil beiðast skýringar á því, hvað átt er við með hraðvöxnu grænmeti. Það mætti ef til vill komast af án þeirra tveggja tegunda, sem fyrst eru taldar. En um allar hinar er það að segja, að það nær engri átt að banna innflutning á þeim. Það hefir verið bent á, að kartöflur væru ein af þeim fæðutegundum, sem nauðsynlegar eru til manneldis. En kartöflur eru alls ekki ræktaðar hjer á landi í nógu stórum stíl til þess að fullnægja þörfum allra landsbúa, þó að það væri auðvitað ekki nema æskilegt. En meðan svo er ekki, nær engri átt að banna innflutning á jafnnauðsynlegri og hollri fæðu. Sama er að segja um niðursoðna mjólk og egg. Þó að talsvert sje til af þessum fæðutegundum, fullnægir það ekki þörfum landsbúa, svo að ekki kemur til mála að banna innflutning á þeim. Þá kem jeg að káli og öðru hraðvöxnu grænmeti. Jeg stóð aðallega upp til þess að mótmæla ákvæði d-liðs að því er snertir þær fæðutegundir, af því að brtt. háttv. 5. landsk. (JBald), sem ganga í þá átt, að upphefja bann á ýmsum þeim fæðutegundum, sem getur um í brtt. hv. 1. þm. Eyf., ná ekki yfir kál og annað grænmeti. Það er þó vitanlegt, að ýmsar tegundir af káli eru mjög holl fæða, sem fæst víða í kauptúnum landsins, og auk þess nauðsynleg fyrir marga sjúklinga. Jeg vil mælast til, að hv. 3. hluti nefndarinnar, sem jeg ber best traust til í þessu máli, vildi til 3. umr. styðja brtt. þess efnis, að leyfa innflutning á káli og öðru grænmeti.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Það hefir undir umr. verið vakin athygli mín á því, að það kynni að vera, að undanþáguheimild sú, sem gert er ráð fyrir í d-lið brtt. minnar, ætti við meira en þann lið. Jeg vil lýsa yfir því, að hún á aðeins við d-lið eftir minni skoðun. En ef þetta þætti ekki nógu skýrt, mætti breyta því við 3. umr.

Hv. frsm. minni hl. hafði allmargt við þetta frv. að athuga. En sumt af því, sem hann hafði fram að færa, á í raun og veru við gildandi lög, þar sem hv. þm. var að fordæma það, að hugsanlegt væri að veita undanþágu til þess að flytja lifandi dýr inn í landið. Í gildandi lögum er það ekki útilokað. En af ummælum hv. þm. skildist mjer, að hann væri því alveg mótfallinn, að nokkurntíma yrðu lifandi dýr flutt inn í landið. Nú getur maður ekki hugsað sjer, að í náinni framtíð hverfi ýmsir hættulegir búfjársjúkdómar, sem ganga í nágrannalöndum okkar. Á þá að skilja hv. þm. minni hl. svo, að um aldur og æfi sjeum við útilokaðir frá að flytja lifandi dýr inn í landið? Sú skoðun finst mjer vera alt of einstrengingsleg. Það ætti vel að geta komið til mála, að við flyttum til dæmis inn sauðfje okkur til hagsmuna. Jeg verð að hryggja hv. frsm. minni hl.

með því að segja honum, að jeg býst við, að við tækifæri muni jeg flytja tillögu um það. Það er eitt af okkar þýðingarmestu viðfangsefnum, að gera búpening okkar sem arðmestan, en allir vita, að með kynblöndun má gera það. Allar líkur eru til þess, að við getum bætt búpening okkar með því að flytja inn fjenað frá öðrum löndum. Hv. frsm. hafði ennfremur það að athuga við frv., að þar væri talað um að banna innflutning á ýmsum nauðsynlegum mannamat. Jeg verð nú að segja, að flestar þær vörutegundir, sem taldar eru upp í frv., eru ekki líklegar til þess að vera mannamatur.

Hv. þm. Snæf. þótti fráleitt að samþykkja d-lið tillögu minnar, þar sem bannaður er innflutningur á fóðurkökum, rófum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, mjólkurafurðum og eggjum. Því er þó ekki hægt að neita, að allar þessar vörur geta flutt smitun inn í landið. Hv. þm. Snæf. sagði, að við gætum ekki komist af án þess að flytja inn kartöflur. Fyrst er þó á það að líta, að kartöflur eru mjög hættulegar. Þær vaxa í jarðvegi, sem borinn er á áburður úr veikum skepnum. En það er ekki þetta eitt, sem fyrir mjer vakir, heldur vildi jeg reyna að koma því svo fyrir, að við gætum ráðið því, hvaðan við flytjum inn þessar vörur. Ef við flytjum þær inn frá Danmörku, er hættan ekki nærri því eins mikil eins og t. d. frá Rússlandi og Eystrasaltslöndunum yfirleitt. En ef d-liður er feldur, er alveg eins opið að flytja þær vörur, sem þar eru taldar, frá Rússlandi eins og t. d. frá Danmörku. Jeg hefi enga trú á, að það sje mikill fengur að flytja inn kartöflur frá Rússlandi, því að jeg get hugsað, að þær verði ekki orðnar sjerlega merkilegur varningur, þegar búið er að flytja þær svo langa leið.

Hv. þm. sagði, að ekki væri hægt að fá hjer nóga niðursoðna mjólk. Jeg get ekki fullyrt, hvort það er hægt núna sem stendur eða ekki. En það er víst, að í landinu er framleidd nóg mjólk handa öllum landsbúum. Markaðurinn tekur bara ekki á móti niðursoðinni mjólk, vegna útlendu mjólkurinnar. Það er vitanlegt, að margir Íslendingar fordæma það, sem framleitt er í landinu sjálfu, þó að það sje með öllu ástæðulaust. En það eru hrein vandræði að koma út allri þeirri mjólk, sem hægt er að framleiða. Annars vakir fyrir mjer það sama með mjólkina og kartöflurnar, að jeg vil, að við getum ráðið því sjálfir, hvaðan við flytjum inn þessar vörur. Um eggin vil jeg leyfa mjer að halda því fram, að við gætum vel þrifist, þó að ekki eitt einasta væri flutt inn í landið.

Hv. þm. bað um skýringu á því, hvað jeg meinti með „hraðvöxnu grænmeti". Það er grænmeti, sem vex upp á stuttum tíma og er þess vegna hættulegra en þær fæðutegundir, sem þurfa langan vaxtartíma. Hv. þm. sagði, að kál væri nauðsynleg sjúkrafæða. Jeg skal ekki neita því, en það er eins um kál og aðrar vörutegundir, sem taldar eru upp í d-lið, að fyrir mjer vakir aðeins það, að við ráðum, hvaðan við fáum það.

Jón Baldvinsson: Um athugasemdir hæstv. forsrh. viðvíkjandi brtt. minni vil jeg segja honum það, að þótt hann þykist standa á vísindanna grundvelli,

vitum við allir, að hættan getur verið samt, og veikin getur borist, af því að við höfum ekki vald til að banna það, sem er allra skaðvænlegast í þessu máli — rotturnar, sem alstaðar leika lausum hala. Vísindin segja, að þær sjeu allra hættulegastar. En við ráðum ekki við þær, svo að við verðum að skáka svolítið út af grundvelli vísindanna og fara eftir því, sem heilbrigð skynsemi segir okkur. Við megum ekki banna innflutning á þeim vörutegundunum, sem eru bráðnauðsynlegar fyrir okkur, eins og til dæmis kartöflur. Þá mundi brátt koma upp munn- og klaufaveiki í mannfólkinu; og það væri að fara úr öskunni í eldinn.

Þeir hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, hafa flestir gert mikið úr þeirri hættu, sem okkur stafi frá fjarlægari löndum. Það kann að vera rjettmætt. En við verslum nær eingöngu við nágrannalöndin, eins og við höfum altaf gert. Hættan er því ekki meiri nú en verið hefir, en hinsvegar gæti veikin vel borist til landsins, þó að bannaður sje innflutningur á öllu því, sem hjer hefir verið talið upp. Við erum aldrei öruggir, þó að við viljum gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að varna smitun. En jeg held, að við gerum okkur sjálfum mest óþægindi með því að banna innflutning á kartöflum og mjólkurafurðum. Jeg er alveg sammála hv. þm. Snæf. í því efni, og hann er víst ekki í vafa um mína skoðun, því að jeg er búinn að segja hana áður hjer í hv. deild, þó að jeg hafi ekki komið fram með tillögu þar að lútandi.

Það er víst alveg rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að aths. á eftir d-lið á aðeins við þann lið einan. En vera má, að það sje ekki nógu skýrt fram tekið.

Jón Þorláksson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. um síðustu málsgreinina í brtt. við 2. gr. og þá skýringu, sem hann gaf, vil jeg taka það fram, að jeg held ekki, að brtt. hans megi verða að lögum með þeirri skýringu. Eftir henni yrði engin heimild fyrir stj. til að veita undanþágu um þær vörur, sem nefndar eru í a-lið, þó að sannanlegt sje, að engin gin- og klaufaveiki gangi í þeim löndum, sem þær koma frá. Þetta hygg jeg, að geti ekki staðið í lögum vegna verslunarsamninga og alþjóðlegrar venju. Jeg get tekið sem dæmi, að naumast myndi þykja hæfa að banna að flytja inn hey frá þeim löndum, þar sem sannanlega væri ekki um gin- og klaufaveiki að ræða og ef ábyggilegt upprunavottorð fylgdi. Þetta mætti nú laga til 3. umr., og jeg hefði jafnvel getað fallist á, að þessi heimild lægi fyrir í frv., ef háttv. frsm. meiri hl. hefði ekki gefið gagnstæða skýringu.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Hæstv. atvmrh. kvaðst vilja nota sjer vísindin til aðstoðar í þessu máli. En það getur hann eins, þó að málinu verði vísað til stj. eins og þó þetta frv. verði samþ. En jeg hefi bent á það áður, að ef þetta frv. verði að lögum, þá sje hætta á því, að stj. treysti þeim of vel og gæti síður nauðsynlegrar varúðar um, að veikin geti borist til landsins. Í fyrra mátti varla minnast á vísindalega aðstoð um þessi mál, en það er gott, að í því efni er þó breytt til batnaðar. Hæstv. ráðh. mintist á veiki, er hefði lengi verið búin að geisa í nágrannalöndunum áður en hún hefði flutst hingað. Mun hann þar hafa átt við svartadauða. Er það rjett.

En þetta má ekki svæfa stj., einkum þar sem enn er ekki uppgötvað, hvernig veiki þessi berst. Slíkt var einnig óupplýst með svartadauða til skamms tíma, en nú vita menn, að hann berst með dýrum, aðallega með flóm, sem lifa sem sníkjudýr á rottum. Það er út í bláinn, sem hv. frsm. meiri hl. segir, að hjer sje verið að gera framtíðarskipun á þessum málum. Við vitum, að flestum lögum er sífelt verið að breyta. Þá hjelt sami hv. þm., að minni hætta stafaði af því, sem flutt væri langa leið. En þetta er ekki rjett. Þó vörur væru sendar 2—3 sinnum kringum hnöttinn, þá væri ekki hætta af þeim útilokuð með núverandi samgöngum, þar sem menn vita ekki, hve lengi sóttkveikjan lifir. Aðalatriðið er því, hvaðan vörurnar koma, og þarf að bæta ákvæði um það í frv., svo hægt sje að banna innflutning frá þeim löndum, sem hættan er mest í. Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að hægt væri að lifa góðu lífi hjer á landi, þó heftur væri innflutningur á grænmeti, eggjum o. fl. En satt að segja er fæði mjög fábreytt í kauptúnunum, svo að ef banna ætti kálmeti, kartöflur o. fl., þá væri hætt við, að fólkið fengi ginveiki — skyrbjúg, sem oft hefir borið á, einkum í kauptúnum á Norðurlandi í ísaárum, þegar ekki hefir náðst í grænmeti. — Yfir höfuð hafa engin rök verið færð fyrir því, að þetta væri betur trygt með lögum með undanþágum heldur en ef stj. væri á verði um þetta mál.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer finst skoðun hv. frsm. minni hl. dálítið tvískift í þessu máli. Annarsvegar leggur hann á móti því, að frv. þetta verði samþykt. En að hinu leyti virðist hann hafa heilbrigða skoðun á þessu máli og óskar meðal annars, að strangara eftirlit sje haft með innflutningi dýra og vill láta athuga það til 3. umr. Einnig um það, hvaða vörur sjeu hættulegastar, og vill jafnvel láta endurskoða lögin í heild sinni. En hann heldur, að það muni svæfa athygli stj., að gera lögin um þetta betur úr garði. En slíkt er fjarstæða, að hugsa svo. Hitt er sanni nær, að bæði þurfa lögin að vera fullkomin og stj. vel vakandi.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Mjer skildist á hv. frsm. minni hl., að best væri að láta stj. bera sem mesta ábyrgð á þessu máli. En jeg held, að þó frv. og brtt. mín verði samþ., þá hafi stj. nóga ábyrgð að bera fyrir því, því vafalítið má það telja, að freklega verði leitað á stj. um innflutningsleyfi frá ýmsum löndum, en um leið og stj. veitir þau innflutningsleyfi, þá tekur hún á sig ábyrgð. Þá sagði hv. þm., að innflutningur á vörum, sem fluttar hefðu verið oft í kringum hnöttinn, með öðrum orðum komnar langan veg, væri eins hættulegur eins og á þeim vörum, sem væru komnar stutt að. En, eins og reyndar kom fram hjá hv. þm., þá er það óupplýst, hve lengi sóttkveikjurnar geta lifað á þeim vörum, er þær flytjast með. Við getum því hvorugur um þetta atriði dæmt. En dýralæknirinn hjer í Reykjavík telur hættuna því meiri, sem styttra er liðið frá því að snerting vörunnar við sóttkveikjuna átti sjer stað.

Mjer þótti hv. 3. landsk. taka nokkuð djúpt í árinni, er hann ljet í ljós

það álit, að eftir þeim skilningi um undanþágur við 2. gr. samkv. brtt. 314, sem jeg hjelt fram, þá gæti frv. ekki orðið að lögum, þar sem það bryti í bága við verslunarsamninga og alþjóðavenjur. Ef hv. þm. telur brtt. mína svona hættulega, þá var honum opin leið að koma með brtt. við hana, og það getur hann gert enn. Mjer skildist hv. þm. vera í vafa um það, hvort þessi brtt. mín felur í sjer undanþágu um a-lið till. Jeg skal því taka það skýrt fram, að í minni brtt. felst engin undanþága um a-liðinn.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Jeg vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort stj. telji sig ekki hafa næga stoð í núgildandi lögum til að banna allan þann innflutning, sem hætta getur stafað af. — Tilgangur minn með dagskrártill. er aðeins sá, að skerpa ábyrgðartilfinningu stj. í þessu máli, og þar með draga úr hættu á, að gin- og klaufaveiki berist til landsins.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Svarið við þessari spurningu hv. frsm. minni hl. liggur hjer einmitt fyrir. Að stj., eftir samráði við Búnaðarfjelag Íslands og dýralæknninn hjer í Reykjavík, lagði þetta frv. fram, er af þeirri ástæðu, að hún áleit sig ekki hafa eins góða aðstoð í lögum og þörf væri á.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 358, frá minni hl. landbn., feld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 314,a samþ. með 7 shlj. atkv.

— 314,b samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 314,c samþ. með 7 shlj. atkv.

— 315 samþ. með 7:1 atkv.

— 314,d, svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 313 samþ. með 7:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 378, 379).

Halldór Steinsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál um brtt. mína á þskj. 379. Jeg tók það fram við 2. umr., að kál væri svo nauðsynleg og holl fæðutegund, að ekki gæti komið til mála að setja innflutningshöft á hana, og það þeim mun síður, sem ræktun káls er hjer mjög takmörkuð. Jeg tel fulla ástæðu til að sleppa einnig öðrum tegundum, sem taldar eru undir d-lið, þó jeg fari ekki fram á það nú. En hitt finst mjer sjálfsagt, að undanþiggja kálið, og vona jeg, að hv. deild geti orðið mjer sammála.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg ætla ekki að tala langt mál um þessa brtt., en í samræmi við það, sem jeg mælti við 2. umr., get jeg ekki fallist á hana og hlýt að leggja móti því, að hún verði samþ. Ástæður þær, er hv. þm. Snæf. færði fyrir henni, þær, að kál væri holl fæðutegund og þörf, eru engar röksemdir í þessu máli. Þegar um það er að ræða að

verjast erlendri sótthættu, kemur ekki til greina gagnsemi þeirrar vörutegundar, sem banna verður. Sje hún hættuleg, verður að banna hana. En um það skal jeg ekki deila frekar. Fyrir mjer vakir það, að stj. hafi fult vald á því, hvaðan vörur þessar eru fluttar inn í landið. En hitt er ekki eins sjálfsagt, að banna innflutning, sem það, að fullkomnu eftirliti verði við komið, hvaðan vörurnar flytjist.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg stend hjer ekki upp fyrst og fremst vegna þessarar brtt.; hún skiftir tiltölulega litlu máli, á móts við þær breytingar, sem gerðar voru á frv. við 2. umr. Legg jeg þó að sjálfsögðu á móti henni. En mjög var það á móti skapi mínu, hvernig atkvgr. fjell við 2. umr., er hv. deild gat ekki fallist á að banna þær vörur, er nú eru bannaðar. Álít jeg, að hv. deild hafi ekki gert rjett í því; ekki haft augu nægilega opin fyrir hættunni. En vitanlega verður ráðh. að beygja sig fyrir þingvilja; en jeg geri það nauðugur. Jeg álít, að bönn þau, sem nú eru í gildi, sjeu fyllilega rjettmæt vegna landbúnaðar okkar, þó að þau verði nú væntanlega að fella úr gildi vegna þessara undirtekta þingsins.

Halldór Steinsson: Hv. frsm. taldi það lítil rök hjá mjer, að ekki bæri að banna innflutning vöru vegna þess að hún væri holl. En það verð jeg að telja rök, meðan þetta er ekki eina vörutegundin, sem skaði getur af hlotist og innflutningur er leyfður á. Ef því er slegið föstu, að gin- og klaufaveiki geti ekki borist til landsins, ef frv. verði samþ. óbreytt, þá fellur sú röksemd. En það er langt frá, að lögin sjeu tæmandi í því efni. Þau eru kák og ekkert annað. Skiftir því minstu máli, þó þessi þarfa vörutegund sje feld úr þeim. **(Forsrh. TrÞ:** Þau eru orðin kák, en voru það ekki). Þau hafa altaf verið kák, Ef við vildum vera vissir um, að veikin bærist ekki hingað, yrðum við að einangra okkur. Veit jeg ekki, hve glæsilegt hv. þm. þætti það. Það dugir ekki að byggja loftkastala um, að okkur takist að bægja veikinni á braut með því að banna vissar vörutegundir, sem við þó ekki vitum, hve hættulegar eru, heldur verðum við og að hafa hliðsjón af því, hvort þær eru nauðsynlegar, og vega þar á milli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg er því samþykkur, að frv. eins og það er núna sje að vissu leyti kák. Að vísu er ekki hægt að setja fullkomin lög um varnir gegn gin- og klaufaveikinni, því vísindin þekkja ekki enn sem komið er til fulls, hvernig hún berst. En þó er rangt að kalla það frv., sem stj. bar fram, kák, því það var bygt á þeim niðurstöðum, sem vísindin hafa getað í tje látið. Aðalatriðið var að banna innflutning þeirra fóðurtegunda, er þær skepnur nota, er fá veikina, og hinsvegar afurðir þeirra. Jeg skal að vísu játa, að kál fellur ekki undir þetta, og þykir mjer því minna vert um þessa brtt. en þær breytingar, er gerðar voru á frv. við 2. umr. En það ættu læknar einna fyrst að viðurkenna, að er lög eru sett, er banna innflutning vörutegunda vegna smitunarhættu, þá er einungis á það að líta, hve gagnleg þau eru til

þess, en ekki á hitt, hvaða vörutegundir eru bannaðar.

Jón Þorláksson: Jeg vil taka það fram, að eins og 2. gr. frv. er orðuð, þá er hún ekki miðuð við það, að af innflutningi þeirra vörutegunda geti stafað gin- og klaufaveiki. Bönnin eru skilyrðislaus, og stj. er án heimildar til að undanskilja vörur upprunnar í og komnar í gegnum lönd, sem engin gin- og klaufaveiki hefir gert vart við sig í. Með þessu móti er frv. eiginlega komið út fyrir þann tilgang, sem fólst í stjfrv. eins og það var lagt fyrir þingið. Eftir því átti að banna innflutning á þeim vörum, sem að áliti stj. gat talist þörf á eða skynsamlegt að banna til þess að varna því, að gin- og klaufaveiki eða aðrir ámóta hættulegir alidýrasjúkdómar berist til landsins. En nú á að banna innflutning á vissum vörutegundum gersamlega, hvaðan svo sem þær koma, án tillits til þess, hvort um smithættu er að ræða frá því landi eða landshluta, er varan flytst úr. Sýnist mjer því innihald frv. ekki lengur svara til fyrirsagnar þess.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg býst við, að það þýði ekki mikið að ræða þetta mál úr þessu. En mig furðaði satt að segja á ræðu hv. þm. Snæf., svo að jeg get ekki orða bundist. Hann heldur því fram, að allar tilraunir til þess að verjast þessari veiki, og þá sennilega líka öðrum aðkomnum alidýrasjúkdómum, væru kák eitt, og telur jafnvel best og heppilegast að gera ekki neitt til varnar þeim. Jeg skal fúslega viðurkenna, að við erum ekki óhultir, þótt þetta frv. verði samþ. En jeg álít það ekki rjett, allra síst af lækni, að halda því fram, að ekkert eigi að gera. Það er efasamt, hvort það er heillavænlegt að slá slíku fram. Verið getur, að menn fyrir slíkar staðhæfingar missi trúna á ýmsum þeim ráðstöfunum, sem annars geta komið að haldi.

Því fleira sem tínt er út úr frv. af einstökum vörutegundum, því minna gagn gera lögin vitanlega. Jeg er á því, að frv. hafi verið spilt á þann veg við 2. umr., og því skal engan furða á því, að jeg leggist á móti, að því verði nú spilt enn meira, þótt í litlu sje.

Hv. 3. landsk. hefir sem öðrum legið opin sú leið að koma með brtt. við frv. og gera á þann hátt sitt til þess að koma því í það horf, er hann telur betur fara. Jeg tel að vísu enga nauðsyn bera til þeirrar breytingar, er hann æskir. En það eru allar líkur til þess, að hann hefði getað komið sínu máli fram, hefði hann gert tilraun til þess, því að atkvgr. við 2. umr. sýnir, að hans stefna hefir meiri byr hjer í þessari hv. deild. Hann á því sjálfur fullkomlega sinn þátt í því, ef frv. er nú að hans dómi að einhverju leyti óviðeigandi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 3. landsk. benti á það atriði, sem er rjett, að frv. er nú ólíkt að vissu leyti stjfrv., sem lagt var fyrir þessa hv. deild. Nú á að banna innflutning vissra vörutegunda án þess tekið sje fram, að þær sjeu frá löndum, þar sem gin- og klaufaveiki er landlæg. Það gæti litið svo út, sem eitt land, sem við höfum mikil skifti við, verði með þessu harðara úti en önnur,

sem sje Noregur, því að þar hefir veikinnar ekki orðið vart nú um hríð. En um þetta er það annarsvegar að segja, að sumir halda því fram, að ef veikin eitt sinn hefir borist til landsins, geti hún leynst í skepnunum um ófyrirsjáanlegan tíma, eins og til dæmis taugaveikin í sýkilberunum, og svo er hinsvegar annars að gæta. Þótt Noregur virðist í bili laus við gin- og klaufaveiki og okkur kunni ekki að stafa smithætta þaðan af þeirri veiki eins og nú er, þá liggja þar í landi tveir aðrir húsdýrasjúkdómar smitandi, sem hætt er við, að gætu borist hingað til lands, og einmitt í heyi, þeirri vörutegund, er skepnunum er beinlínis ætluð til fóðurs. Annar er næmur sjúkdómur, er legst á hesta og heitir kverk. Er hann allalgengur í Noregi sem öðrum löndum. Hitt er smitandi fósturlátssjúkdómur, mjög skæður, er við höfum ekki hingað til haft af að segja, en ekki er útilokað, að gæti borist hingað með heyi.

Því er nú svo varið um aðalvörutegundirnar, sem nefndar eru undir a-lið í 2. gr., að þær eru sjerstaklega hættulegar í þessu efni. Og því meiri ástæða er fyrir okkur að varast þær, sem okkar land mun vera eina landið í Evrópu — af þeim, sem við höfum skifti við a. m. k. —, sem ekki hefir fengið að kenna á þessum sjúkdómum.

Halldór Steinsson: Hæstv. atvmrh. og háttv. frsm. meiri hl. þótti báðum ummæli mín fara í bága við það, sem jeg sem læknir ætti að halda fram. Við það vil jeg ekki kannast. Jeg held því fram sem læknir, að ef við ætlum að verja okkur fyrir drepsótt, þá verði að gera ítarlegar ráðstafanir til þess, að sú drepsótt berist ekki inn í landið. En nú stendur svo á, að hjer er ekki um skæða drepsótt að ræða. Þessi umrædda veiki hefir gengið árum saman í nágrannalöndunum án þess að gera skaða hjer á landi, og það þótt engar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar gegn henni lengst af. Ef sýnt væri, að skæð pest geisaði ytra og hætta væri á, að hún bærist hingað á hverri stundu, þyrfti strangari ráðstafanir en þær, sem frv. setur. Eins og nú er, er það kák eitt út í loftið. Jeg sje ekki, hvað því er til fyrirstöðu að kippa út einni vörutegund, sem telst nauðsynlegri en aðrar, úr því komið er á annað borð út á þá braut. Ef á að útiloka t. d. einn hrepp frá drepsótt, þá verður að banna allar samgöngur við hann. Hjer eru svo margar undantekningar, að frv. getur ekki komið að tilætluðum notum.

ATKVGR.

Brtt. 379 samþ. með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 397).

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg hafði sannast að segja búist við, að hæstv. atvmrh. hefði látið nokkur orð fylgja þessu frv. hjer, eftir þá limlestingu, sem það hefir hlotið í Ed. Jeg held það sje

ekki of djúpt tekið í árinni að segja, að þetta frv. hafi orðið fyrir allharkalegri meðferð þar, þar sem kipt hefir verið út úr frv. einmitt þeim vörutegundum, sem almest hætta stafar af, að gin- og klaufaveiki geti borist með. Auk þess er svo háttað um þessar vörutegundir, að enginn nauður rekur til þess að flytja slíkar vörur inn í landið. Jeg verð að segja, að þær vörur eiga ekkert erindi inn í landið annað en það að flytja hingað gin- og klaufaveiki.

Þegar svona stendur á, er jeg undrandi yfir því, að hæstv. atvmrh., sem mjer er kunnugt um, að hefir haft talsverðan áhuga á þessum málum, skuli nú sitja hljóður hjá og ekki bera fram nokkur varnarorð til heppilegri afgreiðslu þessa máls.

Jeg ætla ekki nú að þessu sinni að fara langt út í þetta mál, en vildi aðeins gefa dálitla bendingu þeirri nefnd, sem fær mál þetta til meðferðar, að hjer verður einhverju um að þoka, ef það er nokkur alvara að verja þetta land fyrir þeim ógurlega vágesti, sem mundi geta lagt landbúnaðinn — og þar með þann grundvöll, sem öryggi þjóðarinnar byggist á — algerlega í rústir. Jeg vil vænta þess, að þessi hv. deild beri gæfu til þess að taka upp í frv. aftur þær vörutegundir, sem hafa verið feldar niður, og auk þess taka til mjög alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sje ástæða til að gera ennþá víðtækari ráðstafanir til þess að verjast þessum vágesti heldur en nokkurn tíma fólst í þessu frv. upphaflega. Við vitum það um þessa veiki, að hún geisar ákaft í löndunum kringum okkur, og það seinast nú 28. febr. kom upp mjög alvarlegt tilfelli í Danmörku. Og hitt er einnig kunnugt, að veikin hefir nú á síðustu tímum geisað mjög á Englandi. Þessi veiki hefir að vísu legið niðri í Noregi nú um nokkurt skeið, en þar með er engin sönnun fyrir, að hún sje ekki enn við lýði í Noregi; því að eðli veikinnar er það, að liggja niðri um alllangt skeið og blossa svo upp, oft og tíðum í mörgum stöðum í einu. Við erum því eiginlega umgirtir af þessum háska. Og að hugsa sjer þá ljettúð og það ábyrgðarleysi, sem felst í því að vera að fella niður úr þessu frv. ráðstafanir til þess að berjast gegn þessum voða. Nei, mjer finst fullkomin ástæða til að taka á þessu máli með fullkominni ábyrgðartilfinningu og alvöru, þeirri alvöru, sem stendur dálítið í samræmi við þá hættu, sem hjer er um að ræða af þeim voðalega vágesti, sem á okkur getur herjað þá og þegar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg er algerlega sammála hv. þm. Borgf. viðvíkjandi þeim atriðum, sem feld voru úr frv. í Ed. Hinsvegar er það, að þegar komið er fram á nótt, taldi jeg ekki sjerstaka ástæðu til þess að ræða þetta nú, enda höfum við margrætt þetta mál hjer í hv. deild, svo að mjer þótti óþarfi nú að tefja fyrir að vísa því til nefndar. Jeg býst líka við, að hv. þm. Borgf. viti um atkvgr. í Ed., að allir flokksmenn hans greiddu atkv. með því fyrst að vísa frv. frá og því næst að taka þessi atriði úr frv., og því miður voru ekki nema fáir úr mínum flokki, sem stóðu fyllilega með frv. Og það er sá sorglegi sannleikur í þessu máli, að þó að jeg telji víst, að Nd. sje líks

sinnis og í fyrra, þá er Ed. þannig skipuð, að jeg tel vonlítið, að við getum komið þeim atriðum í gegn, sem við bárum fram í fyrra og borin voru fram nú. En sjálfsagt er að taka það til nánari athugunar í nefnd.

En jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. Borgf. hafi athugað þetta frv. eins og það er nú; í því eru enn atriði, sem löggjöfinni er undir öllum kringumstæðum mikill ávinningur.

Það gefst vitanlega tækifæri að ræða þetta mál, þegar það kemur frá nefnd, og þar sem áliðið er kvöldsins, tel jeg ekki ástæðu að fjölyrða meira að sinni.

Pjetur Ottesen: Það er ekki nein ástæða til að tala um þetta sem sjerstakt flokksmál. Mjer er ekki kunnugt, að það hafi verið flokksmál á undanförnum þingum. Það er enginn flokkur hreinn af því að hafa reynt að spilla þessu máli í Ed.

Viðvíkjandi því, að þetta frv. innihaldi sjerstaklega nauðsynleg og mikilsverð ákvæði þrátt fyrir limlestinguna, þá kem jeg eiginlega ekki auga á það. Það skyldi þá bara vera sú heimild, sem hæstv. stj. er lögð í vald, að gera ráðstafanir, ef veikin bærist til landsins; þetta er aðalnýmælið í frv. eins og það var flutt nú, frá því sem var í fyrra, auk þess sem sett er í 5. gr. ákvæði um spendýr, sem kynnu að vera með skipum, sem hingað koma. Eitthvað lítilsháttar er einnig viðvíkjandi innflutningi á mönnum. Annað sje jeg ekki.

En hinsvegar er það, að þetta frv. hefir sætt þeirri óskapa meðferð í Ed., að það má alls ekki við svo búið sitja. Og jeg kann því illa, að hæstv. ráðh. skuli hálfpartinn vera að telja kjarkinn úr deildarmönnum til þess að gera sína skoðun gildandi í þessu máli. Hann vildi halda því fram, að það stæði nokkuð á sama, hvort tryggingarákvæði væru sett inn í frv. nú, því að Ed. mundi fella þau niður aftur. Nei, þó að Ed. hafi orðið þessi vandræði á, þá vil jeg ekki líta þeim augum á þá hv. deild, að hún geti ekki bætt ráð sitt. Og jeg vil, að afstaða Nd. í málinu sje nú eins og í fyrra, þannig að hún samþ. öflugar ráðstafanir þessu máli viðvíkjandi, og í fullu trausti þess, að hv. Ed. fari ekki að brjóta niður þann varnarmúr, sem þessi hv. deild kynni að vilja hlaða gegn þessum vágesti.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi ekki blandað neinni flokkapólitík inn í þetta mál. Jeg nefndi atkvgr. í Ed. til þess að sýna, hvað eindregin skoðun kom fram. Jeg hefi ekki vissa von um nema tvo hv. þm. í Ed., sem eru okkur hv. þm. Borgf. fullkomlega sammála.

Jeg vil þá benda hv. þm. Borgf. á eitt atriði í þessu frv., sem okkur báðum hefði þótt mikilsvert í fyrra. Við munum báðir telja það allþýðingarmikið, hvort leyft væri að flytja hey til landsins. Það er ekki fyr en nú, að Ed. samþ., að sú vara skuli algerlega bönnuð og ekki undir neinum kringumstæðum leyfð undanþága. Annars hefðu Norðmenn sennilega getað bráðum heimtað að fá að flytja hey hingað. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði.

Annars tek jeg alls ekki á móti

neinum ákúrum frá hv. þm. Borgf. í þessu máli. Jeg hefi tekið á mig þá ábyrgð að leggja á fastara bann en nokkurn tíma hefir verið lagt í þessu efni, þrátt fyrir þó að það kæmi í ljós, að önnur þd. væri algerlega á móti því. Og jeg verð að segja, að af öllum þeim stjórnarráðstöfunum, sem jeg hefi gert, þá mun frekast orka tvímælis um þessa, hvort jeg hafi mátt taka svo djúpt í árinni. En undir öllum kringumstæðum vildi jeg þó reyna það. Þess vegna álít jeg mjög rangt af hv. þm. Borgf. út frá þeim málstað, sem hann stendur fyrir, að beina ásökunum til mín í þessu máli.

Jörundur Brynjólfsson: Enda þótt jeg búist við, að máli þessu verði vísað í nefnd, sem jeg á sæti í, vil jeg láta þá skoðun mína í ljós þegar, að jeg tek undir ummæli hv. þm. Borgf., að jeg er alveg undrandi yfir því, hvernig hv. Ed. hefir skilist við þetta mál.

Þessi sýki hefir strádrepið fjenað manna í heilum hjeruðum, þar sem hún hefir geisað erlendis, og aðrar þjóðir hafa varið svo miljónum króna skiftir árl. til að verjast veikinni og til að bæta mönnum það efnatjón, sem þeir hafa liðið, og þó ekki ráðið neitt við neitt. Það er alveg einstakt, að nærri heil þingdeild skuli haga sjer svo gálauslega í sambandi við slíkt mál. Jeg get lofað því þegar, að jeg mun gera mitt ítrasta til þess að flytja till. í málinu í þessari hv. deild. Manni þýðir lítið að segja, að hv. Ed. beri ábyrgð á gerðum sínum. Sú ábyrgð, sem þeir hv. þm. kunna að vilja taka á meðferð þessa máls, hún mun reynast lítils verð, ef veikin berst hingað fyrir það, að fylstu varúðar er ekki gætt, og ef menn þurfa að drepa niður búfjenað sinn. En eigi að síður á skömmin að skella á þeim, sem skömmina á skilið, og það er hreint og beint gáleysi af hv. Nd., ef hún fyrir sitt leyti gengur ekki frá þessu máli svo sem hún hefir best tök á. Jeg tek undir það með hv. þm. Borgf., að það er hart, ef veiki þessi á að berast inn í landið með vörum, sem engin nauðsyn ber til að flytja inn í landið, ef það á að fara að leggja annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar í bráða hættu fyrir slíkt.

Jeg vænti þess vegna, að þessi hv. deild hafi betri skilning á þessu máli en hv. Ed., og vildi jeg mjög gjarnan, að það kæmist til þeirrar hv. deildar aftur í þeim búningi, að henni gæfist kostur á að bæta fyrir sína yfirsjón. Og eftir því, sem fram kom í fyrra, þá er jeg ekki mjög hræddur um, að þessi hv. deild geri ekki þessi lög sæmilega úr garði.

Sú ljettúð, sem sýnir sig í því, að menn telja eftir sjer að vera án þessara vörutegunda, sem feldar eru úr frv. stjórnarinnar, hún er algerlega óforsvaranleg. Það er óforsvaranlegt, þegar þeim mönnum, sem mikið vald er fengið í hendur, ferst svo lítilmannlega í svo miklu máli, aðeins fyrir löngun til þess að geta satt munaðarfýsnir sínar og sælkeralöngun, og hreint ekkert annað.

Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða og segja hv. þm. Borgf., að landbn. muni gera tilraun að bæta úr því, sem framið hefir verið. Jeg hefi ekki getað hlýtt á umræður um málið í Ed., en jeg vona, að hæstv. atvmrh. fylgi málinu með þeim krafti, sem hann getur, og leggi fast að þessari hv. deild að ganga vel frá frv.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar; síðar, þegar málið kemur til umr. í deildinni, verður tækifæri til að fara nánar út í málið og lýsa enn rækilegar en jeg hefi gert meðferð hv. Ed. á þessu frv. Og ef það skyldi reynast svo, að hún sýni eins mikið gáleysi í meðferð málsins hjer eftir eins og hingað til, þá óska jeg þess mjög, að sú háttv. deild hefði ekki vald til að setja lög. Jeg hefi áður greitt atkv. með till. um að minka vald hennar stórum, og jeg harma það nú, að sú till. komst ekki í gegn. Og manni getur dottið í hug, þegar hún hefir sýnt svo ófyrirgefanlegt gáleysi í slíku alvörumáli, hvort það væri ekki þarflegt að afnema hana með öllu.

Magnús Jónsson: Mjer þykir veðurstofan senda heldur út stormfregnir í þessu máli, þegar hv. þm. standa upp, allir sammála, og rífast þó. Jeg ætlaði mjer alls ekki að taka til máls, en jeg kæri mig ekki um, að mál þetta fari svo í nefnd, að háttv. nefnd þurfi að halda, að allir sjeu sammála því, sem þessir hv. þm. hafa látið í ljós. Jeg fyrir mitt leyti álít ekki, að það sje meiri ástæða til að svifta hv. Ed. valdi fyrir meðferð þessa máls heldur en þegar einhver stakk upp á að svifta hana valdi vegna meðferðar á rakarafrv. hjerna um árið. Nei, þetta eru alt of smávægileg mál til þess að viðhafa slík stóryrði.

Jeg álít, að þetta frv. í heild sinni sje yfirleitt bygt á svo litlum rannsóknum, að mjög vafasamt sje, hvort hægt sje að rjettlæta allan þann gauragang, sem er orðinn í kringum það. Hv. þm. er það kunnugt, hvernig það er fyrst til komið, — þannig, að nokkrir hv. þm. vildu fá verndartoll á nokkrar vörur, sem þeir vildu geta fengið meira verð fyrir hjá Reykvíkingum. Undir meðferð þess máls kemur alt í einu þessi nýi sannleikur í ljós, að nauðsynlegt sje að gera þetta vegna gin- og klaufaveiki, og úr því hætta allir að tala um verndartolla, en gin- og klaufaveikinni var veifað sí og æ. Enda sýnir það sig, hversu menn verða afarreiðir, þegar kipt var úr þeim vörum, sem þeir vildu fá vernd fyrir. Þegar búið er að kippa burt smjöri og eggjum, finst þeim alveg eins og alt sje farið í hundana. Nú hefi jeg fyrir satt, að vísindarannsóknir hafi leitt í ljós, að sýklarnir lifi ekki í smjöri, að smjörsýran drepi þá innan 2—3 daga, og sömuleiðis að sýkin berist ekki með osti. En jeg skil, hvað það er, sem kemur svo sárt við þessa hv. þm., því að þeir fá samkepni um þessar vörur. Og það er mál út af fyrir sig, hvort ætti að vernda innlenda framleiðslu á þessum vörum, en það á ekki að gera það undir þessu yfirskini um gin- og klaufaveiki.

Það er orðið svo framorðið nú, en annars hefði jeg viljað heyra, á hvaða vísindum þessar varnir allar eru reistar. Eins og hv. þingheimi er kunnugt, hefir vörnin undanfarið verið þetta fræga eldsvíti, sem kynt er við suðurenda tjarnarinnar, þar sem hálmi er brent, og hafa bæði kýr og kindur vaðið í honum áður, eftir því sem sagt er. Jeg er að vona, að eitthvað annað hafi hlíft okkur hjer en sú ráðstöfun. En jeg ætla einnig að vona, að þessi hv. deild sýni sömu röggsemi og hv. Ed. í að rannsaka málið, og haldi því einu, sem best er til varna gegn þessari veiki. Mjer finst sitthvað í

þessu frv. bera vott um það, að þetta sje hálfgert hjegómamál. Enginn vafi er á því, að það, sem helst getur borið gin- og klaufaveikina til landsins, fyrir utan lifandi skepnur, er einmitt fólkið. Og þetta ákvæði um það, að menn eigi að gefa skýrslu, ef þeir hafa ferðast um hjerað, þar sem er gin- og klaufaveiki, það er nokkuð svona hjáleitt. Ef jeg ferðast t. d. suður um Þýskaland, á jeg þá altaf og alstaðar að spyrja: Er hjer gin- og klaufaveiki? Og ekki er nóg með það. Eftir þessu mega því farþegar, sem koma til landsins, ekki hafa snert á vörum þessum, sem bannaðar eru, og því síður eta, t. d. smjör í útlöndum eða ost, nema þá að sótthreinsa sig utan og innan þegar þeir koma. Mjer finst því vægast sagt, að allar þessar ráðstafanir, sem hjer á að gera, sjeu hjegóminn einn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg verð að mótmæla því mjög eindregið, sem kom fram í ræðu háttv. 1. þm. Reykv., að frv. þetta sje bygt á litlum rannsóknum og að kastað hafi verið til þess höndunum. Það er þvert á móti bygt á eins miklum vísindalegum grundvelli eins og hægt er að byggja á í þessu efni hjer. Og hafi nokkurt frv., sem fyrir þinginu liggur, verið bygt á vísindalegum grundvelli, þá er það þetta. Að því hafa þeir menn unnið, sem best skyn bera á þessi mál hjer, sem sje dýralæknirinn og sá starfsmaður í Búnaðarfjelagi Íslands, sem þessi mál heyra undir þar. Og þeir höfðu sjer til hliðsjónar bestu erlendar fræðibækur um þetta efni. Það fer því fjarri, að frv. þetta hafi ekki verið bygt á vísindalegum grundvelli, eftir því, sem annars er hægt með lagafrumvörp. Þá vildi þessi háttv. þm. halda því fram, að sýklarnir gætu ekki borist með smjöri, en rannsóknir hafa þvert á móti virst leiða það í ljós, að sýklarnir gætu bæði borist með smjöri og osti.

Pjetur Ottesen: Af því að jeg hefi aðeins rjett til þess að gera stutta athugasemd, verð jeg að hlaupa framhjá flestu í ræðu háttv. 1. þm. Reykv. Enda má vel vera, að síðar gefist tækifæri til þess að athuga hana nánar. Hann fór þannig á stað, háttv. þm., að sýnilegt er, að hann á enn eftir mikið ólært í þessu máli. Hann talaði um það brosandi og með mikilli ljettúð, og jeg sá, að orð hans fjellu í góðan jarðveg hjá sumum háttv. efrideildarmönnum, sem hjer eru staddir, einmitt þeim sömu mönnum, sem mest hafa reynt til þess að tefla úr höndum okkar öllum varúðarráðstöfunum í þessu máli.

Annars var það út af orðum hæstv. forsrh., að jeg kvaddi mjer hljóðs, til þess að gera þessa stuttu athugasemd. Hann virtist taka orð mín svo, að jeg væri að saka hann um tómlæti í þessu máli. Það gerði jeg ekki beinlínis. Jeg fann aðeins að því, að hann hefði ekki reifað málið þegar við upphaf þessarar umræðu, og vil jeg vona í lengstu lög, að það sje ekki fyrirboði neins afsláttar hjá honum í málinu. En við ráðstafanir hans á milli þinga hafði jeg ekkert að athuga, því að þær voru einmitt bygðar á því, sem við báðir álitum á síðasta þingi, að nauðsynlega þyrfti að gera til varnar því, að gin- og klaufaveiki gæti borist hingað til landsins.

Magnús Jónsson: Jeg skal fúslega játa, að jeg muni ennþá eiga mikið ólært í þessu máli. En það er ekkert undarlegt, þar sem mjer líka skildist það á orðum hæstv. forsrh., að veröldin öll ætti mikið ólært í því enn, og það er satt. Menn vita ekkert, hvernig veiki þessi berst. Vita ekkert, hvernig á því stendur, að hún, alt í einu, gýs upp hjer og þar. Vita ekkert, hvernig á því stendur, að hún ásækir stundum aðeins sjerstaka landshluta. Menn vita sem sagt ekkert frekar um hana en um mænuveikina í fólkinu.

Það er alveg rjett, að miklar ráðstafanir hafa verið gerðar víða til þess að hindra útbreiðslu sýki þessarar, en reynslan hefir sýnt, að ekkert dugir nema helst að skera búpeninginn nógu duglega niður. Það hneykslaði hv. þm. Borgf., að jeg skyldi tala brosandi um þetta mál. Jeg var nú alls ekki að brosa að málinu sjálfu. Það tel jeg mikið alvörumál og stórhættulegt, ef sýki þessi berst hingað. Það, sem jeg því var að brosa að, var, hvernig málið er upp tekið, því hjer er verið að vefja úlfhjeðni að höfðum manna, til þess að geta selt þeim vissar vörutegundir dýrara en annars. Mjer finst því, að óneitanlega hefði verið rjettara að flytja mál þetta í sinni upphaflegu og rjettu mynd, sem er frumvarp um verndartolla. Því að sem varnarráðstöfun gegn því, að gin- og klaufaveiki berist hingað til lands er það einskis vert. Fyrir þeirri hættu getum við ekki haft aðra vernd en aðrar þjóðir.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki væri enn búið að skera úr því með neinni vissu, hvort veiki þessi gæti borist með smjöri eða ekki. Þetta er ekki rjett. Það hefir verið rannsakað, að sýklarnir geta ekki lifað lengur í smjöri en 2—3 daga, smjörsýran hefir hreint og beint reynst drepandi fyrir þá. Þetta hefir verið reynt, meðal annars með því að gefa kálfum smjör með gin- og klaufaveikisóttkveikju í. Það er því orðið viðurkent, að smjör geti ekki sýkt, nema meðan það er nýtt.

Annars er ekki til neins að vera að þrátta um þetta hjer. Jeg vildi aðeins láta þessa einu rödd heyrast, til þess að það kæmi fram, að ekki væru allir ánægðir með þessar ráðstafanir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sagði alls ekki það, sem háttv. 1. þm. Reykv. hafði eftir mjer, að menn vissu ekki með neinni vissu, hvernig veiki þessi bærist, heldur sagði jeg, að menn vissu það ekki með fullri vissu. Þá kom þessi hv. þm. með það, að það væri sannað, að sýklar veiki þessarar gætu ekki lifað í smjöri lengur en 2—3 daga. Þetta hefir áreiðanlega ekki heyrst áður. Menn þekkja nefnilega alls ekki þessa sýkla. Hann er því óefað mesti vísindamaður heimsins á þessum sviðum, úr því að hann einn þekkir sýkla þessa(!). Jeg leyfi mjer því að skora á hann að semja doktorsritgerð um þetta efni, því að það veit áreiðanlega enginn eins mikið og hann um þessa hluti(!).

Jörundur Brynjólfsson: Mjer var ekki ókunnugt áður um afstöðu háttv. 1. þm. Reykv. í þessu máli. Nú líkir hann því við rakarafrv., kallar það hjegómamál og smámál í byrjun ræðu sinnar, en kemst svo að þeirri niðurstöðu, að þetta sje alveg voðaleg veiki, og því stórhættulegt fyrir okkur, ef

hún bærist hingað. Eina ráð til þess að verjast henni hafi verið að drepa skepnurnar niður. Jeg skil alls ekki samræmið í þessum hugsanagangi. Hann veit þó þau deili á veiki þessari, að útlit er fyrir, að ekkert dugi til þess að verjast útbreiðslu hennar, annað en að drepa skepnurnar niður, og samt kallar hann þetta hjegómamál. Jeg hefi aldrei heyrt annað eins regingáleysi viðhaft hjer á Alþingi sem þetta. Manni verður því á að halda, að hann hugsi ekki neitt áður en hann talar, og að ganga út frá, að svo sje, held jeg að með því móti sje best farið með hv. þm.

Það er nú alls ekki svo, sem þessi hv. þm. heldur, að menn viti ekkert um veiki þessa. Þvert á móti rekja menn feril hennar og vita með vissu, að hún berst með ýmsum vörum. En að heyra svo röksemdafærslu hans í þessu máli; hún tekur út yfir öll önnur meistaraverk hans hjer á Alþingi, og eru þau þó mörg. Hann segir meðal annars, að sýklarnir geti ekki lifað nema stutta stund í smjöri. En jafnframt segir hann, að veikin sje svo voðaleg, að hún geti borist með fólki, aðeins ef það jeti smjör. Jeg vil nú spyrja, hvernig þetta fær skeð, ef sýklarnir lifa aðeins stutta stund í smjörinu. Annars var ekki þetta það versta; það var kæruleysið, ábyrgðarleysið og ljettúðin gagnvart þessu alvörumáli, sem jeg kunni verst við. Því eins og hann lýsti veiki þessari í sumum köflum ræðu sinnar, skyldi maður hafa ætlað, að hann hefði verið fús á að gera allar mögulegar varúðarráðstafanir, en þvert á móti kemur hann með dylgjur og brigsl um það, að hjer sje ekkert annað en grímuklætt verndartollafrumvarp á ferðinni. Slíkar aðdróttanir sem þessar eru alls ekki sæmilegar, þar sem hjer er um ekkert annað að ræða en bráðnauðsynlegar varúðarráðstafanir. Jeg mótmæli því harðlega þeirri staðleysu hjá þessum háttv. þm., að hjer sje um nokkra verndartolla að ræða. Þar með er jeg þó ekki að segja það, að ekki gæti verið rjett að taka upp verndartolla í sumum tilfellum, en það er alt annað mál en hjer er til umr. og kemur því ekkert við.

Að síðustu vildi þessi hv. þm. rjettlæta sínar fáránlegu skoðanir með því, að menn vissu bókstaflega ekkert, hvernig veiki þessi bærist. En eins og jeg hefi tekið fram áður, er þetta ekki rjett; menn vita, að hún berst með vörum, og það einmitt þeim vörum, sem bannaður var innflutningur á samkv. frv. stj.

Lárus Helgason: Umr. um þetta mál eru þegar orðnar nokkuð langar; þess vegna skal jeg ekki orðlengja mikið.

Jeg held, að það sje algerður óþarfi fyrir hv. 1. þm. Reykv. að vera að tala um kjarkleysi landbn., og jafnframt sje það óþarfa ómak fyrir hann að vera að reyna að telja í hana kjark. Hún mun hafa fulla einurð til þess að bera fram þau mál, sem henni sýnast rjettmæt. Háttv. þm. ætti því ekki að vera að gera sjer óþarfa erfiði og tefja tímann hennar vegna í þessum tilgangi. Annars er nú búið að benda honum á, að hjer er hvorki um hjegómamál eða broslegt mál að ræða. Heldur er hjer um að ræða mikið alvörumál, já, svo mikið alvörumál, að jeg held, að alt þingið ætti að vera samhuga um að banna innflutning á

öllum þeim vörum, sem hætta getur stafað af í þessu efni, og það því frekar, þar sem við getum framleitt mikið af þeim sjálfir.

Magnús Jónsson: Hv. þm. V.-Sk. vil jeg aðeins svara því, að þó að jeg orðaði þetta þannig, að það þyrfti að tala kjark í landbn., þá var það ekki af því, að jeg teldi, að nefndin þyrði ekki að láta í ljós skoðanir sínar. Jeg sagði þetta til þess að nefndin vissi, að hún ætti von nokkurs styrks í deildinni, þótt hún gerði svo gott verk að leggja á móti þessu máli. Það var því ekkert ósæmilegt, þó að jeg orðaði þetta þannig. Hitt er aftur ósæmilegt, að brigsla mönnum, sem eru á annari skoðun en maður sjálfur, um ljettúð og ábyrgðarleysi, eins og hv. 1. þm. Árn. gerði. Annars fanst mjer, að rökin hjá honum og hæstv. atvmrh. vera harla ljettvæg. Hæstv. atvmrh. þóttist nú heldur en ekki hafa náð tangarhaldi á mjer út af því, að jeg sagði, að sýklar veiki þessarar gætu lifað dálítið í smjöri, því að sannleikurinn væri sá, að sýkillinn væri alls ekki fundinn. En hjer skautst, þótt skýr væri. Einmitt vegna þess, að sýkillinn er ekki fundinn, er tilraunum hagað eins og jeg gat um. Og þá sýnir reynslan, að kálfarnir sýkjast af smjörinu alveg nýju, en síðan ekki. Ef sýkillinn væri fundinn, þyrfti ekki að fara þessa krókaleið í rannsóknunum. Hjer er alveg því sama til að dreifa eins og í vitamin-rannsóknunum. Enginn hefir enn fundið þessi bætiefni, en verkanir þeirra sjást.

Hv. 1. þm. Árn. þóttist hafa fundið fjarskalegt ósamræmi í ræðu minni. Jeg segði í öðru orðinu, að smjör gæti ekki sýkt, en í hinu orðinu segði jeg, að farþegar gætu verið sýktir af smjöráti í útlöndum.

Jeg vona, að hv. þm. hafi heyrt, að jeg sagði, að smjör sýkti meðan það væri nýtt, en ekki þegar það væri orðið jafngamalt og það hlýtur að vera orðið, þegar það er komið hingað til lands. En galdurinn leysist alveg, þegar þess er gætt, að menn eta stundum nýtt smjör í útlöndum. Þar geta menn fengið sýkilinn í sig, og hann svo lifað í þeim áfram, þó að hann drepist í smjörinu.

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að þeir mundu hafa önnur ráð til þess að bera fram frv. um verndartolla; það má vel vera, en það er ekki altaf jafnauðvelt. Að minsta kosti var reynt að fara þá leið um sumt af þessum vörum, en það tókst ekki. Menn vildu ekki verndartollana, og þá var komið með þetta. (**LH:** Hjer er ekki verið að tala um verndartolla). Nei, en það er verið að tala um það, sem verra er, nefnilega að útiloka vöruna alveg. En jeg vil, að þetta komi hreint fram, en ekki grímuklætt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg verð enn að mótmæla því, að hjer sje um nokkurt hjegómamál að ræða, eða að málið sje illa undirbúið af stj. Það hafa verið sótt ráð til þeirra manna, sem best máttu vita í þessu efni, og allar þær upplýsingar, sem fengust, notaðar við samning frv. Hjer er eingöngu um óumflýjanlegar varnarráðstafanir gegn því að þessi vágestur berist til landsins að ræða, en alls ekki neina verndartolla.

Jeg vísa algerlega á bug þeim ummælum, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín og stj. um slæman undirbúning þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 514, 528).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem stendur í nál. landbn. á þskj. 514. Eins og þar er tekið fram, álítur nefndin, að ekkert megi láta ógert, sem í þingsins valdi stendur, til þess að varna því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins. Það er kunnugt, að nágrannaþjóðir okkar verja árlega miklu fje til þess að verjast þessari veiki, bæði til varnar því, að hún berist til landsins, eins og Norðmenn gerðu, og eins þar, sem hún er komin, að varna útbreiðslu hennar innanlands. Á þessu sjest, að þessar þjóðir telja veikina svo mikinn vágest, að ekkert megi láta ógert til að verjast henni.

En nú er það vitanlegt, að svo mikil vandræði sem af þessari veiki stafa í nágrannalöndum okkar og víðar, þar sem við til þekkjum, þá er það þó ekkert samanborið við þann skaða, sem veiki þessi mundi valdið geta hjer á landi. Þetta er vegna atvinnuhátta þjóðarinnar og þeirra skilyrða, sem eru hjer á landi. Ef gin- og klaufaveikin bærist á annað borð hingað til Íslands, þá er, eins og hjer hagar til, ekkert annað sýnilegra en að hún myndi vaða um alt landið og valda hinu mesta tjóni, sem hugsast getur. Eins og allir vita, gengur fje úr mörgum hjeruðum saman á afrjettum á sumrin; eru því sem sagt engin takmörk fyrir því, hve mikinn usla þessi veiki gæti gert hjer á landi, ef hún slyppi í land á annað borð. Það er því auðsætt, að hreinn og beinn þjóðarvoði er á ferð, ef ekki er gætt fylstu varúðar í vörnum.

Nú hefir samt sem áður farið svo, að hv. Ed. hefir allmikið dregið úr þeim varúðarráðstöfunum, sem fólust í frv. hæstv. stjórnar eins og það var lagt fyrir Alþingi; og jeg get sagt það fyrir hönd landbn. þessarar hv. deildar, að hún telur þetta mjög óvarlegt. Hefir nefndin því leyft sjer að flytja brtt. við frv. um það, að bætt sje við nokkrum vörutegundum, er bannaður sje innflutningur á. Eru það allskonar mjólkurafurðir, egg, kartöflur, kál og annað grænmeti.

Nefndin hefir átt ítarlegt tal við dýralækni um þetta mál, og hann telur, að sýkingarhætta geti stafað af öllum þessum vörutegundum. Jeg býst við, að hjer á landi hafi ekki aðrir betri þekkingu á þessu máli heldur en einmitt dýralæknir, og hefir nefndin þá í þessu efni notfært sjer þá bestu sjerþekkingu, sem völ er á. Jeg held jeg megi fullyrða fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að hann telji langöruggast að banna innflutning á þessum vörum skilyrðislaust, en samt sem áður hefir hann ekki sjeð sjer fært að leggja það til. Meiri hlutinn leggur því til, að þessar vörur verði taldar í d-lið 2. greinar og falli því undir þær vörutegundir, sem hægt er að veita undanþágu um í einstökum tilfellum. Það leiðir af sjálfu sjer, að

nefndin býst við því, að stjórnin mundi þá í hverju einstöku tilfelli fara mjög varlega í sakirnar með slíkar undanþágur, — ekki veita þær nema hún telji þær nokkurnveginn hættulausar.

Jeg skal geta þess, að einum af nefndarmönnum, hv. 1. þm. Árn., finst þó ekki nógu langt gengið með þessari till. meiri hl., heldur hefir hann flutt brtt. ásamt fjórum öðrum hv. þm. um skilyrðislaust bann á þessum vörutegundum, að undanteknum kartöflum. Jeg ætla ekki að svo stöddu að minnast neitt frekar á þessa brtt. Hv. 1. þm. Árn. gerir sjálfsagt grein fyrir henni.

En áður en jeg lýk máli mínu vil jeg árjetta það, sem jeg sagði í upphafi, að þetta mál er áreiðanlega hið mesta alvörumál. Jeg veit það vel og nefndinni var það ljóst, að þær ráðstafanir, sem felast í frv. og till. nefndarinnar, gera ýmsum óþægindi. En þegar þess er gætt, hvað mikið er í húfi, hver voði er á ferðum fyrir íslensku þjóðina, ef illa tekst til í þessu efni, þá vona jeg nú samt, að flestir — og helst allir — sætti sig við að taka á sig þessi óþægindi. Við 1. umr. þessa máls heyrðist rödd hjer í deildinni í þá átt, að það væri ekki um svo mikla hættu að ræða af þessari veiki, og að þetta, sem hjer væri á ferð, væri verndartollapólitík, en ekki ráðstafanir gegn veikinni. Þessu vil jeg algerlega mótmæla. Mjer finst liggja nokkurnveginn í augum uppi, að af þeim ástæðum hefði engum dottið í hug að setja eins víðtækt aðflutningsbann á vörur eins og felst í frv. og till. meiri hl. Og jeg skil ekki í því, að þeir þingmenn verði margir, sem vilja taka á sig þá ábyrgð að draga til muna úr þeim ráðstöfunum, sem farið er fram á með frv. og till. meiri hl.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hafði við 1. umr. þessa máls vikið nokkuð ítarlega að því, hvað jeg fann að afgreiðslu hv. Ed. á því; og þar sem hv. frsm. meiri hl. landbn. hefir nú bent nokkuð greinilega á nauðsyn þess, að það sje sem best frá því gengið af þingsins hálfu, þá geri jeg ekki ráð fyrir að þurfa að fjölyrða mikið um það nú.

Jeg hygg, að þeim mönnum, sem þekkja til, hver vágestur þessi veiki er, þar sem hún hefir komið upp, þeim sje ljóst, að okkur beri að sýna hina fylstu varfærni í þessu efni og gera þær ráðstafanir, sem við höfum tök á, til varna því, að veikin berist til landsins. Það, sem gerðist á síðastl. ári í Noregi, ætti að vera okkur ærin bending um það, hver hætta er hjer á ferð, ef veikin berst í landið. Það er í skemstu máli sagt tæpast hægt að vera öruggur um útrýmingu veikinnar á annan veg en þann að drepa niður fjenaðinn í því hjeraði, sem veikin kemur upp, og öllu því svæði, þar sem nokkrar minstu líkur eru til, að samganga hafi átt sjer stað, ekki einungis milli fjenaðar, heldur fólks einnig. Því að svo er ástatt um þessa veiki, að hún berst ekki síður með mönnum, sem hafa umgengist sýktan fjenað eða verið á þeim heimilum, þar sem veikin var. Þrátt fyrir það þótt Norðmenn tækju á þessu hinum hörðustu tökum og gerðu alt, sem þeim hugkvæmdist, til þess að útrýma veikinni, þá breiddist hún talsvert út; og það var lengi vel,

sem þeir voru ekki vissir um, hvort þeir höfðu sigrað veikina eða ekki. Nú er talið, að veikin muni ekki vera í Noregi, en enginn veit þetta þó með vissu. Því að það er talið fullvíst, að veikin geti legið niðri um skeið og gosið svo upp, þegar minst varir.

Það er vitaskuld, að þegar taka þarf til svo víðtækra ráðstafana, að þær grípa inn í almennar venjur manna um viðskifti, þá sje ekki unt að gera það án þess að það valdi ýmsum óþægindum. En jeg held við getum gert þær ráðstafanir, sem hjer er farið fram á, okkur að meinfangalausu. Og vissulega valda þær landsmönnum engu fjártjóni. En mikil óþægindi og ógurlegt fjártjón mundu þær ráðstafanir hafa í för með sjer, sem grípa þyrfti til, ef stemma ætti stigu fyrir útbreiðslu veikinnar innanlands, ef hún næði að berast hingað til landsins.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að öruggasta ráðið til varnar því, að veikin berist til landsins, sje að banna innflutning á þeim hættulegustu vörutegundum, sem menn þekkja. Þetta er vitaskuld alveg rjett; en það er einmitt í þessu efni, sem mig greinir á við meðnefndarmenn mína. Jeg vil, að þær vörutegundir, sem taldar eru hættulegastar og við getum vel bjargast af án, sje stranglega bannað að flytja inn frá þeim löndum. þar sem má búast við, að veikin sje.

Þar sem um svona mikilvægt mál er að ræða, sýnist það ekki vera neitt vafamál, hvora leiðina menn eigi að velja í þessu efni, — þeir, sem annars láta sjer ant um allra þegna hag innan þessa þjóðfjelags. Jeg þori að fullyrða, og get leitt rök að því síðar, ef mjer sýnist þörf, að þau smáóþægindi, sem af þessum ráðstöfunum kunna að stafa, eru hjegóminn einber hjá því voðafjártjóni og þeim býsna-óþægindum, sem þessi veiki mun baka þjóðinni, ef hún nær að breiðast út um sveitir landsins. Við höfum verið það lánssamir, að veikin hefir ekki hingað til borist til landsins, og það er skylda okkar að nota hvert tækifæri til að standa á móti henni, eftir því sem við höfum frekast aðstöðu til.

Því hefir verið haldið fram, að í seinni tíð hafi lítið borið á veikinni í þeim löndum, sem við höfum aðallega viðskifti við. Það er að nokkru leyti rjett, að hún hefir ekki verið eins róttæk eins og hún var um skeið. En talsvert gerir hún þó vart við sig enn. Í skýrslu, sem jeg las nýlega frá Danmörku, man jeg ekki betur en fyrir hafi komið frá 22.—28. febr. síðastl. 34 sjúkdómstilfelli, og er það alls ekki lítið. Auk þess er það, sem jeg drap á áðan, að það getur enginn um sagt, hvenær veikin gýs upp, og það í mjög stórum stíl. Reynsla um marga tugi ára hefir bent á það, að veikin sje þessum öldugangi háð, liggi niðri um tíma, en gjósi svo upp á ný, og stundum hálfu verri en fyr. Jeg ætla það hafi verið í hitteðfyrra, heldur en í fyrra, sem þessi veiki varð afskaplega skæð í Danmörku, og í Englandi hefir hún undanfarið gert hinn mesta usla.

Jeg hefi því leyft mjer ásamt nokkrum hv. þm. að bera fram brtt. við þetta frv., að innflutningur verði bannaður með öllu á mjólkurafurðum, eggjum, káli og öðru grænmeti, og einnig kartöflum. Það, sem talið er undir þennan lið í frv., er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu með, ef

það álítst hættulaust. En að því er snertir a-lið frv., þar sem við leggjum til, að bætt sje við mjólkurafurðum, eggjum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, þá viljum við, að á vörum, sem taldar eru undir hann, sje algerlega bannaður innflutningur frá þeim löndum, sem líkur eru fyrir að sýkin geti borist frá. Þetta eru alt vörur, sem eru bráðhættulegar í þessum efnum, en vörur, sem við getum vel án verið, að fluttar sjeu til landsins, því að ekkert er auðveldara en gera ráðstafanir til þess að framleiða meira innanlands af þeim tegundum af vörum þessum, sem verst er án að vera, en það mun í þessu tilfelli vera egg.

Þá vil jeg geta þess til viðbótar við það, sem jeg hefi sagt, að ef þessi hv. deild hefir líka afgreiðslu á þessu máli og hv. efri deild, þá fæ jeg ekki sjeð, hvernig stj. ætti að geta gripið inn í og bannað innflutning á vörum frá þeim löndum, sem veikin kynni að gjósa upp í. Jeg held því, ef þessi deild sýnir sömu ljettúðina í afgreiðslu málsins og hv. Ed., þá sje ómögulegt fyrir stjórnina að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir gegn vágesti þessum, sem þó verður að teljast lífsspursmál fyrir þjóðina, þar sem hættan er svo mikil, sem vofir yfir öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, og það þeim atvinnuveginum, sem lengst af hefir verið tryggasta reipið henni til bjargræðis.

Hjeðinn Valdimarsson: Það eru víst allir Íslendingar sammála um það, að mikið beri að gera til þess að verjast því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins, og sýnir það sig best af afgreiðslu þessa máls frá Ed. En þegar svo málið kemur hingað, fær það þær viðtökur, sem maður skyldi síst ætla. Tveir hv. þm. fyltust tryllingi út af afgreiðslu Ed. á því, þeim tryllingi, að maður skyldi síst ætla, að málið væri þeim það alvörumál, sem búast hefði mátt við. Þessi framkoma þessara hv. þm. er þeim mun undarlegri, þegar þess er gætt, að einmitt nú er gin- og klaufaveikin alstaðar í rjenun. Það var því síst ástæða til þess að láta málið fara að valda tryllingi í þinginu nú.

Jeg skal þá fyrst taka til athugunar till. á þskj. 528, frá fimm háttv. þm. Flm. þessara brtt. vilja banna með öllu innflutning á mjólkurafurðum, eggjum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, en setja kartöflur, rófur og fóðurkökur undir þann lið, sem veita má undanþágu frá á banninu.

Þær upplýsingar, sem jeg veit bestar um sóttnæmi gin- og klaufaveikinnar, eru frá yfirdýralækni Dana og gefnar árið 1925. Eftir þeim lítur út fyrir, að þær vörutegundir, sem hjer á að banna innflutning á, sjeu alveg hættulausar. Maður þessi, sem kunnastur er á Norðurlöndum sem sjerfræðingur á þessum sviðum, heldur því fram, að niðursoðin mjólk geti ekki borið gin- og klaufaveikibakteríuna, því að þegar búið sje að hita hana og pasteurisera, þá sjeu allir þessir sýklar dauðir, og sje hún því með öllu hættulaus sem sýklaberi í þessu efni. Um eggin segir hann, að bakteríurnar geti aðeins lifað á skurninu stuttan tíma, og sjeu því dauðar eftir fáa daga. Getur því engin smitunarhætta stafað af þeim, þegar þau eru komin hingað. Sama er að segja um ostana; þeir eru líka hættulausir, þegar þeir eru komnir hingað, því að hann

telur bakteríuna ekki geta lifað í þeim eftir að gerð er komin í þá. Einmitt þessar vörur, niðursoðin mjólk, egg og ostar, eru þær vörur, sem flm. brtt. á þskj. 528 vilja banna með öllu innflutning á. (**PO:** Er það Jensen dýralæknir, sem hv. þm. á við?). Já, kennari Hannesar Jónssonar, sem er ráðunautur stj. í þessum málum hjer.

Þá er að minnast á kartöflurnar. Með þeim telur Jensen, að bakterían geti varla flutst. Allar þessar vörur nota bæjarmenn hjer, og kaupstaðabúar yfirleitt, í stórum stíl, og eigi að fara að takmarka eða banna innflutning á þeim, fer verðið upp úr öllu valdi.

Það er kunnugt, að verndartollastefnan hefir lengi átt erfitt uppdráttar hjer á landi. Íslendingar hafa skilið, að verndartollar hefðu orðið til þess að gera vörurnar dýrari og að það, sem einn hefði grætt á þeim, hefði annar tapað. En nú á síðari árum, þegar þeir eru orðnir óvinsælir erlendis, hefir verið tekin upp önnur leið að sama marki t. d. í Bretlandi. Hún er sú, að nota heilbrigðisráðstafanir að yfirskyni til þess að banna aðflutning á samkepnisvörum til verndunar innlendri framleiðslu, sem annars gæti ekki staðist þessa samkepni. — Þetta virðist nú sumum mönnum hjer á landi vera mjög slungið ráð og halda, að Íslendingar muni ekki vara sig á því eins og á hreinum verndartollum. Mjer er kunnugt um, að ýmsir nánustu stuðningsmenn núverandi stj. hafa haldið því fram, að rjettast væri að takmarka mjög innflutning á erlendum landbúnaðarafurðum, til þess að útiloka samkepni hjer. Það segir sig sjálft, að slíkt fyrirkomulag væri til mikilla hagsbóta fyrir þá, sem framleiða vörurnar og selja þær öðrum landsmönnum, en jafnframt til jafnmikils óhags fyrir hina, sem þurfa að kaupa þær sjer og sínum til lífsframfæris.

Af því, sem hjer hefir verið sagt um smitunarhættuna, liggur nærri að halda, að brtt. þær, sem hjer liggja fyrir, sjeu annað tveggja bornar fram af fáfræði, eða sem vernd fyrir hina innlendu framleiðslu á þessum vörutegundum. Í nágrannalöndunum, t. d. Noregi, hefir aldrei verið bannaður innflutningur á þessum vörum. (**PO:** Enda hefir gin- og klaufaveiki komið þangað). Já, en horfið jafnskjótt aftur. Jeg held því, að enda þótt þessi viðbótartill. hinna 5 hv. þm. verði samþykt, þá sjeum við engu vissari um það, að gin- og klaufaveiki geti ekki borist til landsins.

Árið 1917 reyndust í Bandaríkjunum af hverjum 100 sjúkdómstilfellum af sýki þessari 25 tilfelli af óþektum ástæðum. Í 16 tilfellum hafði hún flutst með mönnum, en í öllum öðrum tilfellum með dýrum, eða flutst með járnbrautarvögnum. Að sýkin geti borist hingað með dýrum, er með öllu útilokað eftir frv. eins og það kemur frá Ed. Ætti því smitunarhætta hingað annaðhvort að vera af óþektum ástæðum eða með mönnum. Það hefði því frekar verið ástæða til að banna innflutning á mönnum heldur en þessum vörutegundum, sem ástæðulaust er að búast við, að smiti.

Jeg vil svo að endingu skora á hv. deildarmenn að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir greiða atkv. með því, ekki einungis að sprengja verðið á nauðsynjavörum við sjávarsíðuna upp úr

öllu valdi, heldur einnig að svifta bæjarbúa nauðsynlegum fæðutegundum, því að það er víst, að ekki verður t. d. hægt að útvega nægilega mikið af kartöflum og eggjum innanlands, ef innflutningur á þeim vörutegundum verður bannaður. Og Mjallarmjólkin, sem hjer mun nú mest vera hugsað um, getur jafnvel ekki bætt upp mjólkurskortinn, ef bannaður verður innflutningur á niðursoðinni mjólk. Annars hefi jeg líka heyrt sagt, að skamtur þeirra sjúklinga, sem aðeins mega lifa á eggjum, hafi þegar verið settur niður um helming, sökum skorts á eggjum. Þeir, sem greiða brtt. atkvæði, taka því á sig mikla ábyrgð, sem getur orðið þeim þungbær áður en lýkur.

Pjetur Ottesen: Áður en jeg vík að efni því, sem hjer liggur fyrir, vil jeg spyrjast fyrir um það, hvort ráðherra sá, sem mál þetta heyrir undir, muni vera staddur í þinginu. Jeg hefi ekki sjeð hann bera fyrir. **(Forseti ÞorlJ:** Hlutaðeigandi ráðherra er ekki staddur í þinginu nú sem stendur). Úr því að ráðh. er ekki viðstaddur, þá vil jeg leyfa mjer að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál, þangað til viðkomandi ráðh. hefir tækifæri til þess að vera viðstaddur, því að jeg tel nauðsynlegt, að hann heyri mál manna hjer og sömuleiðis að menn eigi kost á að heyra álit hans.

Forseti (ÞorlJ): Mjer var ekki kunnugt um, þegar jeg ljet taka mál þetta fyrir, að hlutaðeigandi ráðherra væri fjarstaddur. Mun jeg því fresta umr., ef nefndin óskar þess líka.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg vil fyrir hönd landbn. taka undir með hv. þm. Borgf., að forseti fresti umr. um málið, því að jeg kynni betur við, að hlutaðeigandi ráðh. væri viðstaddur undir umr.

Forseti (ÞorlJ): Með því að jeg sje, að hæstv. atvmrh. kemur nú inn í deildina, er ekki lengur ástæða til að fresta umr.

Pjetur Ottesen: Sem einn flm. að brtt. þeim, sem hv. 1. þm. Árn. hefir gert grein fyrir, þarf jeg ekki að tala sjerstaklega, en það er ýmislegt fleira í þessu máli, sem vert er að athuga. Vænti jeg því, að hæstv. forseti taki ekki hart á mjer, þó að jeg tali nokkuð alment um málið nú við 2. umr.

Það er nú svo, að gin- og klaufaveiki hefir geisað í öllum löndum Evrópu, nema Færeyjum og Íslandi. Það er svo með veiki þessa, að hún herjar á löndin með meira og minna millibili, og hvað sem reynt hefir verið, hefir hvergi tekist að kveða þennan vágest niður, þar sem hann hefir komið, og má því telja víst, að veikin sje orðin landlæg á þeim stöðum, sem hún hefir geisað á. Og þó að ekki hafi borið á veiki þessari í Noregi, síðan hún geisaði þar seint á árinu 1926 og fyrri hluta ársins 1927, þá má telja víst, að hún sje þar enn við lýði. En eins og kunnugt er, var hún stöðvuð þar með því að brenna og bræla alt dautt og lifandi þar sem hún kom.

Því hefir verið haldið fram á undanförnum þingum, að veiki þessi ætti svo kölluð „norðurtakmörk", gæti ekki borist norður fyrir vist breiddarstig, en nú hefir verið sannað, eins og sjá

má á grein um sýki þessa eftir Hannes Jónsson dýralækni, að sú skoðun er röng. Veikin hefir borist til hjeraða t. d. í Norður-Ameríku, sem hafa mun harðari vetur en jafnaðarlega er á Íslandi. Auk þess hefir veikin, eins og kunnugt er, borist til Noregs, en það var áður talið ólíklegt. Auk þess er sannað, að sýklarnir þola vel kulda, og geta jafnvel lifað í frosnu ástandi um langa hríð. Þeirri ástæðu, að lega landsins sje vernd fyrir okkur í þessu efni, er því með öllu hrundið.

Þá finst mjer rjett í þessu sambandi að draga upp mynd af ástandinu eins og það hefir víða verið og sýna, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í löndunum til þess að sporna við útbreiðslu þessarar hættulegu veiki.

Í riti því, sem jeg drap á áður, er rakin saga þessarar veiki og sagt frá ummælum og reynslu merkra manna og vísindalegum staðreyndum, sem ekki er hægt að hrekja, og meðal annars er drepið á ráðstafanir, sem gripið hefir verið til í Englandi, Svíþjóð og Norður-Ameríku. Í Englandi var það þannig, að sýkin braust þar út 1920; var þá sífelt haldið áfram í 3 ár að skera fjenaðinn niður, til þess að hefta útbreiðslu hennar. Og er talið, að það hafi kostað ríkissjóð 140—150 milj. kr. Þó varð árangurinn ekki meiri en það, að aðeins tókst að stöðva veikina í bili. Í Svíþjóð er talið, að skorinn hafi verið niður fjenaður fyrir 20 milj. kr. og í Norður-Ameríku fyrir 40 milj. kr. Og þannig mætti lengi halda áfram að telja, segir dýralæknirinn.

Þetta ætti að vera nægilegt til þess að sýna, hvað í húfi er fyrir þau lönd, sem sýkin berst til. Jeg tek þetta fram af því, að hv. 2. þm. Reykv. vildi setja þá hættu, sem yfir okkur vofir í þessum efnum, skör lægra en óþægindi þau, sem einstaka menn kunna að verða fyrir af því að fá ekki egg, smjör, osta og grænmeti vegna þeirra ráðstafana, sem nauðsynlega þarf að gera til þess að forðast þennan voðavágest. Í einu hjeraði í Hollandi var mestur hluti búpeningsins skorinn niður til þess að losna við sýkina. En þegar svo kaupa varð nýjan bústofn í skarðið, barst veikin inn aftur, og komu því hinar fyrri varnir að engu liði.

Hjer kemur þá næst lýsing á því, hvernig gengið hefir til með veikina í Danmörku, eftir frásögn C. O. Jensens prófessors, sama mannsins, sem hv. 2. þm. Reykv. var að vitna til. Og þó að þessi hv. þm. hafi viljað nota þá lýsing málstað sínum til stuðnings, þá vill nú samt svo til, að sú lýsing skýrir betur en nokkuð annað frá ástandinu í Danmörku og hve erfitt sje að beita þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru og að haldi koma. Eftir að prófessorinn hefir talað um óbeina kostnaðinn, sem af gin- og klaufaveikinni leiðir, bætir hann við:

„Þegar svo hjer við bætist, að gin- og klaufaveikin getur verið svo illkynjuð, að hún drepur helminginn, jafnvel fjóra fimtu hluta af fullorðnu dýrunum, sem sýkjast, og að áhafnir heils landshluta strádrepast á fáeinum vikum, þá er það skiljanlegt, þótt hin ýmsu lönd, þar sem sjúkdómurinn ekki er landlægur, reyni á allan mögulegan hátt að tryggja sig gegn innflutningi hans“.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. 2.

þm. Reykv. á þessi ummæli, því að þau eru sjerstaklega eftirtektarverð fyrir okkur.

Næst talar dýralæknirinn um, hvaða dýr sjeu móttækilegust fyrir veikina. Eru það öll venjuleg húsdýr, en næmust eru þó klaufdýrin fyrir veikinni, og á þau legst veikin þyngst. Talið er, að nautgripir sjeu móttækilegastir, þá svín og þar næst sauðfje og geitur. Veikin getur líka brotist út í mismunandi mynd, og fer það eftir tegund og eðli sýkiefnisins, segir dýralæknirinn, og bætir svo við: „Miklu sjaldgæfara er, að hundar, kettir, hestar og hænsni fái veikina, en þó geta öll þessi dýr fengið hana". Og jeg vil þá sjerstaklega minna hv. þm. á það, sem um hænsnin er sagt, og bið þá að athuga það í sambandi við innflutning eggja. Því það liggur í hlutarins eðli, að egg eða aðrar afurðir sýktra dýra eru eins þrungin af sjúkdómnum og dýrin sjálf. (**HjV:** Hvað segir prófessor Jensen um það?). Jeg kem að því síðar, hvað hann segir um það.

Þá kemur næst lýsing á gin- og klaufaveikinni, og segir dýralæknirinn, að hún sje ákaflega næmur sjúkdómur og líkist í því efni innflúensu eða spönsku veikinni.

Þá hefir því verið haldið fram, að vísindin stæðu mjög höllum fæti um að gefa upplýsingar um veikina. Það hefir verið svo um skeið, en Hannes dýralæknir segir mjer, að nú sje það breytt orðið, og þó að sýkillinn sje svo smár, að hann sjáist ekki, þá hafi mönnum tekist að rekja feril hans og viti meðal annars nú, með hvaða vörum hann helst berst. Enda hefir í ýmsum löndum verið lagt út í gífurlegan kostnað til vísindarannsókna í þessu efni. Og má þá í því sambandi nefna, að Danir hafa í þessu skyni reist stóra rannsóknarstöð, sem mjer er sagt, að kosti margar milj. kr. (**Forsrh. TrÞ:** 6 miljónir). En þetta sýnir best, hvað aðrar þjóðir hafa við að stríða í þessu efni og hvað þungt það verður á metunum að kalla það hjegómlega hluti, þegar talað er um það hjer á Alþingi, að kosta eigi kapps um í lengstu lög, að slíkur vágestur berist ekki til landsins. Auk þess er það eitt enn, sem veldur miklum erfiðleikum í baráttunni við veikina. Meðal annars er það sannað, að mjólk getur verið smitandi löngu eftir að búið er að lækna gripina og þeir eru orðnir heilbrigðir. Ætti þetta því að vera fullkomin bending til okkar um að standa á verði, þegar verið er að tala um að flytja inn mjólk og mjólkurafurðir frá þeim löndum, sem veikin er í. Þetta hlýtur því að verða þungt á metunum hjá þeim, sem í alvöru vilja berjast með hnúum og hnefum gegn því, að veikin berist til landsins.

Í öðru lagi er eins um gripina í þessu tilfelli eins og menn; þeir geta verið smitberar og borið veikina með sjer, þó að þeir að öðru leyti kenni sjer einskis meins, eins og t. d. á sjer stað um taugaveiki.

Í þriðja lagi má og geta þess, að sýkillinn eða sýkilefni gin- og klaufaveikinnar getur lifað lengi fyrir utan dýrin og eftir að fullkomlega er sannað, að sýkingarhættu þeirra sjálfra er lokið.

Jeg býst nú við, að til viðbótar því, sem menn hafa alment vitað áður um útbreiðslu veikinnar, ættu þessar upp-

lýsingar fræðimannanna að vera nægileg sönnun þess, hver voði er hjer á ferðum, og því ætlandi, að menn horfi ekki í varnarráðstafanir í því efni, eins og eitthvert smávægilegt atriði, sem enginn gaumur sje gefandi.

Þá segir dýralæknirinn, Hannes Jónsson, þegar hann er búinn að athuga þetta alt og bera saman vísindarannsóknirnar og staðreyndirnar, þá farast honum svo orð efst á 173. bls.:

„Kem jeg þá að því, hvað við getum og eigum að banna. Heilbrigð skynsemi hlýtur strax að viðurkenna, að *þær vörur, sem beinlínis eru afurðir þeirra dýra, sem eru næm fyrir veikinni, og þær vörur eða hlutir, sem þráfalt eru í beinni snertingu við alidýr eða affall frá alidýrum,** hljóta að vera langsamlega hættulegastar".

Þetta segir nú dýralæknirinn, sem gerst má vita um þessa hluti, þegar hann er búinn að kryfja málið til mergjar, annarsvegar eftir því, sem vísindin hafa leitt í ljós, og hinsvegar með hliðsjón af órækum staðreyndum í mörgum löndum. Og enn hafa ekki verið nefndar í þessu sambandi neinar þær vörur hjer á þingi, er ekki gætu heyrt undir þessar varnarráðstafanir dýralæknisins. T. d. skýrir dýralæknirinn ennfremur frá, að veikin berist langar leiðir milli landa, og mætti í því sambandi minna á það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um innflutning á eggjum. Hann hjelt því fram, að bakterían væri utan á skurninu og mundi annaðhvort skríða í burt eða drepast alveg á svo langri leið. En jeg hefi bent á, að sýkillinn lifði í egginu sjálfu, og vísindamennirnir segja nú, að hann haldi sig í himnu þeirri næst skurninu, sem þeir kalla skjall. Eru því staðhæfingar hv. 2. þm. Reykv. á engum rökum bygðar, er hann heldur, að bakterían deyi á leiðinni hingað til lands. En til frekari sönnunar skal jeg benda á, að Hannes dýralæknir upplýsir einmitt um það í þessari ritgerð sinni, að veikin hafi borist frá Japan yfir Kyrrahafið til Norður-Ameríku í kúabólulymfu, sem notuð var í kálfa, og bætir við, að „mörg dæmi þekkist, sem eru hliðstæð þessu".

Þá hefir því verið haldið fram, bæði af hv. 2. þm. Reykv. og fleirum, að innflutningur á niðursoðinni mjólk væri alveg hættulaus, af því að mjólkin er gerilsneydd. En Hannes Jónsson dýralæknir lítur öðruvísi á það. Hann tilfærir langt mál eftir prófessor Jensen, þar sem hann talar um útbreiðslu veikinnar í sambandi við mjólkurhirðingu og mjólkursölu, og sem ályktun af orðum prófessorsins bætir dýralæknirinn þessu við:

„Af framanskráðu" (því, sem hann tilfærir eftir prófessor Jensen) „sjest, að það er langt frá því, að gerilsneyðing mjólkurbúanna sje einhlít til þess að fyrirbyggja smitflutning frá þeim með undanrennunni, sem send er heim og notuð til svína- og kálfaeldis. En það er ekki einungis undanrennan, heldur einnig mjólkurafurðirnar — smjörið og ostarnir —, sem geta verið smitmengaðir". Og svo bætir dýralæknirinn við: „Fyrir land, sem vill verjast gin- og klaufaveikinni, þýðir þessi möguleiki á smitmengun sama og engin gerilsneyðing".

Og það er ekki eins og þetta sjeu orð dýralæknisins sjálfs, heldur eru þau bein ályktun af því, sem prófessor

* Leturbreyting höf. H. J.

Jensen hefir haldið fram í fyrirlestri um útbreiðslu veikinnar.

Það var einhver, sem benti á það við 1. umr., að efnabreyting í smjöri og osti eyðileggi sýkiefnið. Í sambandi við það ætla jeg að lesa áfram það, sem dýralæknirinn segir:

„Reyndar lítur prófessor Jensen svo á, að nokkurn veginn sje óhætt að treysta því, að efnabreytingarnar í smjörinu og ostinum eyðileggi sýkiefnið. En þá er sá möguleiki óneitanlega fyrir hendi, að báðar þessar vörutegundir geti smitast eftir að gerðinni er lokið". Með öðrum orðum, það getur bara hrúgast utan á þessar vörur fult af samskonar sýkiefni meðan efnabreytingin á sjer stað og eftir að henni er lokið.

Þá vitnar dýralæknirinn í ummæli próf. Jensens viðvíkjandi smitflutningi með heyi, hálmi, rófum og sömuleiðis olíukökum, og virðist það liggja í augum uppi, að banna eigi innflutning á öllu slíku. Um þetta atriði segir dýralæknirinn svo að lokum:

„Það er því skiljanlegt, að hraðvaxnar jarðarafurðir eins og rófur, kartöflur, kál og annað grænmeti, hey og hálmur geti valdið smitun. Gengu Norðmenn langt í því, eftir að gin- og klaufaveikin fluttist til þeirra, að banna innflutning á þessum afurðum".

Við þessi orð dýralæknisins þarf jeg engu að bæta; þau tala sínu máli.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. að vitna í skýrslu, sem birt er í þessari ritgerð Hannesar dýralæknis og sýnir, hvernig veikin hefir dreifst út í Danmörku. Þar sjest m. a., að veikin hefir borist út frá mjólkurbúum, og á 30 stöðum hefir þetta verið orsökin. Svo hefir hún flutst með dýrum, fóðurvörum, smituðu drykkjarvatni og mönnum; þá eru og fuglar ekki heldur hættulausir.

Þá er minst á smitunarorsakir í Bandaríkjunum, og eru þær flestar, eða 44%, taldar stafa af flutningi dýra, og frá mönnum 16%. En mörg tilfelli, eða 25%, eru talin stafa af óþektum orsökum. Við þessa skýrslu er þó aðgætandi, að hún er frá 1914, en síðan hafa orðið stórkostlegar framfarir um rannsóknir á útbreiðslu veikinnar og menn komist að margfalt betri skilningi um, hvernig hún hagar sjer.

Jeg ætla nú ekki að taka fleira til athugunar úr þessari skýrslu dýralæknisins. En þessi ritgerð er hrópandi rödd til íslensku þjóðarinnar og Alþingis um að láta einskis ófreistað um að verja landið fyrir þessum vágesti, og hún sýnir líka, hvílík afhroð þau lönd hafa goldið, sem fengið hafa veikina inn til sín.

Jeg vil geta þess hjer, að jeg hefi gert, mjer og öðrum til athugunar, lauslegt yfirlit um, hvað búpeningur landsmanna sje mikils virði. Og samkvæmt hagskýrslum 1925 hefir mjer reiknast til, að með mjög lágu mati muni allur búpeningur landsins nema fullum 40 milj. kr. Og berist veikin til landsins, getur allur bústofn landsmanna verið í hættu staddur, af því að við erum miklu ómegnugri að leggja eins mikið í sölurnar til þess að hefta útbreiðslu veikinnar eins og stærri og ríkari þjóðir hafa gert. Jeg endurtek það, að ef veikin berst til landsins, þá má búast við, að hún fari fljótt yfir, því að hún er bráðsmitandi, og þá er

heill þjóðarinnar, vellíðan hennar og velmegun í veði.

Það er þetta, sem er í húfi, þegar talað er um í alvöru að verja þessum vágesti inngöngu í landið.

Hv. frsm. landbn. tók það einmitt mjög skýrt fram, hvað við ættum miklu verri aðstöðu til þess að sporna móti útbreiðslu veikinnar, bærist hún til landsins. Þess vegna virtist mjer ekki fullkomið samræmi í áliti nefndarinnar, að vilja einskis láta ófreistað um að verjast því, að veikin berist til landsins, en vilja þó ekki fallast á brtt. okkar hv. 1. þm. Árn., um að banna með öllu innflutning á þessum stórhættulegu vörutegundum, sem þar eru taldar upp, enda þó jeg viðurkenni, að það geti verið miklu meiri trygging í frv. með brtt. hv. nefndar en annars mundi vera, eftir þá afskaplegu limlestingu, sem frv. fjekk í hv. Ed.

Jeg hefi þá með þessu öllu svarað hv. 2. þm. Reykv. fullnægjandi, að öðru leyti en því, sem hann var að núa mjer og öðrum bændum um nasir, að við værum í till. okkar í þessu máli haldnir af verndartollasýki. Jeg held nú, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem annars geta gert sjer grein fyrir, hvílíkur voði er hjer á ferðinni, þá sje sú hætta svo mikil, að annað þurfi ekki að koma til að gera þær lítilfjörlegu ráðstafanir, sem hjer er farið fram á, að gerðar sjeu. Þar með er slegin niður sú aðdróttun í okkar garð, að það sje verndartollapólitík, sem ráði framkomu okkar í þessu máli.

Þá var háttv. 2. þm. Reykv. að tala um ráðstafanir Englendinga og verndartollastefnu, sem þar bólaði mjög á. En jeg verð að segja, að Englendingum er nokkur vorkunn, þótt þeir hafi gert slíkar ráðstafanir, þar sem þeir hafa lagt eins mikið í sölurnar vegna veikinnar og jeg hefi áður lýst. (**HjV:** Þeir hafa þó ekki gengið svona langt). Já, en gin- og klaufaveiki barst líka til Englands. Og það verður að gæta þess, að alt öðru máli er að gegna um viðskifti milli tveggja sýktra landa en þar, sem annað landið er sýkt, en hitt ósýkt.

Þá sagði háttv. þm., að ekki væri ástæða til slíkra ráðstafana, þar sem gin- og klaufaveikin sje nú í rjenun erlendis. Jeg veit ekki, hvert hv. þm. sækir þennan fróðleik; jeg held, að það sje ekki í opinberar skýrslur, heldur sje það aðeins hugboð hans sjálfs. Það er ekki langt síðan Englendingar háðu harða baráttu við veikina, og í Mið-Evrópu liggur hún stöðugt í landi, og má segja, að hún gangi þar í bylgjum. Og þótt hún liggi nú í bili niðri í Noregi, þá má búast við því, að hún logi þar upp áður en varir, því að það virðist vera eðli hennar alstaðar. Það er heldur ekki rjett, að veikin hafi verið miklu óskæðari í Danmörku en í öðrum löndum Evrópu. Veikin hamaðist einna mest á stríðsárunum, og oft síðan, en hafði verið tiltölulega óskæð áður.

Jeg hefi ekki nú við hendina neinar tölur viðvíkjandi veikinni 1926, en jeg hafði þær í fyrra, þegar jeg samdi greinargerð fyrir frv. því um varnir gegn henni, er jeg flutti ásamt hv. 2. þm. Skagf. og fleirum. En jeg get fyrirhafnarlítið náð í þær, ef á þarf að halda.

Jeg þarf ekki að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, en jeg býst

við, að tækifæri muni síðar gefast hjer í hv. deild til þess að minnast nánar á málið og segja þá enn nokkur aðvörunar- og alvöruorð um það, og þá má um leið benda á, hverra hagsmunir ráða því, að hjer er verið að tala um þau óþægindi, sem af þessum ráðstöfunum muni stafa, því að jeg veit, hvaðan fastast er þrýst á móti brtt. okkar, og jeg vona, að tækifæri gefist til þess að athuga það síðar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að engin hætta væri á því, að kartöflur tækju við smitun, nema þar sem sýkt dýr gengju í kartöflugörðunum. En í kartöflugarða er víða borinn húsdýraáburður, og ef hann er úr sýktum dýrum, þá stafar vitanlega hætta af því.

Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en jeg býst við að tala hjer aftur, og jeg vona, að þá hafi hæstv. atvmrh. gefið einhverja yfirlýsingu um það, hvort hann muni nota undanþáguheimildina, ef svo slysalega vildi til, að brtt. okkar yrði ekki samb.; en jeg vona, að til þess komi ekki.

Gunnar Sigurðsson: Enda þótt þegar hafi verið gerð allítarleg grein fyrir brtt. á þskj. 528, þá vil jeg þó ekki láta þetta mál fara í gegnum þessa hv. deild án þess að tala um það.

Jeg hefi sjerstakan áhuga á þessu máli og hefi þegar áður skift mjer af því, þar sem jeg í fyrra skrifaði grein um það í „Lögrjettu", enda hefi jeg erlendis sjálfur sjeð, hvílíkur vágestur þessi veiki er. Jeg veit, að ef hv. þm. vissu, hvílíkur vágestur þessi veiki mundi verða fyrir íslenskan landbúnað, ef hún bærist hingað, þar sem jafnvel má búast við því, að hún leggi landbúnaðinn að miklu leyti í auðn, þá mundu þeir ekki hika við að gera hinar ítrustu ráðstafanir til þess að hindra það, að hún bærist hingað. Og því meiri ástæða er til þess að fara varlega, þar sem menn vita enn mjög lítið um veikina, en hinsvegar er hjer mjög fátt um dýralækna. Menn vita, hvílíkt geysitjón varð af fjárkláðanum, en jeg fullyrði, að hann er leikur einn í samanburði við gin- og klaufaveikina.

Jeg sje ekki, að það yrði mjög mikið tjón fyrir þjóðfjelagið, þótt vörur þær, sem taldar eru á þskj. 528, yrðu bannaðar að meira eða minna leyti. Sumar þeirra væri jafnvel ástæða til að banna, þótt engin gin- og klaufaveiki væri. Mjer sýnist það t. d. hrein fjarstæða að vera að flytja inn hey, þegar nóg er af því í landinu sjálfu og mikil landsvæði liggja enn órækt uð. Það getur að vísu vel verið, að það verði tjón fyrir suma, að innflutningur á kartöflum verði bannaður, en jeg vil taka það fram, að það er einmitt sjerstök ástæða til þess að leggja mikið á sig til þess að losna við gin- og klaufaveikina. Annars skal jeg geta þess, að jeg hefi oft sjeð það erlendis, að nautgripir ganga um í kálgörðum um það leyti, sem verið er að taka upp úr þeim á haustin. Jeg skil, að hv. 2. þm. Reykv. er hræddur um, að það verði til tjóns fyrir kjósendur sína, ef innflutningur á kartöflum yrði bannaður. En jeg vil beina því til hv. þm., að það mundi verða miklu betra fyrir verkamenn, ef þeim væri hjálpað til að koma sjer upp kartöflugörðum, svo að þeir þyrftu ekki að kaupa þessa nauðsynjavöru erlendis frá. Sumir hv. þm. hafa verið að tala

um kostnað, sem mundi leiða af vörnum gegn veikinni, en jeg vil benda á, að sá kostnaður er smámunir einir miðað við það, sem það mundi kosta landið að útrýma gin- og klaufaveikinni, ef hún bærist hingað, og það ógurlega tjón, sem af því mundi leiða.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi raunar mjög litlu að svara, því að till. nefndarinnar hefir verið mjög lítið mótmælt, eða því, sem jeg sagði í framsöguræðu minni, heldur hafa umræðurnar aðallega snúist um brtt. á þskj. 528.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að allir Íslendingar vilji verjast þessari veiki. Jeg efast ekki um það, að hann og aðrir vilji það, en jeg hygg þó, eftir ræðu hans að dæma, að stundarhagsmunir kjósenda hans ráði gerðum hans í þessu máli frekar en hinn góði vilji. Annars þarf jeg ekki að svara hv. 2. þm. Reykv. miklu, því að hv. þm. Borgf. svaraði honum vel og ítarlega. Hv. þm. sagði, að veikin sje í rjenun í nágrannalöndunum og sýkingarhætta því minni en áður. En eftir frjettum, sem hingað hafa borist, hefir veikin að vísu rjenað í bili, en hún getur altaf, samkvæmt undanfarinni reynslu, gosið upp aftur. Úr því að hún er landlæg í þessum löndum, þá getur enginn vitað, nema hún kunni að gjósa upp á hverri stundu og sýkingarhætta orðið enn meiri en fyr. Þá var annað atriði í ræðu hans, sem mjer þótti ennþá undarlegra. Jeg skildi hann svo, að hann teldi þær vörutegundir, sem nefndin leggur til að banna, með öllu hættulausar. Hv. þm. Borgf. hefir tekið það fram, að það er álit dýralækna, að sumar þeirra sjeu mjög hættulegar hvað þetta snertir. T. d. sagði dýralæknirinn við nefndina, að sumar þeirra, svo sem hraðvaxið grænmeti, væri eitthvað það allra hættulegasta, sem hugsast gæti í þessu efni. Jeg vil í þessu sambandi benda hv. 2. þm. Reykv. á greinargerðina fyrir stjórnarfrv., sem er samið að minsta kosti með ráði dýralæknis, þar sem það er skýrt tekið fram, að þessar vörutegundir sjeu hættulegar. Hvað mjólkurafurðir snertir, þá er hægt að drepa sýklana í þeim með gerilsneyðingu, en varan getur smitast eftir gerilsneyðinguna, og er því ekki full trygging í henni. Líka vil jeg benda á það sem hættu hvað mjólkurafurðir snertir, að þær geta verið sendar frá sýktu heimili eftir að skepnurnar sýktust en áður en veikin þektist. Mjer heyrðist hv. þm. halda því fram, að þessar sóttvarnir væru ekki nema yfirskin, en það, sem í raun og veru lægi til grundvallar, væri annaðhvort það, að koma innlendum afurðum í hærra verð eða þá fáfræðin ein. Hann hjelt þessu beint fram að því er snertir brtt. á þskj. 528, og líka, að því er mjer skildist, um till. nefndarinnar. Þessu hefir verið svarað áður, og skal jeg ekki fara lengra út í það. En hvað fáfræðina snertir, þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að þessar till. eru samdar að ráði þeirra manna, sem álitnir eru hafa best vit á þessum málum hjer á landi. Ef því er um fáfræði að ræða í þessu máli, þá kemur hún fram hjá þeim, sem leggjast á móti till. sjerfræðinganna. Jeg skal játa, að jeg er enginn sjerfræðingur í þessum efnum, en mjer þykir þó hyggilegra að fylgja till. þeirra en hv. 2. þm. Reykv., enda gruna jeg hann um það, að hann

sje líka mjög fáfróður í þessum málum.

Háttv. þm. talaði um, að með þessu væri verið að svifta bæjarbúa nauðsynlegri fæðu. Hv. þm. Borgf. hefir vikið að þessu atriði og bent á, að þessa vöru mætti framleiða í landinu sjálfu, og væru bæjarbúar því ekki sviftir neinu. Þótt jeg sje þessu samþykkur, þá get jeg þó gengið inn á, að þessi ráðstöfun geti orðið til töluverðra óþæginda fyrir bæjarbúa, að minsta kosti fyrst í stað. En ef þessi voðalega veiki bærist til landsins, þá mundi hún að vísu fyrst koma niður á sveitunum, en þó mundu bæirnir einnig fá að kenna á afleiðingum hennar. Er því tilvinnandi jafnvel fyrir bæina að taka á sig nokkur óþægindi í bili, til að verjast þessari hættu.

Hv. þm. Borgf. virtist kenna ósamræmis hjá mjer og nefndinni milli þess, sem jeg sagði í ræðu minni um nauðsyn ráðstafana og varna, og till. þeirrar, sem nefndin flytur. Jeg sje ekkert ósamræmi í þessu. Nefndin leggur til, að þessar vörutegundir sje heimilt að banna, og hún treystir sti. til þess, að þegar nauðsyn krefur, þá verði það gert. En ef það aftur á móti er álitið hættulaust að leyfa innflutning á þessum vörum frá vissum hjeruðum eða löndum, þá þykir nefndinni það alveg óþarft að gera fólki það óhagræði, að banna þann innflutning skilyrðislaust. Það má segja, að öruggast sje að samþykkja till. á þskj. 528, en hver, sem treystir hæstv. sti. til þess að hafa vakandi auga í þessum efnum og gera ítarlegar ráðstafanir til varna, ef hætta væri á ferðum, getur vel forsvarað það að samþ. till. nefndarinnar.

Einar Jónsson:* Jeg þarf ekki neinu að bæta við það frá nefndarinnar hálfu, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði.

En það var eitt atriði, sem mjer þótti vissara að benda hv. þdm. á, sökum þess, að jeg er ekki viss um, að þeir hafi gert sjer það nægilega ljóst, hvaða mismunur er á brtt. nefndarinnar og brtt. á þskj. 528. Aðalmunurinn liggur í því, að með brtt. á þskj. 528 eru sumar vörutegundirnar, sem í till. nefndarinnar eru taldar undir staflið d, þar sem undanþága er heimil, færðar undir staflið a, þar sem engin undanþága er heimiluð. Það getur vel verið, að hv. frsm. hafi skýrt frá þessum mun, þó að jeg hafi ekki orðið heyrnarvottur að orðum hans.

Jeg er því mjög hlyntur, að hjer verði farin sú öruggasta leið, sem fyrir hendi er. Um það hefi jeg sömu skoðanir og á síðasta þingi. Jeg átti þá sæti í landbn. Ed., og henni þótti nóg að fela stjórninni að banna innflutning vara, eftir því sem hún teldi nauðsynlegt. Og jeg held í raun og veru, að við getum ekki gengið framar eða gert betra fyrir þetta mál en að reiða okkur á núverandi stjórn. Lögin geta ómögulega orðið tæmandi, og stjórnin getur því altaf þurft að taka til sinna ráða. Mjer dettur í hug það, sem sumir menn segja, að farfuglar geti borið sýkina. Ja, það ætla jeg, að erfitt verði að hefta för þeirra. Við þyrftum að komast að samningi við almættið sjálft um að stemma stigu fyrir þeim. Jeg er líka alveg sannfærður um, að hætta getur stafað af kornvörum, pokum o. s. frv. En þrátt fyrir það, skal jeg nú leggja mitt lið til þess, að svo

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

framarlega verði gengið um varnirnar sem unt er.

Það er ekki víst, að hv. þdm. heyri það, að hv. þm. Vestm. (JJós) er altaf að taka fram í fyrir mjer. Jeg veit ósköp vel, að hann er altaf að ala á því, sem honum liggur þyngst á hjarta, en það eru kartöflurnar. En þessi hv. þm. þarf ekkert að vera hræddur um, að ekki sje hægt að láta hann hafa nógar kartöflur. Hann getur fengið þær austan úr Fljótshlíð og ofan af Rangárvöllum og sjálfsagt víðar að. Jeg skal gjarnan sjá fyrir því, ef hann vill. En hitt væri mjög æskilegt, að hann gæti haft hemil á þeim farfuglum, sem leggja leið sína um Vestmannaeyjar, svo að ekki bæru þeir munn- og klaufaveikina upp í sveitirnar til okkar.

Jeg er samþ. hv. frsm. um, að nefndin hafi enga sjerþekkingu á málinu, og hana hefi jeg ekki heldur. Vil jeg því helst fela hæstv. stjórn framkvæmdirnar, hvað sem kartöflunum og hv. þm. Vestm. líður.

Jeg vil gjarnan þakka hv. þm. Borgf. sína eindregnu og skýru ræðu. Þó get jeg ekki fallist á orð hans um, að hann vissi, hvaðan mótstaðan gegn þessu frv. væri runnin. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje um neina mótstöðu að ræða. Hv. þm. virðast allir hafa bestu viðleitni til að gera það, sem þeim finst sanngjarnast og rjettast.

Þó að jeg hafi hingað til unnið með nefndinni, býst jeg við að fylgja brtt. á þskj. 528. Vona jeg, að það verði ekki talin brigðmælgi af minni hálfu við nefndina. Mjer virðist, að í þeim sje ríkari áhersla lögð á varnirnar en í till. nefndarinnar, og því mun jeg að þeim hallast, hver sem árangurinn kann að verða. En orð mín vil jeg enda með því, að traust þingsins verður að vera í stjórnarinnar höndum. Og jeg ætla, að hv. þdm. sje óhætt að reiða sig á það, að hæstv. núv. stjórn muni fara hina rjettustu og bestu leið í þessu máli.

Magnús Jónsson: Því miður heyrði jeg ekki byrjun þessarar umræðu, en jeg geri ráð fyrir, að meginatriði þess, sem sagt hefir verið um málið af hálfu stuðningsmanna frv., hafi verið dregið saman í ræðu hins mikla áhugamanns, hv. þm. Borgf. Því fer fjarri, að jeg vilji innleiða neinar stórdeilur við vin minn, hv. þm. Borgf., en í þessu efni er mjer ómögulegt, því miður, að vera honum sammála. Hann virðist halda, að þær ráðstafanir, sem talað er um að gera um höft innflutnings, sjeu meinlausar. Og það sama kom fram hjá hv. 1. þm. Rang., þegar hann var að skopast að kartöfluumhyggju hv. þm. Vestm. En jeg verð að segja þessum hv. þm., að ef kartöfluverð eða verð á öðrum vörutegundum, sem á að banna innflutning á, hækkar, þá er það alvarlegt mál. Þeir mega vita, að í þeirri hækkun felst ekki lítill skattur á þá íbúa landsins, sem þurfa að kaupa þessar vörur. Skal jeg játa, að jeg hugsa hjer fyrst og fremst um mitt kjördæmi. (**EJ:** En þessi skattur er smáræði, samanborið við hættuna). Jeg kem að því síðar. Ekki hefi jeg reiknað, hve miklu þessi skattur muni nema. En svo mikið veit jeg, að fátækar fjölskyldur hjer í Reykjavík, sem naumast geta greitt útsvar, finna minna grand í mat sínum. Er þó mikill munur á að greiða þau gjöld, sem fara til framkvæmda innan bæjarins, eða

greiða þessa peninga til sveitanna hjer í kring. Mjer finst varla hægt að lá okkur Reykvíkingum, þó að við viljum heldur njóta eigna okkar sjálfir en láta þær af hendi við utanbæjarmenn að óþörfu.

Nú skal jeg játa, að það væri ekkert áhorfsmál og mundi sjálfsagt enginn telja eftir að samþykkja bann gegn innflutningi allra þessara vara, ef á því ylti, hvort veikin bærist hingað eða ekki. En það er nú síður en svo. Ennþá er eftir að sýna fram á það.

Mjer virðist sjerstaklega tvent koma til athugunar í þessu máli. Hið fyrra er, hvort banna þurfi allar þessar vörur, og hitt, hvort dugir að banna þær. Sje ekki svo, er verið að auka mönnum erfiðleika að óþörfu.

Þegar jeg hugsa um þessar svonefndu varnarráðstafanir, dettur mjer í hug skopmynd, sem jeg sá í blaði vestanhafs. Þar var verið að hæðast að strandvörnunum í Bandaríkjunum. Á myndinni sjest Jónatan — sem altaf táknar Bandaríkjamenn — þar sem hann er að víggirða sig. Hann er búinn að reisa upp 4 hlið, há og mikil fyrirferðar, með rambyggilegum grindum, ramlega læstum með lásum og slagbröndum. Þykist hann nú óhultur, en þegar að er gætt, sjest, að engin girðing er milli hliðanna. Eitthvað svipað hafast flm. frv. að. Þeir keppast við að reisa hliðin og halda, að það dugi, þó að girðinguna vanti. Þeir heimta hinar og aðrar varnarráðstafanir, þó að vitanlegt sje, að bær geti aðeins að mjög litlu leyti stemt stigu fyrir veikinni.

En sannleikurinn er sá, að þeir standa í fölsku ljósi með tillögur sínar. Þeir ógna með gin- og klaufaveikinni og leggja hana á metaskálina móti löngun Reykvíkinga í egg og smjör. En í rauninni er ekki um þetta að ræða. Hjer er ekki verið að heimta varnir gegn munn- og klaufaveiki, heldur varnir gegn innflutningi vara. Frv. er grímuklædd vernd fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir.

Jeg hefi hingað til haldið mjer við álit þess sjerfræðings, sem helst hefir verið leitað til í þessu máli. Og jeg fæ ekki annað sjeð en að það, sem hv. þm. Borgf. var að lesa upp áðan, sje í samræmi við það, sem jeg hefi haldið fram. Ætlan manna er yfirleitt sú, að veikin geti borist með afurðum innan hjeraðs, en naumast milli landa. Dönum hefir t. d. ekki þótt ástæða til að banna innflutning til Færeyja. Og það er heldur ekki fyr en nú á síðustu árum, sem farið er að ympra á vörnum gegn veikinni hjer á landi. Og þó hefir hún geisað úti í löndum um langan tíma. Nei, það er einhver önnur forsjálni, sem liggur bak við þessar till., en óttinn við gin- og klaufaveikina.

Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að bakteríurnar muni skríða út úr eggjunum á leiðinni. Jeg held, að þær skríði yfirleitt ákaflega lítið. Auk þess er vegalengdin fyrir bakteríu gegnum eggskurn sjálfsagt eins mikil og fyrir mann að fara fótgangandi frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. Jeg held, að bakteríurnar dræpust á leiðinni. Háttv. þm. Borgf. gekk inn á það, að gerðin í ostinum mundi drepa bakteríurnar, en hjelt, að þær mundu koma þangað aftur. Jeg ætla, að sýran muni nú haldast nokkuð lengi. Eggert Ólafsson segir a. m. k., að gerð haldi

áfram í smjöri í 20 ár. En ef hv. þm. heldur, að osturinn muni vera svo illa geymdur í Danmörku, að fjenaður, sem sjúkur er af gin- og klaufaveiki, sje látinn nudda sjer upp við hann, þá mun það vera ljótur misskilningur. Og ef menn á annað borð halda, að sóttnæmi muni berast á þennan hátt, þá geta líka allir hlutir verið hættulegir, og þá þyrfti að banna innflutning á öllum vörum, ef vel ætti að vera. Nei, jeg hygg, að alment sje litið svo á, að sýkingarhættan stafi eingöngu frá mjólkinni, sem ostarnir eru búnir til úr, en ekki gert ráð fyrir, að sóttkveikjurnar berist í þá eftir á.

Þá eru farfuglarnir. Um þá er ekkert fullsannað, en grunur leikur á, að þeir geti borið veikina. Nú hafa menn mikinn ótta af hinum tíðu hraðferðum skipanna milli Íslands og útlanda. En hvað eru þær þó á við þær hraðferðir, sem farfuglarnir hafa haldið uppi frá ómuna tíð? Menn halda, að veikin berist með kartöflum. En gæti hún þá ekki eins flutst með kornvörum? Ekki er loku fyrir það skotið, að húsdýraáburður kunni að vera borinn á akra. Og nú vil jeg benda á það, að próf. Jensen segir í skýrslu sinni, að mest hætta stafi einmitt af farþegum — næst sjálfum húsdýrunum. Eigum við að fara að banna mannflutninga milli Íslands og annara landa?

Hv. þm. Borgf. greip á kýlinu, þegar hann fór að tala um spönsku veikina. Hvað rjeðum við við spönsku veikina 1918? (**PO:** Það var ekkert gert til þess að hindra hana). Jeg get fullvissað hv. þm. um, að það er enginn læknir til í veröldinni, sem heldur, að hægt sje að hindra kvefpestir. En gin- og klaufaveikinni er að áliti sjerfræðinga svipað farið. Allar okkar varnarráðstafanir verða árangurslausar, ef hún á annað borð getur borist hingað. Við stöndum uppi eins og Jónatan á myndinni, sem jeg gat um, með rammlæst hlið, en enga girðingu. Hv. þm. Borgf. gaf í skyn, að það væri eitthvað, sem ýtti fast á eftir mjer og öðrum, sem erum á móti brtt. Það er ekki nema eðlilegt, að hann reyni að borga fyrir sig, því að svipuðu höfum við beint að honum og fylgismönnum hans í þessu máli. Jeg geri ráð fyrir, að hann vilji segja, að við sjeum á móti þessu af umhyggjusemi fyrir sambandsþjóðinni, Dönum. Jeg sje nú enga ástæðu til að bera skjöld fyrir Dani í þessu máli. En hitt vil jeg segja, að ekki sje rjett að gera að óþörfu ráðstafanir, sem eru friðsamri og vinveittri frænd- og nágrannaþjóð til tjóns. Tel jeg þetta að vísu ekki þungvægar ástæður í málinu, en ekki er vert að ganga framhjá því.

Að lokum vil jeg mæla eitt varnaðarorð til hv. deildar. Þessi hv. deild hefir viljað bæta ákvæði inn í frv. eins og það kom frá hv. Ed. Er ekki annað sýnt en þetta muni verða ágreiningsefni milli deildanna. Vera má, að Ed. verði að láta í minni pokann, ef til fundar kæmi í sameinuðu þingi. En hún hefir rjett til að fella frv. Og flm. brtt. ættu að sjá, að betri er hálfur skaði en allur, og heppilegra er fyrir þá að samþykkja frv. eins og það er heldur en að eiga á hættu, að það verði drepið.

Þá vil jeg minnast á 3. gr. frv. Jeg get sagt það, að í raun og veru eru allar brtt. smámunir í mínum augum, ef 3. gr. á að standa, því að samkv. henni má stj. banna innflutning hvaða

vöru, sem henni þóknast. Og þar sem hæstv. stj. er altekin af þeirri voðalegu veiki, sem komið hefir þessu frv. af stað, nefnilega hinni svo kölluðu hræðslu við gin- og klaufaveikina, verð jeg að segja það, að svo framarlega sem 3. gr. verður látin standa, get jeg ekki fylgt frv.

Hv. 2. þm. Rang. var hreinskilinn áðan. Hann sagði, að það væri ósiður að flytja hey inn í landið. Þarna gægist fram hin sanna ástæða fyrir framkomu frv. Það á að hindra innflutning einstakra vörutegunda. Hv. þm. hefir sína skoðun um það, að þessi innflutningur sje óheppilegur. Jeg er fús til að ræða um það við hann, er tækifæri gefst, og þá er ekki að ræða um neina grímumenn eins og í þessu frv.*

Hjeðinn Valdimarsson: Háttv. þm. Borgf. las upp aðalinnihald pjesa, sem útbýtt hefir verið í deildinni og er eftir Hannes Jónsson dýralækni. Það leit út fyrir, að hann hjeldi, að enginn hefði sjeð pjesann, því að svo mikla áherslu lagði þm. á að sýna, hvað í pjesanum stendur. Bæði er það nú, að hv. þm. virðist hafa misskilið það, sem í bæklingnum stendur, og í öðru lagi hafði hann mikinn hluta fróðleiks síns úr dönskum prófessor, sem Jensen heitir, sem jeg hefi þegar vitnað í til að sanna hið gagnstæða. Og því er rjett að athuga, hvor okkar hefir rjett eftir Jensen um þær vörur, sem hv. þm. vill banna. Jeg hefi hjer með höndum brjef frá prófessornum, sem liggur fyrir landbn. (**PO:** Jeg hefi ekki sjeð það; er það eitthvert leyniskjal?). Það er sök hv. þm. að kynna sjer ekki gögn þau, sem fyrir nefnd hans liggja. Þar er það tekið greinilega fram, að mjólkurafurðir, svo sem mjólk, ostur og egg, hafi enga hættu í för með sjer. (**PO:** Þessu brjefi hefir verið haldið leyndu fyrir þinginu. Er það prívat?). Hv. þm. Borgf. getur fengið að sjá það. Jeg hefi það liggjandi á borðinu fyrir framan mig. Sömuleiðis er þar tekið fram, að í nágrannalöndunum sje innflutningur á þessum vörum ekki bannaður, hvorki í Englandi nje Noregi, svo að ef þetta verður samþ., verðum við Íslendingar eina þjóðin. (**PO:** Og þá líka eina þjóðin, sem sleppur við veikina). Það er ekki þar með sagt. Hv. 2. þm. Rang. talaði um, að hann hefði sjálfur sjeð erlendis, hvílíkur vágestur gin- og klaufaveikin væri og hvernig smitaðir nautgripir gangi um í kálgörðunum þar. Því hefir nú áður verið lýst, að lítil hætta stafar þó af kartöfluinnflutningi, en hinsvegar er viðurkent, að stórhætta stafar af smitun frá allskonar pröngurum og öðrum mönnum, sem koma frá smituðu svæðunum og geta borið með sjer sýkla gin- og klaufaveiki. Er því á engan hátt útilokað, að hv. 2. þm. Rang. hafi borið með sjer slíka sýkla til landsins, og vissulega hefði verið meiri ástæða til að banna aðflutning hans aftur til landsins, eða að minsta kosti kaffæra hann í sóttvarnarbaði, heldur en að banna aðflutning á hættulausum vörum. Hv. þm. Borgf. hjelt því fram, að smitunarhætta gæti stafað af húsdýraáburði og þar af leiðandi af öllum jarðargróðri. En nú vill svo til, að

* Vantar eitthvað aftan af ræðunni í handriti skrifarans. M. J.

bændur geta verið án mjólkur og kartaflna, en ekki án rúgs og annars slíks fóðurs, og svo á að takmarka innflutninginn við þeirra þarfir, og er hættan við gin- og klaufaveikina þá að verða nokkuð teygjanleg. Jeg gæti bent á það, að háttv. þm. Borgf. fór ekki sem samviskusamlegast með það, sem í þjesa Hannesar dýralæknis stendur. En þó nenni jeg ekki að fara langt út í það, en skal aðeins benda á það, að Hannes segir í þjesanum, næstsíðustu blaðsíðu (bls. 183): „það eru einungis fáar vörutegundir, sem hægt er að álíta, að nokkur veruleg hætta stafi af". Telur hann þar til hey og hálm og „máske" rófur og annað hraðvaxið grænmeti, en fullyrðir þó ekkert um það. Lærisveinninn, hv. þm. Borgf., rangfærir því illa kenningar meistarans. Þær dönsku stofnanir, sem hafa yfirstjórn heilbrigðismála í Færeyjum, hafa ekki álitið, að eins langt þyrfti að ganga og landbn. og hv. þm. Borgf. vilja fara (**PO**: Maður þekkir nú umhyggju Dana fyrir Færeyingum), og hefir þó veikin aldrei komist til Færeyja. Hv. þm. Borgf. sagði, að það væru engin norðurtakmörk fyrir veikinni. Jeg skal ekki deila um það, en vil aðeins benda á það, að hún þekkist ekki í norðurhjeruðum Noregs, Svíþjóðar og Skotlands, þó að aldrei hafi þar verið gerðar þessar varúðarráðstafanir, sem hv. fimmmenningar og nefndin vill nú gera, og í norðurhluta Danmerkur er hún minni en sunnan til, og hverfur þar ætíð fyr. Það er því engin sjerstök ástæða til að búast við veikinni hjer, — síður en svo.

Jeg hygg, að það, sem hv. 1. þm. Reykv. og jeg höfum tekið fram, nægi til að sýna, að það er engin ástæða til að ganga lengra en hv. Ed. gerði, ella liggur næst að hugsa, að verið sje að berjast fyrir verndartollum og svíkjast með þá að þjóðinni undir grímu heilbrigðisráðstafana.

Jeg vil svo spyrja hæstv. forsrh., hvernig hann mundi haga sjer, hvort heldur sem frv. yrði samþ. óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed., eða breytt með till. landbn.; hvort hann mundi veita þær undanþágur, sem samkv. frv. eins og það kom frá hv. Ed. er hægt að gera fyrir landbúnaðinn, eða hvort hann mundi gera þær skilyrðisbundnu undantekningar, sem till. landbn. heimila. Það væri fróðlegt að heyra um það, áður en atkvgr. fer fram, til þess að varpa enn skýrara ljósi yfir málið.

Jóhann Jósefsson:* Háttv. 2. þm. Reykv. hefir tekið af mjer ómakið. Mig langaði til að beina svipaðri fyrirspurn til hæstv. forsrh. og hann gerði. Annars bjóst jeg við, að hæstv. ráðh. gæfi yfirlýsingu í þessu efni eftir ræðu hv. þm. Borgf.

Jeg get ekki látið hjá líða að segja það, að mjer þykir kenna allmikils fors og ofstækis hjá þeim þm., sem vilja jafnvíðtækar ráðstafanir og hjer er farið fram á. Og það er ekki aðeins ónærgætni, heldur lítilsvirðing á þeim landslýð, sem fer á mis við hinar bönnuðu vörutegundir. Jeg veit, að það á að gilda sem afsökun þessi hætta á klaufaveikinni, sem hv. þm. Borgf. útmálaði svo hræðilega fyrir deildinni og vitnaði í þennan nýja spámann, Hannes Jónsson dýralækni. Þegar það er athugað, sem hv. 1. þm. Árn. (Jör-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

B) sagði, lítur málið töluvert alvarlega út, því að þá er aldrei mögulegt að ljetta þessu innflutningsbanni af. Hann talaði um, að veikin væri ekki í Noregi, en þó væri engin vissa fyrir því, vegna þess að veikin gæti legið niðri og gosið svo alt í einu upp. Er þetta ekki rjett? (**JörB:** Jú). Þetta virðist því ekki vera stundarbann, heldur stöðugt og varandi um alla tíma. Það verður aldrei hægt að fá það upphafið, því að það þýðir ekkert að benda á það, þó að veikin sje ekki í Noregi, Englandi og Danmörku, vegna þess, að hún getur legið þar niðri og altaf gosið upp. En nú stendur svo á, að við þurfum að fá hey, mjólkurafurðir, egg, kartöflur o. fl. frá þessum löndum, svo að þetta er ekki aðeins alvarlegt hvað vöruverðið snertir, heldur einnig fyrir þann hluta landslýðsins, sem þarf á þeim vörum að halda, sem hjer á að banna, og sá hluti er ekki smár. Að vísu eru það ekki margir, sem þurfa á heyi að halda, en aðstæðurnar eru þó sumstaðar þannig, að það verður að fá hey erlendis frá; svo er það t. d. í mínu kjördæmi og víðar.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að jeg bæri kartöflurnar fyrir brjósti. Þetta er rjett. Þær eru næringarmiklar og ilt að hindra menn með lögum í að neyta þeirra. Og þegar litið er á kartöfluframleiðsluna undanfarin ár, sjest, að það vantar mikið á, að það sje framleitt nóg af kartöflum í landinu sjálfu. Jeg hefi engan heyrt halda því fram að of mikið væri borðað af kartöflum, og mjer er nær að halda, að það sje of lítið etið af þeim. Árið 1922 eru flutt inn 2332165 kg. af kartöflum, en framleiðslan nemur 21758 tn. á 100 kg. Það er því flutt inn meira af kartöflum en framleiðslunni nemur, auk þess sem þá eru flutt inn 129540 kg. af öðru grænmeti, sem þm. vilja banna og ekki er fáanlegt, a. m. k. ekki til almennrar notkunar. Jeg veit, að það er oft fyrirskipað af lækni, að fólk neyti grænmetis, og þetta á svo að fara að banna. Árið 1923 er flutt inn af kartöflum 1871890 kg., en framleiðslan nemur 27446 tn. á 100 kg. Þetta er meira en árið áður, en samt vantar mikið á, að neysluþörfinni sje fullnægt. Árið 1924 er framleiðsla kartaflna 25400 tn. á 100 kg. og innflutningurinn 2013848 kg. Þetta eru lauslegar tölur, en sýna þó, að aðeins helmingur þeirra kartaflna, sem neytt er í landinu, er framleitt í því sjálfu. Nú má auðvitað svara, að auka megi kartöfluræktina, og það er rjett, en þó ekki svo, að hún tvöfaldist á stuttum tíma. Bæði þessi ár, 1923 og 1924, er flutt inn svipað grænmeti og árið 1922, og sýnir það, að þörfin er áþekk.

Jeg vona, að hæstv. forsrh. láti það uppi, hvernig hann ætlar að haga sjer samkv. frv. með undanþágur að því er snertir innflutning á þessum vörum. Jeg held, að það sje ekki hægt að komast hjá því að veita undanþágur, sjerstaklega hvað kaupstaðina snertir, ef landsfólkinu eru ekki gerð bein óþægindi og jafnvel óhollusta. Ef banna á innflutning á eggjum og mjólkurafurðum, verður það svo dýrt, að ekki verða nema fáir, sem geta veitt sjer það. Sama er að segja um kartöflurnar, nema undanþága fáist, eins og innflutningsskýrslurnar sýna, að þörfin hefir verið á undanförnum árum.

Hv. 1. þm. Árn., sem altaf tekur djúpt í árinni, vill eins og háttv. þm. Borgf., að einskis sje svifist og gengið lengra en hægt er. Hann sagði, að Alþingi mætti ekki veita undanþágu, nema þegar það væri hættulaust. Jeg veit ekki, hvenær þetta er hættulaust, því að eftir hans röksemdaleiðslu verður að halda banninu til eilífðar, eftir að það er komið á. En á því tel jeg svo mikla annmarka fyrir landsbúa, að það er óhugsandi. Jeg vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., að mjer finst, að deildin geti sætt sig við frv. eins og það kom frá Ed., sjerstaklega vegna heimildarinnar í 3. gr.

Það er sjálfsagt að viðurkenna, að málið var flutt af meiri hófsemi hjá hv. frsm. en þeim hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. Hann leit með sanngirni á þá, sem verða fyrir barðinu á þessum lögum, en þeir ekki.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að koma inn í þessar umr. Bæði var jeg teptur í Ed. og svo er málið þaulrætt frá undanförnum þingum. Langar ræður hafa því ekki mikið að segja; menn hafa þegar ráðið það við sig, hvernig þeir ætla að greiða atkv.

Jeg vil segja það út af brtt. 528 og till. landbn., að jeg er mjög ánægður með þær fyrir mig. Þær sýna, að jeg hefi þó haft allmikið þingfylgi á bak við þau innflutningsbönn, sem jeg hefi sett. Það hefði ekki verið þægilegt fyrir mig sem ráðherra, ef atkvgr. Ed. um málið hefði verið hið eina, sem frá þinginu kom. Jeg þakka þann eindregna stuðning við málstað minn, sem kemur fram í þessum tillögum. Þessar till., sem hjer eru fram komnar, sýna, að þegar jeg gaf út auglýsinguna í haust, hefi jeg haft að baki mjer fylgi margra harðsnúinna þm. í þessari deild.

Þessum till. ber það eitt á milli, að sú, sem er á þskj. 528, gengur miklu lengra. Og ef þessi deild væri ein, þyrfti ekki að spyrja að leikslokum. En eins og jeg gat um við 1. umr., hefir reynsla sýnt það hvað eftir annað, að Ed. er öðruvísi skipuð í þessu máli en Nd., og jeg get því ekki gert mjer vonir um, að þetta nái fram að ganga, þótt það gangi í gegnum þessa deild. Jeg vona, að málið komist fram, en jeg hefi enga von um, að Ed. gangi inn á brtt. 528. Enda verð jeg að játa, þótt jeg sje harðsnúinn í þessu máli, að brtt. Einars Árnasonar og landbn. er í fylsta samræmi við það, sem vísindin segja um, hvað langt skuli ganga.

Jeg vil þakka nefndinni og flm. brtt. 528 fyrir till., því að þær sýna, að það var ráðstöfun, sem þó hefir allmikið þingfylgi að baki, þegar jeg bannaði vörurnar í haust. Og jeg vil leggja áherslu á það, að málið fái afgreiðslu, því að frv. er undir öllum kringumstæðum til bóta, jafnvel eins og það kom frá Ed.

Hv. þm. Borgf., hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Reykv. spurðu um það, hvernig stj. ætlaði að haga sjer í undanþágunum, ef til kæmi. Því er fljótsvarað, að farið verður eftir tillögum dýralæknis um það.

Jón Auðunn Jónsson: Það fer svo hjer eins og vanalega, þegar um bann er að ræða, að menn vilja ganga mislangt. Virðist mjer mjög hafa kent

þess hjer, því það er rjett eins og sótthiti grípi suma, þegar minst er á bann. En jeg lít nú svo á í þessu máli, að hæstv. stj. hafi fulla heimild til að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til þess að hindra það, að gin- og klaufasýki berist til landsins, og jeg hjelt satt að segja, að hv. þingdeildarmenn mundu fullkomlega treysta hæstv. atvmrh. til að fara með þetta vald, jafneindreginn og hann hefir sýnt, að hann er í þessu máli. (**PO**: Hann er nú að linast). Já, jeg gæti nú hugsað, að fleiri mundu linast, ef þeir ættu að starfa að þessum málum. Menn fá meiri þekkingu og víðari sjóndeildarhring, er þeir fara að starfa að málunum, og af því get jeg hugsað mjer, að það stafi, sem hv. þm. Borgf. kallar, að ráðh. sje farinn að linast.

Þá vil jeg benda háttv. flm. till. á þskj. 528 á það, sem var tilefni þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, nefnilega það, að engar líkur eru fyrir því, að hætta sje á, að gin- og klaufaveiki berist með niðursoðinni mjólk. Þetta er nauðsynjavara fyrir sjómenn, sem ef til vill eru vikum saman úti í sjó og geta því ekki fengið nýja mjólk, þó til væri í landi. Sama máli er að gegna með egg. Það hafa engar líkur verið færðar fyrir því af mönnum, er nokkuð þekkja til, að hætta geti verið á því, að sóttkveikjur berist með þeim.

Meginástæða mín fyrir því, að vilja ekki setja fastákveðin lagaákvæði um það, hvað flytja megi inn og hvað ekki, er sú, að menn þekkja alls ekki til hlítar, hvernig veikin breiðist út, með hverju hún berst. Hún getur því borist með fleiru en hjer er talið. Þess vegna er það best fyrir framkvæmd þessa máls að fela stj. sem mest vald til þess að ákveða, hvað flytjast megi inn og hvað ekki. Hv. þm. Borgf. segir, að öll Norðurálfan sje smituð. En ef svo er, þá veit jeg ekki, hvað við eigum að gera við heimild til þess að leyfa innflutning frá ýmsum löndum. Þá væri rjettara að leyfa aðeins innflutning frá einhverju ákveðnu fylki í Bandaríkjunum, ef þau finnast þar ósmituð.

Það er vitanlegt, að í sjúkrahúsum hjer er mjög erfitt að fá þau egg, er læknar fyrirskipa, og stundum alveg ómögulegt. Jeg hefi af eigin reynslu kynst þessu, því í vetur þurfti jeg að útvega egg handa sjúklingi. Jeg gat vanalega ekki fengið meira en helming af því, sem jeg þurfti, 5—10 egg í mesta lagi, og það með miklum erfiðismunum.

Jeg sje enga ástæðu til þess að banna innflutning á eggjum, enda er nauðsynlegt að flytja þau inn, og það því fremur, sem bannað er að flytja inn fugla. Eða hvernig ætla þeir, er bæði vilja fjölga hænsnum og alifuglum í landinu, en þó jafnframt banna innflutning á þeim, að koma því fyrir? Flest þau egg, sem orpin væru í landinu, yrðu að ganga til þess að fjölga fuglunum, og ekki væri hægt að eta þau líka. Og hvað ætti þá að hafa handa sjúklingum og öðrum, er þurfa á eggjum að halda heilsunnar vegna?

Vitanlega kemur öllum saman um það, að sjálfsagt sje að gera nauðsynlegar ráðstafanir til hindrunar því, að þessi veiki berist til landsins. En eins og jeg hefi tekið fram áður, tel jeg best, að hæstv. stj. sje falið að sjá um framkvæmdir þessar og að hún hafi vald til þess að leyfa og banna.

Þá er það ekki lítill útgjaldaauki fyrir kaupstaðina, ef bannað verður alt það, sem talið er upp á þskj. 528. Jeg er sannfærður um, að það nemur hundruðum þúsunda kr. árlega. Og óneitanlega virðist það benda til þess, að verið sje að hugsa um eitthvað annað en að hindra það, að gin- og klaufaveiki berist til landsins, þegar banna á innflutning á niðursoðinni mjólk. Það er næstum því ómögulegt að ímynda sjer, að það sje gert í þeim tilgangi. Hv. þdm. hafa talað mikið um fagþekkingu í þessum efnum, en erlendis er það viðurkent, að menn vita í raun og veru ekki, hvernig veikin berst.

Háttv. þm. Borgf. var að tala um það, að hv. 2. þm. Rang. hefði verið utanlands fyrir skemstu og þá dvalið á heimili, þar sem var gin- og klaufasýki. Jeg spurði þá, hvort hann hefði verið sótthreinsaður eða einangraður, er hann kom heim. Þetta hygg jeg, að hafi ekki verið gert. Máske hefir hann verið talinn óhæfur til þess að flytja hana með sjer eða þessi skæða bakteria þrífist hvorki í honum nje á. Alt þetta sýnir, hversu mikið er á reiki í þessum efnum.

Eftir því sem hægt er að fá sjerþekkingu í þessum efnum, þá hefði þó hv. landbn. Ed. átt að hafa meiri sjerþekkingu yfir að ráða í þessu máli, þar sem sæti á einn allra lærðasti læknir landsins. Mjer finst því af öllu þessu jafnsjálfsagt að samþ. frv. eins og það kom frá Ed. eins og það er fráleitt að samþ. brtt. á þskj. 528. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Umr. frestað.

Á 58. og 59. fundi í Nd., 27. og 28. mars, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer skilst það vera samkomulag, til þess að málið fengi afgreiðslu til 3. umr., að allar brtt. sjeu látnar bíða þangað til; með því er deilumálum frestað, ef afgreiðsla málsins þarf ekki að tefjast að þessu sinni.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta er rjett, sem hæstv. atvmrh. tók fram, að því er snertir till. landbn., og lýsi jeg hjer með yfir því, að hún tekur sínar till. aftur til 3. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg vil af hálfu okkar, sem flytjum brtt. við þetta frv., lýsa yfir því, að það getur orðið samkomulag um að taka aftur till. til 3. umr. með því móti, að málið verði ekki tekið á dagskrá fyr en eftir páska. Því að svo stendur á, að tveir hv. þm. fara burt á morgun. En þess er vænst, að málið verði tekið fyrir strax upp úr páskum.

Forseti (BSv): Fyrir mitt leyti lýsi jeg yfir því, að jeg mun ekki taka málið á dagskrá fyr en eftir páska.

ATKVGR.

Brtt. 514 og 528 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 10., 11., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (397, 514, 528).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og hv. þdm. mun í fersku minni, var því hreyft við 1. umr. þessa máls, að Ed. hefði dregið til muna úr þeim öryggisráðstöfunum, sem í frv. fólust eins og það var lagt fyrir þingið. Deildin mun ennfremur minnast þess, að landbn. var mjög óánægð með þetta og flutti brtt. við frv., sem gengu í þá átt að herða aftur á ákvæðunum. Till. meiri hl. eru á þskj. 514, en till. eins nefndarmanns ásamt fleirum hv. þdm. eru á þskj. 528, og ganga þær nokkru lengra en till. meiri hl. nefndarinnar. Þessar till. voru teknar aftur við 2. umr. til 3. umr., til þess að atkvgr. gæti farið fram þá. Þetta skeði nokkru fyrir páska, og sýndist þá nægur tími til að lúka málinu, þó að það þyrfti að fara aftur til Ed., en nú horfir málið öðruvísi við.

Eftir því sem mjer er sagt, mun nú alveg komið að þinglausnum, og því litlar líkur til, að frv., sem þurfa hjer eftir að hrekjast milli deilda, geti orðið að lögum. Það er auk þess vitanlegt, að hv. Ed. er á gagnstæðri skoðun við þessa deild í þessu máli, eða a. m. k. landbúnaðarnefnd hjer, og eru því engar líkur til, að Ed. gangi að þeim brtt., sem hjer liggja fyrir, ef samþ. verða hjer.

Ef við því höldum fast fram þessum brtt. hjer í deildinni, eru ekki líkur til, að málið verði afgr. nema í Sþ., en það er nokkurnveginn víst, að þingi verður slitið áður en sá tími er liðinn, sem til þess þarf.

Meiri hl. landbn. telur því, að ekki sje nema um tvær leiðir að velja. Annaðhvort að samþ. frv. óbreytt nú eins og það kom frá Ed., svo að það geti orðið að lögum nú í dag, eða að stofna málinu í hættu með því að samþ. þessar brtt., og gæti þá afleiðingin orðið sú, að Ed. jafnvel feldi málið alveg.

Þrátt fyrir það, að meiri hluti landbn. er mjög óánægður með frv. í þeirri mynd, sem það nú er, og átelji harðlega meðferð hv. Ed. á því, þá telur hann þó betra að samþ. frv. eins og það er en að fá engin lög um þetta. Af þessum ástæðum læt jeg hæstv. forseta hjer með vita það, að meiri hl. tekur aftur brtt. sínar á þskj. 514. Jafnframt vil jeg taka það fram, að meiri hl. tekur sínar till. aftur í fullu trausti þess, að hæstv. atvmrh. noti þá heimild, sem honum er gefin í 3. gr., til að banna með auglýsingu innflutning á þeim vörum, sem hætta telst á að flytja inn.

Við viljum líta svo á, að hæstv. stj. hafi fengið allmikinn stuðning hjer í deildinni til að framfylgja þessu ákvæði, bæði í þeim ámælum, sem hv. Ed. hefir hlotið fyrir meðferð sína á málinu, og öðrum röddum, sem hjer hafa heyrst.

Það virðist alls ekki leika á tveim tungum, að sú skoðun sje ofan á hjer í hv. deild, að frekar beri að herða á en draga úr varúðarráðstöfunum gegn því, að þessi hættulega veiki berist til landsins.

Jörundur Brynjólfsson:* Síðan jeg talaði í þessu máli síðast er nú liðinn langur tími og hafa margir tekið til máls. Brtt. þeim, sem meiri hl. flytur hjer, hefir verið andmælt, og þó einna sterkast þeim, sem jeg flyt ásamt nokkrum hv. þdm. á þskj. 528. Menn hafa rökstutt andstöðu sína gegn brtt. okkar með því að halda fram, að engin hætta væri samfara innflutningi á þessum vörum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir gengið feti lengra en aðrir og haldið fram, að till. okkar hefðu ekki við neitt að styðjast. Þær væru annaðhvort bygðar á þekkingarskorti á málavöxtum, eða þá að eitthvað annað lægi á bak við. — Jeg mun nú síðar koma nokkru nánar að því, hvor okkar hefir meira til síns máls.

Málið hefir nú verið allrækilega upplýst af hálfu sjerfræðinga, og skal jeg leyfa mjer að vitna hjer til sömu sjerfræðinga og hv. 2. þm. Reykv. vitnar til, og athuga, hversu vel hann hefir farið með sínar heimildir. Jeg ætla þó fyrst að mótmæla því algerlega, að fyrir okkur vaki nokkuð annað en að verjast þeirri hættu, sem hjer vofir yfir. Hjal hv. þm. og fleiri um verndartollastefnuna læt jeg mig litlu skifta, en jeg skal bæta því við, að ef við teldum rjett að taka upp þá stefnu, þá mundum við hafa fulla einurð til að koma fram með hugmyndina ógrímuklædda.

Í brjefi því, sem sendiherra Dana hjer hefir sent stj., er komist svo að orði, að það vanti vísindaleg rök fyrir því, að nauðsynlegt sje að grípa til þessara ráðstafana. — Ennfremur er drepið á það, að lega landsins og staðhættir allir sjeu á þá leið, að ekki þurfi að óttast svo mjög, að veikin berist hingað, og að tilbúningur á mjólkurafurðum, smjöri, ostum o. s. frv., fari fram á þann hátt, að sýkingarhætta stafi ekki af þeim.

Þessar fullyrðingar, sem í þessu brjefi standa, hafa við lítið að styðjast, eins og jeg mun síðar sýna fram á. Í þessu brjefi er það talið nokkurnveginn víst, að Ísland liggi svo norðarlega, að þess vegna sje engin hætta á því, að veikin geri hjer vart við sig. Er þetta rökstutt með því, að veikinnar hafi ekki orðið vart fyrir norðan visst breiddarstig. Jeg býst við, að þetta hefði ef til vill ekki verið álitið ósennilegt áður en veikin barst til Noregs. En nú er veikin komin til Noregs, og hennar hefir ekki orðið þar vart fyr, svo menn hafi þekt. Reynslan hefir því skorið úr um þetta atriði, og er því ekki hægt að benda á þessi rök fyrir því, að veikin geti ekki þrifist á Íslandi. (**HjV:** Það var aðeins syðst í Noregi, að veikinnar varð vart). Já, satt er það að vísu, að hún varð aðallega skæð syðst, en þó virðist ekki betur en að hún hafi getað þrifist víðar. En Norðmenn gerðu strangar ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu hennar, og þó er það ekki víst, hvort þeim hefir tekist að taka alveg fyrir hana.

Það má vera, að það hafi tekist, en þó skal jeg ekkert fullyrða um það. Og það er afarfávíslegt, ef menn vilja byggja nokkuð á slíkum fullyrðingum sem þessum í svo mikilsvarðandi máli sem þetta er. Þetta, að veikin hefir ekki borist norðar, stafar efalaust af því, að vörur, sem sýkingarhætta

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

getur stafað af, hafa ekki flutst norðar.

Það hefir verið vikið að ýmsum öðrum atriðum í þessu brjefi, svo að jeg hirði ekki að fara nánar út í þau, en það er bersýnilegt, að þær ástæður margar, sem þar eru færðar fram, eru mjög lítils virði.

Þá kem jeg að því mikilvægasta atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. bygði á sinn dóm gagnvart okkur, og talaði um af slíkum myndugleik, að menn hefðu getað ætlað, að *hann* væri smiðurinn að þessum vísdómi. En satt að segja fanst mjer á ummælum hans, sem honum mundi annað hentara en vísindamenska í þessum efnum. Því að fyrsta skilyrðið fyrir vísindastarfsemi er, að menn sjeu aðgætnir. Hann vitnaði sem sje í rit yfirdýralæknis Dana sjer til stuðnings. En það er skemst af að segja, að þessi vísindamaður segir ekkert í þá átt, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir eftir honum.

Dýralæknirinn segir, að það sje *„ekki líklegt“* eða *„sennilegt“*, að veikin berist með mjólkurafurðum. Og hann færir það til sem ástæðu, að fyrst og fremst sje mjólkið „pasteuriseruð“, og ef gerlarnir dræpust ekki í þeim hreinsunareldi, þá mundi smjörsýran stytta þeim aldur mjög fljótlega. Hann staðhæfir ekkert. Hann segir, að það sje „ekki líklegt“ og „ekki sennilegt“, og viðvíkjandi gerilsneyðingunni segir hann, að *ef engin óhöpp komi fyrir*, þá eigi engin hætta að geta stafað af henni. Hann skírskotar til rannsóknarnefndar í Hollandi um það efni, og hafi hún komist að þeirri niðurstöðu. En það er sannað, að mjólk, sem hefir verið gerilsneydd, hefir sýkt frá sjer. Það er því ekkert hægt að fullyrða um það, hvort gerilsneyðing sje óyggjandi, enda er þessi dýralæknir svo varfærinn vísindamaður, að hann gerir það ekki, heldur segir hann, að ef engin sjerstök óhöpp komi fyrir, þá megi ætla, að svo sje.

Þá er eftir hitt atriðið, að sýring eða gerjun í smjöri drepi gerlana. — Þessi vísindamaður staðhæfir ekki heldur neitt um það atriði, enda er það eðlilegt, að ekki sje gott að ábyrgjast neitt í því efni. Það, sem hann segir um þetta atriði, er það, að það sje *mjög sennilegt* eða *mjög líklegt*, að þessar sóttkveikjur drepist við sýringu í smjöri. Þá talar hann einnig um osta og ostagerð, og það staðhæfir hann, að til osta sje ekki einungis notuð gerilsneydd mjólk, heldur og ógerilsneydd. En hann segir hinsvegar alls ekki meira um sýkingarhættuna en hann sagði áður um hana í smjöri, því að hann segir aðeins, að það sje *sennilegt*, að sóttkveikjur í sýktri mjólk drepist fljótlega sökum efnabreytinga í osti.

Þá víkur hann að því í niðurlagi brjefsins, að ef Íslendingar ætli að gera þessar ráðstafanir svo harðar sem ráðuneytið gerði í haust, þá megi þeir búast við því að verða að einangra sig lengi, því að veikin sje mjög útbreidd um Evrópu.

Þetta segir þessi vísindamaður, og skal jeg ekki dæma það hart, þótt hann segi þetta síðasta, en jeg álít, að það sje vissulega okkar, en ekki hans, að gera það upp við okkur, hvaða erfiðleika við viljum leggja á okkur í þessu efni.

Þetta er þá það helsta, sem máli skiftir hjer í skrifum þessa vísinda-

manns, og get jeg sagt það, að þar er hvergi sagt meira en jeg hefi nú frá skýrt. Það brjef, sem jeg hefi vitnað í, er skrifað í janúar þ. á.

Í raun og veru hefi jeg þá andmælt öllu, sem fram hefir komið gegn till. okkar í þessu máli, því að andstæðingar okkar færðu það eitt til stuðnings sínu máli, að það stafaði engin hætta af innflutningi þessara vara. Og þeir vitnuðu aðeins til þessa eina manns, og að því er mjer sýnist, hafa þeir lagt miklu meira í orð hans en þau gáfu tilefni til. Því sje jeg ekki ástæðu til að andmæla frekar því, sem enn hefir komið fram gegn tillögum okkar. Menn verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja leggja nokkuð á sig til þess að komast hjá þessari veiki með innflutningsbanni á þessum vörum og þeim óþægindum, sem altaf hljóta að leiða af slíkum höftum á viðskiftalífi manna. Meti menn það meira en öryggi alls búpenings í landinu, sem getur verið í hættu, ef allrar varúðar er ekki gætt, þá eigi þeir það við sjálfa sig.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði fleiri atriði að umtalsefni í sambandi við þetta mál, en jeg held, að jeg geti sparað mjer að rekja það alt, því að jeg hefi nú drepið á helstu atriðin. Hann kvað ekki geta stafað mikla hættu af innflutningi á kartöflum, því að sýktir gripir mundu ekki ganga um kartöflugarðana. Og margt fleira sagði hann á ámóta þekkingu bygt. Auðvitað þarf ekki að óttast það, að menn láti sýkta gripi ganga um kartöflugarða, en hættan liggur í því, að áburður frá sýktum húsdýrum er borinn í garðana, og af honum stafar hættan, en ekki frá gripunum sjálfum. Gífuryrðum hv. þm. og brígslum í okkar garð, m. a. um það, að við vildum með þessu koma á verndartollum o. s. frv., hirði jeg ekki að svara. Slíkar fullyrðingar og gífuryrði og brígsl um fáfræði og illar hvatir sæma ef til vill honum og hans fylgjurum. (**ÓTh:** Jeg er alveg sammála honum í þessu máli. — **MJ:** Og jeg sömuleiðis). Já, einsdæmin eru verst. Annars óska jeg þessum hv. þm. hjartanlega til lukku með samfylgdina.

Jeg held, að jeg geti þá skilið við hv. 2. þm. Reykv., því að jeg hygg, að nú hafi verið kollvarpað öllu, sem hann sagði. Annars get jeg tekið undir þá ósk hans, að hv. deild hugsi sig um tvisvar áður en hún afgreiðir þetta mál.

Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. Vestm., sem jeg sje ástæðu til að víkja dálítið að. Hann hafði eftir mjer, að ekki væri hægt að segja með vissu, hvenær sýkingarhætta væri úti, þar sem veikin hefði gert vart við sig. Þess vegna yrði slíkt bann gagnvart sýktum löndum að gilda — altaf eiginlega. Þetta er aðeins hártogun. Jeg ætlaði mjer auðvitað ekki að segja um það, hvenær mætti upphefja slíkt bann. Jeg ætlaði það mjer fróðari mönnum. En um það verður auðvitað að dæma fyrst og fremst eftir reynslunni. En að allrar varúðar og öryggis sje gætt þangað til slíkt bann sje upphafið, það vil jeg, og mjer finst, að ekki hefði þurft að skýra jafneinfalt mál og þetta fyrir hv. þm. Vestm. nje öðrum.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta mál að þessu sinni, en jeg verð að segja það, að mjer þykir það leiðinlegt, ef hv. Nd. ætlar að heykjast

svo á þessu máli, að hún geri engar frekari ráðstafanir en Ed. hefir gert.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi orðið þess fullkomlega var við 2. umr. þessa máls, að nokkrir þeirra manna, sem allfast hafa haldið á því að undanförnu að gera öruggar ráðstafanir til þess, að gin- og klaufaveiki bærist ekki til landsins, væru nú farnir að slaka allmjög til á þessu máli. En jeg verð þó að segja það, að mjer þótti skörin heldur færast upp í bekkinn, þegar kemur yfirlýsing um það frá meiri hl. landbn., sem flutt hefir hjer brtt. í deildinni, sem eru þó, ef vel væri á haldið, til allmikilla bóta á frv. frá því, sem það var afgr. í hv. Ed., að hún ætli nú að taka þessar brtt. sínar aftur og samþykkja frv. óbreytt eins og það gekk í gegnum Ed. Jeg segi það satt, að jeg var alveg undrandi yfir þessu, og svo yfir þeirri ástæðu, sem var færð fram fyrir því, því að hún var, hreinskilnislega sagt, einskis virði. Það var sá argasti kattarþvottur, sem verið hefir á nokkru máli, því að þótt málið verði afgreitt hjer í dag, þá getur það komist til umræðu og afgreiðslu í Ed., og það meira að segja afbrigðalaust. Og eftir því, sem jeg hefi aflað mjer upplýsinga um Ed., þá mun hafa orðið nokkur breyting á afstöðu manna til málsins, svo að ekkert þarf að óttast um afgreiðslu þess þar. Þetta er aðeins grýla, sem verið er að nota hjer á þingmenn deildarinnar, alveg eins og önnur grýla hefir stundum verið notuð til að hræða óþekka krakka með. Eins nær það heldur engri átt, að hv. Ed. taki þá ábyrgð á sig að fella málið á þessu stigi, svo að jeg vænti þess og veit það, að þetta er eitthvert fljótræði, sem hjer er á ferðum, og jeg vænti þess, að við nánari athugun þessa máls muni hv. frsm. meiri hl. (BSt) bera sig saman við meðnefndarmenn sína og taka þessa yfirlýsingu aftur og halda fast við sínar brtt.

Jeg ætla svo að tala nokkuð almennt um þetta mál. Eins og þetta mál hefir legið fyrir hjer á undanförnum þingum, þá hafa verið, eins og nú, nokkuð skiftar skoðanir um það. Þannig er það, að eiginlega flestir bændur þingsins, og nokkrir menn þar fyrir utan, hafa haldið fram nauðsyn þess að gera öflugar varnir í þessu máli. Hinsvegar hefir fulltrúum kaupstaðanna þótt bændurnir ganga of langt í sínum tillögum um þessar varnir og hafa verið að kveinka sjer yfir því, að þessar varúðarráðstafanir kæmu ef til vildi of hart niður á kaupstaðabúum. En nú hefir þriðji aðilinn skotið upp höfðinu í þessu máli, og það er sá maður, sem á að gæta hagsmuna danska ríkisins hjer á landi. Það liggur hjer fyrir framan mig heill bunki af mótmælaskjölum frá dönsku stjórninni gegn þessum ráðagerðum, og það er alla vega fram fært af hennar hálfu og allar upphugsanlegar leiðir farnar, bæði opinber brjef, og auk þess er yfirdýralæknirinn danski látinn skrifa mönnum hjer „prívat"-brjef, og svo eru send eftirrit af þeim, bæði sem „prívat"-brjef og opinber brjef. Það, sem tilfært er í þessum brjefum, er það, að þau mótmæla al-

gerlega þessum ráðstöfunum og telja þær ýmist óþarfar eða þá að aðaláherslan er lögð á það, að með þessu sje gengið í berhögg við danska hagsmuni, ekki aðeins þannig, að Danir tapi viðskiftum hjer á landi, heldur muni þetta og leiða til þess, að aðrar þjóðir, sem þeir skifta við, muni taka upp slíkar ráðstafanir, og þar sem sambandsland Danmerkur grípi til slíkra ráðstafana, megi nærri geta, hvað önnur lönd, sem ekki sjeu í neinum tengdum við Dani, muni gera.

Jeg mintist á „prívat"-brjef áðan. Jeg hefi náð í eitt af þeim, þótt mörg kunni að vera, og af því að það bregður upp ljósi yfir það, hvernig farið er að í þessu máli, þá hefi jeg gert útdrátt úr því, sem jeg ætla að lofa þingheimi að heyra, svo að það komist í þingtíðindin.

Þetta brjef er frá dýralækni prof. Jensen, sem mönnum er nokkuð kunnur hjer á landi, til Hannesar Jónssonar dýralæknis, enda hefir áður verið vitnað í það. Prófessorinn byrjar með því að óska þessum starfsbróður sínum gleðilegs nýárs, því að brjefið er skrifað í janúar síðastl., og óskar þess mjög innilega, að honum megi hepnast að vinna landi sínu mikið gagn og mikinn sóma. Svo fer hann að brýna það fyrir starfsbróður sínum, að erfitt sje að hafa á hendi tillögur um opinberar framkvæmdir, sjerstaklega þegar það varði viðskifti við önnur lönd, og þó einkum þegar svo standi á eins og nú með Danmörku og Ísland, og ef til vill fleiri lönd. Hann segist viðurkenna, að nauðsyn beri til að standa á móti því, að gin- og klaufaveikin berist til Íslands.

Kveðst hann viðurkenna, að nauðsyn sje á varúðarráðstöfunum gegn veikinni í Noregi, Færeyjum og á Íslandi, en þó beri nauðsyn til að standa á móti ráðstöfunum, sem sjeu ónauðsynlegar, og því fremur, þar sem Danir setji ekki slík höft á innflutning frá löndum, sem þeir selja vörur.

Þessi síðustu ummæli prófessorsins eru næsta eftirtektarverð. Þótt Danmörk sje gersmituð af veikinni, en við lausir við hana, telur hann ekki ástæðu til, að við förum aðrar leiðir en Danir til að verjast henni.

Þá segist prófessorinn hafa orðið alveg undrandi yfir banninu gegn innflutningi á smjöri, osti og eggjum, þar sem gin- og klaufaveikifaraldurinn, sem geisað hafði í tvö ár, hafi þá verið um garð genginn. Þetta er skrifað 5. jan., en í febrúar gýs veikin upp aftur, svo að sjá má af því, hve innflutningur á slíkum vörum hefir þá verið orðinn hættulaus. — Prófessorinn segir því næst, að þessar ráðstafanir sjeu sprottnar af óþarfa varfærni. Þó færir hann Hannesi Jónssyni það til málsbóta, að þar sem hann sje nýr í ráðunautsstarfinu, muni hann ekki hafa haft næga festu eða þrek til að standa á móti þessum aðgerðum stjórnarinnar, sem ekki verði staðfestar af dýrafræðilegri reynslu. — Þetta getur nú kallast föðurleg áminning. — Síðan segir prof. Jensen, að að vísu hafi þessar ráðstafanir ekki stórvægilega þýðingu fyrir Dani að því er viðskiftin við Íslendinga snertir, en þær geti valdið og hafi þegar valdið óþægindum fyrir Danmörku í viðskiftum við önnur ríki, sem líta á bannið sem vantraust til Dana og nota bannið Dönum til óhagræðis.

Þessu næst vill prófessorinn leiða

athygli að því, hve gerilsneyðingin sje örugg sóttvarnarráðstöfun. Segir hann, að Englendingar hafi ekkert gert til að hindra innflutning á dönskum landbúnaðarafurðum og Norðmenn hafi heldur ekki bannað innflutning á smjöri, enda þótt þeir hafi að sínum dómi lagt á ósanngjörn innflutningsbönn á grænmeti o. fl.

Hjer kemur hið sama fram og áður hjá prófessornum, að ekki sje fremur ástæða til að viðhafa ráðstafanir þar, sem veikin er ekki, heldur en þar, sem hún er og hefir geisað um langan tíma.

Um ostinn segir hann, að þótt draflinn innihaldi eitthvað af sýklum, þá drepist þeir brátt við gerðina í ostinum, eða áður en osturinn fer á markaðinn. Auk þess hljóti jafnan að vera að ræða um mjög hverfandi magn af sýktri mjólk til mjólkurbúanna, þar sem ekki er tekið á móti mjólk frá sýktum heimilum. Verði því að álykta, að ekki sje hætta á, að veikin berist með osti frá Danmörku til Íslands.

Að því er egg snertir, þykir honum ekkert athugavert við það, þótt egg sieu flutt frá Danmörku til Íslands á þeim tímabilum, sem veikin geisar ekki í Danmörku, ef búið er um eggin í trjemjöli, eins og gert er, þegar egg eru flutt út þaðan.

Um aðrar vörur, sem bannaður er innflutningur á, segir hann, að þær hafi minni þýðingu (fyrir danska hagsmuni auðvitað), og því skifti þær sig minna.

Því næst segir prófessorinn eitthvað á þessa leið:

„Um leið og jeg leyfi mjer að senda yður þetta langa brjef, legg jeg mikla áherslu á, að þjer gerið, við nýja athugun út af málaleitun dönsku stjórnarinnar til hinnar íslensku, þegar Alþingi kemur saman í janúar, tilraun til að slá niður þeirri óþörfu hræðslu við að gin- og klaufaveikin berist til landsins, sem felst í þessum ráðstöfunum, sem jeg ætla, að sjeu uppvaktar fyrir ummæli norskra blaða".

Svo bendir hann á, að eins standi á um Færeyjar og Ísland, að veikin sje ekki enn komin þangað, og ætti því Íslendingum ekki að vera vandara um en Færeyingum.

Um þetta atriði segir hann:

„Þótt bæði danska landbúnaðarráðuneytið og yfirstjórn dýralækninganna í Danmörku finni til ábyrgðarinnar gagnvart Færeyjum, hefir þó verið talið verjandi — og jafnvel þegar gin- og klaufaveikin geisaði mest hjer í landi — að takmarka svo bannið, að það næði eingöngu til lifandi og slátraðra alidýra, heys, hálms og notaðra fóðursekkja".

Þó, segir hann, hefðu Færeyingar ekki orðið síður hart úti en Íslendingar hlutfallslega, ef veikin hefði borist þangað.

Út af þeirri ábyrgð, sem próf. Jensen segir, að danska stjórnin finni til gagnvart Færeyjum, get jeg ekki stilt mig um að minna á, að á stríðsárunum urðu Færeyingar að bjargast upp á eigin spýtur, eins og við, og nutu einskis góðs af sambandinu við Dani. Til þess að verða ekki hungurmorða, sigldu þeir þá skútum sínum hingað til Íslands til að sækja sjer matföng. Af góðum vilja en lítilli getu var þeim miðlað nokkru af nauðsynjum. En Færeyingar urðu að sigla skipum sínum yfir ófriðarsvæðið, svo að Englendingar tóku þau og fóru með þau

til Kirkwall til rannsóknar þar. Fóru Færeyingar fram á, að danska stjórnin gengist í það við Englendinga, að þeir fengju að sigla skipum sínum óhindrað milli Íslands og Færeyja. Danska stjórnin veitti þeim enga áheyrn, og urðu þeir því að útvega sjer leyfið sjálfir. En það var ekki nóg með, að danskir embættismenn neituðu Færeyingum allri aðstoð sinni í þessum málum, heldur var skipuð rannsóknarnefnd, sem sat í nokkur ár, til að rannsaka þetta ódæði Færeyinga. Var þess krafist, að lögþingsmenn þeir, er gengust fyrir því að ná samkomulagi við Breta um siglingarnar, mættu fyrir rjetti í Danmörku. Þeir neituðu að fara, og þar með fjell málið niður. — Þetta nægir til að sýna, til hve mikillar ábyrgðar Danir finna gagnvart Færeyingum, þegar þeim liggur mest á.

Þá segir próf. Jensen, að því hafi verið haldið fram gagnvart danska sendiráðinu á Íslandi, að vísindin vissu ekki upp nje niður um gang og smithættu gin- og klaufaveiki, en þetta sje með öllu rangt. — Það er rjett, að menn vita nokkuð um veikina og hvernig hún hagar sjer, en þó ekki nóg, þar sem bakterían er enn ófundin. Prófessorinn segir, að slíkar staðleysur byggist á „ábyrgðarlausum blaðaskrifum". Ekkert dularfult sje við gang veikinnar. „Það er því örugt að fara eftir staðreyndum, í stað þess að fara að gera víðtækar ráðstafanir, sem byggðar eru á ímynduðum möguleika".

Þannig endar þetta merkilega brjef. Jeg hefi rakið þau atriði þess, sem mestu máli skifta. Vænti jeg, að menn finni andann í því og kannist við hann, a. m. k. þeir, sem sögufróðir eru. Í þessu brjefi er því haldið fram, að gerilsneyðingin sje svo örugg, að ekki sje hætta á, að smjör og ostur beri veikina. En fróðlegt er að sjá, hvaða trú prófessor Jensen hefir á gerilsneyðingunni, þegar hann er að gefa Dönum, löndum sínum, ráðleggingar. Virðist þar skjóta allskökku við það, sem hann prjedikar fyrir Íslendingum í þessu brjefi sínu. Mun jeg, með leyfi hæstv. forseta, vitna nokkuð í fyrirlestur þann eftir próf. Jensen, sem Hannes Jónsson dýralæknir þýðir kafla úr í ritgerð sinni um gin- og klaufaveikina. Eins og gefur að skilja, verður hr. Hannes Jónsson að ábyrgjast þýðinguna.

Jeg vil þá fyrst benda á þessi ummæli prófessorsins í þeim fyrirlestri:

„Í sjerhverjum gin- og klaufaveikisfaraldri, hvort heldur hann er stór eða lítill, taka menn iðulega eftir tilfellum, sem meðal annars einkenna sig við það, að þveröfugt við það, sem venjulegast á sjer stað, brýst nú sýkin út á kálfunum og svínunum og ennfremur breiðir hún sig út á örstuttum tíma, eingöngu eða aðallega á þeim bæjum, sem senda mjólk til sama mjólkurbús. *Smitunin orsakast af því, að mjólk úr veikum kúm er send til mjólkurbúsins og gerilsneyðingin er ófullkomin (hitinn á að vera 90° á C.)*, eða þá af því, að brugðið er út af fyrirmælum um flutning og meðferð mjólkurinnar í mjólkurbúunum".

Þá nefnir hann þess dæmi, að brugðið hafi verið út af settum reglum um meðferð mjólkur:

„Á einu af okkar allra stærstu mjólkurbúum braust gin- og klaufaveikin út meðal 5 viðskiftamanna á

1—2 dögum og byrjaði hjá þeim öllum í kálfunum og svínunum. Ónóg gerilsneyðing hafði það í för með sjer á einni af okkar minni eyjum, að sýkin braust út hjá hjer um bil helmingnum af viðskiftamönnunum á örfáum dögum, og hjá allflestum þeirra byrjaði veikin í kálfunum og svínunum. Á einu af mjólkurbúunum á Jótlandi bilaði vjelin, og af því leiddi, að þann dag var ekki hægt að gerilsneyða nema nokkurn hluta mjólkurinnar. Formaður mjólkurbúsins límdi þá miða á föturnar og skýrði mönnum frá því, að sjóða þyrfti mjólkina. Flestir viðskiftamennirnir gerðu það ekki, *og afleiðingin varð sú, að 27—28 heimili fengu veikina.* Maður nokkur tók fyrst eftir miðanum, þegar hann var búinn að gefa einum kálfinum af mjólkinni, en sauð hana svo, áður en hann gaf hinum skepnunum hana. Eftir fáeina daga fjekk kálfurinn gin- og klaufaveiki og smitaði svo hinar skepnurnar. — Eitt einasta tilfelli af veikinni, sem kom fyrir á Skáni síðastl. sumar, gerði það að verkum, að sýkin breiddist út frá mjólkurbúinu og var búin að smita rúmlega 20 býli, áður en menn áttuðu sig á, að gin- og klaufaveiki væri komin til Svíþjóðar."

Svona reynist þá gerilsneyðingin, sem próf. Jensen leggur mest upp úr í brjefi sínu. Og hann segir ennfremur í fyrirlestri sínum:

„Hættan af smitdreifingu frá mjólkurbúunum er ákaflega mikil, jafnvel þótt sýnd sie árvekni, skilningur og aðgæsla af öllum hlutaðeigendum. En auðvitað margfaldast hættan, ef skilning vantar og trassaskapur er ráðandi".

Því næst segir próf. Jensen:

„Fyrir yfirvöldin er það þess vegna mjög alvarlegt að gefa leyfi til að flytja mjólk úr sýktum kúm til mjólkurbúanna, til að spara fje ríkissjóðs. Jafnvel þótt fullkomlega mætti treysta atbeina mjólkurbúanna, myndi ómögulegt að hindra smitdreifingu að svo vöxnu máli, en því miður sýnir reynslan, *að fjöldi mjólkurbúa rækir ekki skyldur sínar,* en reynir eins og mögulegt er, í þetta skifti á einu sviði, í annað skifti á öðrum sviðum, að komast framhjá fyrirmælum yfirvaldanna".

Hjer bendir próf. Jensen til þess, að danska stjórnin kveinki sjer við að leggja fram fje til að efla sóttvarnarráðstafanir.

Þetta, sem hjer hefir verið tilfært, er þýðing á kafla úr fyrirlestri eftir próf. Jensen, og má af því sjá, hvaða trú hann hefir í raun og veru á gerilsneyðingunni, þar sem hann vill ráða löndum sínum heilt.

Þá kemur enn fleira til greina í þessu sambandi, sem jeg held, að sje ekki úr vegi að rifja upp aftur, úr því að hugir manna eru enn á reiki um það, hvort forða skuli búpeningi landsmanna frá gin- og klaufaveikidauða eða ekki. Þótt veikin sje um garð gengin, getur smithætta verið mikil eigi að síður. Þótt dýrin sieu heilbrigð orðin, geta þau verið smitberar. Gin- og klaufaveikisýklar geta lifað lengi utan dýranna.

Það er því rjett að víkja nokkuð að því, sem Hannes Jónsson segir um næmi veikinnar í bæklingi þeim, er jeg held á. Því hefir verið haldið fram, að þótt sýklar væru utan á eggjum, dræpust þeir bráðlega, af því að sýklarnir

lifðu ekki á þurrum stað. Um þetta atriði segir Hannes dýralæknir:

„Oft virðist smitiefnið þola illa þurk eða uppþornun; þó er mótstöðukraftur þess mjög mismunandi og fer það öðrum þræði eftir efninu, sem uppþurkað er, en að hinum eftir því, hve hröð uppþornunin er og hve mikil. Stundum eyðilegst smitiefnið mjög fljótt við þurkun, *en í öðrum tilfellum er það lifandi og smithæft mánuðum saman.* Tilraunir með hálm og hey hafa leitt í ljós, að smitiefnið getur haldið sjer lifandi og sýkingarfæru í þeim í 5 mánuði eða lengur. — — — — Kulda þolir þetta sýkiefni, eins og mörg önnur sýkiefni, ágætlega og getur lifað mjög lengi í frosnu ástandi".

Jeg bið menn að athuga þessi ummæli dýralæknisins vandlega. Enn er ein alveg ný ástæða til að sýna meiri varkárni og beita strangari varúðarráðstöfunum en áður, og það eru hinar beinu ferðir milli Íslands og Þýskalands, því að eftir því sem sunnar dregur verður veikin magnaðri og hættulegri. Um þetta segir Hannes dýralæknir:

„Jeg vil þá fyrst minna á og undirstrika, að síðustu áratugina hefir hjer í álfu altaf liðið styttra og styttra á milli gin- og klaufaveikifaraldranna, að sýkin er sem stendur orðin landlæg í mestallri Mið-Evrópu, að Danir, Svíar og Englendingar hafa enn ekki getað útrýmt henni. Óhætt er að líta svo á, að smithættan aukist að sama skapi sem sunnar og austar dregur í álfuna. Í sambandi við þetta vil jeg benda á, að við höfum fengið örar og beinar ferðir til og frá Þýskalandi og að samgöngur okkar við nágrannaþjóðirnar hafa stórum aukist. Örar, beinar og hraðar ferðir hafa flutt sjúkdóminn miklu nær okkur en nokkru sinni áður, auk þess sem smithættan er nú jafnmikil og hún hefir verið mest, þar sem sum ríkin eru að gefast upp við sóttvarnarráðstafanir gegn sýkinni".

Á dýralæknirinn hjer einkum við Þýskaland. Því næst segir hann — og vil jeg enn brýna fyrir mönnum að taka vel eftir:

„Kem jeg þá að því, hvað við getum og eigum að banna. Rökrjett hugsun finnur brátt ákveðna merkilínu í þessu máli. Heilbrigð skynsemi hlýtur strax að viðurkenna, *að þær vörur, sem beinlínis eru afurðir þeirra dýra, sem næm eru fyrir sýkinni, og þær vörur eða hlutir, sem hráfalt eru í beinni snertingu við alidýr eða affall frá alidúrum,* hljóta að vera langsamlega hættulegastar".

Af þessu leiðir, að þær vörur, sem brtt. gera ráð fyrir að banna, eins og stjórnin gerði á síðastl. hausti, hljóta allar að vera stórhættulegar. Þótt jeg muni síðar minnast á ummæli ýmsra hv. þm. um þessar brtt., þykir mjer rjett að geta þess nú þegar, að hv. 2. þm. Reykv. þóttist lesa út úr bæklingi Hannesar dýralæknis, að egg væru óskaðleg. Þetta hefir hann víst þótst finna á bls. 183, þar sem upp er talið hey, hálmur, rófur, kartöflur og annað hraðvaxið grænmeti, og svo *afurðir þeirra dýra, sem móttæk eru fyrir veikina*, t. d. nýjar sláturafurðir, ull, hár, fiður o. s. frv.

Nú eru hænsni á meðal þeirra dýra, sem móttæk eru fyrir veikina. Vil jeg og í þessu sambandi benda á það, sem sagt er um eggin í greinargerðinni fyrir þessu frv. Það er fróðlegt að bera það saman við það, sem próf. Jensen

segir í brjefi sínu, þar sem hann er að prókúrera fyrir dönskum hagsmunum, um það, að veikin berist ekki með eggjum. Í greinargerðinni segir svo um eggin:

„Egg er sú vara, sem ekki er hægt að sótthreinsa nema með suðu, ef aðeins eru taldar þær leiðir, sem kleifar eru kostnaðar vegna".

Eftir þessu er ekki örugt að flytja inn egg, nema soðin, og þó því aðeins, að gin- og klaufaveikibakterían hafi ekki að þeim komist eftir suðuna. Þetta og margt fleira má færa því til sönnunar, að þessi vara er hættuleg og að innflutningur á henni geti haft í för með sjer, að búpeningur landsmanna, sem árið 1925 var metinn á 40 miljónir kr., verði lagður í rústir. Þegar farið er fram á meiri og strangari varnir hjer en annarsstaðar, er rjett að benda á það, að þar, sem þessum vörnum hefir ekki verið beitt, hefir afleiðingin orðið sú, að gin- og klaufaveikin hefir borist þangað. Jeg held, að þetta, sem jeg hefi tilfært, sje nóg til þess að sýna fram á, að það er ekki rjett, sem hæstv. forsrh. sagði, að við stæðum á grundvelli staðrevndanna og vísindanna, þó að við gæfum undanþágur. Vitanlega verða þær ekki veittar nema í því skyni, að þær eigi að nota. Nei, þá fyrst stöndum við á grundvelli vísindanna og staðrevndanna, ef við bönnum innflutning á öllum þessum vörum.

Jeg skal ekki fara mikið út í það að drepa á þær umr., sem urðu um þetta mál við 2. umr. Þá varð það að samkomulagi að láta allar umr. falla niður til 3. umr. Fjellu þó mörg orð þá, er ástæða hefði verið til að hrekja. En með því, er jeg hefi nú sagt, þykist jeg hafa slegið niður þær ástæður, er bornar hafa verið fram gegn því að gera varnirnar svona strangar. — Tvent er það, sem nokkrir þm. hafa aðallega borið fram gegn þessum vörnum, og hafa þeir látið heita svo, sem þeir bæru þar hag kaupstaðanna fyrir brjósti. Í fyrsta lagi, segja þeir, er kaupstöðum neitað um of mikið af vörum, ef þetta bann kemst á, og í öðru lagi mundu þær vörur, er fáanlegar yrðu, hækka alt of mikið í verði. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að síðan algerlega var bannaður innflutningur á nokkrum vörum, sem einnig eru framleiddar hjer, hafa þær lækkað í verði. T. d. hefir smjör lækkað um kr. 1,50 pr. kg. Þetta held jeg sje nægilegt til þess að sýna, að fullyrðingar þeirra, er standa á móti þessu banni af þessum sökum, eru ekki á neinum rökum bygðar. Þetta er bara fyrirsláttur hjá þeim og því slegið fram beinlínis á móti betri vitund. Einn hv. þm., jeg man nú ekki, hver það var, sagði hjer um daginn við 2. umr., að ef bannaður yrði innflutningur á eggjum, þá mundi það hafa þær afleiðingar, að næstu 2—3 árin yrðum við að láta öll hænsni, sem munu vera um 30 þús. í landinu, unga út öllum eggjum, sem til fjellu, til þess að nægur hænsnastofn fengist handa landinu. Jeg hefi nú að gamni mínu athugað þetta, til þess að geta sýnt fram á, hvaða vitleysur og fjarstæður menn fara með í þessum efnum. Niðurstaða mín af þessari athugun hefir orðið sú, að þó hænsnin væru ekki látin unga út nema í 2 ár, og hefi jeg þó gert ríflega ráð fyrir van-

höldum, þá væri hægt að framleiða á 3. árinu um 600 milj. eggja. Nú munu vera flutt inn árlega 300—400 þús. egg, svo af þessu sjest berlega, hvaða fjarstæðu menn leyfa sjer að fara með í þessum efnum og hvaða hugmyndir reynt er að breiða út um afleiðingarnar, sem þetta bann mundi hafa í för með sjer. Jeg held, að jeg fari nú samt ekki frekar út í það, sem sagt var við 2. umr. þessa máls. Ef málið verður rætt áfram, þá verður hægt að gera það, og það ef til vill rækilegar; en eins og nú standa sakir sje jeg ekki ástæðu til þess. Aðeins vildi jeg drepa á nokkur atriði í ræðu hv. þm. Vestm., — já, hann er nú því miður ekki viðstaddur. Er það og svo um fleiri þá hv. þm., er fastast stóðu á móti þessu máli við 2. umr., að þeir láta nú ekki sjá sig. Finst þeim líklega, að það sje nú svo örugt orðið, að vilji þeirra verði ofan á um það, að ekki verði samþ. alt of strangar ráðstafanir, að nærvera þeirra við umr. sje ekki nauðsynleg. Þykjast þeir nú víst hafa fengið vind í seglin og ætla sjer nú að sigla þessum gagnslausu ráðstöfunum, sem eru í frv. eins og það er nú, fullum seglum gegnum þingið.

Hv. þm. Vestm. (JJós) vildi halda því fram, að ekki væri unt að fá nægilegt hey hjer nema með því móti að sækja það austur yfir Íslands ála til Noregs. Er þetta allundarleg skoðun, því vitanlegt er, að hjer á landi er víða framleitt og ennþá víðar hægt að framleiða meira hey en notað er í þeim bygðarlögum og nóg hey á boðstólum. Það kemur greinilega fram í þessu sá leiðinlegi og skaðlegi hugsunarháttur — jeg vil segja uppskafningshugsunarháttur — að vilja endilega kaupa alt eða sem mest frá útlöndum, og það þó hægt sje að fá þessar nauðsynjar betri og ódýrari framleiddar í landinu sjálfu. Út af því, sem þessi sami þm. sagði um kartöflurnar, er það að segja, að það stafar aðeins af sleifarlagi á þjóðarbúskapnum, að nokkuð skuli þurfa að flytja inn af kartöflum, því aðstæður eru hjer víða ágætar til þess að rækta þær. Samt álít jeg þó ekki gerlegt að banna alveg innflutning á kartöflum nú, enda mun síður ástæða til þess að ætla, að jafnmikil hætta stafi af þeim eins og t. d. af mjólkurafurðum og eggjum, sem geta verið afurðir sýktra dýra. En ef innflutningsbann á kartöflum gæti orðið til þess, að lögð væri meiri stund á að rækta þær, fæ jeg ekki sjeð, að það væri neinn þjóðarskaði skeður, þó slíkt væri gert. Á jeg þar ekki sjerstaklega við þá, er hafa kartöflurækt að atvinnugrein, heldur og þá, er rækta þær til eigin afnota. Hjer er því ekki hægt að tala um, að verndartollapólitík liggi að baki þessu. Hefir því þó óspart verið haldið á lofti, að þessar innflutningshindranir væru ekkert annað en grímuklæddir verndartollar. En vitanlega nær það engri átt. Hætta sú, er búin er bústofni landsmanna, ef gin- og klaufasýkin berst hingað, er svo geigvænleg, að hún rjettlætir það fyllilega, þó slíkar ráðstafanir sjeu gerðar.

Jeg sagði í upphafi máls míns, að hingað til hefðu aðallega komið fram tveir aðiljar í þessu máli, en nú væri þriðji aðilinn kominn til sögunnar, sem er umboðsmaður dönsku stjórnarinnar hjer. Og er það sýnilegt af öllum veðurmerkjum, að fast er fylgt á eftir

úr þeirri átt. En jeg verð að segja það, að jeg vonast eftir, að það verði ekki hlutskifti Alþingis, að hægt verði að segja um það, að það skríði undir klæðafald danskra hagsmuna. Að lokum skal jeg endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að ástæða sú, er hv. frsm. landbn. færði fyrir hringsnúningi meiri hl. nefndarinnar í þessu máli og fyrir því að hún tók aftur brtt. sínar, er engin ástæða. Þingi verður hvort sem er ekki slitið fyr en á miðvikudag, svo nægur tími hefði verið til þess að ganga frá málinu, þótt það færi til Ed. Og jeg lít svo á og geng út frá því sem sjálfsögðum hlut, að ekki ríki þvílíkt ábyrgðarleysi í Ed. um hag þjóðarinnar, að hún hefði látið sjer sæma að fella frv., þótt þessar brtt. hefðu verið samþ. hjer og frv. því orðið að fara aftur til Ed. Auk þess er það vitanlegt, að nokkur breyting hefir orðið á aðstöðu sumra hv. þm. í Ed. til þessa máls.

Jeg skal svo bæta því við, að jeg geri ráð fyrir því, að þær brtt. hv. landbn., sem teknar voru aftur, verði teknar upp, ef brtt. okkar fimmmenninganna finna ekki náð fyrir augum þessarar hv. deildar. En jeg vona nú, að á þeirri alvörustund, er gengið verður til atkvæða um þetta mál, þá nái þær till. fram að ganga, er lengst ganga í þá átt að vernda þjóðina fyrir þeim voðalega vágesti, gin- og klaufasýkinni, sem á skömmum tíma gæti lagt landbúnað þessa lands í rústir.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg þakka hjer með hv. landbn. fyrir það, að hún hefir tekið aftur brtt. sínar, þó það sje að vísu af öðrum ástæðum en jeg hefði kosið. Vil jeg þá snúa mjer að þeim tveimur æsingamönnum, hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., sem vaðið hafa hjer uppi með miklum bægslagangi.

Það mun viðurkent af öllum, að öll sú sjerfræðilega þekking, sem flaggað hefir verið með í þessu gin- og klaufaveikimáli, á rót sína að rekja til prof. Jensens, og það, sem Hannes Jónsson dýralæknir hefir um þetta sagt, er að mestu leyti fengið frá skrifum prof. Jensens eða frá námi hjá honum, en mun ekki nema að mjög litlu leyti vera frá Hannesi sjálfum. Enda er það svo, að hann fer mjög lítið út fyrir það, sem prof. Jensen hefir áður sagt, og dragi hann einhverjar ályktanir, þá gerir hann það með mestu varfærni og kemur með niðurstöður, sem teljast verða heldur óákveðnar, t. d. eins og „að líklegt sje“ og „að svo virðist“ o. s. frv. Er þetta í sjálfu sjer ekki nema eðlilegt, því þó Hannes dýralæknir hafi tekið gott próf á sínum tíma, þá er langt um liðið síðan og hann hefir ekki haft ástæður til þess að menta sig frekar í þessari grein. Háttv. 1. þm. Árn. virtist líka viðurkenna, að ummæli prof. Jensens væru nokkuð óákveðin, en hann reyndi að teygja þau sjer í vil eftir því sem hann best gat. Hv. þm. Borgf. vildi aftur á móti knjesetja þennan vísindamann, og reyndi jafnvel að skerða vísindamannsæru hans með því að gefa í skyn, að yfirlýsingar hans væru af pólitískum lopa spunnar og bæri að skilja þær svo, sem þær væru yfirlýsingar frá fulltrúa erlendrar þjóðar, er hjer hefði hagsmuna að gæta. Víða sleit hann ummæli prófessorsins út úr samhengi, ef hann gat á þann hátt

fengið orðin til að hljóða sjer í hag, og þar sem skoðun próf. Jensens kom í bága við hans eigin, sagði hann, að prófessorinn færi með rangt mál. Leyfði hv. þm. sjer þannig að setja sjálfan sig sem nokkurskonar yfirvitring í þessum efnum, og það eigi aðeins hvað Norðurlönd snertir, heldur og jafnvel alls heimsins. Hafði hann þó ekkert við að styðjast í þessu nema sína persónulegu skoðun, sem menn geta ekki tekið mikið tillit til. Hv. þm. gerði og það að gamni sínu að lesa upp, að vísu ekki orðrjett, en þó því sem næst, „prívat"-brjef. Hefi jeg áður vitnað í það, að vísu með leyfi, og bent á staðreyndir, sem í því standa. En hv. þm. Borgf. tók setningarnar hverja fyrir sig og teygði úr þeim sjer í hag eftir því sem hann gat, gerði gys að vináttumerkjum brjefsendanda til starfsbróður hans, og var svo að heyra, sem honum smakkaðist þetta vel svona framborið. Er slík meðferð á „prívat"-brjefi bæði fáheyrð og ósvífin. Vildi hann láta líta svo út, að verið væri að beygja sig undir danska hagsmuni, ef öðruvísi væri farið að en hann og þeir fimmmenningarnir legðu til. En jeg hygg, að flestir Íslendingar sjeu sammála um það, að við höfum margt annað þarfara að gera en að vera að fjandskapast við aðrar þjóðir. Og ekki fæ jeg skilið, hvaða gagn við hefðum af því að fara út í tollstríð, því endirinn á slíkum stríðum verður altaf sá, að hinn veikari og minni má sín miður. Og ef þetta yrði til þess, að samskonar kvaðir væru lagðar á viðskifti Íslands og Danmerkur af Dana hálfu og hjer er farið fram á, að við gerum, þá býst jeg við því, að þó tjón Dana verði nokkurt, þá verði þó okkar meira. Það er því eins og nú er ástatt ekkert vit í því að leggja út á þessa braut, enda hefir meiri hl. landbn. fallist á þetta, með því að taka aftur brtt. sínar, sem þó ganga ekki eins langt og brtt. þeirra fimmmenninganna. T. d. um röksemdaleiðslu hv. þm. Borgf. má nefna það, er hann mintist á Færeyjar. Hv. þm. ætti að vita það, að þótt Færeyingar vilji vera sjálfstæðir, þá eru þeir aðeins amt úr Danmörku, og það segir sig sjálft, að það mundi ekki vera hagur fyrir Danmörku, að gin- og klaufaveikin bærist til Færeyja. Því ef veikin bærist þangað, yrði danska ríkið vitanlega að bæta þann skaða, sem af því hlytist. En hv. þm. Borgf. vildi gefa í skyn, að ábyrgðarleysi Dana væri svo mikið í þessum efnum, að þeir vildu ekki gera ráðstafanir til þess að hindra það, að veikin bærist til Færeyja, eða þeir jafnvel vísvitandi gerðu ráðstafanir, þannig að veikin hlyti að berast þangað. — Þessu til sönnunar tók hann svo óskylt dæmi og þegar Dönum á ófriðarárunum mislíkaði það, að Færeyingar skyldu leita til annara landa um kaup á nauðsynjavörum. (**PO:** Samur er viljinn!). Vitanlega dettur engum heilvita manni í hug, að Danir láti sig engu skifta, hvort veikin berst til Færeyja eða ekki. Og þó varnarráðstafanir þeirra gagnvart Færeyjum gangi skemmra en hjer hefir verið farið fram á, þá sýnir það ekki annað en að þeir álíta það nægilegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar. Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ekkert væri að miða við þær ráðstafanir, sem Danir gerðu, því þar væri veikin landlæg, en hjer ekki. Í þessu sambandi þurfum við ekki annað en líta

til annara landa, sem verið hafa laus við veikina, eins og t. d. Noregur, til þess að sjá, að þau hafa ekki tekið upp slíkar varnarráðstafanir og hjer er farið fram á, og það hefir vitanlega verið vegna þess, að slíkt hefir verið talið þýðingarlaust. Og það ætti hv. þm. að skilja, að fleirum gæti dottið í hug að banna innflutning á mjólkurmat, eggjum, kartöflum og kálmeti en þeim fimmmenningunum. Vitanlega ættu þeir, sem best eru að sjer í þessum efnum, að láta sjer detta slíkt í hug, ef þeir álitu, að nokkurt gagn væri að því. En hvaðan kemur hv. þm. Borgf. þetta vit umfram aðra menn, að rjett sje og nauðsynlegt að banna innflutning á þessum vörum til þess að verjast gin- og klaufaveikinni? Í þessu sambandi mætti minna á það, að við höfum haft eitt hættulegt dæmi um það, hvernig veikin hefði getað borist, þar sem hv. 2. þm. Rang. hefir lýst því yfir, að hann hafi hvað eftir annað verið þar, sem skepnur, sem höfðu gin- og klaufaveiki, höfðust við, og lýsti því á mjög „dramatískan" hátt. Samt hefir hv. þm. Borgf. ekki krafist þess, að sjerstakar ráðstafanir væru gerðar til þess að einangra hann, og er þó öllum kunnugt, að ekkert er eins líklegt til þess að breiða út veikina eins og allskonar ferðalangar, sjerstaklega þó hestaprangarar og aðrir verslunarerindrekar. (**PO:** Hann var sápuþveginn hátt og lágt). Það liggur engin sönnun fyrir um það, að svo hafi verið gert. (**ÓTh:** Það sjest á honum. — **PO:** Sýnist hann máske vera óhreinn?). Enda mundi sápuþvottur einn ekki sótthreinsa háttv. 2. þm. Rang. fyrir gin- og klaufaveiki.

Hv. þm. Borgf. virðist vera kominn inn á sömu braut eins og „Tíminn", er hann hamaðist mánuð eftir mánuð á því að fá innflutningsbann á flestum aðfluttum nauðsynjavörum, sem öllum var kunnugt um, að var ekki gert vegna hættu við gin- og klaufaveiki, þó að svo væri látið í veðri vaka, heldur til að koma á alhliða verndarbönnum við samkepnisvörur íslensks landbúnaðar, án tillits til hagsmuna neytenda þeirra hjer. Jeg veit, að hann mun vilja verja það blað eins og hann getur. (**PO:** A. m. k. það, sem það hefir sagt um gin- og klaufaveikina). Annars virtist mjer hann hafa lesið þennan pjesa eins og sagt er, að ónefnd persóna lesi biblíuna. Hegðun hv. þm. gæti gefið mönnum í skyn, að varhugavert væri að leyfa öllum mönnum, sem vilja, að verða löggjafar. Hv. þm. kom hjer með stundarfjórðungs upplestur um það, hve mjólkurafurðir væru hættulegar, og vitnaði í því sambandi m. a. í próf. Jensen. Ekki var þó of vandlega með heimildir farið, því að hv. þm. gat ekki þeirra orða, sem standa næst á undan þeim, sem hann las upp, og óneitanlega hafa mikla þýðingu í þessu sambandi. Prófessorinn segir sem sagt, að mjólk sú, sem send er heim aftur frá mjólkurbúunum, orsaki oft smitun, en hins getur hann hvergi, að smitun hljótist af mjólkurafurðum yfirleitt. Jeg sje á hv. þm. (PO), að hann er að rifja þetta upp fyrir sjer og fletta pjesanum, og það veitir víst sannarlega ekki af. — Hannes Jónsson dýralæknir segir aftur á móti, að mjólkurafurðir geti borið sóttnæmið, „en sennilega er þessi hætta enganveginn mikil", bætir hann við. Þessi orð feldi háttv. þm. Borgf.

undan. En nú styðjumst við aðallega við prófessor Jensen, og er engin ástæða til að rengja orð hans, þótt hann sje danskur. Fyrir því hefi jeg viljað fá fram stuttan útdrátt um það, hverjar vörur hann teldi hættulegar og ástæðu til að banna innflutning á. Hefi jeg því gert lauslega þýðingu á símskeyti frá honum, sem jeg vildi lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Þegar staðhæft er, að vísindin þekki ekki smitleiðir sjúkdómsins, er þetta með öllu órjett og er að kenna ábyrgðarlausum blaðaskrifum. Þess vegna er engin ástæða til víðtækra opinberra ráðstafana, sem einungis byggjast á hugsuðum möguleikum um smitun. Ennfremur verður að taka fram, að vinnuaðferðirnar á mjólkurbúunum gefa ekkert tækifæri til að bera smita í unnu afurðirnar. — Á grundvelli rannsókna síðustu ára um smitaleiðir á gin- og klaufaveiki og eiginleika smitaberans er hægt að staðhæfa, að ástæða sje til að gera ráðstafanir gegn: Innfluttu fólki, sjerstaklega verslunarfólki, og frjálsu ferðalagi sveitamanna, og að sótthreinsa klæði þeirra og farangur; og að banna innflutning á:

lifandi og slátruðum klaufdýrum,

óunnum eða þurkuðum húðum og skinnum,

beinum, hornum og klaufum,

óþveginni ull og ótilbúnum hárum og fjöðrum,

notuðum klæðnaði og þvílíku,

klíði og öðrum fínskornum fóðurefnum,

heyi og hálmi,

notuðum fóðurpokum.

Aftur á móti er ónauðsynlegt að banna innflutning á:

soðnu kjötmeti,

slátruðum fuglum,

smjöri, tilbúnu úr pasteurhituðum og sýrðum rjóma eða mjólk,

eggjum,

skepnufóðri, tilbúnu úr sýrðum, eimdum áfum,

geymdum ostum,

tilbúnum hárum, ull og fjöðrum og vörum unnum úr þessu,

trjáplöntum og garðávöxtum, þegar hey og hálmur er ekki notað til umbúða,

olíukökum, þegar ekki er notuð upphitun eða kemisk fóðurvinsla við tilbúning þeirra".

Af þessu skeyti sjest, að álit prof. Jensens er það, að með öllu sje óþarft að banna innflutning á ýmsum þeim vörutegundum, er þeir fimmmenningar vilja leggja strangt bann við. Af því mikla kappi, sem sjerstaklega tveir hinna hv. fimmmenninga hafa lagt á þetta mál, hlýtur mönnum að koma til hugar, að það sje ekki gin- og klaufaveikin ein, er þeir hafa í huga. Þeir hafa haft alveg sömu gögn að fara eftir eins og við hinir og nákvæmlega sömu möguleika til að afla sjer frekari gagna. Á þeim grundvelli er því ósennilegt, að þeir hafi getað komist að svo gerólíkri niðurstöðu. Hinsvegar er það kunnugt um þessa hv. þm., að þeir eru mjög hneigðir til að vernda innlenda framleiðslu í samkepninni við útlenda og hafa ekkert á móti innflutningsbönnum í þessu skyni. Jeg hygg, að afstaða þeirra sje sprottin af þessu, þar sem þeir eru auk þess báðir fulltrúar bændakjördæma, sem gætu haft mikla hagsmuni af innflutningsbönnunum. En þeim þykir betra að fá vörurnar bannaðar af heil-

brigðisástæðum. Það lítur betur út og er auk þess auðveldara að koma því fram heldur en háum verndartollum. En þetta er engu haganlegra fyrir landsmenn heldur en verndartollur, — síður en svo. Af þessu hlýtst áreiðanlega skortur á ýmsum vörutegundum í mörgum hjeruðum suma tíma ársins, en af því leiðir aftur óeðlilega og óheilbrigða verðhækkun. Af tvennu illu vildi jeg þó heldur aðhyllast verndartollana en þessa bannstefnu hv. þm. Með henni er ekki komið hreint til dyra, heldur gengið aftan að mönnum. Er jeg verð þess var, að menn hugsa um vernd atvinnuveganna með þessu móti, kemur hjer í hug þessi vísa:

Hylur gæran sauðar svarta
soltinn úlf með geði þungu,
dúfuauga, höggormshjarta,
hunangsvarir, eiturtungu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil ekki láta hjá líða að mótmæla orðum hv. 2. þm. Reykv. um bönnin, sem enn gilda. Þau bönn eru í gildi *eingöngu* til þess að hindra, að veikin berist hingað, og þau eru rjettmæt, af því að dýralæknir og hlutaðeigandi starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands lögðu til, að svona langt væri gengið. Ásökun hv. þm. um aðrar hvatir er því gersamlega röng. Ef henni væri ómótmælt, gæti hún orðið til að skaða landið ákaflega mikið.

Jeg mun að öðru leyti ekki blanda mjer í umræður málsins í þessari háttv. deild. Í hv. Ed. talaði jeg og hjelt þar fast á stjfrv. óbreyttu. En nú horfir málið sjerstaklega við. Því miður er það alveg víst, að ekki er unt að koma hinum harðari ákvæðum, er í stjfrv. voru og nú liggja fyrir brtt. um, gegnum þingið. Hjer er um það að velja að stíga það spor í áttina, sem frv. fer fram á, eða gera ekki neitt. Jeg hefi orðið að beygja mig fyrir meiri hl. hv. Ed., en jeg geri það ekki með glöðu geði. Jeg álít rjett að hafa harðari innflutningsbönn en nú eru í frv., en þar fyrir dettur mjer ekki í hug að berja höfðinu við steininn, svo að engu verði framgengt. Jeg kýs heldur að beygja mig nú og hefja heldur nýja sókn á næsta þingi. Að lokum vil jeg þakka bæði hv. landbn. og þeim fimmenningum fyrir brtt. sínar, sem sýna, að sterkur vilji er á bak við þau bönn, er gilda.

Einar Jónsson:* Jeg mun halda uppteknum hætti um það að vera ekki langorður. En jeg verð að segja fáein orð út af ásökunum þeim, er landbn. hafa verið bornar á brýn, einkum af hv. þm. Borgf. Jeg viðurkenni hvern þann þm., sem vill gera alt til að verjast þeim vágesti, sem gin- og klaufaveikin er. En samt hlýt jeg að undrast það hjá jafnsanngjörnum manni og hv. þm. Borgf., er hann ber nefndinni það á brýn, að það sje af ótta við ímyndaða mótstöðu hv. Ed., að hún vill gera tilslakanir sínar. Hv. þm. veit það vel, að hjer er um að velja annaðhvort engar varnir gegn veikinni eða þær, sem í frv. greinir eins og það er nú. Hv. þm. hafði þau orð, að honum þætti skörin tekin að færast upp í bekkinn, er landbn. æti nú ofan í sig alt, er hún hefir áður sagt.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Jeg hefði ekkert út á þetta orðalag að setja, ef nokkrar líkur væru fyrir því, að hv. Ed. fjellist á þær breytingar, er landbn. vildi gera á frv. En jeg skammast mín ekkert fyrir að vilja ekki tefla málinu á tvær hættur. Jeg álít fylstu ráðstafanir rjettmætar, en jeg vil ekki, að málinu sje öllu stefnt til falls með því að ganga of langt. Jeg er sannfærður um, að upptalningin á bannvörum getur aldrei orðið tæmandi, þó að þeim mun nær verði komist, sem fleira er talið.

Hv. þm. Borgf. talaði um það, að nú væri að koma í ljós þriðji aðilinn í þessu máli í viðbót við þá, sem fyrir voru. Það eru stjórnarvöld Dana. Óskaði hv. þm. þess, að Alþingi færi ekki að skríða undir pilsfald Dana. Jeg hugsa nú, að fáa langi mikið til þess. En hv. þm. ætti að fara varlega í því að bera fram getsakir til manna, því að einhverjum kynni þá að detta í hug að nefna við hann Akraneskartöflur. Auðvitað dettur mjer ekki í hug að væna hann þess, að hann láti þær ráða atkv. sínu, en það er þó ekki fjær sanni en ásökun hans. Jeg vil óska þess, að menn geti slept öllum óþörfum getsökum og vinni að því að koma málinu í það horf, er hverjum þykir best.

Jeg veit, að hv. þdm. hafa tekið eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um afstöðu hv. Ed. Mjer þykir hún sennileg og í samræmi við það, er jeg hefi heyrt frá öllum öðrum nema hv. þm. Borgf. Því hlýt jeg að hafa sömu afstöðu í málinu og hæstv. ráðh., og get jeg ekki tekið á móti ákúrum fyrir það, að jeg vil leita skynsamlegs samkomulags.

Þó að jeg vilji sjaldan vaka yfir umr., hafði jeg hjartanlega gaman af þeim á tímabili í nótt sem leið, er þeir áttust við út af myndum í grínblöðum hv. þm. Borgf. og hæstv. fjmrh. Þegar jeg heyrði ásakanir háttv. þm. til landbn. fyrir kattarþvott, undanlátssemi o. s. frv., þá datt mjer í hug, að vonandi væri, að grínblöðin þyrftu ekki að birta myndir af gin- og klaufaveikri skepnu vegna þrákelkni hv. þm. Borgf. í málinu. Hvorugur þeirra hæstv. ráðh. og hv. þm. er svo fallegur, að mig langi til að sjá lasinn grip, sem sje öllu ljótari. En það kemur varla málinu við.

Jeg hafði punktað smávegis fleira hjá mjer, en aðrir hafa tekið fram flest af því, og get jeg því látið staðar numið. Jeg vona, að hv. sessunautur minn (PO) misskilji ekki, þótt jeg hafi rekið ögn í hann hníflana. Jeg geri ráð fyrir, að hann rísi upp til andsvara, og jeg veit, að hann svarar drengilega, svo sem hann á vanda til.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg þarf fremur litlu að svara hv. þm. Borgf., af því að bæði hafa þeir hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Rang. tekið fram margt af því, sem jeg hafði ætlað að segja, þegar jeg kvaddi mjer hljóðs, og í öðru lagi var það ekki nema lítill hluti af ræðu hv. þm. Borgf., sem hann beindi sjerstaklega að mjer og landbn. Hann deildi þó nokkuð á meiri hl. nefndarinnar fyrir það, að hann vildi ekki lengur halda till. sínum á þskj. 514 til streitu. Hann sagði um þetta atriði, að sjer fyndist skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar nefndin þannig fjelli frá sínum eigin till., kallaði þetta hringsnúning hjá nefndinni o. s. frv. Jeg vil nú mótmæla því algerlega, að hjer sje um nokkurn

hringsnúning að ræða. Nefndin er algerlega sömu skoðunar og áður um það, að mesta nauðsyn sje á öruggari ráðstöfunum gegn gin- og klaufaveikinni, og vill enn halda fram, að till. nefndarinnar hafi verið á fullum rökum bygðar. Þess vegna hefir hún ekki að neinu leyti skift um skoðun. En hún hefir sannfærst um það, að það er ekki hægt að koma þessari till. í gegnum þingið, og þess vegna er ekki til neins að halda henni til streitu. Og þá vill nefndin falla frá till. fremur en að stofna málinu í hættu. Því að það verður nefndin að halda fast við, að með frv. eins og það liggur nú fyrir sje mikið unnið í þessu efni, þó að ekki sje það eins mikið og nefndin hefði viljað kjósa. Jeg skal benda á, að það er skilyrðislaust bann á öllum þeim vörum, sem taldar eru í a-lið 2. gr. frv. (**PO:** Það er líka skilyrðislaust bann á þeim í núverandi löggjöf). Nei, það er ekki skilyrðislaust. Ennfremur miðar heimild fyrir atvmrh. í 3. gr. að því að banna yfirleitt innflutning á öllum þeim vörum, sem eru taldar hættulegar. (**PO:** Það er líka í núverandi löggjöf). Það er ekki til neitt skilyrðislaust bann á þessum vörum í núverandi löggjöf. Þess vegna álítur nefndin það þá allra óforsvaranlegustu afgreiðslu þessa máls, að láta það daga uppi eða falla.

Ástæðurnar, sem jeg nefndi í fyrri ræðu minni fyrir því, að nefndin tekur till. sínar aftur, nefnilega afstaða hv. Ed. til málsins, þótti hv. þm. Borgf. ekki annað en kattarþvottur. Hann sagði í því sambandi, að jeg reyndi að hræða hv. þd. eins og menn hefðu hrætt börn með grýlu í gamla daga o. s. frv., og sagði um leið, að hann hefði fengið nýjar upplýsingar um afstöðu nokkurra þingmanna í Ed. Jeg verð að segja það, að þetta getur náttúrlega breytt viðhorfinu töluvert. En jeg vil þá benda honum á, að það verða nokkuð margir þm. í hv. Ed. að hafa breytt afstöðu sinni til málsins, ef þessari till. á að vera óhætt, því að eftir því, sem jeg veit best, voru það ekki nema tveir menn í hv. Ed., sem höfðu svipaða skoðun á málinu, þegar frv. var þar til meðferðar, eins og hv. þm. Borgf. og landbn. Svo að það þyrftu þá að vera a. m. k. sex menn í Ed., sem hefðu breytt afstöðu sinni til málsins síðan. Nú stendur það heima, að flokksbræður hv. þm. í Ed. eru einmitt sex; og ef hann vill fyrir þeirra hönd lýsa yfir því og taka ábyrgð á því, að þeir muni fallast á þessa till., sem hann flytur hjer, þá mun það breyta viðhorfinu afarmikið. (**PO:** Veit þingmaðurinn fyrir víst, að enginn hinna hefir breytt afstöðu?). Jeg hefi sterkan grun um það, og ekki nokkra minstu ástæðu til að ímynda mjer, að nokkur þeirra hafi gert það. (**PO:** Heldur þingmaðurinn að ráðherrar fari að fella stjórnarfrv.?) Ed. kynni að hafa aðra leið heldur en að fella frv.

Sem sagt, ef hv. þm. Borgf. gefur þessa yfirlýsingu, þá veit jeg, að það hefir mikil áhrif á úrslit málsins í deildinni. En annars sje jeg ekki til neins að vera að berja höfðinu við steininn í þessu máli, þegar komið er að þingslitum. Hitt er annað mál, að það er náttúrlega hart fyrir fjölmennari deild þingsins að verða hvað eftir annað að beygja sig fyrir hinni; og

slíkt getur vakið hjá mönnum ýmsar hugsanir um það, hvort ekki væri rjett að taka til nýrrar athugunar, hvernig störfum er háttað á þinginu og hvernig þinginu er fyrir komið. En eins og nú standa sakir verð jeg að líta svo á, að við þessu sje ekkert að gera í þessu máli. Og það er ekki lengra síðan en í gær, að hv. þm. Borgf. ásamt öllum öðrum hv. þdm. samþ. óbreytt lagafrv., sem kom frá Ed., þó að hann ljeti í ljós afarmikla óánægju um frágang hv. Ed. á því. Og var nokkurnveginn eins mikil óánægja með það mál eins og þetta. En sá var munurinn, að það gat ekki dagað uppi, því að slíkt getur aldrei komið fyrir með fjárlög. Að þingsköpunum og stjórnarskránni óbreyttri getur það oft komið fyrir, að deildirnar verði að beygja sig hvor fyrir annari.

Að ennþá sje nógur tími til að koma máli þessu fram á þinginu, þó að því verði breytt nú, eins og háttv. þm. Borgf. vildi halda fram, nær engri átt, því að jeg hefi sjeð útbýtt þingfararkaupsreikningum hv. þm., og jafnframt sjeð þá útfylta með það fyrir augum, að þingslit verði 18. þ. m., eða næstkomandi miðvikudag.

Þá var háttv. þm. Borgf. að tala um, og lagði mikla áherslu á það, að nýr aðili væri kominn í málið, og skildist mjer helst, að hann eiga þar við dönsk stjórnarvöld. Jeg veit alls ekki, hvað slík ummæli sem þessi eiga að þýða í sambandi við umræður um þetta mál, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að háttv. þm. vilji halda því fram, að landbn. hafi í þessu tilfelli látið undan síga vegna áhrifa frá dönskum stjórnarvöldum, eða t. d. að danski sendiherrann hafi haft áhrif á hana. Alt tal í þessa átt er hreinasta fjarstæða. Fyrir nefndinni vakir ekkert annað en að bjarga málinu gegnum þingið, og þess vegna vill hún ekki halda till. sínum til streitu. Annars verð jeg að segja, að jeg skil hálfilla gremju háttv. þm. yfir því, að till. nefndarinnar skuli ekki hafa verið fylgt fram, þar sem hann ásamt öðrum háttv. þm. hefir komið fram með brtt. eftir að till. nefndarinnar komu fram. Lítur því út fyrir, að þeim háttv. þm. hafi ekki þótt mikið til þeirra koma.

Pjetur Ottesen: Það er rjett að byrja fyrst á því að svara háttv. frsm. meiri hl. landbn., sem nú settist niður. Hann þóttist svo sem hafa gert hreint fyrir sínum dyrum og nefndarinnar, þar sem hann taldi, að besta úrlausnin á málinu eins og það lægi fyrir nú væri að samþ. frv. eins og það kom frá Ed. Annars skil jeg hreint og beint ekkert í því, hvernig þessum hv. þm. er varið. Hann heimtaði af mjer sannanir fyrir því, hvort heill þingflokkur í Ed. myndi ganga að frv. þessu, ef það kæmi þangað breytt. Um slíkt get jeg vitanlega ekkert fullyrt, en hinsvegar er mjer kunnugt um, að stefnubreyting hefir töluverð orðið þar að því er mál þetta snertir, frá því að það var þar til meðferðar síðast. Þá þykir mjer og allótrúlegt, að ráðherrarnir, fjmrh. og dómsmrh., greiði atkvæði gegn frv., þó það verði fært í þann búning, sem það var borið fram í, að þeir fari að fella frv., sem stjórnarformaðurinn hefir borið fram. Hvílík fjarstæða! Það nær heldur ekki nokkurri átt, að sá ráðherra, sem barðist þar fyrir samskonar frv. í fyrra, jeg á þar við

hæstv. dómsmrh., verði til þess að eyðileggja þær ráðstafanir, sem hann taldi þá bráðnauðsynlegar. Mjer finst því, að háttv. frsm. meiri hl. geri sjer harla einkennilegar og fjarstæðar hugmyndir um afstöðu Ed. til málsins. Mjer virðist því, eins og málið liggur fyrir nú, ekki geta verið um annað að ræða en að greiða atkvæði um það án tillits til annars en þess, sem þm. telja heppilegasta og forsvaranlegasta afgreiðslu málsins.

Og að láta sjer detta aðra eins fjarstæðu í hug og þá, að þeir tveir hæstv. ráðherrar, sem atkvæðisrjett hafa í Ed., verði til þess að bregða fæti fyrir þetta stjórnarfrv. í þeirri sömu mynd, sem stjórnin bar það fram, virðist mjer naumast geta komið til mála. Þessi ótti við það að láta málið fara aftur til efri deildar er því ekkert nema ástæðulaus hugarburður; það er tylliástæða, sem fundin er upp á síðustu stundu af mönnum, sem illviljaðir eru málinu, og hefir slæðst inn í meðvitund sumra, sem raunar bera góðan hug til málsins, en eru ekki nógu sterkir á svellinu til að bjóða birginn þeim skaðræðisöflum, sem nú eru í hreyfingu til þess að eyðileggja nauðsynlegar varnarráðstafanir gegn gin- og klaufaveikifaraldrinum. Að meiri varnir sjeu í frv. nú, eins og það liggur fyrir, heldur en í gildandi lögum, er hreinasta fjarstæða. Eftir gildandi lögum er hreint bann á vörum þeim, sem teknar eru upp í brtt. okkar frá þeim löndum, sem gin- og klaufaveiki er í, en samkv. frv. er það alls ekki.

Í brtt. okkar felst því ekkert annað en það, sem er í lögum landsins. Verði frv. því samþ. eins og það liggur fyrir, er verið að skerða stórkostlega þá löggjöf, sem fyrir er um þetta efni. En jeg verð að segja, að það sje dálítið undarlegt að vera að því einmitt nú, þegar hættan af þessum voðavágesti er altaf að aukast og margfaldast. Það er að fleygja sjer flötum fyrir hættuna, bjóða voðanum heim. Hvernig hv. frsm. meiri hl. fer að geta mælt með slíkum ráðstöfunum sem þessum, fæ jeg ekki skilið.

Þá var hv. þm. í vandræðum sínum að vitna í frv. frá Ed., sem við hefðum kingt í gær, þrátt fyrir það, þó við hefðum verið óánægðir með það, og okkur væri ekki vandara um að gera slíkt hið sama nú. Þó þetta væri gert í gær, þá leiðir það ekki af sjer neina skyldu til þess að fara svo að einnig nú, enda væri sú aðferð í þessu máli með öllu óforsvaranleg. Jeg segi nei og aftur nei. Og mjer finst miklu nær að álykta sem svo, að úr því að við í gær samþ. nauðugir frv., sem kom frá Ed., þá sje a. m. k. sanngirniskrafa, að hún geri okkur það sama nú. Hjer er því um nýja ástæðu að ræða, sem mælir með því, að óhætt sje að senda frv. aftur til Ed.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Revkv. Hann sagði, að alt, sem stæði í bæklingi Hannesar Jónssonar dýralæknis um gin- og klaufaveikina, væri tekið eftir próf. Jensen. Þar væri ekki um aðrar heimildir að ræða. En þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. Bæklingurinn ber það beinlínis með sjer, að heimildirnar, sem dýralæknirinn byggir á, eru miklu víðtækari, og ennfremur ber greinargerð sú, sem fylgdi frv., þegar það var lagt fyrir þingið, það beinlínis með sjer, að þeir menn, sem undirbjuggu frv., en annar þeirra

var einmitt Hannes Jónsson dýralæknir, hafa kynt sjer alla löggjöf um þetta efni á Norðurlöndum. Auk þess, sem Hannes Jónsson byggir á heimildum ýmsra fræði- og vísindamanna um gin- og klaufaveikina, þá er allmikill hluti ritlingsins sjálfstæðar athuganir hans í málinu og hugleiðingar um það. Eftir því, sem þessi háttv. þm. sagði, á að loka augunum fyrir öllu því, sem Hannes Jónsson segir um þessa hluti, og aðrir fræði- og vísindamenn, en trúa því einu, sem hinn danski dýralæknir próf. O. C. Jensen segir. Skyldi danskinum líka? En það má svo lofa annan að lasta ekki hinn, og jeg verð að segja það, að mjer finst, að yfirdýralæknirinn íslenski og ráðunautur stjórnarinnar um þessi mál vera nokkuð ljettvægur fundinn hjá hv. 2. þm. Reykv., að ekki megi gera aðrar kröfur til hans en þær, að hann sje bergmál af próf. O. C. Jensen. Það er enginn smáræðis sjálfstæðisbragur á þessu tali. Þá vár hv. þm. að tala um, að við vildum knjesetja Jensen í þessum málum, en það er alls ekki rjett. Það er Jensen, sem knjesetur sjálfan sig með því að segja alt annað um sýkingarhættu gin- og klaufaveikinnar og gagnsemi ráðstafana í Danmörku gegn útbreiðslu veikinnar í skrifum sínum hingað og í fyrirlestrum og öðrum skrifum í Danmörku. Þetta er hvað á móti öðru hjá prófessornum, eins og jeg hefi margsýnt fram á. Þá vildi hv. þm. telja það óráðvendni af mjer, að jeg vitnaði í þetta margumrædda brjef frá próf. Jensen og tók upp úr því glefsur. En einmitt það sama var þessi háttv. þm. búinn að gera sjálfur á undan mjer. Eða máske þetta brjef hafi verið ætlað einungis vissum flokki manna? Jeg hjelt satt að segja, að það væri enginn leyndardómur; þó brjefið sje upphaflega skrifað sem „prívat"-brjef til Hannesar dýralæknis, þá hafa verið send afrit af þessu brjefi líklega til sendiherrans, og þaðan mun þetta eintak, sem jeg hefi haft með höndum, komið. Hannes dýralæknir hefir tjáð mjer, að sitt brjef sje geymt niðri í skúffu og hafi ekki farið neinna á milli.

Það kemur því harla einkennilega fyrir, að hv. þm. telur sig hálfvegis hneykslaðan yfir því, að jeg skyldi taka þetta plagg til athugunar. Ef hjer er um eitthvert hneyksli að ræða, þá er hann upphafsmaður þess, því hann byrjaði að vitna í þetta brjef og gerði það þannig, að eiginlega var óforsvaranlegt annað en láta brjefið koma fyrir almennings sjónir, eða aðalefni þess. Það er líka jafngott, þó það komi skýrlega fram, hvaða leiðir eru farnar hjer til þess að túlka danskan málstað, prókúrera fyrir dönskum hagsmunum. Þá taldi hv. þm., að með slíkum öryggisráðstöfunum af okkar hálfu værum við að fjandskapast við aðrar þjóðir. Við eigum að steypa okkur út í beinan voða, af ótta við, að aðrar þjóðir taki það ef til vill illa upp fyrir okkur, að við reynum að klóra í bakkann. Það er sjálfsvörn og sjálfstæði annað eins og þetta! Þá var háttv. þm. mjög hneykslaður yfir því, að jeg skyldi vera að vitna til Færeyinga um þessa hluti, þar sem Færeyjar væru aðeins amt úr Danmörku. En jeg verð þá að segja, að það undrar mig stórlega, að háttv. þm., sem annars þykist vilja rjetta hlut lítilmagnans, skuli vilja

láta Færeyinga gjalda þess, þó að þeir sjeu fátækir og fámennir.*

Það hefir líka verið bent á, að gerilsneyðingin sje einskis virði, og viðurkent, að smjörið og ostarnir geti líka verið smitaðir. (**HjV:** Þetta er alveg öfugt við það, sem segir í ritgerðinni).

Nei, þetta er alveg rjett, því þó að því hafi verið haldið fram, eftir Jensen prófessor, að gerlarnir þoli ekki efnabreytingarnar, þá eru þó sýrur þær, sem myndast í smjörinu, ekki bakteríudrepandi, og auk þess getur úað og grúað af gin- og klaufaveikibakteríum utan á smjöri og ostum, svo að þetta slær alveg niður þá kenningu, að smjörið og ostarnir geti ekki verið hættulegir. Þetta og margt fleira sýnir, að allar afurðir sýktra dýra geta verið og eru hættulegar, og ef við finnum til þeirrar ábyrgðar, sem á okkur hvílir um að verja landið fyrir því, að veikin flytjist hingað, þá er það skylda okkar og Alþ. að banna með öllu, að slíkar vörur verði fluttar inn í landið. Menn geta í hugsunarleysi og ábyrgðarleysi sagt, að þetta eða hitt sje óþarfi, en vísindin og staðreyndirnar segja annað. Öll lönd, sem ekki hafa bannað innflutning þeirra vara, sem hættulegar eru taldar, hafa fengið veikina, nema Færeyjar. (**HjV:** Hvers vegna hafa Færeyjar ekki fengið hana?). Ja, hvers vegna hefir veikin ekki borist til Færeyja, spyr hv. 2. þm. Reykv. En hvers vegna barst veikin ekki til Noregs fyr en í fyrra vetur? Veikin var búin að geisa nokkuð lengi í Mið-Evrópu áður en hún barst til Danmerkur, Englands og Svíþjóðar, og í mörg ár var hún búin að geisa í þessum löndum áður en hún barst til Noregs. Og nú er viðurkent, að þessi útbreiðsla veikinnar norður á bóginn stafi af ónógum varnarráðstöfunum.

Að jeg lesi bækling dýralæknisins öfugt, eða eins og sagt er, að viss persóna lesi biblíuna, mótmæli jeg algerlega. Það er hv. 2. þm. Reykv., sem les öfugt og slítur orð og setningar út er rjettu samhengi. Honum er því heimilt fyrir mjer að líkja sjer við myrkrahöfðingjann, úr því hann vill draga slíka persónu inn í umr.

Þá kom hann enn að því að tala um þetta mikla kapp, sem við leggjum á, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að sporna við því, að gin- og klaufaveikin berist til landsins. En það er að berja höfðinu við steininn, þegar þessi hv. þm. berst með hnúum og hnefum móti niðurstöðu vísindanna og staðreyndanna í þessu efni. Hann er altaf að reyna að lauma því hjer inn, að eitthvað óhreint standi á bak við till. okkar; að okkur gangi ekkert gott til. En þessu mótmæli jeg eins og mörgu öðru staðlausu fleipri þessa hv. þm. Það sýnir líka best, hvort við sjeum að berjast fyrir hærra verði afurða okkar, að síðan gerðar voru frekari takmarkanir um innflutning ýmsra vara, hefir íslenskt smjör nú í vetur lækkað í verði svo að nemur um 150 aur. á tvípundinu. Að við sjeum að berjast fyrir hagsmunum okkar, má að vísu til sanns vegar færa, þegar þess er gætt, að við viljum einskis láta ófreistað um að varna því, að veikin berist til landsins, og tryggja með því afkomu landsmanna og bústofn þeirra. En það eru hagsmunir fleiri manna en okkar bænda, sem byggjast á þessu. Öll þjóðin er í voða, ef veikin nær fót-

* Hjer vantar kafla í ræðuna. P. O.

festu í landinu, og mundu þá hagsmunir hv. 2. þm. Reykv. einnig koma til greina. Þegar okkur eru bornar á brýn óhreinar hvatir vegna þeirra varnarráðstafana, sem við beitum okkur fyrir, þá finst mjer, að jeg geti tekið mjer í munn gamla máltækið: Margur heldur mann af sjer!

Hv. 2. þm. Reykv. er að tala um, að þessar ráðstafanir gangi að miklu leyti eða jafnvel að öllu leyti út yfir fátækustu stjett landsins. Ja, trúi nú hver, sem trúa vill, að önnur eins endemis fjarstæða sje af heilindum mælt. En ef hann hefði skilning á, hverjir yrðu fyrir barðinu á þessum vágesti, ef hann bærist til landsins, og ef hann vildi athuga, hverjir yrðu harðast úti í allri þeirri ógn og eymd og öllum þeim vesaldómi, sem af þessu leiddi, þá held jeg, að blaðið snerist við hjá honum.

Yfirleitt held jeg, að því miður sje það ekki alþýða manna, sem getur látið það eftir sjer að lifa á smjöri, ostum eða eggjum. Það eru eflaust aðrir, sem meira hafa handa milli, sem geta veitt sjer slík hlunnindi. Enda sjer það á sumum þeim, sem hæst gala hjer um kjör fátæklinganna, að þeir lifa á kjarnafæðu. Þess vegna verð jeg að halda því fram, að þeir, sem bera okkur á brýn óhreinar hvatir og að við sjeum að þrengja kjör alþýðumanna í kaupstöðunum, að þeir noti fátæklingana fyrir skálkaskjól, og að það sje vegna síns eigin munns og maga, að þeir þykjast ekki mega missa af þessum fæðutegundum, er við viljum banna innflutning á.

Annars byrjaði hv. 2. þm. Reykv. og endaði ræðu sína með lýsingu á sjálfum sjer. Hann byrjaði ræðuna með því að tala um æsingamenn og endaði með því að tala um höggormshjarta og eiturtungu.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg þarf ekki að svara miklu þessum reiðilestri hv. þm. Borgf. Jeg veit, að hv. þdm. skilja, að það er nokkur munur á að rekja sundur „prívat"-brjef og að gera að gamni sínu um það, sem mest „prívat" er í brjefinu — eins og góðar óskir brjefritarans til kollega hans á nýju starfsári — eða hitt, að gera grein fyrir ákveðinni skoðun í málinu. Þetta veit jeg, að hv. deild skilur, þó að hv. þm. Borgf. sje ekki svo þroskaður að skilja það.

Jeg vil nú ekki eltast mjög lengi við það, hvernig þessi hv. þm. fer með prentaðar heimildir, en aðeins víkja að því, sem hann var að tala um smitunarhættuna, og benda á, hvernig hann slítur út úr samhengi það, sem Hannes dýralæknir segir um hana. Í bæklingi dýralæknisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reyndar lítur prófessor Jensen svo á, að nokkurn veginn sje óhætt að treysta því, að efnabreytingarnar í smjörinu og ostinum eyðileggi sýkiefnið". (**PO:** Áfram svolítið!). Jeg er ekki svo óráðvandur að vilja misnota þetta, enda kemur það beint fram, að prófessor Jensen telur enga sýkingarhættu stafa af þessum vörum. Reyndar hefir Hannes dýralæknir sjálfur, eins og jeg tók fram áðan, ákveðna skoðun fyrir sig í þessu efni. Hann segir:

„En þó er sá möguleiki óneitanlega fyrir hendi, að báðar þessar vörutegundir geti smitast eftir að gerðinni er lokið". (**PO:** Á, var svo!). En dýralæknirinn bætir við að lokum, og því

hefir hv. þm. Borgf. algerlega slept. Þar stendur þetta:

„En sennilega er þessi hætta engan veginn mikil". Hann segir ekkert um, í hverju þessir möguleikar liggi. Með ályktun sinni gerir þm. Borgf. sig að yfirdýralækni allra dýralækna. (**LH:** En hættan má engin vera!).

Nú vil jeg gjarnan spyrja þessa hv. þm., ef frv. verður samþ. með þessum breytingum, hvaða tryggingu þeir geti gefið fyrir því, að veikin berist ekki til landsins. Er öll sótthætta þá horfin? Svo einfaldir eru þeir ekki, að trúa því. Nú er því haldið fram, að langmesta smitunarhættan stafi af ferðamönnum, sem fara úr einu landi í annað. Hjer hafa menn ferðast með skipum landa milli svo hundruðum skiftir, og mjer er ekki kunnugt um, að þeir hafi gefið neinar yfirlýsingar í þessu efni, sem nokkuð sje byggjandi á. Jeg veit að vísu, að menn eiga að gefa yfirlýsingu um, að þeir hafi ekki verið á þeim stöðum, sem gin- og klaufaveiki geisar, — en hver getur sagt um það, sem ekki dvelur nema skamma stund á hverjum stað, ferðast úr einum stað í annan og er ókunnugur staðháttum?

Þá væri og jafnframt gott að fá upplýsingar um það frá þessum yfirsjerfræðingum heimsins í gin- og klaufaveiki, eins og hv. þm. Borgf., hvenær og hvar veikin hafi borist með smjöri, ostum, eggjum eða kartöflum. Þetta væri óneitanlega gott að fá upplýst af lærdómi hans! En vesalings vísindamennirnir, sem erlendis starfa að rannsókn slíkra mála, hafa ekki fundið nein slík dæmi, þó að heimsdýralæknirinn viti sjálfsagt um aragrúa.

Þá sagði hann, að það gerði fátækri alþýðu ekkert til, þó að þetta bann kæmist á, vegna þess að kjör alþýðu væru þann veg, að hún gæti ekki lifað á smjöri, eggjum eða annari kjarnfæðu, sem hann svo nefndi. En hv. þm. Borgf. ætti þó ekki að gleyma sjúkrahúsunum. Því að það eru einmitt sjúklingarnir, sem ekki mega vera án þessara vara. Og að því er snertir niðursoðna mjólk og kartöflur, þá eru það nauðsynjavörur, er fátækt fólk kaupir mikið af og notar til lífsviðurværis sjer.

Þá var það smáatriði, sem hann var að geta um, svo sem verðlækkun á smjöri í vetur, og virtist helst halda því fram, að vörur lækkuðu í verði eftir því sem minna kæmi af þeim á markaðinn. Það er að vísu satt, að ísl. smjör hefir nú um tíma lækkað í verði í Reykjavík frá því, sem það var í haust. En þessi verðlækkun stafaði af samgönguteppu austur yfir fjall eftir nýárið, og safnaðist þá talsvert fyrir hjá bændum, sem nú er nýlega komið á markaðinn. En þegar þessar birgðir eru seldar og reglubundnar ferðir takast upp til framleiðslusveitanna, er sennilegt, að verð á ísl. smjöri hækki aftur.

Það hefir verið hjer á ferðinni brjef frá smjörlíkisgerðinni Ásgarði, þar sem farið er fram á, að nauðsynlegt væri að banna innflutning á smjöri og smjörlíki. Þetta brjef hefir nú horfið á einhvern leyndardómsfullan hátt, en um efni þess er náttúrlega ekki margt að segja, því það er ekkert undarlegt, þó að óskir komi frá smjörlíkisgerð um að banna innflutning á erlendu smjöri eða smjörlíki, því að

á því mundi smjörlíkisgerðin mest græða.

Þá talaði hv. þm. Borgf. um ostinn og þá hættu, sem stafað gæti af innflutningi hans.

Fyrir hv. landbn. hefir legið brjef frá aðalræðismanni Svisslendinga, sem hann sendir fyrir hönd stjórnar sinnar til íslensku stjórnarinnar, og er dagsett 10. janúar síðastl. Upp úr þessu brjefi ætla jeg að lesa nokkrar glefsur í þýðingu, hv. þm. Borgf. og fleirum til athugunar, sem haldnir eru þeirri firru, að hætta geti stafað af því, að innflutningur á ostum haldist eins og verið hefir.

Brjefið hefst á því, að stjórnin svissneska mótmælir banni á innflutningi osta til Íslands af heilbrigðisástæðum, bæði vegna þess, að gin- og klaufaveikin sje þar ekki í landi nema sjaldan og á fáum stöðum, og eins sje smitun frá osti algerlega útilokuð, eins og hjer segir í þýðingu:

„Þar sem sýklar þeir, sem fyrir hendi gætu verið, eyðast algerlega við upphitun mjólkurinnar í 65° Celcíus. Það er heldur ekki kunnugt um nein tilfelli, þar sem gin- og klaufaveikin hefir borist með osti. — Þess vegna vitum vjer hingað til ekki til þess, að neitt ríki hafi bannað af heilbrigðisástæðum innflutning osts. Eitt suðurþýska ríkið, sem fyrir nokkru krafðist þess af heilbrigðisástæðum, að með innfluttum osti ætti að fylgja upprunaskírteini, hefir þegar numið þá ráðstöfun úr gildi, af þeirri ástæðu, að ostainnflutningur sje alveg hættulaus".

Þetta sýnir það, að svissneska stjórnin er alveg á sama máli og prófessor Jensen, þó að hv. þm. Borgf. þykist betur vita og vilji þar með knjesetja alheimsskoðanir á þessu máli.

Þó að við, sem við sjávarsíðuna búum, höfum ekki jafnmikilla hagsmuna að gæta, þá erum við þó sama sinnis og bændur um það, að stemma eigi stigu fyrir því, að veikin berist til landsins.

En ef þessir bannmenn hugsuðu eins mikið um hag annara eins og sjálfra sín, þá ættu þeir að bera fram till. um að tryggja það, að þessar vörur hækkuðu ekki í verði, með hámarksverði á slíkum afurðum, og að jafnframt væri nóg til af þeim, bæði handa sjúklingum og öðrum þeim, sem ekki geta verið án þeirra. En á meðan þeir hrinda ekki af sjer, að þetta sje í eiginhagsmunaskyni gert, til þess að fá hærra verð fyrir vörur sínar, þá verða þeir að sætta sig við, þó bæði jeg og aðrir leggjumst fast á móti, að slíkum þvingunarráðstöfunum verði beitt.

Jörundur Brynjólfsson:* Jeg þarf ekki miklu að svara hv. 2. þm. Reykv., því að hv. þm. Borgf. hefir nú rekið ofan í hann svo eftirminnilega allar þær staðleysur, sem hann hefir haldið fram. Að vísu var hv. 2. þm. Reykv. kveðinn niður strax við 2. umr. málsins, svo að flest alt, sem nú hefir verið sagt, er aðeins endurtekning á því, sem sagt var þá. Það er búið að margbenda honum á, að það sje á engan hátt útilokað, að veikin geti borist með þessum vörutegundum, sem um er að ræða. Þó þverskallast háttv. 2. þm. Reykv. við og segir, að hjer geti ekki verið um neina sýkingarhættu að ræða. Ef hann væri nú eins

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

heill í máli þessu eins og hann vill vera láta, þykir mjer undarlegt, hvernig hann rökstyður mál sitt. Aðalrök hans eru þau, að okkur stafi engin hætta af þessu, af því að veikin sje ekki ennþá komin til landsins. En aðstaða okkar er nokkuð með öðrum hætti en er hjá öðrum þjóðum, og því ætti okkur að vera auðveldara að verjast veikinni. Hann (HjV) staðhæfir bæði nú og við 2. umr. þessa máls, að slíkt bann eigi sjer ekki stað annarsstaðar.

Jeg hefi ekki haft aðstöðu til þess að afla mjer nógu góðra upplýsinga um það, hvað Norðmenn hafa gert í þessu efni, en jeg treysti Hannesi Jónssyni dýralækni fyllilega til þess að hafa bygt rit sitt á bestu gögnum, og hann segir þar, að Norðmenn hafi bannað innflutning á nokkrum þessara vara. Hann segir á bls. 181: „Það er því skiljanlegt, að hraðvaxnar jarðarafurðir eins og rófur, kartöflur, kál og annað grænmeti, hey og hálmur geti valdið smitun. Gengu Norðmenn langt í því, eftir að gin- og klaufaveikin fluttist til þeirra, að banna innflutning á þessum afurðum". **(HjV:** Ekki kartöflum). Dýralæknirinn segir það þó, og jeg hefi enga ástæðu til þess að efast um það, og það getur meira að segja vel verið, að Norðmenn banni fleiri vörur, þótt við vitum ekki af því.

Samkv. því, sem fyrir liggur í þessu máli, verð jeg að segja það, að mjer finst hv. 2. þm. Reykv. tala af helst til lítilli alvöru um þetta mál. Hann sagði, að ef menn vissu, að þeir greiddu atkv. um það, hvort gin- og klaufaveikin bærist til landsins, þá mundi enginn efi á því, hvernig atkv. fjellu.

Jeg ætla hv. 2. þm. Reykv. ekki það ilt, að jeg geti gert ráð fyrir því, að hann greiddi þá atkv. gegn banni. En sönnun er ekki til, heldur aðeins líkur fyrir því, að veikin kunni að berast til landsins, og sú sönnun fæst ekki fyr en reynslan sker úr um það, hvort svo verður eða ekki, en þá er um seinan að hefjast handa, og því er það nú skylda hv. þm. að vera á verði.

Hv. þm. (HjV) sagði, að ef öll hættan stafaði af *þessum* vörum, þá væri skiljanlegt þetta mikla kapp, sem við flm. þessarar till. legðum á okkar mál. Jeg geri ráð fyrir, að fyrirkomulag varna verði yfirleitt bygt á mati þeirra manna, sem besta þekkingu hafa í þessum efnum, og jeg býst t. d. við því, að sjerstaklega verði farið með menn, sem hætta getur stafað af. **(HjV:** Hvernig var farið með hv. 2. þm. Rang., þegar hann kom úr siglingunni um þau lönd, þar sem gin- og klaufaveikin geisaði?). Hann var margsápuþveginn hátt og lágt, og veit jeg þó ekki, hvort það var vitað fyrirfram, að hann hefði verið þar, sem veikin geisaði, eins og hv. þm. sagði. Hann hefir þó ekki borið veikina, en hættan er nú sú sama, hvað sem því líður. Það væri sök sjer, ef hv. 2. þm. Rang. væri eini smitberinn. Það væri þá einfaldast að sleppa honum ekki út fyrir landsteinana. **(BÁ:** Helst ekki úr deildinni!).

Það voru ýms fleiri atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. drap á, en jeg held yfirleitt, að hann geri of mikið úr óþægindunum, sem af vörnum geti stafað. En það hefði áreiðanlega ekki þurft að tala með brígslum og aðdróttunum um

fúlmensku hjá okkur andstæðingum hans í þessu máli. Ef landsmenn vantar smjör og egg, þá eiga menn að geta talað um það hitalaust og án þess að koma með allskonar dylgjur og aðdróttanir um fúlmensku og varmensku hjá andstæðingunum. Annars er það best að láta þá, sem þekkja okkur, um það, hvaða dóm þeir kunna að leggja á okkur, og halda því algerlega fyrir utan þetta mál.

Jeg álít, og jeg byggi það á allgóðum rökum, að það sje nóg til af eggjum og smjöri í landinu, en kannske síður af kartöflum. En það verð jeg að segja hv. 2. þm. Reykv., að þótt það bakaði mönnum töluverð óþægindi, þá álít jeg, að það sje ekki áhorfsmál að banna þá vöru. Því að hvað eru þau óþægindi hjá þeim ósköpum, sem yfir dyndu, ef veikin bærist til landsins? Annars skal jeg ekki fara meira út í það, því að hv. þm. Borgf. fór svo rækilega út í það í sinni ræðu.

Háttv. þm. (HjV) sagði, að ef ekki væri heimill innflutningur á þessum vörum, þá mundu þær hækka stórkostlega í verði. Þá er hægurinn hjá, ef það ætlaði að keyra úr hófi, að setja hámarksverð á vörurnar. Jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því. Því að það er alls ekki í neinum gróðatilgangi, að við viljum gera þessa ráðstöfun, eins og margsinnis hefir verið tekið fram af okkar hálfu, heldur aðeins til þess að verjast meiri og minni bágindum og vandræðum, sem yfir þetta land mundu dynja, ef veikin bærist hingað.

Þá kom hv. 2. þm. Reykv. með þá sönnunargagn, sem alveg átti að ríða baggamuninn í málinu, þar sem var brjef frá smjörlíkisgerðinni „Ásgarði". Hann kveðst hafa gengið milli manna og ekki fengið þetta brjef. Hann veit ef til vill einhver deili á þessu brjefi, en jeg vissi ekki fyr, að það væri til. Jeg veit auðvitað ekki, hvort það hefir borist til landbúnaðarnefndar. Jeg hefi þó gengið allra manna lengst í þessu máli, og þó hefir hv. form. landbn. (LH) ekki sýnt mjer það. (**LH:** Öll brjef til landbn. hafa verið lögð fram). Jeg hefi ekki sjeð það. En auðvitað er mjer forvitni á að sjá það, ef það er til og hægt er að fá það.

En þetta hæfir ekki hjá hv. 2. þm. Reykv., því að ef brjefi þessu hefir verið leynt, þá hafa einhverjir aðrir gert það en jeg, og ætti hann að spara sjer að snupra þá, því að mjer sýnist þeir ekki standa honum allfjarri í þessu máli.

Þá var hv. þm. (HjV) að vitna til Suður-Þýskalands; þar hefði fyrst verið heimtað upprunavottorð af gerilsneyddri mjólk til ostagerðar, en síðan hefði verið hætt við það, þar sem talið hefði verið fullvíst, að veikin gæti ekki borist með þeirri vöru.

Viðvíkjandi osti, þá er að vísu sennilega engin hætta, ef mjólkin er gerilsneydd og hreinlega farið með hana. En jeg vil benda á það enn, að mjög margar tegundir osta eru búnar til úr *ógerils*neyddri mjólk.

Prófessor Jensen segir það og, en hann segir ennfremur, að það sje *„sennilegt"*, að gerjun í osti drepi bakteríurnar. Hann fullyrðir ekkert um það; segir aðeins, að það sje sennilegt. Hann vill ekki leggja vísindaheiður sinn í hættu með því að segja meira en hann getur staðið við, þótt um hagsmunamál samborgara hans sje að ræða.

Jeg ætla svo ekki að elta ólar við fleira hjá hv. 2. þm. Reykv. Dylgjur hans um hvatir okkar í þessu máli eru ekki svara verðar, en þær eru því undarlegri, þar sem hvorki jeg nje aðrir höfum farið hið minsta út fyrir málið í ræðum okkar. Jeg held, að við höfum ekki talað svo, að það hafi getað gefið hv. þm. tilefni til þess að fara út í brígsl í okkar garð eða gera okkur upp annarlegar hvatir.

En það er annars oft svo undarlega ofarlega í þessum hv. þm., að eitthvað óhreint, varmenska eða lítilmenska, sje á bak við hjá andstæðingum hans. Jeg ætla, að við sjeum búnir að rökstyðja sæmilega það, sem við höfum sagt í þessu máli. Og jeg vona því, ef þessi hv. þm. á eftir að tala enn, að hann geti þá haldið sjer við málefnið og ráðið við þá hvöt sína að hnjóka við mönnum. Annars getur auðvitað verið, að innræti mannsins sje svo, að honum sje þetta ekki sjálfrátt, og menn verði því að virða honum þetta til vorkunnar, en jeg vona þá, að hann eigi svo langt líf fyrir höndum, að honum megi takast að vinna bug á þeirri ástríðu.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla aðeins að beina fáeinum orðum til hæstv. atvmrh., því að hann var ekki viðstaddur, þegar jeg talaði síðast. Mjer virtist hann tala eins og það hrygði hann, að hann þyrfti að beygja sig í þessu máli, og vera sammála meiri hl. landbn. um það, að best væri, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Hvað er það, sem gerir það, að hann þarf að beygja sig, og hvað knýr hann eiginlega til þess að gera það, svo óljúft sem það hlýtur að vera honum samkvæmt fyrri afstöðu hans til þessa máls? Jeg verð að segja það, að jeg kem ekki auga á það. Því að jeg get ekki gert ráð fyrir því, að stuðningsmenn hæstv. ráðh. drepi frv. að honum sárnauðugum. Það hefir ekki komið fyrir áður á þessu þingi, og þar sem hæstv. ráðh. hefir flutt þetta mál og það hefir verið honum svo hjartfólgið áður, þá get jeg ekki skilið það, að það verði eina stjfrv., sem stútað verði á þessu þingi. Og þótt minni hl. stuðningsmanna stj., sem sje sósíalistar, gangi á móti frv. af öllu sínu afli og sínum brennandi áhuga á því að koma málinu fyrir kattarnef, þá hygg jeg, sem sagt, að hægt væri að fá styrk annarsstaðar frá til þess að vega upp á móti því, svo að hægt væri fyrir hæstv. ráðh. að komast hjá því að teyga þennan beiska kaleik. Og þegar hann er að tala um, að starfsbræður hans, hinir ráðherrarnir, muni greiða atkv. gegn frv., þá er mjer það alveg óskiljanlegt.

Jeg hafði búist við því, að við hæstv. atvmrh. hefðum barist hjer hlið við hlið fyrir framgangi þessa máls, og því er mjer lítil huggun í því, að hæstv. ráðh. sje nú að þakka mjer og öðrum, sem áður hafa staðið með honum í þessu máli. Það er, að því er mjer finst, harla ógeðslegt og óviðfeldið, þegar þeir, sem brugðist hafa málefni og samherjum og svikist hafa undan merkjum, fara að þakka fyrverandi samherjum forna samvinnu. Því jeg kvika ekkert frá því, að þær ástæður, sem hjer hafa verið bornar fram fyrir því, að nauðsynlegt sje að afgreiða málið eins og það liggur fyrir, eru einskis virði. Því að jeg vil ekki gera ráð fyrir því, sem þó hefir kom-

ið fram hjer í umr., að hæstv. forsrh. og flokkur hans hafi orðið að lægja seglin í þessu máli vegna áhrifa frá sósialistum. Jeg vil ekki gera ráð fyrir því, að svo sje, og þær ástæður, sem hjer eru bornar fram fyrir því að afgreiða málið eins og það liggur fyrir, eru yfirskinsástæður einar og ekkert annað. En þegar leitað er að hinum raunverulegu ástæðum og útilokað virðist, að um annað sje að ræða, þá finst mjer ekki undarlegt, þótt mönnum hvarfli það í hug, að þessi sje ástæðan, þar sem og fordæmin eru til fyrir því svo mörg á þessu þingi.

Jeg vona samt enn, að hv. deild muni samþ. frv. með þeim breytingum, sem hjer er um að ræða, og á jeg þar fyrst og fremst við brtt. okkar fimmmenninga, en þá brtt. landbn., ef hinar falla. Því að þótt jeg álíti okkar till. enn öruggari, þá álít jeg þó skárra en ekki, að brtt. nefndarinnar verði samþ. Þó undanþáguheimildin, sem í þeim felst, dragi vitanlega úr örygginu, þá er þó ekki örvænt um, að láta mætti stj. hafa svo hitann í haldinu, að hún yrði ekki alt of ör á að veita undanþágur. — Auk þess mundi dýralæknirinn ófús að veita samþykki til undanþágu á hættulegum vörum, ef hann reynist samkvæmur sjálfum sjer.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla ekki að fara að deila við hv. þm. Borgf. um þetta mál, því að efnislega ber okkur ekkert á milli. En hv. þm. veit meira en hann þykist vita um afstöðu þessa máls í Ed. Jeg get ekki treyst því, að jeg fái meiri hl. míns flokks með frv. með þeim breytingum, sem hjer eru á ferðinni, ekki heldur brtt. landbn.

Hv. þm. segir, að það, sem við muni þurfa til þess að frv. nái samþ. í Ed., muni vera hægt að fá frá andstöðuflokki stj. Jeg hefi átt tal við hv. þm. um þetta, og hann hefir aðeins nefnt eitt nafn. Og það er maður, sem margir segja, að muni meira að segja greiða atkvæði *gegn* frv. *eins og það liggur fyrir*, maðurinn, sem talaði gegn öllum ráðstöfunum til varnar og bar fram tillögu um að vísa málinu frá. Jeg get ekki lagt trúnað á þessi ummæli, er jeg veit svo mikið, sem bendir í öfuga átt.

Það er bert, að hv. þm. Borgf. talar um hug sjer, þegar hann ber mjer á brýn óstöðuglyndi í þessu máli. Hann talar móti betri vitund. Sá fyrsti, sem talaði móti frv. á þessu þingi, var formaður Íhaldsflokksins, og sá, sem næstur talaði á móti frv., var frsm. íhaldsmanna í landbn. Og frá hverjum hefir andað kalt til málsins í þessari hv. deild? Frá einum jafnaðarmanni og tveim íhaldsmönnum.

Af því að hv. þm. vitnaði í Hannes Jónsson dýralækni og skoðanir hans, skal jeg taka það fram, að eftir hans ráðum mun jeg fyrst og fremst fara í ráðstöfunum mínum framvegis.

Jón Ólafsson: Jeg er enginn fræðimaður um gin- og klaufaveiki og skal því ekki þræta við þá góðu vísindamenn, sem hjer hafa talað og e. t. v. hafa gert málið enn ægilegra en það í raun og veru er. En hv. þm. Borgf. gaf mjer tilefni til þess að standa upp. (**PO:** Ætlar þm. að vega að mjer, þegar jeg er dauður?). Jeg ætla ekk-

ert að áreita hv. þm., en aðeins að bera af mjer sakir.

Okkur landbúnaðarnefndarmönnum hefir ekki snúist hugur í málinu. En við sjáum, að vonlaust muni vera að koma frv. fram með breytingum hv. þm. Borgf. og viljum því ekki berja höfðinu við steininn og verða þar með til að fella málið í heild sinni. Hinsvegar skal jeg segja hv. þm. það, að þó að jeg reiði mig ekki fullkomlega á hann sem vísindamann, vildi jeg langhelst verða við hans kröfum, ef kostur væri á. Jeg veit, að í raun-inni vill enginn hjer í þessari háttv. deild taka á sig ábyrgðina af því að hafa ekki gert alt, sem í hans valdi stóð til að hindra þessa voðaveiki, þó að menn geti talað djarft meðan hætt-an er ekki augljós.

Skoðanaskifti valda því ekki, að jeg dreg mig nú til baka. En jeg veit, hvernig hv. Ed. hefir tekið í málið. Og jeg held, að þær umr., sem nú hafa farið fram hjer í deildinni, geti orðið stj. til stuðnings síðar, ef hún þyrfti að taka til sinna ráða.

Einnig vil jeg taka fram, að ekki er hægt að benda á neinar alveg öruggar varnarráðstafanir. Það getur háttv. þm. Borgf. ekki fremur en aðrir. Hann vill aðeins ganga nokkuð lengra en sumir aðrir. Jeg vil ekki stofna mál-inu í voða með því að fylgja honum, en trúi því, að stj. hafi mikinn stuðn-ing í því, sem nú er sagt, og því hljóði, sem er í þm.

Að endingu vona jeg, að jeg hafi ekki gefið hv. þm. Borgf. tilefni til að halda fleiri ræður. (**PO**: Jú). Jeg hefi engar sakir á hann borið.

Magnús Guðmundsson: Jeg tók eft-ir því, að hæstv. forsrh. sagðist mundu fara eftir ráðum dýralæknis, eða m. ö. o. gera það sama og jeg gerði í hans sessi. Jeg vil aðeins minna hann á, að fyrir það, að jeg fór svo að í minni ráðherratíð sem hann nú segist ætla að gera og sjálfsagt hefir gert, hefir hann skrifað um mig 10—20 skammagreinar í blaði sínu.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja það, að í ræðu hv. 3. þm. Reykv. kom fram mikill misskilningur. Hann talar um, að stj. sje mikill stuðningur í þessum umr. En má ekki sýna stj. stuðning nema í umr.? En hann ætti að athuga, hverja breytingu samþykt frv. gerir á gildandi lögum. Með henni er kipt burt reglugerð stj. frá síðastl. hausti. Það er allur stuðningurinn. M. ö. o., það er kipt burtu innflutnings-banni á þeim vörutegundum, sem hættulegastar eru. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að þræta fyrir, að nefnd-inni hafi snúist hugur; hún hefir al-veg kúvent og brugðist trausti þeirra manna allra, sem er alvara með, að nokkrum vörnum sje haldið uppi.

Þá var eins og komið væri við op-ið sár hjá hæstv. forsrh., þegar jeg gat mjer til um ástæðuna fyrir und-anhaldi hans í þessu máli. Það dregur ekki úr grun mínum, að jeg hafi get-ið rjett til um ástæðuna. Því jeg segi það enn, að mjer virðist óskiljanlegt, að stuðningsmenn hæstv. ráðherra, og þar á meðal starfsbræður hans í stj., færu að fella þetta frv. hans, sem hefir líka verið eitt af hans helgustu áhugamálum, ef honum væri nú orðið nokkur alvara með að koma því fram. Jeg geri ekki ráð fyrir slíku fyrir-brigði, og ef það kæmi í ljós, sýndi það

hörmulegt ástand innan stjórnarflokksins.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, var stutt og laggott. Hann sagði, að jeg hefði skrifað um sig 10—20 skammagreinar. Það er sjálfsagt ekki ofmælt. En fleiri hafa skrifað um framkomu hv. þm. í þessu máli en jeg. Jeg skal nefna það sem dæmi, að fyrir landbn. liggja nú frá aðaldýralækni Dana aðfinslur um hv. 1. þm. Skagf. fyrir það, að hann hafi ekki gert það, sem hann átti að gera í þessu máli.

Hv. þm. Borgf. gerði lítið úr stuðningi þeim, sem stj. hefði af þessum umr. Jeg vil benda honum á t. d., að við höfum nú undanfarið barist hlið við hlið til þess að koma fram aðflutningsbanni á heyi. Með samþykt frv. er sigur unninn í því máli.

Þá þótti hv. þm. hart, ef stuðningsmenn stj. dræpu frv. í Ed. Jeg vil benda honum á, að þessi hv. deild hefir nú þegar „saltað" tvö frv., og var hv. þm. a. m. k. samþykkur slíkri meðferð á öðru þeirra.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg ætla að gera grein fyrir atkv. mínu. Helst hefði jeg viljað fylgja till. hv. þm. Borgf. (**PO:** Er hv. þm. að heykjast líka?). En nú verður að gæta hófs og hleypa ekki málinu í strand. Hv. þm. Borgf. er að kafsigla sig. (**PO:** Tómur misskilningur). Nú er komið að þingslitum og hver breyting á frv. hlýtur að verða til þess, að það dagi uppi. Núverandi ástand má ekki haldast, en frv. er mjög til bóta eins og það er nú. Í trausti þess, að seinna megi ef til vill koma fram umbótum á lögunum, greiði jeg atkv. móti brtt.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. viðurkennir að hafa skrifað um mig 10—20 skammagreinar fyrir það, að jeg hefi farið eins að og hann segist ætla að gera og hafa gert. Þetta vildi jeg benda á til að sýna sanngirni hæstv. ráðh. í minn garð. Annars skifti jeg mjer ekki af, hvað einhver danskur dýralæknir hefir sagt um mig, en skora samt á hæstv. ráðh. að sýna mjer það, svo að jeg geti svarað, ef jeg vil. Má vel vera, að þessi dýralæknir sje einnig óánægður með hæstv. ráðh.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er alveg rjett, að próf. Jensen er óánægður með okkur báða, hv. 1. þm. Skagf. og mig. En hann ámælir hv. 1. þm. Skagf. fyrir að hafa gert of lítið, en mjer fyrir að hafa gert of mikið til varnar. Þetta skilur.

Jón Ólafsson: Hv. þm. Borgf. sagði, að stjórnin hefði minna vald en áður, ef frv. yrði samþykt. Þetta er skakt. Hún bætir við sig valdi. Jeg tek það enn fram, að lög geta ekki náð út yfir alt. Ef stj. og dýralæknirinn verða ekki á verði, er málið í voða.

Það hefði auðvitað verið best að hafa lagastuðning. En jeg er sannfærður um, að umr. verða hæstv. stj. góður stuðningur. Jeg legg mikið upp úr áhrifum frá till. hv. þm. Borgf. og því, sem hann hefir sagt af sinni miklu þekkingu um málið.

Landbn. hefir ekki snúist hugur. Hún tók málinu vel þegar í stað. En hún telur þýðingarlaust að ráðast á

órjúfandi múr Ed. Dýralæknir hefir og tjáð nefndinni, að hann kysi fremur hálfan skaða en allan. Og það sama segi jeg fyrir mitt leyti.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætlaði hæstv. forsrh. að skilja, að við erum báðir jafnsaklausir eða sekir í þessu máli, þar sem báðir hafa farið eftir ráðum dýralæknis.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi ekki skjöl við hendina nú. En það, sem próf. Jensen sagði, var, að fyrv. stj. hefði of seint gert varúðarráðstafanir.

Magnús Guðmundsson: Skilur ráðh. ekki, að ef það er rjett af honum að fara eftir ráðum dýralæknis, þá er það líka rjett af mjer?

Lárus Helgason: Þar sem jeg hefi ekki talað í málinu við þessa umr. og þar sem landbn. hefir tekið sína brtt. aftur, til þess að stefna málinu ekki í voða eins og málavextir eru nú, en umrædd brtt. hefir nú verið tekin upp aftur, þá vil jeg af nefndum ástæðum ganga að frv. eins og hv. Ed. hefir afgreitt það, og greiði atkv. móti brtt.

ATKVGR.

Brtt. 528,1 feld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, PO, EJ, GunnS, HStef, HJ, JS, BSv.

nei: LH, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HG, HjV, IngB, JJós, JAJ, JÓl.

Þrír þm. (HK, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Brtt. 528,2 feld með 15:8 atkv.

— 514 tekin aftur, en tekin upp af þm. Borgf. (PO) og feld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, PO, GunnS, HStef, HJ, JS, BSv.

nei: LH, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HG, HjV, IngB, JJós, JAJ.

BSt, EJ, JÓl greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (HK, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 783).

28. Strandferðaskip.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er enginn nýr gestur á Alþingi. Þetta mun vera í þriðja sinn, sem það kemur fram, og hefir það, við þær umræður, sem orðið hafa, fengið mjög ítarlega athugun og rækilegan flutning, einkum af hálfu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Rökin með og móti þessu máli hafa svo oft og rækilega verið tekin fram og skýrð, að jeg tel óþarft að fara út í þau á þessu stigi málsins. Mjer finst það mega bíða til síðari umr. að leiða saman hesta sína í þessu máli. En jeg vil beina því til þeirrar

nefndar, sem mál þetta fær til athugunar, að í sambandi við þetta er ómögulegt að komast hjá því að taka upp annað mál, nefnilega það, hvernig við högum okkar póstgöngum. Það er mál, sem samhliða þessu verður að taka til rækilegrar athugunar.

Að svo mæltu vil jeg leggja til, að þessu máli verði, að lokinni þessari umr., vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 248 og 335).

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Að vísu er hún sammála að því leyti, að hún telur strandferðamálið ekki komið í gott horf fyr en fengin eru tvö skip svipuð og Esja, er gangi kringum land hvort á móti öðru.

Minni hl. nefndarinnar leggur það til, að stj. verði með lögum heimilað að koma upp þessu skipi eins fljótt og hún sjer sjer fært, en meiri hl. vill fella frumvarpið. Við, sem skrifuðum nál. minni hl., leggjum til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. Breytingin er aðallega í því fólgin, að við viljum, að þetta nýja skip verði í öllum höfuðatriðum sem líkast Esju, með þeirri undantekningu, að 3. farrými sje felt niður, en 2. farrými haft nokkru stærra; auk þess sem við viljum halda ákvæðum frv. um frystiklefa í skipinu. Í frv. er aftur á móti aðallega gert ráð fyrir þessu skipi til vöruflutninga, og gerð þess ákveðin eftir því.

Það er nú svo komið, að allháværar raddir eru farnar að heyrast um land alt, hve mikil þörf sje á því að fá strandferðaskip með kælirúmi, og vil jeg leyfa mjer að fullyrða, að þessi krafa er á rökum bygð.

Bændur landsins eru flestir þannig settir, að þeim er fyrirmunað, eins og samgöngunum nú er háttað, að koma á innanlandsmarkað kjöti og öðru nýmeti, sem ekki þolir langa geymslu. En með hinum hraða vexti Reykjavíkur og annara kaupstaða eykst þörf þeirra að miklum mun á þessum vörutegundum. Nærsveitir kaupstaðanna geta ekki fullnægt þörfinni og verðið stígur upp úr öllu valdi. En sumpart er reynt að draga úr vandræðunum með innflutningi á niðursoðnum vörum og öðru slíku, sem komið getur í þess stað.

Jafnframt þessu eru bændur í vandræðum með að fá markað fyrir framleiðsluvörur sínar, af því að hentugar samgöngur vantar. Í stað þess að auka framleiðslu þessara vara í landinu verður niðurstaðan sú, að bændur reyna að draga sem mest úr henni.

Ef um fullkomnar samgöngur væri að ræða, myndu bændur standa vel við að selja þessa vöru talsvert lægra verði en nú á sjer stað, og það ætti að vera keppikefli landbúnaðarins að fullnægja þjóðinni á öllum árstíðum með nýtt kjöt, egg og smjör. Nú mun vera flutt inn í landið af þessum vörum fyrir hundruð þúsunda króna. Þær krónur hefir þjóðin kvatt að eilífu og algerlega að ástæðulausu.

Þjóð eins og vjer Íslendingar, sem hefir jafnlitla möguleika til þess að vera sjálfri sjer nóg, má ekki sleppa sjónum af þeim leiðum, sem hún hefir til þess að efla sjálfsbjargarviðleitni sína. Með þessu frv. er, að áliti minni hl., stigið allverulegt spor í rjetta átt, og þó einhverjir ágallar kunni að vera við frv., þá væntum við, að þeir verði leiðrjettir, svo að ekki saki.

Við teljum líka mjög nauðsynlegt, að vjer getum, áður en langt um líður, tekið í hendur vorar fólksflutninga með ströndum fram, eins og flestar þjóðir hafa þegar gert. Hjer hjá oss hafa þessir fólksflutningar að ýmsu leyti verið í ólagi, svo að fylsta nauðsyn er til bóta.

Jeg skal játa, að hjer er um mikið fje að ræða og að hæpið er, að hægt verði að leggja fram allan byggingarkostnaðinn á 1—2 árum. En við gerum ráð fyrir, eins og líka er vikið að í frv., að taka megi lán í því skyni, og hefi jeg á öðrum stað gert ráðstafanir — og mun það mál koma fyrir þingið —, sem gera kleift að takast það lán á hendur. Við leggjum mikla áherslu á, að nýtt skip verði bygt í þessu skyni, en ekki keypt gamalt skip, því að hætt er við, að gamalt skip gæti ekki verið hentugt að öllu leyti, og auk þess verða gömul skip oft dýrari en ný, þegar miðað er við not af þeim.

Það er ekki ný skoðun, hvorki hjá hæstv. stjórn nje minni hl. nefndarinnar, að skipi þessu sje komið upp. 1913 var ákveðið með lögum að byggja tvö skip á stærð við Esju. Þessi lög áttu að koma til framkvæmda 1916, þótt ekki yrði úr því. Síðan hafa ávalt verið uppi háværar raddir um þetta mál. Því hefir verið haldið fram af meiri hl., að svo mikil nauðsyn væri á samgöngubótum á landi, að bygging þessa skips geti ekki komið til mála á næstu 4 árum. Það er fjarri mjer að leggjast á nokkurn hátt á móti samgöngubótum á landi, — þvert á móti óska jeg, að þær geti gengið sem greiðast. En mjer finst eðlilegt, að þau hjeruð, sem ekki geta notið þeirra umbóta, fái leyst úr vandræðum sínum með byggingu nýs strandferðaskips, og ef hægt er að koma því máli í kring með lánsfje, álít jeg sjálfsagt að hefjast handa svo fljótt sem unt er. Jeg legg ekki áherslu á, að skipið verði endilega bygt í ár eða jafnvel að ári, en tel þó, að nauðsynlegt sje að hraða smíði þess sem mest. Leggjum við minnihlutamenn til, að frv. verði samþ. með brtt. þeim, sem eru á þskj. 248.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefi ekki miklu við álit meiri hl. samgmn. að bæta. Samkomulagið í nefndinni náði ekki lengra en það, eins og hv. frsm. minni hl. hefir sagt, að allir voru sammála um, að það fyrirkomulag, sem frv. stjórnarinnar stingur upp á, sje óhafandi. Allir þeir, sem kunnugir eru strandferðum, sjá, að ekkert vit er í að hafa tvö strandferðaskip, annað til fólksflutninga, en hitt til vöruflutninga. Rekstur slíkra skipa yrði svo dýr, í hlutfalli við þau not, sem af þeim yrðu, að slíkt væri hið mesta óráð. Hraðferðir Esju, sem að mestu hafa verið til mannflutninga, sýna, að jafnan hefir orðið mest tap á þeim. Hinsvegar tefja smáflutningar á hafnir kringum landið ekki til neinna muna fyrir

skipinu. Ef bæði skipin hafa hinsvegar farþegarými, er meiri von um aukinn fólksflutning.

Mestu vandræðin við byggingu slíks skips og þess, sem hjer um ræðir, er að koma fyrir öllu því, er með þarf, farþegarými, lest til flutninga og kælirúmi. Margir krefjast þess, að ganghraði verði svo mikill, að mikið af rúmi skipsins fer undir vjelar og til kolageymslu. Þannig hefir Esja aðeins kol til tveggja daga í hliðarboxum, og verður því að nota mikið rúm til kolageymslu annarsstaðar í skipinu sem annars hefði verið hægt að nota undir vörur eða kælirúm. Ef þetta nýja skip á að hafa sama ganghraða og Esja og vera með kælirúmi, þá verður lítið um pláss fyrir aðrar vörur. Ef setja ætti kælirúm í Esju nú, yrði að taka til þess alla afturlestina. En yrði það gert, væri erfitt, ef ekki ómögulegt að sigla skipinu. Skipið tekur engar þær vörur, er það fer frá Reykjavík, sem geyma þarf í kælirúmi, en hinsvegar fer skipið með fulla framlest af vörum, og myndi því liggja á nefinu. Þess má og gæta, að ekki skiftir miklu máli um ganghraðann, þegar viðkomustaðir eru margir. Er þá svo dýrt að halda uppi fullum „dampi" meðan á viðstöðum stendur, að skipin eru yfirleitt ekki látin ganga með fullri ferð. Esja gengur venjulega ekki nema 10 mílur, enda þótt hún geti gengið 12 sjómílur á klukkustund. Hefði vjelin verið miðuð við 10 mílna ganghraða, en ekki 12, hefði mátt spara svo mikið rúm, að sæmilegt kælirúm hefði komist fyrir. Líka verður að haga stærð og byggingarlagi þannig, að skipunum sje kleift að komast inn á hinar minni hafnir. Þannig á Esja erfitt með að komast inn á Hornafjörð og verður að liggja úti fyrir. Esja er 178 fet á lengd, Hólar og Skálholt voru 151 fet og Austri og Vestri 142 fet, enda áttu þau skip hægara með að komast inn á Hornafjörð og aðrar smærri hafnir heldur en Esja. En það er ekki síst vegna Hornafjarðar og Austfjarða, að þörf er á þessu skipi. Síðan Brúarfoss kom til sögunnar, hefir mjög batnað hagur Norðlendinga í þessu efni. Einnig ber að minnast þess, að ákveðið er að leggja bílveg milli Norðurlands og Suðurlands, frá Borgarnesi og norður í land. Má telja víst, að mannflutningar allir og mikið af vöruflutningum verði með bílum, þegar vegurinn er kominn, á þeim tíma árs, sem vegurinn er bílfær, en það mun að jafnaði verða 6—7 mánuði ársins. Því að landleiðin verður bæði ódýrari og fljótfarnari. Farmgjald undir vörur úr vesturhluta Húnavatnssýslu myndi nema 6 aurum á kg. Myndu flestir kjósa að senda kjöt sitt þá leið, heldur en að flytja það á viðkomustaði kæliskipsins og geta átt á hættu, að nýmetið verði að bíða þar, vegna þess, að skipið verði á eftir áætlun. Það er líka áreiðanlegt, að ef greiða á flutningsgjöld fyrir vörur, sem fluttar eru í kælirúmi, í hlutfalli við raunverulegan tilkostnað og rekstrarkostnað, þá verður farmgjald 8½ eyrir undir kg., en ekki 6 aurar. Finst mjer, að þessum mismun væri betur varið á þann hátt, að styrkja hjeruðin til að flytja afurðir sínar með bílum, heldur en að kosta til byggingar á nýju strandferðaskipi, eins og sakir standa nú.

Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir

þeim verklegu framkvæmdum, einkum í samgöngumálum, sem liggja fyrir á næstu árum. Það var ætlun Alþ. 1925, að þessum framkvæmdum yrði lokið fyrir 1932. Sannleikurinn er sá, að mörgum hjeruðum er miklu meiri þörf á símalínum heldur en auknum viðkomum strandferðaskipanna. Jeg hefi sjeð áætlanir landssímastjóra um símalagningar á þessu ári. Eftir því, sem jeg þekki til, — og mjer er óhætt að fullyrða það —, munu öll hjeruð fremur kjósa símann en strandferðaskipið.

Með rekstri þessa nýja skips er ríkissjóði lagt 180—240 þús. kr. árlegt beint rekstrartap á herðar. Þetta verður engin smáræðis upphæð, þegar um mörg ár er að ræða. Og til að koma skipinu upp, verður ríkissjóður að taka lán, 750—800 þús. kr. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir skýrt svo frá, að skip, sem er 165 fet á lengd, með litlu kælirúmi og nokkuð annari tilhögun á farþegarými en er á Esju og gengur 9 mílur á klukkustund, muni fást bygt fyrir um 650 þús. kr. Sú breyting, sem þá væri gerð á farþegarýminu, er sú, að hafa stærri fjölmennisklefa en nú eru á Esju. Á Austra og Vestra var 2. farrými aðeins tveir fjölmennisklefar, annar fyrir konur, hinn fyrir karla. Á þennan hátt mætti gera skipið töluvert ódýrara en ella.

Eins og sjest af nál. meiri hl., var ætluð 1 miljón króna til samgöngubóta árið 1925, mest til vega, brúa og síma, en lítið eitt til vita og hafnarbóta, þótt þar sje hin mesta þörf umbóta. Til vitabygginga er gert ráð fyrir 60 þús. kr. í næstu fjögur ár. Þetta er alt of lítið, þegar litið er á það, hve bráðnauðsynlegt er að koma upp vitum víðsvegar kringum land. Vil jeg þar nefna Seleyjarvitann, sem vitamálastjóri leggur áherslu á, að bygður sje fyrir 1932, vita á Horni, Tjörnesi, Sljettu, Glettinganesi og víðar. Þá er einnig þörf á að fjölga leiðarljósum, t. d. við Hjörsey á Mýrum, við Ísafjarðardjúp, á Breiðafirði, Húnaflóa og víðar.

Þegar Esja var bygð, voru allmjög skiftar skoðanir um það, hve mikill tekjuhalli myndi verða af rekstri hennar. Lá við, að þeir væru hæddir og hafðir að athlægi, sem hjeldu því fram, að árlegur rekstrarhalli myndi verða um 150 þús. kr. En reynslan hefir orðið sú, að tekjuhallinn hefir orðið 180—230 þús. kr. á ári, og að auki vextir af andvirði skipsins. Raunverulegur halli hefir því orðið um 230—270 þús. kr. á ári. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins telur, að þessi halli muni fremur aukast en minka, ef skipin verða tvö, þannig að rekstrarhalli Esju hækkar og þar ofan á bætist rekstrarhalli hins nýja skips.

Fólksflutningar með Esju hafa orðið minni en búist var við í upphafi og hafa farið minkandi. Fyrsta árið voru ⅔ af tekjum skipsins fyrir farbegaflutning, en nú tæpur helmingur. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að samgöngur hafa batnað, beinar ferðir milli Suður- og Norðurlands stóraukist, og fólk kýs fremur að fara með skipum, sem eru fljót í ferðum og hafa fáa viðkomustaði, heldur en strandferðaskipi, sem verður að eltast við hverja smáhöfn.

Jeg get ekki búist við, að nein verulег breyting verði á þessu, þótt skipin verði tvö. Nú er svo ástatt, að þótt

Esja fari með 100—200 farþega af stað úr Reykjavík á leið vestur um land, eru ekki nema 20—30 eftir er hún yfirgefur Breiðafjörð. Þegar bílvegur er kominn á milli Norðurlands og Suðurlands, fækkar efalaust farþegum að miklum mun. Má að vísu segja, að vegur þessi verði ekki fær á öllum tímum árs, en vegamálastjóri telur Holtavörðuheiði færa 6—8 mánuði ársins, og það eru einmitt þeir mánuðir, sem mestar mannaferðir eru, nefnilega frá maí og fram í október.

Jeg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að þörf Hornafjarðar og Austfjarða er betur borgið á þann hátt, að hafa lítið en vel útbúið skip, sem annaðist strandferðirnar á þessu svæði. Mjer finst, að mörgum hætti til að gera of mikið úr kæliflutningi matvæla hafna á milli; að vísu mun vera talsvert af laxi, einkum í Húnavatnssýslum, sem hægt væri að selja í Reykjavík, en það má eins vel flytja þessa vöru með bílum innan skams.

Nú sem stendur er aðeins eitthvað lítið til af nautakjöti, sem hægt er að miðla öðrum, til dæmis Reykjavíkurbúum. Víðast hvar eru líka markaðir miklu nær. En úti um land er það sauðfjárræktin, sem borgar sig best, en skipið yrði varla notað til þess að flytja saðakjöt. Enda er það svo, að austursýslurnar og Borgarfjörður fullnægja alveg þörf Reykjavíkur í því efni. Jeg er sannfærður um, að með bættum samgöngum á milli Reykjavíkur og austursýslnanna eykst nautgriparækt á Suðurlandsundirlendinu, en nautgriparækt er arðvænlegasta kvikfjárræktin þar og ódýrara að framleiða þessa vöru þar en annarsstaðar á landinu.

Það hefir í þessu sambandi jafnan verið minst á lögin frá 1913. Ýms lög hafa verið samþykt á ýmsum tímum, sem ekki hafa komið til framkvæmda, bæði af því, að ekki var fje fyrir hendi, og af því, að seinni tíminn hefir sjeð, að lögin voru ekki hentug. En 1913 var lögleidd heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja 400 þús. kr. í Eimskipafjelag Íslands, gegn því, að fjelagið skaffaði landsmönnum tvö strandferðaskip og hjeldi þeim úti. En fjelagið vildi þetta ekki, og samningar fórust fyrir. Jeg hygg, að allir hv. dm. mundu fúslega vilja ganga að því að láta Eimskipafjelagið nú fá 300 þús. kr., ef það vildi byggja nýtt skip. Og jeg held, að allir, sem til þekkja, vildu hreint og beint gefa fjelaginu Esju.

Nú sem stendur eru svo margar og miklar framkvæmdir, sem bíða úrlausnar, að ekki er sýnilegt, að við getum lagt fram úr ríkissjóði nokkurt fje næstu árin, en jafnvel þó að við tækjum lán, sem yrði að vera, ef í byggingu væri ráðist, þá gerir hinn gífurlegi árlegi rekstrarhalli það ekki fýsilegt, meðan bráðnauðsynlegustu framkvæmdir bíða úrlausnar.

Þeir, sem búa við Húnaflóa og Skagafjörð, munu fremur kjósa bættar samgöngur á landi, til dæmis bílveg, en nýtt strandferðaskip, enda sagði hv. frsm. minni hl., að hann mundi ekki leggja kapp á, að úr þessu yrði á þessu ári, og jafnvel ekki næsta ári heldur. Jeg verð að segja, að jeg sje ekki, hvaða nauðsyn knýr það fram nú, að heimta heimild handa stjórninni til framkvæmda í þessu efni. Það er vitanlegt, að við getum ekki, svo neinu nemi, dregið úr flóabátastyrkn-

um, þrátt fyrir þessa viðbót strandferða. Það mætti kannske taka 5—7 þús. kr. af Hornafirði, eða það, sem hefir verið varið síðustu árin til flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða. En það þyrfti eftir sem áður að borga innanhjeraðsferðir í Öræfi, Lón og Borgarhöfn. Um Eyfirðinga er það að segja, að þeir vilja alveg leggja niður viðkomur Esju á Eyjafirði. — Þeir segja, að þær sjeu til einskis gagns, en aftur á móti óska þeir eftir flóabátum. Um Ísafjörð, Borgarnes og Skaftafellssýslur ætla jeg ekki að tala. Til þeirra báta fara nú um 80% af öllum gjöldum til flóabáta, og ekkert af því fje er hægt að spara.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það gegnir furðu, að þingmaður þess hjeraðs, sem verður að hafa einhvern dýrasta flóabátinn og sem verður að styrkja á hverju ári, skuli ekki vera ánægður með þá hjálp, heldur vilja sporna við því, að önnur hjeruð fái samskonar hjálp. Þrátt fyrir hinar marglofuðu framfarir hjer á landi, er sannleikurinn sá, að nú eru strandferðir verri en þær voru um aldamót, þegar hjer gengu tvö dönsk skip. Þetta ástand er að kenna hreppapólitík og þröngsýni íhaldsflokksins í þessu máli. Þegar Esja var bygð, var töluverður reipdráttur á milli flokkanna, því að formaður íhaldsflokksins, hv. 3. landsk., hjelt því fram, að á skipinu ætti að vera lítið farþegarúm — aðeins fyrsta farrými, lítið annað farrými, og svo lestarrúm fyrir almenning. Það vildi svo til, að íhaldsflokkurinn gat ekki ráðið þessu. Þeir, sem rjeðu byggingu skipsins, vildu ekki þola það, að megnið af fólkinu væri flutt í lest. Fyr en við Íslendingar erum búnir að útrýma slíkum lestarflutningi, getum við alls ekki talist til siðaðra þjóða.

Þær upplýsingar, sem hv. minni hl. nefndarinnar hefir fengið frá forstjóra Eimskipafjelagsins, myndu leiða þingið út á villigötur, ef eftir þeim væri farið. Þó að Emil Nielsen sje mjög mikilhæfur maður í sinni stöðu, skjátlast honum um þarfir smáhafnanna, þegar hann vill hafa hið nýja skip eins stórt og Esju, því að það er vitanlegt, að Esja er of stór fyrir hinar smærri hafnir. Hugsun stjfrv. er sú, að byggja eigi nýtt skip minna en Esju, en þó nógu sterkt til þess að þola sjóana hjer við land, nema aðeins í svartasta skammdeginu. Ennfremur á í því að vera kælirúm, til þess að koma afurðum á innlendan markað, eða þá áleiðis til útlanda.

Jeg vil skjóta því til hv. þm. N.-Ísf., hvílíkar framfarir hafa orðið í kjördæmi hans, síðan samgöngubætur komust í framkvæmd. Nú geta bændur þar komið afurðum sínum til sjóþorpanna. Jeg skal nefna nokkur hjeruð, til þess að sýna, hversu mikið ranglæti það er að fella frv. Í Austur-Skaftafellssýslu er höfnin svo grunn og innsiglingin svo þröng, að erfitt er að koma Esju þangað inn. Þessi sýsla fær tvær til þrjár Esju-viðkomur á ári, eitt skip til útlanda og nokkrar mótorbátaferðir. Þetta eru allar samgöngurnar. Hvernig eiga að verða landbúnaðarframfarir á slíkum stað? Hvernig eiga menn að koma afurðunum frá sjer? Jeg hygg, að hv. þm. N.-Ísf. hafi farið um Austur-Skaftafellssýslu. Hann veit það eflaust, að upp frá Hornafirði er eitthvert besta rækt-

unarland á öllu Íslandi. Þar mætti rækta mörg þúsund dagsláttur. En samgöngurnar vantar.

Suður-Múlasýslu er líkt farið og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar er erfitt að leggja vegi, vegna þess hve þar er sæbratt. Esja kemur þangað einu sinni eða tvisvar á mánuði. Þar er mjög erfitt að ferðast á landi og samgöngur í herfilegu ólagi. Sama er að segja um Norður-Múlasýslu. Þar er mjög erfitt að komast á milli, nema á sjó, en þá er ekki til að dreifa öðru en hinum strjálu Esjuferðum. Í Norður-Þingeyjarsýslu koma Eimskipafjelagsskipin við, en þá vantar alveg kælirúm. Í Suður-Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu er mikið um laxveiði. En hvaða gagn er að því, þegar ómögulegt er að koma laxinum á markað? Þingeyrar, sem eru einhver besta jörðin á landinu, eru óseljanlegar af því að samgöngur eru svo illar, að laxinn verður að litlu. Allur þorri norðlenskra bænda vill beita sjer fyrir því, að nýtt strandferðaskip verði bygt.

Þá kem jeg að Strandasýslu. Hún er sundurskorin af fjöllum og fjörðum og samgöngur á landi eru þar afarerfiðar. Þar heimtar fólkið strandferðaskip. Sjálfur þingmaður N.-Ísf. heldur því fram, að Norður-Ísfirðingar vilji ekki fá nýtt skip. Kjósendur hans láta sjer kannske nægja hinn afardýra bát, sem þeir hafa, en samt sem áður mundi það hafa mikla þýðingu fyrir þá, ef þeir gætu komið nýju fiskmeti á markað. Jeg dreg það ekki í efa, að ef þeim yrði flutt málið rjett, mundu þeir vera með því. Í Vestur-Ísafjarðarsýslu leggja menn mikla áherslu á að fá strandferðaskip. Breiðifjörður gengur næst Austur-Skaftafellssýslu með slæmar samgöngur. Dalasýsla og Barðastrandarsýsla eru afarilla settar og verða það, þangað til nýtt strandferðaskip kemur. Fyrir fáum árum var sagt, að Dalasýsla hefði orðið að borga 20 þús. kr. í aukafarmgjöld á vörum sínum. Fyrst voru þær fluttar til Reykjavíkur, og þaðan til Stykkishólms og loks til Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar. Það er sorglegt tákn tímanna, að svo merkur maður sem hv. þm. Barð. skuli hafa barist gegn þessu frá byrjun. Jeg vona, að hv. þm. Dal. sjái, að það er sannarlega full þörf á því, að nú verði bætt úr þeirri vanrækslu, sem átt hefir sjer stað í þessu efni.

Menn skyldu ætla, að Snæfellsnessýsla væri vel sett að því er samgöngur snertir, og hún er það að sumu leyti. En í sumar sögðu mjer bændur sunnan til á Snæfellsnesinu, að sumar jarðirnar lægju blátt áfram í eyði vegna samgönguleysis. Þeir sögðu mjer meðal annars, að það gæti kostað 5 krónur að fá sementstunnu flutta frá Reykjavík. Það hefir komið til mín sama sem sendinefnd, til þess að kvarta undan þessu. Það var presturinn í Staðarsveit, sem útmálaði fyrir mjer, hversu hörmulega menn þar vestra væru settir vegna samgönguleysis. Hið fyrirhugaða strandferðaskip er járnbraut hinna dreifðu bygða úti um landið.

Það er vel og viturlega ráðið hjá háttv. þm. Árn., að þeir hafa jafnan fylgt þessu máli. Þeir hafa skilið, að þá fyrst er hægt að skilja þeirra þörf, þegar þeir hafa skilið þörf annara. Þetta strandferðaskip verður að ganga fyrir öllum öðrum samgöngum. Svo brýn er þörfin fyrir það í nálega öllum

sýslum landsins. Það er ætlast til, að skipið verði minna en Esja og ekki eins hraðskreitt, til þess að það eyði minni kolum. Farþegarúm yrði í skipinu fyrir 30 manns. Það ætti að fara hægar hringferðir um landið og koma í hvert sinn á Hornafjörð og Breiðafjörð og 3—4 staði norðan við hann, svo að það gæti lyft Barðastrandarsýslu úr þeim dvala, sem hún hefir legið í undanfarin ár. Það er hyggja mín, að með þessu móti mundu strandferðirnar bera sig betur en hingað til hefir orðið. Hið nýja skip flytti alla þungavöru, en Esja annaðist fólksflutning. Þannig yrði þessi breyting liður í óhjákvæmilegum framkvæmdum um póstflutning. Enn er eitt, sem mundi breytast til mikilla bóta. Nú sem stendur er nærri ómögulegt að flytja lifandi pening með ströndum fram, því að hann er ekki tekinn á skipin. Ef þetta frv. verður samþ., er sjálfsagt að búa svo um, að hægt verði að flytja lifandi pening með Esju. Það er auðvelt, þegar hún er orðin laus við að flytja þungavöru.

Í þjóðlegum efnum er líka stigið stórt spor í framfaraátt með þessu frv. Nú eru það útlend fjelög, norsk og dönsk, sem fleyta rjómann ofan af mannflutningum hjer við land. Jeg vil beina því til þeirra manna, sem telja sig þjóðlega, að hjer er gott tækifæri til þess að styðja að okkar sjálfsbjörg. Meiri parturinn af ferðalagi manna hjer á landi gæti orðið með eimskipum ríkissjóðs eða Esju.

Að síðustu vil jeg skjóta því fram, af því að jeg býst ekki við að tala oftar í þessu máli, að stjórnin hefir sjeð úrræði til þess að útvega peninga með mjög vægum kjörum, ef þingið samþykkir þetta frv. Ef áhersla er lögð á að hafa skipið sterkt og einfalt, og minna er eytt í farþegaútbúnað og því um líkt en gert er ráð fyrir í tillögum forstöðumanns Eimskipafjelagsins, mundi það ekki kosta meira en 400 þús. kr. Það stendur því ekki á öðru en því, hvort þingið vill leysa þetta mál. Annars verðum við að halda þeim samgöngum, sem við höfum nú, erlendum gróðafjelögum til gagns og ánægju.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs rjett áður en frestað var fundi við fyrri hluta þessarar umræðu; en nú er svo langt um liðið, að jeg hefi gleymt flestu af því, sem jeg þá hafði hugsað mjer að svara þeim hv. þm., sem töluðu.

Það er svo um þetta mál nú eins og verið hefir, að ágreiningurinn er aðallega um það, hvort eigi að vinda að því bráðan bug að auka strandferðirnar, eða bíða um óákveðinn tíma áður en þörfinni er fullnægt. Mín skoðun er sú, að það hafi þegar verið beðið of lengi með þetta, því að mörg eru nú árin síðan ráðgert var að hafa tvö skip til strandferða, enda voru skipin 2 og stundum 3 frá aldamótum fram undir stríðstíma.

Málið horfir talsvert öðruvísi við nú

en það gerði fyrst, þegar það kom fram á þingi 1913, þegar lög voru afgreidd um að útvega tvö strandferðaskip og reka þau. Auðvitað hefir þörfin vaxið, en ekki minkað á þessum tíma, og ýmislegt hefir bæst við, sem ekki þurfti þá sjerstaklega um að hugsa og sem knýr til þess að flýta þessu máli. Fyrst og fremst er það, sem tekið hefir verið fram í þessum umr., að fólksflutningar með ströndum landsins eru afarseinfærir og geta ekki orðið hraðfara nema með þessu eina móti, — ekki a. m. k. fyrst um sinn —, að fleiri skip annist flutninginn. Skipafjölgun er líka eina ráðið til þess að hægt verði að leggja niður þá úreltu aðferð við póstflutninga, sem hjer hefir tíðkast og sem bæði er ótrygg og tiltölulega dýr, og koma honum svo fyrir, að ekki þurfi nema á tiltölulega litlum svæðum að halda uppi stöðugum landpóstferðum.

Annað, sem rekur nú eftir, er það, að samkepni um fólksflutning með ströndum fram hefir orðið svo mikil af útlendum skipum, að mikill hluti þeirra landsmanna, sem þurfa að ferðast, notar útlendu skipin, en gengur á svig við þetta eina innlenda skip, sem í strandferðum er, og auðvitað fyrir þá sök eina, að skipið er of seint í förum vegna vöruflutninganna.

Enn er 3. atriðið, sem ýtir á eftir framkvæmdum hið bráðasta, en það er sú ráðstöfun, sem þarf að gera fyrir 1930 vegna mikilla innlendra fólksflutninga. Það er sem sje vitað nú þegar, að 1930 verður óvenju mikið um ferðir frá fjarlægari landshlutum til Suðurlandsins eða hátíðasvæðisins. — Væntanlega verða þau hátíðahöld einmitt á mesta annatíma ársins; og það er sjerstaklega mikil nauðsyn á því, að allur sá fjöldi manna, sem að vonum sækir hátíðahöldin, þurfi ekki að tefjast um skör fram vegna skipaskorts. En það væri hinsvegar mjög óviðfelldið, ef þessi hátíð yrði haldin á þann veg, að vjer yrðum að sækja til grannþjóðanna farkosti fyrir fólkið.

Það ber annars óvenju margt á milli, þegar rætt er um þetta mál; sumt virðast smámunir, sumt er líka að minni hyggju bygt á hreinum og beinum misskilningi. Jeg man eftir því frá fyrri hluta þessarar umræðu, að hv. frsm. meiri hl. samgmn. hjelt því fram, að mjög væri óheppilegt að aðgreina póst- og vöruflutninga. Þetta kom mjer mjög á óvart, vegna þess að hann hefir áður — að því er mig frekast minnir — látið í ljós þá skoðun, að hann teldi ekki, að farþegaflutningar gætu orðið viðunanlega greiðir fyr en vjer hefðum tvö skip, sem gætu skift með sjer verkum þannig, að vöruflutningar væru fráskildir póstflutningi og farþega. Það var annars margt, sem hann setti út á þessa tilhögun, sem minni hl. vildi hafa, og get jeg látið flest af því óumtalað. En sumt af því var þess eðlis, að það má ekki ómótmælt standa. Hann sagði það meðal annars um þetta nýja skip, að það hefði ekki svo mikla þýðingu, að það væri hraðfært, vegna þess að það yrði þá svo dýrt í rekstri, brendi svo miklum kolum, að rekstrarkostnaður yrði ókleifur. Að vísu krefst aukinn hraði meiri kolabrenslu, en það er þó ekki eingöngu undir henni komið, hvort skip er hraðfært eða ekki. Það fer meðal annars eftir því, hvernig skipið er bygt; það getur verið hraðfært, þótt ekki hafi það hlutfallslega

stóra vjel eða sje knúið með ákaflega mikilli kolabrenslu. Enda er hraðinn, sem gert er ráð fyrir, 40 sjómílur á vöku, ekkert meiri en álíta verður nauðsynlegt.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þörfin væri lítil á auknum strandferðum, nema ef vera skyldi á Austfjörðum og nokkrum stöðum á Norðurlandi.

Mjer hefir skilist, og því verið haldið fram af hv. frsm. meiri hl., að þess væri víðar þörf, t. d. á Vestfjörðum og Ströndum, að bættar væru strandferðirnar og auknar; að jeg ekki tali um hjer sunnanlands, þar sem þær eru takmarkaðastar.

Að hugsa sjer, að landflutningur t. d. milli Suðurlands og Norðurlands geti fyrst um sinn komið í stað þeirra flutninga, sem verið hafa þar á sjó með ströndum fram, finst mjer fráleit fjarstæða. Það líða mörg ár þangað til hægt verður — og það jafnvel að sumarlagi — að komast landveg hjeðan austur í Þingeyjarsýslur með bifreiðum, að jeg ekki nefni Múlasýslur. Og þó að gert sje ráð fyrir, að þessi Norðurlandsvegur, eins og honum er ætlað að verða, geti orðið bílfær eftir 12—15 ár, þá liggur hann beinustu leið gegnum sýslurnar, sem á leiðinni eru, og kemur nokkrum sveitum að gagni, en meginhluti hjeraðanna og útkjálkar þeirra hafa lítil eða engin not af honum.

Bættar strandferðir taka til alls þorra landsmanna að meira eða minna leyti, ef ekki beint, þá óbeint. Og jafnódýrar samgöngubætur og fást með góðu strandferðaskipi er ekki hægt að fá á annan hátt, enda vita allir, að nokkurra kílómetra vegarspotti milli sveita eða um fjöll kostar eins mikið og nýtt strandferðaskip.

Hv. frsm. meiri hl. hefir haldið því fram, að árlegur halli á rekstri Esju hafi verið um 2—3 hundr. þús. kr. Það mun satt vera, að rekstrarhallinn hafi sum árin komist upp í 200 þús. kr., en eitt árið man jeg þó fyrir víst, að hallinn var aðeins um 135 þús. kr. En það er engum vafa undirorpið, að aðalástæðan fyrir rekstrarhalla Esju liggur í vöruflutningi þeim, sem skipið hefir orðið að annast. Skipið hefir í flestum ferðum sínum haft meira eða minna af umhleðsluvarningi til eða frá millilandaskipum og tafist á mörgum höfnum vegna ljelegrar afgreiðslu. En það eru þessar tafir, sem fæla farþega frá að ferðast með skipinu, nema þegar ekki verður hjá því komist, og þá helst á milli næstu hafna. En auk þess gefa umhleðsluvörur miklu lægra farmgjald en annar strandflutningur.

Ágreiningurinn um það, hvenær ætti að ráðast í byggingu skipsins, hefir klofið samgöngumálanefnd, en nefndin hefir komið sjer saman um það, að þegar bygt yrði, þá ætti að byggja skip á stærð við Esju, en ekki minna. Jeg fyrir mitt leyti álít, að skipið eigi að vera mun minna, enda víst, að til vöruflutninga, sem haldast munu á tilteknum svæðum, mundi nægja talsvert minna skip en Esja.

Það hefir líka verið um það deilt, hvernig eigi að haga ferðum þessa skips, ef til kemur. Um það virðist mjer óþarft að deila nú. Úr því verður reynslan að skera, og hún segir best og skjótast til um það, hvernig haganlegast verði almennings vegna að haga ferðum þessum.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að vegna þess að svo langt hefir liðið milli umr., er margt, sem áður var fram komið, orðið fyrnt fyrir mjer, og tek jeg því ekki fleiri atriði til athugunar. Enda geri jeg ráð fyrir því, að hjer muni að mestu ráðið, hvernig atkv. falla, og fyrir þá skuld sje ástæðulaust að halda uppi löngum umr.

Yfirleitt fanst mjer margt í andmælum hv. þdm. við fyrri umr. þessa máls vera af veikum mætti fram borið og aðallega til þess að tefja fyrir málinu, sem líka hefir tekist.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg get ekki látið þetta mál fara svo í gegnum hv. deild við þessa 2. umr., að jeg taki ekki til máls.

Það verður ekki sagt, að samgmn. hafi í máli þessu stefnt til austurs eða vesturs, því svo má að orði kveða, að meiri hl. hennar hafi þegar siglt á land, þar sem hann leggur til, að lagt verði meira kapp á að bæta samgöngur á landi en með ströndum fram. Mjer virðist því aðallega vera um það að ræða, hvort meta eigi meira: samgöngubætur á landi eða sjóleiðina, og verður þá ekki hjá því komist að hafa í huga, hvernig staðhættirnir eru og hvernig okkur er í sveit komið um alla aðdrætti. Landið okkar er eyland; það getur því ekki leikið á tveim tungum, að það er sjóleiðin kringum strendur landsins, sem við verðum að leggja aðaláhersluna á að nota til flutninga fólks og farangurs. Sá vegur er öllum opinn og besta lausnin á bættum samgöngum er að auka ferðir með ströndum fram með betra og fullkomnara skipakosti. Við verðum að líta fram í tímann, en ekki láta okkur nægja að tjalda til einnar nætur. Á þessari grundvallarhugsun byggist álit okkar minni hl.

Annars eru skoðanir manna mjög á reiki um það, hvað leggja eigi mesta áherslu á í samgöngum. Framfarirnar úti um heim á því sviði eru svo hraðstígar, að nú er sú stefna uppi þar, að skip, járnbrautir og jafnvel bifreiðar muni innan langs tíma verða minna notað til þess að flytja fólk og þungaminni póst á lengri vegalengdum, heldur verði það flugvjelarnar, sem annist slíka flutninga að mestu leyti. Að vísu er þetta enn á byrjunarstigi úti um heiminn, en þó er margt, sem bendir á, að flugvjelar muni, er stundir líða, betur henta til mann- og póstflutninga en önnur farartæki, er nú þekkjast. Og á meðan alt er svona á reiki um, hvað hentast muni í framtíðinni, finst mjer, að ekki eigi að binda sig við ákveðin „plön" um vegagerð eða þess háttar. Jeg hefi líka upp á síðkastið heyrt marga framsýna menn halda því fram, að það sjeu ekki járnbrautir, sem hjer eigi að verða framtíðarflutningatækin á landi, heldur sjeu það bifreiðarnar, sem samgöngur ýmsra sveita og hjeraða sín á milli verði að byggjast á, en því fylgja aftur betri og fullkomnari vegir, þar sem hægt er að koma slíkum flutningstækjum við. En þó að við fáum vegi og bifreiðar, þar sem því verður við komið, er ekki bætt úr samgangnaleysi ýmsra landshluta, t. d. eins og á Vestfjörðum og Austurlandi. Þar eru það skipin, og ekkert annað, sem geta bjargað og bætt úr þeim örðugleikum, sem þessir landshlutar hafa átt og eiga enn við að stríða í samgöngunum. Og þá vaknar spurningin:

eigum við að byggja skip, sem nægir okkur í 2—3 ár, eða eigum við að miða byggingu skipsins við það, að það endist okkur í 10—20 ár? Mjer blandast alls ekki hugur um, að skipið eigum við að smíða þannig, að það verði til frambúðar. Hitt er kák, að ætla sjer aðeins að bæta úr brýnustu þörfinni í bili. Við verðum að byggja svo vandað og fullkomið skip, að það nægi okkur um næsta áratug.

Sú stefna hefir verið uppi á Alþingi hjá hv. flm. þessa máls að leggja aðaláhersluna á að fá skip, sem annaðist vöruflutninga með ströndum fram, en minni áhersla lögð á, að skipið væri útbúið til fólksflutninga, og hafa þessir menn miðað skoðun sína við það, að Esja fullnægði fólksflutningunum. En við minni hl. lítum svo á, að þó að við höfum eitt skip, sem sjerstaklega er útbúið til þess að annast vöru- og fólksflutninga, þá sje full þörf á öðru skipi af líkri gerð. Enda er öllum kunnugt, að Esja nægir ekki nema að litlu leyti þörfum landsmanna, hvort sem heldur er um að ræða vöru- eða fólksflutninga.

Ef litið er til vilja fólksins í þessu efni, þá má benda á, að í allmörgum þingmálafundagerðum, er lagðar hafa verið fram í lestrarsal Alþingis, koma fram eindregnar óskir og áskoranir um það, að bættar verði samgöngur með ströndum landsins. Þetta eru óskir almennings, en vitanlega er það á valdi Alþingis að skera úr, á hvern hátt verði heppilegast úr þessum óskum bætt.

Við í minni hl. lítum svo á, að þetta nýja strandferðaskip eigi ekki aðeins að vera eins vel útbúið og Esja, heldur betur. Það á að vera með kælirými og nokkru stærra farmrými en Esja hefir, en þó útbúið svo, að hún geti það líka marga farþega og hún. Við höfum leitað álits Nielsens framkvæmdarstjóra og skipstjórans á Esju um þetta mál, og við fleiri menn höfum við átt tal, er allir eru sammála um, að þetta nýja skip eigi að verða sem næst því, er jeg hefi nú lýst og nánar er vikið að í nefndaráliti okkar minni hl.

Það er nú orðinn nokkuð langur tími liðinn, síðan jeg hefi haft tækifæri til að ferðast meðfram ströndum landsins. En áður fyr hefi jeg siglt sem skipverji bæði austur og vestur um land og á strandferðaskipi, og er því ekki með öllu ókunnugt um, hvernig til hagar bæði á höfnum og leiðum. Jeg get ekki betur sjeð en að hjá okkur hafi orðið stór afturför, að hafa nú aðeins eitt skip í förum, í staðinn fyrir að áður voru það tvö skip, sem önnuðust strandferðirnar. Þó vil jeg benda á, að nú eru menn komnir á þá skoðun, að heppilegra sje að láta strandferðaskipin ekki skifta um á Akureyri eða Reykjavík, eins og áður var reglan, heldur fari skipið hringferð um landið í gagnstæða átt við hitt.

Það hefir verið óspart notað og bent á í sambandi við smíði og rekstur nýs strandferðaskips, að halli hafi orðið á rekstri Esju. Það er rjett, að mikill halli hefir orðið á rekstri hennar, en það er líka álit flestra þeirra, er nokkuð þekkja til slíkra mála, að strandferðir verði aldrei reknar hallalaust. Reynslan hefir sýnt, að hallinn á rekstri Esju hefir verið um 177 þús. kr. að meðaltali á ári síðan hún hóf strandferðir sínar. Þessi rekstrarhalli er með minna móti síðastl. ár, og staf-

ar sennilega að nokkru leyti af vjelabilunum, er komu fyrir. Nielsen framkvæmdarstjóri hefir bent á, að það mundi draga úr rekstrarhalla Esju, ef annað skip kæmi, sem gerði henni kleift að fara hraðar yfir, því að þá mundi fólk taka sjer far með henni meira en verið hefir. En þó að gert sje ráð fyrir, að þetta nýja skip hafi meira farmrými en Esja, þá verður það líka að vera útbúið til þess að flytja fólk, sem ætti þá að draga úr rekstrarhalla þess.

Eins og tekið hefir verið fram í þessu sambandi, hafa tillögumenn miðað byggingu skipsins við þær hafnir á landinu, sem lítil eða engin not hafa af ferðum millilandaskipanna, eins og t. d. við Hornafjörð, þar sem stærri skip vilja alls ekki líta við að koma. Sama er og að segja um margar smærri hafnir innan Breiðafjarðar. Þeir, sem til þekkja, vita, að þar er víða skerjótt og vont til siglinga stórum gufuskipum. Ætti því að byggja sjerstakt skip með tilliti til Breiðafjarðar. Þyrfti það að vera grunnskreitt og sjerstaklega útbúið með tilliti til Breiðaflóa eins; slíkur bátur þyrfti ekki að vera stór, enda hefði hann ekki aðra staði að annast. Sama má segja um Hornafjörð, að vegna grunnsævis, storma og staðhátta eru það aðeins smærri skip, sem geta komið honum að notum. Enda er það yfirleitt skoðun manna, að Hornafjörður muni best trygður með litlu skipi, eða fjarðarbáti af líkri gerð og norskur línubátur, sem ekki þyrfti að vera dýr í rekstri, er hafi samband við Austfirði og yrði um leið Austfjarðabátur, en að sjálfsögðu komi svo strandferðaskipin inn á Hornafjörð, þegar þess er einhver kostur. Menn líta yfirleitt svo á, að ekki sje hægt að staðbinda ferðaáætlun neinna skipa við stað eins og Hornafjörð.

Þetta er meginþáttur uppistöðunnar í áliti okkar minnihlutamanna. En svo vil jeg benda á, að ef það er ætlunin, að við verðum sjálfum okkur nógir að því leyti að fullnægja flutningaþörfinni með ströndum fram, þá verður ríkið að leggja drjúgan skerf til strandferða. Því að vitanlega myndi hvaða fjelag sem er ekki taka slíkar ferðir að sjer nema fyrir allháan styrk frá ríkinu. Jeg man ekki, hvað Thorefjelagið eða sameinaða fjelagið höfðu mikinn styrk hjer á árunum til slíkra ferða, og þau þóttust víst ekki ofhaldin af því tillagi, sem þau fengu.

Það er lauslega bent á það í nál. okkar minni hl., að við eigum sjálfir að annast flutninga með ströndum fram. Það ætti í raun og veru að vera sjálfstæðismetnaðarmál okkar, að Íslendingar ráði siglingum sínum, ekki aðeins meðfram ströndum landsins, heldur og landa milli. Ef menn telja þessa stefnu rjetta, sem jeg varla efa, þá fæ jeg ekki annað sjeð en að ríkið eitt taki þessi mál að sjer, því ekki er að ætlast til þess af einkafjelögum, að þau ráðist í slíkt hvað strandferðirnar áhrærir. En verði haldið áfram í þessu efni á þann hátt, að ríkið reki strandferðirnar, þá verður að hafa skipin svo fullkomin, að ekki þurfi að kasta þeim sem ónothæfum eftir fáein ár.

Þá skal jeg lítilsháttar víkja að því, sem talað hefir verið um kostnaðinn við að smíða þetta skip, sem mjer virðist mörgum hv. þdm. vaxa mjög í augum. Jeg þykist nú vita, að í næstu

fjárlögum verði ekki fje aflögum til þess að leggja í þetta, en mjer finst hinsvegar enginn ógerningur að taka lán, svo að hafin væri smíði skipsins. Sú upphæð, sem nefnd er í nál. minni hl., 600—700 þús. kr., sem áætlað er, að skipið muni kosta, er höfð eftir Nielsen framkvæmdarstjóra, en er ekki nákvæm, því athuga verður, að þar er miðað við danskar krónur. — Framkvæmdarstjórinn hefir upplýst nú, að skip á borð við Esju, en jafnvel útbúið og með kælirúmi, muni kosta fullbúið um 800 þús. kr. ísl. En aftur á móti lítið flutningaskip, eins og frv. gerir ráð fyrir, segir sami maður, að engin leið sje að hugsa sjer, að það kosti minna en 550—600 þús. kr. íslenskar.

Þá er spurningin: eigum við að smíða lítið flutningaskip, sem kostar upp undir 600 þús. kr., eða eigum við að leggja áherslu á stærra og fullkomnara skip, sem kostar 200 þús. kr. meira? Jeg fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að við eigum að leggja kapp á að eignast fullkomnara skipið.

Jeg er nú búinn að gleyma mörgu af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði hjer á dögunum, en hann virtist koma fram sem sá fróði maður um byggingu og rekstur strandferðaskips. Hann benti á, að kælirúmið tæki svo mikið rúm frá öðrum flutningi. Það er alveg rjett, en kælirúm slíks skips verður að telja nauðsynlegt, en þó má benda á það, að slíkt rúm má nota fyrir almennar vörur, ef engar kældar vörur eru með. Nú er uppi sú stefna, að okkur sje fyrir öllu að koma vörum okkar nýjum og frystum til þeirra, sem neyta þeirra, og gildir sama um kjöt, fisk, síld eða hvað sem er, að þessu verður að koma frystu milli hafnanna.

Það hefir verið bent á, að það sje mikill hagur fyrir bændur, sem nærri frystihúsum búa, að geta geymt þar vörur sínar. En þó er það ekki bændum nóg; þeir þurfa að koma vörunum á markað, ekki aðeins hingað eða til annara hafna, þar sem hægt er að selja þær, heldur og til útlanda. Verða strandferðaskipin að annast þann flutning með ströndum fram í beinu sambandi við ferðir millilandaskipanna.

Esja hefir nú aðeins rúm fyrir flutning, sem nemur 180 smálestum, og sjá allir, að það getur aðeins fáum að haldi komið. En væru þau tvö, strandferðaskipin, yrði þó að nokkru bætt úr flutningaþörfinni og fleiri mönnum auðsótt að koma framleiðsluvörum sínum nýjum á markaðinn.

Þá talaði sami háttv. þm. um hraða skipsins, og er það rjett, að hann stendur í hlutfalli við stærð vjelarinnar og styrkleika, en þó líka við byggingarlag skipsins og lengd þess.

Nielsen framkvæmdarstjóri gerir ráð fyrir 100 hestafla stærri vjel í þessu nýja skipi en Esja hefir nú, til þess að líkur ganghraði náist vegna kælirúmsins. Þá gerði hv. þm. alt of mikið úr kolarúminu. Skip, sem fara með ströndum fram, þurfa ekki að hafa mikil kol meðferðis; þau geta haft forðabúr hjer og þar á góðum höfnum, t. d. Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og tekið kolin þar jafnótt og þeirra er þörf. Hv. þm. þurfti heldur ekki að tala mikið um Hornafjörð. Jeg er honum sammála um, að ekki sje hægt að binda skipið við að koma

þangað í hverri ferð. Því veldur, hve miklum vandkvæðum er bundið að komast þar inn. Þar ræður ekki sjerstaklega stærð skipa, heldur miklu fremur, hvernig veðri er háttað í hvert skifti. En krafan um strandferðaskip er heldur ekki komin frá Hornafirði einum. Hún er landskrafa. Öll hin afskektari hjeruð þarfnast bættra strandferða.

Þá gerir hv. þm. mikið úr því, að hægt sje að senda nýtt kjöt með bílum. Þetta getur tekist sumarmánuðina í sumum landshlutum. En mjer líst í meira lagi illa á það, að hægt sje að treysta bílferðum t. d. yfir Holtavörðuheiði, þegar komið er fram á haust. Reynslan er sú, að vegurinn hjeðan austur yfir fjall hefir margan vetur verið með öllu ófær bílum, og eru þó minni snjóþyngsli sunnanlands en norðan.

Þá telur hv. þm. það víst, að fargjöld verði lægri á bílum en skipum. Hann sagði, minnir mig, að hægt yrði að komast úr Skagafirði til Borgarness fyrir 30 kr. En nú er líka hægt að komast úr Skagafirði með Esju til Reykjavíkur fyrir 32 kr. Er þá lítill munurinn. Ennfremur eru líkur til þess, að hægt verði að lækka fargjöld skipanna, en naumast er að búast við því sama um bílana. Auk þess ætla jeg, að sú muni raun á, að fólk kjósi heldur að ferðast með skipum en bílum, þegar strandferðirnar eru orðnar svo tíðar og svo vel að farþegunum búið, að við sje unandi.

Jeg er raunar búinn að svara því, sem hv. þm. sagði um það, að fólk vildi heldur síma en samgöngur á sjó. Það er rjett, að almenningi, einkum í afskektum sveitum, er mikil þörf á síma, enda hefir Alþingi gert mikið til að bæta úr þeirri þörf. En því aðeins verða full not símans, að samgöngubæturnar verði honum samferða. — Mönnum er t. d. lítið gagn að því, þó að þeir með aðstoð símans geti náð góðum vörukaupum á fjarlægum stöðum, ef samgöngutækin vantar til þess að flytja þær til þeirra.

Hv. þm. hefir það eftir framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, að rekstrarhalli strandferðanna mundi aukast, ef nýtt skip yrði bygt. Mjer þykir þetta undarlegt, því að framkvæmdarstjórinn hefir látið alt annað uppi við mig, og hefi jeg í höndum brjef frá honum um þetta efni, sem jeg skal lofa hv. þm. að sjá, ef hann vill.

Þá segir hv. þm., að fólk hliðri sjer hjá að ferðast með Esju og kjósi heldur önnur skip. Þetta mun vera rjett eins og nú er ástatt. En hver er ástæðan? Sú, að Esja fer alt of hægt yfir. En það er vegna þess, hversu marga viðkomustaði hún hefir í hverri ferð. En þetta mundi breytast. Nú kemur hún á 40—50 hafnir í hverri ferð. En væri annað strandferðaskip til, mundi hún koma á smáhafnirnar til skiftis og miklu færri í hverri ferð. Þá mundi fólk ekki síður kjósa að ferðast með okkar eigin strandferðaskipi en hraðferðaskipunum erlendu, sem koma þó ekki nema á aðalhafnirnar. Og jeg er þess fullviss, að hv. þm. mælir ekki með því, að erlend gróðafjelög sitji fyrir öllum hagnaði af fólksflutningunum. Hann benti rjettilega á það í ræðu sinni, að venjulega væri hvert rúmskipað á Esju milli Reykjavíkur og Breiðafjarðar. En af hverju er þetta? Af því, að þá leið fer hún á nógu skömmum tíma.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr markaðinum fyrir kælivörur og möguleikum til að auka hann. Jeg vil ekki segja, að hann tali hjer á móti betri vitund. En hitt er mjer kunnugt, að í hjeraði hans, Ísafjarðarsýslu, eru sæmilegar samgöngur, og því lítil þörf að ljetta undir með mönnum þar að flytja vörur til markaðar á þann hátt, sem hjer er gert ráð fyrir. Jeg held því, að hjer sje, vægast sagt, um nærsýni að ræða hjá hv. þm. En við Reykvíkingar höfum ástæður til að líta jafnt á hag allra landsmanna í þessu efni. Vera má, að jeg sje of bjartsýnn á framtíðina. En jeg hefi örugga trú á því, að mikið megi auka markaðinn fyrir kælivörur í kaupstöðum landsins, og sömuleiðis erlendis. En til þess þarf kæliskip, sem komi á sem flestar hafnir.

Orð hv. þm. gefa mjer tilefni til að minnast á flóabátana, enda er þess full þörf. Það er alkunna, að flóabátafyrirkomulag okkar nú er alveg óþolandi. Það er aðeins vandræðaráðstöfun, til að bæta úr brýnustu nauðsyn. Það er ekki nægilegt, að bátarnir flytji vörur, heldur þarf að vera sæmilega sjeð fyrir kosti farþega. Þeir verða að vera búnir nauðsynlegustu þægindum, jafnvel þó að ekki sje að ræða um lengri ferðir en innan fjarða. Hitt er með öllu óþolandi og menningarþjóð ósamboðið, að farþegar hafi ekki einu sinni skjól fyrir stormi og regni, enda hættulegt heilsu manna og lífi. — Þeir bátar, sem nú eru notaðir, eiga að hverfa úr sögunni, en aðrir að koma í þeirra stað, svo úr garði gerðir, að fólki sje boðlegt að ferðast með þeim. Og þeir eiga að taka króka af strandferðaskipunum, losa þau algerlega við tafsamar viðkomur á afskektum smáhöfnum.

Jeg held, að mikið sje leggjandi í sölur til þess að koma strandferðunum í gott horf. Eins og æðakerfi líkamans er samgöngutæki fyrir blóðrásina, svo eru og samgöngurnar æðakerfi landsins.

Jeg hefi hingað til beint máli mínu til málsvara Íhaldsflokksins hjer í hv. deild. Satt að segja get jeg alls ekki skilið afstöðu þess flokks í þessu máli bæði nú og fyr. Nú skal jeg aðeins víkja að hv. 2. þm. Rang. Hann hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Jeg er nú hálfhræddur um, að sá hv. þm. líti fullmikið á nauðsyn hjeraðanna austanfjalls, t. d. Flóans og Holtanna. Í rauninni er honum ekki láandi, þó að hann vilji hag síns hjeraðs. En það eru fleiri hjeruð en Rangárvalla- og Árnessýslur, sem þurfa góðar samgöngur. Jeg get sagt honum það, að við jafnaðarmenn viðurkennum fyllilega samgönguþörf suðurláglendisins og munum styðja það, að úr henni verði bætt á þann hátt, sem við sjálfir ráðum við og hjeruðunum má að gagni verða, þó að við viljum láta þetta mál ganga á undan.

Að lokum vil jeg geta þess, að jeg er maður með svo miklu sjálfstæðisblóði, að jeg skil, hvílík hætta sjálfstæði okkar er búin, ef við höfum ekki ráð á okkar eigin siglingum. Við megum minnast styrjaldaráranna. Hvernig hefði þá farið, ef við hefðum ekki haft skip? Styrjöld getur gosið upp áður en okkur varir, miklu ægilegri hinni síðustu, með víðtækara hafnbanni. Hvað myndu þýða þá norsk og dönsk

skip? Gæti þeir sín því vel, sem þetta mál vilja feigt.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg stend upp til þess að gera grein fyrir, hvers vegna jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Hitt ætla jeg mjer ekki, að fara að verja frsm. meiri hl. nefndarinnar. Það mun hann sjálfur gera.

Mína aðstöðu ber ekki að skilja svo, að jeg sje á móti góðum samgöngum á sjó; síður en svo. En nú er svo komið, að þær mega heita í sæmilegu lagi, enda mikið fyrir þær gert af hálfu ríkisins. En á landi eru hvergi samgöngur með tískusniði. Þess vegna á að byrja á því að bæta þær, svo að hægt sje að una við, áður en lengra er farið í því að fjölga strandferðum.

Þá er fjárhagshliðin. Ber ekki eingöngu að líta á stofnkostnað strandferðaskipsins, heldur og rekstrarkostnaðinn, því að hann mun verða tilfinnanlegri, er stundir líða. Jeg ætla, að á því leiki lítill vafi, að landflutningar, hvort sem þeir fara fram á bílum eða járnbrautum, muni verða ódýrari en skipaflutningar. Þetta hefir reynst svo, og er þó ekki tekið tillit til hallans á rekstri skipanna, þegar flutningskostnaður er reiknaður.

Samgöngur á landi eru beinlínis skilyrði þess, að hægt sje að reka hjer landbúnað. Mjer er það vel kunnugt, og þýðir ekki að dylja það, að landbúnaður borgar sig ekki hjer á landi sem stendur. Hann er rekinn með framlagi frá öðrum atvinnuvegum. En því vil jeg halda fram, að sje ekki hægt að fá landbúnaðinn til að bera sig af eigin ramleik, þá eigi að leggja hann niður. Það getur verið, að þessi orð mín hneyksli einhverja. En þó að jeg tali hjer sem fulltrúi sveitanna, ætla jeg að standa við þau. Við verðum að líta á ástandið eins og það er. Íslenskur landbúnaður er í flestum atriðum 1000 árum á eftir tímanum. Hann vantar samgöngur. Hann vantar lánsstofnanir. Hann vantar vjelar. Við skulum hugsa okkur þá miklu landbúnaðarþjóð Dani. Hvernig mundi fara fyrir þeim, þó að ekki væri nema eitt af þessu þrennu frá þeim tekið? Jú, landbúnaður þeirra mundi leggjast í kalda kol. Hv. þdm. mega ekki skilja orð mín svo, að jeg sje sjerlega svartsýnn á framtíðarmöguleika íslensks landbúnaðar. Þvert á móti. En hjer dugir ekkert kák, engir smástyrkir og vetlingatök. Segjum, að hingað kæmi erlendur auðmaður. Jeg er ekki að óska þess, en nefni það sem dæmi. Gerum ráð fyrir, að hann væri svo auðugur, að hann gæti keypt alt suðurláglendið og gerði það. Hverjar umbætur mundi hann fyrst framkvæma? Jeg er alveg sannfærður um það, að hann mundi byrja á því að leggja veg austur frá Reykjavík.

Afstöðu minni ræður engin hreppapólitík. En hjer er um mesta undirlendi landsins að ræða. Heill alþjóðar krefst þess, að byrjað sje á að sjá því fyrir góðum samgöngum. Jeg segi ekki, að jeg vilji útiloka endurbætur strandferðanna eftir á. En á þessu á að byrja. Og því held jeg fram sem áður, að flutningar sjeu dýrari á sjó en landi. Meiri hl. nefndarinnar hefir sýnt það með tölum í nál. Og svo má ekki gleyma flugvjelunum. Trú mín er sú, að þær muni, áður en langt líður, koma að miklum notum til að bæta

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

samgöngurnar til hinna afskektari hjeraða.

Jeg þarf litlu að svara háttv. 4. þm. Reykv., og hefi þegar gert það að mestu leyti. Hann gaf í skyn, að jeg mundi aðallega líta á hag Holtanna í þessu máli. Það er ekki rjett. En jeg tel óhjákvæmilegt að koma einhversstaðar upp nýtísku samgöngum á landi. Nú er naumast hægt að komast frá Reykjavík upp í Mosfellssveit án þess að stranda á leiðinni, og er slíkt óviðunandi ástand. Aðalinntak máls míns get jeg markað í fáum orðum: Samgöngur á sjó eru þegar komnar í sæmilega gott lag. Hinsvegar getum við varla í náinni framtíð lagt í svo mikinn kostnað, sem þarf til þess að fá óaðfinnanlegar samgöngur inn í hvern fjörð og hverja vík. Nú krefst nauðsynin þess fyrst og fremst, að einhversstaðar sje hafist handa um viðunandi samgöngur á landi.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Meiri hl. samgmn. getur í raun og veru verið mjög ánægður með þær umr., sem fram hafa farið, því að andmælendur hafa ekki hreyft við aðalniðurstöðu álits okkar, þeirri, að annað sje nauðsynlegra til umbóta á samgöngumálunum en nýtt strandferðaskip.

Til þess að fylgja röðinni, hefði jeg fyrst átt að svara hæstv. dómsmrh. Hann er nú ekki viðstaddur, og ætla jeg því að bíða með svar til hans og sjá, hvort hann birtist ekki í deildinni síðar. Jeg ætla þá að snúa mjer að háttv. 1. þm. S.-M. og háttv. 4. þm. Reykv., og ætti það þó ekki að vera nauðsynlegt, þar sem þeir hafa, eins og jeg tók fram, ekki reynt að hnekkja aðalniðurstöðu okkar meirihlutamannanna. En jeg get ekki slept að benda á það, að þessir 2 hv. þm. eru sín á milli ósammála. Það er auðheyrt, að þeim kemur alls ekki saman um, hvað eigi að gera. En meiri hl. nefndarinnar er það tvent ljóst, fyrst og fremst það, að samgöngubæturnar á landi, svo og símalagningar og hafnarbætur, eiga að ganga fyrir aukning á strandferðunum, og í öðru lagi það, að ríkið hefir ekki efni á að gera hvorttveggja: Byggja skip og bera rekstrarhalla þess og leggja jafnframt í mikinn kostnað til samgöngubóta á landi.

Háttv. 1. þm. S.-M. telur aukning strandferðanna nauðsynlega til farþega- og póstflutninga og heldur, að fjölgun þeirra muni spara póstferðir á landi. En svo undarlega ber við, að hann leggur ekki til að byggja skip til að starfrækja mann- og póstflutninga. Nei, hann vill fá vöruflutningaskip. Hv. 4. þm. Reykv. segir aftur á móti, að ekki sje enn sem komið er hægt að ákveða, hvernig póstflutningi verði best fyrir komið og alls ekki fyr en athugað sje, að hve miklu leyti hægt sje að nota flugvjelar til þessa. Rökrjett ályktun af orðum beggja þessara hv. þm. er einmitt niðurstaða meiri hl. nefndarinnar: Að fresta málinu.

Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. er kominn inn í deildina og ætla jeg því um sinn að snúa mjer að honum. — Hann hjelt því fram með sinni venjulegu góðgirni, að jeg væri á móti málinu, af því að N.-Ísafjarðarsýsla hefði góðar samgöngur. Allir kunnugir menn vita, að hjer er málum blandað. Ekkert hjerað hefir að tiltölu við

stærð og mannfjölda fengið eins lítið framlag til samgöngubóta frá hinu opinbera og einmitt N.-Ísafjarðarsýsla. Undanfarið hefir hún ekki fengið frá ríkinu nema sem svarar 4 kr. á hvern íbúa til póst-, mann- og vöruflutninga. En þetta er aukaatriði, sem ekki kemur málinu við. Hæstv. dómsmrh. var að tala um þröngsýni Íhaldsflokksins. Jeg held, að allir hljóti að viðurkenna, að ekki hefir verið um meiri verklegar framkvæmdir að ræða en einmitt meðan Íhaldsflokkurinn fór með völd. Jeg ætla ekki að rekja þetta, það er öllum kunnugt; og heldur ekki að þakka það. Það er nú svo, að það er ekki stjórnarflokkurinn, sem fyrst og fremst hefir veg og vanda af þingstörfunum, heldur meiri hl. þingsins, hver sem hann er. Nú sem stendur er það Framsókn og jafnaðarmenn. Jeg vona, að núv. stj. takist jafngiftusamlega og fyrv. stj. Jeg veit þó, að til þess þarf kraftaverk, en vonandi eru tímar kraftaverkanna ekki liðnir, svo vera má, að þetta geti rætst.

Hæstv. ráðh. sagði, að lestaflutningarnir væru skrælingjamerki. Jeg vil benda honum til Noregs; þar er líka löng strandlengja, en þó eru tekjur af rekstri strandferða þar margfalt meiri, vegna fjölda landsmannanna þar. Þó fara mannflutningar þar í landi fram í lestum skipanna, jafnvel á 6—7 daga ferðalögum. Skip, sem hafa farþegarúm fyrir 80—90 manns, flytja á vissum tíma árs, þegar fólk ferðast mest í atvinnuleit, 300—400 manns. Því að þótt fólksfjöldinn og þar af leiðandi tekjurnar sjeu miklar, er ekki hægt að byggja svo stór skip, að þörfinni sje fullnægt, þegar hún er mest, enda yrði þá að selja farið svo dýrt, að fólk leitaði sjer flutnings á annan hátt. Og hjer hjá okkur er geta fólks yfirleitt lítil til að greiða há fargjöld, og við verðum að una því vegna fátæktar okkar, að aðbúnaður sje ekki sem ákjósanlegastur. Við verðum að sníða okkur stakkinn eftir vextinum og megum ekki fara of geist; þarfirnar eru svo margar, að ef ein er uppfylt til fulls, situr fjöldi annara á hakanum.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á matvælaflutning í kælirúmi. Öll nefndin er sammála um, að næsta skip, sem bygt verður, verði útbúið með kælirúmi. En hitt er annað mál, að margir í nefndinni líta svo á, að flutningur fiskjar hafna á milli innanlands verði mjög lítill. Það hagar svo til, t. d. á Húnaflóa, og reyndar á öllu Norðurlandi, að þar eru fiskiveiðar á mörgum stöðum stundaðar fram á haust, og á Austfjörðum er nóg af fiski, svo að ekki þarf að flytja hann að annarsstaðar frá. Að vísu er fiskur fluttur til Húnaflóa frá Vestfjörðum fyrri part árs, en hann helst óskemdur í lest, svo að af þeirri ástæðu þarf ekki skip með kælirúmsútbúnaði, enda mundi kæliflutningur hleypa verðinu á þessari vöru svo fram, að það mundi draga mjög úr neyslunni. Nefndin er sammála um, að fyrirkomulag það, sem stjfrv. gerir ráð fyrir, sje ekki heppilegt. Hefir háttv. 4. þm. Reykv. fært frekari rök fyrir því en jeg áður gerði, svo að jeg þykist ekki þurfa að endurtaka það, sem við höfum sagt þar um.

Hæstv. dómsmrh. segir, að þetta skip eigi að koma á allar minni hafnir og taka vörur til flutnings. Ef það á að koma á allar hafnirnar í hverri

ferð, þá er jeg sannfærður um það, að viðkomur skipanna á smærri höfnunum verða lítið betri en nú, því að skipið tekur ekki 40—50 hafnir kringum land á skemri tíma en mánuði. Og þar eð skipið verður svo hægfara, fer það varla meira en 10 ferðir á ári, svo að það getur ekki sint að neinum mun pósti og fólksflutningum; það gæti ef til vill tekið farþega til stærri hafna í leið fyrir stærri og fljótfærari skip, en lítið mundi að þessu gert. Hann mintist á, hvað flutningurinn væri erfiður. Þetta er rjett; hann er bæði dýr og erfiður, og verður það ávalt. Hæstv. ráðh. gat þess í þessu sambandi, að það gæti kostað 5 kr. að flytja sementstunnuna frá Reykjavík til sunnanverðs Snæfellsness. En við þetta bætist svo, að þessir menn verða að flytja vörurnar á landi og leggja á sig mikinn kostnað við landflutninginn, því að landflutningarnir eru dýrari en flutningar á sjó. Og þess vegna finst mjer rjettara að koma vegunum í betra horf, enda stendur svo á, að bændum á Norður- og Suðurlandi er meiri styrkur að því.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta væri þjóðernismál. Það má segja svo um alt, sem er til styrktar mentalífi og atvinnuvegum landsmanna. En ef hæstv. ráðh. hefði sagt, að þetta væri alþjóðarmál, er það ekki rjett. Ef svo væri, væri leiðin til að hrinda því fram sú sama og farin var, þegar Eimskipafjelagið var stofnað, og þess ætti að mega vænta, að þeir, sem kvarta um samgönguleysi, vildu eitthvað leggja fram, t. d. sem hlutafje.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa augastað á einhverjum 400 þús. kr. í þessu augnamiði, sem væru handbærar og fengjust með góðum kjörum. Ef þessi upphæð fæst með góðum kjörum, má nota hana til þarfari og brýnni framkvæmda, eins og jeg hefi margsýnt fram á. Hæstv. ráðh. verður að sætta sig við, að jafnvel flokksmenn hans geta ekki orðið honum samferða í fyrirkomulagsatriðum málsins.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að það þyrfti auknar strandferðir til fólksflutninga fyrir 1930, því að þá mundi fjöldi fólks utan af landi vilja komast hingað til Suðurlands. Mjer finst nú, að það sje ekki nóg ástæða til að byggja nýtt strandferðaskip, þó að nægur farþegaflutningur fáist á einhverju einstöku tímabili eins einasta árs, enda er alls ekki ráð fyrir því gert í frv., að skipið verði aðallega mannflutningaskip. Þvert á móti heldur hann og hæstv. stj. fast við það, að skipið verði nær eingöngu vöruflutningaskip. Það er með engu móti hægt að hrekja það, að mikil bót er ráðin á mannflutningunum með bílveg milli Norður- og Suðurlands, enda hefir enginn rengt það. Auk þess fer fólk með bíl fremur en skipum, að öðru jöfnu. Háttv. 4. þm. Reykv. reyndi að vísu að hrekja þetta, en færði engin rök fram. Í nál. okkar er gerður samanburður á mannflutningum með bíl og skipum. Ferðirnar með bílunum eru ódýrari, og þar við bætist svo, að styttri tími fer í ferðalagið og þar af leiðandi minna vinnutap. En þó er ótalið, að þeir, sem ferðast með strandferðaskipunum, fá styrk úr ríkissjóði til að ferðast ódýrar, en ef þeir ferðast með bílunum, er ekki gert ráð fyrir, að þær ferðir sjeu styrktar með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Vegirnir eru að vísu lagðir, en þeir eru óhjákvæmilegir til þess að

fært sje hjeraða á milli. Og er ekki gott að geta bætt samgöngurnar án þess að leggja fram meira fje úr ríkissjóði en nú er gert?

Hv. 1. þm. S.-M. sagði með rjettu, að tekjuhalli á Esju hefði eitt árið verið 135 þús. kr. En hann gætti þess ekki, að þá byrjaði Esja ekki strandferðir fyr en í maí og hjelt aðeins út þangað til í desember. (**SvÓ:** Byrjaði ekki þá, heldur í mars). Það var fyrsta árið. (**SvÓ:** Það var ekki fyrsta árið). A. m. k. er meðalhalli skipsins 137 þús. kr., eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram. Í reikningum Esju eru ekki bókfærðir vextir af þeim 900 þús. kr., er hún kostaði, og svo er sáralítið gert fyrir sliti skips og vjelar og „klössun" skipsins, sem verður fram að fara fjórða hvert ár. Raunverulegur halli er því 80—90 þús. kr. hærri en reikningarnir sýna. Mjer skildist á hv. þm. síðast í ræðu hans, að ekki þyrfti að tala um fyrirkomulag strandferðanna, þótt frv. væri samþ. Til þess væri nógur tími, þegar skipið væri fengið. En það er nú álit flestra, og að minsta kosti samgmn., að rjettara sje að vita, hvað með skipið eigi að gera, áður en lagt er út í þann kostnað að byggja það. Jeg held, að hv. þm. sje mjer sammála í þessu efni, þó að honum hafi gleymst þetta í hitanum. Hv. þm. sagði, að nefndin væri ekki sammála um fyrirkomulagið. Þetta er ekki rjett. Það er ágreiningur um það, hvort ráðast eigi strax í framkvæmdirnar eða fresta þeim. Auk þess eru það ýms smávægileg atriði, sem hver hefir sína skoðun um, eins og gengur.

Hv. 4. þm. Reykv. álítur, að tvö fólksflutningaskip myndu auka fólksflutningana. Jeg er á sömu skoðun, en því aðeins yrði það, að skipin verði rekin eins og nál. bendir til. Við búumst við því, að nokkur farþegaflutningur fáist, sem nú rennur til annara skipa. Ennfremur má gera ráð fyrir nokkrum vöruflutningi með þessu skipi. En það er rjett að athuga, að þeim vöruflutningi, sem er hagkvæmastur Esju, verður skift milli skipanna. Eins og menn vita, hafa fargjöldin á Esju farið lækkandi ár frá ári; í fyrstu voru þau aðaltekjuliður skipsins, en flutningsgjöldin hafa gefið meiri tekjur síðustu árin. Þetta er eðlilegt. Þegar Esja hóf göngu sína, voru færri fólksflutningaskip í förum milli landa og kringum landið en nú eru. Því virðast þeir, sem eingöngu líta á fortíðina, villast bagalega, þegar þeir tala um samgöngur. Þeir gæta þess ekki, að fyrr og nú er ekki sambærilegt í þeim efnum. Nú eru beinar ferðir, mest danskra skipa, milli Norður- og Suðurlands, þegar flest fólk þarf að ferðast í atvinnuleit. Og þessi fólksflutningur dönsku skipanna verður ekki af þeim tekinn nema með beinum ferðum innlendra skipa, og þá helst millilandaskipanna. Fólk sætir bestu og beinustu ferðunum, þegar það er í atvinnuleit; það er annað með skemtiferðafólk, en flestir ferðast þó til að leita sjer atvinnu. Og þar sem Eimskipafjelagið getur annast þetta, er það ekki rjett, að við förum að byggja nýtt skip og reka það með stórtapi, til þess eins að taka þessar fáu ferðir, sem alþjóðarfjelag landsmanna getur og ætti að annast.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði um starfrækslu flóabátsins, að hún væri vandræðamál. Og það er að mörgu leyti satt. Einkum er það fjárhagslegt vandræðamál fyrir viðkomandi hjeruð. En

jeg er sannfærður um, að því verður ekki kipt í lag, fyrr en ríkissjóður fær margfaldar tekjur á við það, sem nú er. Jeg þekki víðar til en við Ísafjarðardjúp og veit, að fólkið ferðast æðioft með lakari farkosti en flóabátarnir eru, ef fargjaldið er lægra þar en með flóabátunum. Því er nú svo háttað, að fólk lítur meira á kostnaðarhliðina en þægindin og öryggið. Því miður er það oftast greiðslugetan, sem þessu veldur.

Háttv. þm. (SÁÓ) vildi halda því fram, að jeg væri málsvari Íhaldsflokksins í þessu máli. Þetta mál hefir, mjer vitanlega, aldrei verið rætt á flokksfundi Íhaldsflokksins að þessu sinni. En jeg get hugsað, að vegna fjárhags ríkissjóðs vilji margir flokksmanna minna fresta því og fella frv. Jeg tala hjer einungis fyrir meiri hl. nefndarinnar og fyrir sjálfan mig.

Hv. 4. þm. Reykv. kannaðist við, að þetta skip gæti ekki fullnægt þörf Hornfirðinga fyrir strandferðum. Því sama hefi jeg haldið fram. Vitanlega getur það ekki að neinu leyti bætt úr þörf Norður-Ísfirðinga. Ekki getur það komið í stað bátsins, sem nú gengur milli Borgarness og Revkjavíkur. — Þetta skip gagnar ekki Faxaflóanum, ekki suðausturströndinni, ekki Eyjafirði. Allir Eyfirðingar eru sammála um, að meiri nauðsyn sje á að fá flóabát til að halda uppi samgöngum um Eyjafjörð og við nærliggjandi hjeruð. Þetta bendir á það, sem jeg hefi haldið fram, að fyrst þurfi að koma lagi á samgöngurnar innan hjeraðanna, svo að innanhjeraðsmenn geti haft vöruskifti og sparað sjer svo kaup á aðfluttum vörum.

Háttv. 1. þm. S.-M. sagði, að ekki þyrfti að eyða mörgum orðum um þetta frv., því forlög þess væru þegar ákveðin. Jeg get trúað því, en samt tel jeg ekki óþarft að skýra þetta mál, sem vissulega er stórt fjárhagsmál, áður en lagt er út í framkvæmdir. En mjer virðist nokkur vafi vera á því, á hvern hátt málið verður leyst. Hæstv. stjórn leggur til, að keypt verði skip, sem aðallega sje ætlað til vöruflutninga. Minni hl. samgmn. er þar á annari skoðun. Nú vil jeg spyrja: Ætlar minni hl. samgmn. að beygja sig fyrir skoðun stjórnarinnar, til þess að málið nái fram að ganga? Eða ætlar hæstv. stjórn að falla frá því, sem hún álítur hagkvæmast, til þess að koma því fram? Þetta er mjer forvitni á að vita. Að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess, hvora leiðina á að fara. Jeg sje ekki betur en hæstv. stj. og minni hl. nefndarinnar greini þarna á um aðalatriði. En meiri og minni hl. samgmn. greinir aðeins á um það eitt, hvort byggja skal skipið nú strax eða láta aðrar nauðsynlegri framkvæmdir sitja fyrir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi lagt það á mig að hlýða á hina löngu ræðu hv. frsm. meiri hl. samgmn. En það ræður af líkum, að enn meira hefir hann þó þurft að leggja á sig sjálfur. Það hefði verið miklu brotaminna fyrir hann að fara í Alþt. 1927 og lesa þar ræður þær, er fluttar voru þá af hálfu andstæðinga málsins. Hann hefði líka getað haft aðra aðferð. Hann hefði getað farið í Alþt. frá 1926 og lesið upp ræður þær, sem þá voru fluttar móti máli þessu. Þetta er í þriðja skifti, sem málið kemur fyrir þingið, og ekkert

nýtt hefir komið fram í því. Það er aðeins verið að vefa sama vefinn og ofinn hefir verið áður. Málið liggur ljóst fyrir; það er búið að þrautræða það. Það er óþarfi að eyða mörgum orðum og tíma í að ræða það nú. Hv. þm. hljóta að hafa gert sjer grein fyrir, hvernig þeir ætla að greiða atkv. um það. Það hefir verið rætt á Alþingi, rætt í blöðum, rætt á fundum um alt land. Hv. frsm. meiri hl. var að hrósa sigri yfir því, að það hefði ekki verið hrakið, sem hann sagði. En það er búið að hrekja það í fyrra og hrekja það í hitteðfyrra. Okkur, sem að þessu máli stöndum, dettur ekki í hug að fara að eyða starfsþreki okkar, tíma eða prentsvertu til að endurtaka það, sem þá var sagt.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Jeg get verið fáorður. Þeir hv. þm., sem talað hafa á undan mjer, eru nú búnir að tala flesta út úr salnum, svo það er yfir tómum sætum að tala.

Jeg ætla samt að víkja fáum orðum að hv. frsm. meiri hl. samgmn. Hann virtist leggja aðalhersluna á það að sanna, að mannflutningar Esju hafi borgað sig illa. Þar er jeg á annari skoðun, og svo er einnig um framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins. En það, að dregið hefir úr tekjunum af þeim, stafar af öðru. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir tjáð mjer, að það, sem mest hafi dregið úr fólksflutningum Esju, sje það, að skipinu var hleypt inn á fleiri hafnir en stóðu á áætlun. Varð það óvinsælt, og tók svo fólk smámsaman að gera ráð fyrir því, að skipið kæmi við á öðrum höfnum en þeim, sem í áætlun stóðu, og niðurstaðan varð, að það fjekk sjer far með öðrum skipum, sem trygðu betur fljótar ferðir. — Tekjur skipsins voru fyrst í stað meiri af fólksflutningunum en vöruflutningi, og ennþá eru nettótekjurnar meiri af þeirri grein en vöruflutningnum. Skipið verður að dvelja 3—4 tíma á hverri höfn til að losa vörur, en fólkið er hægt að flytja um borð og frá borði á hálftíma. Útgerð skipsins kostar 1000—1200 kr. á sólarhring, og er það því mikið fje, sem tafir skipsins á höfn kosta. Jeg vil benda á, að það, sem fyrir mjer vakir með nýja skipinu, er þó ekki aðallega nauðsyn á bættum fólksflutningum. En jeg vil, að skipið nái í fólksflutninginn, til þess að rekstur þess verði hagkvæmari. En vöruflutningarnir skifta mestu máli hvað þörf snertir. Í framtíðinni er það sjálfsagt, að vjer tökum alla mannflutninga með ströndum fram í vorar hendur. Erlendum skipum á ekki að vera leyfilegt að taka þá að sjer að neinu leyti. Þetta er svo alstaðar annarsstaðar en hjer á landi. Því viljum við leggja kapp á að útbúa nýja skipið svo, að það geti tekið fólksflutning að sjer á sínum tíma. Rekstur skipsins verður þá einnig hagkvæmari og meiri líkur fyrir, að skipið geti borið sig. Ef Íslendingar hugsa sjer að annast sjálfir allan fólksflutning með ströndum fram, þá er það því aðeins hægt, að svipað fyrirkomulag sje haft og það, sem nefndin leggur til.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að svo mikið lægi nú fyrir, sem gera þyrfti, að ómögulegt væri að ráðast í byggingu skipsins nú. En það hygg jeg, að mörg ár líði þangað til ekki er hægt að finna neitt, sem þörf sje að framkvæma, og mundi því verða að bíða

lengi eftir nýju strandferðaskipi, ef farið væri að hans ráðum.

Afstaða hv. 2. þm. Rang. til þessa frv. minnir mig á bónda einn í Borgarfirði. Þegar verið var að hrósa náttúrufegurðinni í kringum hann, svaraði hann, að þar væri fallegt, þegar vel veiddist. Eins fer honum; honum líkar vel, þegar vel gengur að krækja í peninga ríkissjóðs handa kjördæmi hans. Ef sjeð er fyrir þörfum Rangvellinga, lætur hann sjer fátt um finnast, þótt önnur hjeruð líði tjón af samgönguleysi. Þau hverfa fyrir ljómanum, sem stafar af gæðum þeim, sem ríkissjóður á að draga úr skauti Suðurlandsundirlendisins. En það munu allir sjá, að ekki gengur að hugsa einungis um samgöngubætur handa einstökum hjeruðum, heldur verður í því efni að hugsa um þarfir alls landsins jafnt, og þótt það kosti fje, má það ekki undir höfuð leggjast. Ef hægt er að fá lán til að byggja strandferðaskip fyrir, þá er sjálfsagt að gera það. En hinsvegar viljum við ekki leggja kapp á að byggja það í ár, ef lán fæst ekki og það verður til að setja tekjuhalla á fjárlögin. En nú hefir verið bent á það, að líklegt væri, að lán fengist, og er þá sjálfsagt að taka það og framkvæma verkið svo fljótt sem ástæður virðast til.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ef setja ætti kælirúm í Esju, þá yrði að taka til þess afturlestina; yrði þá ekki hægt að sigla skipinu, því það mundi stevpast á annan endann. En hv. þm. hefði getað sparað sjer þessa lýsingu, því það liggur alls ekki fyrir að tala um að setja kælirúm í Esju, og hefir engum dottið í hug. Hjer er verið að tala um nýtt skip, og trúi jeg því illa, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins sje svo þunnur, að hann hugsi sjer að koma upp skipi, sem altaf sje á öðrum endanum! Hann hefir hugsað sjer fyrirkomulagið og vafalaust sjeð um, að þar rekist ekki hvað á annað, og mun hvorki jeg nje frsm. meiri hl. geta með rökum bent á skekkjur í útreikningum hans.

Jeg vil enn taka það fram, sem jeg hefi áður sagt, til að undirstrika orð hv. frsm. meiri hl., að nefndin er óklofin um fyrirkomulag skipsins. Það hlýtur að reka að því von bráðar, að kröfur komi um svipað fyrirkomulag og við leggjum til, að tekið sje upp strax. Ef við bindum okkur við þetta, þá rís ekki spurning um það, hvað sitja skuli fyrir, því við getum gert hvorttveggja, ef lán fæst. Jeg hefi áður minst á frv., sem jeg ber fram hjer í þingi og á að verða til þess að gera það mögulegt að ráðast í slíkar framkvæmdir. Hvernig sem með þetta strandferðamál fer, þá vona jeg, að það mál nái fram að ganga og að næsta þing megi leiða þetta til lykta á hagkvæman hátt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði þessa máls. Það er búið að ræða það mikið, og jeg býst við, að flestir hv. þm. sjeu búnir að ráða það við sig, hvernig þeir greiði atkvæði.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg get verið stuttorður, þó jeg geti ekki látið umr. líða svo, að jeg ekki svari hv. frsm. minni hl. samgmn. Hjá honum kom það merkilega vel fram, að nefndin er öll sammála um nauðsyn þessa

máls. Ágreiningurinn er einungis um það, hvort ráðast skuli í framkvæmdirnar strax eða síðar. Við erum ósammála um það, hvað brýn nauðsyn kallar að. Jeg skal ekki fara að hrekja hjer öll atriðin í ræðu hans, en grípa aðeins á stærstu kýlunum.

Í sambandi við þetta mál mintist hann á flugferðir. Þar til vil jeg svara, að flugferðir verða sennilega fyrst og fremst fyrir póstflutning og þá farþega, sem hafa efni á að greiða há fargjöld. En nauðsyn góðra strandferða verður jafnmikil eftir sem áður.

Hann mintist á ástandið í Noregi. Jeg hefi að vísu ekki kynst því, og skal því ekki rengja hann, en hitt veit jeg, að skipum þar eru settar strangar reglur um, hvað marga farþega þau mega flytja flest. Þykir mjer merkilegt, ef það er liðið, að þau flytji farþega hundruðum saman fram yfir það, sem leyft er. Er það einkennilegt, ef ástandið í Noregi er svo ilt, að þess þurfi með, og eiga þó Norðmenn skipakost nægan.

Þungamiðjan í andmælunum gegn þessu máli er það, að ætlast er til, að ríkið kaupi og reki skipið. Þetta kom best fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., þegar hann var að tala um, að best væri að láta fjelagsskap stofna til skipakaupa og reka strandferðirnar. Þarna lá hundurinn grafinn. Það er andstaðan gegn ríkisrekstri, sem er á bak við. En reynslan hefir sýnt, bæði hjer og annarsstaðar, að það er nauðsyn, að ríkið hafi hönd í bagga með samgöngunum, svo fólki sje ekki ofþyngt með óþarflega háum flutningsgjöldum.

Hv. þm. telur enga þörf fyrir flutninga á nýjum fiski. Jeg er alveg hissa á, að hann skuli halda þessu fram. Hann má þó vita, að til dæmis Reykjavík, sem að mestu leyti lifir á fiski, er vissan tíma ársins fisklaus og tæki með miklum fögnuði við fiski, hvaðan af landinu sem væri. Við Breiðafjörð er á haustin gnægð fiskjar, en menn geta ekki komið honum frá sjer án þess að eiga á hættu, að hann skemmist. Sama er að segja um Ísafjörð.

Ekki tekur betra við, þegar háttv. þm. fer að tala um bílveg. Hann sjer bara einn bílveg, — frá Borgarfjarðarundirlendinu norður yfir Miðfjörð til Skagafjarðar. Jeg er alls ekki að tala á móti slíkum vegi. Um vissan tíma ársins kæmi hann að miklum notum fyrir nokkur hjeruð. En hv. þm. gleymir öllum þeim landshlutum, sem ekki gætu notið þessa eina vegar. Hvernig líst honum á bílveg til dæmis um Vestfjarðakjálkann og Austfirði, leiðina frá Vík í Mýrdal og austur um? Ætli það væri álitlegt að leggja bílveg þar? Það er sannarlega ekki nóg, þó að bílvegur yrði lagður úr Borgarfirði eitthvað norður. Margir mundu kvarta um samgönguleysi fyrir því.

Þá mintist hv. þm. á fargjöldin. Jeg vil benda honum á, að því, sem haldið hefir verið fram um fargjöldin, hefir verið slegið fram ekki nægilega rökstuddu. Nú kostar far til Sauðárkróks 32 kr. á 2. farrými Esju. En þess ber að gæta, að með skipunum fær fólk að hafa með sjer flutning, sem nemur 50 kg. og meira. En í bílunum getur það ekki haft nema eina smátösku. Jeg býst við, að bílferðir yrðu ekki fyrir verkalýðinn, sem er í atvinnuleit. Bílferðir yrðu helst fyrir fólk, sem er að skemta sjer, eða þá í einhverjum nauðsynja-

erindum og hefði um leið ráð á að greiða fyrir slíkan farkost. En fólk, sem er í atvinnuleit, mun lengi verða að búa við strandferðaskipin sem heppilegustu flutningatækin. Hv. þm. vill telja mönnum trú um, að Esja missi af flutningi með hraðferðunum. Jeg hefi átt tal um þetta við framkvæmdarstjóra skipsins, og hann álítur, að ferðirnar skapi flutning. Eftir því sem ferðirnar sjeu tíðari, aukist flutningur að sama skapi. Það er líka alveg órökstutt, að flutningur muni minka.

Hv. þm. vildi meina, að samgöngur væru nú svo góðar, að ekki væri þörf á strandferðaskipi. En þrátt fyrir þær samgöngur, sem Eimskipafjelag Íslands heldur uppi, og þær, sem dönsk og norsk fjelög hafa hjer við land, finnur fólkið mjög til þess, að samgöngur eru ónógar. Það er vaknaður sterkur áhugi fyrir því, að við getum ferðast á okkar eigin skipum. Það er miklu meiri trygging fyrir okkur að eiga okkar eigin skip til slíkra ferða. Hugsum oss til dæmis, að styrjöld geisaði í Norðurálfunni. Margir spá, að þess muni ekki langt að bíða. Ætli við fáum þá norsk og dönsk skip til strandferða hjer.

Hv. þm. mintist á flóabátana. Jeg skal ekki fara langt út í það mál. Hv. þm. viðurkendi, að ver væri ástatt um flóabátana en skyldi. Hann talaði um, að fólkið notaði allar mögulegar ferðir. Já, fólk notar allar mögulegar ferðir, af því að farkostir eru ekki nógir. Úr því ber ríkinu að leysa, til þess að fólk þurfi ekki að nota opna báta til langra og erfiðra ferðalaga, sem slys geta hlotist af. Í vetur fór bátur til Vestmannaeyja með hjer um bil 20 menn, sem flestir voru farþegar, og það var guðsmildi, að þeir ekki týndu allir lífinu.

Að síðustu spurði hv. þm. mig og meðnefndarmann minn, hvað við mundum gera, ef stjórnin vildi ekki fallast á okkar tillögu. Jeg hefi enga löngun til að upplýsa hv. þm. um, hvernig jeg greiði atkvæði. En verði tillaga okkar feld, er það mín skoðun, að betra en ekki sje þó að hafa skip eins og frv. hæstv. stjórnar gerir ráð fyrir, þó það fullnægi ekki þeim kröfum, sem jeg geri til slíks skips.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg ætla í mjög stuttu máli að svara hv. þm. V.-Húnv. Hv. þm. sagði gömlu fyndnisöguna, sem höfð er eftir bónda úr sveit, að „þar væri fallegt, þegar vel veiddist". Mjer duttu í hug ummæli, sem lærður prófessor á að hafa haft um ritgerð, sem hann var að dæma: „Það, sem er gott, er ekki nýtt, og það, sem er nýtt, er ekki gott". En jeg verð að segja hv. þm., að mjer finst óviðeigandi að vera að blanda náttúrufegurðinni þar austur frá inn í það, hvort þörf sje á bættum samgöngum eða ekki.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að hjer er um að ræða langstærsta undirlendið á landinu og þar á að byrja á nýtísku samgöngum. Jeg mundi telja þetta jafnsjálfsagt, hvar sem jeg væri á landinu, svo að óþarfi er að bera mjer á brýn hreppapólitík.

Hv. þm. sagði, að mjer bæri ekki saman við frsm. meiri hl. um flutn-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ingsgjöldin að austan. Hann mun þar eiga við ummæli mín á nefndarfundi. Þær tölur, sem standa í nál. okkar, hefi jeg skrifað undir, og þær eru rjettar. En hitt sagði jeg, að það er ekkert fast skipulag komið á flutninginn að austan, og þess vegna er hann dýrari en hann þyrfti að vera.

Sveinn Ólafsson: Það er samviskusök að lengja mikið umræðurnar úr þessu. Jeg mun því að miklu leyti láta það niður falla að andmæla þeim, sem talað hafa á móti frv., en jeg kemst þó ekki hjá því að minna á ýmislegt, sem ekki hefir komið fram í þessum umræðum, þó að það hafi komið fram á þinginu í fyrra.

Það er eitt atriði, sem mælir mjög með byggingu nýs strandferðaskips. Hjer hefir í 4—5 ár aðeins verið eitt skip í förum. Það má teljast happ mikið, að því skuli aldrei hafa hlekst á. Það hefir að vísu haldið kyrru fyrir veðurhörðustu mánuði ársins, og hefir það að ýmsu leyti komið sjer illa, en það hefir sem sagt aldrei heltst úr ferðum.

Því verður ekki neitað, að það er mjög ótryggilega um búið að hafa ekki nema eitt skip á að byggja. Allir sjá, hversu illa það hlýtur að koma við landsbúa, ef þessu eina skipi skyldi hlekkjast á. Um lengri eða skemri tíma mundu niður falla póstgöngur og flutningar ýmsir, en af því hlytust mikil óhægindi og jafnvel beint tjón. Að öðrum bræði er mikil áhersla lögð á það, að kostnaður við byggingu skipsins yrði svo mikill, að ekki væri viðlit að leggja út í slíkt. Þegar litið er á álit minni hl. nefndarinnar og till. hans um byggingu skips á stærð við Esju, verður þetta líklegra, en því er haldið fram, bæði af minni hl. nefndarinnar og öðrum, að áætlun sú, sem áður hefir verið gerð um byggingarkostnað minna skips, mundi vera of lág. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að lesa upp úr brjefi frá Emil Nielsen framkvæmdarstjóra skýrslu um það, hvað hann taldi árið 1926, að 500 tn. skip með kælirúmi og útbúnaði eins og frv. greinir mundi kosta, en síðan hefir sá kostnaður þó lækkað. Hann taldi þá, að slíkt skip mundi kosta 489700 kr., og hann tekur það fram berum orðum, að kæliútbúnaðurinn einn kosti 15 þús. danskar kr., eða 17700 íslenskar. Þetta er langt fyrir neðan þá áætlun, sem nú er gerð. En hjer er að vísu um minna skip að ræða. Jeg skal ekkert hafa á móti því, að skipið verði haft nokkru stærra en upphaflega var ætlast til, en jeg álít hentugra að hafa lítið skip. Sumpart er það ódýrara, og auk þess er það miklu hagkvæmara fyrir þær hafnir, sem torsóttar eru vegna þrengsla eða grynninga. Þá er og nauðsynlegt að greina vöruflutninga frá póst- og mannflutningum, eins og gert er annarsstaðar, og fyrir mörgum áratugum hjá frændum okkar Norðmönnum. — Mjer fanst jeg verða að taka þetta fram, til þess að það kæmi ljóslega fram í umr.

Jeg hefði gjarnan viljað svara þeim, sem hafa lagt á móti frv., nokkrum orðum. Það kom fram ýmislegt í þeirra ræðum, sem orkar tvímælis, að rjett sje. En jeg ætla aðeins að drepa á það helsta.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að mikill meiri hl. landsmanna nyti ekki góðs af auknum strandferðum, heldur

miklu fremur af auknum samgöngum á landi. Nú búa 65% landsmanna í kaupstöðum og sjávarþorpum og auk þess fjölda margir í námunda við þau. Allir þessir menn hljóta á einhvern hátt að hafa gagn af auknum strandferðum, og hinir fara ekki heldur á mis við þær. Fullyrðingar hans um þetta eru því alveg þýðingarlausar og ekki til annars en að varpa sandi í augu manna.

Út af einni af ástæðunum, sem jeg færði fram fyrir því, að byggingu skipsins skyldi lokið fyrir 1930, sagði hv. frsm. meiri hl., að fólkið mundi allra helst kjósa bíla. Það getur verið, að það kjósi helst bíla. En það er ekki nóg. Hvernig ætlar hv. þm. að flytja fólk í bílum vestan af Vestfjarðakjálka eða austan af Austfjörðum 1930?

Þá sagði hv. þm. nokkuð, sem mjer þótti mjög einkennilegt. Hann færði það fram sem mikilsverða ástæðu sínum málstað til stuðnings, að þeir, sem ferðast á sjó, sjeu styrktir til þeirra ferða, því að rekstrarhalli skipanna ætti í raun og veru að greiðast af þeim. En eru þeir, sem ferðast á landi, þá ekki líka styrktir? Kosta þá vegirnir ekkert? Ef nokkurt vit er í því að tala um styrk til þeirra, sem ferðast á sjó, verður um leið að minnast á styrk vegna veganna á landi. Jeg nefni þetta til þess að sýna, hvað menn gera sjer títt um að draga inn í umr. um þetta mál það, sem alls ekki kemur því við og er jafnvel hrein og bein fjarstæða.

Eina setningu hjá hv. frsm. minni hl. ætla jeg að leyfa mjer að leiðrjetta. Hann sagði, að skip eins og Esja kostaði 1—2 þús. kr. á dag. Þetta er mjög ónákvæmlega til tekið og getur vilt skilning manna. Fyrir 3 árum lá fyrir nákvæm skýrsla um þetta, og samkv. henni var kostnaðurinn við rekstur Esju 1250 kr. á sólarhring. Hann hefir lækkað síðan og er nú sennilega hjer um bil 10—11 hundr. kr. Jeg hefi að vísu ekki spurst nákvæmlega fyrir um þetta á síðasta ári, en veit, að þetta lætur mjög nærri.

Það var rjettilega tekið fram af hv. frsm. — og jeg hefi tekið það fram áður —, að rekstrarhalli Esju er bein afleiðing af vöruflutningum og umhleðslu á smáhöfnum. Fyrir þá skuld er nauðsynlegt að hafa ódýrt skip til að annast þá flutninga. Þeir eru ætíð kostnaðarsamir og borga sig aldrei, þrátt fyrir þann ¼ af farmgjaldi millilandaskipanna, sem strandskipin fá.

Jeg skal taka það fram að lokum, að jeg mun greiða atkvæði með frv. stjórnarinnar á þskj. 15. Jeg sje enga bragarbót fengna með till. hv. minni hl. nefndarinnar. Þó tel jeg miklu nær sanni að ganga að því en að láta sitja við það sem er.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 20. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg þurfti að svara háttv. frsm. minni hl. nokkrum orðum. Hann taldi, að vöruflutningarnir með Esju myndu auka á rekstrarhallann, því að oftast væri það svo, að skipið stæði við 3—4 klukkutíma á hverri höfn til þess að ferma og afferma vörurnar. En þetta er ekki svo, eftir því sem framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins segir. Hann

telur ekki, að vöruflutningarnir tefji skipið svo neinu nemi; viðstaðan sje vanalega 1—2 klukkustundir á smáhöfnum og 3 klukkustundir á aðalhöfnum, og styttri verði viðstaðan ekki, þó skipið taki eingöngu póst og farþega. Og þegar maður svo lítur á það, að $^3/_5$ af tekjum skipsins er fyrir vöruflutninga, þá er augljóst, að rekstrarhallinn yrði miklu meiri, ef þeir væru feldir niður. Annars vissi jeg ekki annað en allir nefndarmenn samgmn. væru mótfallnir því að hafa eitt skip til vöruflutninga og annað til póst- og mannflutninga. Jeg vona, að þessi veðrabrigði sjeu ekki fyrirboði þess, að hann sje á leið að „lensa" frá fyrri skoðun.

Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins heldur því fram, að meira náist af fólksflutningi, ef skipin eru tvö og hafa bæði sæmileg farrými, en hann fullyrðir jafnframt, að tekjurnar af hinum auknu fólksflutningum myndu ekki vega á móti því, ef vöruflutningunum væri slept. Það hlýtur að vera misskilningur, er hv. frsm. minni hl. hefir það eftir framkvæmdarstjóranum, að hægt myndi að reka strandferðaskip tekjuhallalaust, eða því sem næst, ef skipin væru tvö.

Hv. frsm. minni hl. vildi ekki láta ráðast í smíði strandferðaskipsins, ef fje væri ekki afgangs í fjárlögum, og taldi lítt fært að taka lán til þess. Með þessu er þá loku fyrir skotið, að hægt sje að byggja skipið, og líklegt, að það dragist um ófyrirsjáanlegan tíma.

Vitanlega má deila um það, hvað hagkvæmt sje í þessu efni, enda lítur meiri hl. svo á, að hægt sje að svo stöddu að hlíta þeim strandferðum, sem við höfum við að búa. Annars fanst mjer óbeinlínis skína út úr ræðu hv. frsm. minni hl., að hann væri farinn að slá af þeim kröfum, sem fram komu í nál. á þskj. 248, þegar hann sagði, að vilji hæstv. stj. og minni hl. væri hinn sami. Nú er vilji hæstv. stjórnar og hv. minni hl. hinn sami að því leyti, að báðir þessir aðiljar vilja hrinda málinu í framkvæmd nú þegar. Hinsvegar fara þessir aðiljar hvor í sína áttina í till. sínum um framkvæmd málsins. Jeg hjelt ekki, að hv. frsm. minni hl. mundi vilja ráða til framkvæmda í málinu, ef þær væru bygðar á alveg skökkum grundvelli að hans áliti. En það virðist nú fram komið, þar sem hann nú fellur frá því, sem var aðalatriðið, að skipið skyldi vera af líkri gerð og Esja. Það var aðalatriðið, því að á því voru einna helst reistar vonir bæði meiri og minni hl. um, að rekstrarhallinn yrði minni.

Jeg ætla ekki að ræða hjer um frv. hv. þm. V.-Húnv. um að skattleggja ferðalög manna innanlands. Með þessu vildi hann auka tekjur ríkissjóðs, en það getur á engan hátt staðið í sambandi við þetta mál, enda auðvelt að finna einhverja heppilegri leið til þess að afla ríkissjóði fjár.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi efast um, að jeg hefði skýrt rjett frá við 1. umr. þessa máls, er jeg sagði, að í Noregi tíðkaðist það enn, að fólk væri flutt í lestum farþegaskipanna með ströndum fram. En hjer eru nú tveir Norðmenn staddir, sem jeg hefi spurt um þetta. Báðir hafa þeir ferðast mikið fram og aftur með ströndum Noregs og annar þeirra t. d. ferðast oft til Finnmerkur og Lofoten, og þeir segja mjer, að þar hafi lögreglustjórar heimild til

að veita undanþágur um þá tölu farþega, sem skipunum er ætlað að flytja, og er það gert með því skilyrði, að bjarghringar sjeu í skipunum handa hverjum einasta farþega.

Sami hv. þm. gat þess, að jeg væri á móti þessu af því, að jeg væri andvígur ríkisrekstri yfir höfuð. Jeg skal játa, að jeg tel heppilegra, að Eimskipafjelag Íslands tæki að sjer rekstur þessara ferða heldur en að ríkissjóður væri að vasast í því. Þetta fjelag er þjóðareign og hefir þegar mikinn strandflutning í sínum höndum, þar sem það annast mikinn hluta bæði af vöru- og fólksflutningi kringum alt land. Hinsvegar er þess að gæta, að þegar halda á uppi samgöngum, sem gefa ekki annað en tap, þá verður ekki hjá því komist, að ríkið beri kostnaðinn. Og ef ekki er hægt að ná samkomulagi við Eimskipafjelagið, sem jeg hygg að verði erfitt eins og stendur, þó að ekki sje það með öllu útilokað, þá verður ríkissjóður að taka strandferðirnar í sínar hendur.

Erlendis er samgöngum háttað svo, t. d. járnbrautunum, að þær eru ýmist ríkiseign eða einstakir menn og fjelög, sem eiga þær og reka. Í Danmörku eru flestar járnbrautir eign ríkisins og reknar af því, en í Englandi eru það einstakir menn eða fjelög, sem eiga járnbrautirnar, og reynslan er sú, að það verður dýrara að ferðast með járnbrautunum í Danmörku en í Englandi. Það má vel vera, að þetta stafi af því, að meira er ferðast með einkabrautunum en þeim, sem ríkið á og rekur. En hitt er líka víst, að ríkisbrautirnar eru víðast hvar reknar með talsverðum tekjuhalla, og í Danmörku hefir sá rekstrarhalli numið allmiklu t. d. síðastliðið ár.

Þá vildi hv. sami þm. draga mjög í efa það, sem haldið er fram í nál. meiri hl., að bifreiðarnar mundu, er stundir líða og vegasambandið er komið í gott horf, taka að sjer mannflutninga til Norðurlands; honum þótti líklegra, að fólkið mundi fremur kjósa að ferðast þá leið með skipum, af því að þar gæti það haft meiri þunga eða flutning í fari sínu. En nú er mjög sennilegt, að þegar stórar vöruflutningabifreiðar fara að þjóta milli landsfjórðunga, að fargjaldið verði mun ódýrara en með skipi, og tekur ferðin þó miklu skemri tíma. Að vísu verður ekki hægt að ferðast með bifreið hjeðan og norður á land á hvaða tíma sem er. En vegamálastjóri álítur, að á mestu annatímunum mundi hægt að halda uppi þessum landferðum milli hjeraðanna, og sjerstaklega þá vegna fólks, sem er í atvinnuleit, enda hlýtur það að verða mun hægra fyrir verkafólk að komast á þann hátt út til sveitanna.

Hv. 4. þm. Reykv. mintist lítilsháttar á flugferðir og taldi sennilegt, að þær mundu verða álitlegur liður í samgöngum okkar áður en mörg ár líða. Jeg get líka verið honum sammála um það, að jeg hygg, að flugferðir muni ljetta undir um póstflutning, og jafnvel eitthvað fyrir mannflutningum innan mjög margra ára. En vegirnir verða samt sem áður nauðsynlegir, og þá verður að bæta og lengja vegna innanhjeraðssamgangnanna.

Að jeg hafi talið strandferðirnar nægilegar sem stendur, er misskiln-

ingur. En hinu hefi jeg haldið fram, að ýmsar aðrar þarfir væru meira aðkallandi en bygging nýs strandferðaskips.

Þegar talað er um strandferðir yfir höfuð, þá verður að gæta þess, að nú ganga mikið fleiri og betri skip með ströndum fram og taka upp að meira eða minna leyti flestar hafnir á landinu. Það er því á misskilningi bygt, ef menn halda, að viðkomustaðir skipa sjeu ekki fleiri nú en áður, á meðan hjer voru tvö strandferðaskip. Að vísa til þingmálafundagerða í þessu efni, er nú svo og svo. Jeg held, að að þessu sinni liggi aðeins fyrir þingmálafundargerðir úr 4 hjeruðum, þar sem þess er óskað, að nýtt strandferðaskip verði bygt. Og þetta er ekki nema eðlilegt, af því að það eru svo fá hjeruð, sem hafa not af því.

Annars vil jeg endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að þeir, sem orðið hafa til þess að andmæla mjer, hafa ekki reynt að hrekja það, sem haldið er fram í nál. okkar meiri hl. á þskj. 335, að vegna þess, að margar þarfir í samgöngumálum okkar eru meira aðkallandi, þá eigi að fresta smíði þessa skips fyrst um sinn.

Væru nógir peningar til og auðvelt að afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja þegnum landsins eða vinna atvinnufyrirtækjunum tjón, þá væri ekkert að segja og sjálfsagt að ráðast í smíði þessa skips. En jeg held, að flestir viðurkenni, að skattbyrði sú, sem landsmenn standa undir nú, sje það mikil, að á hana sje ekki bætandi nema í sjerstöku árferði. Eins er það og vitanlegt, að sem stendur er ekkert fje fyrir hendi, og því ljettir á ríkissjóði hvert ár, sem smíði þessa skips dregst, a. m. k. 150—200 þús. kr. útgjöldum á ári.

Hæstv. atvmrh. gat þess, að sjer leiddist að hlýða á umr. um þetta mál. Jeg á nú bágt með að trúa, að hann, sem þetta mál snertir mest, skuli ekki vilja, að það sje ítarlega rökrætt, því að annað hefir ekki verið gert. Þess vegna blöskraði mjer, þegar hæstv. ráðh. leyfði sjer að segja, að honum dytti ekki í hug að eyða tíma eða áreynslu í að rökræða þetta mál. Jeg hefði þó haldið, að hann, sem borið hefir fram frv., mundi síst skorta viljann til þess að færa fram einhver rök fyrir því. Mjer finst það hart og lýsa helst til miklum skorti á ábyrgðartilfinningu hæstv. atvmrh., að rjúka upp og óska, að umr. sje slitið og reyna ekki af hálfu stj. að færa rök fyrir þeim málstað, sem hans eigið frv. flytur. Annars vænti jeg þess, að þeir hv. þdm., sem ekki hafa reynt að mótmæla því, sem stendur í nál. meiri hl. um ýmislegt, sem sje meira aðkallandi og nauðsynlegra en bygging nýs strandferðaskips, geti fallist á að fresta smíði þess að minsta kosti í þetta sinn.

Hákon Kristófersson:* Jeg get ekki tekið undir það, sem hæstv. atvmrh. sagði, að þýðingarlaust væri að ræða þetta mál. Jeg held einmitt, að þetta mál, ekki síður en önnur mál, hafi gott af því að vera rökrætt, eins og hv. frsm. meiri hl. tók nú rjettilega fram. En út af því, sem hæstv. dómsmrh. var að segja um aðstöðu mína til þessa máls, þá er hún ekki sú, sem hann gaf í skyn, að jeg telji ekki þörf á

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

betri eða meiri skipakosti með ströndum fram. Hitt tel jeg, að við samgöngurnar á sjó megi betur una nú um stund en eins og þær eru víða á landi, þar sem bæði vantar vegi og margar ár, sem hættulegar eru, óbrúaðar og hefta ferðir manna. Það er þess vegna, að jeg fylgi meiri hl. samgmn. um það að fá vegi og brýr á undan byggingu nýs strandferðaskips.

Mjer hefir sjerstaklega verið núið því um nasir, að jeg væri á móti því að bæta strandferðir á Breiðafirði, og gefið í skyn, að þar mundi jeg vera í beinni andstöðu við kjósendur mína. En jeg get nú upplýst um það, að einmitt vestur þar óskar fjöldi manna fremur eftir því, að ár, sem valda miklum farartálma, verði brúaðar og að bættar verði samgöngur á landi, áður en strandferðirnar verða auknar.

Það þarf heldur ekki að bera saman skipaferðir um Breiðafjörð nú eða fyrir 20 árum. Það mikið hafa þær aukist. En annars mætti og geta þess, að staðháttum er þann veg háttað t. d. við norðanverðan Breiðafjörð, að tæplega mun hægt að búast við, að skip, nema þá sjerstaklega útbúin, komi þar inn á hvern vog eða vík; a. m. k. ekki fyr en búið er að mæla þar upp siglingaleiðir.

Þar sem þessu er nú svona háttað vestur þar, en mjer nú kunnugur orðinn hinn mikli áhugi hæstv. stj. fyrir bættum samgöngum um Breiðafjörð, vona jeg, að hæstv. atvmrh. láti nú framkvæma þær uppmælingar á þessum slóðum, sem Alþingi hefir áður fallist á að láta gera. Því að jeg lít þannig á, að þar, sem eins er ástatt og á Breiðafirði, þurfi ekki að ætlast til, að skip komi á þá staði, sem hvorki eru mældir upp eða skip hafa komið á áður. Fyrst um sinn verða Breiðfirðingar að gera sig ánægða með, að mótorbátar annist flutninga til afskektra staða, sem skip koma ekki á. En þá má Alþingi ekki heldur kippa að sjer hendinni um sæmilegan styrk til slíkra bátaferða, bæði þarna og í öðrum landshlutum, þar sem þess er þörf.

Jeg bið háttv. þm. velvirðingar á því, að jeg var að hnupla frá honum þeim heiðri að vera frsm. minni hl., og jeg endurtek það, að jeg biðst afsökunar á þeim ómaklegu ummælum í garð hv. þm. V.-Húnv.

Háttv. þm. V.-Húnv. hafði þau orð eftir framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, að ef við hugsuðum til að taka fólksflutningana í okkar hendur, þá bæri að gera það eftir því sem við legðum til. — Jeg segi nú eins og maðurinn: „Ekki rengi jeg sjera Jens, en ótrúlegar þykja mjer sögur hans“. Því að þetta er ekki alveg samhljóða því, sem sá virðulegi maður hefir sagt við mig. Hann hefir sagt, að sjer virtist strandferðunum sæmilega fyrir komið eins og nú er; en því er ekki að neita, að hann vill ljetta á skipum Eimskipafjelagsins að koma inn á hinar minni hafnir. Þetta er að mestu alveg rjett, en til eru líka þeir landshlutar, eins og t. d. Hornafjörður, er verða mjög útundan um skipakomur. Annars er það trúa mín, að það verði hægra sagt en gert að koma í veg fyrir, að skipin þurfi á hinar minni hafnir, því að farmeigendur óska að fá flutninginn helst án umhleðslu, og þótt nýtt strandferðaskip yrði bygt,

mundu þær óskir haldast að fá millilandaskipin beint inn á hafnirnar. — Þetta skip er hugsað sem vöruflutningaskip, og er það alveg spánýtt í málinu, því að hingað til hefir altaf verið lögð aðaláherslan á að fá fólksflutningaskip, og það borið fram sem aðalknýjandi nauðsyn fyrir þessu skipi, hve þess væri mikil þörf að bæta úr fólksflutningum. Nú segir í nál. minni hl. á þskj. 248, að flutningsþörfin aukist með ári hverju. Látum svo vera, að þetta sje rjett, en annar þeirra manna, sem skrifa undir það nál., segir í greinargerð með frv., sem hann flytur á þskj. 239, að mikið af ferðalögum manna sjeu ónauðsynlegar skemtiferðir. Þar leggur hv. þm. V.-Húnv. ekki meira upp úr þörfinni á fólksflutningi á milli hafna en svo, að hann telur mikið af þeim flutningi óþarfan. Þó vill þessi hv. þm. leggja til, að ráðist verði í byggingu nýs strandferðaskips og rekstur þess.

Hvað mína afstöðu snertir til þessa máls, þá er hún sú, að jeg álít, að flutningum á sjó sje mikið betur fyrir komið en flutningum á landi sem stendur, og því beri fyrst að snúa sjer að þeim. Jeg hefi ekkert samviskubit af að hafa lagt þetta til, og ummæli hv. 1. þm. S.-M., að enginn geti staðið gegn þessu máli nema breyta á móti samvisku sinni, ná því ekki til mín. Hitt er rjett, sem hæstv. atvmrh. sagði, að óþarfi væri að ræða þetta frekar. Jeg vildi aðeins gera grein fyrir mínu atkv., en hinsvegar varð jeg dálítið undrandi að heyra slík ummæli úr þessum stól, frá jafnmerkum og drenglunduðum manni og hæstv. forsrh. er, að þm. eigi ekki að vera að tala um þetta eða hitt málið.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Það er auðsjeð, að frv. þetta á mikil ítök í hugum hv. þm. Það þarf ekki annað en minnast á strandferðaskipið til þess að þá grípi svo mikil ferðalöngun, að þeir sigli með fullum seglum út úr deildinni.

Jeg get lofað því að vera stuttorður um þetta mál, bæði sökum þess, að mál þetta hefir verið þrautrætt áður og að flest af þeim rökum, sem fram hafa komið gegn því, hafa verið hrakin bæði hjer í hv. deild og annarsstaðar, og má vísa til þess. Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram nú í síðustu ræðu sinni, að tekjur af vöruflutningum með strandferðaskipi verði minni en gert er ráð fyrir, og eins að skipin tefjast hvort eð er sáralítið vegna vöruflutninga.

Jeg veit, að háttv. frsm. hlýtur að skilja það, að töfin á einstökum höfnum er aðeins vegna vöruflutninga, því að alt hvað töfin er nokkuð yfir hálftíma, er hún vegna vöruflutninga, en ekki fólksflutnings. (**HK:** En ef vont er veður?). Jeg held, að skipin mundu tæplega bíða lengi eftir fáum mönnum.

Jeg er hræddur um, að hv. frsm. meiri hl. hafi misskilið eitthvað það, sem jeg hjelt fram um daginn. Það hefir alls ekki vakað fyrir mjer að hverfa frá skoðun minni um gerð skipsins, og meira að segja er jeg ekki viss um, að mikið sje vikið frá því, sem stjórnin leggur til, nema um innra fyrirkomulag. Í stjfrv. er sagt, að skipið skuli vera 400—500 smálestir að stærð, en þess er ekki getið, hverskonar smál. það eigi að vera. Tel jeg sjálfsagt, að átt sje við nettósmálestir, og er þá skipið af svipaðri stærð og

Esja, sem er 437 nettósmálestir, en 728 brúttósmálestir. Raunar er þetta ógreinilegt í frv., en úr því er bætt með því að taka það fram, að skipið eigi að vera af svipaðri stærð og Esja. Vil jeg aðeins geta þessa til leiðbeiningar fyrir hv. þm., þegar brtt. okkar við 1. gr. kemur til atkv., og tel jeg sjálfsagt, að hún verði samþ., því að þetta mun hafa vakað fyrir stjórninni. Jeg vík alls ekki frá fyrri skoðun minni, enda tel jeg, eins og framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins, að mikil þörf sje á að fá strandferðaskip með kælirúmi, og hitt atriðið, að fella niður 3. farrými, hygg jeg, að stjórn Eimskipafjelagsins sje mjer einnig sammála um. Hv. frsm. fór að tala um rekstur járnbrauta erlendis, en jeg get ekki sjeð, að það komi þessu máli við að neinu leyti. Jeg hygg, að allir geti komið sjer saman um það, að járnbrautir hjer á landi geti aldrei fullnægt samgönguþörfinni nema fyrir einstök hjeruð. Síðast í ræðu sinni hefir hv. frsm. horfið frá sinni fyrri skoðun, því að hann segir, að skip það, sem við minni hl. leggjum til, að smíðað verði, muni bera sig betur en skip það, sem stjórnin leggur til, að komið verði upp. Sannar hann hjer það, sem minni hl. hefir haldið fram, að fólksflutningurinn muni bera uppi rekstrarkostnað skipsins að miklu leyti. Tel jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, enda munu mönnum vera svo kunnug rökin með og móti, að slíkt væri óþarfi.

Hv. þm. Barð. vildi halda því fram, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins teldi strandferðunum sæmilega fyrir komið eins og nú er. (**HK**: Að undanskildum Hornafirði). Jeg get sýnt hv. þm. brjef, þar sem framkvæmdarstjórinn heldur því fram, að vjer verðum að taka strandferðirnar alveg í vorar hendur, ef vjer viljum teljast sjálfstæð þjóð. Svo mikla áherslu leggur framkvæmdarstjórinn á, að úr þessu verði bætt. Hv. þm. Barð. fór síðan að trolla í landhelgi Morgunblaðsins eftir rökum sínu máli til stuðnings, en eins og vænta mátti, var þar ekki um auðugan garð að gresja. Þessi rök áttu að sýna, að skoðun mín í þessu máli stangaðist við till. mína í máli, sem jeg hefi borið fram á þingi. Þetta er alls ekki rjett. Þótt jeg telji, að ýms ferðalög fólks sjeu alveg óþörf, þá krefst fólkið að haga sjer eins og því best líkar. Ferðalögin er því ekki hægt að banna, en ef telja má þau algerlega óþörf, má skattleggja þau. Og þó ferðalögin sjeu að engu leyti óþörf, virðist ekki ósanngjarnt, að þeir, sem mest nota samgöngutækin, sem ríkissjóður hefir lagt til og starfrækir, legðu eitthvað fram umfram aðra til eflingar samgöngunum. Þetta hefir verið gert áður og gefist vel. Þannig er lagður skattur á bifreiðar, er að sjálfsögðu gerir ferðalög með þeim dýrari. Bifreiðaskatturinn hefir numið um 40 þús. kr., og er honum varið til viðhalds og aukningar bílfærum vegum.

Annars finn jeg ekki ástæðu til þess að tala um þetta mál frekar, þar sem það er ekki á dagskrá, en það var auðvitað eðlilegt, að mál þetta kæmi hjer við sögu, því að það er spor í áttina að gera það kleift, sem meiri hl. telur, að ekki sje fært eins og nú standa sakir.

Þjóðin væntir þess af fulltrúum sínum, að þeir reyni að finna einhver ráð til þess að koma samgöngumálunum í viðunandi horf; og jeg vona, að ekki líði á löngu þangað til allir, sem ferðast vilja milli hafna hjer við land, geti fengið far með innlendum skipum, en þurfi ekki að leita á náðir erlendra skipafjelaga.

Hákon Kristófersson:* Mig undrar, að háttv. þingmaður V.-Húnv. skyldi orða ummæli sín í minn garð þannig, að jeg hafi verið að trolla í landhelgi Morgunblaðsins eftir rökum.

Jeg vitnaði aðeins í þingskjal frá honum sjálfum, og jeg bjóst ekki við, að hv. þm. mundi taka mjer það illa upp, en annars hjelt jeg, að álit hv. þm. væri hans eigin rök og Morgunblaðið ekki hið sama.

Annars virðist þessum hv. þm., sem máli sínu sje best borgið með útúrsnúningum; jeg mælti ekki eitt óvingjarnlegt orð í hans garð, svo að hann gæti fengið átyllu til slíkrar framkomu. En mjer er spurn: Er það frambærilegra að skattleggja ferðir fátækra manna með ströndum fram en sumt af því, sem Morgunblaðið hefir fram borið? (**HJ:** Er rjettara að skattleggja ferðir manna á landi?). Mjer er ekki kunnugt um, að ferðir manna á landi sjeu skattlagðar. Það er að vísu rjett, að lagður hefir verið á bifreiðaskattur, en það er alt annars eðlis, þar sem sá skattur á einmitt að verða til þess að gera flutninga með bifreiðum sem viðtækasta.

Annars var jeg ekkert að fetta fingur út í þetta mál, aðeins að sýna sam-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ræmið í till. hv. þm. Þessu varð hv. þm. svo reiður, að hann segir, að jeg hafi tekið þessi ummæli frá Morgunblaðinu. Jeg tek þetta samt ekki illa upp fyrir hv. þm., því að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem hann fer út fyrir þau takmörk, sem öðrum hv. þm. gleymist ekki að taka tillit til.

Einar Jónsson:* Jeg vil taka það fram þegar í upphafi, að þau fáu orð, sem jeg ætla að segja, eru frekar utan við dagskrá.

Þótt þannig standi nú á, að varaforseti situr í stóli, þá hygg jeg, að vert væri að minna á það, eins og deildin er þunnskipuð, að þeir, sem vildu tala, ættu að skrifa sínar ræður, í stað þess að tala yfir tómum stólum dag eftir dag og kvöld eftir kvöld. Nú síðustu daga hefir það best komið í ljós, hve þm. mæta óforsvaranlega illa, og eru það aðeins 4—5 menn, sem fá áheyrn meðal hv. þm. Þetta er til einskis gagns, heldur aðeins til þess að lengja umr. sem mest. Vænti jeg þess, að hæstv. forseti verði svo sanngjarn, að hann lýsi yfir því úr forsetastóli, að þess sje æskt, að þm. riti ræður sínar og afhendi þær þingskrifurunum, þar sem það er auðsjeð, að menn tala einungis í þingtíðindin, en ekki til þess að þm. hlýði á ræðurnar. Þetta mun vera orðin tíska frá eldhúsdeginum, þegar umræður stóðu til kl. 8 um morguninn og allir voru fyrir löngu leiðir, og var þó ekkert gagn unnið þá nótt. Hefi jeg aldrei vitað aðra eins tilhögun á þinginu og nú er. Í gær var það þannig, að aðeins var hlustað á einn mann, hv. þm. V.-Ísf.,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

og í dag hefir verið það sama að segja, þá var það aðeins hv. þm. N.-Þ., sem fjekk áheyrn. Jeg vil leyfa mjer að segja hv. deild það, að ef þetta á að ganga svona til oft, þá tek jeg minn hest og ríð heim. Vil jeg leyfa mjer að skora á hæstv. forseta, hvort sem það er aðalforseti eða varaforsetarnir, að áminna þm. um að mæta betur en gert hefir verið undanfarið.

Það undrar mig ekkert, þó að mikið sje talað um þetta mál. En hitt þykir mjer furðulegt, að hv. þm. skuli ekki hlusta á ræðurnar. Sje jeg ekki, að neina þýðingu hafi að halda þinginu áfram með því lagi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg ætla aðeins að gera stutta aths. Jeg get látið mjer nægja að svara þeim báðum í einu hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. Barð. Í rauninni erum við sammála um fyrirkomulagið. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort veita skuli stj. heimildina eða ekki.

En einu atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. vil jeg ekki láta ómótmælt. Hann vildi telja hv. þdm. trú um, að Norðmenn hefðu enn gamla siðinn, að flytja fólk í lest eins og kindur eða kýr. Jeg hefi nú leitað mjer nákvæmra upplýsinga og m. a. átt tal við mann, sem gagnkunnugur er norskum strandferðum, og hann fullyrðir, að þetta eigi sjer alls ekki stað, og af þeirri einföldu ástæðu, að flutningur fólks utan farrýma er bannaður með lögum. Auk þess eru lestirnar innsiglaðar af tollþjónum á hverri höfn og skipsmenn mega ekki brjóta innsiglin milli hafna. Skipverjar eða farþegar geta því ekki komist niður í lestirnar, þó að þeir vildu. Hitt er annað mál, að á sumum strandferðaskipum eru lestir þannig útbúnar, að hægt er að breyta þeim í farrými með lítilli fyrirhöfn, þegar þörf er á, en þá er enginn flutningur í þeim ásamt fólkinu. Hv. þm. hefði því ekki átt að vitna í fyrirkomulag Norðmanna; þeir hafa þegar náð því, sem við eigum að stefna að í okkar samgöngumálum, að farþegum geti liðið sæmilega. Enda hefði það ekki verið nein fyrirmynd til að fara eftir, ef það væri eins hjá Norðmönnum og hann segir það vera. Finn jeg svo ekki ástæðu til að taka fleira fram. En jeg taldi nauðsynlegt að leiðrjetta þessa villu hv. frsm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 248,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 248,2 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, BSv.

nei: ÓTh, PO, SE, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 548).

Magnús Guðmundsson: Jeg geri ráð fyrir, að það muni þykja að bera í bakkafullan lækinn að tala mikið um þetta mál, sjerstaklega þar sem okkur stjórnarandstæðingum var ótvírætt gefið það í skyn við 2. umr., að það væri ekki til neins að ræða þetta mál.

En jeg ætla nú samt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og jeg ætla að gera það með því að sýna fram á það nánar en gert hefir verið, hvað það er í raun og veru, sem hjer á að gera. Það á að byggja skip, sem áætlað er, að kosti um 800 þús. kr., en rekstrarkostnaður þess á ári er áætlaður um 250—300 þús. kr. Hvaðan á nú að taka þetta fje, og ef það verður tekið, er þá ekki líklegt, að það komi niður á einhverjum öðrum framkvæmdum, að það er tekið til *þessa?*

Þetta fje verður auðvitað tekið úr ríkissjóði, og það mun koma niður á *samgöngubótum til sveita,* að það er tekið til þessa.

Það hefir altaf verið svo, þegar fje vantar til einhverra framkvæmda, en hinsvegar verður að láta standast nokkurnveginn á tekjur og gjöld fjárlaganna, að þá er gripið til þess ráðs að sníða af þeim gjöldum, sem ætluð eru til samgöngubóta á landi. Því er það, að þegar ákveðið er að ráðast í byggingu þessa skips, þá er um leið ákveðið að sníða af þeim upphæðum, sem nú eru ætlaðar til samgöngubóta á landi, sem svarar rekstrarkostnaði skipsins á ári hverju. Jeg neita því að vísu ekki, að það sje æskilegt að fá nýtt strandferðaskip, en jeg segi aðeins það, að strandferðir eru hjá okkur komnar miklu lengra áleiðis en samgöngur á landi. Við höfum þegar á að skipa mörgum og góðum skipum, sem geta annast strandferðirnar, en hinsvegar eru enn margir stórir kaflar á landi, þar sem svo að segja ekki nokkur skapaður hlutur hefir verið gerður til samgöngubóta. Því finst mjer það ekkert undrunarefni, þótt þeir, sem mesta áherslu hafa lagt á auknar samgöngubætur á landi og telja, að þeim sje mest ábótavant af verklegum framkvæmdum okkar, vilji reyna að koma öðrum í skilning um þá nauðsyn, sem þeir sjá á þeim. Jeg sje heldur ekkert undarlegt við það, þótt þessum sömu mönnum sje sárt um það, að það fje, sem ætlað hefir verið til þessara framkvæmda, sje tekið frá þeim og varið til annars, er þeir telja miður nauðsynlegt.

Annars vil jeg benda á það, að þetta mál horfir nú öðruvísi við en það hefir gert á undanförnum þingum. Það var þá skipun, en nú er aðeins um heimildarlög að ræða. Þess vegna vildi jeg nú gjarnan spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann hugsi sjer að leggja nú þegar út í þennan kostnað. Mjer hefir skilist á hæstv. ráðh. við umr. um önnur mál, að stj. muni ekki nota þær lagaheimildir til framkvæmda, sem líklegt er, að verði afgr. til stj. á þessu þingi, nema því aðeins, að það sje hægt án þess að taka lán. Í þessu frv. er gert ráð fyrir lántöku, og vil jeg því leyfa mjer að spyrja hæstv. fors.- og atvmrh., hvort stj. ætli sjer að nota þá heimild og taka lán til þessa *nú á næstunni.*

Ef hæstv. atvmrh. vildi lýsa yfir því, að hann ætli sjer ekki að nota þessa heimild og ekki verði ráðist í þessa framkvæmd fyr en fje er veitt til þess í fjárlögum, þá skal jeg falla

frá allri andstöðu gegn þessu máli. Því að ástæðan til þess, að jeg er á móti þessu máli nú, er sú, að jeg óttast, að ráðist verði í þessa framkvæmd fyrr en fje er veitt til þess í fjárlögum.

Hjer er um heimildarlög að ræða, en jeg veit, að það getur þýtt tvent. Það getur þýtt það, að stj. og flokkur hennar treysti sjer til að vinda bráðan bug að þessum framkvæmdum, en það getur líka þýtt það, — og liggur ekki allfjarri að halda, að svo sje —, að þeir menn, sem að þessu standa, hafi viljað halda fast við afstöðu sína frá fyrri þingum og láta heita svo, að þeir hafi nú komið því máli sínu fram. Heimildarlagaformið bendir til þessa, því að skipunarformið var notað áður.

Jeg sje, að hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, frekar en oftar, þegar fyrirspurnir eru bornar fram til hans hjer í deildinni. **(Forsrh. TrÞ** (kemur inn í deildina): Jeg hefi heyrt hvert orð, sem hv. þm. hefir sagt). Það er gott, en jeg gat ekki búist við, að hæstv. ráðh. feldi sig í krókum og kimum. En jeg vænti skýrs svars við spurningu minni.

Hæstv. ráðh. brá þeim tveim háttv. þm., sem eru í fjvn. fyrir hönd Íhaldsflokksins, þeim hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf., um stórkostlegt ábyrgðarleysi, er þeir vildu láta framkvæma samgöngubætur til sveita, og það, þótt þeir vissu, að því er hann sagði, að það hlyti að verða til þess, að fjárlögin yrðu afgreidd með tekjuhalla. En hvað gerir nú hæstv. ráðh.? Gerir hann sig ekki sekan um það sama? Jú. Hann vill láta byggja nýtt strandferðaskip fyrir tekjuhalla; því að lán er ekkert annað. Jeg hjelt, að ef núv. stj. og stjórnarflokkur vildi láta gera nokkuð fyrir tekjuhalla, þá væru það framkvæmdir í sveitum landsins. En nú er það svo, að ekkert kallar eins hart að í sveitunum eins og auknar samgöngubætur. Það kann að vera mikil þörf á því að leggja fram 1 miljón til síldarverksmiðju, en jeg býst við, að margir muni þó líta svo á, að ennþá meiri þörf sje á því að brúa ár og leggja vegi og síma, svo að það sje unt fyrir bændur landsins að koma frá sjer afurðum og til sín vörum.

Jeg ætla að bíða og sjá, hvað hæstv. atvmrh. segir um þetta. Jeg hefi skilið hann svo, að ekki verði ráðist í þær framkvæmdir, sem þetta þing mun veita stj. heimildir til, nema því aðeins, að fje sje til þess. En hvers vegna er þá verið að kúga þetta í gegnum þingið, ef það á ekki að vera annað en liður á framtíðar-prógrammi?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er verið að ræða jarðræktarlögin í Ed., og hefi jeg því ekki tíma til almennra rökræðna við hv. 1. þm. Skagf. um samgöngubætur á sjó og landi. Enda er það útrætt mál, og jeg býst við, að hv. 1. þm. Skagf. þurfi ekki að brýna mig nje aðra framsóknarmenn til þess að stofna til samgöngubóta á landi, svo sem framast er hægt.

Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. vil jeg minna á það, að það er töluverður munur á þessu máli eins og það liggur nú fyrir þinginu og eins og það hefir verið á fyrri þingum, þar sem nú er aðeins um heimildarlög að ræða. **(MG:** Jeg tók það fram). Um það, hvort þessi heimild verði notuð eða ekki, er það að segja, að stj. er ennþá ekki búin að taka fasta afstöðu

til þess. Enda hygg jeg, að jafnvel ekki háttv. 1. þm. Skagf. geti vænst þess, að hún sje þegar búin að taka afstöðu til allra slíkra mála, meðan þau eru enn til umr. í þinginu.

Jeg vil ekkert fullyrða um það, hvort þessi heimild verður notuð, þótt hún verði veitt, en ef það, að athuguðu máli, getur talist fært að ráðast í þessa framkvæmd, þá hefi jeg svo opin augun fyrir nauðsyn hennar, að jeg mun fyrir mitt leyti telja það sjálfsagt. En hinsvegar geta auðvitað komið þeir tímar, að það sje ekki fært vegna fjárhagsaðstöðunnar yfirleitt.

Jeg óska mjög eindregið eftir því að fá þessa heimild, til þess að hægt sje að koma í framkvæmd þessu nauðsynjamáli, svo fljótt sem aðstaða öll verður svo, að stj. telji það forsvaranlegt.

Magnús Guðmundsson: Jeg verð að skoða þetta svar hæstv. atvmrh. sem ekkert svar. Hann segist enn ekki hafa athugað málið; sig langi mjög til þess að geta bygt nýtt strandferðaskip, en hvort hann muni fara eftir þeirri miklu löngun sinni, það getur hann ekkert sagt um.

Hann segir, að jeg þurfi ekki að brýna sig til þess að veita fje til samgöngubóta í sveitum, en það er nú einmitt komið á daginn, að það veitti ekki af að brýna hæstv. stj. til þess, og brýningin sýnist hafa dugað vel í þetta skifti, þar sem hæstv. stj. hefir nú gengið inn á skoðun hv. minni hl. fjvn. í þessu máli.

Það eina, sem fjekst út úr hæstv. ráðh., var, að hann vildi ekkert um það fullyrða, hvort heimildin yrði notuð eða ekki. Þetta er hið venjulega svar hjá hæstv. ráðh. Hann kveðst ekki vera búinn að taka afstöðu í nokkru máli, sem hann er um spurður. Hann sagði ekkert um það, hvort hann vildi fresta framkvæmdunum þangað til hann fengi fjárveitingu til þeirra í fjárlögum. Hefði hann lýst yfir því, mundi jeg ekki verða meinsmaður þessa frv. Enda er það öllum ljóst, sem hugsa um samgöngubætur á landi, að með þessu er nokkrum hundruðum þúsunda ráðstafað um ófyrirsjáanlega langan tíma, sem gætu farið til þeirra þarfa, er mest aðkallandi eru.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er mesti misskilningur að vera að brýna mig með því, að Íhaldsflokkurinn hafi gert það, sem dugði í þessu máli. Það, sem dugði, kom ekki úr þeirri átt. Jeg hefði ekkert gert, ef ekki hefði komið annað til skjalanna, og þetta annað kom ekki frá Íhaldsflokknum, heldur frá þingmeirihlutanum, sem gat sannað mjer, að með breyttri skattalöggjöf yrðu fjárlögin ekki afgreidd með tekjuhalla, þótt þetta yrði sett í þau.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði ekki gefið fullnægjandi svar. Þetta er rjett. Og jeg get ekki samvisku minnar vegna keypt fylgi hv. 1. þm. Skagf. með því að gefa yfirlýsingu um annað en jeg meina.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Áður en þessu máli er endanlega lokið, vildi jeg benda á það, að útgjöldin eru áætluð hærri fyrir árið 1929 en árið 1928. Það er víst, að útgjöldin í fjárlögunum eru ½ milj. kr. hærri en fyrir árið 1928. Það er og

vitanlegt, að útgjöldin hækka um alt að ½ milj. kr. samkv. sjerstökum lögum. Alls gerir þetta 900 þús. króna hækkun frá því, sem var 1928. Auk þess koma svo 200—300 þús. kr. árleg útgjöld, ef þetta frv. verður samþ. og stj. notar heimildina.

Það er rjett, að stj., eða öllu heldur leppar hennar hafa komið með tekjuaukafrv., sem nema um einni miljón króna. En nokkuð af þeirri upphæð var skorið niður með brtt. við 25% gengisviðauka á tollvörum, sem samþ. var í gær. En það er stór spurning, hvort atvinnuvegirnir þola þetta. Annarsstaðar er reynt að færa útgjöldin niður; svo hefir verið gert í flestum löndum hin síðari árin, og hjer var byrjað á þessu 1926. Jeg held, að það sje gálaust að stofna til þeirra útgjalda, sem hjer er farið fram á. Og jeg verð að endurtaka það, að þessu máli er svo varið, að það er ekki bagi að því fyrir landið í heild, þótt þetta verði ekki framkvæmt nú. Að vísu er þörf á því fyrir nokkrar sýslur, fyrir Suður- og Norður-Múlasýslur, Norður-Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslur, þar til bílvegurinn milli Suður- og Norðurlands er kominn. Ennfremur Vestur-Ísafjarðarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og að nokkru leyti Snæfellsnessýslu. Og þess vegna væri æskilegt að framkvæma þetta, ef peningarnir væru til og hægt væri að fá þá án þess að binda atvinnuvegunum óhæfilega þungan bagga. En það er svo fjölda margt, sem nauðsynlegra er og allir vilja fá.

Á svörum hæstv. forsrh. við fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. var ekkert að græða. Það geta allir sagt það sama og ráðh., að þá langi til að framkvæma þetta, ef peningar fást með góðu móti og án þess að íþyngja atvinnuvegunum. En hjer er verið að leggja þunga skatta ofan á þá, sem fyrir eru. Jeg hefi enga löngun til að framkvæma þetta, þó að æskilegt sje, vegna þess að jeg veit, að það er óforsvaranlegt eins og fjárhagurinn er, og þá ekki síður með það fyrir augum, hve brýn nauðsyn er á öðrum verklegum framkvæmdum, eiga menn að taka afstöðu til þessa máls. Það gæti verið forsvaranlegt að gefa ráðdeildarsamri stjórn þessa heimild, en það er óhyggilegt að gefa þeirri bruðlunarstjórn, er nú situr, slíka heimild.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg vildi, að það sæist í umr., af hverju jeg greiði atkv. á móti þessu frv. Ástæðan er ekki sú, að það sje ekki æskilegt í sjálfu sjer að eignast nýtt strandferðaskip, heldur að það er óverjandi af fjárhagslegum ástæðum að leggja nú út í þetta mál, og fyrir því hefi jeg gert grein annarsstaðar. Hver þm. verður að gera það upp með sjálfum sjer, hvað hann vill ganga langt í fjárútlátum. Þingið á ekki að varpa því upp á stj.; þm. eiga sjálfir að bera ábyrgðina á því, hvað langt er gengið. Ef heimildin verður samþ., má búast við því, að skipið verði bygt, en á því eru enn ekki ráð.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. sagði, að brýning minni hl. fjvn. hefði ekki dugað. Mjer finst hún einmitt hafa dugað. Og jeg býst við því, að margir líti svo á, að það sje fjár-

lagafrv. eins og það er nú, samanborið við hvernig það kom frá stj., sem sanni þetta.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki geta keypt fylgi mitt. Jeg bað vissulega ekki um það, enda er það ekki til sals. En jeg hjelt, að hann gæti sagt um það nú t. d., hvort hann ætlaði að nota heimildina á yfirstandandi ári. En eftir því, sem hann dregur þetta lengur og eykur samgöngubætur á landi, skal jeg verða fúsari að fyrirgefa honum fleiri syndir. Mjer telst svo til, að í fjárl. sjeu ætlaðar 430 þús. kr. til strandferða. Mjer sýnist það há upphæð í landi, sem hefir ekki nema 100 þús. íbúa, og held, að það sje ekki varlegt að hækka þennan lið um alt að 300 þús. kr. á einu ári. Það er eins og menn athugi það ekki, að altaf er verið að bæta strandferðirnar með nýjum skipum, sem ganga kringum land og sigla til og frá útlöndum. Þegar litið er á áætlanir Eimskipafjelagsins, sjest, að það hefir 5 skip í förum, og getur hver maður gert sjer í hugarlund, hvað það hefir bætt strandferðirnar.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Við 2. umr. þessa máls vjek hv. þm. Barð. að mjer nokkrum orðum. Jeg hafði getið þess, að hann hefði verið nærgöngull við Morgunblaðið í röksemdafærslu sinni í málinu. Hann hefir nú þvegið þetta af sjer við mig. Jeg get búist við því, að bæði honum og þeim, sem að þessu blaði standa, hafi dottið eitthvað svipað í hug, og því get jeg skilið það, að hv. þm. Barð. kom með þessi rök, sem áður höfðu birst á prenti, til þess að sýna fram á, að mín röksemdafærsla rækist á. Í nál. minni hl. er það skýrt tekið fram, að það, sem valdi þessari nauðsyn á auknum strandferðum, sje viðskiftaþörfin og ferðalangarnir. Það er nú að vísu svo um þessa ferðalanga, að þeir ferðast ekki altaf af brýnni nauðsyn, heldur að nauðsynjalausu, en samt verður þjóðin að sjá svo um, að ferðalöngun þeirra sje fullnægt. Og ef við gerum það ekki, verður það minkun fyrir þjóðina. Auk þess eru það Danir, sem annast að miklu leyti fólksflutningana fyrir okkur nú sem stendur. **(SÁÓ:** Og Norðmenn líka). Jeg býst við því, að í þeirra skaut falli aðallega óþarfar ferðir. En jeg vil ekki eyða fleiri orðum að þessu atriði. Mjer virðist sem því verði ekki mótmælt, að þessum ferðalöngum verður að fullnægja, og það verðum við að gera sjálfir, ef við eigum að geta talist sjálfstæð þjóð.

Það var annað í ræðu hv. þm. Barð., sem mig langar til að athuga og koma með fyrirspurn til hans út af. Hann var að dylgja með það, að jeg hefði farið út fyrir takmörk, sem aðrir þm. gleymdu ekki að taka tillit til. Ef hv. þm. á við þau orðaskifti, sem farið hafa milli mín og hv. 2. þm. G.-K., hefi jeg ekkert um það að segja. Sá hv. þm. sagði, að jeg hefði orðið mjer til minkunar, en jeg svaraði fyrir mig. og jeg býst ekki við, að hv. þm. Barð. þurfi að kvitta þá reikninga, fyrir hvorn okkar sem er. En ef háttv. þm. á við eitthvað annað, sem einhver flokksbróðir hans, utan þings eða innan, hefir látið sjer sæma að bera mjer á brýn, vona jeg, að hann komi með það, svo að jeg geti svarað því. Hinu get jeg lýst yfir, að jeg hefi ekki hugsað mjer að svara því, sem kemur fram

á vígvelli Íhaldsflokksins í blaðaheiminum. En jeg tel mjer skylt að afsanna það, sem borið er fram hjer á Alþingi af þessu tægi.

Hákon Kristófersson:* Jeg hafði ekki búist við að lenda í stælum nú út af einhverju, sem mjer hafði hrotið af munni við 2. umr. þessa máls. En svo hefir nú samt farið.

Háttv. þm. V.-Húnv. sagði, að jeg hefði verið nokkuð nærgöngull þá við röksemdafærslu eins blaðs hjer í bænum. Jeg man nú ekki eftir, að hann hafi hagað sínum orðum svo þá. Hann var að tala um að trolla í landhelgi. (**HJ:** Er það ekki það sama?). Ef hv. þm. vill orða þetta svona, þá var jeg að trolla í hans eigin hugsanagangi. Jeg hafði skjal fyrir framan mig eftir þm., sem mjer virtist fara í bága við það, sem hann hafði skrifað undir í nál. minni hl. samgmn. Jeg ætlaði ekki að reita þennan hv. þm. til reiði og las aðeins upp úr skjali, sem hann hafði skrifað undir, og datt ekki í hug, að hann mundi ekki kannast við það: annars hefði jeg verið grandvar við að minnast á þetta.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði verið að dylgja með eitthvað í hans garð. Eru það dylgjur, þegar skírskotað er til merkilegra heimildarrita? Jeg hafði ekki í huga viðskifti hans við hv. 2. þm. G.-K. (**HJ:** Jeg skora á þm. að skýra frá því, við hvað hann átti). Það eru til þeir menn, sem jeg hirði ekki að tala tillit til áskorana frá, en úr því að hv. þm. neyðir mig til þess, vil jeg minna á það, að hann hefir ýmislegt sagt um mig í ræðum sínum, og vil jeg benda honum á að skoða þær. Nú er hann að þvo sjer, en það verður sennilega þessi nafnkunni þvottur, sem þveginn var fyrir mörgum öldum. Jeg sje ekki ástæðu til að svara þessum hv. þm. fleiru og held, að þessi orð mín hafi ekki gefið tilefni til áframhaldandi árása á mig, nema ef tilhneigingin til að kasta hnútum að andstæðingunum er svo rík hjá hv. þm., að hann ræður ekki við hana, sem jeg vona, að ekki sje. Jeg vænti þess, að hv. þm. láti sjer þetta nægja, enda vissi jeg ekki betur en að hann væri fullkomlega ánægður með þau ummæli, sem jeg beindi til hans fyrir skömmu, auk þess sem þessi árás er óvanalega tilefnislaus, því að hv. þm. gat svarað mjer strax, þegar jeg sagði þetta, sem hann álítur æruskerðingu fyrir sig. (**HJ:** Jeg hafði ekki tækifæri til þess þá). Jeg vil ekki skerða æru nokkurs manns viljandi, hvorki hans nje annars, og vona, að hv. þm. komist að sömu niðurstöðu um sjálfan sig.

Það kemur ekki málinu við, hvort þessar ferðir, sem við höfum talað um, eru nauðsynlegar eða ekki. Það er ekki hægt að hreinsa þá úr, sem hafa lítið erindi, og því er rangt að leggja skatt á þá menn, sem fara í brýnum erindum, fyrir þá, sem fara að þarfleysu. Vitanlega slitnar vegurinn af mikilli umferð. Hv. þm. sjer sjer kannske fært að koma fram með till. í þá átt, að menn sjeu skyldugir að greiða gjald fyrir að fara um vegi landsins. Með því móti mætti afla töluverðrar fjárhæðar. (**HJ:** Þetta er ekki á dagskrá!). Hv. þm. segir, að þetta sje ekki

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

á dagskrá. Hann ljet sjer samt sæma að fara inn á það og hefir þar með gefið mjer tilefni til andsvara. Er ekki einmitt frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips á dagskrá? Og mjer skilst það vera það, sem við erum að deila um.

Ef hv. þm. er óánægður við mig, vona jeg, að hann sje svo sáttgjarn maður, að hann láti sakir niður falla og eigi ekki í frekari erjum við mig. Jeg er þannig gerður, að jeg vil umfram alt frið við alla menn.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Það kom fram hjá hv. 1. þm. Skagf., að rekstrarkostnaður hins fyrirhugaða strandferðaskips yrði um 300 þús. kr. Jeg held, að þetta sje nokkuð freklega áætlað. A. m. k. er það ekki samkv. áliti framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins. Um það má lengi þrátta, hver kostnaðurinn verði. Jeg hefi hjer við hendina skýrslu um það, hvað hafðist upp úr Esju árin 1925, 1926 og 1927. Sú upphæð fer altaf lækkandi, af því að svo ótrygt er að ferðast með Esju, vegna þess að hún þarf að koma á ýmsar smærri hafnir. Tekjurnar voru 1925 159 þús. kr., en 1927 102 þús. kr. Þær hafa lækkað um fullan þriðjung. Ef ferðirnar hefðu reynst betur en búist var við, þá má ætla, að tekjurnar hefðu aukist. Jeg er sannfærður um, að með nýju strandferðaskipi aukast fólksflutningar hjer við land með þessum skipum.

Jeg hefi svo oft tekið það fram, að jeg tel þýðingarlítið að fara nú inn á öll einstök atriði frv., af því að þau eru flest svo þaulrædd, að afstaða manna til þeirra er þegar ákveðin.

Ræða hv. þm. Barð. kom þessu máli lítið við, og get jeg því verið stuttorður í hans garð. Jeg get lýst yfir því, að það gleður mig, að hann skuli ekki hafa haft verra í huga en að benda til orða minna í hans garð. Jeg man ekki eftir því, að jeg hafi nokkurntíma verið með dylgjur í hans garð, og jeg hugsa, að enginn hv. þdm. muni eftir því. Jeg þarf því engu að svara honum, og get jeg þá látið útrætt um þetta mál við hann.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 548).

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 721 og 744).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:7 atkv.

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson): Samgmn., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir klofnað. Meiri hl. hennar leggur til, að þetta frv.

verði samþ. nú á þessu þingi, en minni hl. leggur til, að það verði felt. Nefndin er þó ekki ósammála að því leyti, að ekki sje þörf á bættum strandferðum. Það kemur fram í áliti minni hl., að hann lítur svo á, að enn sjeu strandferðir ekki komnar í það horf, sem þær þyrftu að komast, en álítur, að eins og nú standa sakir, sje hvorki tími nje tækifæri til að ráðast í frekari framkvæmdir á því sviði. Ágreiningurinn í nefndinni er því um það, hvort nú þegar skuli ráðast í byggingu nýs strandferðaskips eða látið dragast.

Þetta mál hefir lengi verið til umræðu á Alþingi. Það var strax árið 1916, að samþ. voru lög um smíði tveggja strandferðaskipa. Þessi lög voru ekki framkvæmd að öðru leyti en því, að Esja var bygð í kringum 1920. Enda þótt hún hafi bætt mikið úr þeirri þörf, sem var á strandferðum, er það enn víða á landinu, sem strandferðirnar eru engan veginn í því horfi, sem þær þyrftu að vera. Fyrir þrem undanförnum þingum hefir legið frv. um smíði á öðru strandferðaskipi. Málið ætti því að vera — og er — hv. þdm. vel kunnugt. Jeg býst við, að mörgum þeirra sje það kunnugra en mjer, svo að meðal annars þess vegna er ástæðulítið fyrir mig að fara mörgum orðum um það.

Jeg viðurkenni fyllilega, að samgöngur á sjó og landi verða að teljast lífæð atvinnuveganna, enda er alment litið svo á. Þó að jeg hafi hallast að því að ráða hv. deild til þess að samþ. frv., ber engan veginn að skilja það svo, að með því vilji jeg láta í ljós, að ekki beri mikil nauðsyn til að vinna líka, eins og hægt er, að samgöngubótum á landi. Það hefir verið álit flestra, að samgöngur á sjó yrðu, a. m. k. við okkar land, ódýrari en varanlegar samgöngubætur á þessu strjálbygða landi. Þó að jeg hafi mjög mikinn áhuga á, að samgöngur á landi komist í betra horf en þær eru nú, hlýt jeg að fallast á, að mjög sje ólíklegt, að með sömu fjárupphæð sje hægt að bæta úr samgönguþörf jafnmargra landsmanna með því að verja fjenu til samgöngubóta á landi og með því að verja því til strandferða. Eins og mönnum er kunnugt, er það svo, að þær verulegu strandferðir við þetta land annast aðallega eitt skip, Esja. Að vísu koma mörg önnur skip á ýmsar bestu hafnirnar, en allur fjöldinn, og þar á meðal þeir, sem búa á smæstu og verstu höfnunum, fara alveg á mis við það hagræði, sem stafar af strandferðunum. Að undanförnu hefir fólksflutningur hjer við land á milli bestu og fólksflestu hafnanna farið fram með öðrum skipum en þeim, sem landsmenn eiga sjálfir. Bæði dönsk og norsk siglingafjelög halda uppi ferðum hjer við land. Skip þeirra koma aðallega á bestu hafnirnar og flytja fjölda fólks. Þess mætti vænta, ef strandferðaskipin yrðu tvö, og einkum ef breytt yrði til um fyrirkomulag ferðanna, þannig að þær yrðu að nokkru leyti örari, að nokkuð af fólksstraumnum til hinna útlendu skipa flyttist yfir á þau íslensku. Jeg geri því ráð fyrir, að þó að strandferðaskipin yrðu tvö, mundi ekki af því leiða, að rekstrarhalli beggja yrði tvöfalt meiri en hann er nú af öðru, af því að jeg býst við, að með því að hafa tvö skip yrði hægt að bæta fyrirkomulagið svo, að bæði fólks- og vöruflutningar gætu borið sig betur en hingað

til hefir verið. En um fólksflutningana verður maður að líta svo á, að hið nýja, væntanlega strandferðaskip sje einkum orðið til til þess að bæta úr þörf þeirra hafna, sem nú eru útundan.

Það hefir undanfarið verið svo um marga staði, til dæmis á Norður- og Norðausturlandi, að samgöngur suður um land til Reykjavíkur hafa varla verið nema með Esju. En Bergenska gufuskipafjelagið og Eimskipafjelag Íslands hafa haldið uppi reglubundnum ferðum til Reykjavíkur norður um land. Menn hafa því hæglega getað komist aðra leiðina, en orðið að bíða lengi, til þess að geta komist hina leiðina.

Gert er ráð fyrir, að hið nýja skip hafi frystirúm, en það hefir, eins og öllum er kunnugt, mjög mikla þýðingu. Það hefir borið meira og meira á því í seinni tíð, að menn hafa þarfnast þess, að geta komið frá sjer búnaðarafurðum sínum til kaupstaðanna, en þó einkum Reykjavíkur. Þeir hafa samt orðið að fara á mis við það, af því að skipin hafa ekki haft frystirúm. Jeg hugsa, að þessi umbót hafi verulegan hagnað í för með sjer, bæði fyrir þá, sem selja og kaupa vörurnar.

Jeg skal taka það fram aftur, að þó að meiri hluti nefndarinnar leggi til, að hv. deild samþ. þetta frv., vakir ekki fyrir honum, að framkvæmd þess verði gerð á kostnað samgöngubóta á landi.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Í nál. mínu, sem er ekki langt, eru teknar fram aðalástæðurnar fyrir því, að jeg er á móti þessu frv. Þar er það tekið fram, að jeg sje að vísu þeirrar skoðunar, að strandferðir hjer við land sjeu ekki komnar á fullkomið stig og að mjög væri æskilegt, að þær væru betri, en jeg lít þó svo á, að þær sjeu komnar í það horf, að þær sjeu tiltölulega lengra komnar en vegabætur á landi. Eins og nú standa sakir, virðast mjer strandferðir vera komnar í sæmilegt horf, en það verður hinsvegar ekki sagt um vegina. Vegir hjer eru allir í molum, en vegalaust land eða vegalítið verður altaf kyrstöðuland. Það hefir verið mín bjargfasta trú í mörg ár, að ríkið hefði átt að taka margra miljóna króna lán, til dæmis 10—15 milj., til þess að leggja vegi. Jeg er sannfærður um, að þeim miljónum hefði verið betur varið en þeim, sem þegar hafa verið teknar að láni. Auk þess eru ýmsar aðrar framkvæmdir, til dæmis hafnir, vitar og símar, sem þola mjög litla bið.

Um þetta mál er það svo, að kálið er ekki sopið, þótt í ausuna sje komið. Það er ekki nóg, að ríkissjóður leggi fram 500—600 þús. kr. til þess að byggja nýtt skip. Það er ekki það versta. Aðalagnúinn við þetta er, að altaf verður meiri og minni rekstrarhalli á strandferðaskipunum. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það greinilega, að þau bera sig ekki og geta ekki borið sig. Esja hefir sýnt þetta greinilega. Hún hefir borið sig illa. Var hún þó bygð með þetta hlutverk, strandferðirnar, fyrir augum, og mun smíði hennar hafa tekist ágætlega. Fyrirkomulag rekstrarins og forstaða mun og vera með besta móti. Þó hefir árlega verið rekstrarhalli, er nemur hundruðum þúsunda króna. T. d. var hann árið 1926 300 þús. kr., ef tekin er með nauðsynleg afskrift á

skipinu. Þetta er ekki glæsileg útkoma. En við öðru er vart að búast hjer við land. Hafnir eru svo margar og erfiðar, sem skipin verða að koma á, en á þær hafnir koma hin erlendu skip ekki, sem samgöngum halda uppi hjer við land. Það verður því eingöngu með tilliti til þess, að fullnægja verður þörf fólksins, að telja verður rjett, að ríkissjóður beri þennan halla. En spurningin er bara, hvað rjett sje að ganga langt í því. Og jeg álít, að þar sem annað þarfara liggur nær dyrum, þá sje ekki rjett að byggja nýtt skip.

Jeg get ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á nál. meiri hl. Þar stendur: „Nú reka útlend gróðafjelög strandferðir hjer við land og raka saman fje á þann hátt ár eftir ár". Þessi setning er hreinasta fjarstæða. Jeg skil alls ekki í því, hvað þetta hefir getað staðið öfugt í höfðum þeirra manna, er skrifað hafa undir þetta álit. Ef þau græða á þessum flutningum hjer, hvers vegna ættum við þá ekki að græða á þeim líka? — Nei, þeir hafa ekki grætt á strandflutningum hjer, heldur stórtapað. En að þeir halda þeim áfram, stafar af því, að þeir eiga nú skipin og hafa ekki annað við þau að gera en að halda þeim hingað, og svo eru þeir líka með það mark fyrir augum að bola okkur frá í samkepninni, og horfa þess vegna ekki í, þótt þeir verði fyrir tjóni í bili. Auk þess eru þeir styrktir til þessara ferða. Þeir hafa því engan fjárhagslegan gróða á þessu, heldur þvert á móti. Þá er það gefið í skyn í nál. meiri hl., að þegar strandferðaskipin eru orðin tvö, þá muni takast að ná í fólksflutningana hjer á milli hafna. Jeg held, að þessi spádómur sje ekki ábyggilegur. Þótt það myndi máske nást frá lakari höfnunum, þá mundi það þó naumast verða frá betri höfnum. Þetta er því bara spádómur, sem hefir við lítil rök að styðjast.

Hvernig því, sem á þetta er litið, þá verður niðurstaða mín sú, er jeg gat um áður, að fremur beri að leggja þungann á samgöngubætur á landi heldur en ráðast í kaup á skipi, sem hefir í för með sjer árlegan rekstrarhalla, sem nemur hundruðum þúsunda.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því jeg trúi á umbætur þær, sem bygging nýs strandferðaskips hefir í sjer fólgnar, þá vil jeg bæta nokkrum orðum við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri sín skoðun, að höfuðáherslu bæri að leggja á landvegina, og taldi, að rjett hefði verið að taka 20 milj. kr. lán til þess að herða á vegalagningum. Jeg ætla nú ekki að mótmæla því, að nauðsyn sje að leggja vegi. En það teldi jeg misráðið að taka slík stórlán til þeirra hluta og vinna fyrir það á stuttum tíma, enda hygg jeg, að það kæmi ekki að tilætluðum notum. Þess verður að gæta, að vegirnir eru víða ekki nothæfir á vetrum fyrir snjó, sem á þá hleðst. Akvegir yfir fjöll og heiðar milli hjeraða hafa því meiri „kultur"-þýðingu en fjárhagslega. Ef t. d. er tekinn vegurinn frá Borgarnesi norður í Húnavatnssýslu, þá hefir sá vegur enga þýðingu fyrir Húnvetninga til flutninga á þungavöru. Þetta hefði því aðalþýðingu sem sumarvegur til fólksflutninga, en ekki sem vöruflutningavegur. Gagnið af þeim vegum yrði því meira „sócialt" heldur en fjárhagslegt.

Þá er og þess að gæta, að ef vinna ætti fyrir 20 milj. kr. á skömmum tíma, þá hefði það allmikla röskun á vinnukrafti landsins í för með sjer. Það mundi draga fólkið óeðlilega mikið frá framleiðslustörfunum, einkum frá landbúnaðinum; þar myndi það valda stöðvun á ræktun og gera bændum erfiðara fyrir að fá fólk til heyöflunar. Þetta myndi og valda samkepni um fólkið og hækka kaupgjaldið. Þá er enn að geta þess, að af þessum 20 milj. kr., sem hv. frsm. minni hl. vildi taka að láni til að leggja í vegi, sem margir hverjir yrðu ekki færir nema yfir sumartímann, þarf nú fyrst og fremst að svara vöxtum og afborgunum, en auk þess kemur til útgjalda árlegt viðhald veganna. Mundi það ekki verða ljettasti liðurinn og áreiðanlega ekki minni en rekstrarhalli á einu strandferðaskipi. Við höfum dæmi þess frá Flóa- og Holtabrautunum, sem liggja yfir sljettlendar lágsveitir. Þó er viðhald og endurbygging þessara brauta beinlínis að sliga tvær víðlendar sýslur. Jeg læt svo útrætt um þetta atriði málsins. En orð mín ber ekki að skilja svo, að jeg sje að deila á hv. þm. Snæf. fyrir það, að hann hefir áhuga fyrir samgöngum á landi. Það er draumur okkar allra að geta unnið að þeim svo mikið sem ástæður leyfa. Aðeins tel jeg það ekki viturlegt að taka slík stórlán til þess að gera vegi yfir fjöll og heiðar, sem yrðu undir snjó á vetrum og kæmu heldur ekki að verulegu gagni á sumrum. En jeg hefi stutt hann og mun styðja hann að þeim vegabótum, sem skynsamlegar eru og ástæður okkar leyfa. Um samgöngur á sjó er það að segja, að þær hafa miklu meiri fjárhagsþýðingu fyrir atvinnuvegi landsins, til þess að koma vörum og afurðum milli hjeraða. Þó t. d. braut verði lögð frá Reykjavík til Akureyrar, þá mundi of dýrt að láta hana annast þungavöruflutninga. Um aldamótin síðustu voru samgöngur við strendur landsins betri en nú. Þá hafði útlent fjelag þær og hafði tvö skip til þeirra, er fóru ferðir til Akureyrar austan og vestan um land og sömu leið hingað aftur á hálfsmánaðarfresti og þræddu smærri hafnir. Nú eru samgöngurnar ekki betri á sjó en það, að til vandræða horfir fyrir sumar sveitir. Tökum t. d. Snæfellsnesið, sem er að náttúrugæðum engu lakari sveit en t. d. Borgarfjarðarhjeraðið. Bóndi í Staðarsveitinni sagði mjer á síðastl. vori, að það hefði kostað sig 5 krónur að koma sementstunnu þangað vestur. Er það þó ekki hið versta, því iðulega er ekki hægt að ná þangað vörum, hvað sem við liggur. Presturinn á Staðastað sagði mjer í vetur, að þó bændur þar vildu ná fóðurmjöli t. d. frá Siglufirði, þá væri það ekki hægt vegna samgönguleysis. Fátækt þessara sveita stafar miklu fremur af þessu heldur en hinu, að landið sje kostarýrt. Hin góða afkoma Borgarfjarðarhjeraðsins er fyrst og fremst að þakka þeim sæmilegu samgöngum, er hjerað þetta á við að búa til Reykjavíkur, þar sem um besta innlenda markaðinn er að ræða.

Í morgun hitti jeg farþega af Esju. Hann sagði mjer, að þegar Esja hefði komið á Hornafjörð, sem er eini viðkomustaðurinn í tveimur sýslum, þá hefðu komið 2 bátar út þaðan með fólk og farangur, og hefði ekki náðst nema úr öðrum bátnum. Skipstjórinn hefði

orðið að reka hinn í land, vegna þess að hann treysti sjer ekki til að ná upp úr honum úti á rúmsjó. Jeg bið hv. þm. Snæf. að athuga þetta dæmi. Austur-Skaftafellssýsla er gott hjerað, en algerlega skorin frá öðrum hjeruðum með fjöllum, ám og jöklum. Þar er því ekki um fjölbreytt úrræði að velja. Aðeins hafnlausa strönd. Nú fær sú sýsla eitthvað 3 Esjuferðir og 1 útlent skip á ári. Er ekki von, að framleiðsla og ræktun þrífist vel undir slíkum skilyrðum. Hornafjörður er ein af betri útvegshöfnum, engu síður en Sandur. En fiskinn verður að flytja burtu til verkunar, vegna samgönguleysis. Ef um smærra skip væri að ræða, mundi það frekar geta bætt úr þessum erfiðleikum, þar sem meiri von er til þess, að það komist inn á höfnina. Um Suður-Múlasýslu er hið sama að segja. Vegir þar yrðu afardýrir og lægju undir snjó að vetrum. Hið sama má og segja um Austfirði yfirleitt. Um Vestfirði er hið sama að segja. T. d. hefir vegurinn milli Bíldudals og Ísafjarðar ekki fengist tekinn í tölu þjóðvega. Ríkið hefir ekki fengist til að viðurkenna þann veg, vegna þess hve vont er að leggja hann. Meðan ekki er úr samgöngum bætt með ströndum fram, eru stórir hlutar landsins algerlega lamaðir, þar sem ekki er hægt að leggja vegi. Um suma hluti er svo ástatt, að þá er ekki hægt að meta til peninga. T. d. er ekki langt milli Ólafsfjarðar og Svarfaðardals; þó er þar á milli fjallvegur, sem einatt er ófær yfir vetrartímann, svo Ólafsfirðingar ná ekki í lækni, hvað sem við liggur. Er nú verið að ráðstafa því, að þessi litla sveit fái lækni út af fyrir sig. — Það er algild regla í heiminum. að þegar samgöngur batna, þá blómgast atvinnuvegirnir.

Nú er að vísu gengið út frá því, að nokkuð dýrt skip verði bygt. En álit mitt er það, að það þurfi ekki að vera eins dýrt og Esja. Jeg held, að það ætti ekki að þurfa að kosta yfir 400 þús. kr. Það á að vera fremur lítið, svo það geti hægar farið inn á smærri hafnir. Hjer er um tvær hugmyndir að ræða. Önnur er sú, að skipið sje eins og Esja og fari líkt og hún hringferðir og taki fólk og flutning. Hin er að hafa skipið smærra. Láta það aðallega flytja vörur og nýmeti á markað, en fólk milli hafna aðallega, eða frá smærri höfnum á stærri, í veg fyrir stærri skip. Þetta hefir mest gildi í mínum augum, einkum að geta komið framleiðslunni, svo sem kjöti, smjöri, eggjum og skyri, á markaðinn, sem nú er ekki hægt. T. d. má nefna Þingeyrar, þessa ágætu laxveiðijörð, sem nú er næstum því að fara í eyði vegna samgönguleysis. Ef svona er farið að, skip bygt, sem er minna en Esja, hefir aðeins 2 farþegarúm, fyrir 20—30 manns, ekki afarsterka vjel (því það þyrfti ekki að fara mjög hart), hefði minna mannahald og eyddi minna af kolum, þá ætti það ekki að verða mjög dýrt í rekstri. Þetta skip yrði járnbraut margra hjeraða, sumstaðar frá smærri höfnum til stærri, og t. d. fyrir Breiðafjörð og Skaftafellssýslur eini sambandsliðurinn við Reykjavík. — Jeg heyrði fullyrt af mönnum í Dalasýslu, er jeg var þar á ferð 1925, að Dalamenn yrðu árlega að borga um 20 þús. kr. skatt, vegna þess að þeir gætu

ekki verið í beinu sambandi við Eimskipafjelag Íslands um vöruflutninga. Þeir kunna að vera eitthvað betur staddir nú, en þó ekki vel. — Ef bygt verður lítið skip, sem annast flutning til smáhafna, þá getur Esja farið hraðferðir til allra stærri viðkomustaða, og yrði þá betur hæf til að geta náð í fólksflutninginn. Einnig væri þá opnuð leið til að koma póstflutningunum fyrir betur en nú er gert. Nýlega kom til mín maður úr Skagafjarðardölum. Var það sonur eins meiri háttar íhaldsmanns, svo skýrslu hans ætti að vera nokkuð að marka í augum íhaldsmanna. Hann lýsti ástandinu svo, að í hans sveit kæmi pósturinn iðulega tveggja mánaða gamall. Skipin kæmu með póstinn á Sauðárkrók einum til tveimur eða fáum dögum eftir að aukapóstur hefði farið þaðan. Biði því sá póstur næstu ferðar aukapóstsins. Kæmi því stundum tvöfaldur póstur, en stundum ekki neitt.

Hv. þm. Snæf. getur ef til vill spurt, hvað þetta komi strandferðunum við. En það er einmitt svo, því að um leið og við höfum eignast 2 strandferðaskip, verður að breyta ferðum landpóstanna svo, að þær verði viðunandi, a. m. k. 2—3 mánuði á sumrin, og þar sem komnir eru bílvegir, sem færir eru allan þann tíma ársins, sem auð er jörð, ætti að mega gera það næstum því kostnaðarlaust. Og jeg fullyrði, að það mundi t. d. verða mönnum í kjördæmi hv. þm. Snæf. til stórgagns. Jeg neita því alls ekki, að áhugi hv. þm. Snæf. á nýju varðskipi sje góður, en jeg leyfi mjer að fullyrða, að þetta skip mundi einnig verða ákaflega þýðingarmikið fyrir kjördæmi hans, því að jeg veit, að það skapar mikla möguleika til þess að setja nýtt fjör í atvinnu- og starfslíf manna þar sem annarsstaðar.

Jeg hefi þá sýnt fram á, að ekki mun verða eins mikill stofnkostnaður við skipið og hv. frsm. minni hl. vildi gera ráð fyrir, en jeg á eftir að færa líkur að því, að síðari liður áætlunar hv. frsm., um starfrækslu þess, þurfi ekki að vera alveg rjettur. Það er ekki rjett að gera ráð fyrir 100 þús. kr. til afskrifta á skipinu, því að Esja er gott skip og mun ekki ganga mikið úr sjer. Jeg verð því að segja, að mjer fanst kenna hjer hlutdrægni hjá hv. frsm. En það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, að bæði Eimskipafjelagið og Esja verða að blanda saman farþega- og vöruflutningum. Afleiðingarnar af þessu eru þær, að Esja missir ákaflega mikið af dýrum farþegaflutningi milli hafna, vegna þess að Eimskip verður að blanda þessu tvennu saman og annast bæði vöru- og farþegaflutninga milli hafna og milli landa. Eimskipafjelagsskipin verða að fara inn á allar hafnir með ströndum fram, og afleiðingin verður, að útlendu skipin hrifsa hina arðsömu farþegaflutninga bæði frá þeim og Esju. Ennfremur tapar Eimskip farþegaflutningunum milli landa í hendur útlendingum, vegna þess m. a., að ferðirnar eru of fáar; en það kemur einkum af því, að skipin verða að sleikja smáhafnir með ströndum fram, til þess að skila af sjer vörum frá útlöndum. Ólagið, sem hefir verið á rekstri íslensku skipanna og verður til þess að þau verða undir í samkepninni við útlendu skipin, stafar ákaflega mikið af því, að þessu tvennu ólíku er blandað saman, farþegaflutn-

ingi og vöruflutningum. Ef því er hægt að ljetta af Eimskipafjelaginu vöruflutningum til smáhafna, þá er áreiðanlegt, að það mundi standa miklu betur að vígi út á við í samkepninni við útlendingana. Alveg það sama er að segja um Esju. Ástæðan til þess, að útlendu skipin hafa hrifsað til sín arðsömustu farþegaflutningana milli stærri hafna kringum land, er sú, að Esja hefir orðið að fara inn á hverja smáhöfn og oft orðið að bíða þar klukkutímum saman eftir smávöruflutningum, og því hafa farþegarnir heldur viljað fara með útlendu skipunum, sem aðeins koma á stærri hafnirnar. Ef þess vegna annað strandferðaskip kæmi, sem aðallega ljetti vöruflutningunum af Esju, þá mundi hún verða miklu færari til þess að standast samkepnina við útlendu skipin sem fólksflutningaskip. Jeg get að vísu ekki sannað það með tölum, en mjer finst jeg hafi fært mjög sterkar líkur fyrir því, að ekki þurfi að verða mjög mikill rekstrarhalli á þessu nýja skipi. Mjer dettur auðvitað ekki í hug, að hægt sje að komast algerlega hjá rekstrarhalla á strandferðum, en það er alveg það sama að segja um vegina; á þeim er altaf stórkostlegur halli, sem við auðvitað verðum að gera okkur að góðu. Það er og verður svo, að siglingar meðfram ströndum og vegir á landi verða ekki gróðafyrirtæki, en við verðum samt að halda þeim áfram sem best er hægt, meðan við yfirleitt trúum á það, að góðar samgöngur sjeu undirstaða blómlegs framkvæmdalífs í landinu. Og er þá nokkurt vit í því að vera að berjast gegn því, því að hvenær er það víst, að betri skilyrði muni gefast til þess að koma því fram? Og allra síst virðist mjer, að andstaða gegn þessu máli sitji á manni sem hv. þm. Snæf., sem bæði viðurkennir þörfina og það, að strandferðirnar sjeu undirstaða atvinnu- og framkvæmdalífs í landinu.

Jón Þorláksson: Það eru aðeins örfáar athugasemdir við þessa löngu ræðu hæstv. dómsmrh.

Jeg vil þá fyrst minna á það, að hinn árlegi tekjuhalli á Esju nemur álíka miklu og viðhaldskostnaður *allra* þjóðvega og flutningabrauta, sem þegar er búið að gera í landinu. Mjer sýnist, að samanburður á þessu tvennu ætti að vera nóg til þess að færa hverjum manni heim sanninn um það, að skynsamlegra er að leggja allmikið í vegina, þótt viðhaldskostnaður á þeim hækki þá eitthvað, heldur en að tvöfalda í einu spori þann halla, sem nú þegar er á strandferðunum. Það er auðvitað rjett hjá hæstv. dómsmrh., að öllum þeim sömu verður ekki fullnægt með auknum vegum, sem gagn hafa af auknum strandferðum. Má þar auðvitað benda á Hornafjörð, og að einhverju leyti kannske Breiðafjörð til dæmis. En úr því að ekki er hægt að hjálpa þessum hjeruðum með auknum vegum, þá vaknar spurningin: Er það þá rjett vegna þessara hjeraða eingöngu að ráðast í byggingu nýs strandferðaskips? Jeg verð að segja það, að mjer sýnist, að með því að ráðast í byggingu þessa nýja skips, og þótt það verði rekið með allri þeirri tilhögun, sem hæstv. dómsmrh. lýsti, sje verið að ráðast í stórfeld mistök.

Það er óhjákvæmilegt, og það verð-

ur svo um öll okkar strandferðaskip, að flutningar þeirra verða langmestir til og frá Rvík. Það er ávalt tiltölulega lítill flutningur, sem fer með þeim milli annara hafna en endastöðvarinnar og einhverrar millihafnar. En þegar gert er ráð fyrir því, að þetta fyrirhugaða nýja strandferðaskip verði svo lítið, að það verði sjerstaklega hæft til þess að annast flutninga til smáhafnanna, þá er með því verið að endurtaka höfuðgallana, sem eru á gerð Esju. Því að það er álit allra þeirra, sem til þekkja best, að höfuðgallinn á henni sje sá, að lestarrúm hennar fyrir vörur sje of lítið. Getur hver hv. þm., sem vill, leitað álits útgerðarstjóra og skipstjóra hennar um þetta, og hygg jeg, að þeir mundu fá sama svar. Jeg hefi það eftir skipstjóranum, að sú stækkun á lestarrúmi skipsins, sem til þyrfti, mundi ekki gera merkjanlegan mismun á rekstrarkostnaði þess, en mundi hafa afarmikla þýðingu fyrir fjárhagsútkomu þess. Hann sagði, að það hefði oft og tíðum komið fyrir, að skipið hefði ekki getað tekið á móti öllum vörum, sem að bárust í Reykjavík, en hefði svo orðið að skrölta hálftómt kringum landið. Þetta hljóta menn að reka sig á, ef bygt er minna skip en Esja og því er ætlað að annast vöruflutningana kringum landið.

Það má auðvitað draga nokkuð úr rekstrarkostnaði skipsins með því að hafa í því litla vjel, en það getur fyrst og fremst verið hættulegt, þar sem skipið er ætlað til vetrarferða, og ennfremur sje jeg ekki annað en að það geri skipið mun óheppilegra til þess að flytja nýmeti frá höfnum úti um land til Reykjavíkur, því að til þess þarf áreiðanlega hraðskreitt skip, ef vel á að vera. En þetta taldi hæstv. dómsmrh. einn höfuðtilgang skipsins.

Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að afleiðingin af þessari framkvæmd, byggingu nýs strandferðaskips, mun verða stórkostleg fjárhagsleg vonbrigði og að flestir þeir, sem mesta þörf höfðu á auknum samgöngum á sjó, munu verða fyrir miklum vonbrigðum.

Hvað Hornafjörð snertir, þá er enginn vafi á því, að hægt er að bæta úr þörf manna þar með því að fara þá leið að auka skipaferðir á næstu hafnir. Það er áreiðanlega hægt að haga viðkomum millilandaskipa, sem koma á Austfirði, svo, að smærri skip, sem til þess eru hæf, geti fullkomlega annast flutningana til og frá Hornafirði svo að vel sje. Þetta er ódýrari úrlausn og betri fyrir þá staði, sem hlut eiga að máli, því að tíðari ferðir eru hjá því skipi, sem ekki er ætlaður nema lítill hluti af strandlengjunni, heldur en hjá því skipi, sem ætlað er að sigla kringum alt land.

En um fyrirkomulag strandferðanna eigum við að læra af reynslunni, og hvenær sem við byggjum strandferðaskip, þá á það að vera stærra en Esja, eða að minsta kosti að hafa meira flutningsrúm. Og þegar akvegur verður kominn milli Akureyrar og Reykjavíkur, þá verða fólksflutningarnir mestmegnis landleiðina.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild með því að fara út í fleira, sem hæstv. ráðh. sagði. Þetta mál hefir lengi verið hugsjón hans og hann hefir tekið ástfóstri við það. En skoðun hans í þessu efni styðst ekki við reynsluna, því að hún bendir í alt aðra átt.

Hvað þá upphæð snertir, sem hjer

er um að ræða, þá er henni áreiðanlega betur varið til þess að bæta vegi og til þess að styrkja smáskipaferðir á afskektar hafnir, sem vegabætur geta ekki náð til.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er rjett hjá hv. 3. landsk., að við höfum áður staðið á öndverðum meiði í þessu máli. T. d. held jeg, að við höfum báðir skrifað um málið, þegar Esja var bygð, og þá vildi hv. þm., að hún yrði aðallega bygð til þess að annast vöruflutninga, en síður fyrir farþegaflutninga. Jeg vildi, að Esja yrði aðallega bygð sem farþegaskip, og það varð ofan á. Mín skoðun var sú, að eftir því, sem hægt væri, ætti að skilja að vöruflutninga og mannflutninga. Hinsvegar taldi jeg rjett, að skip eins og Esja gæti einnig tekið vörur milli stærri hafna, þar sem ekki stendur á afgreiðslu. En mjer fanst hv. 3. landsk. ekki ljóst, að það verður fyrst og fremst að miða slíkt skip við lifandi fólk, en ekki við peninga. Þegar Esja var bygð, voru til menn, sem vildu hafa hana með svipaðri gerð og fyrri strandferðaskip hjer við land höfðu verið, þar sem var sæmilegt fyrsta farrými, mjög ömurlegt annað farrými og afarilt þriðja farrými. Ef Esja væri í þessu ástandi, þá er víst, að við hefðu haldist lestarflutningar á fólki, en þeir eru einhver svartasti blettur á þjóðlífi okkar. Í þessu sambandi vil jeg minna á ástandið á Hólum og Skálholti í gamla daga. Jeg man eftir því, að jeg ferðaðist einu sinni með Hólum austur um land og var á 2. farrými, sem var að vísu ljelegt, en þó miklu betra en að vera í lest. Á Austfjörðum komu um 300 manns í lestina. Var þar í fjöldi kvenna og barna. Fólkið hafði þarna logandi olíuvjelar, en karlmenn voru flestir drukknir og flæktust innan um veikar konur og börn, sem lágu í sængurfötum á gólfinu. Síðan hefir mjer verið það ljóst, að það er hið mesta menningar- og mannúðarmál að vinna á móti lestarflutningunum.

Öllum þeim, sem ferðast hafa erlendis við sæmileg skilyrði, hlýtur að vera það hrygðarefni, að hjer skuli menn vera fluttir með þeim skilyrðum, sem ekki eru boðleg skepnum. Jeg held, að það hafi sýnt sig, að jeg hafi sjeð betur en hv. 3. landsk., að það, sem veldur því, að erlendu gufuskipafjelögin moka að sjer peningunum, er það, að þau mæta þeirri þörf fólksins, sem Esja og Eimskipafjelagið bæta ekki úr. Því nær, sem við komum því marki að fullnægja þessari þörf, því betur stöndum við að vígi til þess að banna útlendingum algerlega að flytja hjer fólk með ströndum fram. En það mark, sem við verðum að keppa að, er, að við getum annast þessar ferðir einir. Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. sagði, að hallinn á Esju væri meiri en viðhald veganna, þá held jeg, að þetta tvent sje alveg hliðstætt. Strandferðirnar eru lífæð, sem ekki verður komist af án. Jeg held, að hv. þm. voni, að bygð verði járnbraut milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, en þó dettur engum í hug að trúa því, að hún muni bera sig. Segjum sem svo, að við tökum 6 milj. kr. lán til þess að bæta úr þessari þörf fyrir Suðurlandsundirlendið. Þá geta bændur að norðan, vestan og austan komið og sagt: Við vitum, að það er miklu meiri halli á

járnbrautinni en á strandferðaskipinu, sem okkur var neitað um um árið. Þm. A.-Sk. gæti þá enn komið og bent á, að ekki væri enn bætt úr þörfum hans kjördæmis. Jeg nefni þetta til þess að sýna, að í samgöngumálum dugir ekki að metningur sje milli einstakra hjeraða, þannig að eitt hjeraðið telji eftir öðru, t. d. að Rangæingar segðu, þegar þeir væru búnir að fá sínum kröfum fullnægt, að nú varðaði sig ekkert um þá þarna fyrir vestan eða austan eða norðan. Jeg álít, að samgöngumálin verði að leysa með hag alls landsins fyrir augum, og verður að dæma eftir því, en engin hreppapólitík má komast þar að.

Að lokum get jeg fullvissað hv. 3. landsk. um það, að þó að þetta mál verði drepið hjer á hv. Alþingi jafnoft og „rakarafrv." fræga, þá verður áreiðanlega ekki hætt að bera það fram fyrr en það nær fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Hæstv. dómsmrh. og mjer ber ekki ýkjamikið á milli um þörf á auknum samgöngum hjer á landi. En hæstv. dómsmrh. hjelt því fram, að alstaðar væri hægt að bæta úr þörfinni með auknum samgöngum á sjó, en þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Hann komst svo að orði, að vegur á milli Norðurlands og Suðurlands myndi aðeins hafa „kulturella" þýðingu. Jeg tel aftur á móti víst, að sá vegur hafi einnig stórmikla fjárhagslega þýðingu og verði ekki eingöngu notaður til skemtiferða, heldur einnig til vöruflutninga og nauðsynlegra ferðalaga.

Mörg hjeruð á landi hjer eru svo í sveit sett, að ómögulegt er að bæta úr samgönguþörf þeirra með auknum samgöngum á sjó. Svo er t. d. að miklu leyti ástatt um Snæfellsnes, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um, að njóta myndi góðs af hinu nýja strandferðaskipi. Allur sá hluti Snæfellsness, sem sunnanfjalls liggur, er næstum því hafnlaus. **(Dómsmrh. JJ:** En Búðir og Skógarnes?). Já, þar mætti einstaka sinnum afgreiða skip sem þetta, en jeg hygg, að dýrt gæti orðið stundum að bíða eftir því, að skipið fengi afgreiðslu. Það eru vegir og ekkert annað en vegir, sem þar geta bætt úr samgönguþörfinni. Það má svo segja, að alveg hatti fyrir, þar sem Borgarnesveginum sleppir. Svo mikill munur er á framkvæmdum og framförum í þeim sveitum, sem njóta góðs af honum, og hinum, sem hann hefir ekki enn verið lagður um. Staðarsveit hefir dregist aftur úr. En í Miklaholtshreppi skiftir um, og í Eyjahreppi og Kolbeinsstaðahreppi verður ekki sjeð, að þeir hreppar standi langt að baki Mýrunum um framfarir. Hjer verður ekki bætt úr með sjóflutningum. **(Dómsmrh. JJ:** Aldrei verður sement flutt landveg vestur í Staðarsveit). Jú, það verður áreiðanlega gert, þegar akvegur er kominn þangað. Auk þess verður að aðgæta, að landflutningar frá Skógarnesi og Búðum eru erfiðir og langir og kostnaðarsamt að koma vörum þaðan.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á Hornafjörð. Jeg skal viðurkenna, að þörf er á að bæta úr samgöngum Hornfirðinga, en jeg álít, að það megi gera með öðrum og ódýrari hætti en að byggja nýtt strandferðaskip. Þótt Hornafjörður og einstöku firðir í Suður-Múlasýslu sjeu illa settir (og efast jeg þó um, að firðirnir í Suður-Múlasýslu

hafi verri aðstöðu en ýms önnur hjeruð), þá finst mjer ekki ástæða til að fara að ráðast í að byggja stórt strandferðaskip þeirra vegna, heldur megi komast af með minni báta, og þeir sjeu líka heppilegri þar en stærra skip. Það var ekki sterk röksemd hjá hæstv. dómsmrh., að Esja fengi stundum ekki afgreiðslu á Hornafirði vegna veðurs. Slíkt gæti auðvitað eins komið fyrir, þótt skipi væri bætt við, enda þótt líkurnar fyrir því, að afgreiðsla tækist þar oftar, ykjust, ef ferðum væri fjölgað. **(Dómsmrh. JJ:** Þetta skip verður líka minna en Esja).

Jeg skildi ekki, hvað það kom þessu máli við, að Ólafsfirðingar eiga erfitt með að sækja lækni yfir í Svarfaðardal, eins og hæstv. dómsmrh. var að tala um og taldi rök fyrir máli sínu.

Það er rjett, að Dalasýsla á erfitt með aðflutninga, en hví má þá ekki fjölga ferðum e/s Suðurlands inn í Hvammsfjörð? Suðurland er gott skip og hentugt til þessara ferða. Það er ekki rjett hjá hæstv. dómsmrh., að ekki hafi verið veitt ívilnun um farmgjöld á Suðurlandi í ferðum þessum, því að hálf ívilnun hefir verið veitt.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að Esja misti af farþegum vegna tafa á höfnum kringum land og sagði, að nýtt skip, sem að mestu væri ætlað til vöruflutninga, myndi kippa þessu í lag. Jeg er vantrúaður á, að svo fari, þótt bygt verði skip, enn minna en Esja, í þessu skyni. Hve lengi skyldi það verða að fyllast? Það gæti fylst á 2—3 höfnum, og því er hætt við, að það yrði ekki til að draga mikið af farþegum á Esju. — Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. er farinn úr deildinni, og mun jeg því ljúka máli mínu að þessu sinni.

Jón Þorláksson: Jeg gaf ekki tilefni til þess, að farið væri að ræða um byggingu Esju. En það er rjett, að hæstv. dómsmrh. lagði þá áherslu á, að skipið væri að mestöllu leyti miðað við farþegaflutning og aðeins örlítið pláss ætlað til vöruflutninga. Skipið var bygt með þessu sniði, — og hver er svo reynslan? Reikningur ársins 1926 sýnir, að farþegagjöld hafa numið 120 þús. kr., eða ¼ af rekstrarkostnaði, en vöruflutningarnir í þessu litla lestarrúmi, sem einhvernveginn varð afgangs farþegarúmunum við byggingu skipsins, gáfu af sjer 142 þús. kr. í tekjur.

Það er auðvitað ágætt að hafa augu opin fyrir því, að vel fari um farþega á skipum þessum, en sú skoðun þarf að samrýmast hæfilegri hagsýni, svo að ekki leiði af henni taumlausan fjáraustur úr ríkissjóði. Það er nú viðurkent, að hægt hefði verið að bæta rekstrarafkomu Esju, ef ekki hefði verið lögð jafneinstrengingsleg áhersla á farþegaflutninginn og gert var, heldur hugsað meir um rúm fyrir vöruflutninga.

Svo er og um byggingu þessa nýja skips, að gott er að hafa þörf landsins fyrir augum, en einnig sjálfsagt að láta gerðir sínar í því máli stjórnast af fullri hagsýni. Nú hefir komið fram, að megn ágreiningur er um það á meðal meðmælenda frv., hvernig skip þetta eigi að vera. Flokksmenn stjórnarinnar í Nd. vilja hafa það á borð við Esju og auka þannig samskonar ferðir og hún annast nú. Hæstv. dómsmrh. hefir gert hjer grein fyrir

alt annari hugmynd. Þessi ágreiningur sýnir, að ekki er búið að hugsa til þrautar, hver sje hin rjetta niðurstaða, þegar bæta á við einu skipi. Jeg held því, að ekki sje tímabært ennþá að fá stjórninni þessa heimild. Jeg álít, að athuga þurfi, hvort ekki sje unt að bæta úr þörfinni með flóa- eða millifjarðabátum, t. d. fyrir Austurlandi. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv. þessu með góðri samvisku, en þar með er ekki sagt, að jeg muni um aldur og æfi verða á móti byggingu nýs strandferðaskips.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi leiðrjetta lítið eitt af því. sem hv. 3. landsk. sagði. Hann hjelt því fram, að farþegarýmin á Esju væru dauðadómur yfir rekstrarafkomu hennar. Jeg vil minna hann á það, að eitt árið var tekið til þess ráðs að láta Esju fara hraðferðir, til að fólk gæti orðið fljótara í förum. Sumar þessara ferða báru sig allvel. Aðstaða ríkisins með Esju er eins og aðstaða bónda, sem þarf bæði reiðhest og vagnhest, en á ekki nema reiðhest og verður að beita honum fyrir vagninn og plóginn og nota til reiðar. Því hefir Esja verið misnotuð undanfarið, að vísu fremur af nauðsyn en illvilja, til að fara með vöruslatta inn á hvern vog og vík. Það geta allir sjeð, hve heppilegt er fyrir skipið að verða að fara með 150 farþega inn í Búðardal og bíða þar eftir sjávarföllum. Esja getur fyrst notið sín til fulls, þegar hið nýja skip er komið og hætt verður að reyna að samrýma hið ómögulega, eins og nú.

Jeg skal játa það fyrir hv. frsm. minni hl., að jeg er hlyntur vegabótum á Snæfellsnesi, einkum eftir að jeg ferðaðist þar með honum síðastliðið sumar, ekki af því að jeg búist við, að menn noti akvegi til sementsflutninga þangað, því að sementið flytja þeir með strandferðaskipinu nýja til Búða og Skógarness, heldur af því að jeg veit, að hjeruðin þar vestra hefðu gott af auknum samgöngum á landi af ýmsum öðrum ástæðum.

Jónas Kristjánsson: Jeg vildi drepa á nokkur atriði, sem mjer finst, að ekki hafi komið fram í umræðunum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri ekki tilætlunin að byggja skip þetta á kostnað samgöngubóta á landi. Mjer þótti vænt um að heyra þessa yfirlýsingu, af því að mjer fanst annað vera uppi á teningnum, þegar litið er á fjárhagsáætlun stjórnarinnar.

Það er skoðun mín, að eins og samgöngumálunum er nú háttað, sje þörfin til umbóta á landi miklu meiri en á sjó. Einkum álít jeg, að beri að leggja alla áherslu á það, að vegur á milli Norðurlands og Suðurlands, yfir Holtavörðuheiði, alla leið til Húsavíkur, verði lagður sem allra fyrst, og fyr en sá vegur er kominn, eigi ekki að hugsa um byggingu nýs strandferðaskips.

Þegar jeg lít á ferðaáætlun Esju á þessu ári, sje jeg, að henni er ætlað að fara 15 ferðir kringum land. Af þessum 15 ferðum er aðeins ein hraðferð. Í öllum hinum ferðunum verður skipið að tína upp svo að segja hverja vík og vog og tefjast meira eða minna á hverjum stað. Það liggur í augum uppi, að slíkar ferðir eru ekki hentugar til farþegaflutninga. Ferðakostnaður verður svo mikill, bæði sökum fæðiskostnaðar og tímaeyðslu, að heita

má frágangssök fyrir menn að nota sjer þær.

En það eru skyndiferðirnar, sem jeg hygg, að borgi sig best. Skipið er bygt til farþegaflutnings, en sökum tilhögunar á áætluninni kemur það ekki að fullu gagni. Það var því fullkomlega rjett samlíking hjá hæstv. dómsmrh., að þessi tilhögun væri eins og reiðhesti væri beitt fyrir hlass. En ályktunin, sem hann dró af þessari samlíkingu, var röng að mínum dómi.

Jeg held, að tilhögunin á ferðum Esju hafi orðið til að koma mönnum á þá skoðun, að þörf sje á nýju strandferðaskipi. En það er áreiðanlegt, að mjög mætti draga úr þessari þörf með því að láta aðrahverja ferð skipsins verða hraðferð. Skipið var aðallega ætlað til mannflutninga í upphafi; lestarúm þess er lítið, enda hefir afleiðingin af því, hvernig ferðum þess kringum landið hefir verið háttað hingað til, orðið sú, að árlegur rekstrarhalli á því hefir numið 200—300 þús. kr. á ári.

Á sumum tímum árs er alveg sjerstök þörf á hraðferðum milli Reykjavíkur og Siglufjarðar og Austfjarða, þegar fólk, sem stundar síldarvinnu á sumrum, fer á milli. Útlendu skipin hafa sópað þessu fólki báðar leiðir undanfarið. Þetta hefði Esja getað gert, en það hefir ekki verið reynt að láta hana gera það. Þó er hægt að vita upp á dag, hvenær þessu fólki er þörf á að komast til atvinnu sinnar eða heim til sín aftur. Hefði áætlun Esju verið sniðin með tilliti til þessa, hefði borið langtum minna á þeirri þörf að byggja nýtt strandferðaskip.

Jeg skal viðurkenna, að þarflegt gæti verið að fá nýtt skip, en jeg tel, að akvegur milli Norðurlands og Suðurlands eigi að sitja fyrir. Á þá vegalagningu verður fyrst og fremst að leggja alla áherslu. Jeg held, að mönnum hætti nú á góðu árunum við að gleyma „landsins forna fjanda", hafísnum, sem stundum hefir legið mánuðum saman fyrir norðurströnd landsins og hindrað allar samgöngur á sjó. Jeg minnist þess, að hafísinn lá eitt sumar fyrir norðurströndinni fram í ágúst. Öllum siglingaleiðum var lokað og enginn mjölhnefi til í verslunum. Slíkt hið sama gæti komið fyrir ennþá. Það er jafnvel ekki örugt, að unt væri að koma í veg fyrir mannfelli í slíkum árum, eins og samgöngum er nú háttað. Akvegur norður ljettir allri þessari hættu af. Snjóa leysir það snemma á Holtavörðuheiði, að hægt yrði að koma vörum norður á bílum áður en tæki verulega að sverfa að mönnum. Hjer gætu strandferðaskip ekki bætt úr vandræðum, heldur akvegir og bílar.

Jeg get ekki greitt atkv. með byggingu nýs strandferðaskips eins og sakir standa, enda þótt jeg kynni að gera það, þegar vegurinn verður kominn norður, ef þörfin þá verður aðkallandi. Þó er þess að gæta, að við byggingu akvegar norður myndi draga mjög úr þörf á nýju strandferðaskipi norðanlands. Frá maí og fram í september myndu menn yfirleitt fara með bifreiðum á milli landsfjórðunganna, en alls ekki með strandferðaskipinu. Þær ferðir eru fljótari og ódýrari. Þegar svo væri komið, mætti segja, að þörfin á auknum strandferðum takmarkaðist að miklu leyti við Austfirði eina.

En þegar hafís liggur fyrir landi fram á sumar, þá bæta vegirnir úr samgönguþörfinni. Jeg skil ekki, að ekki sje best að bæta úr þörfinni á strandferðaskipi á þann hátt, að laga fyrirkomulagið á ferðum Esju, með því að gera aðrahverja ferð hennar að hraðferð, og leggja sem mesta stund á að koma bílvegi norður á Akureyri, eða a. m. k. norður í Húnavatnssýslu. Það er vitanlegt, að ef ekki á að byggja strandferðaskip á kostnað samgangnanna á landi, verður að auka tekjur ríkissjóðs. Það er og auðsætt, að rekstrarhalli tveggja skipa verður meiri en rekstrarhalli eins skips. Það er alt útlit fyrir, að hallinn á Esju verði meiri í ár en undanfarið, af því að ferðum skipsins hefir verið hagað lakar en áður. Esja kemur nær altaf við á hverri smáhöfn, svo að fólksflutningum er afskaplega illa fyrir komið, einkum norðanlands.

Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson): Það, sem fyrir mjer vakir í þessu máli, er tvent. Í fyrsta lagi að bæta úr þörf þeirra, sem beinlínis vantar samgöngur á sjó, og í öðru lagi að taka af erlendum skipafjelögum þá flutninga, sem þau hafa hjer við land.

Hv. frsm. minni hl. mintist á nál. okkar og taldi, að ummæli okkar í því nál. væru fjarstæða. Þar er talað um, að erlend gróðafjelög haldi hjer uppi strandferðum og raki saman fje. Þetta er staðreynd, svo að um það tjáir ekki að deila. Það hefir ekkert verið sagt um, hvernig rekstrarreikningar þessara fjelaga standa, en hitt þori jeg að fullyrða, að erlend fjelög fá of fjár hjá landsmönnum. Jeg veit, að öllum hv. dm. er ljóst, að erlend fjelög fleyta rjómann ofan af fólksflutningum hjer, af því að þau koma aðeins á bestu hafnirnar.

Þó að jeg sje ekki mjög kunnugur á þessu sviði, er langt síðan mjer skildist, að eini vegurinn til þess, að skipaútvegur geti borið sig hjer við land, er sá, að jafnframt því, sem skipin koma á minstu hafnirnar, komi þau líka á þær stærstu og fólksflestu. Landsmenn mega ekki horfa þegjandi á, að erlend skipafjelög græði stórfje á fólksflutningum hjer.

Við erum að ýmsu leyti sammála, hv. 6. landsk. og jeg, af því að báðir berum við fyrir brjósti samgöngur á landi. En hv. 6. landsk. lítur svo á, að þetta mál verði að bíða, af því að landsmenn eigi að leggja svo mikla áherslu á veg milli Reykjavíkur og Akureyrar. Jeg býst nú við, að nákvæmlega jafnmikil áhersla verði lögð á þann veg, hvort sem nýtt strandferðaskip verður bygt eða ekki. Jeg hugsa, að með því að hafa tvö skip mundi vinnast það, að rekstrarhalli yrði tiltölulega miklu minni en hann er nú. En um veginn milli Reykjavíkur og Norðurlands hefi jeg þá skoðun, að hann sje ekki eins þýðingarmikill og bættar strandferðir og vegir upp frá höfnunum. Jeg efast um, að ferðalög milli Reykjavíkur og Akureyrar yrðu ódýrari á landi en á sjó. Hinsvegar skal jeg viðurkenna það, að í alveg sjerstökum tilfellum, eins og t. d. í hafístilfellum, er mjög gott að hafa veg milli Norður- og Suðurlands.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er þegar búið að

ræða það mikið, bæði á þessu þingi og áður, og jeg býst við, að langar umr. breyti engu um atkvgr. hv. dm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2. gr. samþ. með 8:6 atkv.
3. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 786).

---

29. Ungmennafræðsla í Reykjavík.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um gagnfræðaskóla Reykjavíkur (stjfrv., A. 32).

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Nú hin síðari árin hefir fjölgað nokkuð unglingaskólum landsins. Þeir eru nú komnir upp víða í hinum stærri hjeruðum, og tveir gagnfræðaskólar eru nú starfandi í stærstu kaupstöðunum, Akureyri og Hafnarfirði. Er annar þeirra að nokkru leyti en hinn algerlega rekinn á kostnað ríkissjóðs. Hjer í Reykjavík hefir líka verið nokkurskonar gagnfræðaskóli, sem sje gagnfræðadeild mentaskólans, en það er hvorttveggja, að hún fullnægir ekki fræðsluþörfinni, enda ekki vel fallin til að vera alþýðuskóli, þar sem námið er eingöngu bóklegt. Reyndin hefir líka orðið sú, að meiri hluti þeirra, sem þar hafa stundað nám, hafa haldið áfram. Því verður þess vegna ekki neitað, að Reykjavík vantar skóla, sem veiti almenna fræðslu fyrir þá, sem ekki ætla sjer lengra á mentabrautinni.

Kostnaðarhlið málsins ætla jeg ekki að ræða nú á þessu stigi þess, en jeg skal taka það fram, að jeg álít heppilegra að byrja ekki í mjög stórum stíl strax, meðan verið er að leita fyrir sjer um það, hvaða form á unglingafræðslu muni heppilegast og eiga best við hjer í bænum. Því er ekki gert ráð fyrir öðrum föstum starfsmönnum en skólastjóranum einum fyrst í stað, en ætlast til að láta stundakennara nægja að öðru leyti, enda er hjer í bænum úr mörgum mönnum að velja, sem gætu tekið að sjer kenslu. Með þessu fyrirkomulagi er því gert ráð fyrir minni kostnaði við þennan skóla tiltölulega en við aðra hliðstæða skóla, t. d. í sveitum, þar sem við bætist og að sjá nemendum fyrir heimavistum. Jeg býst við því, ef athuguð eru til samanburðar framlög ríkissjóðs til hjeraðsskólanna, að þau nemi um 4—5 þús. kr. á bekk, en hjer er aðeins gert ráð fyrir 3 þús. kr. á bekk, sem greiðist að hálfu úr bæjarsjóði og hitt úr ríkissjóði. Jeg held, að því verði ekki

mótmælt, að það sje meira en tilvinnandi fyrir bæinn að leggja þetta fram. Að vísu er hjer gert ráð fyrir skólagjöldum, á meðan þau haldast við ríkisskólana, en það er tilætlunin, að þau verði ekki gerð að eyðslueyri, heldur varið til styrktar ýmsri innri starfsemi við skólann, svo sem til kenslutækja, bókasafns o. fl.

Þá er gert ráð fyrir, að svo fljótt sem unt er verði komið á verklegri kenslu í ýmsum greinum. Í því sambandi vil jeg geta þess, að nú í vetur er gerð tilraun í Laugaskólanum með steinsteypu. Piltarnir eru látnir vinna að því nokkra tíma á viku að steypa steina, og er gert ráð fyrir, að á 1—2 vetrum takist að koma upp leikfimihúsi fyrir skólann með þeim hætti. Ef hægt væri að koma þessu eins fyrir hjer, má gera ráð fyrir, að skólinn gæti á fáum árum bygt yfir sig. En þó er þessi vinnukensla ekki miðuð fyrst og fremst við það, sem þannig ynnist, heldur er miklu fremur til hennar stofnað vegna nemendanna sjálfra, svo að skólanámið fjarlægi þá ekki vinnunni og hinu daglega lífi, heldur verði þeim einnig á þessu sviði hollur undirbúningur undir lífsbaráttuna í framtíðinni.

Jeg skal svo ekki að svo stöddu fjölyrða meira um málið eða einstök atriði þess, en vil leyfa mjer að óska þess, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til mentmn.

Jón Þorláksson: Eins og hv. þdm. muna, lá fyrir þinginu í fyrra frv. um samskóla Reykjavíkur, og var þar farið fram á miklu víðtækari og fullkomnari umbót á mentamálum höfuðstaðarins en hjer er um að ræða. Þó að nú svo færi sem fór í fyrra, að frv. um samskólann dagaði uppi, mest fyrir andstöðu hæstv. dómsmrh., þá er þó allrar viðurkenningarverð þessi viðleitni hans til að bæta að nokkru úr því nú, að hann á síðasta þingi beitti sjer gegn þeirri aukning á alþýðumentun, sem þá var um að ræða. Þetta er auðvitað ekki nema gleðilegur vottur um það, að sú ábyrgðarmikla staða, sem hann nú er kominn í, hefir haft betrandi áhrif á hugarfar hans í þessu efni. Og þó að þessu frv. sje að ýmsu leyti ábótavant, þá skal jeg fyrir mitt leyti taka því vel og athuga það gaumgæfilega, hvort hægt sje að einhverju leyti að leggja það til grundvallar fyrir framkvæmdum í þessu máli.

Með samskólafrv. var ráðgert að sameina 3 kenslustofnanir, sem nú eru til, og eina, sem ekki er til ennþá, en þetta frv. fer nú fram á að stofna hana. Frv. er mjög ábótavant, en jafnvel gallar þess benda ótvírætt á nauðsyn þeirrar sameiningar, sem samskólafrv. gerði ráð fyrir.

Ein af þessum kenslustofnunum, sem nú er til, þó að hún sje orðin of ófullkomin fyrir kröfur tímans, og átti að renna inn í samskólann, er iðnskólinn. Þann skóla sækja ungir menn í bænum, sem læra einhverja handiðn. Nú er stungið upp á því í þessu frv., að kend verði þar steinsmíði, trjesmíði, járnsmíði o. fl., sem vitanlega á ekki frekar heima í neinum öðrum skóla en iðnskólanum, og þetta er, þótt það ef til vill hafi ekki verið ætlun þess, er flytur frv., góð bending um það, hve mikils virði er að sameina í eina stofnun þá bóklegu kenslu, sem þar er nefnd, og svo þá verklegu kenslu, að því leyti sem hún verður í skólum kend.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta frv. að sinni, en vil aðeins segja hæstv. dómsmrh. það, að jeg vildi gjarnan leggja mína litlu krafta til þess, að aðgengileg úrslit fengjust í þessu máli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af fáeinum aths. í ræðu hv. 3. landsk. vildi jeg aðeins skýra þann mun, sem er á þeirri leið, sem hjer er bent á, og því, sem hann og fleiri hv. þm. börðust fyrir í fyrra.

Jeg held, að það sje misminni hjá hv. þm., að jeg hafi lagst á móti aukinni alþýðufræðslu í Reykjavík, þó að jeg vildi ekki samþykkja samskólafrv. í fyrra.

Aðalmunurinn er sá, að jeg vildi stofna skólann nú þegar og láta hann vaxa hægt og hægt, og tengja við hann kennara eftir því sem kenslukraftar væru auknir og reynsla fengist um þá menn, sem störfuðu við hann. Jeg hafði aftur á móti ekki trú á því, að það væri heppilegt að byrja með stóran skóla og ráða menn af handahófi við hann, og svo kæmi það fyrir, eins og á sjer stað við nær alla skóla, að töluvert af því kennaraliði, sem búið væri að festa við skólann, væri ekki heppilegt til frambúðar. Það er ekki alveg rjett skilið hjá háttv. 3. landsk., að það kenslufyrirkomulag, sem átt er við í frv., sje eins og það, sem gert var ráð fyrir í fyrra. Gallinn þótti mjer sá, að breytingin, sem þá var fyrirhuguð, var ekki mikið annað en að útvega betra húsnæði.

Samskólafrumvarpið leggur alt of litla áherslu á verklega fræðslu. En jeg get kannske best skýrt, hvað fyrir mjer vakir, með því að benda á fyrirkomulagið í þeim eina sveitaskóla, sem er dálítið sambærilegur við það, sem hjer gæti komið til greina. Í Laugaskólanum læra nemendurnir t. d. að smíða glugga og hurðir og margt fl. í væntanlega viðbótarbyggingu við skólann. Þó að þessi vinna sje ekki eins góð og sú, sem útlærðir menn myndu leysa af hendi, ætti nemendunum að verða hagnaður að því að geta síðar unnið slíkt sjálfir á búum sínum. Fyrir kvenfólk er þegar byrjað á kenslu í matreiðslu. Sömuleiðis er byrjað að steypa steina. Slík kensla held jeg, að ætti vel við hjer í Reykjavík, með nokkurri meiri fræðslu. En þessi fræðsla er ekki iðnfræðsla í almennum skilningi, heldur aðeins almenn fræðsla, en það er mikil nauðsyn á því, að iðnskólinn og vjelstjóraskólinn geti haldið áfram sinni kenslu, þrátt fyrir það, að fleiri skólar í svipuðum stíl og þessi kæmust á fót.

Jeg vona, að hv. þdm. megi af þessum fáu orðum verða ljóst, að hjer vakir fyrir mjer önnur kensla en sú, sem átti að sjá fyrir með frv. í fyrra.

Jón Þorláksson: Það var svo um samskólafrv., að eftir því var opinn vegur fyrir hvern nemanda í hverri deild skólans, að hann tæki þátt í kenslu í hinum skólunum eftir því sem hann vildi. Að því leyti var fyrirkomulagið allfrjálslegt, þótt það gangi kannske ekki alveg eins langt eins og í þessu frv., þar sem nemendurnir ákveða það algerlega sjálfir, í hvaða námsgreinum þeir taka þátt, og auk þess var umgerðin um kensluna svo rúm, að hægt var að auka við eftir

því sem vildi, svo að jeg held, að það frv. standist allan samanburð við þetta frumvarp.

Jeg er öldungis sammála hæstv. dómsmrh. um þýðingu hinnar verklegu mentunar fyrir uppeldi ungra karla og kvenna, og jeg tel það sjerstaklega viðeigandi og sjerstaklega heppilegt, að slík kensla geti náð sem mestri fótfestu hjá þeim skólum, sem eiga að menta æskulýð bændastjettarinnar. Auðvitað er það gott líka fyrir þann æskulýð, sem ætlar að búa við sjóinn, en hinu má ekki gleyma, að eins og sveitirnar gera kröfur til hvers manns um alhliða verklega mentun, eins gerir lífið í bæjunum harðar kröfur til allra manna um góða sjermentun. Þetta hefir nú, eins og hæstv. dómsmrh. talaði um, fengið fast form í löggjöfinni, þar sem vinna við handiðn í kaupstöðunum er nú nær eingöngu áskilin þeim mönnum, sem hafa tekið verklegt próf í handiðn, teikningu o. s. frv. Alveg sama er að segja um nær alt annað, t. d. vjelgæslu á skipum. Atvinnulíf bæjanna gerir alstaðar harðar kröfur til sjermentunar, og samskólafrv. var einmitt bygt á því að sameina það tvent, að veita mönnum almenna mentun og gera þeim ennfremur fært að afla sjer þeirrar sjermentunar, sem lífskröfurnar í þessum bæ gera. Að þessu leyti gengur þetta frv. svo miklu skemra en samskólafrv., en alt fyrir það stendur það, sem jeg sagði, að jeg vil gjarnan taka þetta frv. til athugunar undir væntanlegan grundvöll í þessari sjerlöggjöf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentmn. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 475, 486).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 486. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það hefir orðið nokkur dráttur á því, að mentmn., sem haft hefir þetta mál til meðferðar, hafi skilað áliti sínu. Málið kom fyrir nefndina snemma á þinginu, og að það kemur ekki frá henni fyr en nú, er ekki af því, að nefndin hafi viljað liggja á málinu, heldur af því, að henni fanst málið þess vert að kynna sjer það vel, svo að hún gæti gert þær till., sem heppilegastar væru. Það olli og meðal annars drættinum, að nefndinni var kunnugt um, að frv. var í Nd. um svipað efni, samskóla Reykjavíkur, og fanst nefndinni rjett að eiga samstarf við mentmn. þeirrar deildar. Eftir að hafa ráðfært sig við mentmn. Nd., og sjerstaklega form. þeirrar nefndar, fræðslumálastjórann, og auk þess leitað þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar þóttu, hefir nefndin að nokkru leyti orðið sammála, og sjest árangurinn af starfi hennar í nál. 475. Nefndin er sammála um það, að þörf er á skóla hjer í Reykjavík, sem hafi það markmið að veita ungum mönnum og konum fræðslu, er barnaskólunum sleppir. Því vill nefndin beina þessu frv. áfram með þeim umbótum, sem hún sjálf og þingdeildin kynnu að vilja gera. Nefndin var líka sammála um, að slík sanngirni væri í að stofna ungmennaskóla í Reykjavík, að ekki yrði til lengdar staðið á móti þeirri sanngirniskröfu. Með þetta fyrir augum hefir nefndin hallast að því að láta frv. ganga áfram með einni brtt.,

sem nefndin er sammála um, en auk þess flytur einn nefndarmannanna sjerstaka brtt. á þskj. 486, sem hann mun gera grein fyrir. Það mun varla þörf á að víkja hjer að efni frv., deildarmönnum er það að sjálfsögðu kunnugt, en í stórum dráttum er það þetta: Stofna á skóla í Reykjavík, og noti hann fyrst hús, sem leigt verður handa honum. Eftir frv. á að starfa við hann einn fastamaður, en eftir brtt. nefndarinnar tveir. Skólann á að sníða eftir alþýðuskólum úti um land í starfsháttum og námsgreinavali, þar til tíminn hefir leitt í ljós, hvað honum best hentar í þessu efni. Eins og brtt. 486 ber með sjer, er nokkur meiningamunur í nefndinni. Sú brtt. gengur lengra en till. nefndarinnar. Jeg finn ekki ástæðu til að víkja að þessari brtt. nú. Þegar flm. hennar hefir gert grein fyrir henni, mun jeg gera mínar athugasemdir, ef mjer líst þess þörf.

Jón Þorláksson: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara og flyt brtt. á þskj. 486. Í þeim er fyrst farið fram á þá breytingu frá ákvæðum frv., að heimilt sje að verja skólagjöldunum í þarfir skólans. Þetta felst í brtt. við 6. gr. Í frv. er ætlast til, að ríkissjóður og bærinn kosti skólann að hálfu hvor; auk þess á ríkissjóður að greiða skólastjóra laun, en kenslugjöldin á að leggja í sjóð, sem skólanefndin ráðstafi árlega svo sem best má verða nemendum til gagns. Þessu vil jeg láta breyta í þá átt, að skólanefndin annist fjárstjórn skólans, svo að ráðstöfun skólagjalda sje óbundin af löggjöfinni. Að öðru leyti verði skólinn kostaður af ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur. Jeg hefi, með því að færa tillag ríkissjóðs frá ½ niður í ⅖, viljað sýna, að það er ekki ætlun mín að sýna ríkissjóði áleitni. Jeg tel, að eftir því sem hjer er ástatt, megi gera ráð fyrir, að mikið fje komi inn í kenslugjöldum og að rjettast sje að verja því til starfrækslu skólans. En ⅖ er talsvert neðan við það, sem ríkissjóður borgar nú alment til þeirra föstu ungmennaskóla, sem nefndir eru hjeraðsskólar.

Þá hefi jeg í 2. brtt. minni orðað heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja fram ⅖ hluta byggingarkostnaðar skólans, gegn ⅗ hlutum annarsstaðar frá og gegn því, að Reykjavíkurbær leggi til lóð undir skólann, er ríkisstjórnin taki gilda. Þetta framlag er sniðið eftir því, sem hingað til hefir verið venja að setja í fjárlögin um framlag til hjeraðsskólanna. Mjer hefir að vísu verið sagt, að fram sje komin uppástunga um að hækka tillag ríkissjóðs til hjeraðsskólanna upp í ½ í næstu fjárl., en mjer þótti ekki ástæða til annars en að halda mjer við þá venju, sem ríkt hefir í þessu efni. Á þessa brtt. legg jeg mikla áherslu, vegna þess að það er sannfæring mín, að sú skólastofnun, sem hjer er um að ræða, komi ekki að miklum notum, fyr en skólanum sje sjeð fyrir sæmilegu húsnæði. Mjer virðist þetta frv. einnig að öðru leyti vera ófullkomið að því er snertir alla innri tilhögun skólans. Það er ekki gert ráð fyrir, að skólatíminn verði nema tvö ár. En í öðru frv. — um gagnfræðaskóla á Ísafirði — er gert ráð fyrir þriggja ára námi. Stjfrv. ætlar skólanum ekki nema einn fastan starfsmann, skólastjórann, og nefndin hefir síðan fallist á að hafa einn fastan kennara. En við Ísa-

fjarðarskólann á að vera skólastjóri og 2—3 fastir kennarar. Að ýmsu öðru leyti eru ákvæði frv. ófullkomin. Jeg hefi samt ekki viljað gera frekari brtt., því að ef frv. nær fram að ganga hjer, fer það til Nd. og mentmn. þeirrar deildar, en formaður hennar er sjálfur fræðslumálastjórinn. Jeg treysti honum betur en mjer til að bera fram brtt. um innri tilhögun skólans. En með þessum naumleik á tíma og kröftum og án húsnæðis tel jeg ekki, að skólinn fullnægi því, sem á að vera annað ætlunarverk hans, að draga til sín nokkuð af þeim straumi, sem nú leitar til mentaskólans. Til þess að ná í þann straum, sem allir telja æskilegt að verði, þarf að koma á fót myndarlegri stofnun, sem hefir aðdráttarafl fyrir þann æskulýð, sem ekki er fyrirfram ákveðinn í því að halda áfram að stúdentsprófi. Þetta er svo aðkallandi þjóðfjelagsþörf, að hver sú úrlausn, sem ekki nær að leysa þennan hluta verkefnisins, er misráðin. Svona stofnun getur að vísu orðið til gagns fyrir bæjarbúa, en hún fullnægir ekki þeirri sameiginlegu þörf alls landsins, að ljett sje aðstreyminu að stúdentaskólanum. Það spor, sem þarf að stíga til þess að skólinn fullnægi þeirri þörf, er fyrst og fremst að koma upp handa honum góðu húsi.

Jeg vil bæta því við, í framhaldi af því, sem hv. frsm. nefndarinnar sagði, að fyrir Nd. liggur frv. um samskóla. Þar er gert ráð fyrir skóla eins og þessum, en hann er kallaður ungmennaskóli. Jeg álít, að þó að þessu máli sje ráðið til lykta og stofnaður verði gagnfræðaskóli, sje á engan hátt gripið fyrir samskólafrv., því að þessum skóla er hvort sem er ætlað að vera einn liðurinn í samskólanum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ástæðu til að þakka hv. nefnd fyrir það, hve vel hún hefir unnið að þessu máli. Jeg vona, að enda þótt orðið sje áliðið þings, þurfi það ekki að verða þessu máli að fjörtjóni.

Brtt. hv. meiri hl. nefndarinnar tel jeg vera til bóta, og kostnaður vegna þeirra er ekki svo mikill, að ekki megi hans vegna samþykkja þær. En út af ræðu hv. 3. landsk. vil jeg geta þess, sem raunar kom ljóslega fram hjá honum, að þær tvær leiðir, sem um er að ræða, samskólinn og þessi skóli, stefna báðar að sama lokatakmarki. Ef það frv., sem hjer liggur fyrir, verður samþ., er það besta lausnin, líka fyrir þá, sem vilja meiri framkvæmdir en það gerir ráð fyrir. Stærsti þröskuldur á vegi samskólans er sá, að hann gerir of miklar kröfur nú þegar. Þó að hægt væri að samþykkja slíkt frv., hljóta altaf að líða nokkur ár, áður en það getur komið til framkvæmda. Jeg held, að þeir, sem vilja hlynna að ungmennafræðslu hjer, verði að viðurkenna, að það er spor í rjetta átt að fullnægja að nokkru leyti þörfinni, þó að ekki sje hægt að gera það strax á fullkomnasta hátt. Það er auðsjáanlega ekkert smáræði, sem þyrfti til þess að byggja yfir fjóra skóla, ekki síst þegar það er athugað, að nú er verið að byggja í Reykjavík stórhýsi fyrir barnaskóla, en jafnvel sú mikla úrlausn er ekki nema til bráðabirgða, ef bærinn heldur áfram að vaxa. Segir skólastjórinn, að þröngin verði svo mikil, að það þurfi að tvísetja í báða skólana. Jeg er alveg sam-

dóma hv. 3. landsk. um, að það væri ánægjulegast að geta sjeð skólanum fyrir fullkomnu húsnæði strax í byrjun, og jeg skal fúslega viðurkenna, að erfiðleikar verða á að koma skólanum fyrir án byggingar. Mjer hafa samt dottið í hug ýms úrræði. Fyrst um sinn mætti nota þau skólahús, sem ekki eru fullnotuð. Til dæmis er ekki notuð nema ein stofa af þremur í stýrimannaskólanum. Þar mætti því hafa 40—50 nemendur. Ennfremur vona jeg, þó að jeg hafi engar ráðstafanir gert til þess, að hægt verði að fá stofu í iðnskólanum, einkum ef aðstreymi að mentaskólanum minkaði, því að hann hefir orðið að leigja þar stofu undanfarandi ár. Jeg er alveg samdóma hv. 3. landsk. um það, að erfiðleikar muni verða á að sjá fyrir húsnæðinu, er stundir líða. En þrátt fyrir besta vilja get jeg ekki sjeð, að líkur sjeu til þess, að það mál verði leyst að fullu á næstu árum. En með því að byrja kensluna í fullri alvöru með dugandi kenslukröftum, er mest ýtt á eftir þessu áhugaefni hv. 3. landsk. Þá verður þörfin á byggingu enn ljósari en áður. Jeg vil benda á, að nú eru í fjárlögum veittar 20 þús. kr. til ungmennaskóla í sveit. Meðan öllum sveitum landsins er ætlað að komast af með þessa litlu fjárhæð, er ekki hægt að búast við, að meira sje gert fyrir Reykjavíkurbæ en gert er. Í Reykjavík eru þó margir skólar. Þeir fullnægja að vísu ekki þörfinni, en þó eru úrræði, að minsta kosti fyrir þá áhugasömustu. Jeg vil benda hv. 3. landsk. á það, hve dýrt verður að fullnægja þörf Reykjavíkur. Hús, sem bygt er yfir 4 skóla, hlýtur að kosta hundruð þúsunda. 20 þús. kr. eiga að nægja í nokkur ár fyrir allar sveitir landsins, og þó hefir sú litla fjárveiting sætt mótspyrnu. Mjer finst því ekki ástæða til að samþykkja neitt um byggingu nú þegar, þar sem það er vitanlegt, að skólinn gæti vel starfað í nokkur ár, áður en bygt er yfir hann. Jeg skal játa, að af sparnaðarástæðum og mörgum öðrum ástæðum sje jeg ekki, að nauðsyn beri til, að gerð sje nú fyrirfram áætlun fyrir marga mannsaldra. Enn er ekki búið að finna fastan grundvöll undir ungmennafræðsluna hjer. Hv. þm. benti rjettilega á það, að við Ísafjarðarskólann ætti námstíminn að vera 3 ár. Sumir vilja hafa hann 2 ár og aðrir jafnvel ekki nema 1 ár. Þetta er af því, að menn eru að feta sig áfram. Jeg hefi áður skýrt frá því, hvers vegna jeg er á móti þriggja ára skóla. Jeg óttast, að þriggja ára skóli verði til þess að fjarlægja menn vinnunni. Jeg skal játa, að margir hafa gott af því að læra í þrjú ár, og sumir lengur, en mín reynsla sem kennari er sú, að hvert skólaár, sem bætist við, fjarlægi menn meir og meir vinnunni.

Um till. hv. 3. landsk. vil jeg geta þess, að fyrsta till. færir til betra máls það, sem hún á við. Til samkomulags við hv. 3. landsk. get jeg sagt, að jeg mun greiða henni atkv., þó að í henni felist engin efnisbót. En hinar 2 till. eru í ósamræmi við anda frv. Jeg tel ekki, að málið sje undirbúið, þó að samþ. hafi verið á einum bæjarstjórnarfundi að setja á stofn unglingaskóla og þó að einn maður, sem hefir fengist við alt aðra kenslu en hjer ræðir um, hafi gert um það frv. En að safna fje

með frjálsum samskotum meðal bæjarbúa eða á annan hátt að reyna að fá almenning til að leggja á sig nokkra byrði málsins vegna, hefir ekki verið gert. Jeg hefi það á móti fyrri lið brtt. hv. 3. landsk., að enn er málið ekki komið á það stig, að ákvæði till. komi til greina. Reykvíkingar eru ekki búnir að leggja neitt á sig málsins vegna. En jeg er alveg samdóma hv. 3. landsk. um það, að þegar komið sje að byggingu skólans, sje mjög hæfilegt það hlutfall, sem hann vill hafa um framlag ríkissjóðs, í kaupstöðum ⅖, en í sveitunum ½, því að í sveitunum þarf að hafa heimavistir fyrir nemendur. Um síðari lið till., að kostnaður greiðist úr ríkissjóði að ⅖ hlutum, en hitt úr bæjarsjóði Reykjavíkur og með skólagjöldum, verð jeg að segja það, að mjer finst Reykjavík sleppa of vel.

Jeg skal í fáum orðum skýra það, sem fyrir mjer vakti með 7. gr. frv. Jeg hefi þar ekki tekið tillit til skólagjaldanna. Jeg býst við, að með ítrustu sparsemi sje hugsanlegt að halda uppi 20 manna bekk með 3000 kr. Fyrir það má fá húsrúm, ræstingu og kenslu. En nú vantar ýms skólaáhöld, bókasafn og margskonar hluti, sem nauðsynlegir eru í skólum. Það var einmitt sett í frv. eftir till. fræðslumálastjóra, að skólanefnd hefði frjálsar hendur um úthlutun skólagjalda. Þegar maður ber útgjöldin til þessarar skólastofnunar saman við það, sem landsskólarnir kosta nú, sjest, að þau eru mjög lítil. Jeg hefi stefnt að því með undirbúningi frv. að gæta svo mikils sparnaðar sem frekast er unt. Það er hægra að fá samþykki Alþingis og bæjarstjórnar, ef sýnt er, að gætt sje ítrustu sparsemi. Jeg álít, að eins og málið horfir nú við, sje ekki ástæða til að samþykkja 2. brtt. hv. 3. landsk. Það væri að stofna málinu í hættu, því að menn óttast mikil útgjöld. En jeg vil ekki neita því, að till. hv. 3. landsk. geti orðið gagnlegar á sínum tíma, þegar farið er að taka föstum tökum á þessu máli.

Jón Þorláksson: Jeg get verið þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir undirtektir hans við fyrri brtt. mína á þskj. 486, og þá einnig skýringar hans á því, hvernig kenslugjöldunum skuli verða varið. Þetta var nokkuð óljóst eftir frv., en skilst nú, að svo sje til ætlast, að skólanefndin ráði yfir þessum gjöldum og að henni sje leyfilegt að verja þeim upp í kostnað við skólahaldið, í viðbót við það, sem ríkið og bærinn leggur til hans. Til þessa sama hafði jeg einnig ætlast. Þá er jeg einnig þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann taldi, að ríkið ætti að leggja ⅖ til byggingar skólans á sínum tíma, eða sama hlutfall og jeg taldi hæfilegt. Það, sem þá er eftir og okkur greinir á um, er það, hvort rjett sje nú þegar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að leggja fram fje í þetta skólahús, eða að því skuli slá á frest að veita slíka heimild. — Hæstv. ráðh. heldur því fram, að þörfin á slíku húsi mundi verða ljósari, er fram liðu stundir. Jeg get fallist á, að það sje rjett, að það mætti gera almenningi þetta mál ljósara. En mjer hefir verið og er þetta mál algerlega ljóst, og jeg býst við, að það væri heldur engum erfiðleikum bundið að gera hv. þdm. ljósa hina miklu þörf, sem er á byggingu þessa skóla. Þá

tel jeg, að hæstv. ráðh. hafi gert of mikið úr þeim fjárframlögum, sem til þessa þyrfti. Hann sagði, að samskólinn myndi kosta mörg hundruð þús. kr. En mín till. er eingöngu miðuð við hlutfallslegt tillag ríkissjóðs til gagnfræðaskóla. Jeg skal skýra það nánar, þó það sje því miður ekki nógu vel undirbúið frá minni hálfu nú á þessari stundu. Jeg hefi ekki gert ráð fyrir því, að bygt verði sjerstakt hús fyrir verklegu kensluna. Jeg geri ráð fyrir því, að hægt verði að fá rúm fyrir hana í þeim húsakynnum, sem nú eru til, t. d. vinnustofum handiðnarmanna, til að byrja með. Það myndi þurfa að byggja stofur fyrir hina venjulegu bóklegu kenslu og annað, sem kenslustofur eru venjulega notaðar til. Þá þyrfti og, ef nokkur kostur væri, að byggja stofu fyrir venjulegar líkamsíþróttir, af því að mikill hörgull er á þeim, og þær fáu, sem eru til afnota, liggja við niðurfalli af ofnotkun. Jeg tel svo sjálfsagt, að bygt verði svo, að við megi auka síðar og lóðin valin með tilliti til þess. Til að byrja með hygg jeg, að nægja mundu 6 kenslustofur, auk leikfimistofu og máske samkomusals. Sú bygging er ekki afarstór og mundi sennilega ekki kosta meira en einn hjeraðsskóli. Ef það þykir fært að koma upp unglingaskólum úti um land með 20 þús. kr. tillagi úr ríkissjóði á ári, þannig að hver skóli fái sem svarar tveggja ára tillagi, þá býst jeg við, að þessum skóla mætti koma upp fyrir það fje. Jeg býst við, að ríkistillagið til hans yrði ekki mikið yfir 40 þús. kr. En þetta er þó, eins og jeg tók fram áður, ágiskun mín, því engin rannsókn hefir farið fram á þessu. Þar sem nú hæstv. dómsmrh. viðurkennir, að þetta sje rjett stefna, þá finst mjer heldur ekki rjett af honum að vera því mótfallinn, að hæstv. stjórn fái heimild um framkvæmd málsins í sínar hendur. Því fyrir málið sjálft er það mikilsvert og undirbúning þess að fá þannig með lagasetningu fastan grundvöll um hlutföll á framlagi og rekstri skólastofnunarinnar. Og þegar sá grundvöllur er fenginn í lögum, þá veit jeg, að það mundi ekki tefja fyrir skólabyggingunni, þótt ríkissjóður hefði ekki handbært framlag sitt, þegar bygt væri. Fjárhag Reykjavíkurbæjar er það rúmt fyrir komið, að einhver tök yrðu á því að koma byggingunni upp, þegar um ákveðið tillag ríkissjóðs væri að ræða, þótt það yrði ekki borgað út fyr en síðar. Það er að vísu satt, að ekki hefir verið hafinn neinn fjárhagslegur undirbúningur hjer í Reykjavík, en jeg býst við, að farin yrði venjulega leiðin, sú, að taka þetta með útsvörunum. Framlög bæjarbúa gengju þá í gegnum bæjarsjóðinn.

Það er þá ekki meira um þetta að segja, og sýnir það eiginlega, hvað ágreiningsatriðin eru afarlítilfjörleg. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort lögleiða skuli strax heimild þá, sem hæstv. dómsmrh. gerir ráð fyrir, að lögleiða þurfi hvort sem er. En þar sem við hæstv. ráðh. erum sammála um skiftingu kostnaðarins og skólagjöldin, hefi jeg ekki fleira að segja.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf aðeins að segja fáein orð. — Mjer finst, að þegar þetta mál er athugað og litið til þess, hve lítill áhugi hefir

komið fram á því hjer í bænum, sje ekki vert að leggja nú þegar í miklar og dýrar framkvæmdir. Skólar hafa reynst best þar, sem áhugi fólksins, einstaklinga, hjeraða eða fjelaga, hefir borið þá fram og barist fyrir þeim. Núpsskólinn, sem er elsti hjeraðsskólinn, hefir verið rekinn af einum manni, en umhyggja Vestfirðinga fyrir honum hefir orðið aðalstoðin. Öðrum unglingaskólum bæði sunnan og norðanlands er hrundið af stað með almennum samtökum og almennum áhuga. Með því að samþ. till. hv. 3. landsk. yrði alt of mikið lagt upp í fangið á Reykvíkingum. Jeg óska eftir því, að almennur áhugi vakni fyrir þessu máli hjer í Reykjavík. Slíkur áhugi virðist vera nauðsynlegur til þess, að skólarnir sjeu sóttir. Hvítárbakkaskólinn, sem hefir ekki góð hús, og Laugaskólinn, sem á góð hús, virðast vera mjög vel sóttir. Þar á móti er Eiðaskólinn, sem hefir ágæta kenslukrafta og er gert vel við af ríkinu, ekki vel sóttur. Það er eins og fólkið vilji ekki fara þangað. En nú í mars eru komnar 130 umsóknir um Laugaskólann, sem getur aðeins tekið á móti 60 nemendum. Einnig er orðið fult á Hvítárbakka. Þetta sýnir, að velvild hjeraðanna er skólunum nauðsynleg. Að Hvítárbakka sækja margir úr heimahjeraðinu, en að Hvanneyri, sem er þó góður skóli og í alla staði fullkominn, sárafáir. Flestir nemendur þar eru úr fjarlægari hjeruðum. Er þetta af því, að of mikið hafi verið gert fyrir Hvanneyri? Það er næstum ástæða til að halda það. Hjer er ekki neitt verið að deila um lokatakmarkið, en það, sem jeg óska eftir, er, að skólinn hjer vaxi upp hægt og hægt, og að eftir hæfilegan tilraunatíma, t. d. 4 ár, verði nægileg reynsla fengin til þess, að hægt sje að færa hann í nokkuð fastar skorður. Mjer finst því hv. 3. landsk. vera helst til bráðlátur, og eru aðrir það þó meira en hann. En svo gæti til tekist, ef hrapað væri að málinu, að svipað færi fyrir þessum skóla og stjórnarskrá Pólverja, sem franskur maður var fenginn til að semja. Hún var að vísu ágætlega samin, — en var bara aldrei notuð.

Jón Þorláksson: Það er mikill misskilningur, að lítill áhugi sje fyrir þessu máli hjer í Reykjavík. Að vísu hafa umræður um sjerstakan gagnfræðaskóla legið niðri nú í 1½ ár. En það stafar ekki af áhugaleysi, heldur af því, að um hann hefir verið rætt í sambandi við samskóla. En ekkert mál hefir fengið eins almennar undirtektir hjer eins og samskólahugmyndin. En það sprettur af því, að þar þóttust menn finna ráðið fram úr framhaldsmentun unglinganna og grundvöllinn undir vöxt þeirrar stofnunar. En jeg er viss um það, að enginn hlutur væri hægari en sá, að hóa saman almennum fundi innan fárra daga, er sannfærði hæstv. dómsmrh. um áhuga bæjarbúa í þessu efni. Að þessi áhugi hefir ekki komið fram í verki, stafar af því, að enginn grundvöllur hefir verið lagður af löggjafarvaldinu, sem byggja mætti á, eins og t. d. hafði verið gert með Laugaskólann. En þessi grundvöllur fæst nú með samþ. þessa frv. og brtt. minni. Og verði það samþ., þá er jeg viss um, að hæstv. ráðh. verður hissa á því, hve fljótt þetta mál verður borið fram af áhuga bæjarmanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 475 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,1 samþ. með 10:1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,2 feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.

nei: EÁ, EF, HSteins, IP, JJ, MK, PH, GÓ.

JBald greiddi ekki atkv.

7.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 19. mars. var frv. tekið til 3. umr. (A. 504, 507).

Frsm. (Páll Hermannsson): Jeg vil leyfa mjer að geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 507, að þetta atriði, að laun beggja þeirra föstu starfsmanna, sem skipaðir skulu vera við þennan væntanlega skóla, skuli greiðast úr ríkissjóði, fjell af vangá úr brtt. við 4. gr. eins og hún var samþykt við 2. umr. Brtt. er í algerðu samræmi við frv. eins og hæstv. stjórn lagði það fyrir háttv. deild, og mentmn. er óskift sammála um þessa breytingu.

Ingibjörg H. Bjarnason: Þar eð jeg hafði ekki tækifæri til að taka þátt í 2. umr., leyfi jeg mjer að segja hjer örfá orð vegna einstakra atriða, sem mig langar til að fá skýringar á.

Frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, er að mestu óbreytt frá því, sem stjfrv. var. Tel jeg, að brtt. í 4. gr. sje til stórbóta og í rauninni óhjákvæmileg. Það er óhugsandi annað en hafa verði að minsta kosti einn fastan kennara við skólann auk skólastjóra, því að gert er ráð fyrir, að kensla fari ekki fram undir einu þaki, heldur jafnvel tveimur eða fleirum, meðan ekkert fast húsnæði er til fyrir skólann. Þess er ekki að dyljast, að vandaverk mundi reynast að fá einn mann, er leysti skólastjórnina sómasamlega af hendi aðstoðarlaust, enda þótt kensla færi öll fram á einum stað.

Jeg hefi átt tal um þetta mál við hæstv. dóms- og kenslumálaráðherra, bæði innan mentamálanefndar, meðan við áttum þar sæti saman, og eins utan nefndar síðan. Og núv. kenslumálaráðherra hefir fundist þetta eina framkvæmanlega leiðin, til þess að geta byrjað nú þegar að bæta úr hinni miklu þörf, sem er á gagnfræðaskóla, þrátt fyrir hinn mikla agnúa, húsnæðisleysið. Skólahald og skólavist koma svo best að notum, að skólalífið og skólaaginn sje í góðu lagi. En það er hæpið, að þetta hvorttveggja verði sem ákjósanlegast í skóla, sem hefir engan fastan samastað og starfar kannske í mörgu lagi. Því vil jeg fyrir mitt leyti leggja mikið upp úr till. háttv. 3. landsk. við 2. umr. þessa máls. Það er ekkert meira áríðandi fyrir þennan skóla en að fá svo fljótt sem auðið er hús yfir höfuð sjer. Því að fyrir hvern skóla er skólahúsleysi svo mikið böl, að vart getur annað verra, og því meira böl er það, því fjölsóttari sem skólinn er, að búa í leiguhúsi eða þurfa jafnvel að flækjast á milli 2—3 staða. Jeg tel það hið

mesta nauðsynjamál fyrir skólann að eignast sitt eigið hús, og álít það eitt aðalskilyrði þess, að skólinn komi að tilætluðum notum.

Hæstv. ráðh. hefir giskað á, að kostnaður við skólahaldið yrði ekki meiri en sem svaraði 3000 krónum á hverja 20 nemendur, sem skipa skulu hverja deild skólans. Þetta fer auðvitað eftir því, hve margar kenslustundir verða daglega, hvort þær verða 6 eða 5 eða jafnvel færri. Ef þær eiga að vera 6, hygg jeg, að kostnaðurinn nálgist frekar 4 þús. kr. en 3 þús. Um leið og jeg slæ þessu fram til athugunar, vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðherra, hvað ætlast sje til, að kent verði margar stundir á dag. Jeg veit að vísu, að ákvæði um slíkt eiga ekki heima í lögum, heldur er það reglugerðaratriði. En um leið og það er reglugerðaratriði er rjett, að það komi fram í umræðum, hvað hæstv. stjórn ætlast fyrir í þessu efni.

Þá er það nafnið sjálft, sem mjer finst ekki heppilega valið. Hvers vegna má ekki eins kalla þennan skóla unglingaskóla eða framhaldsskóla, eða þá gagnfræðaskólann í Reykjavík, í staðinn fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur? Því jeg býst ekki við, að hann sje eingöngu ætlaður þessum bæ, eða að fólki utan af landi verði meinað að komast í hann til náms. Jeg get t. d. bent á, að nú dettur engum í hug að tala um kvennaskóla Reykjavíkur, heldur kvennaskólann í Reykjavík.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Þetta frv. er nú svo langt komið á leið sinni gegnum þessa hv. deild, að það tekur varla verulegum breytingum hjer eftir. Að svo mæltu vil jeg aðeins óska málinu alls góðs gengis, en vænti svars við spurningum mínum og athugasemdum þeim, sem jeg hefi komið fram með.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. landsk. hefir beint til mín nokkrum fyrirspurnum.

Um húsnæðismálið talaði jeg hjer við 2. umr. málsins, en það má vel vera, að hv. þm. hafi þá verið fjarverandi. Jeg get svarað því sama nú og þá, að jeg tel það auðvitað æskilegast, að skólinn hefði sitt eigið hús, og mundi auðvitað fylgja því fram, ef jeg sæi nokkur skynsamleg ráð til þess, að það mætti verða. Hinsvegar tel jeg, að hægt sje að byrja án þess að sjerstakt hús sje bygt fyrir skólann, og veit jeg, að hv. 2. landsk. skilur það fullvel, þar sem hún stýrir 50 ára gömlum skóla, sem enn á ekki sjálfur þak yfir höfuðið, en fer þó stöðugt stækkandi, með vaxandi aðsókn. Auðvitað veit jeg, að hv. þm. þekkir manna best þau óþægindi, sem þessu fylgja. Ástæðan til þess, að ekki hefir enn verið bygt yfir kvennaskólann, er auðvitað sú, að ekki hefir þótt fært að ráðast í þann kostnað, sem af því mundi leiða, og sama ástæðan er því valdandi nú, að jeg tel ekki fært að gera ráð fyrir því, að bygt verði yfir þennan væntanlega skóla nú þegar. Jeg skal nefna annan skóla, sem meiri ástæða væri til að ætla, að hefði getað komið sjer upp húsi en kvennaskólinn, og það er sá skóli, sem haldið er uppi af kaupmannastjett landsins. En það er nú svo enn, að þessi skóli, sem er líka mjög stór, er í leiguhúsi og býr við þau óþægindi, sem því fylgja. — Húsnæðismálið er fjárhagsatriði, sem bærinn og landið hljóta

einhverntíma að leysa, þó að það verði ekki nú. Eins og jeg gat um við 2. umr., ætlast jeg til, að hlutfallið á milli bæjarframlags og ríkisframlags verði aðeins 2:3, af því að hjer er ekki gert ráð fyrir heimavist.

Eins og nú standa sakir er Reykjavíkurbær með fangið fult, þar sem er barnaskólinn nýi, og jeg býst ekki við, að bærinn sjái sjer fært að ráðast í nýja skólabyggingu á næstunni. Jeg er heldur ekki mjög óánægður með það, þó að 2—3 ár líði, þangað til hægt sje að hugsa til að byggja húsið, Jeg hygg, að áhugamenn og stj., hver sem hún verður, eigi þá hægra með að ákveða, hvernig skólahúsið eigi að vera. Sú byrjun, sem hjer er farið fram á, er ekki annað en tilraun, sem ætlast er til, að fari fram áður en ákvörðun er tekin um framtíðarskipun þessa máls.

Jeg hefi nú, síðan 2. umr. fór fram um þetta mál, átt tal við borgarstjóra um það, hvar hann teldi slíkan skóla best settan, og hefir hann bent á stað í austurbænum, sem hann telur heppilegan, einkum að því leyti, að hægt sje að auka við bygginguna.

Um nafnið get jeg sagt það, að jeg er þar að miklu leyti sammála hv. 2. landsk. um það, að okkur vantar nafn, sem lýsi tilgangi skólans vel. Sjera Sigtryggur á Núpi nefnir sinn skóla ungmennaskóla, svo eru unglingaskólar og loks hjeraðsskólar. Hið síðasta er að ýmsu leyti best, en getur ekki átt við hjer. Jeg valdi því þetta nafn, en legg dálítið annað í það en venja hefir verið, þar sem gagnfræðanám hefir verið 3 ára bóklegt nám og ekki annað. Jeg skal játa, að nafnið er líka tilraun, og má lagfæra það um leið og þetta mál verður tekið til athugunar á ný, eftir nokkur missiri. En það verður eflaust gert, hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 507 samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., 20. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 526).

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til mentmn. með 21 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 526, n. 692, 735).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fyrir síðasta þingi og einnig þessu þingi hefir legið annað frv. um unglingafræðslu í Reykjavík. Því frv. hefi jeg og margir aðrir fylgt, en hjer kemur annað frv., sem ekki ríður í bág við það, en ætlað er að fylla í hið auða bil, sem er á milli núverandi ástands og þess, að komið sje upp fullkomnum unglingaskóla í Reykjavík, en höfuðskilyrðið fyrir fullgildri ung-

mennafræðslu er vitanlega húsnæði, gott og myndarlegt, sem fullnægir kröfum til bóknáms, og ekki síður hins margvíslega iðnaðarnáms, sem ungmennafræðslunni á að fylgja. Nú er, eftir því sem hag og hálfnuðum fyrirtækjum bæjarfjelagsins er háttað, engin von til þess, að slíkt skólahús komist upp á næstu árum, og er því augljós nauðsyn þess, að eitthvað sje gert þar til hinum fullgilda skóla verður komið upp. Af þeim ástæðum, að þörfin á unglingafræðslu er brýn, og af því að hægt er að gera nokkuð til gagns áður en fullnægt er þörfinni, fylgi jeg þessu frv.

Jeg veit, að það mun verða örðugt að reka skóla með því fyrirkomulagi, sem hjer er ætlast til, vegna þess að ekkert víst húsnæði er til og vegna þess að starfa verður á mörgum stöðum, og oftast á óhentugum tíma dags. Jeg veit líka, að skóla, sem þannig er háttað, mun verða örðugt og ókleift að keppa við þá skóla, sem fyrir eru, eins og t. d. gagnfræðaskólann, sem er í sambandi við lærdómsdeild mentaskólans; en jeg hefi þá trú, að slík starfsemi sem þessi muni reka á eftir því, að unglingaskólaþörf Reykjavíkur verði fullnægt. Jeg hefi þá trú, að hann komi fyr, ef nú verður byrjað á að starfa að unglingafræðslu, þó við þröngan kost sje. Mentmn. hefir orðið sammála um þetta og leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem flestar eru orðabreytingar eða smáleiðrjettingar.

Fyrsta brtt. er um það að setja orðið ungmennaskóli í staðinn fyrir gagnfræðaskóli. Jeg hefi borið þessa breytingu fram áður við annað frv., í þeirri meiningu að benda til þess, að þessi unglingaskólafræðsla eigi meira að sækja sína fyrirmynd í hina nýrri unglingafræðslu hinna stóru landa heldur en til miðskólanna gömlu, sem upphaflega voru sem millistig á milli barnafræðslunnar og lærdómsdeildanna.

Önnur brtt., a-liður, er um það, að handiðnir skuli kendar í skólanum, eftir því sem við verður komið. Handiðnir heimta gott húsnæði og mikinn útbúnað, og verður þeim ekki komið við nema að litlu leyti meðan hvorttveggja vantar. B-liður till. er um það eitt að herða heldur að því, að skólastjóri gefi fáar undanþágur frá þátttöku í námsgreinum.

Þriðja brtt. er leiðrjetting.

Fjórða brtt., a-, b- og c-liður, er um það, að formaður skólanefndar skuli skipaður til þriggja ára, eða jafnlangs tíma og aðrir skólanefndarmenn.

Jeg skal játa það, að mjer hefði verið næst skapi, að ekki hefði verið sjerstök skólanefnd fyrir þessum skóla, heldur hefði sama nefndin staðið fyrir honum eins og barnafræðslunni hjer í Reykjavík. En það má vel vera gagnlegt að hafa sjerstaka skólanefnd fyrir þennan skóla, á meðan verið er að hrinda ungmennafræðslunni í framkvæmd. Þá verður það höfuðstarf þessarar nefndar að auka þennan skóla, svo að hann megi teljast fullgildur.

Fimta brtt. er orðabreyting.

Sjötta brtt. a. er um nánari skilyrði fyrir greiðslu ríkissjóðsstyrksins. Ákvæði frv. eru ófullnægjandi.

Þá vil jeg nefna b-lið brtt., um að fræðslumálastjórnin ákveði, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld

nemenda. Það er viðbúið, að kenslan verði svo margháttuð í þessum skóla, að það sje ekki heppilegt að hafa föst ákvæði um skólagjaldið í frv., og virðist því sanngjarnt að fá þetta ákvæðisvald í hendur skólanefnd og fræðslumálastjórn.

Þá skal jeg að lokum geta ákvæðisins um það, hvernig skólinn verði kostaður. Stjórnin skipar tvo fasta kennara við skólann, og skulu laun þeirra beggja greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður að hálfu af ríkis- og bæjarsjóði. Jeg skal taka það fram, að þessi ákvæði eru tæplega í góðu samræmi hvort við annað, og geta því ekki orðið til neinnar fyrirmyndar, þegar tekin verður allsherjarákvörðun um greiðsluhlutföll ríkis- og sveitarsjóða til ungmennafræðslu í landinu. En þar sem hjer er um bráðabirgðalöggjöf að ræða, hefir ekki þótt vert að breyta ákvæðum Ed.

Þá er loks lagt til, að nafni frv. verði breytt í samræmi við efni þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja það, þótt jeg sje ekki alveg viss um, að allar brtt. nefndarinnar sjeu til bóta, þá finst mjer sumar þeirra vera það, og hinar ekki þannig, að jeg sjái ástæðu til að tefja málið með því að auka mótstöðu gegn þeim.

Jeg er, eins og hv. frsm., þeirrar skoðunar, að hjer sje aðeins um bráðabirgðatilraun að ræða, sem er nauðsynleg vegna hinnar miklu vöntunar á almennum skóla í Reykjavík. Jeg get líka lýst yfir því, að jeg álít, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er sett, og þau hlutföll, sem til eru tekin, sjeu ekki bindandi gagnvart framtíðinni. Það er aðeins verið að reyna að koma upp bráðabirgðaskóla fyrir þennan bæ, án þess að ákveða fast framtíðarskipulag.

Jeg mæli með því, að þessar tillögur hv. nefndar verði samþyktar, til þess að hraða afgreiðslu málsins sem hægt er.

Magnús Jónsson: Jeg vil aðeins í sambandi við þetta mál láta í ljós, að mjer þykir það mjög leiðinlegt, að ekki skuli hafa verið tekið fyrir annað mál, sem þessu er náskylt og var afgreitt frá nefnd töluvert fyr, en það er frv. um samskóla Reykjavíkur. Það frv. er enn ekki komið hjer til umr., en jeg tel það að öllu leyti miklu fullkomnari lausn á málinu heldur en fæst með þessu frv. Ef mönnum hefði þótt það of stórt bákn, þar sem blandað er saman mörgum skólum, þá hefði mátt breyta því þannig, að gagnfræðaskólinn væri einn eftir. Jeg hefi þó gengið inn á að vera með þessu bráðabirgðafyrirkomulagi.

Jeg á bágt með að skilja, hvað mönnum getur gengið til þess að amast við jafneðlilegri lausn skólamálanna í Reykjavík eins og þeirri, sem felst í samskólafrumvarpinu. Ríkið rekur hjer skóla, sem vantar þak yfir höfuðið, og fær hjer aðra aðilja til þess að taka þátt í kostnaðinum við það. Bæði iðnaðarmenn og verslunarstjettin vilja og leggja fram talsvert fje af mörkum. Og gagnfræðaskólamál Reykjavíkur verður að leysast mjög bráðlega. En þetta frumvarp hjer tel jeg enga lausn, af þeirri einföldu ástæðu, að vanrækt er að sjá fyrir því, sem erfiðast er, en

það er húsnæðið. Þessi skóli mun auk þess naumast geta komið í staðinn fyrir venjulegan gagnfræðaskóla, af þeirri ástæðu, að hann hlýtur mest að starfa sem kvöldskóli, en það er alt annað fólk, sem óskar að ganga á kvöldskóla en gagnfræðaskóla. Þeir, sem ganga á gagnfræðaskóla, líta á það sem sitt aðalnám, en kvöldskólanemendur eru venjulega bundnir við alt annað starf á daginn og hafa námið einungis sem aukastarf. Jeg hefi þó fylgst með nefndinni, í von um, að þetta verði ekki til að tefja fyrir því, að upp komist nokkurnveginn fullkominn gagnfræðaskóli í Reykjavík, og vil um leið vísa til þess, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni áðan, að hann lítur ekki á þessa tilraun sem neina slíka lausn, sem rjettlæti það á neinn hátt, að því yrði frestað að koma upp reglulegum gagnfræðaskóla fyrir bæinn.

ATKVGR.

Brtt. 692,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15:1 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 692,2.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 692,2.b samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 692,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 692,4.a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 692,4.b samþ. án atkvgr.

— 692,4.c samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 692,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 735 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 692,6.a þar með ákveðin.

Brtt. 692,6.b samþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 692 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

Á 70. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 745, 763).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 763. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Till. á þskj. 763 er borin fram vegna þess að ætla má, að hefja verði undirbúning þessa máls þegar eftir að lögin hafa verið staðfest af konungi. Það þarf langan undirbúning, ef nokkuð verulegt á að verða úr þessari starfsemi næsta vetur.

ATKVGR.

Brtt. 763 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 766).

Á 71. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi verið veik undanfarið og því ekki haft ástæður til þess að athuga þetta frv.,

og vona, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá.

Forseti (GÓ): Jeg verð við tilmælum háttv. þm. (IHB) og tek hjer með málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 766, 782).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 782. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 782 við frv. um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík. Ástæður fyrir þessari brtt. minni eru tvær, enda er brtt. í tveim liðum. Jeg skal fyrst nefna þann lið, sem fer fram á, að breytt sje fyrirsögn frv. Jeg legg til, að í staðinn fyrir „frv. til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík" komi „frv. til laga um ungmennaskóla í Reykjavík". Jeg hafði að vísu ætlast til, að frv. hjeti frv. til laga um unglingaskóla, en þetta hefir orðið svona í prentuninni, og mun jeg sætta mig við það. Aðalástæðan til þess, að jeg tel þessa breytingu nauðsynlega, er sú, að mjer finst fyrirsögn frv. benda á alt of mikla lausung í svo mikilsverðu máli, sem hjer er um að ræða. Fólk verður að vita nákvæmlega, hvað við er átt. Það er nauðsynlegt fyrir þá, sem ætla að stunda þetta nám, að vita, að hverju þeir ganga. Hugtakið unglingaskóli eða ungmennaskóli er svo útbreitt meðal þjóðarinnar, að engum blandast hugur um, hvað í boði er. Enda eru í 3. gr. frv. taldar upp námsgreinar skólans, og eru þær að langmestu leyti þær sömu og í öðrum unglingaskólum úti um landið.

Hinn liður brtt. minnar er þess efnis, að í stað orðanna „í tilteknum, hagnýtum námsgreinum" í 2. gr. frv. komi: „og geti nemendur að því námi loknu tekið gagnfræðapróf". Í 2. gr. frv. stendur, að tvær ársdeildir skuli vera í skólanum, en með leyfi stjórnarráðsins megi bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum. Þó að jeg vilji nú fella burtu síðustu orðin, rýrir það ekki gildi frv., nema síður sje, því að með brtt. minni meina jeg það, sem í greininni stendur, og að nemendur geti að náminu loknu tekið gagnfræðapróf. Jeg þykist með þessum lið tillögu minnar gera það ljóst, að mjótt sje á mununum milli þessa skóla og gagnfræðaskóla, ef nemendur hafa stundað nám í þrjá vetur. Námsgreinar eru að mestu leyti þær sömu og námstíminn jafnlangur.

Það er langt frá því, að jeg vilji setja fót fyrir þetta frv. Þvert á móti vil jeg með tillögu minni marka betur stefnu skólans en gert er í frv. og gera hann aðgengilegri. Þó að engin sjerstök rjettindi fylgi gagnfræðaprófi, þykir altaf mennilegra og að mörgu leyti hentugra, að námið stefni að einhverju ákveðnu marki, til dæmis prófi. Allir vita, að margir unglingar hafa tekið gagnfræðapróf eftir skemri námstíma en 3 vetur, svo að það er engin goðgá, sem brtt. mín fer fram á.

Jeg hefði mjög gjarnan viljað athuga ýmislegt annað í sambandi við þetta mál en það, sem jeg hefi nú

nefnt. En lasleiki minn hefir valdið því, að jeg hefi ekki getað sett mig eins vel inn í það og jeg hefði viljað. En jeg vona, að hv. dm. taki brtt. mína til vinsamlegrar íhugunar, því að jeg er sannfærð um, að hún er til bóta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. landsk. hefir nú flutt brtt. við frv. Jeg hefi þá skrítnu aðstöðu að vera að miklu leyti sammála hv. 2. landsk., en neyðast þó til þess að greiða atkvæði á móti brtt. hennar, af því, hvernig ástatt er um þetta mál.

Í dag mun vera næstsíðasti þingdagurinn, og bíða þó allmörg mál enn afgreiðslu í hv. Nd. Þessi deild hefir haft vel undan í vetur, en vegna annríkisins í Nd. nú, væri það að tefla þessu máli í tvísýnu, að fara nú að gera breytingar á frv. Jeg skal taka það fram og biðja hv. 2. landsk. að athuga það, að ekki eru hundrað í hættunni, þó að frv. standi óbreytt eins og hv. Nd. skildi við það. Ed. skildi svo við frv., að skólinn átti að heita gagnfræðaskóli og prófin gagnfræðapróf. En þegar það kom til Nd., tóku við því hinir duglegu samskólamenn og sögðu, að þessi skóli væri hvort sem er svo lítill hluti af hinum væntanlega, stóra skóla, að ekki tæki því að gera um hann ákveðnar tillögur, þar sem hann yrði aðeins til bráðabirgða. Nálega öll mentamálanefnd Nd. var sammála um þetta, og það var síðan samþykt með yfirgnæfandi meiri hluta. Jeg vona því, að hv. 2. landsk. sjái, að það er ekkert vit í því að fara að senda frv. á milli deilda aðeins vegna orðalagsins, enda eru engar líkur til þess, að Nd. fjellist á þetta. Jeg skal líka taka það fram, að jeg lagði ekki í neina baráttu við mentmn. Nd., þó að jeg teldi hennar tillögur ekki til bóta. En eins og jeg hefi áður tekið fram, álít jeg, að enn sje ekki fundið betra orð en gagnfræðaskóli yfir ungmennaskóla í kaupstöðum.

Þó finst mjer rjett, að þeir hv. þm., sem vilja, að frumvarp þetta verði samþ., láti það standa sem komið er.

Þá er hinn liður brtt. á þskj. 782, sem frekar má telja efnisbreytingu. Þar er tekið fram, að nám þetta skuli veita aðgang að gagnfræðaprófi, ef bætt er við 3. deildinni. Jeg skil þetta þó ekki svo, að til þess sje ætlast, að þessi skóli sje settur í samband við hina tvo mentaskóla, heldur þyki hv. flm. myndarlegra að sýna með því, hvert námið stefni. Í eðli sínu væri formlegra að hafa þetta svona. En þar sem hv. Nd. hefir nú litið öðruvísi á málið, þá virðist mjer frv. teflt í voða, ef það er látið ganga til þeirrar hv. deildar aftur. Veit jeg heldur ekki, hversu sárt hv. Nd. muni vera um þetta frv. Jeg get bætt því við, að ef það á að verða mitt hlutskifti að gefa út reglugerð fyrir þennan skóla, þá mundi jeg taka það til athugunar, hvort ekki mætti gera ráð fyrir þremur bekkjum.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg get verið hæstv. ráðh. þakklát fyrir skilning hans á brtt. mínum. En jeg fæ naumast skilið, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga, ef þær verða samþ., vegna mótstöðu hv. Nd. Jeg hefi hlerað það, að hv. mentmn. Nd. muni ekki vera svo allsendis ánægð með frv., að hún myndi ekki vera fáanleg til að breyta því. En eins og jeg tók

fram áður, þá er ekki meining mín með þessum brtt. að tefja fyrir frv. — Jeg vil taka það fram, að það eru ekki orðin sjálf, gagnfræðaskóli eða unglingaskóli, sem jeg legg aðaláhersluna á. Heldur það, að nafnið sje svo valið, að það leiði fólkið til rjetts skilnings um tilgang skólans. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá er það ekki tilgangur minn, að þessi skóli sje settur í samband við mentaskólann. Jeg hugsa þetta sem almenna mentastofnun við hæfi unglinga, þar sem stefnt sje að ákveðnu marki. — Það, sem jeg vil koma í veg fyrir með brtt. mínum, er ringulreið í kenslunni, þar sem hver og einn er sjálfráður um það, hvort námið er stundað einn eða fleiri vetur, og getur eftir eigin óskum tekið aðeins 1 eða 2 námsgreinar. Jeg veit af reynslu, að verulegs árangurs af kenslu má þá fyrst vænta, er námstíminn er að minsta kosti 2 — helst 3 — vetur. Hitt er aðeins kák. Og minni kenslu en 24 st. á viku álít jeg ófullnægjandi. 1—2 stunda nám á dag verður oftast kák eitt og á engan rjett á sjer, nema þá á kvöldskólum fyrir þá, sem verða að vinna á daginn.

Þessar brtt. mínar miða eingöngu að því, að frv. þetta verði ekki bygt á sandi. En þar sem lítið útlit er á, að brtt. mínar verði samþ., þá er ekki annað við því að segja en það, að „ekki veldur sá, er varir“. Jeg vildi nota reynslu mína á þessum málum til að koma í veg fyrir, að unglingum væri veittur aðgangur að málamyndanámi, sem þeir væru engu bættari með.

Jón Þorláksson: Jeg tel, að frv. þetta hafi breytst til hins lakara fyrir aðgerðir hv. Nd. Jeg vil því, áður en frv. þetta verður afgreitt hjeðan sem lög, geta þess, að hvað fyrirsögn frv. snertir, þá var jeg ánægður með það, að upp var tekið gagnfræðaskólanafn, eins og var í frv. hæstv. stjórnar. Og jeg gat einmitt fallist á þá skýringu hæstv. dómsmrh., að nafnið ætti að benda til þess, að í skólanum bæri að kenna þau fræði, er verða mundu til nytsemdar. Og þótt jeg væri ekki ánægður með það, hvað byrjunin á þessum skóla átti að verða rýr, þá áleit jeg þó, að nafnið gæfi fyrirheit um fullkomnari skóla síðar. En það má nú reyndar líka segja um nafn það, er hv. Nd. hefir valið frv.; þar sem talið er, að þetta sje bráðabirgðaráðstöfun, þá gefur það einnig fyrirheit um betri skóla síðar. Jeg tel einnig, að vonast megi stuðnings þeirra hv. þm. í Nd., er nú hafa valið frv. þetta nýja, lítilfjörlega nafn.

Jeg er því sammála hv. 2. landsk. um þetta, en þar sem nú er komið að þinglokum, þá verð jeg að taka undir með hæstv. ráðh., að jeg þori ekki að greiða brtt. á þskj. 782 atkv., vegna þess, að jeg tel þá hættu á, að málið dagi uppi. Jeg er ekki svo viss um, að hv. þm. í Nd. sje þetta frv. svo mikið áhugamál, að þeir mundu leggja sig neitt fram um það að láta það fá fullnaðarafgreiðslu, ef það verður sent þangað aftur. En þótt jeg greiði atkvæði gegn þeim nú, þá geri jeg það í fullu trausti þess, að hægt verði með viðaukalöggjafarákvæði að koma þessu ákvæði inn í lögin, áður en að því er komið, að tekin verði próf við þennan skóla.

Jón Baldvinsson: Jeg játa, að jeg

hefi tilhneigingu til að samþ. brtt. á þskj. 782. Þótt máske skifti ekki miklu máli um heiti frv., þá tel jeg þó betra og rjettara að hafa það eins og brtt. ákveður. En þó er sú bót í máli, að heiti það, sem Nd. hefir valið skólanum, er svo afkáralegt, að það er alveg víst, að almenningur notar það aldrei, heldur býr til betra heiti á skólanum. Í trausti þess mun jeg greiða atkv. móti brtt. — Nd. þykist nú svo beygð af Ed., að jeg er hræddur um, að ef það kæmi til hv. Nd. aftur, þá mundi hún ekki beygja sig fyrir breytingunni, en láta málið verða óútrætt á þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 782,1 feld með 7:5 atkv.

— 782,2 feld með 7:5 atkv

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 788).

30. Vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum ummælum.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum (stjfrv., A. 33).

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hygg, að það hafi verið á þinginu í fyrra, sem jeg bar fram þáltill., sem lýsir nokkru af því efni, sem er í þessu frv., en hún náði þá ekki fram að ganga, og getur eins verið, að svo fari um þetta frv. En tilefnið er það, að á síðari árum hafa skoðanir dómstólanna verið mjög á reiki um það, hvað væri rjettmætt og hvað ekki rjettmætt í „kritik" manna á opinberum atvinnufyrirtækjum, og hvernig meta skyldi skaðabætur fyrir það, ef til kæmi. Það má segja, að það standi dómur á móti dómi og venja á móti venju í þessu efni. Og með því að því hefir verið haldið fram, og að því er virðist að nokkru leyti gengið inn á það af dómstólunum, að viss atvinnufyrirtæki, eða nánar til tekið samvinnufjelögin, hefðu ekki sömu vernd og atvinnufyrirtæki einstakra manna, þá er það tilætlunin að skapa fastan grundvöll í þessu efni.

2. gr. frv. lýtur ennfremur að því að slá því föstu, á hvaða höfuðgrundvelli eigi að byggja skaðabætur. Það væri hægt í sjálfu sjer að taka alt aðra stefnu í innihaldi 2. gr. heldur en hjer er gert; það er til önnur leið, en annarihvorri leiðinni verður altaf að fylgja, ef rjettlæti á að ríkja á milli borgaranna í landinu í þessum efnum.

Jeg legg til, að þessu frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

Björn Kristjánsson: Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að hlutafjelög, samlagsfjelög eða önnur fjelög njóti sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn órjettmætum, prentuðum ummælum, sem fallin eru til þess að hnekkja atvinnurekstri þeirra. Þetta felst í 1. gr. Jeg veit ekki til þess, að einstakir menn hafi neina slíka sjerstaka vernd, t. d. umfram hlutafjelög eða kaupfjelög, sem hægt sje að miða við, eins og 1. gr. heldur fram. Hana virðist því

vanta raunverulegan grundvöll, vegna þess að einstakir menn hafa enga slíka lagavernd, sem hægt er að miða við.

En mjer er annað kunnugt. Mjer er kunnugt um það, að það er hjer föst lagavenja að dæma þeim bætur, sem verða fyrir fjártjóni út af órjettmætum ummælum á prenti, að svo miklu leyti sem hægt er að sanna fjártjón. Vera má það líka, að skaðabætur verði tildæmdar eftir sterkum líkum. En slík rjettarvenja nær ekki einungis til einstakra manna, heldur til allra atvinnufyrirtækja, sem bíða órjettmætt fjártjón vegna slíkra ummæla. — Þetta bið jeg hv. deildarmenn að athuga vandlega.

Nú kemur það stundum fyrir, að þjóðarheill krefur, að skrifaðar sjeu rökstuddar aths. við atvinnurekstur fyrirtækja, sem snerta almennan hag, t. d. þegar fyrirtæki útiloka almennan hagnað annara manna, því að einmitt þá getur verið alveg nauðsynleg opinber „kritik" á slíkum fyrirtækjum. Jeg sje því ekki, að frv. bæti neitt úr því ástandi, sem nú er, því að eðlilega tekur frv. fram, að áburðurinn verði að vera órjettmætur, til þess að hann geti bakað skaðabótaskyldu. En einmitt af því, að hann á að vera órjettmætur, þá geta lögin ekki ráðið neitt yfir því, hvernig úrskurðurinn um það fellur. Um rjettmæti dæma dómstólarnir, og þeir eru einir til að dæma um það, hvenær rjettmætt er að dæma skaðabætur og hvenær ekki; og að banna alla opinbera „kritik" á almennum fyrirtækjum, við skulum segja t. d. á landsverslun, í hvaða móti sem hún er rekin, og jeg vænti þess, að þingið sje ekki þannig skipað ennþá, að það fallist á slík ákvæði að útiloka alla „kritik" á opinberum fyrirtækjum. (**Dómsmrh. JJ:** Ekki rjettmæta „kritik"). En það eru dómstólarnir, sem dæma um það, hvort hún er rjettmæt eða ekki.

Dálítið þykir mjer það einkennilegt við þetta frv., að þessi órjettmætu skrif skuli endilega þurfa að vera prentuð til þess að þau verðskuldi skaðabótaskyldu. Samkvæmt því mega menn tala um atvinnufyrirtæki alveg eins vel og illa og þeir vilja; það krefur engrar skaðabótaskyldu. Menn mega tala á mannamótum, halda fyrirlestra og tala í útvarp um fyrirtæki, því til skaðsemdar, og við því liggur engin skaðabótaskylda. Þetta finst mjer vera dálítil hola í frv., því að það ætti vitanlega að ná til alls, hvort sem ummælin eru skrifuð, töluð eða víðvörpuð. Þetta vildi jeg biðja hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að athuga.

Jeg leiði alveg minn hest frá því að tala um þær mjög einkennilegu ástæður, sem eru færðar fyrir þessu frv., því að það stendur nær lögfræðingunum, en mjer þætti það mjög undarlegt, ef þeir gætu unað við þær.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg álít það að mörgu leyti vel við eigandi, að hv. 1. þm. G.-K. sagði nokkur orð um þetta frv., með því að eitt af þeim málum, sem mjög hefir verið talað um í þessu sambandi, er mál, sem sá hv. þm. var nokkuð við riðinn. En það er ekki nema eitt af þeim málum, sem hafa gert það óhjákvæmilegt að festa rjettarvenju. (**BK:** Hún er föst). Það getur verið, að jeg láti það bíða þangað til síðar að skýra frá dæmum, enda

býst jeg við, að háttv. deild sjeu þau kunnug. Hv. þm. sagði, að margir þeir menn, sem atvinnu ræku, hefðu enga sjerstaka rjettarvernd. Það ætti að vera misskilningur hjá hv. þm. Ef einhver maður rekur atvinnu og annar talar eða skrifar á þann veg, að atvinnurekandinn getur leitt rök að því fyrir dómstólunum, að hann hafi beðið skaða, eða jafnvel að hann gæti beðið skaða af því, þá myndi hann geta fengið sjer dæmdar skaðabætur. En þetta er ekki hægt eftir þeim rjettar-„praksis", sem nú er, þegar um samvinnufjelög er að ræða. Langmikilvægasta tilraun í þessu efni er sú, sem hv. þm. sjálfur gerði til þess að liða í sundur samvinnufjelögin og samband þeirra, með þeirri aðferð, sem þá var beitt, með því að senda sjerstakan bækling inn á hvert einasta heimili, fullan af ósannindum, blekkingum og níði um fjelögin og leiðtoga þeirra. Bæði undirrjettur og hæstirjettur komust að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki skaðabótaskylt, meðal annars af því, að fjelögin lifðu þrátt fyrir þessa árás, og þess vegna ekki hægt að sanna það, að tilræðið hefði haft sín tilætluðu áhrif. En aftur á móti fjekk einn atvinnurekandi hjer í bæ mann dæmdan fyrir nokkrar greinar út af verslunarmálum, sem upphaflega voru sprottnar af dýraverndunaratriði, nefnilega hvort rjett væri að reka hesta landsfjórðunga á milli yfir heiðar, eftir að frost og snjór væri kominn. Undirrjettur komst að þeirri niðurstöðu, að maðurinn ætti að fá geysilegar skaðabætur. Hæstirjettur komst að þeirri niðurstöðu, að skaðabæturnar ættu að vera miklu minni, en þó nokkrar, og ekki sannaðist þó fyrir rjettinum, að atvinnurekandinn hefði beðið nokkurn skaða á hrossaverslun sinni, og meira að segja, ef verslunin hefði minkað þetta ár, þá hefði það verið honum til góðs, af því að árið var svo slæmt að því er snerti sölu til útlanda.

Jeg tek þessi tvö dæmi til þess að hv. 1. þm. G.-K. sje það ljóst, að slík rjettaróvissa sem þessi getur ekki dugað til lengdar. Það er ekki hægt að dæma eitt árið í sekt fyrir „krítik", sem hefði getað orðið hlutaðeiganda til miska, og hitt árið fríkenna fyrir samskonar atferli, sem hafði skipulagsbundinn tilgang, en gat ekki á unnið, ekki vegna viljaleysis þeirra, er það höfðu í frammi, heldur af öðrum ástæðum.

Það getur vel verið, að þessa vernd verði að skerpa betur en gert er hjer í þessu frv. En hvað snertir víðvarp, þá hygg jeg, að á því sviði liggi engin hætta. Jeg býst ekki við víðvarpi nema undir ströngu eftirliti, og því myndi engin útvarpsstjórn leyfa sjer að nota það í „propaganda"-skyni eða til að ófrægja vissa aðilja í atvinnurekstri. Rjettaróvissan á þessu sviði er þess eðlis, að ekki verður hætt fyr en bót verður á ráðin. Það verður ekki þolað þegjandi, að sumir menn og sum fyrirtæki í landinu standi í skjóli laganna, en önnur svo á bersvæði, óvarin armi laganna, að hinar ferlegustu árásir á þau teljist leyfilegar og beri að þolast bótalaust. Þetta vonast jeg til, að hv. þm. verði ljóst við nánari athugun. Ef hann þykist hafa borið sigur úr býtum á þeirri torsóttu braut, sem hann hefir lagt út á, að reyna að eyðileggja með níðskrifum íslensk samvinnufjelög, að honum hefir hald-

ist uppi að bera þau óhróðri án þess að sæta sektum, svo heitið gæti, þá býst jeg við, að hann geti skoðað það sem aflokið mál, eins og þátt, sem ekki verður leikinn aftur.

Björn Kristjánsson: Jeg benti á það í ræðu minni og sagði skýlaust, að ein og sama rjettarregla gilti í þessu efni fyrir alla, hvort heldur það eru einstaklingar, hlutafjelög eða kaupfjelög. Það er eins og hver önnur vitleysa hjá hæstv. dómsmrh., að þessi meginregla nái ekki einnig til kaupfjelaga eða annara samvinnufjelaga. Þau fá dæmda skaðabótadóma yfir árásum, sem á þau kunna að vera gerðar að ósekju, samkvæmt lögum og þeirri rjettarvenju, að sá fái dæmdar skaðabætur sjer til handa, sem verður fyrir órjettmætu tjóni.

Hæstv. dómsmrh. fór að benda á, að jeg hefði ekki orðið fyrir neinni skaðabótagreiðslu fyrir ummæli í skrifum um samvinnufjelagsskapinn á Íslandi. Nei, við því var heldur ekki að búast. Og það kemur til af því, að jeg var að skrifa í almenningsþarfir; jeg var að skrifa gegn hinu hættulega fyrirkomulagi, samábyrgðinni. Gegn samvinnufjelögunum sem slíkum hefir mjer aldrei komið til hugar að skrifa. Þau hafa ekki einasta sinn fulla tilverurjett, heldur eru og innan skynsamlegra takmarka nauðsynleg og heppileg. En það er samábyrgðarflækjan, sem jeg berst á móti, þessu heimskulega og haldlausa fyrirkomulagi, sem hvergi tíðkast meðal þjóða, það jeg veit til, nema ef vera skyldi í ráðstjórnar-Rússlandi, og þó í annari mynd.

Reynslan hefir sýnt, hve haldlítil samábyrgðin er, þegar á reynir. Menn hafa fallið frá að nota hana, er til átti að taka. Vottur þess er það, að bankarnir hafa orðið að gefa kaupfjelögunum eftir skuldir í stað þess að ganga að öðrum fjelögum í skjóli samábyrgðarinnar. Þannig er þetta ábyrgðarfyrirkomulag alveg gagnslaust eins og það er „praktiserað". Hefði því verið beitt út í æsar, hefði það getað reynst hættulegt, jafnvel gert heil sýslufjelög öreiga.

Jeg hefi þess vegna haldið því fram, að þessi „kritik" mín hafi verið og sje rjettmæt og á rökum reist. Svo hafa og dómstólarnir litið á það mál. Þeir litu ekki svo á, að mjer bæri að greiða skaðabætur fyrir ummæli mín. Jeg átti ekki einu sinni skilið að fá sekt, þótt smávægileg væri, 100 kr. Tilgangurinn með skrifum mínum var og er öllum sannsýnum mönnum auðsær. Jeg hefði ekki farið að eyða fje til þess að gefa þau út, ef jeg hefði ekki álitið hag almennings krefjast þess. Sjálfur gat jeg bersýnilega engan hagnað af því haft. En sumum mönnum er svo farið, að þeim hættir við að vilja leggja alla skapaða hluti út á þann versta veg, er þeir geta. Og hæstv. dómsmrh. sjer ætíð og alstaðar skrattann á veggnum. Altaf sjer hann eitthvað í fari annara, er beri vott um óhreinar hvatir að hans dómi. Það er óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að vera að dylgja um mistök hjá hæstarjetti. Hann er ekki lögfræðingur og því ekki bær um að dæma.

Hæstv. ráðh. segir, að útvarp muni verða undir svo ströngu eftirliti, að ekki geti verið um að ræða misnotkun

í þá átt, er þetta frv. vill fyrirbyggja. Þetta má vel vera satt. En það eru til margar aðrar leiðir til þess að koma á framfæri gagnrýni á hendur þeim fyrirtækjum, er hjer um ræðir. Það má skrifa brjef, halda fyrirlestra o. s. frv., án þess að það falli undir þessi lög, þótt óvarleg ummæli kunni þar í að felast. Jeg skal ósagt láta, hvernig farið skal með, ef fjölritað er, hvort það getur heimfærst undir þann lagabókstaf, er hjer á að setja. En ef frv. á að verða að lögum, þá á það að vera heilt, en ekki hálft sem þetta.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á, að ekki yrði þolað, að sumir nytu rjettarverndar, en sumir ekki. Um þetta er alls ekki að ræða. Að þessu leyti standa allir jafnt að vígi gagnvart landslögum, og er leitt, að sjálfur dómsmrh. skuli koma fram með aðrar eins firrur og þetta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Háttv. 1. þm. G.-K. segir, að ein og sama rjettarregla, eða öllu heldur rjettarvenja, gildi um skaðabótaskyldu allra aðilja, sem hjer um ræðir. En er hann fór að rökstyðja mál sitt, kom í ljós, að hann álítur, að svo eigi ekki að vera.

Menn munu yfirleitt hvorki telja heppilegt nje fallegt að reka hross að vetri til norðan yfir heiði til útflutnings. Þetta er samt gert. Einstakur maður á hrossin; þau eru verslunarvara hans. Það er ritað í blöðin um meðferð hrossanna. Þó var þetta mannúðarmál, algerlega alment mál frá drenglyndisins sjónarmiði. En að því er virðist líta bæði undirrjettur og hæstirjettur þannig á, að rjettur hrossakaupmannsins sje svo ríkur, að þess vegna megi alls ekki ræða um það mannúðarleysi, er kom fram í þessum framkvæmdum. Eftir þeim skoðunum hans, þ. e. hv. 1. þm. G.-K., þá er þetta ekki leyfilegt, af því að hrossin eru einstaklingseign. Ef hann, eigandinn, skaðast, bera honum skaðabætur, því að einstaklingsverndunin er svo sterk.

Hugsum oss á hinn bóginn, að kaupfjelag hjer suður í Reykjavík kaupi hross norður í landi og reki þau suður yfir heiði að vetrarlagi í frosti og fannkomu, svo að þau væru illa haldin. Hv. 1. þm. G.-K. ákærir þetta í nafni mannúðarinnar. Hjer er þá á sama hátt að ræða um hindrun frjáls viðskiftalífs, en þótt undarlegt megi virðast, þá er hann að sinni eigin skoðun ekki skaðabótaskyldur, af því að fjelag á í hlut. Það virðist og mega draga af málsskjölum, að málafærslumaður hans, Jón Ásbjörnsson hæstarjettarmálaflutningsmaður, hafi í rjettinum haldið fram sömu skoðunum: að vegna þess, að samvinnufjelögin sjeu mjög almennur fjelagsskapur, þá verði þau að þola gagnrýni umtölu- og bótalaust.

Það, sem hjer í þessu frv. er farið fram á, er aðeins þetta: Ef hv. 1. þm. G.-K. rekur t. d. tóbaksverslun undir sínu eigin nafni, eða myndar til þess hlutafjelag, eða kaupfjelag annast eða landið rekur á sinn kostnað, þá sje öll „kritik“ á þetta fyrirtæki, tóbaksverslunina, í hvers höndum sem hún er, jöfn fyrir dómstólum landsins. Í þessu er endurbótin fólgin. Allir aðiljar skulu vera jafnrjettháir, hvort þeir heita V. B. K., kaupfjelag, hlutafjelag eða landsverslun. En það vill hann ekki. Hann má ekki heyra það nefnt, svo að hann umhverfist ekki allur. Svo rót-

gróin er honum orðin heiftin í garð samvinnufjelaganna. Hitt aðgætir hann ekki, að kaupfjelögin koma honum ekki nokkra lifandi minstu ögn við, frekar en samvinnubónda norður í Húnavatnssýslu kemur við verslun hjer í bæ, sem háttv. 1. þm. G.-K. á og ber hans nafn. En háttv. þm. vill hafa leyfi til þess að vaða inn í samvinnufjelögin og finna þar að því, er honum sýnist, og grafa undan þeim eftir getu. Á sama hátt ætti þá að vera leyfilegt að skrifa t. d. um Kveldúlf og gera að umtalsefni, að honum væri stjórnað af miður góðum hvötum, að hann fjefletti almúgann og rakaði gróðanum í sinn vasa, og á allan mögulegan hátt að vekja tortrygni og grun gagnvart fjelaginu, og það alt án þess að þurfa að óttast skaðabótakröfu frá þess hendi, því að hún yrði dæmd ógild. (**BK**: Kveldúlfur er ekki almenningsfyrirtæki). Nei, en hv. þm. ætti sakir aldurs síns, þótt ekki væri annað, að vita, að það er ekkert nema hreinn og beinn slettirekuskapur af honum að vilja blanda sjer í rekstur og sjermál kaupfjelaganna. Það er bæði sannað og sjálfur hefir hann og játað, að hann vill áskilja sjer og öðrum utanfjelagsmönnum sama sinnis rjett til innrásar og trúir því í villu síns vegar, að með þessari iðju sinni sje hann að gera almenningi gagn. Játning þessa háttv. þm. um það, hvaða leyfi hann vill hafa til þess að vaða inn í sjermál kaupfjelaganna, er ærin nóg sönnun þess, að þetta frv. á fullan framkomurjett og varðar miklu, að nái fram að ganga.

Jeg ætla ekki að fara frekar inn á þá braut að ræða um einstakar verslanir hjer í Reykjavík, sem bera nöfn ýmsra dánumanna, er þær hafa stofnað. Má vel vera, að hv. 1. þm. G.-K. þyki strembið að þurfa að geifla á saltinu á sínum gömlu dögum. En það þarf hann ekki að halda, að kaupfjelagsskapnum stjórni nú þeir menn, er leyfi honum, þótt á grafarbakkanum sje, að skiljast svo við þennan heim, að ekki sje gerð gangskör að því að lagfæra þær ófullkomnu rjettarvenjur, sem hafa verið skjólgarður utan um moldvörpuframferði hans gagnvart samvinnufjelögum landsins. Getur hann kent sjer og sínum aðgerðum um, ef hans ráð eru nú ekki tekin til greina.

Jeg nenni ekki að elta ólar við að leiðrjetta vanþekkingarvillur hv. þm. í kaupfjelagsmálum, enda skiftir það minstu máli. Hann heldur því fram, að samábyrgð finnist vart annarsstaðar en hjer á Íslandi. Þetta er alrangt, og það er hart, að háttv. þm., sem fengist hefir við verslun alllangt skeið æfi sinnar og sjálfur verið utan og ferðast um í Danmörku, það er hart, segi jeg, að hann skuli leyfa sjer að halda fram svona blekkingum, þótt hann sje hinsvegar ber að því að hafa sagt ósatt um þessi mál oft áður. Þetta er ekkert annað en vísvitandi blekking. Samábyrgð er og hefir verið fast einkenni danskra kaupfjelaga. Þar í landi eru hátt á annað þúsund kaupfjelög, sem hafa samábyrgð. Hjer er um að kenna hans eigin vanþekking eða illvilja. Hinsvegar skal jeg játa algerða vanþekking mína á því, hvernig þessu er háttað í Rússlandi. Jeg vildi því, úr því að háttv. þm. vitnar í það land — og jeg vil ekki að óreyndu ætla honum að gera það heimildalaust út í loftið —, mælast til þess, að hann leggi

fram einhver gögn viðvíkjandi rússneskri samvinnu. Jeg býst við, að jeg muni skilja þau tungumál, sem hann skilur.

Jeg vonast til, að háttv. þm. spari sjer þá niðurlæging, sem af því leiðir að auglýsa frekar fáfræði sína. Það ber vott um talsvert sjálfsálit, að hann leyfir sjer að halda því fram, að skrif hans hafi haft áhrif. Sannleikurinn er sá, að ekkert mark hefir verið á honum tekið. Eina ástæðan til þess, að hann var ekki dæmdur í þungar skaðabætur fyrir fjandskap sinn við kaupfjelögin, er að áliti dómstólanna sú staðreynd, að níð hans hafi engan ávöxt borið. Kaupfjelögin sjeu jafnsterk og áður.

Háttv. þm. reynir að halda því fram, að árangurinn af skrifum sínum sje sá, að samábyrgð sje nú ekki lengur tekin gild sem veð. Ef sanna á, að samábyrgð sje gagnslaus af því að kaupfjelögum hafi í vissum tilfellum verið gefnar eftir skuldir í bönkum, þá ætti með sömu ályktunaraðferð sjálfskuldarábyrgð að vera einskisvirði, úr því að slík lán hafa stundum tapast. Jeg vonast til þess, að háttv. þm., þótt farinn sje að eldast, hafi enn skarpleika til þess að fylgjast með í þessari rökleiðslu, að öll veð, sem bankinn hefir einu sinni tekið gild, en samt orðið að gefa eftir af einhverjum ástæðum, verða að teljast hliðstæð að þessu leyti og jafntrygg eða ótrygg, eftir því sem á er litið.

Háttv. þm. hjelt því fram í hinum nafntogaða þjesa sínum, að samábyrgðin væri einskis metin sem trygging. En nú má sýna með rökum, og þeim óhrekjandi, að enn sem komið er hefir sama sem ekkert fje tapast á samábyrgðarfyrirtækjum, og það á sama tíma, sem einkafyrirtækin hafa tapað miljónum og eru að skaða bankana um tugi miljóna. Það er því svo mikil ósvífni og bíræfni að halda því fram, að samábyrgðin sje að engu metandi sem trygging, þegar sýnt er, að á sama tíma og einkafyrirtækin tapa tugum miljóna, eru það aðeins fáir tugir þúsunda, sem tapast hafa við samábyrgðina. (**BK:** Það hefir ekkert reynt á samábyrgðina enn). Hann getur verið viss um það, hv. 1. þm. G.-K., að það fellur aldrei í hans skaut að ákveða, hvenær samábyrgð skuli notuð eða ekki. Hvað kann að verða í öðrum heimi, skal jeg láta ósagt um. (**BK:** Hæstv. ráðherra veit, að jeg er dauður). Hann er nú að vísu ekki dauður enn, þó að margt bendi til, að hann sje kominn á grafarbakkann, en annars vona jeg hans vegna, að hann eigi líf fyrir höndum hinumegin og að þar sje um einhverja samábyrgð að ræða, svo að hann geti haldið áfram að þjóna lund sinni.

Jeg skal nefna dæmi. Ef verslunin Björn Kristjánsson lánar t. d. kaupfjelaginu á Akureyri fje, sem ekki stendur í skilum með greiðslu þess, heldur þá háttv. 1. þm. G.-K., að önnur kaupfjelög eigi að borga það? (**BK:** Þetta eru tómar hártoganir). Nei, þetta eru engar hártoganir; það er ekkert annað en einber fáviska háttv. þm. á gildi samábyrgðarinnar.

Annars vil jeg taka það fram að lokum, að þó að hv. þm. sje nú dauður hjer í þessari hv. deild, þá vona jeg samt, okkar beggja vegna, að hann lifi það lengi, að við fáum tækifæri til þess að eigast frekara við um þetta mál, þegar það kemur til 2. umr. Enn

er í huga hans sú fárlega meinvilla, að það sje gott og blessað, að óviðkomandi menn vaði inn á kaupfjelögin með rógi og illkvitni, en leggja síðan hendina á brjóst sjer og segja: Við gerðum þetta almennings vegna og í góðu skyni!

Jón Þorláksson: Af því að jeg í ræðu minni um næsta mál á undan ljet þess getið, að jeg hefði gert mjer vonir um, að sú ábyrgðarmikla staða, sem hæstv. dómsmrh. er í, mundi hafa bætandi áhrif á hann, svo ætla mætti, að hann hefði tekið umbótum frá því, sem við höfum átt að venjast, þá sje jeg ástæðu til að minnast á í því áframhaldi, að ræður þær, sem hann hefir haldið nú, gefa mjer litlar vonir um, að hann ætli að láta það hús, sem hann er kominn í, verða sjer sannkallað betrunarhús.

Jeg vil nú — og mun oftar gera það þegar þörf er á — beina því til háttv. flokksmanna hæstv. dómsmrh., hvort þeir geri sig ánægða með að heyra úr ráðherrastóli slíkar árásir eins og nú á hv. 1. þm. G.-K. Jeg hefi fæst af köpuryrðum hæstv. dómsmrh. skrifað upp. Það ógeðslega verk verða þingskrifarnir að gera. Hann talaði um, að háttv. 1. þm. G.-K. væri illa mentaður, fáfróður og hálfhlakkaði yfir því, að hann mundi bráðum deyja, eða væri kominn á grafarbakkann, eins og hann orðaði það. Þetta er skraf og orðbragð ósvífinna götustráka, en hefir aldrei heyrst frá ráðherrastóli hjer, fyr en á þessu þingi. **(Dómsmrh. JJ:** Ætli það eigi ekki að liggja fyrir okkur báðum og öllum að deyja?). Jeg skýt því til háttv. flokksbræðra hans, sem margir eru góðir og vandaðir menn, hvort þeir geti hlustað á þetta orðbragð ráðherrans dag eftir dag. Jeg veit, að innan Framsóknarflokksins hljóta að vera margir hv. þm., sem fordæma þessa bardagaaðferð hæstv. dómsmrh.

Jeg ætla þá að víkja nokkrum orðum að því, sem mjer skilst, að sje aðalágreiningsatriðið milli þeirra háttv. 1. þm. G.-K. og hæstv. dómsmrh., og það er það, hvort samvinnufjelögin eigi að njóta meiri rjettarverndar í því efni, sem frv. ræðir um, heldur en annar atvinnurekstur. Mjer skilst, að með frv. sje það meiningin að útiloka umr. um, hvort þessi tilhögun — samvinnufjelagsskapurinn — sje gagnleg og heppileg eða ekki. Og verð jeg þá að segja það, að mjer þykir of langt gengið í þessu efni með stjfrv.

Ef við berum saman við kaupfjelagsskapinn þann rekstur, sem honum er skyldur, en það er verslun einstakra manna, þá hefir jafnan þótt rjett að finna að sjerhverri tegund verslunar eða verslunaraðferð, sem talin er óhagstæð almenningi. Og þær aðfinningar, sem á rökum voru bygðar, hittu jafnan fyrir þá kaupmenn, er þessa óhagstæðu tilhögun höfðu á verslun sinni, en hina ekki.

Slíkar aðfinningar um verslunina hafa altaf látið til sín heyra, og ekki þótt nema sjálfsagt. Jeg skal t. d. benda á, að nú síðustu dagana hefir borið á háværum aðfinslum til þeirra kaupmanna, sem flytja vörur sínar með öðrum skipum en skipum Eimskipafjelagsins. Slík aðfinsla er nauðsynleg, og kemur eflaust engum til hugar að setja lög, sem hindri slíkt. Ef eitthvað er óheppilegt í skipulagi samvinnufjelaganna, eða eitthvað kem-

ur upp þar, sem er hagsmunum almennings til tjóns, þá verða þau að þola opinberar aðfinslur. Enda skilst mjer, að samvinnufjelögin hafi tekið til sín aðfinslur um tilhögun á fjelagsskapnum, sem álitin er óheppileg. Því hefir líka verið lýst yfir á Alþingi af mjög mikilsmetnum Framsóknarmanni, að sú almenna samábyrgð, sem lögskipuð er innan kaupfjelaganna, væri aðeins til bráðabirgða, eða á meðan fjelagsskapurinn væri að koma sjer upp veltufje. En í því virðist liggja sú viðurkenning, að þetta fyrirkomulag sje í sjálfu sjer ekki heppilegt.

Jeg held því, að það sje ekki rjett eða á neinn hátt heppilegt fyrir þennan verslunarrekstur, sem hæstv. dómsmrh. ber svo fyrir brjósti, að banna, að um hann sje rætt opinberlega, jafnmikið og sá rekstur hlýtur að snerta allan almenning og þjóðfjelagið.

Annars vildi jeg að lokum bæta því við, að þar sem um fyrirtæki er að ræða, sem rekin eru af hálfu þess opinbera, þar verða allir landsmenn að skoðast sem meðeigendur, og hljóta þá um leið sem eigendur að hafa meira frjálsræði til að tala og rita um þann rekstur en um atvinnufyrirtæki einstaklinga. Getur því ekki komið til mála að banna með lögum umr. eða gagnrýni á hverskonar ríkisrekstri sem er, og er ástæðulaust, að hann njóti meiri rjettarverndar í þessu efni en verslunarrekstur einstakra manna.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg get ekki algerlega leitt hjá mjer umr. þessa máls.

Jeg skil svo frv., að það sje fram komið vegna þess öfugstreymis, sem mun hafa átt sjer stað, að lögin virðast ekki ætíð jöfn fyrir alla.

Hæstv. dómsmrh. hefir skýrt frá, að í þeirri viðureign, sem orðið hefir milli kaupfjelaga og annara verslana, hafi dómstólarnir álitið rjett að gera þar mjög upp á milli. Það liggur því í augum uppi, að full þörf er á að ráða bót á þessu. Jeg veit ekki, hvort frv. þetta bætir að fullu úr þessu misrjetti, en hitt þykist jeg sjá, að það sje að minsta kosti tilraun, sem gengur í rjetta átt.

Jeg vil benda á, að menn virðast gera talsverðan mun á samábyrgð og sjálfsskuldarábyrgð, en þann eðlismun hefi jeg ekki sjeð nje getað skilið til fulls, að samábyrgð væri annars eðlis en sjálfskuldarábyrgð fleiri manna. Þess vegna hefi jeg heldur aldrei skilið, hvers vegna önnur tegund þessarar ábyrgðar er fordæmd, en hin talin góð og gild.

Mjer finst ekki auðvelt að færa rök fyrir því, ef venjuleg sjálfsskuldarábyrgð fleiri manna sje óskaðleg, eins og hún er rekin í framkvæmdinni, að þá geti samábyrgð margra stærri og smærri fjelaga verið stórskaðleg og til niðurdreps fyrir þjóðfjelagið. Jeg vil ekki viðhafa svo stór orð sem þeir eiga skilið, er þannig gera upp á milli, en þó liggur næst við að segja, að þeir geri það á móti betri vitund að fella slíka dóma, sem vitanlega eru ekki annað en sleggjudómar.

Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði um ríkisrekstur, að slík fyrirtæki yrðu að sjálfsögðu að þola alla gagnrýni, að mjer skildist, og hvers eðlis, sem hún er **(JÞ:** Ekki sagði jeg það!), þá get jeg að vísu verið honum sammála að því leyti, sem um rjettmæta gagnrýni er

að ræða, en hinu er jeg algerlega móti, að slíkur rekstur, þótt opinber sje, eigi að þola órjettmæta og órökstudda „krítik", sem meðal annars lýsir sjer í því að misnota tölur og rangfæra sjer í vil, til þess að skapa það álit, að slíkur rekstur hafi farið þeim mönnum illa úr hendi, er honum áttu að stjórna.

Jeg vil þá í þessu sambandi minnast þess, að mjer finst hv. 3. landsk. ekki hafa verið mjög vandur að því að nota tölur, þegar verið var að tala um landsverslun. (**JÞ**: Jeg vildi gjarnan fá að heyra, hvenær jeg hefi farið með rangar tölur). Já, jeg skal svara því strax. Þegar verið var að tala um að eyðileggja landsverslunina og leggja skyldi niður tóbaksverslun ríkisins, þá var því haldið fram í blaðinu „Verði", sem jeg verð að halda, að staðið hafi það nærri hv. 3. landsk., að vorkunnarlaust hefði verið að fara rjett með —, en í blaðinu var því haldið fram, að rekstrarkostnaður verslunarinnar hefði orðið 40 til 50%. En þetta var gert í villandi skyni, því að þegar svo er tekið til orða um kostnaðinn, þá er altaf miðað við verslunarveltuna, en ekki við hagnaðinn. Í þessu lá blekkingin, og það er hart af manni í þeirri stöðu, sem hv. 3. landsk. var þá, að kostnaður, sem aðeins nam 2%, skuli í opinberri blaðagrein talinn 40—50%. Það er þetta, sem jeg kalla að fara gálauslega með tölur, og það getur ekki verið gert nema í þeim tilgangi einum að tortryggja í augum landsmanna þennan ríkisrekstur. Þess vegna sje jeg ástæðu til að taka það fram, að slík fyrirtæki, þó rekin sjeu fyrir reikning ríkisins, þarfnast ekki síður rjettarverndar heldur en þau, sem rekin eru af einstökum mönnum. Þess vegna skil jeg ekki, hvers vegna t. d. verslun Björns Kristjánssonar eigi að vera rjetthærri heldur en fjelag, sem samanstendur af mörgum borgurum ríkisins. Og jeg skil heldur ekki, hvers vegna hv. 3. landsk. leggur á móti frv. og vill því láta haldast, að heimilt sje að áfella ríkisrekstur með órökstuddum sleggjudómum. Og að fyrir einstaklingana eigi það við, eins og stendur í vísunni: „að allan andskotann er þar hægt að gera", þá verði þó það opinbera að þola möglunarlaust hverskyns álitsspilli sem er.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hv. 3. landsk. verður ekki annað sjeð en að fyrir honum vaki undarlegur tvískinnungur á verslunarrekstri, eins og hann álíti, að hjer í Reykjavík eigi að gilda aðrar reglur en annarsstaðar á landinu, og verður svo hissa yfir því, að hv. 1. þm. G.-K. skuli ekki mega vaða hjer uppi með óhróða orð um menn og málefni. Hann heldur kannske að það sje samkvæmt þingsköpum að kalla menn „skratta", eins og hv. 1. þm. G.-K. gerði. (**JÞ**: Hann gerði það alls ekki. — **BK**: Jeg viðhafði engin slík orð!). Það er ekki nema eftir þm, að vilja ekki standa við orð sín. En það er venja mín að senda andstæðingunum spjótin til baka, og venjulega með nokkru meira afli en þau koma. Mun svo enn fara, hvort sem íhaldsmönnum líkar betur eða ver.

Annars kann jeg því illa, að hv. 3. landsk. sje með vandlætingarræður á þingi, þar sem vitanlegt er, að í kjölfar hans inn á þing hefir siglt strákur, sem nú er grófyrtasti maður á þingi og sem fyrir fáum dögum ljet sjer sæma niðri í hv. Nd. að hafa yfir þennan vísupart yfir manni úr þessari hv. deild, sem átti

þar þó málfrelsi: „Enginn bað þig orð til hneigja, illur þræll, þú máttir þegja“. Jeg ætla mjer því ekki að sitja undir siðferðisprjedikunum slíkra manna án þess að svara þeim fullum rómi.

Maður skyldi nú ætla, að hv. 3. landsk., sem einn fávís samherji hefir nefnt „heila heilanna“, væri læs, en sje hann það, þá hlýtur skilningi hans að vera eitthvað ábótavant, ef dæma á eftir því, hvernig hann skilur frv. þetta. Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 1. gr. frv.; hún hljóðar svo:

„Hlutafjelög, samlagsfjelög, samvinnufjelög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn órjettmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til þess að hnekkja atvinnurekstri þeirra“.

Það, sem hjer er farið fram á, er því ekkert annað en jafnrjetti. Og það, sem kemur þessum tveimur hv. þm. til þess að grípa sverð og skjöld, er ekki annað en það, að þeir vilja berjast fyrir því, að fyrirtæki samvinnumanna og landsfyrirtæki sjeu rjettlægri í þessu efni en einstaklingarnir. Með öðrum orðum, það er verið að lögleiða, að það megi ekki fremur hafa órjettmæt ummæli um Kaupfjelag Eyfirðinga heldur en um sementsverslun hv. 3. landsk.

Er það þá ekki spaugilegt, að þessir menn skuli berjast með hnúum og hnefum á móti því, að menn megi flytja á prenti órjettmæt ummæli um fjelagsrekstur eða önnur sameiginleg fyrirtæki?

Það er hvergi bannað að flytja rjettmæt ummæli, ekkert annað gert en að banna þau órjettmæt ummæli, sem ætla má, að sjeu til spillingar fjelagsskapnum.

Á þessum grundvelli verður málið háð, og það er ekki til neins fyrir hv. 3. landsk. að reyna að halda því fram, að grundvöllurinn sje ekki nægilega skýr. Öll mótstaða þeirra manna, sem ekki vilja þessa gr. frv. staðfesta, gengur í þá átt að búa til smugu fyrir órjettmæta gagnrýni gagnvart samvinnufjelögum og landsverslun.

Auðvitað á að mega tala um atvinnufyrirtæki, kaupmenn sem kaupfjelög, að svo miklu leyti sem það eru almenn ummæli, sem ekki baka fyrirtækinu tjón. Ef t. d. væru viðhöfð þau skaðabótaskyldu ummæli, segjum t. d. um sementsverslun Jóns Þorlákssonar & Co., að það firma seldi dýrara sement en aðrir, þá gæti það firma fengið sjer dæmdar skaðabætur. En aftur á móti, ef sömu ummæli væru viðhöfð t. d. um Kaupfjelag Borgfirðinga eða Kaupfjelag Stykkishólms, þá geta þau ekki rekið rjettar síns, og verða slíkar rjettarreglur að teljast harla undarlegar. Þetta á að laga. Það á að brjóta á bak aftur þennan rangláta hugsunarhátt hv. 3. landsk. og annara þeirra, er þannig ályktа, að þeim eigi að vera heimilt að fara með ranglát ummæli um atvinnufyrirtæki, einungis af því að þau sjeu stofnanir samvinnufjelaga eða landsins.

Eftir þessari skoðun háttv. 3. landsk. ætti t. d. að mega viðhafa röng ummæli um Landsbankann, en ekki Íslandsbanka, af því að Landsbankinn er sameiginleg eign allra landsmanna, en Íslandsbanki, eins og kunnugt er, að einhverju leyti eign útlendra manna. Gagnrýni á hendur bönkunum yrði því aðeins hættuleg í öðru tilfellinu, þótt

órjettmæt væri í báðum tilfellum. Það er því alveg fjarstæða hjá hv. 3. landsk. að vilja halda því fram, að þetta frv., ef það yrði að lögum, útilokaði almennar umræður um atvinnufyrirtæki, heldur leggur það þann grundvöll, að segja beri satt og rjett frá, jafnt um allskonar atvinnufyrirtæki.

Hv. 3. landsk. vildi halda því fram, að samábyrgð kaupfjelaganna sje aðeins bráðabirgðafyrirkomulag. Það kann að vera, að einhver merkur samvinnumaður hjer á landi hafi einhverntíma látið þau orð falla. En jeg vil geta þess hjer, að sá maður, Severin Jörgensen, sem einna best og viturlegast og af mestri reynslu hefir ritað um samvinnumál í Danmörku, og verið hefir fyrir dönsku kaupfjelögin slíkur maður sem Jón Sigurðsson fyrir íslenskt sjálfstæði, segir eftir 40 ára reynslu, að samábyrgðin sje æskileg og eigi að haldast, ekki einungis vegna efnahagsins, heldur einnig vegna hinna siðbætandi áhrifa, er hún hefir. (**BK:** Hvernig er ábyrgðin í Danmörku, hve stór er hún og hve víðtæk?). Hún er ótakmörkuð þar eins og hjer. (**BK:** Jeg get sannað, að svo er ekki). Mjer þætti gaman að sjá þau falsskjöl, því að annað gæti það ekki verið. (**BK:** Jeg býst við, að lög fjelaganna nægi til þess að sýna það). Jeg get líka lagt fram önnur gögn, er sanna það gagnstæða. Annars er það álitamál, hvort það eiga að vera rjettindi fávísrar elli að segja ósatt og fara með fásinnu, án þess að það sje hrakið.

Að lokum vil jeg geta þess, ef hv. 3. landsk. þykist móðgaður fyrir hönd hv. 1. þm. G.-K., að það má gera ráð fyrir því, að það eigi fyrir hv. 1. þm. G.-K. að liggja að hverfa á burtu úr þessum heimi, eins og aðrir dauðlegir menn. Og til þess að hv. 1. þm. G.-K. geti haldið áfram lífsstarfi sínu, því, að fjandskapast við kaupfjelög, þá er honum nauðsynlegt, að þar sjeu einnig kaupfjelög, og finst mjer það vöntun á trúarlegum áhuga hjá hv. 3. landsk., að vilja ekki leyfa, að gert sje ráð fyrir ódauðleika kaupfjelaganna í sambandi við þennan fjandmann samvinnustefnunnar.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjmrh. talaði um sjálfsskuldarábyrgð og samábyrgð og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri hið sama. Sá, sem tekst á hendur sjálfsskuldarábyrgð, veit altaf um takmörk fyrir skuldbindingu sinni, en sá, sem tekur á sig samábyrgð, eins og kaupfjelaganna hjer, getur ekki vitað, hve mikla ábyrgð og áhættu hann tekur á sig um leið. Þetta er verulegur munur, en jeg er ekki með þessu á neinn hátt að láta í ljós skoðun mína á því, hvort samábyrgð sje alment heppileg eða ekki. Mjer finst það ekki nema eðlilegt, að fátækir menn, sem hug hafa á því að bæta efnahag sinn, grípi til þeirra ráða, sem fyrir hendi eru, meðan þeir geta gert það á heiðarlegan hátt.

Jeg verð að leiðrjetta það eina dæmi, sem hæstv. fjmrh. tók til þess að sýna það, að jeg hefði farið skakt með tölur. Jeg hefi altaf í þessu tilfelli, sem hann talaði um, tilgreint rjettar tölur og hefi altaf látið fylgja þau orð, sem skýrðu, við hvað var átt.

Það var rjett með farið hjá hæstv. fjmrh., að jeg hefi sagt, að tilkostnaðurinn við það að láta tóbaksverslun

ríkisins afla ríkissjóði tekna nemi 40 til 50% af tekjunum. Þetta er villandi, segir hæstv. fjmrh., vegna þess að það sje aldrei vani að reikna tilkostnað af nettótekjum. Jeg var hjer að gera samanburð á tilkostnaðinum við þessa tekjuöflun ríkissjóðs og tilkostnaðinum við aðrar leiðir til þess að afla ríkissjóði tekna, meðal annars tollaleiðina. Því hefir mikið verið haldið á lofti, hve mikinn tilkostnað landsmenn verði að borga við tollaleiðina. En jeg hygg, að það sje ómótmælanlegt, að landsmenn borgi þó hærri tilkostnað við tekjuöflun tóbaksverslunarinnar heldur en við tekjuöflun ríkissjóðs á öðrum sviðum. Jeg segi þetta ekki til þess að finna að því, hvernig verslunin var rekin. Jeg kannast ekki við það, og mjer þykir það leiðinlegt, að hæstv. fjmrh. skuli hafa sagt það, að jeg noti rangar tölur. Jeg þykist ekki hafa gert það og jeg hygg, að bæði honum og öðrum verði torfundnar rangar tölur í því, sem jeg hefi sagt og ritað um fjármál, nema þá óviljandi villur, sem auðvitað geta komið fyrir hjá mjer sem öðrum.

Hæstv. dómsmrh. fór að afsaka sig fyrir orðbragð sitt, og verð jeg að segja það, að mjer finst, að full ástæða sje til þess fyrir hann. Í þessu sambandi kvartaði hann undan því, að hv. 1. þm. G.-K. hefði kallað sig skratta. Það gerði hann nú ekki. Hann nefndi aðeins gamlan talshátt, sem sagt er, að eigi rót sína að rekja til munnmælasögu um Lúter, þegar hann dvaldi um stundarsakir í kastalanum Warthburg. Er sagt, að hann hafi þá þótst sjá skrattann á veggnum og hafi þá gripið til blekbyttu sinnar og fleygt henni í kölska til þess að fæla hann frá sjer. Enginn álítur Lúter minni mann, þótt svona hafi farið fyrir honum, og mjer finst enginn þurfa að firtast af því, þótt sagt sje um hann, að hann „máli skrattann á vegginn".

Hæstv. dómsmrh. tók eftir því, sem jeg sagði um frv. Hann lýsti því með mörgum og sterkum orðum, eins og honum er lagið, hvílík bíræfni það væri af mjer, að jeg skuli ekki geta verið ánægður með ákvæði frv.

Jeg get ekki sjeð, að tilgangur frv. sje annar en sá, að hefta almennar, nauðsynlegar umræður um atriði, sem varða alþjóð. Það kom berlega í ljós af ræðu hæstv. dómsmrh., að hann skilur frv. svo, að óheimilt eigi að vera að ræða það opinberlega, hvort holt sje að hafa samábyrgð, eða hvort það geti verið hættulegt, hve víðtæk hún sje. Þetta sjest ekki á frv., en heyrðist á ræðu hæstv. ráðh. Og jeg verð að telja það of langt farið og í alla staði óheilbrigt, ef banna á að ræða mál, er svo mjög varða alla landsmenn. Það væri alveg hliðstætt að banna að tala um það, ef t. d. 2—3 kaupmenn í hverri sýslu viðhefðu verslunarrekstur, sem væri óheppilegur og óhollur almenningi.

Hafi jeg lagt annan skilning í lesmál 1. gr. en hinn rjetta, þá er það hæstv. dómsmrh. að kenna, og þar með þessi „bíræfni" mín, sem hann kallar svo. Jeg hefi sjerstaka ástæðu til þess að taka til greina ummæli hæstv. dómsmrh. um þessa gr. frv., bæði vegna þess, að hann er flutningsmaður og sennilega höfundur þess, og vegna þess að hann hefir það, vegna stöðu sinnar, sjerstaklega á valdi sínu, hvernig lögunum er beitt.

Þá var hæstv. dómsmrh. ekki ánægður með afstöðu mína til almennra um-

ræðna um opinberar stofnanir. Hæstv. fjmrh. lagði þar rjettari skilning í orð mín, en þó meiri en jeg ætlaðist til. En hæstv. dómsmrh. sór sig þar í ætt við sjálfan sig. Jeg get ekki skilið, hvað hann meinti með því, að menn hefðu frekara frelsi til þess að segja ósatt um opinbera stofnun en einstaklinga eignir, vegna eignarrjettar síns í hinni alþjóðlegu stofnun. Menn hefðu t. d. leyfi til þess að segja ósatt um Landsbankann, en ekki Íslandsbanka, — og þetta kallar hann í næstu andránni „gagnrýni". Með þessu, að segja að ósannindi sjeu það sama sem gagnrýni, er hæstv. dómsmrh. að lýsa sinni alþektu framkomu í opinberum málum. En jeg segi, að það sje aldrei heimilt að segja ósatt um neinn í opinberum málum.

Ef það er rjett, sem Severin Jörgensen kvað hafa sagt um samábyrgð, að hún sje svo siðbætandi, þá vona jeg, að hæstv. dómsmrh. verði svo lengi í samábyrgðarfjelögum, að hann batni svo siðferðislega, að hann hætti að telja ósannindi gagnrýni.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vil fyrst leyfa mjer að svara því, sem hv. 3. landsk. sagði. Hann virtist álíta, að það væri eðlismunur á þessum tveimur ábyrgðum, sjálfsskuldarábyrgð og samábyrgð. Aðalmunurinn væri sá, að þegar um samábyrgð væri að ræða, þá væri upphæðin, sem ábyrgst væri, svo ótiltekin, að menn vissu eiginlega ekki, hvað þeir væru að takast á hendur. Um sjálfsskuldarábyrgð væri öðru máli að gegna, því að þá vissu menn ávalt, hver upphæðin væri. Þetta er að sumu leyti rjett, en ekki að öllu leyti. Því að því er nú svo farið með sjálfsskuldarábyrgð, að það eru oft, ef til vill, fleiri en einn, sem takast hana á hendur, og getur þá oft svo farið, að einn eða fleiri heltist úr lestinni, svo að ábyrgðin hvíli ef til vill að lokum aðeins á einum manni. Og það virðist því augljóst, að mönnum getur verið það ómögulegt, jafnvel þótt um sjálfskuldarábyrgð sje að ræða, að gera sjer grein fyrir því í upphafi, hve stór ábyrgðin sje í raun og veru og hve mikla áhættu þeir taki á sig með skuldbindingunni. En hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. G.-K. virðist vera það nokkuð óljóst, hvernig samábyrgð er varið. En hverjum einasta manni, sem er í samvinnufjelagi, er það fyllilega ljóst, hve mikla ábyrgð hann tekur á sig með samábyrgðarskuldbindingunni.

Þegar um samábyrgðir er að ræða, þá er það vanalega innan sjerstakrar deildar, svo að það er hægt að vita það fyrirfram, hvar ábyrgðarþunginn muni lenda, ef illa fer.(**BK:** Ekki eftir lögunum). Þetta var óþarft innskot hjá hv. 1. þm. G.-K., því jeg álít altaf hyggilegra að halda sig við veruleikann en lagabókstaf, sem ekki getur ætíð átt við. Ef t. d. 40—50 þúsund landsmanna gengju í samvinnufjelag, þar sem samábyrgðarupphæðin væri viss, segjum t. d. 2—3 milj. kr., þá get jeg ekki sjeð, að hægt sje að nota það sem grýlu, að þetta væri slíkt skaðræði, að það gæti orðið til þess að eyðileggja framtíð þeirra. Um leið vil jeg minna hv. þm. á það, að það er til önnur samábyrgð, þar sem við erum allir ábyrgir, sem sje þjóðfjelagssamábyrgðin. Og þótt heyrst hafi raddir um það, að áhlaðið

sje hjá samvinnufjelögunum, þá er þó samábyrgð þeirra hverfandi lítil í samanburði við þá samábyrgð. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en það hafa, eins og oft vill verða, dregist önnur atriði inn í umræðurnar. Það hefir meðal annars verið rætt um gagnrýni í sambandi við opinberar stofnanir. Jeg verð að álíta, að ónákvæm og órjettmæt gagnrýni sje ekki síður skaðleg opinberum stofnunum en einstaklingafyrirtækjum. Gagnrýni er auðvitað sjálfsögð, nema því aðeins, að hún gangi í þá átt að villa almenningi sýn.

Hvað það atriði snertir, sem jeg og hv. 3. landsk. ræddum um, þá verð jeg að segja það, að mjer virðist sú aðferð, er hann viðhafði til þess að kynna landsmönnum útkomuna af rekstri tóbaksverslunarinnar, nefnilega að miða tilkostnaðinn við hagnað, geti tæpast hafa verið notuð í öðrum tilgangi en þeim, að láta tóbaksverslunina líta miður tryggilega út í augum landsmanna. Hitt er algild regla, að miða kostnaðarhlutföllin við verslunarveltuna. Þetta verð jeg að telja ónákvæmni í meðferð með tölur hjá hv. 3. landsk. Sama ónákvæmni kom í ljós í ummælum um steinolíuverslunina í greinum, sem birtust í blaðinu „Verði" í sumar. Jeg fullyrði ekki, að þær greinar sjeu skrifaðar af hv. 3. landsk., en jeg geri ráð fyrir, að þær hafi ekki birtst þar án hans vitundar og vilja. Jeg er ekki svo elskur að „Verði", að jeg beri hann á mjer að jafnaði, en jeg býst við, að það verði möguleikar á því að athuga það mál nánar síðar. Þar er, sem sagt, sama aðferðin notuð, en þó freklegar fært úr lagi.

Þá hefir verið gert mikið að því að koma þeim skilningi inn hjá landsmönnum, að verslunarfyrirtæki ríkisins fari svo ógætilega með lánveitingar, að landinu geti stafað hætta af. Þetta kom berlega í ljós í þáltill., sem fram kom á síðasta þingi, og er því óþarfi að fjölyrða meir um það. En jeg mun ekki bera kinnroða fyrir niðurstöðu þess máls, þegar öll kurl koma til grafar. Jeg vil halda því fram, að eftir þau 10 ár, sem jeg hefi verið riðinn við landsverslunina, þá sje ekki hægt að benda á eina einustu stofnun í landinu, sem geti sýnt eins góða afkomu í þeim efnum, þegar tekið er tillit til þess, hve veltan er stór. Og ef það fje, sem kann að hafa tapast, er borið saman við samskonar tap banka og þesshátta stórfyrirtækja, þá er jeg alls óhræddur við þá niðurstöðu.

Jeg vil taka það fram, að allar dylgjur um þetta, sem fram hafa komið í þáltill. og annarsstaðar og reynt hefir verið að gera landsverslunina tortryggilega með, hafa við alls engin rök að styðjast.

Menn hafa verið með ádeilur á landsverslunina. Þeir hafa gert ósköpin öll úr því, hve illa innheimtust skuldir verslunarinnar. Þetta hefir miður góð áhrif á skuldunauta. Þeir vitna í þingskjölin og segja, að þar sjáist, að ekki sjeu lakari skil hjá þeim en öðrum. (**JÞ**: Á frv. að hindra þetta?). Hvað sem því líður, mætti ætla, að menn færu ekki á þingi með óþarfa fleipur, sem spillir fyrir stofnunum ríkisins. En um það hafa sumir þm. gert sig seka, en jeg vil ekki fullyrða, hvort þeir hafa gert það af illgirni eða fáfræði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það gleður mig, að ræða mín síðast hefir

sýnt hv. 3. landsk., að mótstaða hans og hv. 1. þm. G.-K. gegn frv. er fjarstæða. Þegar jeg las frvgr. upp fyrir honum áðan, virðist það hafa runnið upp fyrir honum, að hún væri alveg eðlileg. Jeg vona, að hv. þm. skiljist það til fullnustu, að það er í rauninni ekki ákaflega mikilsvert að halda í rjettinn til að skrökva upp á samvinnufjelög og landsverslun, og endirinn verði sá, að hann greiði frv. atkvæði.

Hv. þm. hjelt því fram, að jeg hefði sagt nú í umræðunum, hver ummæli ættu að vera leyfileg og hver ekki, og vegna þeirrar útskýringar minnar væri hann hræddur við að samþykkja frv. En jeg vil fræða hann um það, að þegar lög eru skýrð, er farið eftir orðalagi þeirra sjálfra, en ekki því, sem um þau kann að hafa verið sagt. T. d. mundi enginn lögskýrandi taka mark á fjarstæðum þeim, sem hann hefir látið sjer um munn fara um frv. þetta.

Þegar jeg mintist á rit hv. 1. þm. G.-K. um kaupfjelögin, datt mjer vitanlega ekki í hug, að banna ætti þeim hv. þm. að skrifa. Mjer þótti bara ekki ótilhlýðilegt að rifja upp liðnar stundir við þetta tækifæri.

Ekki get jeg sagt, að mjer fyndist lítið til um valdauka þann, sem hv. 3. landsk. vildi gefa mjer, þar sem hann gaf í skyn, að jeg rjeði lagaskýringum dómstólanna. Jeg veit ekki til þess, að það komi til mála, og óska mjer þess ekki. Hjer er um draumsjónir að ræða hjá hv. þm., og vona jeg, að hann losni við þær, ef svo kynni að fara, að hann yrði sjálfur dómsmálaráðherra, þegar jeg læt af því starfi. (JÞ: Guð forði mjer frá því).

Það fer ekki fallega á því, að hv. 3. landsk. tali um ósannindi og ljóta blaðamensku. Hvernig hefir hv. þm. farið að því að vera formaður Íhaldsflokksins, ef hann hefir óbeit á slíku? Eða hefir hann engin áhrif á þær bardagaaðferðir, sem flokkurinn beitir? Veit hann ekki, hvernig það orðbragð er, sem blaðamenn flokksins hafa notað fyr og síðar — í vörninni fyrir hann í kosningahríðinni í sumar og nú í gremju sinni yfir ósigrinum? Heldur hann, að það tíðkist í Englandi, eins og í aðalstuðningsblaði hans hjer í Reykjavík, að innan um þingfrjettir sje dreift skömmum um andstæðingana? (JÞ: Hvað höfðingjarnir hafast að . . . .). Nei, hv. 3. landsk. má vera viss um, að svona blaðamenska þekkist hvergi nema í hans eigin herbúðum. Það er t. d. enginn vafi á því, að jeg mundi geta farið í mál við aðalblað hans til jafnaðar einu sinni á dag alt árið og fengið það dæmt í sektir fyrir meiðyrði, ef jeg aðeins nenti að hafa fyrir því. Það þarf annað og meira en venjuleg brjóstheilindi til þess að halda því fram, að yfirmaður þessa blaðs og annara þvílíkra sje á móti ósannsögli og ókurteisi.

Það er mjer fagnaðarefni, að háttv. 3. landsk. óskar mjer þess, að jeg megi læra af ritum Severin Jörgensens. Jeg held, að mjer sje óhætt að skilja þetta svo, að hann viðurkenni, að misbrestir á siðgæði hjá honum og flokki hans stafi af því, að þá vanti þekkingu á samvinnufjelagsskap. Jeg er heldur ekki vonlaus um, að þau litlu kynni, sem hann hefir haft af samvinnu, muni hafa einhver bætandi áhrif á hann. A. m. k. vill hann nú stofna einskonar samvinnufjelag til þess að reka síldarverksmiðju á Siglufirði. Það er raunar ekki fráleitt, að sumum fylgismönnum

hans hafi þótt þessi tillaga beisk á bragðið og hún kunni því að hafa orðið honum sjálfum til einhvers ógagns. En hún sýnir, að hjartað er að batna. (JÞ: Og þó er jeg ekki í neinni samábyrgð). Einhvernveginn hefir þó síldin á Siglufirði hitað honum svo um hjartaræturnar, að þessi angi samvinnunnar getur þrifist þar.

Jón Þorláksson: Þó að sumir sjeu að reyna að dylja svipbrigði sín og vera alvarlegir, sje jeg, að nú brosa allir — þegar hæstv. dómsmrh. er að vanda um blaðamensku hjá öðrum. Það var að skilja á honum, að jeg hefði haft einhverja umsjón með því, sem prentað hefir verið hjer á landi. Hana hefi jeg áreiðanlega ekki haft. Hefði svo verið, mundi jeg hafa komið í veg fyrir þann aurstraum, sem fyrir nokkrum árum var byrjað að veita inn í íslenska blaðamensku. Var ilt, að svo skyldi fara, því að þá var hún farin að skána mikið frá því, sem áður var. En jeg vil biðja menn að muna, að það var ekki Íhaldsflokkurinn, sem átti sök á, að svo raunalega fór.

Um skiftingu dóms- og framkvæmdavalds er jeg eins vel að mjer og hæstv. dómsmrh. En það vita allir, að hann er mikill ráðamaður í öllum ráðuneytum um þessar mundir. Ætla jeg því, að hann mundi ráða nokkru um, hvar reiða skyldi upp lagavöndinn vegna opinberra fyrirtækja. Að því lutu ummælin í síðustu ræðu minni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þegar hv. 3. landsk. talar um blaðamenskusiðgæði, held jeg, að honum væri holt að minnast þeirra daga, þegar hann var ráðamaður í Heimastjórnarflokknum. Í aðalblaði þess flokks var þá sagt um einn merkan fylgismann Björns Jónssonar, að rjettast væri að þekja bakið á honum með fölskum og stolnum bankaseðlum. Er þetta gott dæmi um blaðamenskuháttprýði samherja hv. 3. landsk. á þeim dögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 336 og 341).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. nefndarinnar vill samþ. frv. óbreytt, en minni hl. fella það.

Allshn. leitaði umsagnar og álits lagadeildar háskólans um þetta mál, og fylgir það prentað með áliti minni hlutans. En þó að álit lagaprófessoranna sje það, að þetta frv. sje óþarft, þá áleit meiri hl. allshn. rjett, að frv. þetta gengi áfram. Í vitund almennings er því svo háttað, að hann telur, að ýms fjelög og opinber fyrirtæki njóti ekki sömu lagaverndar og einstakir menn. Og jeg er viss um, að ef þetta verður samþ., þá verður, hvað sem áliti prófessoranna líður, litið öðruvísi en áður á þetta. Ein ástæða stjórnarinnar fyrir frv. er sú, að svo hafi virst, sem sumir dómarar litu á samvinnukaupfjelögin sem opinberar stofnanir, er stæðu undir almennri „kritik" og hefðu því ekki sömu lögvernd og einstakir menn.

Viðvíkjandi formi frv. taldi nefndin

ekki neitt að athuga. Þar sem talað er um prentað mál í frv., þá taldi nefndin, að það gilti og um vjelritað mál. Að minsta kosti er ekki gerður greinarmunur á þessu tvennu hjer á Alþingi, því í þingsköpunum stendur, að dagskrárnar skuli vera prentaðar, en þær eru nú jafnan vjelritaðar. Læt jeg svo þetta nægja og mun ekki taka aftur til máls, nema jeg þykist knúður til þess.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg skal ekki heldur eyða mörgum orðum að þessu frv. Á þskj. 336 er álit lagadeildar háskólans prentað, og telja prófessorarnir, að frv. þetta geri enga breytingu á gildandi lögum um þetta efni og sje þessi lagasetning því óþörf. Jeg hefi samkvæmt því áliti lagt til, að frv. verði felt. Þarf jeg varla að færa frekari rök fyrir því en gert er á þskj. 336. Það er ekki venja að vera að taka kafla út úr gildandi lögum og gefa þá út sem ný lög.

Út af ummælum hv. frsm. meiri hl. vil jeg segja það, að eigendur fyrirtækjanna hafa yfir höfuð rýmri rjett til að tala um rekstur þeirra en aðrir, og þegar um opinber fyrirtæki er að ræða, eru eigendurnir auðvitað allur almenningur. Það er samskonar rjettur og landsmenn hafa yfirleitt til að segja meiningu sína um opinber mál.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af því skjali, sem hv. 3. landsk. mintist á og lagði fram í málinu sem gagn, vil jeg benda á, að reynslan sýnir alt annað. Í frv. er skýrt tekið fram, að kaupfjelög, samlagsfjelög o. s. frv. eigi að njóta sömu rjettarverndar og einstakir menn. Nú segir hv. 3. landsk., að það verði að leyfa harðari „kritik" um opinber fyrirtæki, sem sjeu almenningseign, og eigendurnir hafi því leyfi til að tala um þau. — Nú skulum við gera ráð fyrir, að landið reki verslun með byggingarefni í frjálsri samkepni við aðra og að fram komi órjettmæt ummæli um hana. Þá ætlast hv. þm. til, að gagnrýnin megi vera harðari á þessu fyrirtæki, af því að það sje eign landsins, en ef einstakur maður ætti það, og er þá auðvelt fyrir keppinautana að spilla fyrir því.

Að því er kemur til samvinnufjelaganna er öðru máli að gegna en um fyrirtæki landsins, því að þau eru alveg takmarkaður einkafjelagsskapur, sem starfar aðeins fyrir þá, sem í þau ganga, og ekki aðra. Nú verða þau bótalaust að þola harðari gagnrýni en kaupmenn, — eða reynslan hefir orðið sú.

Ef það er t. d. sagt á prenti um fyrirtæki einstakra manna, að þau sjeu illa stæð eða þeim glæpsamlega stjórnað, þá fara eigendur þeirra í mál og fá sjer dæmdar skaðabætur. Háttv. 3. landsk. heldur því fram, að samvinnufjelögin eigi að þola meiri gagnrýni en einkafyrirtæki, af því að þau sjeu almenningseign. En sannleikurinn er samt sá, að mál samvinnufjelaganna koma engum við öðrum en þeim, sem í þeim eru, að minsta kosti ekki sú tegund gagnrýni, sem hjer er um að ræða.

Nú viðurkennir háskólinn í niðurlagi álits síns, að um þrjár leiðir sje að ræða. Í fyrsta lagi að dæma bætur ávalt, er ummælum er svo háttað, að þau gætu hafa valdið tjóni. Í öðru lagi að dæma bætur aðeins fyrir tjón, sem sannað er, og í þriðja lagi að dæma skaðabætur eftir líkum. Það er nú fyrst

og fremst alveg furðulegt, að lagadeildin skuli leyfa sjer að halda því fram í einu, að enginn vafi sje á um þetta og jafnframt, að um þrjár leiðir sje að velja. Ennfremur er þess að gæta um þessa ágætu menn, sem undir þetta álit hafa ritað, að þeir hafa allir verið riðnir við dóma, sem snerta deilumál það, sem hjer er um að ræða. Það er á allra vitorði, að prófessor Einar Arnórsson vann að undirrjettardómunum í skaðabótamálum Sambandsins gegn Birni Kristjánssyni og Garðars Gíslasonar gegn ritstjóra Tímans, núverandi hæstv. forsrh. Þó að þetta sje ekki sannanlegt, þá er það vitað, að hann undirbjó þessa dóma, enda mundi prófessorinn varla neita þessu opinberlega. Þessi prófessor taldi þá rjett að dæma ritstjóra Tímans í 25 þús. kr. skaðabætur, þó að gangi beint fram af málsskjölunum, að ekkert tjón hafi orðið af ummælum blaðsins fyrir G. G., heldur þvert á móti hið gagnstæða, ef nokkuð var. Þessum dómi breytti svo hæstirjettur á þá leið, að hann lækkar bæturnar úr 25 þús. niður í 5 þús., með þeim forsendum, að tjón hefði getað orðið af gagnrýninni. En það var sannað, að um slíkt var ekki að ræða.

Hinir tveir prófessorarnir voru varadómarar í hæstarjetti og dæmdu þar í máli „Sambands íslenskra samvinnufjelaga" gegn hv. 1. þm. G.-K., sem öllum er kunnugt. Þessir háskólakennarar, hversu góðir, sem þeir annars kunna að vera, eru því allir úr leik í þessu máli, vegna aðstöðu sinnar til þeirra tveggja dóma, sem mestur ágreiningur hefir orðið um og ósamræmi rjettarfarsins mest áberandi. Það er þetta, sem veldur því, að þeirra dómur verður að litlu hafður í þetta sinn. Þeir eru hjer að dæma í máli, þar sem þeir eiga fortíð sína að verja. Það er því furða, að þeir skuli leyfa sjer að koma fram í þessu máli og ætlast til þess, að þingið fari eftir áliti þeirra. — Það er einnig ljóst, að hæstirjettur hefir breytt um stefnu. Í öðru tilfellinu eru dæmdar bætur af því, að tjón hefði getað orðið, en í hinu engar, af því að ekki sje sannað, að nokkurt tjón hafi átt sjer stað. Og hvar er þá rjettaröryggið í landinu? Þá getur svo farið, ef rjettarvenjan er ekki ákveðin og sjálfri sjer samkvæm, að almenningur fari að hugsa sem svo, að dæmt sje eftir því, hver í hlut á.

Við samningu þessa frv. gat stjórnin valið hverja af þeim þrem leiðum, sem lagadeildin getur um, en hún kaus helst að fara þá leiðina, sem einföldust er, til að hindra í framtíðinni ósamrýmanlega dóma út af órjettmætri gagnrýni.

Með því að samþykkja þetta frv. er rjettarvenjan ákveðin í þessu efni og um leið allar getsakir um hlutdrægni útilokaðar.

Jeg hefi nú sýnt fram á nauðsyn þessa máls og ennfremur það, að álit lagadeildarinnar verður að engu haft í þessu máli, vegna aðstöðu prófessoranna. Reynslan hefir verið óglæsileg í þessu efni. Með því að samþykkja þetta frv. er bætt úr þessu og það hindrað, að hægt verði að leika sjer með þessi mál, eins og virðist hafa verið gert í sumum undangengnum tilfellum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. var að vanda mikið niðri fyrir. Hann fór að tala um bygg-

ingarefnaverslun ríkisins, sem aldrei hefir verið til, og að taka dæmi af slíku er sama sem að vísa í reynslu, sem aldrei hefir átt sjer stað.

Jeg verð nú að segja, að jeg veit ekki neitt teljandi um þessa tvo dóma, sem hæstv. ráðh. talaði um. Jeg veit heldur ekki til, að það liggi fyrir hjer að setja lög um dæmda dóma. Hæstv. ráðh. virtist vera mjög óánægður með þessa dóma, ekki sem dómsmrh., heldur vegna fyrri aðstöðu sinnar gagnvart umræddu atvinnufyrirtæki. Það er nú í sjálfu sjer ekki neitt óalgengt, að menn sjeu óánægðir með dóma. Það er altaf svo um þá, sem kallað er, að verði undir, að þeir eru meira og minna óánægðir með úrslitin. En það haggar ekki neitt því trausti, sem almenningur ber til rjettdæmis dómstólanna. Það er aðeins hugarburður hans sjálfs, að almenningur hugsi nokkuð slíkt.

Þá vildi hæstv. ráðh. gera lítið úr áliti lagadeildar háskólans, af því að allir prófessorarnir hafi verið riðnir við dóma um mál, sem mundu heyra undir þetta frv. Jeg fæ nú ekki sjeð, að þessir menn hafi verri aðstöðu til að geta gefið þingnefnd skýrslu um mál af þeirri ástæðu, að þeir hafa haft tækifæri til að kynna sjer það alveg sjerstaklega vel. Mjer sýnist þetta einmitt meiri trygging fyrir því, að svarið geti verið vel grundað.

Þá skildist mjer hæstv. ráðh. greina á við prófessorana um það, hvað felist í orðum frv. um það, að bætur skuli miðast við það tjón, sem færðar eru sönnur á, að orðið hafi. Mjer skildist hæstv. ráðh. álíta, að þetta ætti að merkja sama og að tjónið væri sannað, en það meina prófessorarnir ekki. Þeir segja: „„Að færa sönnur á“ mundi væntanlega um þessi efni verða skilið svo af dómstólunum, að líkur nægðu, og greinin því engar breytingar gera á gildandi lögum“. Það getur vel verið, að hæstv. dómsmrh. hafi einnig hugsað sjer það, að tjónið skyldi vera sannað, og jeg skýt því til hans í vinsemd, að hann taki þá svo mikið tillit til orða prófessoranna, að hann beri fram brtt. við 3. umr. um þetta atriði, svo að hans hugsun sje ljós. En ef hann er ánægður með, að frv. fari í gegnum þingið með þeirri skýringu prófessoranna, sem hjer liggur fyrir, þá verð jeg að álíta það rjett, að það geri enga breytingu á gildandi lögum.

Það sýnist ekki standa mjer næst að halda hjer uppi vörn fyrir hæstarjett, en jeg vil skjóta því til flokksbræðra hæstv. dómsmrh., hvort þeim finnist ekki óviðfeldið og særandi að heyra æðsta dómstóli vorum brugðið um ranglæti og hlutdrægni úr sæti dómsmálaráðherrans.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg býst ekki við, að hjer verði langar deilur milli okkar hv. 3. landsk. Þar sem hann játar, að hann hafi litla eða enga þekkingu á þessum umræddu dómum, skal jeg með fáum orðum skýra málin nokkuð. — Svo stóð á, að kaupmaður hjer í Reykjavík keypti hross að vetrarlagi í Norðurlandi og ljet reka þau suður um Holtavörðuheiði og skipa þeim út hjer. Þá varð einn af ráðunautum Búnaðarfjelags Íslands, sem líka er einlægur dýravinur, til þess að átelja þetta og skrifaði um það greinar í „Tímann“. Út af

þessu spanst svo hörð deila, aðallega milli ráðunautsins og starfsmanna kaupmannsins. Ritstjóri Tímans mun sjálfur alls ekkert hafa sagt um þetta, en tók nokkrar greinar um málið, einkum frá kaupfjelagsstjórum og bændum. Síðan stefnir kaupmaðurinn blaðinu út af þessu og undirrjetturinn dæmdi, fyrir munn Einars Arnórssonar, en á ábyrgð bæjarfógetans í Reykjavík, ritstjórann, núverandi hæstv. forsrh., til að greiða kaupmanninum 25 þús. kr. skaðabætur. Þessu máli lauk svo fyrir hæstarjetti á þann hátt, að skaðabæturnar voru færðar niður í 5 þús. kr. Nú er það auðsætt, að ekki geta báðir dómarnir verið rjettir, Sambandsdómurinn og hrossadómur Garðars Gíslasonar. Það sannaðist fyrir hæstarjetti, að allir útflytjendur höfðu skaðast á hrossaversluninni það ár, og sömuleiðis að verslun kaupmannsins með hross hafði ekki minkað meira en annara. Þar var þá tvent sannað: Að verslunin með hross hafði yfirleitt minkað þetta ár og að skaði varð á hverju hrossi. Því var mestur hagur í að fá sem fæst hross þetta ár. En verslun kaupmannsins hafði ekki minkað tiltölulega meira en annara. Þetta viðurkendi hæstirjettur, en fjelst þó á skaðabótakröfuna með þeim forsendum, að ummælin hefðu getað skaðað atvinnurekstur kaupmannsins, þó að engar sannanir væru fyrir því.

Ef það er nokkuð, sem er vel fallið til þess að koma inn þeirri trú hjá borgurum landsins, að dómstólarnir sjeu ekki óskeikulir, þá eru það svona dómar, sem ganga hver ofan í annan, og þess vegna furðar mig á því, að það skuli vera nokkur sá málsmetandi maður í landinu, sem ekki finnist það betra að fá öruggan rjettargrundvöll, til þess að losna við þessa óvissu. Það er áreiðanlegt, að ef þetta frv. verður að lögum, þá fellur niður uggur um rjettleysi í þessu efni. Og í því máli, sem jeg nefndi áðan, hefði ekki verið um annað að ræða en að dæma eftir sönnuðum skaða, og hann var ekki til.

Nú vill hv. þm. ekki neita því, að um tvo af þessum prófessorum er það skjallega vitað, að þeir voru varadómarar í hæstarjetti og að þriðji maðurinn bjó til hina tvo gagnstæðu dóma. (JÞ: Jeg veit ekkert um þetta). Mig furðar satt að segja á því, að hv. 3. landsk. skuli ekki sjá það, þar sem það er vitað, að þessir dómar hafa verið ákaflega mikil hneykslunarhella í landinu, hvor um sig á sinn hátt fullkomið rjettarhneyksli, þá skiftir það ekki svo litlu máli, þegar verið er að byggja hjer þann grundvöll, sem á verður að reisa framtíðarrjettarfar landsins um mikilvægt atriði. Skjal þremenninganna verður hjer að skoðast sem fremur illa samið álit frá mönnum, sem eru sögulega riðnir við það mein, sem hjer á að lækna.

Best sannast þetta ef til vill á því, sem háttv. 3. landsk. var að reyna að gera sjer mat úr, að prófessorarnir hefðu sagt, að þegar ætti að fara að meta fjárhagstjón, þá yrði að miða við það tjón, sem væri bakað áður en málssókn væri hafin. Þeir koma með þá ágiskun, að þetta myndi væntanlega verða skilið svona. En það er alveg víst, að þetta verður ekki skilið svo, því ef þetta frv. verður samþykt sem stjfrv. frá núverandi dómsmrh., þá mun enginn íslenskur dómstóll leyfa sjer að dæma um þessi mál eftir skýringu prófessoranna, því að hv. þm.

hlýtur að vita, að það er ákaflega mikið farið eftir þeim skýringum, sem fylgja frv. frá þeim, sem bera þau fram.

Þetta frv. verður alveg til að slá niður gerræðisfulla dóma eftir líkum eða ofan í líkur, eftir því sem á stendur. Glundroðinn sjest á því, þegar einn dómarinn ákveður 25 þús. kr. bætur í máli, sem annar dómstóll metur á 5 þús. kr., og þar sem almenningsdómurinn hefir fyrir löngu lýst yfir fullkominni sýknu verjanda.

Þá sagði háttv. 3. landsk., að það kæmi sjer kannske illa fyrir hæstarjett, ef það kæmi fram „kritik“ á dómum hans. (**JÞ**: Það sagði jeg alls ekki). En það getur ekki öðruvísi verið, því ef þjóðin er komin á þá skoðun, að lögin sjeu ekki heppileg, þá bætir hún lögin. Hún býr til form, sem undirdómarar og hæstirjettur verða að fylgja, og hæstirjettur verður altaf undir dómi almenningsálitsins.

Nú er það beinlínis í þessu tilfelli alveg sannað, að hæstarjettardómurinn í máli Sambands íslenskra samvinnufjelaga gegn Birni Kristjánssyni og hæstarjettardómurinn í málinu Garðar Gíslason gegn ritstjóra Tímans voru svo gersamlega hvor á móti öðrum, að það er ekki nokkur brú á milli þeirra, og það er ennfremur játað, að hæstirjettur hafi skift um skoðun, og menn segja líklega, að hann hafi nú endanlega skift um skoðun og að nú verði aldrei dæmdir dómar eins og sá út af verslunarólaginu. En þjóðin vill hafa rjettaröryggi, og þess vegna er það, ef þetta frv. verður samþykt, að þá leyfa lögin engar þrjár leiðir, sem dómarar geti valið um í þessu efni. Vilji þjóðarinnar er að gera glöggar leiðir og fyrirbyggja allan efa um rjettlæti dómstólanna í þessu efni. Hin leiðin er að gera ráð fyrir því, að það geti verið þrjár leiðir opnar samtímis, — og hver getur þá sagt um það, að ekki verði farið eftir því, hver í hlut á?

Jeg segi það, að jeg sem dómsmrh. álít það skyldu mína að vinna að þeim umbótum á rjettarfarinu, að ólíkir dómar um sama málstað verði ekki dæmdir til tjóns fyrir land og lýð.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg hafði ekki ætlað mjer að fara í neinar deilur við hæstv. dómsmrh. út úr þessu nauðaómerkilega frv., en það verður þó ekki komist hjá því að minna hann á, að það er dálítið undarleg rökfærsla, sem hann notar. Hann er að tala um dóm, sem gengið hafi í skaðabótamáli, sem einstaklingur höfðaði gegn ritstjóra vegna atvinnuspillandi blaðaskrifa, en jeg held, að þessu frv. sje ekki einu sinni ætlað að gera neina breytingu á aðstöðu einstaklinga um þetta. Mjer hefir skilist, að meining hæstv. dómsmrh. sje — og það kemur eiginlega fram sá skilningur hjá hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar — að tryggja það, að fjelög og fyrirtæki fái sömu eða betri aðstöðu um þetta eins og einstaklingar hafa nú. (**Dómsmrh. JJ**: Greinarnar eru tvær í frv.). Já, þær eru tvær, en þetta hefir áður af hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. meiri hl. verið talinn tilgangur frv., og þetta er það eina, sem þeir hafa haldið fram, að verið væri að gera til breytingar á núverandi ástandi, svo að jeg varð þess vegna ákaflega hissa á þessu tali hæstv. ráðh. um dóma, sem hafa ekki

snúist um fjelög eða stofnanir, heldur um skaðabótakröfur einstaklinga.

Jeg geri ráð fyrir, hvað snertir þennan dóm um skaðabótakröfu Garðars Gíslasonar heildsala, sem hæstv. ráðh. nefndi og sagði langa sögu af, að þá hafi það verið talsvert einhliða framsetning. Mjer heyrðist hæstv. ráðherra tala líkast því, sem maður mundi hafa heyrt óánægðan málaflutningsmann tala, þegar hann hefir fengið dómstólinn á móti sjer; en jeg tek þetta aðeins fram af því, að jeg hefi engan kunnugleika á þessu máli, til þess að geta leiðrjett neinar getsakir, sem hæstv. dómsmrh. kann að hafa sett hjer fram, nje fylt í eyður, sem hann kann að hafa skilið eftir og þörf er á að útfylla, til að fá rjettan skilning á málinu. Og þótt hæstv. ráðh. komi svo einhverntíma seinna og segi, að jeg hafi orðið að þegja við þessu eða hafi samþykt það með þögninni, þá hefi jeg nú gefið skýringu á því.

Hæstv. dómsmrh. hafði það mjög rangt eftir, sem jeg sagði viðvíkjandi ummælum úr dómsmálaráðherrasætinu. Hæstv. ráðh. hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að það kæmi sjer illa fyrir hæstarjett, að dómar hans væru vjefengdir, en jeg sagði, að það væri kannske til þess að veikja virðingu þjóðfjelagsins, þegar það getur átt sjer stað, að dómsmrh. leyfir sjer, og það úr ráðherrasæti sínu á þingi, að gefa yfirlýsingu um það, að hann saki hæstarjett landsins um hlutdrægni og rangdæmi, og það aðeins af því, að þessi hæstirjettur hefir áður fyr dæmt einhvern dóm, sem þessum manni, sem nú er dómsmrh., þá mislíkaði, vegna þess að hann var að einhverju leyti aðili. (**Dómsmrh. JJ:** Jeg sannaði ósamræmið). Já, málafærslumenn sanna altaf mál sitt, en þeir, sem standa fyrir utan, vita, að sönnunin er ekki rjett nema hjá öðrum, og það, sem hæstv. ráðh. kom með, var náttúrlega ein af þessum sönnunum, sem menn eru vanir að sjá málsaðilja og málaflutningsmenn bera fram og dómstólarnir verða að meta, venjulega þannig, að þeir fallast á annan helminginn, en hafna hinum. Í hvorum hluta sannleikur hæstv. ráðh. liggur, það er ekki hans að dæma um, því að hann var þarna að tala um mál, sem hann sjálfur hefir að nokkru verið aðili í.

Hæstv. ráðh. á nú svo erfitt með að komast að því í sínum mörgu og löngu ræðum, hvaða skilning hann sjálfur vill leggja í ákvæði frv., að jeg er ekki ennþá öldungis viss um, hvort tilgangur hans er sá, að innleiða í íslenska löggjöf strangari sannanir fyrir kröfum til skaðabóta en verið hefir áður. (**Dómsmrh. JJ:** Er ekki hv. þm. læs?). Jú, hann er að vísu læs, en hæstv. dómsmrh. er ekki gefið að geta orðað hugsanir sínar, þegar hann er að semja lagagreinar, svo að ekki sje alt tvírætt. Og hæstv. ráðh. hefir sjálfur fyrir sjer dæmið um það, að lagadeildin hefir skilið hann svo, og gefið yfirlýsingu um það, að dómstólarnir muni skilja hans orðalag alveg gagnstætt því, sem hann virðist meina. (**Dómsmrh. JJ:** Jeg hefi sagt, hvers vegna lagadeildin hefir flaskað á þessu). Nei, hæstv. ráðh. hefir ekki þá einlægni að segja það, sem satt er, að honum sjálfum mistókst að finna þau rjettu orð fyrir sína hugsun; honum tókst ekki að segja það, sem hann meinti.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi ekki

tekið og ætla mjer ekki að taka neinn þátt í stælum um þetta mál, en vil aðeins upplýsa dálítið viðvíkjandi þeim tveim dómum, sem hæstv. ráðh. nefndi.

Í öðrum dóminum var að ræða um gagnrýningu á fjelagsskap, sem allur almenningur hafði aðgang að, og því talið rjettmætt að benda á þá galla, sem því fyrirkomulagi væru samfara. En í hinu málinu var ráðist allhart á verslunaraðferð eins ákveðins fjesýslumanns og álitið, að með þeim ummælum hefði honum verið bakað tjón, eða að hann hefði beðið hnekki í sinni atvinnu, ekki beinlínis hrossaversluninni, heldur í kaupskap sínum almennt. Ágreiningurinn, sem var á milli hjeraðsdómarans og hæstarjettar í því máli, var aðeins um það, hvort stefndur í málinu hefði mótmælt nægilega skýrt upphæð skaðabóta þeirra, sem stefnandi krafðist. Hjeraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, að mótmælin hefðu ekki verið nægilega ákveðin, og þess vegna yrði að binda sig við þá upphæð, sem krafist var. Hæstirjettur áleit hinsvegar, að mótmælin væru nægilega ákveðin og þess vegna væri rjett, að dómstóllinn metti það tjón, sem stefnandi hefði beðið, en legði ekki sögusögn stefnanda til grundvallar.

Það er engin ákveðin regla um það í lögum, hve ákveðin og einskorðuð mótmæli gegn einhverri kröfu eigi að vera. Það getur altaf verið álitamál um það, og er því engin furða, þótt á það sje litið mismunandi augum.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg gat nú ekki orða bundist, þegar hv. þm. Seyðf. tók til máls og talaði eins og hann gerði, því jeg vil benda á þessi ummæli hv. þm. og þann tón, sem þau voru töluð í, og eftir því gerir hann mun á því, hvort um er að ræða fjelagsskap eins og kaupfjelög, eða einstakan kaupmann. Þykist jeg því sjá enn betur en áður, að mikil nauðsyn sje, að þessi lög komist á, því að eftir orðum hv. þm. finst mjer það, að hann vilji ekki láta þann fjelagsskap, kaupfjelögin, eiga lagavernd eins og einstaklinga.

Hv. frsm. minni hl. og hæstv. dómsmrh. hafa verið að deila um það, hvað háskólaprófessorarnir segi um þetta mál, og það er, jeg skal játa það, dálítið undarlegt, þegar prófessorarnir segja, að það, að færa sönnur á eitthvað, sje að færa líkur fyrir einhverju. Það er dálítið undarlegt fyrir leikmann að heyra það, en það má vel vera, að fyrir lagamann þýði það hið sama. En fyrir öllum leikmönnum er það svo, að þeir telja, að það, að færa líkur fyrir einhverju, sje ekki sama og að færa sönnur á eitthvað. Mjer finst þessar fullyrðingar lagaprófessoranna líkjast því, þegar Sæmundur hinn fróði sannaði fjandanum það, að „fór nú“ væri latína, sem þó allir vita, að er góð og gild íslenska.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætlaði aðeins að spyrja hv. þm. Seyðf. að einni spurningu: Er það ekki rjett, að Einar Arnórsson hafi átt meiri eða minni þátt í því að undirbúa með honum þessa tvo dóma, sýknunardóm Björns Kristjánssonar og hinsvegar dóminn um 25000 króna skaðabætur frá ritstjóra Tímans til Garðars Gíslasonar heildsala?

Jóhannes Jóhannesson: Jeg man það ekki fyrir víst eftir svo langan tíma, en

það getur vel verið, að Einar Arnórsson hafi þá aðstoðað mig í þessum málum, en jeg ber auðvitað alla ábyrgð á þeim dómum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald, GÓ.

nei: JKr, BK, HSteins, JóhJóh, JÞ.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 33).

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 50., 55., 58. og 59. fundi í Nd., 17., 23., 27. og 28. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 33).

Magnús Jónsson: Jeg verð að játa, að jeg man ekki eftir, þegar þetta mál kom hjer í háttv. deild til 1. umr. Jeg er jafnvel hræddur um, að jeg hafi þá ekki verið við. En hvernig sem um það er, hefir sú orðið raunin á, að þessu máli hefir ekki verið vísað til nefndar, svo sem venja er til við 1. umr. Verð jeg að telja það í mesta máta óviðkunnanlegt, að þetta mál, sem er mjög athugavert og var rætt í háttv. Ed. af miklum hita, skuli vera af þessari hv. deild álitið svo ómerkilegt, að ekki þurfi að vísa því til nefndar. Þetta er merkilegt mál, lögfræðilegt vandamál, sem fylsta ástæða er til að athuga vandlega, áður en það er afgreitt. Jeg vildi því eindregið leggja til, að því verði vísað til nefndar nú við þessa umræðu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta er svo einfalt mál, að óþarfi er að vísa því til nefndar. Það er aðeins um það að ræða, hvort þingið vill fallast á, að samvinnufjelög njóti sama rjettar í landi voru sem einstaklingar. Jeg vil því fastlega mælast til, að frv. verði leyft að ganga áfram tafarlaust.

Hákon Kristófersson: Mjer þykir það undarlegt að heyra frá hæstv. forsrh., að þetta mál sje svo ómerkilegt, að því þurfi ekki að vísa til nefndar. Eins og háttv. 1. þm. Reykv. sagði, var því vísað til nefndar í hv. Ed. og allmikið rætt þar. Jeg sje ekki, hvaða skaði það ætti að vera þessu merkilega máli að vera athugað í nefnd. Hæstv. forsrh. dettur ekki í hug, að hann hafi ekki í hendi sjer, að þetta frv. nái fram að ganga, þótt því verði nú vísað til nefnd-

ar. Jeg tek undir með háttv. 1. þm. Reykv., að svo er að sjá, sem menn hafi ekki tekið eftir, er frv. fór í gegnum 1. umr. í deildinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sagði ekki, eins og hv. þm. Barð. hefir eftir mjer, að þetta mál væri ómerkilegt, heldur sagði jeg, að það væri einfalt og augljóst mál. En umr. um það í háttv. Ed. hygg jeg, að hafi frekar snúist um viðburði, sem gerðust fyrir nokkrum árum og jeg tel ástæðulaust að draga inn í umr. einnig hjer. Vitanlega geri jeg það ekki að neinu sjerstöku kappsmáli, hvort þessu máli verður vísað í nefnd ellegar ekki. Það er eingöngu af því, að nú er svo liðið á þingtímann, að jeg legg á móti því. Háttv. allshn., sem frv. mundi sennilega eiga heima í, hefir nóg annað á sinni könnu það sem eftir er þingtímans, og gæti því hæglega farið svo, að málið dagaði uppi.

Jóhann Jósefsson: Það er algild regla á þingi að vísa málum til nefnda, þegar þau ekki koma frá nefnd, og sú regla hlýtur að eiga eins við um þetta mál sem önnur, þótt hæstv. forsrh. sýnist annað.

Allir eru sammála um það, að samvinnufjelög eigi að njóta sömu rjettarverndar sem önnur fjelög og einstaklingar í landinu. Um hitt er deilt, hvort þau njóti hennar ekki nú þegar. Að andanum er þetta frv. rjett, að forminu skakt. Það er undarlegt, að nokkuð skuli vera haft á móti því, að það sje athugað í nefnd. Jeg á ekki hægt með að skilja, hvers vegna hæstv. forsrh. er að hafa á móti því, vegna þess að það er hættulaust, þótt þingið hafi setið lengi á rökstólum, að það nái fram að ganga. Ef það verður knúð fram, að frv. gangi nefndarlaust gegnum deildina, þótt það væri sett í nefnd í hv. Ed. — en þar átti jeg ekki kost á að hlusta á umr. —, þá neita jeg algerlega að greiða atkv. um það. Jeg vil, að það sje athugað vandlega frá báðum hliðum, hvort hjer er um nauðsynjamál að ræða ellegar ekki.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer dettur ekki í hug að gera þetta að kappsmáli. En jeg vil benda þeim þrem hv. þm., sem er það svo mikið kappsmál, að þetta mál verði tekið til meðferðar af nefnd, á þetta: Hvers vegna komu þeir ekki með till. um það við 1. umræðu að vísa því til nefndar? Það er þó vaninn, að málum sje vísað til nefndar við lok 1. umr. Nei, það hefir átt að bíða til þess að tefja málið. Það er nú orðið alllangt síðan það var til 1. umr. og hefir ekki komist á dagskrá fyr en þetta. Það vita allir hv. þm., að það er svo margt, sem fyrir þinginu liggur, sem bíður afgreiðslu, að það nær engri átt að vera að tefja tímann með því að liggja yfir augljósum málum, sem hægt er að afgreiða orða- og umsvifalaust.

Hv. þm. Vestm. sagði, að allir væru sammála um það, að samvinnufjelög ættu að njóta sömu rjettarverndar og einstaklingar. Hví er hann þá ekki reiðubúinn til þess að greiða atkvæði? Er nokkuð að athuga við það, þótt skilyrðislaust sje sett ákvæði um það, að þau eigi að njóta þessa rjettar?

Það er alls ekki algild regla, að málum sje skilyrðislaust altaf vísað til nefndar. Ef um augljóst mál er að ræða og það hefir fengið góða meðferð

í annari deild þingsins, þykir oft forsvaranlegt að láta það sleppa við að ganga til nefndar í hinni deildinni.

Ólafur Thors: Jeg verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. forsrh. skuli vera á móti því, að þetta mál verði athugað í nefnd. Jeg skal fúslega gefa þá yfirlýsingu, að mjer er ekki fullljóst, hvernig málið liggur fyrir. Jeg hefi ekki enn kynt mjer það nægilega.

Þess mun vera full þörf, að málið fái þá meðferð, sem yfirleitt er ætlast til samkv. þingsköpum. Því til sönnunar vil jeg til dæmis geta um tvö tilfelli, sem komið hafa fyrir á þessu þingi, og er annað þeirra frá sjútvn., sem jeg á sæti í. Sjútvn. Nd. fjekk send tvö frv. frá hv. Ed. Þau voru bæði frá sama flm., sama nefnd hafði fjallað um þau og bæði höfðu þau sætt venjulegri meðferð og gengið gegnum allar umr. En þó voru þau svo úr garði gerð, að ef bæði næðu fram að ganga og yrðu að lögum, mætti svo heita, að annað eyðilegði höfuðatriði hins. Þetta hafði þeim sjest yfir, hv. flm., nefndinni og allri Ed. Jeg veit ekki, hvort jeg má bera það traust til þessarar hv. deildar, að hún sje það glöggskygnari, að hún hefði sjeð þessar misfellur, ef málin hefðu ekki verið athuguð í nefnd.

Hitt málið, sem jeg tek til dæmis, kom til hv. fjhn. sömuleiðis afgreitt af hv. Ed. án þess á það hefði verið bent, að forsendur flm. voru raunverulega rangar að því leyti, að háttv. flm. skýrir frá því, að frv. sje borið fram til þess að afla ríkissjóði tekna, en hann miðar við alveg óvenjulegt ár og byggir þannig á skökkum forsendum og fær þar af leiðandi niðurstöðu, sem ekki stenst próf reynslunnar. Sje miðað við meðaltal undanfarinna ára, kemur það í ljós, að frv. yrði sem lög til allverulegs tekjumissis fyrir ríkissjóð. Mjer finst, þegar dæmin eru þannig deginum ljósari um skeikulleika hv. Ed., þá megi ekki minna vera en málum, sem þaðan koma, sje vísað til nefnda undantekningalítið, og undantekningarlaust, ef um nýmæli er að ræða, og vænti jeg þess, að hæstv. forsrh. geti sætt sig við það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get sætt mig við, hvort heldur sem vill, að málið fari til nefndar eða það fari ekki til nefndar. En er hv. 2. þm. G.-K. undrast yfir mjer, þá undrast jeg ekki síður yfir því, að hann eða þeir 4 hv. þm., sem hjer hafa talað með allmiklum þjósti, skuli ekki hafa komið með till. þessa efnis, þegar það átti við, þ. e. við 1. umr. (**ÓTh:** Jeg var þá ekki í deildinni). Var þá enginn í deildinni? (**ÓTh:** Sennilega ekki!).

Það mun víst ekki hafa mikinn árangur, þótt málinu væri vísað til nefndar. Nú við 2. umr. lýsir hv. 2. þm. G.-K. því yfir ófeiminn, að hann hafi alls ekki kynt sjer innihald frv. (**ÓTh:** Það sagði jeg ekki). Jú, jeg ritaði þessi orð upp eftir hv. þm. Jeg verð að álíta, að þetta eigi hver þm. að gera, áður en hann greiðir atkv., að kynna sjer efni þeirra mála, sem koma til kasta þingsins. (**ÓTh:** Jeg er reiðubúinn að láta hlýða mjer yfir frv., ef vill). Afgreiðsla annara mála kemur þessu lítið við. Og þessi mál, sem hv. þm. tók sem dæmi, geta ekki verið komin frá sömu nefnd og þetta frv. Þetta frv. er

komið frá allshn. í Ed., og hv. 2. þm. G.-K. á ekki sæti í allshn.

Magnús Jónsson: Það lítur helst út fyrir, að þetta mál hafi verið hespað fljótlega gegnum 1. umr., því að svo virðist, sem enginn muni eftir því, að það hafi verið fyr á dagskrá. Mjer kom það mjög á óvart, er jeg sá það á dagskrá í dag til 2. umr. Kannske það hafi verið afgreitt einhverja nóttina, því að það er nú orðinn siður að byrja á stórmálunum undir miðnættið, til þess að þm. megi sem minst um þau hugsa og tala. Hæstv. stjórn, sem þykist vilja flýta þinginu, lætur ryðja þeim ósköpum og býsnum af málum inn í þingið, að það hlýtur að verða langt, þrátt fyrir alla næturvinnu. Virðist stjórnin leggja mikið kapp á, að þm. sitji hjer nætur sem daga, þótt sjálf láti hún ekki sjá sig oft og tíðum, þótt um stórmál, sem henni við koma, sje að ræða.

Hæstv. stjórn hefði sjálf átt að sýna sínu eigin frv. þann sóma að láta vísa því í nefnd. Það er ekki einstakra þm., og allra síst andstæðinganna, að sjá til, að þeim málum, sem hæstv. stjórn ber fyrir brjósti, sje vísað til nefndar.

Kannske þetta eigi altaf svo til að ganga, þegar einhver löggjöf um samvinnufjelögin er á ferðinni. Jeg minnist þess reginhneykslis, er átti sjer stað um meðferð og afgreiðslu samvinnulaganna 1921. Þeim var hrófað upp í flýti og án undirbúnings, því að sti. hafði ekki tíma til að sinna því neitt; síðan voru þau lögð í frv.formi fyrir Alþingi, og þá tók ekki betra við. Frv. fór að vísu til nefndar í Ed. og fiekk nál. upp á fáar línur og var svo drifið til Nd. Þegar þangað kom, fjekk málið ekki einu sinni að fara til nefndar, en var hespað í gegnum allar þrjár umr. með slíku offorsi, að jeg hefi aldrei, síðan jeg kom á þing, þekt annað eins. Það má eflaust leita í þingsögunni eftir öðru eins dæmi, og jeg hygg það hafi aldrei neitt stórmál, eins og þetta mál mátti heita, verið afgreitt með slíkum ósköpum. Það sama er víst að gerast nú.

Ágreiningur var mikill í hv. Ed. um þetta mál, og hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir, að ekki væru allir sammála um það, hvað felist í frv. Sumir segja: Þetta er þegar í lögum, en aðrir neita því. Það er harla undarlegt, ef Nd. má ekki rannsaka, hvorir hafa meira til síns máls. Það væri fíflskapur af Alþingi að fara að afgreiða lög um það, sem lög eru til um áður. Það væri heimska að setja ný lög, sem bönnuðu mönnum t. d. að stela, fiska í landhelgi o. s. frv., því að þetta er alt í lögum, sem í gildi eru. Það mundi spilla sæmd þingsins að gera sig sekt um slíka glópsku.

Þessu máli var af nefnd þeirri, er það hafði til meðferðar í Ed., vísað til umsagnar þeirra manna, sem helst er til að flýja um lögfræðileg efni, en það er lagadeild háskólans. Lagaprófessorarnir gáfu það svar, að lagasetning um þetta efni væri óþörf, með því að það mundi engin áhrif hafa á rjettarfarið, því að sama rjettarvernd gilti að lögum fyrir þá aðilja, sem teknir eru út úr í frv., og aðra, hvort heldur einstaklinga eða fjelög manna.

Annars er frv. sjálft bygt á dvlgjum hæstv. dómsmrh. um hæstarjett, að hann dæmi ranga og vilhalla dóma. En

hæstv. ráðh. lætur samt ekki svo lítið að vera hjer viðstaddur, er þetta heilafóstur hans á í frumvarpslíki að leggjast undir blessun hv. deildar. En ekki nóg með það, að frv. sje bygt á dylgjum um hæstarjett, heldur leyfir hæstv. dómsmrh. sjer að hálda því fram, að það sje ekkert að marka umsögn þessara manna, prófessora í lögum við Háskóla Íslands. Þeir eru varadómarar í hæstarjetti og þess vegna eru þeir líka vilhallir og ranglátir, eins og sjálfir dómararnir. Þetta væri víst kallaður sleggjudómur hjá einhverjum.

1. gr. frv. er ósköp meinleysisleg, en svo tekur út yfir í greinargerðinni, því að hún er einna líkust dylgjugrein í sorpblaði. Jeg verð að segja, að um slíkt mál sem þetta eru alveg sjerstakar ástæður til þess að vísa því í nefnd. En annars ætti ekki að þurfa til þess sjerstakar ástæður, því að það er alveg sjálfsagður hlutur, þótt öðruvísi væri þetta mál tilkomið. Jeg sje, að menn eru að rannsaka, hvort þetta mál hafi nokkurntíma verið til 1. umr. Það væri þó saga til næsta bæjar, að svo væri, að það hefði gleymst að láta 1. umr. fara fram. (**Forsrh. TrÞ:** Hjer stendur það svart á hvítu í gerðabókinni, sem er undirskrifuð af hv. þm. (MJ) sjálfum). Já, jeg efast ekki um það. Jeg segi þetta frekar í gamni, af því að jeg sje, að verið er að rannsaka ritningarnar. En jeg efast nú samt um, að jeg hafi verið á þeim fundi.

Sem sagt, það eru ekki nema einstök smámál, helst löggildingar á höfnum (sem jeg man eftir) og annað slíkt, sem ekki er talið þurfa að láta fara í nefnd, og svo samvinnulögin hjer forðum daga. Hæstv. forsrh. getur því ómögulega komið það á óvart, að engar *sjerstakar* ástæður þurfi til þess, að talið sje rjett að vísa máli til nefndar; svo sjálfsagt er það talið. Jeg vona, að þetta verði ekki gert að neinu kappsmáli. Vona, að því verði veitt svo virðuleg meðferð að vísa því til nefndar. Jeg vil aðeins að endingu beina þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann komi þeim orðum til hæstv. dómsmrh., hvort sá hæstv. ráðherra sæi sjer ekki fært að vera hjer við, er umr. verður haldið áfram um þetta mál. Það getur verið, að einhverja hjer langi þá til að heilsa upp á hann.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv., að það er venja að vísa málum til nefndar, en það er allajafna gert við 1. umr. En mál þetta var til 1. umr. 8. mars. (**MJ:** Jarðarfarardaginn. Jeg hefi þá ekki verið viðstaddur). Hv. þm. hefir þó að minsta kosti undirskrifað fundarbókina. Það er rangt hjá hv. þm. að leggja mjer þau orð í munn, að jeg hafi ekki viljað vísa málinu til nefndar. Hefði verið farið fram á það við 1. umr., þá hefði jeg vitanlega ekki haft neitt á móti því, en mjer finst að minsta kosti óvenjulegt að fara að vísa því til nefndar nú við 2. umr. (**MJ:** Má ekki fresta umr. og vísa málinu til nefndar?). Jeg tel þetta alveg ósæmilegt, og sýnir það, að það er hugsun þessara hv. þm. að svæfa málið í nefnd. Þar sem nú er mjög liðið á þingtímann, þá vil jeg mæla mjög kröftuglega á móti því, að það sje gert.

Annars stóð jeg aðallega upp til að mótmæla kröftuglega þeim orðum hv. 1. þm. Reykv., að það hafi verið framið þinghneyksli, þegar samvinnulögin

voru afgreidd nefndarlaust í gegnum þingið. Jeg tel þá löggjöf eitthvert mesta sómaverk, sem unnið hefir verið á Alþingi hin síðari ár. Og um það atriði, að þetta hafi verið flaustursverk, þá má segja það, að varla hefir betur verið gengið frá neinum lögum en þessum, enda var málið ágætlega undirbúið. Og til merkis um, að svo hafi verið, má geta þess, að þar stendur enn hver stafur og stafkrókur óbreyttur, og vona jeg, að svo verði enn lengi. Jeg vil því mótmæla þessu sem algerlega staðlausu. Vona jeg, að það, að þetta mál gengur nefndarlaust hjer í gegnum hv. deild, verði fyrirboði þess, að það standi eins traust og verði þinginu ekki síður til sóma en samvinnulögin.

Hákon Kristófersson:* Jeg verð að segja örfá orð, til þess — þótt mjer þyki það mjög raunalegt — að lýsa því yfir, að hæstv. forsrh. fór með alveg ósannar aðdróttanir, þar sem hann bar mjer og öðrum flokksmönnum mínum það á brýn, að við vildum tefja þetta mál. Jeg hefi alls ekki látið mjer detta í hug að tefja þetta mál á neinn hátt, og átti því ekki von á þessari hnútu úr þessari átt. Það lítur nærri svo út, sem hæstv. forsrh. hafi sjálfur einhverntíma átt þátt í því að tefja fyrir málum og kannist því við þetta. Annars væri það alveg óskiljanlegt, hvers vegna hann væri að drótta slíkri ósæmd að öðrum. Hæstv. forsrh. spurði að því, hvers vegna mál þetta hefði ekki verið sett til nefndar við 1. umr. — En það hefir nú verið upplýst, að það var af því, að frv. var til 1. umr. þennan sjerstaka dag, þegar menn voru mjög annars hugar. — Jeg er ekki svo skyni skroppinn, að jeg viti það ekki fyrirfram, að við íhaldsmenn getum engin áhrif haft á úrslit þessa máls. Og þótt við hefðum einhverntíma verið haldnir þeirri heimsku að líta of stórt á getu okkar, þá hefir nú hæstv. forsrh. svo oft lýst því yfir hjer í hv. deild, að hann og hans flokkar hefðu yfirtökin, og líka sýnt það í verki, að hann getur komið því fram, er hann vill, að eftir þær yfirlýsingar gat okkur ekki komið til hugar, að við gætum tafið þetta. Það er rjett, að venjan er sú, að málum sje vísað til nefndar við fyrstu umræðu. En hitt má þó líka — og hefir komið fyrir —, að málum hefir verið vísað til nefndar við 2. umr. Hjer er því ekki um ókunnar leiðir að ræða.

Það var dálítið einkennilegt hjá hæstv. forsrh. í fyrri ræðunni var það aðeins grunur um það, hvað mjer og öðrum gengi til að vísa þessu máli til nefndar. En í síðari ræðunni var komin vissa um það, hver tilgangurinn væri. Hvað fram hefir komið, skal jeg ekki segja. En allverulegt hefir það hlotið að vera, fyrst hæstv. forsrh. telur sjer sæmilegt að koma fram með slíkar aðdróttanir í minn garð og annara. (**LH:** Það tefur fyrir málinu að setja það í nefnd!). Það tefur fyrir málinu, segir hv. þm. En þetta er þá að minsta kosti alveg ný mótbára, að það eigi ekki að vísa máli til nefndar, vegna þess að það tefji málið. Og þótt þetta mál sje sett í nefnd, þá vil jeg spyrja, hvort hæstv. ráðh. hefir það ekki á sínu valdi, hvort málið gengur fram eða ekki. Það er því fyrirsláttur einn, og annað ekki,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

að segja, að málinu sje hætta búin, þótt því verði vísað til nefndar. Hæstv. forsrh. er búinn að sýna það, að hann getur komið því fram, er hann vill, hvort sem er nauðsynlegt mál eða ekki. Jeg skal ekkert dæma um hina lögfræðilegu hlið þessa máls; til þess brestur mig þekkingu. En jeg hygg þó, að ekki væri ver farið, að það færi í nefnd til athugunar. — Mín ummæli bygðust á því, að jeg hugði, að málið yrði betur athugað með því, en ekki var það ætlun mín að tefja fyrir því. Og jeg hygg, að slíkar getsakir komi ekki aðrir fram með en þeir, sem hafa áður leikið sama leik sjálfir.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg heyrði ekki upphaf þessara umr. hjer í hv. deild. En jeg heyrði þó svo mikið af ræðu hv. þm. Barð., að jeg veit, um hvað er deilt. Er þá fyrst að geta þess, að úr þessu hefir þegar verið skorið, því við 1. umr. frv. í þessari hv. deild var það ákveðið, að málið skyldi fara nefndarlaust í gegnum þessa deild. Þá vil jeg benda mínum ágæta vini, hv. þm. Barð., á það, að þetta mál er svo einfalt, að menn hljóta á svipstundu að geta áttað sig á því, hvort riett er að samþykkja það eða ekki. Undirbúningur þessa máls er líka svo góður, að ekki er ástæða til að ætla, að neinu þurfi þar að breyta. Það er undirbúið af tveimur glöggum lögfræðingum, öðrum í stjórnarráðinu, en hinum utan þess. Þá hefir það og verið rækilega athugað í Ed. og farið í gegnum þrjár umr. þar. En hitt tel jeg óhæfu, að fara að setja það til nefndar nú, eftir að búið var að ákveða það við 1. umr., að málið gengi nefndarlaust í gegnum deildina. Jeg vil því skora á hv. þm. Barð. að hefja nú umræður um frv. sjálft.

Jóhann Jósefsson: Jeg bjóst satt að segja ekki við, að jeg mundi þurfa að taka tvisvar til máls um þetta. Jeg tók áðan aðeins undir þá ósk, sem fram var komin um það, að málinu væri vísað til nefndar. Jeg hjelt ekki þá, að hæstv. forsrh. myndi gera þetta að neinu kappsmáli, en sje þó nú, að svo muni vera, eftir að hafa heyrt síðustu ræðu hans, og hið sama heyri jeg á hæstv. dómsmrh. — Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta mál væri ofur einfalt. Það kann nú að vísu að vera það. En rauði þráðurinn, sem í gegnum það gengur, er þó sá, að hefta friálsa gagnrýni á opinberum fyrirtækjum, eins og sjest á frv. Mjer finst þetta talsvert athugavert, þótt jeg hinsvegar sje þeirrar skoðunar, eins og jeg tók fram áðan, að hlutafjelög og samvinnufjelög eigi í einu og öllu að njóta sömu rjettarverndar sem einstakir menn.

Það hefir nú verið upplýst, að þetta mál kom til 1. umr. daginn, sem sjómennirnir, sem druknuðu af Jóni forseta, voru jarðaðir. Er því eðlilegt, að menn hafi verið nokkuð utan við sig og því ekki eins gætt að því, sem fór þá fram, og því hefir svona farið. En í þingsköpunum er ekkert því til fyrirstöðu, að vísa megi máli til nefndar við hverja umr. sem er. Og þótt hæstv. dómsmrh. segi, að þetta mál sje einfalt, — og er það að vísu satt, að ekki er um langt mál að ræða í frv. —, þá er þó rjett, að þingmenn fái að athuga það í nefnd, fyrst þess er óskað. Og þar sem í frv. liggur ákvæði um það að hefta gagnrýni á opinberum fyrirtækjum, þá er rjett að athuga alt slíkt vel einmitt

nú, þegar verið er að stofna til allskonar opinberra fyrirtækja. Er rjett, að þessi stefna sje athuguð í nefnd hjer, eins og í hv. Ed.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að leiðrjetta þann misskilning, er kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., þegar hann sagði, að með frv. þessu væri verið að hefta gagnrýningu á opinberum fyrirtækjum. Þetta er ekki rjett, nema að því leyti, sem slíkar umræður eru órjettmæt árás á samvinnufjelög eða opinber fyrirtæki. Ef hv. þm. telur ekki rjett að samþykkja þetta, þá hefir hann þar með tekið hlutdræga afstöðu til málsins nú þegar, þar sem hann þá ekki vill, að þessi fyrirtæki njóti sömu rjettarverndar og einstaklingar. Ætti hv. þm. ekki að sækja það fast, að málið gangi til nefndar, þar sem hann hefir lýst afstöðu sinni til þess, áður en sjálft málið er tekið til umr. hjer í deildinni.

Ólafur Thors: Hæstv. forsrh. tók ekki rjett upp orð mín, þar sem hann hafði það eftir mjer, að jeg þekti ekki þetta mál. Það sagði jeg ekki, heldur hitt, að jeg hefði ekki kynt mjer þetta mál nógu ítarlega enn til þess að vera viðbúinn að taka ákvörðun um það. Jeg er vanur að athuga málin, eftir því sem tími vinst til, en síðustu forvöð tel jeg venjulega þegar nefndarálit koma fram. En í þessu máli hefir vitanlega ekkert nefndarálit komið í þessari hv. deild, því málinu hefir, sem kunnugt er, alls ekki verið vísað til nefndar. Jeg hefi leitt rök að því, að rjett væri að vísa þessu máli hjer í nefnd til athugunar, jafnvel þótt það hefði verið athugað í nefnd í Ed., því reynslan hefði sýnt það, að ekki væri altaf vanþörf á að athuga og taka til yfirvegunar mál, sem fengið hefðu sömu afgreiðslu í Ed. Jeg benti á tvö önnur mál því til sönnunar og gat þess, að vegna þeirra, og máske fleiri mála, gæti jeg ekki borið ótakmarkað traust til hv. Ed. um þetta mál.

Hæstv. ráðh. benti á, að rjettara hefði verið fyrir okkur, sem gerum kröfu um það, að málið verði látið ganga til nefndar, að koma fram með þá kröfu við 1. umr. málsins. Jeg get nú fallist á, að svo sje, en jeg hefi máske ekki verið í deildinni, þegar það var afgreitt. Og hæstv. forsrh. ætti ekki að undra það, þótt við þingmenn sjeum ekki altaf viðstaddir á deildarfundum, þar sem þessi hæstv. ráðh. kemur varla nokkurntíma í þessa hv. deild. Og síst má hæstv. ráðh. undra það, þegar sú regla hefir verið upp tekin að ræða mikilsverð mál að næturlagi. Jeg get sagt frá því sem dæmi þess, hversu stundum er umhorfs hjer á slíkum fundum, að nú fyrir nokkru var einn af best gefnu þingmönnum þessarar deildar að halda framsöguræðu í afarmikilsverðu máli. En auk hans voru ekki aðrir í þessari hv. deild en hæstv. forseti, sem sat í sínum stóli, og jeg, sem var frsm. minni hl. **(Forsrh. TrÞ:** Jeg var á gangi hjer á milli framsögumannanna!). Nei, hæstv. forsrh. lúrði á meðan inni á sófanum sínum! Hæstv. dómsmrh. sagði, að deildin hefði tekið þá afstöðu við 1. umr. málsins, að það væri svo einfalt, að óþarfi væri að láta það ganga til nefndar. En jeg vil nú benda hæstv. dómsmrh. á það, að þetta mál var til 1. umr. sama daginn og jarðarför sjómannanna, sem fórust af Jóni forseta, fór fram. Sá

fundur byrjaði kl. 4, að endaðri jarðarförinni. Menn komu því hingað annars hugar og hafa því ekki verið að hugsa um að gæta fylsta rjettar síns. Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta mál hefði verið undirbúið af merkum lögfræðingum innan stjórnarráðsins og utan, en líklega hefir það þó verið gert undir handleiðslu hæstv. dómsmálaráðherra. Þá sagði hæstv. ráðh. einnig, að það hefði verið athugað gaumgæfilega í Ed. Jeg veit nú ekki, hvað jeg á að segja um þetta. En mig rekur þó minni til, að lagadeild háskólans hefir í umsögn sinni um þetta mál komist að þeirri niðurstöðu, að hjer væri um óþarfa lagasetningu að ræða, þar sem alt það, er í frv. stendur, væri áður til í lögum. Jeg finn því næstum til sársauka með þeim aumingja mönnum, er lagt hafa vinnu sína í þetta algerlega óþarfa lagasmíði. (**HjV**: Er ekki hægt að fella þetta?). Jú, svo ætti víst að vera, því það er hjákátlegt að samþykkja það — og það eitt — sem áður er til í lögum. En annars virðist sem hjer sje um það að ræða, hvorir rjettara hafi fyrir sjer, lögfræðingar þeir, sem stjórnarráðið hefir fengið til að vinna að þessu lagasmíði, eða lagaprófessorar háskólans. Er því rjett að fela allshn. málið til athugunar. Og komist hún við rannsókn sína að þeirri niðurstöðu, að hjer sje um nýung í lögum að ræða, þá kemur til álita, hvort rjett sje að samþykkja frv., en að öðrum kosti er sjálfsagt að fella það. — Jæja. Spaugilegt var það, að strax og hæstv. dómsmrh. var kominn hingað inn, fór hann að ávíta hv. þm. Vestm. fyrir það, að hann væri búinn að taka afstöðu til þessa máls, áður en búið væri að ræða það við 2. umr. Þetta er beinlínis hlægilegt, ef það væri í alvöru mælt, þar sem flokksmenn hv. dómsmrh. hafa hver af öðrum lýst því yfir hjer í sambandi við ýms tollamál o. fl., að búið væri fyrirfram að taka afstöðu til þeirra, og það jafnvel áður en þau komu til deildarinnar. En er það nú ekki syndsamlegt að láta þessa vesalings menn fremja það, sem dómsmrh. telur „óhæfu", og hvað eigum við hinir að halda, sem vitum með vissu, að þeir hafa tekið þessar ótímabæru ákvarðanir fyrir forgöngu sama hæstv. dómsmrh., þessa ágæta manns, sem að því er best verður sjeð ávítar hv. þm. Vestm. í fullri einlægni fyrir að vera búinn að taka afstöðu til málsins við 2. umr. þess? — Já, fyr má nú vera! Rjett áður en hæstv. dómsmrh. kom hjer áðan inn í þessa hv. deild, var hæstv. forsrh. að ávíta mig fyrir það, að jeg væri *ekki búinn* að taka afstöðu til þessa frv. Þessir hæstv. ráðh. eru því ekki á sama máli um þetta. Og nú skil jeg það, hvers vegna þessir hæstv. ráðh. láta svo sjaldan sjá sig hjer, sem raun gefur vitni. Það er af því, að þeir, hæstv. ráðh., eru ekki sammála um nokkurn skapaðan hlut og forðast svo að vera hjer, til þess að sem minst beri á þessu ósamræmi, sem er í skoðunum þeirra. En undireins og þessir hæstv. ráðh. sýna þessari hv. deild þann sóma að láta sjá sig þar, þá kemur þetta fram. Þá ávítar hæstv. forsrh. mig fyrir það að *hafa ekki* myndað mjer skoðun á þessu máli, en hæstv. dómsmrh. ræðst á hv. þm. Vestm. fyrir að *hafa* myndað sjer skoðun á sama máli.

Jeg skal svo ekki ræða þetta mál frekar á þessum grundvelli. En jeg vona, að hæstv. dómsmrh. haldi sig nú hjer í þessari hv. deild, þó ekki sje

nema vegna ánægjunnar af að hafa hann hjer.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil aðeins segja það, að jeg tel þessar umr alveg óþarfar. Hæstv. forsrh. kvaðst sem sje ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort málið fer til nefndar eða ekki. Út af því að talað hefir verið um, að það mundi hefta framgang málsins að vísa því til nefndar, skal jeg fyrir mitt leyti, eins og hv. þm. Barð. hefir gert, lofa því, að jeg mun ekki reyna að tefja afgreiðslu þess í nefndinni, heldur flýta henni. Hinir nefndarmennirnir eru allir stuðningsmenn stj., og ætti hún ekki að þurfa að óttast þá í þessu efni. Að öðru leyti ætla jeg ekki að blanda mjer inn í umr. fyr en við 3. umr., því að jeg geri fastlega ráð fyrir, að málið fari til nefndar.

Sigurður Eggerz: Mjer finst þetta mál koma dálítið óþægilega við tilfinningar sumra hv. þdm., en það er ekki svo um mínar. Ákvæði 1. gr. get jeg samþ.; þau eru sjálfsögð í eðli sínu, og þó samskonar ákvæði sjeu í gildandi lögum, eins og lagadeild háskólans hefir tekið fram, þá er enginn skaði skeður, þó þetta sje tekið ótvírætt fram í lagagreininni. Um 2. gr. er það að segja, að hún er um mjög merkilegt atriði og mikilvægt, sem sje hvernig skaðabætur skuli dæmdar. Lagadeildin nefnir 3 leiðir, sem um sje að velja. Í fyrsta lagi að dæma bætur ávalt, er ummælum er svo háttað, að þau gætu hafa valdið tjóni. Í öðru lagi að dæma bætur aðeins fyrir tjón, sem sannað væri, og í þriðja lagi, ef líkur eru færðar á, að tjón hafi orðið. Mjer skilst nú, að það hafi æðimikla þýðingu, hver leiðin er farin, og mjer finst, að hv. deild ætti að gera sjer ljóst, hverja hún vill velja sem heppilegasta. Nú segir lagadeildin, að þriðja reglan sje í gildi í íslenskum lögum og jafnframt sú heppilegasta, en svo bætir hún við, að hún álíti, að í 2. gr. frv. felist sú regla. Nú stendur í stjfrv., að bætur skuli miðast við tjón það, er færðar eru sönnur á, að orðið hafi. Um þetta segir lagadeildin svo: „„Að færa sönnur á" mundi væntanlega um þessi efni verða skilið svo af dómstólunum, að líkur nægðu, og greinin því engar breytingar gera á gildandi lögum". Þá er spurningin: Er þetta rjett? Lagadeildin tekur ekki alveg af um það. Hún segir, að „væntanlega" mundi þetta verða skilið svo. Það skiftir ekki litlu, hvaða leið farin er í þessu efni.

Það er annars langt frá, að jeg geti fengið mig til að tala með æsingu eða hrifningu um mál eins og þetta. Hinsvegar er þetta ekki svo einfalt. Háskólinn segir, að með því að samþ. þetta frv. sje aðeins valin sú leið, sem í gildi sje og farið sje eftir. Umsögn hans er þó ekki vafalaus, sbr. orðið „virðist". Jeg álít nú, að það minsta sje, að Alþingi geri sjer fullljóst, inn á hvaða braut það vill fara í þessu máli. Jeg álít sjálfsagt að setja svona mál í nefnd. Það snertir alla einstaklinga og fjelög í landinu svo mjög, hvenær á að dæma skaðabætur fyrir órjettmæt ummæli. (**LH:** Það er ekki farið fram á nein sjerrjettindi). Jeg er ekki að tala um nein sjerrjettindi; jeg álít 1. gr. sjálfsagða, eða hefi að minsta kosti ekkert við hana að athuga. Það er 2. gr., sem ágreiningurinn er um. Og í henni er þungamiðja

frv. Mjer finst því, að allir ættu að geta fallist á, að málið fari til nefndar. Mjer finst líka, að stj. gæti krafist þess, að málið yrði afgreitt fljótt. Hv. 1. þm. Skagf. lofaði fyrir sitt leyti fljótri afgreiðslu, og ætti ekki síður að mega vænta þess af stuðningsmönnum stj., að þeir gerðu sitt til þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg get verið þakklátur hv. þm. Dal. fyrir að hann hefir talað með skynsamlegri gagnrýni um málið, eins og vera ber við 2. umr.

Þegar þetta mál lá fyrir Ed., sendi allshn. frv. til lagadeildar háskólans til umsagnar. Lagadeildin sendi svo nefndinni þetta álitsskjal, sem nú hefir verið sagt frá. Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þá niðurstöðu lagadeildarinnar, að það sje sama að dæma bætur fyrir tjón, sem er sannað, og að dæma eftir líkum. Slíkt er vitanlega sú reginfirra, að jeg undrast, að lagakennararnir skuli koma fram með slíka kenningu. Við umr. í Ed. upplýsti jeg það, að allir þessir þrír merku menn hafa þá aðstöðu til þessa máls, að álit þeirra verður ekki að miklu haft. Þeir hafa nefnilega allir verið riðnir við dóma, sem hafa verið bygðir á mismunandi forsendum, dóma, sem gerðu nauðsynlegt að skapa fastan rjettargrundvöll í þessu efni. Dómar, sem þeir hafa verið riðnir við, hafa beinlínis verið tilefni þess, að slíkt frv. varð fram að koma.

Jeg spurði þá, meðal annars hv. þm. Seyðf., bæjarfógeta, hvort það væri ekki rjett, að prófessor Einar Arnórsson hefði gert fyrir hann undirrjettardómana í máli Garðars Gíslasonar gegn „Tímanum“ og í máli Sambandsins gegn Birni Kristjánssyni. Hann svaraði því, að langt væri um liðið og myndi hann það ekki með vissu, en játaði þó á hóglátan hátt, svo sem hans er vandi, að svo myndi vera; gat þess ennfremur, að þessi prófessor hefði undirbúið fyrir sig ýmsa dóma, en auðvitað bæri hann ábyrgð á þeim. Auðvitað vjek prófessorinn sæti úr hæstarjetti, þegar dæma átti þar í málinu móti Birni Kristjánssyni, sem hann hafði dæmt í í undirrjetti.

Jeg vona, að hv. þm. Dal. sje það ljóst, að prófessor Einar Arnórsson hefir þá fortíð að baki sjer í þessu efni, að ekki verður tekið mikið tillit til hans álits. Hann hefir sem sje sýknað mann, sem hafði látið prenta þá ósönnustu, illgjörnustu og rógkendustu „kritik“, sem sögur fara af á Íslandi, um stærsta og þarfasta verslunarfyrirtæki landsins. Prófessorinn sýknar sökudólginn af því, að ekki væri um sannað tjón að ræða. En í máli hrossakaupmannsins og Morgunblaðseigandans Garðars Gíslasonar móti Tímanum, þar sem tjón var ekki heldur sannað, dæmdi hann 25 þús. kr. skaðabætur. Hinir tveir prófessorarnir voru varadómarar í hæstarjetti og dæmdu þar í öðru þessara mála, sem jeg nú hefi nefnt. Þeir eru þannig allir við riðnir þessa ósamrýmanlegu dóma. Jeg vona því, að hv. þdm. sjái, að lagadeildin er ekki vitnisbær um þetta, hvað þá alveg óyggjandi. Okkur er alveg óhætt að útskrifa þá, þeir eru úr leik í þessu máli, þó að þeir hinsvegar sjeu dugandi menn og vel að sjer um marga hluti, sem við koma þeirra daglega embættisstarfi við háskólann. Þessir þrír prófessorar, sem standa á bak við álit það, sem laga-

deildin hefir sent allshn. Ed., taka það fyrst fram, sem er rjett, að um þrjár leiðir sje að velja. Aðalatriðið, sem hjer er um að ræða, er það, hvort á að heimta fullar sannanir fyrir því, að tjón hafi átt sjer stað, eða að dæma eftir líkum. En svo dettur þessum lærðu mönnum í hug að misbjóða skynsemi þingsins og dómgreind með því að segja, að útkoman mundi verða sú sama, þó að þetta frv. verði samþ. Það mundi verða dæmt eftir líkum eftir sem áður, enda þótt það standi í frumvarpinu, eins og margoft hefir verið tekið fram, að bætur skuli aðeins dæmdar fyrir tjón, sem færðar eru sönnur á, að fram hafi komið. Það er hin mesta furða, að þessir menn skuli dirfast að koma fram fyrir þingið með annað eins og þetta.

Til þess að gera málið ljósara, skal jeg skýra nokkuð þá tvo dóma, sem jeg hefi minst á og mest hneykslunarhella hafa orðið í íslensku rjettarfari. Skal jeg þá fyrst nefna mál Sambandsins gegn Birni Kristjánssyni. Sambandið er stærsta verslunarfyrirtæki landsins. Í því eru um 8000 fjelagar og það verslar með nauðsynjavöru hjer um bil 40% af landsmönnum. — Björn Kristjánsson skrifaði og gaf út tvo bæklinga, þar sem hann hjelt því fram, að Sambandið væri stofnað í slæmum tilgangi og að vondir menn stæðu að því. Það væri ekki lánstraustshæft í bönkum og mundi ekki leysa sínar skuldbindingar. Þetta var tekið frá öllum hliðum, uppruni fjelagsskaparins, tilgangur hans, alt átti þetta að vera ilt og skaðlegt. Það átti að vera skaðlegt að vera í þessu fjelagi og hættulegt að lána því. Mjer er óhætt að fullyrða, að hjer á landi hefir aldrei komið fram jafnlánstraustsdrepandi „kritik" á nokkru fyrirtæki og þessi árás hv. 1. þm. G.-K. á samvinnufjelögin var. Þó var hann sýknaður, bæði í undirrjetti og hæstarjetti, af skaðabótakröfu Sambandsins; aðeins voru nokkur ummælanna dæmd dauð og ómerk. Því var haldið fram, að ummælin hefðu ekki valdið tjóni, er sannað væri. Um tilganginn gat enginn efast. Það kom líka beint fram við rekstur málsins fyrir hæstarjetti, hjá málafærslumanni verjandans, að hann reyndi ekki að afsaka hina illgjörnu „kritik" með því að draga úr henni, heldur vildi telja hana afsakanlega vegna þess, að samband kaupfjelaganna væri nokkurskonar opinber stofnun og hún yrði þess vegna að þola harðari „kritik" en hliðstæð einkafyrirtæki. Til viðbótar því, sem jeg nú hefi sagt, skal þess getið, að það kom fram í Ed., að háttv. þm. Seyðf., sem ber ábyrgð á undirrjettardóminum í þessu umrædda máli, lítur svo á, að þessi fjelagsskapur eigi að þola öðruvísi gagnrýni en einkafyrirtæki. Hjer liggur þá einnig fyrir játning frá þeim dómara, sem flesta dóma dæmir á Íslandi, um, að frá hans sjónarmiði eigi að gera mun í þessu efni samkvæmt gildandi lögum. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að hv. þm. Barð. t. d. reki hjer verslun fyrir eiginn reikning, en jeg sje kaupfjelagsstjóri úti á landi, og að hv. þm. Dal. finni ástæðu til þess að gagnrýna opinberlega starfsemi beggja þessara fyrirtækja. Jeg hugsa mjer, að hann standi utan við þau bæði. Þau eru bæði sjálfstæð fyrirtæki út af fyrir sig og sjálfstæðar persónur að lögum. Mín

meining er þá sú, ef þau verða fyrir tjóni vegna órjettmætra ummæla, að þau eigi bæði að hafa jafnan rjett til skaðabóta. Það sýnist nokkuð hart, ef hver óvalinn dóni á að hafa leyfi til að vaða inn í lokaðan fjelagsskap og spilla þar öllu, án þess að hægt sje að krefjast bóta fyrir. Þessu má vitanlega ekki blanda saman við rjett fjelagsmanns á fjelagsfundi til að gagnrýna starfsemi síns eigin fjelags.

Jeg hefi tekið þetta fram til að benda á, að það verður lítið úr áliti lagadeildarinnar í þessu máli, bæði vegna aðstöðu prófessoranna, en þó einkum af því, að það, sem þeir halda fram, er sannanlega alrangt. Jeg hefi líka bent á, að lagamenn eru alls ekki á einu máli um þetta. Jeg skal nefna enn eitt mál, er sýnir, hversu mjög alt er á reiki í þessu efni. Það var sagt í blaði um mann, að hann væri ekki hæfur til að vera kaupfjelagsstjóri. Honum voru í undirrjetti dæmdar 2000 kr. skaðabætur. Málið fór svo til hæstarjettar og þar var blaðið sýknað. Hvernig á nú að skilja þetta, að undirrjetturinn getur litið gagnólíkt á málið í samanburði við hæstarjett? Hjer sýnist vanta ákveðna grundvallarreglu til að fara eftir.

Svo kemur annað mál, sem snýst um það, hvort það sje rjett eða rangt að reka markaðshross hingað suður úr Norðurlandi að vetrarlagi. Þetta hafði verið gert af einum kaupmanni hjer í bænum, og einn ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands, einlægur dýravinur, hafði átalið það í „Tímanum". Kaupmaðurinn fer í mál og krefst skaðabóta, vegna þess að ummælin hefðu skaðað hrossaverslun sína. Það sannast bæði fyrir undir- og yfirrjetti, að ekkert tjón var um að ræða. Markaðurinn var þetta ár óhagstæður og varð tap á hrossaverslininni hjá öllum, sem við hana fengust, og því meira, sem þeir fengu fleiri hross. Það var því tvent sannað, að allir höfðu skaðast á hrossaverslun þetta ár og að kaupmaður þessi hefði þar að auki sparað fje hið umrædda ár, ef hann hefði fengið sem fæst hross. Það lá þannig ljós sönnun fyrir um það, að hjer var ekkert tilefni til skaðabóta vegna skaða. Þó dæmir Einar Arnórsson á ábyrgð bæjarfógetans hjer ritstjóra Tímans til að greiða kaupmanninum 25 þús. kr. skaðabætur. Hæstirjettur, sem þó gengur inn á rök verjanda um, að ekkert tjón hafi átt sjer stað, felst einnig á skaðabótakröfuna, en lækkar hana niður í 5 þús. kr. Samræmið í dómunum er þá ekki meira en það, að í máli Sambandsins gegn Birni Kristjánssyni eru engar bætur dæmdar fyrir hin verstu traustspillandi ummæli um hið stærsta og þjóðnýtasta fyrirtæki á Íslandi, af því að ekki sje sannað, að ummælin hafi valdið tjóni, en í hinu tilfellinu, máli Garðars Gíslasonar gegn ritstjóra Tímans, þar sem um var að ræða deilu, sprotna af mannúðarmáli, og greinarnar allar eða nálega allar aðsendar, og þar sem í hlut átti firma, sem hefir enga fjelagslega þýðingu, og auk þess firma, sem hafði legið í dái að mestu nokkur missiri á kreppuárunum. En þetta firma fær skaðabætur bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þó að sannað sje, að ekkert tjón hafi verið um að ræða, er ummælin hefðu getað valdið. Getur nokkuð betur sýnt, að rjettan grundvöll vantar í þessu efni?

Þessir tveir hæstarjettardómar eru alveg gagnstæðir. Í fyrra tilfellinu eru skaðabætur ekki dæmdar, af því að ekki er talið sannað, að hlutaðeigandi hafi

orðið fyrir skaða. Í síðara tilfellinu eru dæmdar skaðabætur eftir líkum, þótt skaðinn sje alls ekki sannaður, eða öllu heldur beinlínis sannað, að ekkert tjón átti sjer stað. Og nú vil jeg spyrja fyrverandi sýslumann, bæjarfógeta og ráðherra, hv. þm. Dal.: Er ekki mögulegt, að það rjettarhneyksli, sem kemur fyrir einu sinni, komi fyrir oftar? Og þegar sami maðurinn dæmir báða dómana í undirrjetti, er þá ekki full ástæða til, að mönnum komi til hugar, að hjer þurfi eitthvað að gera til þess að reisa rönd við, að tvennskonar rjettlæti gildi í landinu?

Þessir tveir dómar eru blettir á íslensku rjettarfari. Þeir eru það, sem ein frændþjóð okkar kallar „Justitsmord". Nú liggur fyrir Alþingi að skera úr því, hvort það vilji láta aftur fremja slík rjettarverk, og þeir, sem vilja fella þetta frv., vilja þar með láta í ljós, að þeir vilji, að hægt sje að níðast þannig á borgurum landsins í skjóli óglöggra laga. Jeg ber það traust til háttv. þm. Dal., að þegar til atkvæða kemur, muni hann greiða frv. þessu atkv. sitt.

Jafnvel þótt við, sem nú eigum sæti á Alþingi, sjáum ekki ástæðu til að gera sjerstaklega erfiðan hlut þeirra manna, sem að þessum mistökum hafa staðið, þá má ekki gleyma því, að þessi mál til samans eru mesta sorgarefni þeirra, er kynna vilja sjer rjettarsögu síðustu ára. En með samþ. þessa frv. er byrgður sá brunnur, sem barnið er búið að detta ofan í oftar en einu sinni.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. dómsmrh. hefir nú haldið alllanga tölu, og gerir hún það að verkum, að hafi menn verið í vafa um það, hvort málið ætti að athugast í nefnd eða ekki, þá er enn meiri ástæða til þess nú, eftir að hæstv. ráðh. hefir talað. Hæstv. ráðherra sagði, að frv. þetta ætti að fyrirbyggja „Justitsmord" og dómaraafglöp. Þegar svo mikið stórmál er á ferðinni, þá vænti jeg þess, að hæstv. ráðherra kannist við, að það sje mjög hógleg ósk, að það sje athugað í nefnd. En hæstv. ráðherra er annað betur gefið en að líta á sanngjarnar óskir annara.

Þá lagði hæstv. ráðh. mína afstöðu þannig út, að jeg vildi láta kaupfjelögin verða fyrir órjettmætum ummælum án þess þeim væru nokkrar bætur greiddar. Hvenær hefi jeg sagt slíkt, og hví ber hæstv. ráðh. mig slíkum sökum? Það er sorglegt, að hinn sami maður, sem í öðru orðinu þykist vera að leggja sig í líma til þess að rjettlætið fái að njóta sín sem best í landinu, ber á sama augnabliki saklausan mann slíkum sökum. En jeg tek mjer það ekki nærri; geðsmunir hans eru þannig, að hann kann ekki að stilla orðum sínum í hóf.

Það hefir verið leitað álits lagadeildar háskólans í þessu máli, en samt má ekki vísa því í nefnd hjer í Nd. Finst mjer stjórnin enga afsökun hafa fyrir því að hafa á móti því, þegar eini íhaldsmaðurinn, sem í nefndinni er, hefir lofað því að tefja ekki fyrir málinu. En hvers vegna má ekki athuga málið nánar? Hæstv. stj. hefir sagt, að skoðanir lagamanna væru skiftar í þessu máli, og þá er ekki að undra, þótt svo sje einnig meðal leikmanna.

En það er þessi einkennilega tilhneiging til þess að knýja sinn vilja í gegn, án þess að taka tillit til þess, er andstæðingarnir hafa fram að færa, sem

einkennir þingsögu meiri hl. þessa þings og nú veldur því, að stj. hefir á móti því, að málinu verði vísað í nefnd.

Sigurður Eggerz: Það er tvent, sem gera verður mjög strangan mismun á; það er, hvernig dómstólarnir eru og hvernig lögin eru. Þessu má ekki blanda saman, en það mun aldrei vera hægt að gera lögin þannig úr garði, að ekki komi fram ýms tvíræð skýringarspursmál. Annars vil jeg geta þess um þá tvo dóma, er hæstv. dómsmrh. nefndi, að ef jeg ætlaði að koma með yfirlýsingu um það, hvort samræmi væri á milli þeirra eða ekki, yrði jeg að framkvæma mjög ítarlega rannsókn á þeim.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að hæstirjettur hefði dæmt tvo dóma, er væru algerlega ósamræmanlegir. Jeg hefi jafnan borið hið besta traust til hæstarjettar, en þar sem jeg hefi ekki rannsakað þessa tvo dóma, get jeg ekki rætt þá. En þó svo væri, sem hæstv. ráðh. sagði, að hæstirjettur hefði dæmt tvo dóma, er væru í stríði hvor við annan, og þó hæstirjettur væri öðruvísi en hann ætti að vera, þá er ekki hægt að lækna þau mein með slíkum breytingum á löggjöfinni og hjer er farið fram á. Sannleikurinn er sá, að það er varla hægt að gera lögin svo skýr, að ekki komi ótal ágreiningsmál, þegar dæma á eftir þeim. Nú segir lagadeild háskólans, að alt það sje í gildandi lögum, sem í frv. stendur. Ef um viss vafaatriði væri að ræða, þá mætti auðvitað gera þau skýrari, en auðvitað verða lög aldrei gerð svo úr garði, að ekki geti út af þeim risið ýms vafamál, sem dómstólarnir verði að skera úr. Það verður að gjalda varhuga við að kasta þungum steini á dómstólana, þótt dómur þeirra sje oss ekki ætíð að skapi, því að mörg mál eru svo tvíræð í eðli sínu. Eins og jeg hefi áður sagt, þarf oft mjög mikla skarpskygni til þess að draga það út úr lögunum, sem rjettast er, og því er það, að þeir, er ekki eru löglærðir, eiga oft erfitt með að átta sig á ýmsum dómum.

Nú hefir lagadeild háskólans, eins og jeg tók fram, látið í ljós skoðun sína á frv. Segir svo í áliti hennar, að um þrjár leiðir sje að velja um það, hvernig dæma skuli bætur fyrir slík ummæli, og verði löggjafinn að gera sjer það ljóst, hver þeirra reglna eigi að gilda framvegis. 1. reglan er svo (með leyfi hæstv. forseta): „Dæma bætur ávalt, er ummælunum er svo háttað, að þau gætu hafa valdið tjóni". En svo bætir deildin því við, að af því mundi leiða, að bætur yrðu stundum dæmdar, þó ekkert tjón hefði orðið, og ræður deildin frá að fylgja þeirri reglu.

Þá er 2. regla: „Dæma bætur aðeins fyrir tjón, er sannað væri". Og loks 3. reglan, að dæma bætur fyrir tjón, þó ekki sjeu sannanir fyrir því, að tjónið hafi stafað af ummælunum, ef hægt er að færa líkur að því.

Nú vil jeg spyrja hæstv. dómsmrh., hvort það frv., er stj. ber fram, sje bygt á grundvallarreglu 2.

Í frv. stj. segir svo: „Nú telur einhver þeirra aðilja, sem getur í 1. gr., sjer fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum, og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við það tjón, er hann færir sönnur á". — Er það þá hugsun stj., að frv. hvíli á reglu 2, og aðeins skuli greiða bætur fyrir tjón, sem sannað er?

Nú segir háskólinn, að afleiðing þessa yrði sú, að oft fengjust ekki bætur fyrir

orðið tjón, af því að fulla sönnun brestur, og væri þá með þeirri reglu sköpuð betri aðstaða fyrir þá, er ekki kunna að haga svo orðum sínum, sem leyfilegt er.

Þá er 3. reglan. Segir háskólinn, að hún sje í gildandi lögum, og gengur út frá, að frv. stj. hvíli einnig á þeirri reglu, því að orðin „að færa sönnur á" myndu oftast skilin svo, að líkur nægðu. Því vil jeg endurtaka spurningu mína til hæstv. dómsmrh.: Byggist frv. stj. á 2. eða 3. reglu? Sje það bygt á 3. reglu, er enginn ágreiningur milli háskólans og stjórnarinnar.

Jeg vona, að það, sem jeg hefi tekið fram hjer, nægi til þess að sýna, að þessu máli, sem snertir borgarana mjög og er mjög almenns eðlis, megi ekki ráða til lykta án ítarlegrar athugunar í nefnd.

Allir eru sammála um 1. gr. Auðvitað eiga þar greind fjelög að njóta sömu verndar og einstakir menn. Háskólinn segir, að sú sje og reglan í gildandi lögum. Þó þessi regla væri að nýju undirstrikuð með þessari lagasetningu, þá sje jeg enga ástæðu til að amast við því.

Jeg læt nú numið hjer staðar, en vænti þess, að hæstv. dómsmrh. svari fyrirspurn minni um það, á hvaða reglu hann hafi ætlað að byggja frv. sitt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það fór að líkum, að hv. þm. Dal. sá, að best myndi að leiða sem fæst vitni í máli þessu, sökum þeirrar aðstöðu, er lagaprófessorarnir hafa. Þessir dómar, er jeg hefi bent á, eru gagnstæðir hvor öðrum, og það eina, sem rjettlætt gæti dómarana, væri það, að lögin væru óljós í þessu efni. Að öðrum kosti verður að líta svo á, að dómararnir hafi dæmt rangt a. m. k. í öðru málinu, og það af ásettu ráði; en fyrir því vil jeg ekki gera ráð. Engir ættu því frekar að óska þess, að þessi ákvæði verði skýrt mörkuð í lögunum, en einmitt prófessorar háskólans. Jeg þarf ekki að benda hv. þm. Dal. á það, hve ástandið er hörmulegt, þegar lagamenn háskólans halda, að það sje sama að dæma eftir sönnunum eða eftir líkum. En sem betur fer, hafa allir óviðkomandi menn, er jeg þekki, skilið frv. á einn veg og viðurkenna nauðsyn þess fyrir íslenskt rjettarfar.

Jeg svara fyrirspurn hv. þm. á þann veg, að jeg vil láta lögfesta þá stefnu, sem hæstirjettur hafði í Sambandsmálinu. Jeg vil, að aldrei framar verði í slíkum efnum dæmt eftir geðþótta eða líkum. Rökin ein og ákveðnar sannanir eiga að gilda. Stundum kunna þeir seku að sleppa of auðveldlega, ef miðað er við tilgang, eins og flestir munu telja, að átt hafi sjer stað um Björn Kristjánsson. En saklausir verða þá heldur ekki dæmdir til ranglátra bóta. Og eftir gömlum og gildum rjettarfarsvenjum er það nauðsynlegast af öllu, að sá saklausi sje ekki dæmdur sekur.

En þegar svo aftur hjeraðsdómari og hæstirjettur komast í ósamræmi innbyrðis, þannig að í eitt skifti er dæmt í 25 þús. kr. sekt og í annað skifti í 5 þús. kr. í sama máli, í öðru sinni í undirrjetti 2000 kr. sekt, en sýknað í hæstarjetti, þá er mönnum ljóst, að vantandi rjettargrundvöllur leiðir yfir í fullkomin rjettarspjöll fyrir alþýðu manna og fullkomna óvissu fyrir dómarana.

Sigurður Eggerz: Jeg þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefir gefið mjer alveg ótvíræð svör um það, að hans frv. hvílir á reglu nr. 2 á þskj. 336. En ef svo

er, er enginn vafi á því, að með þessu frumvarpi er verið að rýra þá rjettarvernd, sem borgararnir eða umrædd fjelög hafa haft fyrir blaðaáreitni. Því að ef þessi skilningur verður lagður í frumvarpið, þá er ekki hægt að dæma skaðabætur, nema sönnur sjeu færðar á, að tjón hafi orðið af ummælunum. Í flestum tilfellum mun ekki hægt að færa þessar sannanir. Um þá dóma, sem hæstv. dómsmrh. hefir gert að umræðuefni, get jeg ekki rætt hjer, því jeg hefi ekki rannsakað þessa dóma. Hitt er kunnugt, að í hitamálum hættir þeim aðiljanum, sem tapar, við að vera þungorður í garð dómstólsins. Jeg er sjálfur gamall dómari og veit því, hvað oft er mikið álitamál, hver úrslitin skuli verða. Auðvitað eru lögin stundum skýr og ótvíræð, þegar orðin rúma aðeins eina leið. En oftast rúma orðin fleiri leiðir. Þá koma hin „sekunderu" skýringarmeðul til greina, og gerist þá vandinn oft meiri. Þess vegna verða menn jafnan að vera afskaplega varfærnir um að segja nokkuð um það, hvort einn dómur er rangur, fyr en öll gögn hafa verið rannsökuð vandlega, svo að maður geti fylgst með dómaranum á þeim ýmsu leiðum, sem liggja til úrslitanna.

Mjer finst, að eitt sje orðið algerlega víst, að þetta frv. sje ekki í röð þeirra mála, er sjeu svo ótvíræð, að það sje fyrirfram víst, að ekki þurfi að gera annað en rjetta upp hendina til að láta það ganga fram. Lögfræðideild háskólans segir, að annað felist í frv. en hæstv. stjórn segir. Jeg álít, að þær umræður, sem hjer hafa farið fram, sjeu orðnar örugg sönnun þess, að málið þurfi að fara í nefnd, og vil jeg nú skjóta því til hæstv. dómsmrh., til þess að jafna deilurnar í dag, hvort hann geti ekki fallist á það, eftir ósk margra manna í þessari hv. deild, að málið sje látið fara til nefndar. **(Dómsmrh. JJ:** Málið hefir verið í nefnd). Jeg veit, að hæstv. dómsmrh. hefir vald á því að láta málið fara frá umræðu til umræðu án rannsóknar, en jeg held, að það sje hyggilegt fyrir þá, sem völdin hafa, að banna það ekki, að skynsamleg athugun megi fram fara áður en til úrslita kemur. Eitt hafa menn að minsta kosti ekki alment gert sjer ljóst, og það er, að ef þetta lagafrv. hæstv. stjórnar verður samþykt, þá geta þeir menn, sem ekki kunna að haga orðum sínum eins og vera ber, orðið rjetthærri en áður. **(Dómsmrh. JJ:** Hvernig var það með þjesa Björns Kristjánssonar?). Hæstv. ráðh. má ekki biðja mig að tala um mál, sem jeg hefi ekki rannsakað. **(Dómsmrh. JJ:** Þá ætti hv. þm. ekki að vera að tala um þetta mál). Hvernig er hægt að heimta það af þm., að hann kunni alla dóma og tilhevrandi málsskjöl utan að og væri reiðubúinn að fella sinn sleggjudóm um alla dóma, sem framkvæmdir hafa verið í landinu? Ef nokkuð er hættulegt fyrir þjóðina, þá er það það, að skapist grunsemd og ótrú á æðsta dómstóli hennar, og ekki mun jeg verða til þess að „skjóta skörpu" að þeim dómstóli, fyr en jeg þá hefi sannfært mig um, að þar sje eitthvað annað á ferðinni en ætti að vera.

Jeg efast um, að það hafi verið tilgangur hæstv. dómsmrh. að koma fram með meiri rjettarvernd en þá, sem verið hefir, fyrir þá menn, sem misnota orð sín á prenti. **(Dómsmrh. JJ:** Það er sama rjettarvernd og Björn Kristjánsson hefir haft).

Magnús Jónsson: Af þeim tveim stuttu ræðum, sem jeg hefi flutt, var

að minsta kosti hin fyrri athugasemd um þingsköp, og jeg gerði þá aðeins tillögu um, að málinu væri vísað til nefndar. Vona jeg því, að hæstv. forseti vægi mjer, þó að jeg flytji nú lengri ræðu en sem svarar athugasemd.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri óvanalegt að vísa máli til nefndar eftir 2. umr., — en hvers vegna er hjer stungið upp á því, sem er óvanalegt? Það stafar af því, að það var byrjað á því með þetta mál, sem er óvanalegt; því var ekki vísað til nefndar við 1. umr., og er það rangt af hæstv. stjórn. að hún skuli hyllast til þess að hespa mál gegnum umræður án þess að þau gangi til nefndar. Þetta mál var til 1. umr. daginn sem jarðarförin mikla var hjer. Var það flutt til á dagskránni, og kom þannig til umr. fyr en ýmsir þm. voru mættir á fundi. Það er mjög undarlegt, ef þessi sjerstöku atvik mega ekki teljast nægileg ástæða til að vísa málinu til nefndar á þessu stigi, en annaðhvort ætti að gera, að greiða atkv. um málið og vísa því svo til nefndar, eða, sem best ætti við, að fresta umr. og vísa því til nefndar.

Það er alveg rangt, sem hæstv. dómsmrh. skaut að hv. þm. Barð., að það væri búið að skera úr því, hvort málið ætti að fara til nefndar. Það var aðeins fyrir athugaleysi þingmanna, að málinu var ekki vísað til nefndar þegar við lok 1. umr., en þingsköp mæla svo fyrir, að máli megi vísa til nefndar á hvaða stigi sem er, jafnvel þótt væri í byrjun 3. umr. Jeg ætla þess vegna að hafa það fyrir satt, ef hv. deild beitir þeim hörkubrögðum að vísa málinu ekki til nefndar, að þá sje þessi leikur gerður með ráðnum huga frá upphafi.

Jeg sakna þess mjög, að hæstv. dómsmrh. skuli vera horfinn úr deildinni, því að jeg varð svo glaður við að sjá hann, en það er annars ákaflega sjaldan, að hæstv. ráðh. er hjer. Hann er líka farinn að leggja það í vana sinn að koma þá fyrst, er flestir þeir eru „dauðir", sem við hann hefðu viljað tala, og gerir því ekki annað en tala yfir dauðra manna gröfum. En úr því að hæstv. forseti leyfir mjer að tala, þá vil jeg gera það. (**ÓTh** (lítur inn í ráðherraherbergið og sjer dómsmrh. sitja þar): Ráðherrann er viðstaddur). Hæstv. dómsmrh. hefir í háttv. Ed. talað ákaflega óvarlega um hæstarjett. En það ættu allir góðir menn að vera samtaka um að vernda virðing manna fyrir þeim dómstóli og auka veg hans, því að á því getur mikið oltið fyrir þjóðina, að dómar hans sjeu óvjefengdir. Ætti því enginn að leyfa sjer óvarleg ummæli um dóma hæstarjettar, nema sjerstaklega brýna nauðsyn beri til. En tífalt verður þetta brot, er í hlut á sjálfur dómsmálaráðherrann, sem talar frá virðingarsæti sínu á Alþingi og hann þar talar um það, að dómar hæstarjettar sjeu hver ofan í annan, því að slíkt er óvenjulega vel til þess fallið að vekja tortryggni á þeim dómstóli, að jeg ekki tali um það, sem hæstv. ráðh. endurtók hjer, að hæstirjettur hefði framið „justits"-morð. Við skulum nú athuga, hvað meint er með orðinu „justits"-morð. Það er hin ljótasta athöfn, sem veraldarsagan hefir frá að segja. Það var t. d. „justits"-morð, þegar Napoleon Bonaparte ljet taka mann nokkurn af konungsættinni, varpa honum í fangelsi, dæma hann til málamynda og skjóta. Það var líka „justits"-morð, þegar afturhaldsstjórnin á Spáni ljet taka Ferrar höndum og lífláta hann, og það átti líka

að fremja „justits"-morð á Dreyfus, þó að það tækist ekki. Og þetta endurtekur hæstv. dómsmrh. í báðum deildum. að hæstirjettur Íslands hafi gert. Þetta er svo afskaplegt, að mann setur hljóðan við. Jeg veit ekki, hve mikið hæstirjettur mætti til þess vinna, áður en maður slepti slíkum orðum út úr sjer um hann.

Það er alkunnur sannleikur, að sá aðili, sem undir verður í málaferlum, á erfitt með að sætta sig við úrslitin og telur dóminn rangan. En á því taka menn lítið mark. Menn treysta dómstólunum betur. Þess vegna þarf ekki heldur neinn að taka til þess, þó að núverandi hæstv. dómsmrh. sje að nöldra út af dómsúrskurðum, þar sem Samband íslenskra samvinnufjelaga varð undir að hans dómi. En hitt er verra, er sami maður fer að lýsa yfir því úr ráðherrastóli dómsmrh., að hæstirjettur fremji „justits"-morð.

Þá er það dómur sama ráðherra um prófessora lagadeildar, að þeir sjeu ekki vitnisbærir. Er það af meðfæddri heimsku, eða eru þeir svona afarþekkingarsnauðir? **(Dómsmrh. JJ:** Nei, vegna þess, að þeir hafa dæmt þessa dóma). Nú, það er þessi sama gamla sök. Ákaflega má það vera einkennilegt, ef það eitt, að menn hafa verið með í að dæma eftir einhverjum lögum, sviftir þá allri dómgreind um þau lög. Af því að lagaprófessorarnir hafa verið með í að dæma dóma eftir þessum lögum, þá eru þeir óvitnisbærir um það, hvað þau fela í sjer, og hvort frv., sem hjer liggur fyrir, gerir breyting á rjettarástandinu eða ekki. Jeg veit ekki, hvernig svona hugsanaþráður er spunninn, og jeg veit ekki heldur, hvernig það hefir átt að geta ruglað þeirra skilning, þótt þeir hafi tekið þátt í þessum mjög vafasömu, og að því er hæstv. ráðh. segir, jafnvel alröngu dómum, sem hjer er um að ræða.

Hæstv. ráðh. tók hjer til dæmis þrjú mál. Fyrst var mál það, sem Ólafur Briem höfðaði f. h. Sambands íslenskra samvinnufjelaga gegn Birni Kristjánssyni, annað mál Garðars Gíslasonar stórkaupmanns gegn ritstjóra Tímans, fyrir ummæli um hrossaverslun hans, og svo þriðja málið, sem jeg veit ekki, hverjir aðiljar voru að. Jeg veit ekkert, hvaða mál það er, en hin málin voru svo stór og vöktu svo mikla athygli, að alþjóð manna þekti þau töluvert. Jeg ætla nú að reyna að leitast við að sýna það, að það er alveg fjarri sanni, þegar hæstv. dómsmrh. segir, að farið hafi verið eftir sinni reglunni í hvort skiftið. Það var að vísu komist að sinni niðurstöðunni í hvort skiftið, en þó farið eftir sömu reglu, þeirri, sem lagadeild háskólans álítur, að þetta frv. feli einnig í sjer. En áður en jeg vík að þessu, vil jeg þó minnast á eitt atriði, sem hæstv. dómsmrh. hefir vikið að. Hann þurfti sem sje að taka á milli tannanna einn best metna lögfræðinginn hjer í bænum, Jón Ásbjörnsson hæstarjettarmálafærslumann. Honum var ekki nóg að hafa hæstarjett og lagadeild háskólans í takinu. Hæstv. ráðherra sagði, að mjer skildist, að Jón Ásbjörnsson hafi átt að segja, að það væri rjettmætara eða eðlilegra, að nokkur gagnrýning ætti sjer stað á stofnun eins víðtækri og S. Í. S., heldur en á einstökum kaupmönnum. Jeg skal nú ekki dæma um það, hvort þetta er rjett haft eftir eða ekki, en mjer finst þessi dómur alveg rjettmætur og eðlilegur. Það sjá allir, að eftir því sem einhver stofn-

un verður víðtækari, eftir því sem fleiri hundruð eða þúsund manna eiga hag sinn undir henni, því viðurhlutameira er það, hvernig henni er stjórnað. Ef eitthvert fyrirtæki snertir aðeins fáa menn, skiftir það ekki eins miklu máli, hvernig það er rekið, en þegar það snertir þúsundir manna, fer það mál að horfa öðruvísi við.

Jeg vil í þessu sambandi benda á það, að hjer á þingi var fyrir skömmu til umræðu mál um opinber reikningsskil togarafjelaga, og var þá talað um, að margir ættu hag sinn undir þeim, og var því jafnvel haldið fram, að blaðamenn mættu hafa aðgang að aðalfundum þeirra, vegna þess að það, hvernig slíkum fjelögum væri stjórnað, væri hagsmunamál svo margra manna. Hjer kemur þessi sama hugsun fram, og er þó ekkert togarafjelag til, sem spennir jafnvítt og S. Í. S. Björn Kristjánsson taldi ýmislegt í tilhögun kaupfjelaganna og Sambandsins miög varhugavert, og það var ekki nema alveg eðlilegt, að þær aðfinslur kæmu frekar fram um slíka stofnun heldur en ef um einstakling var að ræða.

En svo að jeg víki nú aftur að þessum tveim hæstarjettardómum, sem eiga svo mjög að reka sig hvor á annars horn, þá hefi jeg þá nú hjer fyrir framan mig prentaða, og verður ósanngirni hæstv. dómsmrh. best hrakin með því að lesa kafla úr forsendum beggja dóma. Vil jeg því, með leyfi hæstv. forseta, aðeins lesa kafla úr dóminum í fyrra málinu, viðvíkjandi skaðabótakröfu S. Í. S. til Björns Kristjánssonar. Segir þar svo í dómi hæstarjettar:

„Það hefir ekki verið sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað áfrýjanda tjón, og verður skaðabótakrafan því ekki tekin til greina. Sekt sú, er gagnáfrýjanda ber að greiða, ákveðst 100 krónur í ríkissjóð, ella sæti hann einföldu fangelsi í 10 daga".

Í hinu málinu eru ummæli hæstarjettar þessi, — með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda, sem hefir verið nægilega mótmælt í undirrjetti, þá hefir stefndi aðallega bygt kröfuna á tapi á hrossaverslun sinni árið 1924. Hefir hann lagt fram í málinu staðfestan útdrátt úr verslunarbókum sínum, er sýna gróða hans á hrossaverslun árið 1923, um 13000 kr., en um 14000 kr. tap árið 1924; en það verður að telja upplýst í málinu, að tap stefnda á hrossaversluninni 1924 sje aðallega af öðrum rótum runnið en hinum átöldu blaðagreinum. Að því hinsvegar athuguðu, að verslun með hross og aðrar landbúnaðarafurðir er og var, þegar framangreind meiðyrði og móðgunaryrði birtust, einn þáttur í atvinnurekstri stefnda, og ummælin eru til þess fallin að spilla áliti hans sem kaupmanns og fæla menn frá viðskiftum við hann, og að stefndi ennfremur hefir undir rekstri málsins gert það sennilegt, að þau hafi spilt atvinnu hans, ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda skaðabætur, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðnar 5000 kr."

Hjer sjest á þessu, að hæstirjettur fylgir nákvæmlega sömu reglu í bæði skiftin, athugar, hvort sennilegt sje, að viðkomandi hafi beðið skaða af ummælunum. Í öðru málinu er ekki talið

sennilegt, að skaði hafi af hlotist, og því er ákærður sýknaður af skaðabótakröfum, en í hinu málinu þykir það sennilegt, að skaði hafi af hlotist, og þá eru dæmdar skaðabætur. Hvað vilja menn heimta meira samræmi? Hjer vantar því enga löggjöf, og ekkert skeikar um samræmi í dómsforsendum rjettarins. Það, sem hjer ætti þá að vanta, ef menn eru ekki ánægðir með dómana, er dómgreind rjettarins að meta líkurnar í hvort skifti til skaðabótagreiðslu, og því getur hæstv. dómsmrh. ekki breytt að neinu leyti með því frv., sem hjer liggur fyrir, en hæstv. dómsmrh. fer aðeins fram á að breyta þeim reglum, sem nú er talið, að gildi, og hann hefir heldur ekki sýnt fram á neitt ósamræmi í þessum dómum.

Nú verð jeg að segja það, eins og hv. þm. Dal., að ef þessi breyting er til einhvers, þá er hún til hins lakara. Ef fengin er föst rjettarvenja, þá er óráðlegt að breyta henni; þar að auki held jeg, að eins og frv. er nú og eins og hæstv. dómsmrh. hefir útskýrt það, þá sje það alt of kröfufrekt um það, hvenær hægt sje að dæma menn í skaðabætur. Það er sem sje nálega aldrei hægt að sanna það beinlínis, að fjárhagslegt tjón hafi hlotist af meiðandi ummælum. En það getur ekki talist ómaklegt, þótt þeir menn, sem vaða upp á einstaklinga eða fjelög, sem eiga stórfje á hættu, beri ábyrgð á ummælum sínum með fje sínu. En eins og frá þessu frv. er gengið, verður aldrei hægt að fá neinar slíkar skaðabætur, hvað sem á gengur. Hjer er því í raun rjettri frv. til laga um rjettarvernd fyrir blaðasnápa og lygalaupa og rógbera.

Það þýðir lítið fyrir hæstv. dómsmrh. að segja, að hæstirjettur hafi litið rangt á þessi mál. Það verður hver og einn að gera upp í sínum eigin huga, hvorir eru líklegri til að líta hlutlaust á þessi mál, maður, sem er tengdur öðrum aðilja og auk þess ekki lögfræðingur, eða þaulvanir dómarar, sem kynt hafa sjer öll málin og fylgiskjöl þeirra til hlítar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HG, HK, HjV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BSv.

MJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÁÁ, EJ, GunnS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15:6 atkv.

3. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ.

Tveir þm. (ÁÁ, GunnS) fjarstaddir.

Á 63., 67., 68., 69., 71. og 72. fundi í Nd., 2., 10., 11., 12. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera hjer viðstaddur. Jeg ætlaði að ræða nokkuð við hann um málið, út af því, sem fram kom við 2. umr. Mjer er ómögulegt að sjá annað en að eftir því, hvernig hæstv. ráðh. hefir skýrt þetta frv., eigi að heimta frekari sannanir af fjelögum en einstökum mönnum fyrir skaða út af meiðandi ummælum. Það er föst „praksis" hjer á landi fyrir því, að einstakir menn þurfa ekki að færa fylstu sannanir fyrir því, að þeir hafi orðið fyrir tjóni. En eftir því, hvernig hæstv. dómsmrh. talaði hjer við 2. umr., á nú að heimta fullar sannanir af fjelögum. Eftir hans yfirlýsingu er enginn vafi á, að afleiðingin verður sú, að samvinnufjelög og önnur fjelög verða ver sett en einstakir menn, og þykir mjer einkennilegt, ef það er meining hæstv. ráðh., að það verði svo. — Þá þykir mjer og einkennilegt, að hjer skuli aðeins tekin prentuð ummæli. Munnleg ummæli eru ekki og eiga ekki að teljast síður skaðnæm. Jeg álít því, að frv. sje til ills eins, ef það á að skiljast á þann veg, sem hæstv. ráðh. skýrir það. Mun jeg því greiða atkv. á móti því, með því að jeg vil, að gildandi löggjöf um sömu rjettarvernd einstaklinga og fjelaga verði áfram óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

31. Lokunartími sölubúða.

Á 2. fundi í Ed., 20. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er enginn nýr gestur. Það hefir legið fyrir 4 þingum, en ekki fundið náð fyrir augum Ed. Vona jeg, að nú, eftir að nýjar kosningar hafa farið fram og ýmislegt hefir skeð annað, sem hefir dregið úr mótspyrnu gegn frv., verði því vel tekið í þessari hv. deild. Vegna þeirra, sem ekki hafa setið á þingi áður og kannske ekki kynt sjer málið, ætla jeg að fara nokkrum orðum um tilgang frv. og ástæðurnar fyrir því, að það er fram komið.

1917 samþykti Alþingi lög um, að heimila mætti bæjarstjórnum að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum. Þetta var síðan gert í flestum kaupstöðum, ef ekki öllum, en þegar til framkvæmda kom, þótti ýmsum lögin ekki vera nógu víðtæk, því að þau náðu aðeins til þeirra, er verslunarleyfi höfðu. Einkum var það ein stjett manna, sem vildi brevtingu á lögunum, sem sje rakarar. Hefir frv. dregið nafn af þeim og, eins og kunnugt er, verið nefnt „rakarafrumvarp". Frv. þetta er ekki þannig, að það fyrirskipi skilmálalaust einhvern ákveðinn lokunartíma, heldur fer það fram á heimildarlög fyrir bæjarstjórnir til að gera samþyktir um lokunartíma þeirra

sölustaða, sem það tekur til og þar sem viðskifti fara fram við almenning, þó að ekki sje þar seldur neinn varningur.

Það virðist vera alveg undarlega mikil mótspyrna gegn svo einföldu og sjálfsögðu máli eins og þetta er, þar sem einungis er farið fram á heimild fyrir bæjarstjórnir til að gera samþyktir um þessi atriði. Jeg ætla ekki að orðlengja þetta frekar, og vænti jeg, að málinu verði vísað til allshn., eins og verið hefir, þegar það á annað borð hefir komist svo langt, að það hafi farið til nefndar.

Jón Þorláksson: Þar sem hv. flm. gerir það að tillögu sinni, að frv. þessu verði vísað til nefndar, gæti jeg í raun og veru beðið með að segja það, sem jeg hefi að segja um þetta mál. Mjer þykir þó rjett að láta koma fram nú þegar, af hverju andstaðan gegn frv. hefir stafað, þar sem hv. flm. gat ekkert um þá hlið málsins.

Svo stendur á frv. þessu, að fjelagsskapur þeirra manna, sem ekki komast inn undir ákvæðin um lokunartíma sölubúða, hafði gert samþykt um lokunartíma á sínum vinnustofum. Þetta var þeim auðvitað alveg frjálst að gera. En utan þessa fjelagsskapar voru einn eða tveir menn, sem enga starfsmenn höfðu í þjónustu sinni, heldur tóku á móti viðskiftavinum sínum í heimahúsum á kvöldin og rökuðu þá þar. Þessu hjeldu þeir vitanlega áfram eftir að hinir höfðu gert samþykt um lokunartíma á vinnustofunum. Þá urðu þeir óánægðir og fanst með þessu vera stofnað til óeðlilegrar samkepni. Hjer er því um það að ræða, hvort rjett sje að ganga svo nærri atvinnufrelsi manna, að þeim sje blátt áfram meinað að vinna heiðarleg verk í heimahúsum sínum. Það hefir þingið ekki viljað fallast á, heldur hefir því fundist frv. þetta fara fram á meiri skerðing á persónulegu frelsi manna en rjettmætt sje. Jeg skal ekkert hafa á móti því, að frv. fari til nefndar. Vera má, að nefndin geti stungið upp á einhverri málamiðlun, sem tryggi það, að ekki sje gengið of nærri atvinnufrelsi manna.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg kannast við þær ástæður á móti frv., sem hv. 3. landsk. hefir fram að færa. Þær hafa verið bornar fram á hverju þingi, síðan á annað borð var farið að ræða þetta mál. Jeg skal aðeins benda á, að það er ekki alveg laukrjett, sem hv. þm. sagði um þá menn í rakarastjettinni, sem eru á móti þessu frv. Hann sagði, að þeir hefðu unnið í sínum heimahúsum á kvöldin. Jeg þykist mega fullyrða, að þessir menn höfðu vinnustofur, þó að þær væru í þeirra eigin húsum eða íbúðum. En það er órjett og villandi að segja, að þeir hafi unnið „heima hjá sjer", rjett eins og rakarastörfin hafi verið aukaatvinna þeirra. En það voru þau auðvitað ekki.

Þá segir hv. þm., að í frv. sje gengið of nærri „persónulegu frelsi manna". Nákvæmlega það sama var sagt um búðalokunarlögin 1917. Þá þótti það svo óskaplegt að vera að knýja þá menn, sem aðeins ynnu með skylduliði sínu við verslanir sínar, til að loka þeim kl. 7. Þegar á að halda uppi reglu, er ómögulegt að gera slíkar undantekningar. Þó að það kynni að koma illa við einhvern fyrst í stað, venjast menn því, þegar búið er að koma á fastri reglu, enda veit hv. þm. (JÞ), að í öðrum löndum eru alstaðar fastar reglur um

lokunartíma vinnustofa og engar undanþáguheimildir. Jeg sje því ekki, að móthárur hv. þm. hafi við neitt að styðjast.

Jón Þorláksson: Jeg vil taka það fram, að það villir engan, þó að eitt herbergi í íbúð manns sje af honum öðrum fremur notað til þess að vinna í daglega iðju og óviðkomandi menn vilji kalla það vinnustofu. Að öðru leyti skal jeg ekki lengja umræðurnar. Það kemur engum á óvart, þó að hv. 5. landsk. þyki það lítil ástæða í einhverju máli, þegar minst er á, að borgarar landsins eigi að hafa rjett til persónulegs frelsis. Það er vitanlegt, að hann og hans flokkur vilja ganga æ lengra í því að svifta menn persónulegu frelsi þeirra. Þeir eru arftakar einvaldsherranna á miðöldunum, sem í lok miðaldanna voru búnir að setja svo ströng lög, að heita mátti, að enginn mætti hreyfa sig frá vöggu til grafar. En svo sprakk bólan, og er ekki ólíklegt, að eins fari fyrir hv. 5. landsk. og flokki hans.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg vil spyrja hv. þm. (JÞ), sem sjálfur hefir haft verslunar- og vinnustofu í húsi sínu: Taldi hann það þá hluta af íbúð sinni? Jeg held, að hv. þm. hafi ekki getað hnekt því, að rakararnir hafi allir vinnustofur, sem hafa viðskifti við almenning. Þó að sumir þeirra sjeu í eigin húsum með vinnustofurnar, er villandi að segja, að þeir taki á móti viðskiftavinum sínum heima hjá sjer.

Hv. þm. bar mjer á brýn, að jeg vildi svifta menn frelsi. Mikil skelfing er að heyra þetta úr þessari átt. Veit hv. þm., hvað frelsi er? Það sanna frelsi felst í því að takmarka frelsi einstakra manna, svo að þeir geri ekki heildinni skaða. Hjer er verið að gera ráðstafanir til að setja reglur, er varni því, að einstakir menn geri það að verkum, að ekki sje hægt að halda reglu um lokunartíma vinnustofa, og reyna að koma í veg fyrir, að menn þurfi að hanga langt fram á kvöld eftir því að afgreiða viðskiftamenn, sem annars hefðu komið fyr, ef reglur væru um lokunartímann.

Jeg skildi niðurlag ræðu hv. þm. þannig, að ef eitthvað af þessum frelsisskerðandi frv. næði fram að ganga, mættum við eiga von á meiri háttar byltingu. Það mátti ekki seinna vera.

Háttv. þm. er nú æðilengi búinn að þruma gegn umrótsmönnunum, en hann er ekki fyr kominn í minni hluta en hann fer að hóta okkur blóðugri byltingu.

Jón Þorláksson: Það er misskilningur hjá hv. 5. landsk., að jeg hafi verið að hóta byltingu. En jeg veit, að mennirnir eru eins innrættir og þeir hafa altaf verið; þegar þeir eru farnir að finna til fjötra, sem þeir hafa sjálfir lagt á sig í hugsunarleysi, vilja þeir hrista þá af sjer, og gera það oftast á löglegan hátt. Í þessu tilfelli er leiðin greiðfær. Menn bara hætta að fylgja þeim forsprökkum, sem ekki hafa svo ýkjamikið fylgi hvort sem er, svo að umskiftin verða ekki mikil.

Um vinnustofu mína er það að segja, að jeg er meðeigandi í verslunarfyrirtæki, sem ekki kemur málinu við. En auk þess stunda jeg verkfræðingsstörf og hefi í því skyni vinnustofu eða teiknistofu í íbúð minni. Og mjer hefði þótt það alveg óþolandi, ef nokkur stjórnarvöld hefðu farið að setja mjer

reglur um það, hvenær jeg mætti taka á móti viðskiftavinum í þessari stofu í íbúð minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv. og til allshn. með 8:1 atkv.

Á 12. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 63 og 69).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Nefndin hefir ekki orðið sammála um þetta frv., og er það till. okkar meiri hl., að frv. verði samþ.

Það er engin deila um formið á sjálfu frv. og ekki heldur um orðalag þess; það er aðeins stefnuatriði, sem deilt er um í þessu máli. En þar sem það hefir verið rætt ekki einungis á þessu þingi, heldur á fjórum undanförnum þingum, þá hygg jeg, að ekki þurfi langar ræður um það nú. Jeg mun því aðeins halda mjer að þeirri tillögu, sem meiri hl. hefir gert, og mun ekki taka til máls aftur, nema sjerstakt tilefni gefist.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg get vísað til nál. míns, að jeg álít, að frv. veiti bæjarstjórnum of víðtæka heimild til þess að skerða atvinnufrelsi manna, — víðtækari en þá, sem almenningsheill krefur. En samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar má ekki skerða atvinnufrelsi, nema nauðsyn krefji, enda þarf lagaboð til. Jeg álít ekki, að sú forsenda sje til fyrir þessu frumvarpi.

Það álít jeg sjerstaklega rangt, að fá bæjarstjórnum vald til þess að takmarka atvinnufrelsi handiðnamanna, er einungis stunda atvinnuna sjálfir eða með aðstoð síns skylduliðs. Jeg sje ekki, að það verði borin fram nokkur ástæða fyrir slíkri skerðingu. En um ákvæði frv. alment vil jeg benda á það, að núverandi löggjöf um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum miðar að því, að takmarka fyrst og fremst starfstíma þess fólks, sem vinnur fyrir kaup á slíkum stöðum; og svo er hún líka kannske nokkur takmörkun á rjetti til þess að hafa þær vörur til sölu, sem þar eru seldar. En það er yfirleitt sá útlendi varningur, sem til landsins flytst, þannig að að því leyti sem sú löggjöf þykir takmarka atvinnuna sjálfa með því að takmarka tímann, þá er það takmörkun á rjetti til þess að selja hjer útlendan varning. En jeg álít ekkert varhugavert við það, þótt innlend framleiðsla nyti þeirra forrjettinda fram yfir sölu á útlendum varningi, að mönnum sje frjálst bæði að stunda sjálfir sína vinnu og hafa afurðir handa sinna á boðstólum einnig á þeim tíma, sem ekki er leyft að hafa opnar sölubúðir fyrir erlendan varning.

Jeg get því yfirleitt ekki fallist á, að það sje rjettlátur grundvöllur, sem þetta frv. byggist á.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg get ekki annað en leiðrjett misskilninginn, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk. Það er fullkominn misskilningur, ef hann heldur, að heimild fyrir bæjarstjórnir viðvíkjandi lokun sölubúða frá 1917 sje til þess að styðja innlenda vöru og iðnað í samkepni við erlenda vöru. Aðalatriðið í þeim lögum var að vernda það starfsfólk, sem vinnur í búðum, frá því að þurfa að standa þar frá kl. 7—8 á morgnana og fram undir 12 á kvöldin. (**JÞ:** Þetta sagði

jeg nú ekki). Ja, þetta lá í orðum hv. þm. — Hann vitnaði einnig í stjórnarskrána. Mig skal þá ekki furða, þótt þetta sje viðkvæmt mál hjá hv. þm., fyrst hann telur það koma í bága við stjórnarskrána. En jeg skil nú ekki, að þessu sje í alvöru haldið fram. — Jeg álít það eigi einmitt að heyra undir bæjarstjórnir að setja reglur um það, hvernig skuli haga lokun sölubúða og vinnustofa. Það er einmitt vegna góðrar reglu í bæjunum, sem þetta er nauðsynlegt. Það er líka vinningur gagnvart starfsfólkinu. Er rjettlátt, að þeir menn, sem koma upp fullkomnum vinnustofum og leggja mikið í kostnað til þess að fullnægja öllum hreinlætisreglum, þurfi að halda starfsfólki sínu langt fram yfir venjulegan, almennan hættutíma, af því að einhver hefir sett upp dálitla kompu, sem hann sjálfur vinnur í?

En svo eru þetta ekki nein ákvæði í sjálfu sjer um lokun þessara vinnustofa. Það er lagt á vald bæjarstjórna, og þær verða að sjá svo um, að þau ákvæði, sem þær setja, sjeu sett með heill bæjarbúa fyrir augum. Þetta hygg jeg og, að myndi verða raunin á, og sje því ekkert varhugaverðara við að afhenda þeim þessa heimild heldur en þá heimild, sem felst í búðalokunarlögunum frá 1917.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg sagði ekki nokkurt orð um það, að tilgangurinn með núgildandi löggjöf viðvíkjandi lokun sölubúða hefði verið sá, að styðja innlenda framleiðslu í samkepni við verslun með útlendar vörur. Jeg sagði þvert á móti alveg eins frá því og hv. 5. landsk., hver væri tilgangurinn.

En jeg benti á það, að löggjöfin hefir orðið til þess, enn sem komið er, að veita innlendri framleiðslu ofurlítil forrjettindi í samkepninni, nefnilega að menn eru frjálsir að því að bjóða innlenda framleiðslu á þeim tíma sólarhringsins, sem varnað er að hafa útlendar vörur á boðstólum. Jeg tel ekki óeðlilegt, að þessi litlu forrjettindi fyrir innlenda framleiðslu fái að haldast, þó að jeg viðurkenni hinsvegar, að þetta hafi ekki verið haft sjerstaklega fyrir augum, þegar löggjöfin var sett.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 14. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. til. Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 35).

Á 16. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HG, HjV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, BSv.

nei: MJ, ÓTh, EJ, JS, MG.

Fjórir þm. (TrÞ, HJ, HK, JörB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Hákon Kristófersson: Þetta er að vísu ekkert stórmál og hefir áður verið rætt hjer á Alþingi. Þó finst mjer, að vel mætti vísa því til nefndar. Hefi jeg áður verið því fylgjandi, að svo yrði gert. Jeg vil nú leyfa mjer að leggja til, að umr. sje frestað og frv. vísað til hv. allsherjarnefndar. Þykir mjer ekki ósennilegt, að breyta megi einhverju í því, t. d. á þann hátt, að þeim mönnum, sem eiga rakarastofur, væri heimilt að vinna sjálfum. Hinsvegar er ekki nema sanngjarnt, að takmörk sjeu fyrir því, hve lengi þeir megi láta sveina sína vinna.

Því hefir verið haldið fram, að hjer sje um alveg samskonar takmörkun að ræða og um lokun sölubúða. Jeg held þó, að þetta tvent sje dálítið ólíkt. Menn hafa oftast einhver ráð með að afla sjer nauðsynja sinna á daginn, enda mun lögunum ekki svo stranglega fylgt, að amast sje við því, þó að vörur sjeu afgreiddar eftir pöntun símleiðis, þó að komið sje fram yfir lokunartíma. En þetta frv. er einn liður í þeirri stefnu að banna mönnum sjálfsákvörðun þar sem einstaklingsrjetturinn á að vera óskertur.

Líklega verður frv. þetta að lögum nú, en mig furðar á því, að hv. þdm. skuli ekki hafa viljað sýna því þann sóma að vísa því til nefndar.

Gunnar Sigurðsson: Mjer sýnist alveg ástæðulaust að vísa frv. til nefndar. Háttv. þm. Barð. getur beðið forseta um að taka málið út af dagskrá, og getur þm. þá komið með brtt.

Hákon Kristófersson: Mjer er ómögulegt að sjá, hverja ástæðu hv. form. allshn. getur haft til þess að vera á móti því, að nefndin fái frv. til meðferðar. Jeg held, að það væri t. d. mjög fýsilegt að fá að vita, hvaða menn það eru, sem óska frv. framgangs, eða hvort nokkrum er þægð í því, að það verði að lögum.

Gunnar Sigurðsson: Það er alls engin ástæða til þess að tefja allshn. á því að láta hana fara að fjalla um þetta frv. Þingið hefir margsinnis áður haft það til meðferðar, og það er þrautrætt. Jeg legg til, að því verði ekki vísað til nefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allshn. feld með 14:4 atkv.

Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 150).

32. Sala á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði (þmfrv., A. 41).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Frv. þetta er flutt samkv. áskorun bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, og fer það fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað landskika, sem eru eign Garðakirkju, en eru þó í kaupstaðnum. Eins og greinargerðin ber með sjer, eru ástæðurnar fyrir þessu þær, að skipulagsnefnd hefir gert ráð fyrir, að annar bletturinn yrði notaður fyrir skemtigarð handa bæjarbúum, en hinn undir byggingar við aðalgötu bæjarins. Annars er bráðlega von á nánari upplýsingum um málið frá Hafnarfirði, og mun jeg sjá um, að þær verði sendar þeirri nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar. Einnig vona jeg, að sú nefnd leiti álits kirkjumálastjórnarinnar um söluna. — Að svo mæltu get jeg látið staðar numið, en vænti þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 93).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sjest í nál. á þskj. 93, hefir allshn. orðið sammála um að mæla með frv. Ástæðurnar til þess, að frv. er fram komið, eru teknar fram í greinargerð, og þarf jeg ekki að fara um þær mörgum orðum.

Þess skal getið, að nefndin hefir spurt biskupinn um álit hans á þessu máli. Hefir hann lýst yfir því, að hann sæi ekkert á móti sölunni. Land það, sem Hafnarfjarðarkaupstaður nú vill fá keypt, var undanskilið, þegar aðrar eignir Garðakirkju í Hafnarfirði voru seldar. Var þá svo til ætlast, að prestur hefði þar grasnytjar, ef hann flyttist til Hafnarfjarðar. En biskup telur ekki miklar líkur til, að presturinn muni flytja sig í kaupstaðinn, og ekki heldur æskilegt. Ennfremur hefir skipulagsnefnd ákveðið, að einmitt sá blettur, sem hjer ræðir um, skuli í framtíðinni verða skemtigarður bæjarins. Því verður ekki hægt að nota hann til annars.

Mjer þykir rjett að taka það fram, áður en jeg skilst við málið, að það er yfirleitt ekki venja, að prestum í kaupstöðum sje sjeð fyrir grasnytjum. Þeim er ætlað að sjá um sig sjálfum, eins og öðrum, sem á mölinni búa. Því er það, að þó að presturinn flyttist til Hafnarfjarðar, yrði hann engu ver settur en aðrir kaupstaðaprestar, þó að búið væri að selja landið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 41).

Á 20. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Frv. þetta var flutt í hv. Nd. eftir ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Málinu var þar vel tekið. Hv. allshn. Nd. fjekk frv. til umsagnar, og mælti hún einróma með því og gekk það svo í gegnum deildina umræðulítið og mótmælalaust.

Mál þetta er mjög einfalt og óbrotið og þarf því ekki mikilla skýringa við. Það stendur þannig á, að Garðakirkja á þarna landsvæði í miðjum Hafnarfjarðarbæ. Það er því augljóst, að það er hin mesta nauðsyn fyrir bæinn að fá full umráð yfir þessu landi, til þess að hægt sje að koma heildarskipulagi á byggingar og þess háttar.

Jeg skal geta þess, að skipulagsnefnd hefir lagt til, að nokkur hluti þessa lands yrði notaður fyrir skemtigarð, en hitt undir byggingar. Bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar hefir gert uppdrátt af þessu svæði, og mun jeg leggja hann ásamt öðrum gögnum, sem málið snerta, fyrir þá nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Jeg skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en vænti, að málið fái hjer jafngreiðan gang eins og það fjekk í hv. Nd., og legg til, að því verði vísað til hv. allshn., að umr. lokinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 197).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi ekki mikið um þetta litla frv. að segja. Það er með sem fæstum orðum sagt það, sem um það þarf að segja, í hinu stutta nál. Frv. er borið fram í hv. Nd. og gekk viðstöðulaust í gegnum allar umr. þar, og jeg geri ráð fyrir, að svo muni einnig verða hjer.

Nefndin hefir ekki getað orðið vör við neitt, sem mælti á móti því, að þetta frv. gengi fram, og virðast því allar ástæður mæla með því, að svo verði. Leggur nefndin því til, að deildin samþ. það óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

33. Landhelgigæsla.

Á 7. fundi í Ed., 26. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um aukna landhelgigæslu (þmfrv., A. 53).

Á 13. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Eitt af allra þýðingarmestu málum þjóðarinnar er landhelgigæslumálið. Örugg og trygg landhelgigæsla er lífsskilyrði mikils hluta þjóðarinnar, eða allra þeirra, sem stunda sjó á öðrum skipum en botnvörpuskipum, og jafnvel þeim líka í framtíðinni, því að því hefir verið haldið fram af fiskifræðingum, og sjálfsagt með rjettu, að togaraflotinn hjer við land væri að grafa sína eigin gröf með veiðum innan landhelgi, þar sem hann með þeim bæði spilti fiskigöngunum og eyðilegði að meira og minna leyti ungviði fiskanna. Það er þess vegna orðið eitt af aðaláhugamálum þjóðarinnar, að landhelgigæslunni sje komið í sæmilegt horf, og mönnum er orðið það ljóst fyrir löngu, að það verður ekki með öðru móti en því, að vörninni verði haldið uppi á ríkisins kostnað, með íslenskum varðskipum og íslenskum skipshöfnum, því að þótt við samkvæmt sambandslögum við Dani eigum rjett til, að 1—2 varðskipanna sje haldið úti hjer við land á þeirra kostnað, og þótt það hafi verið gert undanfarin ár, þá hefir reynslan sýnt, að sú vörn hefir verið fremur ljeleg og ekki komið að neinum verulegum notum. Því verður nú ekki neitað, að landhelgigæslan hefir batnað nokkuð síðustu árin, sjerstaklega eftir að Óðinn var bygður. En þó er langt frá því, að hún sje komin í viðunanlegt horf, enda er ekki von til þess, að 2 skip geti leyst af hendi gæslu, svo í nokkru lagi sje, á jafnstóru svæði eins og þau þurfa að hafa undir, eða umhverfis alt landið. Það munu nú sjálfsagt vera fáir firðir og flóar á landinu, sem ekki þurfa einhverja landhelgivörn einhvern tíma ársins. En hitt er engum vafa undirorpið, að þörfin fyrir góða vörn er afarmismunandi fyrir ýmsa staði á landinu. Það er nú svo, að hver er sínum hnútum kunnugastur, og þess vegna þekki jeg sjálfsagt flestum þingmönnum betur, hve aðkallandi þörfin er á aukinni gæslu á vestanverðum Faxaflóa og í Breiðafirði. Á þessum stöðum eru einhver allra bestu fiskimið landsins, sannkölluð gullkista, en niður í þessa gullkistu vaða útlendar og innlendar ránskindur og ausa upp auði frá íbúum þeirra hjeraða, sem þarna liggja að sjó, og öðrum landsmönnum, sem vilja stunda þaðan veiðar á löglegan hátt. Það er nú ef til vill ekki að búast við því, að menn, sem ekkert þekkja, hvernig þarna til hagar, geti hugsað sjer ástandið eins og það er, en jeg, sem hefi dvalið þarna tugi ára, get satt að segja ekki varist gremju yfir að líta á þessar aðfarir afskiftalausar ár eftir ár.

Hv. þm. í þessari deild eru í fersku minni umr. um þetta mál í fyrra hjer í deildinni og blöðunum, og tilefnið til þeirra umræðna var þá ránskapur togara í landhelgi við Snæfellsnes. En þetta var ekkert nýtt. Það hefir endurtekið sig ótal sinnum og endurtekur

sig ennþá svo að segja daglega, vissa árstíma. Landhelgigæslan hefir altaf verið ónóg og ófullkomin á þessum stöðum, en þó held jeg, að hún hafi aldrei verið ljelegri en síðastl. haust og það fram til 25. jan. síðastl. Fyrri hluta haustsins, framundir hátíðir, bar lítið á togurum á þessum stöðum, ekki af því, að þar væri um nokkra vörn að ræða, heldur af því, að þeir voru þá á öðrum fiskisælum stöðum, en frá 20. des. og það þangað til seint í janúar má segja, að floti af útlendum og innlendum togurum hafi svo að segja að staðaldri verið að veiðum á þessum slóðum og mikið oftar innan en utan landhelgilínunnar. Jeg vil nú ekki kenna ríkisstjórninni eingöngu um þetta varnarleysi, því að varðskipin hafa oft verið forfölluð á víxl. En jeg vil leggja áherslu á það, að hversu góð og gegn stjórn, sem sæti að völdum, og hversu mikinn áhuga, sem hún hefði á góðri landhelgigæslu, þá kæmi áhugi hennar ekki að tilætluðum notum, meðan haft er þetta fyrirkomulag á gæslunni, sem hingað til hefir átt sjer stað, að skipin aðallega eða eingöngu komi til eftirlits, þegar kærur eru sendar frá viðkomandi stöðum. Það er sem sje staðreynd, að þegar símað hefir verið í stjórnarráðið frá Ólafsvík, Sandi, Stykkishólmi eða öðrum stöðum þar vestra og beðið um gæslu, þá hafa skipstjórar togaranna frjett það næstum því samtímis, eða að minsta kosti löngu áður en varðskipið hefir komið á vettvang, og hafa því átt hægt með að fara í tíma út fyrir landhelgilínuna. Þess vegna hefir það varla komið fyrir, að togarar hafi verið teknir á ólöglegum veiðum þar vestra, þrátt fyrir öll lögbrotin. Allir íslenskir togarar hafa loftskeytaáhöld og vita vel um hreyfingar varðskipanna. Þess vegna geta þeir í ró og næði farið inn fyrir línuna, og í kjölfar þeirra fara svo þeir útlendu, sem engin loftskeytaáhöld hafa, og nota því íslensku togarana sem áttavita, bæði inn fyrir línuna og út fyrir hana, þegar hætta er á ferðum af varðskipanna hálfu. Því er það, eins og jeg fyrri hefi tekið fram, að þetta vandræðaástand verður ekki bætt með öðru móti en því, að sjerstöku varðskipi sje ætlað að hafa þetta afmarkaða svæði til gæslu vissan hluta árs. Á Breiðafirði og vestanverðum Faxaflóa er mest þörf á góðri gæslu mánuðina september—mars, og gæti því það skip, er annaðist gæsluna þennan tíma árs, á öðrum tíma árs verið fyrir Vestfjörðum eða annarsstaðar þar, sem þörfin er meiri. Jeg hefi hugsað mjer, að ef bygt væri skip með líkri gerð og Óðinn, þá gæti Þór að minsta kosti fyrst um sinn að haustinu varið Faxaflóa og Breiðafjörð. Þegar hann svo um áramót færi til Vestmannaeyja yfir vetrarvertíðina, yrði annað skip látið annast gæslu á þessum stöðum janúar—mars. Eins og kunnugt er, er landhelgisjóður eingöngu ætlaður til landhelgivarna. — Þessi sjóður hefir vaxið mjög hröðum fetum og er nú um 1200000 kr. Og þar sem nú má slá því föstu, að landhelgivarnirnar sjeu enn í allmiklu ólagi og þurfi endurbóta við, en hinsvegar nægilegt fje fyrir hendi til að koma þeim umbótum á, þá verð jeg að segja, að mjer finst Alþingi hljóti að sinna slíku velferðarmáli sem þessu og fallast á frv. það, er hjer liggur fyrir. Jeg

geri ráð fyrir, að háttv. deild taki málinu vel og að því, að lokinni umr., verði vísað til sjútvn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki miklu að bæta við ræðu hv. þm. Snæf., en það eru þó fáein atriði, sem mjer virðist, að jeg geti eins vel tekið fram nú og við 2. umr.

Það skiftir töluverðu máli og er vert athugunar í sambandi við byggingu nýs varðskips, að það hefir auðsjáanlega orðið minna gagn að öðru varðskipinu, sem nú er til, en búist var við í fyrstu.

Jeg vil geta þess hjer, að skipstjórinn á Þór hefir nýlega skrifað stjórnarráðinu brjef, þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir, hve Þór eigi örðugt með að annast landhelgigæsluna svo vel sje. Hann tilfærir m. a. 7 eða 8 dæmi um það, að hann hafi tapað togurum vegn ónógs hraða skipsins. Þetta þarf að athuga um leið og frv. hv. þm. Snæf. er tekið til meðferðar. Býst jeg við, að hv. þdm. þyki ríkið ekki hafa efni á að kosta alt árið strandvarnaskip, sem svo er ástatt um. Nú hefir Þór hvað eftir annað verið teptur frá gæslu vegna bilana, og undanfarinn hálfan mánuð hefir hann legið aðgerðalaus hjer í Reykjavík vegna vjelarbilunar.

Auðsjáanlega er töluvert lakara fyrir landið, að búið er að gera kaup á Þór, ef nú á að hverfa að því að byggja nýtt strandvarnarskip. Jeg get sagt hv. flm. það, að jeg veit, að ýmsir menn, og þar á meðal skipherrann á öðru varðskipinu, hugsa ekki hærra en svo, að ríkið verði að losa sig við Þór, ef nýtt skip er bygt. Þetta er einn mögu leiki, og annar er sá, sem hv. flm. nefndi, sem sje að hafa Þór í gangi um vertíðina sem björgunarskip. En það er breyting á því hlutverki, sem í upphafi var honum ætlað. Hann hefir ekki uppfylt sitt hlutverk.

Út af því, sem hv. flm. sagði um erfiðleika þá, sem landhelgigæslan ætti við að stríða sökum misnotkunar loftskeytatækjanna, skal jeg geta þess, án þess að jeg sje þó nokkuð að seilast eftir lofi frá honum um sjálfan mig, að það vill svo til, að við erum sammála um það atriði, og hefi jeg í vetur rannsakað það, í samráði við þá menn, sem best þekkja til þess. Jeg hefi beðið formann nefndar í Nd. að flytja frv. um þetta efni, og verður því útbýtt í Nd. á morgun. Fjallar það um eftirlit loftskeyta á öllum veiðiskipum hjer við land, og er með því hafin leit til þess að finna ráð til þess, að veiðiskip geti notað loftskeyti, er nauðsyn krefur, þó að jafnframt sje komið í veg fyrir, að þeim sje beitt til að brjóta landhelgilögin, eins og hv. flm. hefir lýst. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. mitt bæti að öllu leyti úr því mikla tjóni, sem misnotkun loftskeytatækjanna veldur, en það er þó allstórt spor í áttina til þess.

Jeg er ekki forviða, þó að hv. flm. þyki nú slælega varin landhelgin við Snæfellsnes. Úr því horni hafa áður heyrst kvartanir. Þegar hv. flm. kom á þing, sagði hann mjer það sama og nú, að mikið væri um ránskap við Ólafsvík. Þá var Þór bilaður, en Óðinn varð að vera við Vestmannaeyjar. Mjer kom þá til hugar, að nota mætti vitabátinn nokkurn tíma úr árinu til að verja landhelgina. Það varð úr, að stjórnin leigði vitabátinn til þess að vera við Snæfellsnes og Garðskaga. Hugsanlegt væri, að hann gæti einnig skroppið til Vest-

fjarða við og við. Það er nú engin raun komin á þetta enn, en jeg þykist vita, að með því sje að nokkru bætt úr þeirri þörf, sem hv. flm. gat um. Hinsvegar er mjög vafasamt, hvort skip, sem ætti að verja Vestfjörðu alla, gæti bætt úr þörfinni, því að þann tíma úr árinu, sem heppilegast er að veiða við Ólafsvík, koma togararnir inn í landhelgina á kvöldin, slökkva öll ljós og fara svo burt, þegar fer að birta. Það er því ómögulegt að verja þessi grunnmið, nema stöðugt sje vakað yfir þeim. Þó að jeg sje að vísu sammála hv. flm. um, að ríkið hljóti að láta byggja nýtt strandvarnaskip hið allra fyrsta, þá hygg jeg ekki, að það sje sú rjetta úrlausn fyrir Snæfellsnes. Jeg hugsa, að það reynist best, sem nú er byrjað á, að láta ódýran bát liggja við Snæfellsnes og Garðskaga. Það væri hugsanlegt að taka aðra fallbyssuna af Óðni og láta setja hana í þann bát. Annars skal jeg geta þess, að við Garðskaga kvað aldrei hafa orðið eins lítið vart við togara í landhelgi og í vetur.

Jeg ætla ekki að ræða einstök atriði frv. nú. En jeg álít, að ákvörðun eins og sú, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv., geti ekki átt við í frv. eins og þessu. Til dæmis hafa Austfirðir verið alveg varnarlausir undanfarin ár, og nú í morgun kom nefnd þaðan til stjórnarinnar með málaleitun um það efni. Ef strandvarnaskipin eru bara tvö, er ómögulegt, að hver einstakur landshluti geti fengið loforð um, að altaf sje vakað yfir miðum hans.

Jón Þorláksson: Jeg vil geta þess út af þeim ummælum hæstv. dómsmrh., að það hefði reynst verra fyrir landið, að búið var að kaupa Þór, vegna þess, að það þyki sjáanlegt, að skipið muni ekki endast viðunandi lengi, að þetta atriði var mjög vandlega íhugað, áður en skipið var keypt. Landið átti kost á að halda Þór án þess að kaupa hann, en þó með því skilyrði, að það hætti ekki að nota hann, nema með samþykki þess fjelags, sem seldi hann á leigu, Björgunarfjelags Vestmannaeyja. Kaupverðið var aðeins 80 þús. krónur, svo að fyrverandi stjórn þótti hentugra að kaupa skipið, því að þá var það alveg á hennar valdi, hvort það hjeldi áfram landhelgigæslu eða ekki, þegar að því kæmi, að nýtt skip yrði bygt. Jeg held, að ekki megi reikna meðalaldur slíkra skipa hærri en svo, að framan af verði afskrifað af stofnverði þeirra 50 þús. kr. á ári fyrir skip eins og Óðinn og 40 þús. kr. fyrir skip eins og Þór. Kaupverðið var þá ekki nema sem svarar tveggja ára afskrift, og má segja, að þegar búið er að halda því úti í tvö ár, verði landhelgisjóður að vera búinn að afskrifa verðið að fullu. Þess vegna er ekki hægt að segja, að frá fjárhagslegu sjónarmiði sje verra fyrir ríkissjóð, að farin var þessi leið, en ekki hin, sem kostur var á. Það kemur að því, af mörgum ástæðum, bæði kostnaðarins vegna og til þess að fá hagkvæmari landhelgigæslu, að betra er að skifta um og fá nýtt skip. Það liggur beint við að gera það nú, en begar að því kemur, þá er sá rietti tími til að ákveða, hvort Þór skuli vera þriðja skipið eða hvort á að selja hann. En hitt skil jeg ekki, að nokkrum hafi komið til hugar, að Þór mundi fullnægja hinni almennu strandgæslu um langt árabil.

Jón Baldvinsson: Jeg man, að Jón heitinn Magnússon leit jafnan svo á,

að Þór væri mjög ljelegt skip, og þegar sjútvn. fjallaði um landhelgigæsluna 1921—1923, var hann mjög ófús á að láta styrkja það, af því að honum þótti það ljelegt og dýrt í rekstri. Ekki hefir það batnað með árunum, og nú er það að verða ónýtt. Það hefir verið kostað til þess nýjum og nýjum viðgerðum, og nú fer líklega að hætta að borga sig að gera meira við það. Hitt er annað mál, hvort ekki var rjett að losa Vestmannaeyinga við það. Þeir höfðu ráðist í fyrirtækið í góðu skyni og þeim var það mikið nauðsynjamál. Enda hugsa jeg, að málið hafi af þeirra hendi verið sótt nokkuð fast. (JÞ: Alls ekki). Ja, jeg hefi nú samt á tilfinningunni, að svo sje, enda væri það ekki óeðlilegt.

En annars voru það ummæli, sem hv. flm. hafði, sem aðallega komu mjer til að standa upp. Hann sagði, að næstum því samtímis og stjórnarráðið fengi vitneskju um, að verið væri að fremja landhelgibrot, væru sökudólgarnir aðvaraðir. Jeg vil minna á þær hörðu deilur, sem hjer fóru fram á Alþingi í fyrra einmitt út af þessari hlið málsins. Það var þá borið fram af einum andstæðingi þáverandi stjórnar, að foringjar varðskipanna mundu ekki altaf vera nógu strangir og ákveðnir. Íhaldsmenn ráku upp ógurlegt öskur og jeg vissi ekki, hvert þeir ætluðu að komast. Nú koma fram mjög þungar ásakanir frá hv. þm. Snæf. Samkvæmt hans skýrslu geri jeg ráð fyrir, að síminn sje notaður í Ólafsvík og stjórninni tilkynt, hvað um er að vera, en um leið eru sökudólgarnir aðvaraðir. Hvernig getur nú staðið á þessu? Við skulum athuga alla sjáanlega möguleika. Í fyrsta lagi geta sökudólgarnir átt að einhverja menn í landi, sem gefa þeim merki, þegar hætta er á ferðum. En það er mjög ólíklegt. Hugur fólks er ekki slíkur á þeim stöðum, þar sem mest er herjað á landhelginni. Í öðru lagi getur síminn lekið frjettunum til útgerðarmanna, í þriðja lagi gæti það verið stjórnarráðið, sem segði frá, og í fjórða lagi trúnaðarmenn stjórnarinnar á varðskipunum. Þetta eru þungar ásakanir, sem beinast að starfsmönnum ríkisins eða símanum, og verður ekki annað sjeð en að þær sjeu á rökum bygðar. Og þær sýna, að ástandið er óhæfilegt og að eitthvað verður að gera til þess að rannsaka það og bæta úr því.

Flm. (Halldór Steinsson): Hæstv. dómsmrh. virðist hallast að þessu frv. og viðurkenna rjettmæti þess. Hann hjelt því fram, að Þór væri mjög svo ófullkomið skip, enda hefði það aldrei verið svo útbúið, að það gæti talist reglulegt varðskip. Það er einmitt vegna þessa, að mjer finst svo mikil ástæða til að sinna þessu máli. Það getur vel farið saman, að nýtt strandvarnarskip verði bygt og að það skip verði ekki endilega látið verja Faxaflóa og Breiðafjörð, heldur verði Þór tekinn til þess. Jeg verð að segja, að ljelegra skip en Þór getur alls ekki komið til greina til þess starfa. Þó að í einstökum tilfellum mætti nota vitabátinn á litlum bletti, þá er ekki hægt að ætla honum að verja alt svæðið frá Snæfellsnesi að Garðskaga. Það hefir einmitt komið í ljós þessa dagana. Þegar vitabáturinn fór í burtu, kom strax einn togari og fiskaði á næturnar. Það þarf miklu hraðskreiðara skip en vitabátinn til þess að geta

annað landhelgigæslunni á öllu þessu svæði. En Þór mundi geta það. Ef skipstjórum togaranna væri kunnugt um, að sjerstakt varðskip væri haft á þessu svæði, mundi hræðslan við það halda þeim frá landhelginni. Mjer finst því ástæða hæstv. dómsmrh. frekar hafa ýtt undir, að frv. verði samþ. en hitt.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að svara hæstv. dómsmrh. og háttv. 5. landsk. meira. Jeg held því fram, að það er staðreynd, hvernig sem á því stendur, að mennirnir á togurunum frjetta um allar hreyfingar varðskipsins og kærur, sem sendar eru í stjórnarráðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 134).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og sjá má af nál. sjútvn., er öll nefndin sammála um aðalkjarna þessa máls.

Saga botnvörpuveiðanna hjer við land er ekki löng. Í fyrstu voru það aðeins útlendir togarar, sem stunduðu veiði hjer við land. En ekki leið á löngu þar til kvartanir um ólöglegar veiðar þeirra í landhelgi komu fram. Voru þessar kvartanir meira yfir yfirgangi hinna útlendu botnvörpuskipa og skemdum þeim, er þeir gerðu á veiðarfærum fiskimanna, en yfir skemdum þeim, er þeir gerðu á fiskimiðunum.

Þetta var mjög eðlilegt, því að sjómenn voru lengi að átta sig á þeim skemdum, er landhelgiveiðarnar gera á fiskimiðunum, af óvana við þessa veiðiaðferð. En það liðu ekki mörg ár þar til kvartanirnar fóru að verða almennar, og þegar komið var fram að stríðsbyrjun, var togaraflotinn farinn að gera talsverðan usla í landhelginni. Á þeim árum var hjer aðeins eitt varðskip frá Dönum, og eins og við var að búast, var sú gæsla alveg ófullnægjandi.

Árin 1914—'19, eða meðan stríðið stendur yfir, má heita, að landhelgin sje alveg friðuð. Stunduðu þá aðeins innlendir togarar veiðar hjer við land, og voru þá miklu færri en nú, og sumir þeirra þar að auki teptir frá atvinnurekstri af völdum stríðsins.

Árið 1920 byrjar togaraútgerðin aftur, og með meiri krafti en nokkru sinni áður, bæði hvað útlenda og innlenda togara snertir, enda fjölgar innlendu togurunum mjög mikið. Frá árinu 1920 er svo íslenska landhelgin frjósamur en forboðinn akur, sem altaf er meira og meira ásóttur af útlendum og innlendum ránsmönnum. Afleiðing þessa er sú, að nýtt varðskip er bygt, sem sje Óðinn. Þótt því verði ekki neitað, að með byggingu þessa nýja strandvarnarskips er mikil bót ráðin á landhelgigæslunni, þá má hinsvegar segja, að tiltölulega er gæslan litlu betri nú en í stríðsbyrjun. Togaraflotinn er nú stærri og ágangur meiri, en það leiðir af sjer þörf á aukinni landhelgigæslu. Ef íslenska landhelgin á ekki að verða þurausin innan fárra ára, þá er það augljóst, að bæta verður landhelgigæsluna hið bráðasta.

Því hefir verið haldið fram af sumum mönnum, að framtíðarfyrirkomulag fiskveiðanna íslensku væri togaraútgerðin; mótorbátarnir, þilskip og smábátar væru aðeins áfangar á leið

til þessa takmarks. Af þeim ástæðum beri ekki að sporna við veiðum íslenskra togara í landhelgi, enda veiti þeir mikið meira í aðra hönd en smábátaútvegurinn geti nokkru sinni gert. Jeg fyrir mitt leyti er vondaufur um, að togaraútgerðin verði framtíðaratvinnuvegur allra þeirra, er sjó stunda; staðhættir eru hjer þannig, að það fyrirkomulag mun seint komast á. Og þótt svo færi, er engu minni nauðsyn að gæta landhelginnar, því að veiðar í landhelgi eru engu síður dauði togaranna en smábátanna í framtíðinni. Nei, íslenska landhelgin er sá fjársjóður, sem við verðum að verja í lengstu lög. Þótt Ísland sje svo stórt, að ætla mætti, að sveitirnar gætu fóðrað alla landsmenn, þá mundu margir sjómenn taka þann kost heldur að fara hjeðan heldur en fylgja þeirri byltingu í atvinnulífinu, sem þessu yrði samfara.

Í frv. er gert ráð fyrir, að bygt verði nýtt strandvarnarskip. Jeg geng að því vísu, að með því verði ráðin mikil bót á landhelgigæslunni, en þrátt fyrir það verður vörnin langt frá því að vera fullkomin. Um byggingu þessa skips hefir sjútvn. ekki gert neinar áætlanir, þar eð hún telur, að það sje ekki í hennar verkahring. En jeg skal taka það fram, að það er persónuleg skoðun mín, sem byggist á áliti kunnugra manna, að þetta skip þurfi ekki að vera eins stórt og því ekki eins dýrt og Óðinn. Aðalatriðið er, að skip sem þessi sjeu hraðskreið og fari vel í sjó.

Í frv. er gert ráð fyrir, að eitt af varðskipum ríkissjóðs annist að staðaldri landhelgigæsluna á Breiðafirði og Faxaflóa. Jeg hefi áður bent á það, að lenghelgin er meira eftirsótt á þessu svæði en annarsstaðar, sökum fiskmergðar og fiskgæða, og því tíðust landhelgibrot þar. Meiri hl. nefndarinnar sá sjer ekki fært að ganga inn á þetta ákvæði. Þótti meiri hl. nefndarinnar í því ákvæði felast misrjetti gagnvart öðrum landshlutum. Hinsvegar hefir öll nefndin talið brýna þörf fyrir aukna landhelgigæslu á þessu svæði og leggur áherslu á, að úr henni verði bætt, þótt það sje ekki sjerstaklega ákveðið í frv. Hefir hún því lagt til, að 3. gr. verði feld niður.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins bæta við nokkrum orðum í áframhaldi af ræðu hv. frsm. Jeg geri nú ráð fyrir, að þetta frv. nái að ganga gegnum þingið, og þá kemur til framkvæmda stjórnarinnar. Jeg vil minnast á eitt atriði, þar sem jeg er ekki alveg viss um, að hv. frsm. hafi haft á rjettu að standa, það er það sem hann sagði um stærð skipsins. Þegar Óðinn var bygður, kom það í ljós, að ósamræmi var á milli ganghraða hans og stærðar. Skipið var ekki lengra en venjulegur togari, en hafði miklu meiri hraða. Það var reynt á Eyrarsundi og alt gekk vel í fyrstu. En þegar kom hingað til lands, kom í ljós, að þetta ósamræmi var hættulegt í þeim stórsjó, sem hjer er oft og tíðum, svo að lengja varð skipið um 13 fet. Það er og álit þeirra, sem vit hafa á, að „Þór" sje of lítill til að vera á ferð í ofviðrum fyrir norður- og austurströndum landsins. Jeg segi þetta ekki í mótmælaskyni, heldur til að benda á, að ganghraðinn gerir sjerstakar kröfur til stærðar og að taka verður tillit til þess, hversu ilt er í sjó við strendur landsins. Verði þetta frv.

samþ., eins og jeg vona, tel jeg víst, að stjórnin sem nú situr, og hvaða stjórn sem væri, muni fylgja því fram. Um hálf miljón kr. er nú í landhelgisjóði. Jeg geri ráð fyrir, að þegar til framkvæmda kemur, verði leitað upplýsinga hjá öllum þeim aðilum, sem þekkingu hafa í þessum efnum, og hefi jeg þegar gert ráðstafanir til þess, að skipstjórar og vjelstjórar á varðskipunum gefi skriflegt álit sitt á þessu máli. Einnig hefi jeg talað við forstjóra Eimskipafjelagsins um þetta mál, og geri jeg ráð fyrir, að vænta megi stuðnings og upplýsinga frá honum og öðrum, sem kunnugir eru í þessum efnum, svo að þetta skip megi verða sem best úr garði gert.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg sje ekki, að neitt sje athugavert við að samþykkja frv. þetta eins og það liggur fyrir, síst þar sem ekki er tímabundið, hvenær lögin sjeu framkvæmd. Jeg álít, að ekki sje gott að flýta málinu meira en góðu hófi gegnir, því að það þarf allmikinn undirbúning. Jeg tel varla líklegt, að þetta væntanlega skip geti tekið við strandgæslu að ári um þetta leyti, ef vel á að vanda til þess. Enginn má þó skilja orð mín svo, að jeg vilji á nokkurn hátt tefja fyrir málinu, enda bera Alþingistíðindin þess ljós merki, hver afstaða mín hefir verið í þessu máli. Jeg hefi ávalt haldið því fram, að landhelgigæslunni þyrfti að koma í sem fullkomnast horf og að hjer þyrfti að minsta kosti fjögur fullkomin skip til þess, að svo yrði, en enga litla og ferðlausa vjelbáta. Hjer er aðalatriðið að vanda sem mest til hins væntanlega skips, þótt það kunni að kosta einhverja bið. Hæstv. dómsmrh. hefir tekið af mjer ómakið um að gera athugasemdir við ummæli hv. frsm. um stærð skipsins. Jeg teldi mjög illa farið, ef þetta væntanlega skip væri haft minna en Óðinn. Þessi skip þurfa að geta verið á siglingu í hvaða veðri sem er, ekki fyrst og fremst til landhelgivarna, heldur til þess, sem enn mikilsverðara er, að bjarga mönnum og bátum í sjávarháska.

Jeg vil nú að vísu ekki halda því fram, að landhelgigæslan yrði allskostar fullkomin, þótt bygð yrðu fjögur strandgæsluskip. En jeg hefi ekki álitið fært að setja markið hærra kostnaðar vegna. Það er ekki stofnkostnaðurinn, sem hjer er stærsti liðurinn, heldur rekstrarkostnaðurinn. Tekjur af sektum minka eftir því sem landhelgigæslan verður fullkomnari og færri freista gæfunnar við ólöglegar veiðar. Þetta verða menn að gera sjer ljóst. Það er alveg víst, að rekstrarkostnaður fjögra skipa verður ekki undir ½ miljón kr. árlega. Þótt þetta sjeu óumflýjanlegar ráðstafanir, verðum vjer að gera oss ljóst, að þær hafa afarmikinn kostnað í för með sjer.

Hv. frsm. sagði, að landhelgigæslan væri ekki fullkomnari nú en hún hefði verið í stríðsbyrjun. Víst er um það, að fleiri lögbrjótar sæta sektum nú en þá. Ef þetta væri satt hjá hv. frsm., að strandgæslan hefði verið í betra lagi meðan eitt erlent skip annaðist hana heldur en nú, þegar gæslan hefir verið stórum aukin, þá virðist það ekki styðja þann málstað, að fjölga beri skipunum. En jeg tel ekki rjett á þetta litið. Jeg tel líka, að talsvert sje leggjandi upp úr gagnsemi af hinu erlenda skipi, sem vjer eigum kost á. Jeg held, að vjer verðum, af fjárhagslegum á-

stæðum, að láta nægja í bili að byggja eitt skip til viðbótar, en vjer verðum að gera oss ljóst, að enn er langt frá, að því marki sje náð, að gæslan sje fullkomin. Og menn verða að gera ráð fyrir, að erlendir lögbrjótar kunni enn að gerast nærgöngulir í veiðistöðvum þessa lands, og þótt það komi fyrir, er ekki rjett að áfella þing eða stjórn fyrir það. Menn hafa lengi orðið við slíkt að búa, en nú er tímabært að hefja undirbúning um byggingu þessa nýja skips.

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg vil ekki á neinn hátt þræta við hæstv. stj. um það, hversu byggingu skipsins skuli háttað. Jeg gat þess, að jeg færi hjer eftir áliti annara manna, og benti aðeins stjórninni á, að ef til vill mætti taka þetta álit til greina. Mjer skildist, að hæstv. fjmrh. teldi það kost á frv., að það væri ekki tekið fram, hvenær skipið skyldi bygt. Að vísu er ekki ákveðið í frv., hvenær skipið skuli bygt, en hinsvegar sagt, að ríkisstjórnin skuli hrinda byggingunni í framkvæmd svo fljótt sem verða má. Þetta er í raun og veru sama og „nú þegar", því að fjeð, sem á að verja til skipsbyggingarinnar, er þegar fyrir hendi, og gæti því frestun ekki stafað af fjárskorti. Hæstv. fjmrh. sagði, að skipið gæti ekki orðið tilbúið fyr en eftir ár. Jeg hefi ekki búist við, að skipið yrði tilbúið alveg á næstunni, en hinsvegar get jeg ekki skilið, að lengri tíma ætti að taka að byggja það heldur en Óðin. Jeg er samþykkur hæstv. fjmrh. um það, að þetta viðbótarskip myndi ekki fullnægja gæsluþörfinni, og tók það fram í ræðu minni. Jeg held jafnvel, að brot gætu komið fyrir, jafnvel þótt skipin væru fjögur. Hæstv. fjmrh. sagði, að menn mættu ekki gera sjer of háar vonir um, að tæki fyrir lögbrot togaranna í framtíðinni með öllu. En þetta er þó það mark, sem við eigum að keppa að, og jeg hygg, að strax myndi bera minna á ólöglegum veiðum, ef vjer fengjum þetta eina skip í viðbót.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 134 (3. gr. falli burt) samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 162).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 162).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Það mun vera óþarfi að tala langt mál í sambandi við þetta frv. En jeg get ekki annað en látið í ljós gleði mína yfir því, hve góðar undirtektir og greiða afgreiðslu þetta mál

hefir hlotið í háttv. Ed. Vona jeg, að háttv. Nd. láti ekki sitt eftir liggja til þess að greiða götu þessa bráðnauðsynlega máls. Það er sem sagt óþarfi að fara nú að fjölyrða um nauðsyn aukinnar landhelgigæslu. Hún er viðurkend af öllum skynbærum mönnum. En þetta frv., ef að lögum verður, ræður mikla bót á þeirri nauðsyn, þótt með því sje engan veginn takmarkinu náð, því að betur má, ef duga skal.

Jeg býst við, að þetta mál hafi verið til meðferðar í sjútvn. í háttv. Ed. og legg til, að því verði einnig vísað þangað í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 266).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get sparað mjer langa framsögu. Jeg býst við, að allir hv. deildarmenn sjeu sammála um, að málið eigi fram að ganga. Þó skal jeg geta þess til viðbótar nál., að skoðun nefndarinnar er sú, að þetta skip eigi að gera úr garði svo vel sem unt er að öllu leyti, og að hún telur nauðsynlegt, að skipið hafi góð björgunartæki. Ennfremur vill nefndin leggja áherslu á, að í skipinu verði sjúkraklefi, þar sem hægt sje að veita 1—2 mönnum hjúkrun uns næst til lands. Getur oft staðið svo á, að slíkur klefi komi að miklu gagni. Annars álít jeg ekki þörf á að fjölyrða um málið og vænti þess, að hv. deild taki því hið besta.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg vildi aðeins bæta nokkrum orðum við til árjettingar því, sem hv. frsm. sagði. Sú athugasemd nefndarinnar, að skipið hefði björgunartæki, komst ekki í nál., en hinsvegar hafði jeg hreyft þessu við ýmsa hv. nefndarmenn, og vonast jeg eftir, að hæstv. stjórn taki þetta atriði til greina við byggingu skipsins. Fleiri tækja má geta, sem skipið verður að hafa, t. d. sjerstök dráttartæki, t. d. dráttartaug og útbúnað til að geta fest henni á skipinu, til þess að geta dregið skip á eftir sjer. Þetta hefir að vísu einhvern smávægilegan kostnað í för með sjer, en er alveg ómissandi. Þá þyrfti og skipið að hafa útbúnað til að geta skotið línu yfir í önnur skip, hvort heldur væri á rúmsjó eða á strandstað. Til slíkra hluta er notuð sjerstök byssa, sem nýverið er farið að nota, er kostar um 300 kr. Þau varðskip, sem nú eru, hafa lítilfjörlegan útbúnað að þessu leyti, en nauðsyn er á, að þetta væntanlega skip verði sem best úr garði gert í þessu efni. Ennfremur er nauðsyn á því, að skipið hafi björgunarbát. Bátar þessir eru nokkuð öðruvísi en venjulegir skipsbátar, en alveg ómissandi því skipi, sem að einhverju leyti fæst við björgun, og einnig við strandgæsluna, þar sem oft og einatt verður að setja bát útbyrðis til þess að fara á milli skipa, og oft í úfnum sjó. Í sambandi við sjúkraklefann, sem hv. frsm. mintist á, væri og vert að athuga, hvort ekki væri án mikils tilkostnaðar hægt að koma fyrir læknisbústað í skipinu. Landlæknir hefir bent á þetta og það um leið, að á fyrstu árum Þórs var læknir þar um borð. Geri jeg ráð fyrir, að stjórn Slysavarnafjelags Íslands

skrifi hæstv. landsstjórn um þessa hlið málsins, og hefi jeg viljað láta þetta koma fram í umræðunum, svo að stj. gæti tekið afstöðu til þess við meðferð málsins.

Pjetur Ottesen: Það gleður mig, að svo virðist, sem þær vonir, er jeg ljet í ljós við 1. umr. um eindrægni í þessu máli, ætli að rætast. Út af því, sem fram hefir komið um það nú við þessa umr., að skip þetta skuli hafa björgunartæki, skal jeg geta þess, að jeg er því fyllilega samþ., en tek það þó fram, að jeg álít, að meðan við höfum ekki fleiri skipum á að skipa til strandvarna, geti björgunarstarfsemin ekki orðið neitt aðalstarf þessa skips. En jeg tel það sem sagt sjálfsagt, að skipið hafi útbúnað til að draga skip af grunni. Einnig get jeg fallist á, að sjeð verði fyrir því, að meiri áhöld verði á skipinu til læknинga en alment gerist. Geta ávalt þau atvik orðið, að slíkt sje nauðsynlegt, enda þótt sú nauðsyn sje ekki eins brýn nú og hún var, er mestur hluti fiskiflotans var seglskip, sem áttu auðvitað miklu óhægara með að ná til læknis en gufuskipin og vjelbátarnir nú á tímum.

Jeg vil bæta því við, að þegar frv. var borið fram í Ed., var gert ráð fyrir sjerstöku varðskipi á Breiðafirði og Faxaflóa. Hv. flm. (HSteins) gekk að vísu inn á að kippa þessu ákvæði burtu, en í nál. var brýnt fyrir stjórninni, hver nauðsyn væri á landhelgigæslu einmitt á þessu svæði. Breiðifjörður og Faxaflói eru hið stærsta samfelda fiskisvæði hjer við land og fiskur ávalt einhversstaðar á því svæði árið um kring. Nú er það kunnugt, að Þór þykir orðinn ófullkominn til strandvarna, einkum ef hann þarf að sækja um stórt svæði. En hinsvegar myndi hann koma að fullum notum á takmörkuðu svæði, eins og því, sem hjer er um að ræða. Væri því rjett að taka til athugunar, hvort ekki væri heppilegt að hafa Þór staðbundinn á Faxaflóa og Breiðafirði eftir að þetta nýja skip er hingað komið. Jeg skýt þessu fram til hæstv. stjórnar vegna hinnar miklu nauðsynar á strandgæslu á þessu svæði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 316).

---

34. Löggilding verslunarstaða.

Á 7. fundi í Ed., 26. jan, var útbýtt:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík í Snæfellsnessýslu (þmfrv., A. 55).

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Það er ekki neitt stórmál, sem hjer er um að ræða, og það hefir verið vani, að slík mál sem þetta hafa gengið umræðu-

laust gegnum þingið. Jeg skal þó geta þess, að jeg flyt þetta frv. samkvæmt óskum hlutaðeigandi manna vestra.

Það hefir ekki verið venja, að slíkum málum væri vísað til nefnda, en ef mönnum sýnist það rjettara, hefi jeg að sjálfsögðu ekkert á móti því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Forseti (GÓ): Það er rjett, að það hefir ekki verið venja, að minsta kosti ekki nærri altaf, að slíkum málum væri vísað til nefnda, en það hafa þó komið fyrir atvik, sem benda á, að það væri rjettara, enda ætti það ekki að þurfa að tefja málið til muna.

Einar Árnason: Jeg legg til, að málinu sje vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, 74, n. 136).

Jón Baldvinsson: Það hefir verið venja að láta slík mál sem þetta ná að ganga fram, þótt menn sjeu ekki altaf jafnsannfærðir um nauðsyn þess að fá þessa staði löggilta. En þar sem þingið hefir tekið upp þá venju að samþ. allar beiðnir um löggilding verslunarstaða, leggur allshn. til, að svo verði einnig gert hjer.

Nefndinni hefir borist erindi frá forseta Nd., hv. þm. N.-Þ. (BSv.), um að taka upp í frv. löggilding verslunarstaðar í Dritvík í Breiðavíkurhreppi, og vill nefndin láta sameina löggilding þessara verslunarstaða í einu frv.

Að vísu lá eitt frv. fyrir Nd. um sama efni, en það var þannig orðað og þurfti að samþykkjast svo fljótt, að nefndin gat ekki tekið það með í þetta frv., og gat það þess vegna ekki orðið samferða. Eins og kunnugt er, eru verslunarstaðir ekki löggiltir fyr en stjórnarráðið hefir sett lóðatakmörk, en það stóð svo á um þetta frv., að það þurfti að verða að lögum þegar í stað, enda eru lóðatakmörk verslunarstaðarins ákveðin í því frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, er minst hefir verið á.

ATKVGR.

Brtt. 136 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 74,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 74,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 74,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 160).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 160).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Þótt svo virðist, sem þessu frv. þurfi ekki að vísa til nefndar, vil jeg þó gera það að till. minni, að því verði vísað til allshn., af því að samkynja mál var látið ganga til þeirrar nefndar fyrir nokkrum dögum. Finst mjer sjálfsagt, að nefndin reyni að samræma þessi tvö frv. og vinni úr hvorutveggja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 258).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fyrir nefndinni lágu 2 frv. um þetta efni, og þótti nefndinni því rjettara að sameina þau bæði, en láta ekki tvenn lög koma frá sama þingi um sama efni. Vonast jeg til, að hv. 1. þm. S.-M. sætti sig við þá meðferð, er frv. hans hefir fengið af hálfu nefndarinnar, og telji sig hafa fengið vilja sínum framgengt, þótt frv. hans hafi verið felt inn í hitt frv. í því skyni að spara kostnað og fyrirhöfn.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil þakka hv. allshn. fyrir meðferð hennar á frv. þessu og skal láta þess getið, að jeg tel mig hafa náð tilgangi mínum um löggildingu verslunarstaðar á Vattarnesi, þrátt fyrir brtt. nefndarinnar. Tilgangur minn var sá, að fá löggildingu staðfesta áður en sala fer fram á húseignum þeim, sem þar eru og eiga að seljast á komanda vori. Með því er nokkur trygging fengin fyrir því, að söluverð geti orðið sæmilegt.

ATKVGR.

Brtt. 258,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 258,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 258,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 298).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).

Á 35. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið aftur frá Nd. og hefir tekið þeim breytingum, að bætt hefir verið inn í Vattarnesi í Suður-Múlasýslu. Allshn. hefir athugað frv. með þessum breytingum, en ekkert fundið við það

að athuga, og leggur því til, að það verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 339).

35. Skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Á 2. fundi í Nd., 20. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (þmfrv., A. 36.).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er ekki nauðsynlegt að láta mörg orð fylgja þessu frv. úr garði. Það hefir verið borið fram á undanförnum þingum og haft allmikið fylgi, þó að ekki hafi dugað á meðan Íhaldsflokkurinn notaði afl sitt og aðstöðu til þess að fella það. Nú hefir við síðustu kosningar afstaða flokkanna breytst svo, að gera má ráð fyrir, að sá flokkur, sem hingað til hefir varnað því, að Hafnarfjörður næði rjetti sínum, sje brotinn svo á bak, að hann geti ekki lengur eytt þessu nauðsynjamáli.

Þetta frv. er að mestu leyti samhljóða þeim, sem áður hafa verið hjer á ferðinni. Aðeins er sú breyting gerð, að ef aukakosning fer fram í kjördæminu um einn þingmann á kjörtímabilinu, þá er ætlast til, að hann sje kosinn fyrir Hafnarfjörð og af hafnfirskum kjósendum einum. Að öðru leyti er ætlast til, að breyting þessi komi til framkvæmda við næstu kjördæmakosningar.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Málið er þrautrætt og öllum rjettsýnum mönnum ljóst, að öll sanngirni mælir með því, að Hafnarfjörður fái sinn sjerstaka þingmann; vænti jeg því, að hv. deild taki vel í málið, og geri það að till. minni, að því verði vísað til hv. allshn., þegar umr. er lokið.

Ólafur Thors: Það er rjett, sem hv. flm. sagði í upphafi ræðu sinnar, að þetta frv. er gamall gestur í þessari hv. deild. Það hefir verið borið hjer fram á þingunum 1926 og 1927, og í bæði skiftin felt. Jeg hefi á báðum þessum þingum átt sæti í þessari hv. deild og í bæði skiftin lagst á þá sveif að eyða málinu. Mun jeg halda áfram uppteknum hætti og síst linast í sókninni um að halda því fram, að frv. þetta eigi að sæta sömu afdrifum og það hefir gert á undanförnum þingum.

Það hefir jafnan verið venja, að þegar til mála kæmi að skifta einhverju kjördæmi í tvent, þá lægi fyrir um það samþykki beggja aðilja, sem hlut eiga að máli. Það er að vísu rjett, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir mælt með því, að skifting yrði lögskipuð, en hinu má heldur ekki gleyma, að hinn aðilinn, báðar sýslunefndir sýslnanna, er andvígur skiftingunni, og hafa sýslunefndirnar lagst eindregið á móti henni, enda verður því ekki neitað, að það eru sýslurnar, sem bíða mestan hallann við skiftinguna. En þrátt fyrir það, þó fyrir liggi meðmæli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að skifta kjördæminu á þennan hátt, að hafn-

firskir kjósendur einir kjósi annan þingmanninn, þá er það opinbert leyndarmál, að allmikill hluti hafnfirskra kjósenda stendur á móti því, að kjördæminu verði skift.

Í þessu frv. er því eingöngu um kröfur jafnaðarmanna að ræða. Þeir hugsa sem svo, að verði það lögfest, að Hafnarfjörður verði einn um að velja annan þingmanninn, þá sje líklegt, að jafnaðarmaður verði kosinn.

Þeir halda því fram, jafnaðarmannaforingjarnir, að Hafnarfjörður eigi sanngirniskröfu á því, að skifting kjördæmisins verði lögboðin, og hafa þrásinnis reynt að rökstyðja það með atkvæðatölum þeim, er flokkarnir hlutu við aukakosninguna 1926.

Eins og kunnugt er, urðu úrslit kosningarinnar þau, að frambjóðandi jafnaðarmanna hlaut 958 atkv., en frambjóðandi Íhaldsflokksins 1318 atkv. Af þessu hafa jafnaðarmenn svo dregið þá ályktun, að ef listakosning hefði verið viðhöfð að þessu sinni og kosnir tveir þingmenn, þá hefðu jafnaðarmenn hlotið annað þingsætið.

Höfuðrök þeirra, sem með skiftingunni mæla, eru þá þau, að úr því að Alþingi hafi viðurkent rjettmæti hlutbundinna kosninga til Alþingis með því að lögbjóða þær fyrir Reykjavík, þá sje eðlilegt, að hið sama gildi um tvímenningskjördæmi, en ef svo væri, mundu jafnaðarmenn ráða öðru þingsætinu fyrir þetta kjördæmi.

Jeg skal ekki fjölyrða um, hver afleiðingin mundi verða, yrðu hlutbundnar kosningar lögboðnar í tvímenningskjördæmum, með þeirri kjördæmaskipun, sem nú er; en það er fullvíst, að slík fyrirmæli, ef gilt hefðu, mundu hafa losað margan hv. þdm. við óþægindi þingsetunnar, enda bert, að slík hlutbundin kosning í tvímenningskjördæmi fullnægir hvergi nærri rjettlætinu.

Annars vildi jeg benda á það, að jafnaðarmenn hafa ekki athugað sem skyldi, að atkvæðatölurnar, er fram komu við kosninguna í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1926, sanna ekkert um rjettmæti skiftingarinnar, því að langmestur hluti þeirra 800—900 kjósenda, sem ekki gátu neytt kosningarrjettar síns þá, voru bændur og íhaldsmenn. Aftur á móti höfðu Hafnfirðingar betri aðstöðu til kjörsóknar, og komu þeirra atkv. fram með tölu, eða því sem næst.

Á undanförnum þingum hafa margir framsóknarmenn fylgt jafnaðarmönnum að máli um þessa skiftingu. Þeir munu hafa eygt einhverja sanngirniskröfu til handa jafnaðarmönnum, bæði vegna þeirra upplýsinga, er fyrir lágu um atkvæðatölu jafnaðarmanna í kjördæminu, en einkum þó vegna hins, að jafnaðarmenn hafa talið framsóknarmönnum trú um, að Alþýðuflokkurinn færi vaxandi hröðum skrefum, og einkum þó í Hafnarfirði. Sjálfsagt hefir Framsóknarflokkurinn ljeð fylgi sitt með sársauka, því kjörorð þeirra hefir verið: að halda þungamiðju þjóðlífsins í sveitunum.

Mjer er því óblandið gleðiefni að skýra framsóknarmönnum frá, að nú hefir nýr dómur fallið í málinu. Atkvæðatölur síðustu kosninga slá því föstu, að jafnaðarmenn fari rangt með, er þeir segja flokk sinn stóran og stækkandi. Þær herma hitt, að flokkurinn sje lítill og minkandi.

Við síðustu kosningar er meðaltals

atkvæðatala frambjóðenda jafnaðarmanna aðeins um 680, eða um *280 atkv. færri* en frambjóðandi flokksins hlaut 1926. Samtímis hefir meðaltals atkvæðatala íhaldsmanna *vaxið* um 30 atkv., ef talin eru aðeins gild atkv. En rjettari mynd af hugarfari kjósenda kjördæmisins sjest, ef hinu er viðbætt, að frambjóðendur Íhaldsflokksins áttu um 150 atkv., er talin voru ógild, og voru á annað hundrað þeirra þannig, að kjósendur höfðu aðeins kosið annanhvorn frambjóðanda Íhaldsflokksins einan.

Sannleikurinn er því sá, að á 1½ ári *fækkar atkv. jafnaðarmanna um 250*, en atkv. íhaldsmanna fjölgar á sama tíma um 180 atkv.

Ef miðað er við hlutbundna kosningu, er rjett að geta þess, að jafnaðarmenn áttu ekki einu sinni ⅓ greiddra atkv. við síðustu kosningar.

Af þessu er það bert, að *nú* geta framsóknarmenn gert það tvent í senn, að sýna sanngirni og jafnframt að fylgja meðfæddri tilhneigingu sinni til þess að halda þungamiðju þjóðlífsins í sveitunum.

Jeg vænti þá, að úrslit málsins verði þau, að frv. þetta fái að sofna hægt og rólega. En ef annað reynist, ef t. d. framsóknarmenn *gegn* sanngirninni verða til þess að flytja þungamiðju þjóðlífsins úr sveitunum í bæina, þá verð jeg að líta á það sem raunalega tilkynningu til alþjóðar um það, að Framsókn hafi keypt ráðherrasætin, en selt sannfæringu — að hún hafi lyft veldissprotanum, en gengið í ánauð og þrældóm.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Af ræðu hv. 2. þm. G.-K. virðist helst mega ráða það, að hann hafi annað frv. fyrir sjer en það, sem hjer er um að ræða, og að í því frv. standi, að kjósa skuli jafnaðarmann í Hafnarfirði, en íhaldsmann í sýslunni. En vitanlega er með mínu frv. ekki átt við annað en að allir flokkar hafi sömu aðstöðu til þess að ná í þingsæti.

Hann talaði líka um andúð sýslunefndanna gegn skiftingunni, og er það ekki nýtt nje á neinn hátt undarlegt, þó að sýslunefndirnar vilji una við það skipulag, sem er. En úr því hann gerir svo mikið úr áliti sýslunefndanna, finst mjer, að hann geti þó tæplega gengið framhjá kröfum bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði í þessu efni.

Hv. 2. þm. G.-K. á þó tvo fylgismenn í bæjarstjórninni, og þeir hafa báðir samþ. þetta, og öll bæjarstjórnin hefir samþykt hvern fundinn eftir annan áskoranir til Alþingis um að bæta úr þessu misrjetti á þann eina hátt, að annar þingmaður sýslunnar verði framvegis kosinn af hafnfirskum kjósendum einum. Og það hefir aldrei heyrst, eftir því sem jeg best veit, að neinn hafnfirskur kjósandi hafi á opinberum fundi talað á móti skiftingunni nje greitt atkvæði á móti henni.

Hv. sami þm. gat þess, að með því að Hafnarfjörður sje einn um að velja sjer þingmann, þá flytjist þungamiðja þjóðlífsins úr sveitunum í kaupstaðina. Jeg veit ekki, hvort hann ætlar sjer að telja hv. deild trú um, að meiri hætta sje á því, að þungamiðja þjóðlífsins flytjist úr sveitunum við það, að Hafnfirðingum gefist kostur á að velja sjer þingmann úr sínum hópi, heldur en t. d. eins og nú á sjer stað

um kjördæmið, sem hefir nú og hefir lengi haft fyrir fulltrúa uppgjafakaupmann eða atvinnurekanda hjeðan úr Reykjavík. Jeg sje ekki muninn á því, að þessi þungamiðja haldist fremur í sveitunum við það, að einn af framkvæmdarstjórum Kveldúlfs fari með umboð kjósenda heldur en t. d. einhver Hafnfirðingur.

Annars er ekki úr vegi í þessu sambandi að athuga nánar íbúa- og kjósendatölu sýslnanna og Hafnarfjarðar. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu munu nú vera um 4000 íbúar, en í Hafnarfirði um 3000 íbúar. Alþingiskjósendur í sýslunni munu taldir 1700, en í Hafnarfirði 1300.

Þegar þessa er gætt, þá mun mega álykta, að Hafnarfjörður og Keflavík, ásamt sjávarþorpunum suður með sjó, geti ráðið kosningunum nú, ef þessir hreppar standa saman um hagsmuni sína, og hvar er þá komið þungamiðju þjóðlífsins?

Á það hefir verið bent, að nauðsynlegt sje, að kjördæmin hafi líkra hagsmuna að gæta, eða m. ö. o., að í sama kjördæmi sje ekki ólíkum hagsmunum blandað saman. Nú er það svo um þetta kjördæmi, að annarsvegar eru smáatvinnurekendur til sveita og sjávar, en hinsvegar er Hafnarfjörður, sem nú er að verða allstór bær með annarsvegar stóran togaraútveg og hinsvegar fjölmenna verkalýðsstjett. Er því auðsætt, að hjer er um mjög ólíka hagsmuni að ræða, og skifting kjördæmisins því rjettmæt.

Annars mætti benda á, að ef það er rjett, sem háttv. 2. þm. G.-K. heldur fram, að Jafnaðarmannaflokkurinn í kjördæminu sje „lítill og minkandi“, en Íhaldsflokkurinn vaxandi, þá ætti ekki að vera nein hætta fyrir þann flokk að skifta kjördæminu. En sannleikurinn er annar, og það mun sjást á sínum tíma, ef kjördæminu verður skift, að skoðanir manna í Hafnarfirði á stjórnmálum eru á alt aðra leið heldur en þessi hv. þm. þeirra heldur fram á þingi. Og það er náttúrlega mikil ástæða fyrir því, að menn óska eftir skiftingu.

Ólafur Thors: Það er ekki rjett, sem hv. flm. sagði, að slík skifting hefði farið fram án þess að aðiljar samþyktu. Jeg hefi reynt að rannsaka það og hvergi rekið mig á annað en að samþykki aðilja hafi komið til áður en skifting var framkvæmd.

Hitt er líka rangt hjá honum, að stuðningsmenn mínir í Hafnarfirði sjeu þessu samþ. Það er að vísu svo, eins og jeg hefi áður skýrt frá, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar sýnist hafa sent slíkt einróma álit. Hitt er vitanlegt, að einstakir meðlimir bæjarstjórnar voru á móti. (**HjV:** Einróma samþykt!). — Mjer væri ánægja að útvega og fá senda þinginu yfirlýsingu frá mörgum hundruðum kjósenda í Hafnarfirði um það, að þeir sjeu mótfallnir þessari skiftingu kjördæmisins, ef hv. þm. vill lofa mjer, að slík yfirlýsing skuli hafa þau áhrif, að hann falli frá frv.

Það er náttúrlega ákaflega meinleg hugsunarvilla hjá hv. flm., þegar hann ruglar því saman annarsvegar, að bæjarbúum sje afhent þingsæti, og hinsvegar því, að bændur hafi gerst til þess að kjósa einstakan mann, sem búsettur er í öðrum bæ. Vitanlega er eðlilegast, að hver kjósandi, hvort sem bóndi er

eða annar, velji þann, sem hann treystir til að fara með umboð sitt svo sem best má verða. Hitt skiftir ekki máli, hvort maðurinn er utanbæjar eða ekki. Við erum hjer að tala um þær skoðanir og stefnur, sem ríkja í þjóðmálum, en ekki búsetu þingmanna. Vona jeg, að svo glögg skýring sannfæri jafnvel hv. flm.

Það er rjett, sem jeg sagði, að flokkur jafnaðarmanna í þessu kjördæmi er minkandi. Um það tala síðustu kosningar. Þær tölur eru miklu óhagstæðari jafnaðarmönnum en áður. Jeg vil geta þess, að annar frambjóðandi jafnaðarmanna var sjerlega frambærilegur maður og vel máli farinn, — en það voru skoðanir hans, sem menn gátu ekki aðhylst. Menn eru þar að fjarlægjast jafnaðarmenn meir og meir.

Mjer er það ljóst, að þau úrslit voru jafnaðarmönnum sjálfum mikil vonbrigði. Og með leyfi hæstv. forseta vildi jeg því til sönnunar lesa upp kafla úr ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. hjelt í þessu máli hjer í deildinni í fyrra:

„Það mun koma í ljós næst, þegar kosið verður, hvort jafnaðarmenn eru ⅓ hluti kjósenda í Gullbr.- og Kjósarsýslu eða meira. Það sýndi sig, þegar þessi hv. þm. (ÓTh) var kosinn í fyrra, að hann fjekk þó ekki nema 1318 atkv. á móti 958, sem frambjóðandi jafnaðarmanna fjekk. Vona jeg, að hann kunni svo mikið í reikningi, að hann geti sjeð, að jafnaðarmenn hafi þá fengið meira en ⅓ hluta greiddra atkvæða, og vissulega er fylgi jafnaðarmanna þar í kjördæminu vaxandi".

Jeg leyfi mjer nú að gera mjer sömu von um reikningsvit þessa háttv. þm. eins og hann um mitt í fyrra, og vona, að hann játi, að það urðu honum vonbrigði, að jafnaðarmenn fengu ekki ⅓ hluta greiddra atkvæða, því af 2175 gildum atkvæðum er meðaltals atkvæðatala jafnaðarmanna aðeins 683. Fjekk annar frambjóðandi þeirra 651 atkv., en hinn 715. Þar með eru fallin þau rök, sem í fyrra var teflt fram. En nú á að reyna að tína ný rök og sjá, hvort þau ganga að greind háttv. þingmanna.

Um atvinnureksturinn í kjördæminu vil jeg ekki mikið ræða, vegna þess að svo mikið er búið að ræða um hann á undanförnum þingum. Þó að hann sje ekki hjá öllum eins, mun víða óskyldari atvinnurekstur í einu kjördæmi.

Annars þykir mjer óþarfi, að háttv. flutningsmenn gangi grímuklæddir í þessu máli. Einasta ástæða þeirra, sem flytja þetta mál, er sú, að þeir gera sjer von um að ná þingsæti úr höndum bænda til jafnaðarmanna. Væri það annað, sem þeir berðust fyrir, hvers vegna bera þeir þá ekki niður annarsstaðar, þar sem má sameina kjördæmi eða leggja niður kjördæmi? Þetta er sem sje alt eiginhagsmunapólitík. Jeg þarf ekki að skýra þetta betur en gert hefir verið hjer í þinginu, en mjer væri mikill fengur í því, ef jafnaðarmenn sýndu hreinskilni og viðurkendu þetta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af þeim orðum, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir í þessu máli nú eins og fyr á þingi látið falla í garð Framsóknarflokksins, vil jeg ekki telja eftir mjer að minna á, að frá okkar sjónarmiði liggur það á bak við, að bæta að-

stöðu bænda í þessu kjördæmi. Eins og sakir standa eru bændur ekki nema 1/6 eða svo af kjósendum. Ef Hafnarfjörður gengur frá, eru þeir 1/3 kjósenda. Þá geta þeir miklu betur notið sín en ella.

Annars voru það sjerstaklega þau orð hv. þm., sem hvöttu mig til að standa upp, er hann talaði um grímuklædda aðilja í þessu máli. Það, sem jeg vil minna á, er það, að þessi hv. þm. hefir sagt það í hv. deild — að mig minnir — og oft annarsstaðar opinberlega, hvað hann ætlaði að gera, ef þetta ætti að koma til framkvæmda. Hann hefir marglýst yfir því, að þá ætli hann að koma til jafnaðarmanna og segja: viljið þið nú ekki koma með okkur íhaldsmönnum til þess að gera stórkostlega breytingu í kjördæmaskipuninni?

Það er því þessi hv. þm., sem er grímuklæddur í þessu máli, þar sem hann er að áfella okkur framsóknarmenn fyrir samstarf við jafnaðarmenn, en ætlar sjer sjálfur að stofna til miklu meiri samvinnu við þá.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Mjer finst hv. 2. þm. G.-K. ekki hafa mikið álit á þekkingu þingmanna á landsmálum, af því sem hann leyfir sjer að halda fram hjer í deildinni. Hann segir, að við það, að Hafnarfjörður yrði áfram í kjördæminu, hjeldist þungamiðjan hjá sveitinni um kosningar til Alþingis. En það vita allir, að ef tekinn er Hafnarfjörður og bætt við Keflavík, — það þarf ekki að bæta við sjóþorpunum suður frá —, þá ráða þessir kaupstaðir kosningunni. Svo að kjördæmið með tveimur þingmönnum, eins og nú er, er alls ekki sveitakjördæmi. Þetta er hverjum einasta þingmanni í þessari deild kunnugt, svo að hv. þm. þurfti ekki að bera þessa blekkingu fram.

Það er heldur ekki hægt að tala um, að flutningsmenn hafi grímu fyrir andliti, til þess að ná þingsæti úr höndum bænda, því að flestum er vel kunnugt, að að minsta kosti heldur minna en helmingur bændanna í kjördæminu fylgir þeim þingmönnum, sem nú eru.

Aðalstuðningur íhaldsins þarna suður frá er í sjávarþorpunum utan Hafnarfjarðar, þar sem menn eru ekki nógu vel upplýstir um stefnu þess flokks og hvernig hann t. d. fer að ráði sínu gagnvart smáútgerðinni úti um landið.

Þá gat hv. 2. þm. G.-K. þess, að flokkur jafnaðarmanna í kjördæminu væri minkandi og benti til þess, að flokkurinn hefði fengið færri atkv. við síðustu kosningar en áður. Það er rjett, að atkvæðatalan var nokkru minni, en það er augljóst, ef skoðað er nánar, að það stafar af minni þátttöku í kosningunum. Öllum er kunnugt, að stjórnarskrárbreytingin knúði fram kosningar um hásumar, þegar verkafólk á erfiðast að neyta kosningarrjettar síns. Þá var allmikill fjöldi hafnfirskra kjósenda, sem tilheyrir Alþýðuflokknum, farinn burt og gat ekki kosið. Enda var það með vilja gert hjá íhaldsstjórninni, sem stóð að stjórnarskrárbreytingunni, að koma kosningunni á þann tíma, er verkafólki væri erfiðast að sækja. **(MG:** Þetta er ósatt!). Þetta er sannleikur og það vita allir, að sá var tilgangur stjórnarinnar. **(PO:** Þetta er vísvitandi lygi!). Það myndi hafa sýnt sig, ef kosningin hefði farið fram síðastl. haust, eins og lög stóðu til, hvernig þátttaka í Gullbringusýslu og atkvæðatala hefði fallið.

Að endingu leyfi jeg mjer að skora mjög eindregið á hv. 2. þm. G.-K. að koma með áskoranir mörg hundruð kjósenda úr Hafnarfirði um það, að Hafnarfjörður fái ekki sjerstakan þingmann.

Magnús Jónsson: Það er í raun og veru óþarfi að vera að bæta neinu á það, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir sagt um þetta frv. og hvernig það er til komið. Þeir komast aldrei hjá því, þeir háttv. bændur, sem utan um frv. ætla að standa, að þeir standa þar berstrípaðir frammi fyrir öllum landslýð með sína lítilmótlegu flokkapólitík og þar á ofan skammsýni. Þessi hugsjón, að bæta rjett Hafnarfjarðar, er nú ekkert annað en þunn og götug gríma, sem eiginhagsmunirnir og flokkapólitíkin skín í gegnum. Að grípa niður á einum stað, þar sem taka má sæti frá íhaldsflokknum handa jafnaðarmönnum, en standa jafnframt á móti, að bætt sje úr órjetti annarsstaðar, þar sem bitinn handa jafnaðarmönnum mundi vera tekinn frá Framsóknarfl., það sjá allir, hvernig slíkt er undir komið. Sagt er, að á döfinni sje frv. um það, að sameina Seyðisfjörð og Norðfjörð í eitt kjördæmi, til þess að ná þar öðru sæti af íhaldsmönnum handa jafnaðarmönnum. En ef til vill þykir þeim svo, sem þar mundu asnaeyrun standa of langt út undan sauðargærunni til þess, að gerlegt sje að fara út í það.

Annars skal jeg alls ekki neita því, að það er mjög klóklegt af jafnaðarmönnum, út frá þeirra hugsunarhætti, að nota sína aðstöðu, þar sem þeir eru höfuðverslunarvara þingsins, og setja upp á sig sem allra mest, þegar þeir búast við svo góðum kaupanda.

Þetta frv. er einn liður í merkilegri sögu, sem að vísu væri gaman að rekja, en er óþarft hjer. En sagan byrjar með kosningunum í sumar. Þá var mikil gleði í herbúðunum yfir að hafa nú kveðið þetta ógurlega íhald niður, sem hafði setið að völdum nokkur ár. Og framsóknarmenn komu saman í bænum til þess að setja upp stjórn. Þetta var verk, sem sá flokkur hafði nú ekki getað unnið um nokkurra ára skeið, og reyndar aldrei fyr til fullnustu, svo að ekki var að furða, þótt þeir hefðu gaman af því. Hún var nokkuð há „stemningin" hjá þeim fyrst í stað. En þeir hafa orðið að reyna það þessir góðu menn, að þeir urðu að borga fyrir þessa skemtun eins og aðrar skemtanir. Og þetta frv., sem hjer liggur fyrir, mun vera eitt af því, sem stuðningsmennirnir, jafnaðarmenn, ætla að taka upp í þessa skuld. Jeg veit ekki neinar sönnur á því, en jeg hefi það fyrir satt, að það sje hreint skilyrði fyrir því, að jafnaðarmenn fylgi stjórninni fyrst um sinn, að hún styðji þá til þess að koma þessu frv. fram. Fleira fer í svipaða átt. Rjett áðan var verið að útbýta frv. um að færa niður aldurstakmark fyrir kosningarrjetti í málefnum sveita og kaupstaða. Frv. er borið fram um að lengja svefntíma á togurunum og að bæir fái forkaupsrjett að hafnarvirkjum, svo að fleiri geti fetað í fótspor Ísafjarðar. Yfirleitt drífa nú að reikningarnir, eins og verst er um mánaðamót hjá okkur hjer í Reykjavík.

Það er meiningin að nota aðstöðuna til þess að pressa stjórnina, sem á svo að pressa sína flokksmenn til þess að fylgja nú jafnaðarmönnum til allra laga og ólaga, sem þeim býður við að horfa. Við höfum hjer eitt dæmi mjög

greinilegt, sem er krafan um að ógilda kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Jeg er hræddur um, að stjórninni hafi í því tilfelli reynst nokkuð margir fastir drengir fyrir í hennar flokki til þess að geta fylgt jafnaðarmönnum að ólögum. Er það aumlegt ástand að vera í stjórn og þurfa að óska þess, að hafa sem·fæsta góða drengi í sínum flokki og sem flesta, er skipa megi hvað sem verkast vill. En það gæti verið, að þó að stjórnarflokkurinn þori ekki annað en halda samning sinn við jafnaðarmenn og styðja þá að þessari skiftingu, að gleðin yfir þessu sambandi færi að dofna áður langt liði. Því að það má sá góði stjórnarflokkur vita, að jafnaðarmenn eru ekki við eina fjölina feldir. Þeir þjóta sitt á hvað og sitja við þann eldinn, sem best brennur. Það getur verið, að þá langi í sæti frá Framsókn. Og jeg skal ekki segja, hvort Íhaldsflokkurinn gengi í það með þeim að lagfæra eitthvað kjördæmaskipunina í landinu frekar en hjer er fram á farið. En ef þingið á að fara að rjetta mola að jafnaðarmönnum, þá fer freistingin að verða mikil að taka málið alt til yfirvegunar. Og það er sannast að segja, að þar eiga bæði íhaldsmenn og jafnaðarmenn um allsárt að binda, þar sem kjördæmaskiftingin er, og eiga sameiginlega kvörtun fram að bera.

Jeg gæti trúað því, að þau tákn tímanna, sem hjer sjást, boði það, að ekki verði ýkjalangt þangað til flokkur hæstv. stjórnar fer að sjá, að hann er í raun og veru skiftur í tvo parta. Og það getur orðið styttra þangað til en menn grunar, að betri partur þess flokks varpi þeim lakari af sjer til jafnaðarmanna, en komi sjálfur í bandalag við okkur íhaldsmenn og alla góða menn á landinu til þess að standa móti uppvöðslu og ójöfnuði svokallaðra jafnaðarmanna í landinu. Margt skeður ólíkara á stjórnmálasviðinu.

Hæstv. forsrh. vildi andmæla því, að verið væri að færa þungamiðju kjördæmisins úr sveitinni í kaupstaðina. Hann vill einskorða orðið „bændur" svo þröngt. Til skamms tíma voru menn taldir bændur, þó að þeir hefðu útgerð líka samhliða landbúnaði. En hvað sem þessu líður, er það samt einkennilegt, að aðalvörn hæstv. forsrh. fyrir sinn flokk er sú, að þetta sje flokkapólitík, líka frá þeirra sjónarmiði. Menn höfðu haldið, að þeir hefðu ætlað að offra flokkshagsmununum á altari jafnaðarmanna í þetta skifti. En vörnin er, að þetta sje eiginhagsmunir þeirra líka. Þetta er þá það hæsta, sem hæstv. forsrh. kemst, þegar hann er að verja flokk sinn, það, að hann berjist fyrir eigin hagsmunum. Að forsætisráðherra verji þetta út frá rjettlætisins sjónarmiði, — svo háa drauma dreymir hann aldrei fyrir sinn flokk.

Það er ákaflega einkennilegt, þegar menn eru að verja það, að Hafnarfjörður eigi kröfu á einum þingmanni, vegna þess að listakosning hefði getað unnið þeim annan þingmanninn. Jeg skal nú ekki fara neitt út í útreikninga, en það þarf ekki annað en benda á það, að listakosning um tvo menn er ekki annað en vitleysa, því að þá þarf annar flokkurinn að fá meira en helmingi fleiri atkvæði en hinn flokkurinn til þess að fá báða mennina, og er ekkert rjettlæti í því. Til þess að listakosning njóti sín, þarf að kjósa um fjóra til fimm. Að sanna það, að Hafnarfjörður eigi heimtingu á einum þingmanni, vegna þess, að hann hefði getað náð

einum þingmanni, ef kosið væri listakosningu, er því ekki annað en að sanna vitleysu með annari vitleysu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hafði ekki tækifæri að hlusta á alla ræðu hv. 1. þm. Reykv. En af því, sem jeg heyrði, eru fáein atriði, sem jeg vildi gera athugasemd við.

Hann heldur því fram, að ómögulegt sje fyrir þá, sem ekki eru jafnaðarmenn, að vera með málinu, nema þeir sjeu kúgaðir. En jeg býst við, að hv. þm. sje kunnugt, að í mörg ár hafa komið endurteknar kröfur frá miklum meiri hluta íbúa Hafnarfjarðar og bæjarstjórninni líka. Þetta er röksemd, sem erfitt er fyrir hv. þm. að hnekkja. Fólkið sjálft á þessum stað færir fram þá kröfu, að þar sem bærinn er sjálfstæður kaupstaður og þar sem allir aðrir kaupstaðir í landinu, að frátöknum Siglufirði, sem er talsvert minni, hafa þessi rjettindi, þá eigi þeir að fá rjett til að kjósa þingmann. Hafnfirðingar, 3 þús. manns, telja sig eins færa um það og þann bæ með þúsund manns, sem sendir á þing þann ágæta mann, bæjarfógetann í Reykjavík.

Þær röksemdir í þessu efni, sem hafa verið metnar annarsstaðar, t. d. þegar Húnavatnssýslu var skift, eru þarna fyrir hendi. Fólkið biður sjálft um þetta. En hv. þm. hugsar minna um það en að berjast fyrir flokkinn og hagsmuni hans, þar sem hann óttast, að flokksbræður hans geti ekki unnið kjördæmið. — Jeg vil gefa honum betri vonir. Íhaldsmenn eiga að lifa svo í Hafnarfirði, að þeir hafi von um að vinna kjördæmið. Ef þeir treysta sjer ekki að lifa svo rjettlátlega, að þeim geti vaxið kjósendafylgi, þá sje jeg ekki, að þeir eigi neinn rjett á því, að þingið kúgi meiri hlutann í Hafnarfirði til þess að hlíta þessu gamla skipulagi. — Nei, það er öðru nær en hv. þm. (MJ) hafi nokkurn rjett til þess að drótta slíku að okkur, sem hann hefir gert; það er hann og hans menn, sem standa vísvitandi á ranglátum grundvelli í þessu máli. Hann veit, að framkoma íhaldsmanna undanfarið dæmir þá. Jeg vísa því öllum dylgjum aftur heim í föðurhúsin með þeim fulla rökstuðningi, að eigingirnin sje hjá þeim, sem hv. þm. talar fyrir.

Þó að það sje ekki siður minn að svara blöðum í þingsal, má jeg aðeins minna á, að aðalmálgagn Íhaldsflokksins talar um Framsóknarflokkinn sem aðalbændaflokkinn, og er það skoðun þess, að við eigum að gera þeim mögulegt að njóta rjettar síns. Og það er það, sem við ætlum að gera með skiftingunni.

Nú er Hafnarfjörður svo tiltölulega mikill hluti af kjördæminu, að ekki hefir tekist að koma að bónda í kjördæminu. Þar hefir verið í boði einhver hinn mesti merkisbóndi á Íslandi, sem hefir mikið gert til þess að lyfta bændastjett landsins með þeim málum, sem hann hefir barist fyrir. En það hefir orðið árangurslaust. Hafnarfjörður hefir jafnan borið bændahluta kjördæmisins ofurliði. Þetta ætti því að vera vegur til þess, að bændur kjördæmisins gætu betur notið sín, auk þess sem Hafnfirðingar óska þess sjálfir. Eftir skoðun íhaldsmálgagnsins, er jeg gat um áður, þá eru öll skilyrði fyrir hendi til þess að þetta mál eigi fram að ganga.

Ólafur Thors: Jeg skal ekki svara hæstv. forsrh. öðru en því, að það sýnist auðsjáanlega vera meiri fengur í því

fyrir bændur kjördæmisins að ráða vali á tveimur þm. heldur en aðeins einum. En nú er því svo varið, að meiri hluti af kjósendum kjördæmisins er bændur, þótt hæstv. ráðh. máske telji þá eina bændur, sem landbúnað stunda.

Jeg skal ekki víkja mikið að því atriði hjá hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að jeg hefði marglýst því yfir, að kjördæmaskipun væri órjettlát nú. Þó taldi hann, að jeg hefði aðeins sagt það utan þings. — Jeg mun hafa sagt það einmitt í hans eigin húsi og í einkasamtali við hann, að kjördæmaskipunin þyrfti endurbóta við. Jeg sagði, að ef hann hjeldi áfram að næra jafnaðarmenn á molum af borði okkar íhaldsmanna, kæmi til álita, hvort ekki væri rjettara að rjetta þeim væna sneið af framsóknarborðinu. En þótt hæstv. ráðh. vitni hjer í einkasamtal, er fór fram í hans eigin húsakynnum, þá skal það vera ávítulaust af mjer.

Jeg þarf ekki að svara l.v. flm. miklu. Það, sem hann sagði, var fremur veigalítið. Hann talaði um, að atkvæðatölurnar við síðustu kosningar hefði ekki verið af marka, þar sem margir af verkamönnum hefðu verið farnir í atvinnuleit. En það var nú svo, að jafnaðarmenn fengu 280 atkv. færra nú en við kosninguna 1926, en íhaldsmenn 180 atkv. meira. Hv. þm. beindi þeirri áskorun til mín, að jeg safnaði mótmælum nokkur hundruð kjósenda í Hafnarfirði móti skiftingunni. Jeg skal gera það með því skilyrði, að hann verði á móti við minni áskorun til hans og gefi yfirlýsingu um það, að hann taki þá þau andmæli til greina.

Þá var það hæstv. dómsmrh., sem kom hingað úr efri deild Alþ. til að skifta sjer af þessu máli, og mátti þar um segja, að „enginn bað þig orð til hneigja", sem er hluti úr gamalli vísu. (**Dómsmrh. JJ:** Hvernig er áframhaldið?). Úr því hæstv. mentamálaráðherra óskar þess, skal jeg gjarnan kenna honum þennan vísupart, en jeg tek það skýrt fram, að síðari hendingunni er ekki stefnt að hæstv. ráðh., en hún er þannig: „illur þræll, þú máttir þegja".

Hæstv. dómsmrh. hefir lítið heyrt af þeim rökum, sem hjer hafa komið fram, enda ber ræða hans þess vott. Hann sagði, að margendurteknar óskir hefðu komið frá kjósendum í Hafnarfirði um skiftingu kjördæmisins. Þetta er alveg tilhæfulaust. Slíkar óskir hafa aldrei komið, nema einu sinni frá bæjarstjórninni þar og á einum þingmálafundi frá einum einasta manni. En þar á móti hefir sýslunefndin lagt á móti því.

Hæstv. dómsmrh. þekkir alls ekki þau rök, sem hjer hafa verið borin fram. Jeg veit ekki nema rjett væri fyrir hann að geyma frekari umræður um þetta mál, þar til hæstv. ráðh. hefir kynt sjer það betur. Vona, að hann við það komist á rjetta braut, og með þessu yrði hann síður til að hefja óþarft málæði í hv. deild.

Jeg er nú víst búinn með nokkuð mikið af þeim tíma, er mjer var leyfður. (**Forseti BSv:** Þetta er orðin löng athugasemd). Fæ jeg ekki að tala í fjórða sinn? (**Forseti BSv:** Þm. fær að bera af sjer sakir). Jeg vona þá, að einhver beri á mig sakir.

Haraldur Guðmundsson: Jeg get í sjálfu sjer verið þakklátur hv. 1. þm.

Reykv. og hv. 2. þm. G.-K. fyrir skraf þeirra um þetta mál, því að óhætt má fullyrða, að ekki meira en 1/5—1/6 hluti þess, er þeir færðu fram, snerti málið sjálft. Sýnir það, hversu rökþrota þeir eru. Hv. 1. þm. Reykv. fór í einskonar biðilsbuxur og ljet líklega í ræðu sinni við jafnaðarmenn um samvinnu við þá um að breyta kjördæmaskipuninni. Mjer fer nú eins og saklausum sveitastúlkum, sem óvanar eru biðlum; þær verða oft feimnar og vita varla, hvernig þær eiga að taka bónorðinu. En á eitt vil jeg þó minna háttv. þm., sem nú hrópar á hjálp okkar jafnaðarmanna til að leiðrjetta kjördæmaskipunina. Hvers vegna reyndi hann ekki að leiðrjetta þetta meðan sá flokkur, sem hann telst til, hafði meiri hluta í þinginu? Þá hefði honum átt að vera innan handar að koma því fram. Eftir því, sem nú hefir komið fram í deildinni, þá má vænta þess, að frv. þetta muni sigla hraðbyri í gegnum þingið. Tveir hæstv. ráðherrar hafa lýst yfir fylgi sínu við það. Hv. 2. þm. G.-K. ætti samkvæmt þeirri kenningu sinni, að íhaldsmönnum sje stöðugt að fjölga í Hafnarfirði, að vera með því. Hans flokkur ætti þá að eiga þar trygt sæti. Við jafnaðarmenn erum líka ánægðir, því að við þykjumst eiga þar trygt sæti í framtíðinni.

Hvort sem litið er á þetta mál frá sjónarmiði atkvæðafjölda eða atvinnuhátta, þá er skiftingin rjettmæt. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru kjósendur aðallega smærri land- og sjávarbændur, en í Hafnarfirði mestmegnis verkafólk, stærri atvinnurekendur og kaupsýslumenn.

Jeg get mint á eitt dæmi, sem sannar þetta ljóslega, en það eru ræður þeirra núverandi forsrh., þm. Borgf. og fyrverandi þm. G.-K., Ágústs Flygenrings, um landhelgigæsluna o. fl. þar að lútandi, og vísa jeg um það til þingtíðindanna. Í þeim ræðum kemur ljóslega fram, að hagur smærri útgerðarmanna fer ekki saman við hag þeirra stærri.

Jeg er ekki trúaður á það, að íhaldsflokkurinn breyti svo um líferni og háttalag, að honum auðnist nokkru sinni að fá meiri hluta í Hafnarfirði, þótt hæstv. forsrh. af hæversku ljetist vera það. Jeg trúi því ekki. En frv. þetta er spor í þá átt, að bæta úr bersýnilegum órjetti. Því er rjett að samþykkja það. Síðar má svo tala um það í ró og næði, hvert skuli vera næsta sporið, því að kjördæmaskipunin er óviðunandi eins og hún nú er.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni.

Hv. þm. Ísaf. var nú að halda sína jómfrúræðu. Var því von, að honum kæmu til hugar biðlar í því sambandi. Jeg skildi nú reyndar naumast, hvað hann átti við með þessu biðlatali sínu, nema ef hann hefir haldið, að jeg væri að óska eftir samvinnu við hans flokk til að breyta kjördæmaskipuninni. En þá hefir hann líka tekið biðlinum vel, því í niðurlagi ræðu sinnar gat hann þess, að síðar mætti tala í ró og næði um viðtækari breytingar á kjördæmaskipuninni.

En það er alger misskilningur hjá hv. þm., að jeg hafi staðið betur að vígi áður heldur en nú um að koma fram rjettlátum breytingum. Hv. þm. á sennilega við það, að jeg hafi þá tilheyrt stærra flokki. Sá flokkur, sem

jeg heyri til, hefir enga afstöðu tekið til málsins. Auk þess er hann enginn stjettaflokkur, og því erfiðari aðstaða að sameina hann um mál sem þetta. Áhugamálin eru almennari og flokkurinn hefir meðal annars alls ekki tekið sameiginlega afstöðu um þetta mál, kjördæmaskiftinguna, að því er jeg best veit. Má vera, að hann geri það bráðum, en hann hefir ekki gert það.

Hæstv. dómsmrh. gladdi mig með tvennu. Í fyrsta lagi gaf hann mjer tryggingu fyrir því, að við yrðum altaf á kanti í þinginu. Þegar jeg þakka honum, þá skammar hann mig, og þegar jeg skamma hann, þá skammar hann mig líka. Það verður því gott tækifæri til að hrevfa sig hjer í þinginu, þar sem við hljótum að vera pólitískir óvinir. Samkomulag okkar persónulega er þar fyrir utan og kemur málinu ekkert við.

Hæstv. ráðh. var farinn að sækja sína lífsspeki í Morgunblaðið. Jeg óska, að framhald verði á því. Hann myndi hafa gott af því. Þótt jeg sje ekki Morgunblaðinu sammála um alla hluti, þá er þó svo margt gott, sem þar stendur, að hæstv. ráðh. hefði gott af að tileinka sjer það.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg ætlaði Framsóknarflokknum illar hvatir í þessu máli. En hefði jeg lofað hann fyrir það eða lýst því öðruvísi en það var, þá er jeg hræddur um, að það hefði farið eins og Snorri Sturluson sagði, að það hefði verið kallað háð, en ekki lof. Þá sagði hann, að jeg hefði verið með því, að Hafnarfjörður fengi þingmann. Það er rjett. En þó þannig, að jeg vildi bæta þingmanni við handa Hafnarfirði, en láta sýsluna halda sínum tveimur þm. En svo glaður sem hæstv. ráðherra er yfir þessu frv., þá ætti hann að athuga það, að það er ekki nóg að sýna rjettlætið á einum stað. Hann ætti t. d. þá líka að skifta Siglufirði frá Eyjafjarðarsýslu og gefa Siglfirðingum sinn þm. En þar yrði Framsóknarflokkurinn að gefa af sínu eigin, og þá er minna um örlætið.

Hann sagði, að þetta væri tóm eigingirni hjá mínum flokki. Við ættum bara að lifa svo í Hafnarfirði, að við ættum þar jafnan trygt þingsæti. En þetta eru bara innantóm orð. Það er svo margt, sem veldur flokkaskipun. Eftir því mætti eins ráðleggja stjórnarflokkinum að lifa svo hjer í Reykjavík, að þeir fengju þingmann hjer. Og eftir þessum forsendum ætti það að vera illri hegðun Framsóknarflokksins að kenna, að Björn Bjarnarson hefir ekki komist að í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Nei, ræða hæstv. ráðh. er ekkert nema ný sönnun um yfirdrepskap hans í þessu máli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það má heita furðulegt, að þegar jeg tek hjer til máls í þessari hv. deild, þá koma tveir hv. þm. eins og heimaríkir hundar á móti aðkomumanni og bvggja rök ræðu sinnar á því, að jeg hafi ekki leyfi til að tala hjer. Það lítur ekki út fyrir, að þessir hv. þm. sjeu of vel að sjer í þingsköpunum.

Háttv. 2. þm. G.-K. gleymir því, að í Hafnarfirði, sem er í hans kjördæmi, hefir verið farið þess á leit á mörgum þingmálafundum að fá kjördæminu skift. Fundir í Hafnarfirði hafa reynst svo andstæðir þm. sínum, að hv. 1. þm. G.-K. varð að fara bónar-

veg að þeim, svo að þeir bæru ekki fram till. andstæða vilja hans í járnbrautarmálinu. Þeir hafa nú þokað Hafnfirðingum, eða meiri hluta þeirra, yfir í þann stjórnmálaflokk, sem þeir telja sinn mesta andstöðuflokk. Hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram, að það sje sjereinkenni Íhaldsflokksins, að hann sje vel sjeður alstaðar. Hann viðurkennir þó, að litlar líkur sjeu til, að hann nái meiri hluta í Hafnarfirði. Við framsóknarmenn vitum líka, að bændur ráða þar ekki, en við viljum þó ekki af þeirri ástæðu hindra það, að Hafnfirðingar nái rjetti sínum.

Við, sem höfum barist fyrir rjetti sveitanna, höfum líka um leið aflað okkur þar trausts og fylgis, enda höfum við ekki reynst eins gagnvart bændum landsins eins og íhaldsmenn hafa reynst alþýðunni í kaupstöðunum. Það sýndi sig best á þingmannafundi, sem haldinn var í stjórnarráðinu veturinn 1923, þegar íhaldsmenn vildu halda við hungri og harðrjetti í Hafnarfirði, aðeins vegna hagsmuna fárra útgerðarmanna þar. Þá sáðu þeir, nú kvíða þeir uppskerunni.

Þegar það kom til umr. hjer í deildinni að byggja meiri háttar sundlaug hjer í Reykjavík fyrir þennan bæ, og jeg, sem er kosinn til þings af bændum, gerðist flm. þess og líklegt er, að ýmsir aðrir fulltrúar bænda á þingi muni styðja þetta mikla hagsmunamál Reykvíkinga, þá rís upp, auk hv. 1. þm. Skagf., sem er að búa sjer til kosningabeitu handa Skagfirðingum, einnig hv. 1. þm. Reykv. og revnir á allan hátt að spilla því máli. Og hvernig var það um árið, þegar farið var fram á 5 þús. kr. styrk til sundlaugar í Þingeyjarsýslu? Þá reis alt Íhaldið gegn því og níddist þá sem oftar á hagsmunum sveitanna. Þannig var innrætið til sveitanna þá.

Við framsóknarmenn höfum þrásinnis bjargað hagsmunum sveitanna. En Íhaldið hefir aldrei bjargað neinu öðru en því, sem „passað" hefir í „kram" þrengstu hagsmunaklíku þess og þeirra manna útlendra og innlendra, sem lagt hafa því fje í kosningasjóð. (**ÓTh**: Er þetta dómsmrh.?). Það er maður, sem er að segja Íhaldinu satt og sem á eftir að segja því margt fleira satt, hvort sem hann verður þá dómsmrh. eða ekki.

Hv. 1. þm. Reykv. mintist á það, að þetta frv. væri afleiðing einhverrar verslunar við stjórnarskiftin í sumar. Hann virðist hafa gleymt því, að allir þm. Framsóknarflokksins í báðum deildum fylgdu málinu á síðasta þingi. Að koma fram með þessar getsakir hjer, mót betri vitund, er ekki annað en fölsun í málinu. Það er víðar falsað en í Norður-Ísafjarðarsýslu; fölsunin er líka flutt inn í þingið. Það er hart, að flokkur, sem hefir barist fyrir þessu sama rjettindamáli þing eftir þing, skuli vera borinn slíkum brigslum. Hv. þm. ætti að lesa þingtíðindin betur; til dæmis kynni hann þá líka að rekast á það, að við björguðum Hafnfirðingum í vandræðum þeirra 1923, og var þá ekki hægt að bregða okkur um kjósendadekur. (**MJ**: Hæstv. ráðh. ætti sem minst að tala um dekur).

Þá sagði hv. 2. þm. G.-K., að sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu væri mótfallin skiftingunni. Mjer er nú satt að segja ekki kunnugt um það, og ekki heldur hitt, að sýslunefndin nái til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Veit hann þá ekki, að hún hefir ekkert með stjórn

bæjarmálefna þar að gera? Þessi hv. þm. ætti líka að lesa betur. (**ÓTh:** Þetta er vísindaleg fáfræði. Þetta er víst ekki að blekkja í málum!).

Háttv. 1. þm. Reykv. snerist á móti mjer í fyrsta málinu, sem jeg hefi borið fram hjer í deildinni, sem um leið var stærsta hagsmunamál Reykjavíkur, sem komið hefir fyrir þingið, og það er næsta skrítið, að einmitt hann skuli reyna að fæla mig frá að vinna fyrir þennan bæ. Það vill til, að Reykjavík er betri en þessi þm. hennar, svo að hún verður ekki látin gjalda hans; með öðrum orðum, hún fær ekki þá meðferð, sem hún ætti skilið, ef hún væri dæmd eftir þessum fyrsta fulltrúa sínum.

Sami háttv. þm. vildi fallast á að bæta við þm. fyrir Hafnarfjörð, ef Gullbringu- og Kjósarsýsla yrði áfram tvímenningskjördæmi. En hvað heldur hann þá, að yrði uppi á teningnum í sumum öðrum kjördæmum landsins, svo sem til dæmis Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslu og víðar, ef þannig yrði farið að? Nei, það er ekki til neins fyrir háttv. þm. að vera að reyna að þvo sig með slíku; ástæðan er engin önnur en sú, enda er það beint játað, að hann vill ekki, að rjettlætið nái fram að ganga, af því að hann telur það óheppilegt fyrir sinn flokk.

Hv. þm. og hans flokkur ætti heldur að reyna að ástunda meira rjettlæti og koma þannig fram gagnvart Hafnfirðingum og öðrum, að þeir þyrftu ekki að vera svona hræddir við kjósendur, því að það er þessi ótti eingöngu, sem veldur andstöðu íhaldsmanna við frv.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er aðallega út af orðum hv. 2. þm. G.-K., sem nú er dauður, að jeg stend upp (**ÓTh:** Hann getur gengið aftur.), þótt hæstv. forseti láti hann ef til vill upp rísa. Hann sagði, að jeg eða sá flokkur, sem jeg fylgi, hefði boðið stj. fylgi sitt með vissum skilyrðum. Hjer er vitanlega um mesta misskilning að ræða, eða öllu heldur rangfærslu. Hann veit það vel., hv. þm., að Alþýðuflokkurinn sem heild tók ákveðna afstöðu til stj. þegar í byrjun, og sú afstaða var gerð kunn í því blaði hjer í bænum, sem jeg veit, að hann les gaumgæfilega daglega, Alþýðublaðinu. Við hjetum stjórninni engu fylgi, og gat því heldur ekki verið um neina skilmála að ræða. En við hjetum henni hlutleysi meðan hún fremdi ekki neina höfuðsök, að okkar áliti.

Þá vil jeg skora á hv. þm. að gera nú alvöru úr sínu raupi, ef hann getur, og koma með skriflega yfirlýsingu mörg hundruð kjósenda í Hafnarfirði um, að þeir sjeu mótfallnir skiftingunni. Hann veit það vel, að slíkt hlyti að hafa áhrif á málið, þó að jeg lofi honum engu.

Forseti (BSv): Háttv. 2. þm. G.-K. hefir samkvæmt þingsköpum leyfi til að bera af sjer sakir.

Ólafur Thors: Það er aðeins í tilefni af því, að hæstv. dómsmrh. telur það ósvífni og fáfræði af mjer að halda því fram, að sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu væri mótfallin skiftingunni og að hún væri líka aðili í málinu. Það er meira en lítið skilningsleysi, að skilja ekki þetta, að sýslan er einmitt annar aðilinn. „Ósvífni“ og „fá-

fræði“ lýsa betur framkomu og rökum ráðh. en mínum í þessu máli.

Hæstv. dómsmrh. ljet sjer sæma að kalla mig og hv. 1. þm. Reykv. hunda, en vildi þó sjálfur slást í hópinn með okkur. Mjer þótti samlíkingin óheppileg um hann jafnt og okkur, en eftir síðustu ræðu hans læt jeg hann einráðan um að velja sjer heiti. Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að allur Framsóknarflokkurinn hefði altaf staðið með málinu á þingi. Jeg vil nú benda honum á, að á þinginu 1926 talaði háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) á móti málinu, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp nokkuð af ummælum hans. Hann segir þar meðal annars:

„Mjer finst það sanngirnismál, úr því að ekki liggur fyrir gagngerð breyting á kjördæmaskipun landsins. En það er annað, sem ekki er sanngjarnt, ef frv. er samþ. óbreytt, nefnilega það, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefði þá aðeins einn þingmann eftir — —“.

Þessi háttv. Framsóknarflokksmaður talaði þannig á móti málinu, og annar þm., hv. 1. þm. N.-M. (HStef), vildi fella málið við 2. umr. þess þá. Jeg læt svo staðar numið og skal nú viðurkenna, að jeg sje dauður, en jeg örvænti þó ekki um sigur í málinu að heldur, og má þá segja um mig og minn góða málstað: „Brjánn fjell, en hjelt velli“.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að mjer þætti viðkunnanlegra, að þeir hv. þm., sem þurfa að vitna í orð mín og gerðir á fyrri þingum, vildu fara rjett með. Hjer hefir orðið nokkur misbrestur á því hjá hv. 2. þm. G.-K. Jeg fylgdi málinu og greiddi atkv. með því, þó að jeg hinsvegar teldi sanngjarnt, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hjeldi sínum þm. (**Ó-Th:** Vill ekki hv. þm. lesa sína eigin ræðu?). Jeg þarf þess ekki, því að jeg man vel mína afstöðu til málsins, en það er altaf hægt að snúa út úr orðum manna, eins og hv. 2. þm. G.-K. er að reyna að fleyta sjer á hjer. Jeg sagði einmitt í þeirri ræðu, sem hv. þm. vitnaði í, að jeg teldi það sanngjarnt, að Hafnarfjörður yrði sjerstakt kjördæmi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:7 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 77 og 103).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin klofnað í tvent í þessu máli. En rök fyrir skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi hafa verið svo margrædd hjer á hv. Alþingi, að jeg þykist engu þurfa þar við að bæta, enda hafa engar nýjar ástæður komið fram. Meiri hl. allshn. hefir fallist á að mæla með frv. Þó hefir einn nefndarmaður sjerstöðu.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg skal taka mjer til fyrirmyndar framkomu hv. 2. þm. Reykv. um það, að halda ekki langa framsöguræðu. Mál þetta er svo þaulrætt, að það væri að bera í bakkafullan lækinn að auka við þær umr. Auk þess þykist jeg viss um, að með hinum mikla liðstyrk, sem fylgismenn frv. hafa, sjeu forlög þess

ákveðin. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, höfum við hv. 1. þm. Skagf. ekki getað orðið sammála hinum nefndarmönnunum um afgr. þessa máls. Við höfum ekki getað komið auga á nauðsyn þess að hafa sjerstakan þingmann fyrir Hafnarfjörð. Það, sem hlýtur að vera þungamiðjan í þessu máli, er þetta: Hefir Hafnarfjörður beðið skaða af því að hafa ekki sjerstakan þingmann? En jeg minnist þess ekki, að komið hafi fram rök, sem sanni það. Því hefir vitanlega verið haldið fram, að staðhættir Hafnarfjarðar væru ólíkir staðháttum annara sýslufjelaga, sem hafa sameiginlegan þingmann. En jeg held, að svo sje ekki. Aðallífsframfæri sitt hafa Hafnfirðingar frá sjónum. Ef svo væri, að þingmaður Hafnarfjarðar væri alókunnugur högum og háttum sjómanna, þá væri kannske ástæða til að óska breytingar. En þessu er ekki til að dreifa, því kunnugt er það, að báðir hv. þm. G.-K. eru með víðsýnustu þm. á þeim málum, er snerta sjávarútveginn, og svo hefir það verið með þm. þess kjördæmis. Þar með er þeirri ástæðu niður slegið, að Hafnarfjörður hafi skaðast á því að hafa sameiginlega þingmenn við sýslurnar.

Því hefir verið haldið fast fram af hálfu meðmælenda þessa máls, að Hafnarfjarðarbær væri svo ríkur að íbúatölu, að hann ætti heimtingu á að fá þm. út af fyrir sig. Þetta er vitanlega skoðun þeirra. En er frambærilegt að slá því fram, að Hafnarfjörður bíði nokkurt tjón við það ástand, sem nú er?

Það hefir verið skírskotað til þess, að rökin fyrir skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi yrðu ekki hrakin. Jeg ætla að leyfa mjer að halda því fram, að rökin á móti skiftingu verði ekki hrakin. Alt á þetta að vera gert samkvæmt ósk Hafnarfjarðarbúa og undirskriftir frá þeim lagðar fram. En jeg þykist mega fullyrða, að hundruð kosningarbærra manna hafa lýst sig andvíga skiftingunni.

Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú sem fyr verið aðalforsvarsmaður þeirra, sem ekki sjá beina ástæðu til skiftingar kjördæmisins. Hann ætti manna best að vera máli þessu kunnugur, og staða hans sem útgerðarmanns gerir það að verkum, að hann er færari til þess en jeg og aðrir utanaðkomandi menn að dæma um, hvað sje kaupstaðnum fyrir bestu.

Það er alveg óhæfilegt að slá því fram, eins og gert hefir verið, að jeg og aðrir, sem eru á móti þessu máli, vilji vinna með því að sulti Hafnarfjarðarbúa, enda tók jeg þau ummæli sem ósvífna og illa hugsaða slettu til mín og minna flokksbræðra, en ekki sem rök. Mig furðar á því, að ef hv. flm. þessa frv. eru svo sannfærðir um, að Hafnarfirði beri þau rjettindi, sem þar er farið fram á, skuli þeir ekki hafa reynt að stíga feti framar og koma fram með gagngerða athugun á kjördæmaskipuninni yfirleitt. Jeg slæ þessu aðeins fram, af því að mjer er ekki ljóst, af hverju þeir snúa huga sínum einungis að þessum stað.

Jeg býst við, að langar umr. um þetta mál sjeu þýðingarlitlar. Það má segja, að „svo voru net úr garði gerð, að gegnum smugu fáir". Jeg hefi ekki getu til þess að hamla á móti því valdi, sem hv. flm. frv. hafa hjer á Alþingi. Þeir verða að bera ábyrgð á þessu sem öðru, sem þingið gerir, því vitanlega

eru þeir hið raunverulega ráðandi afl í þinginu eins og stendur.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Jeg hefi altaf verið því meðmæltur, að Hafnarfjörður yrði sjerstakt kjördæmi, og það er jeg enn. En að jeg hefi sjerstöðu í þessu máli, er af því, að jeg get hugsað mjer aðra lausn þessa máls en þetta frv. gerir ráð fyrir. Jeg vil því ekki skuldbinda mig til að leggja á móti hvaða breytingum, sem fram kunna að koma, ef aðalatriði frv. helst. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar hjer hefir altaf, síðan Alþingi var endurreist, verið hjeraðaskipunin, þannig að hver sýsla og hvert sjerstakt bæjarfjelag hefir fulltrúa á Alþingi, einn eða fleiri. Frá þessu eru aðeins 2 undantekningar: Hafnarfjörður og Siglufjörður. Mjer hefði því fundist eðlilegasta lausnin á þessu máli sú, að þessir tveir kaupstaðir fengju sinn þingmanninn hvor, og þingmönnunum væri þannig fjölgað um tvo. Jeg játa þó, að þingstarfanna vegna þurfi ekki að fjölga þeim, en til þess að veita þessum kaupstöðum sjálfsagða rjettarbót, þá finst mjer þetta gerlegt, og einfaldast a. m. k. til bráðabirgða. Og þó að þingmenn yrðu nú 44, þá er það ekkert meira en þegar þeir voru 40 1904, samanborið við fólksfjölda; þjóðinni hefir fjölgað það síðan.

Jeg myndi nú flytja brtt. í þessa átt, ef jeg hefði nokkra von um, að hún næði fram að ganga. Í þessu er fyrirvari minn fólginn.

Þó að sú lausn málsins fáist ekki, sem jeg kýs helst eins og nú standa sakir, þá sje jeg enga ástæðu til að hefnast á stærsta kaupstað landsins fyrir það, og tek því það næstbesta. Háttv. frsm. minni hl. sagði, að ekkert hefði komið fram, sem rjettlætti það, að Hafnarfjörður fengi sjerstakan þingmann. Þetta er ekki rjett. Jeg sje ekki annað en sama ástæða sje fyrir hann að fá sjerstakan þingmann eins og öll önnur hjeruð. (**HK:** Hefir Siglufjörður liðið við það, að hafa sama þingmann og Eyfirðingar?). Já, því býst jeg við. Jeg tel mig að minsta kosti ekki svo mikinn Siglfirðing, að kunnugur maður, búsettur þar, myndi ekki geta unnið kaupstaðnum meira gagn en jeg, ef hann sæti á Alþingi. En hvað sem þessu líður, þá játa jeg, að það standi þó nær, að Hafnarfjörður fái sjerstakan þingmann, þar sem hann er töluvert stærri.

Ólafur Thors: Það er rjett, sem sagt hefir verið hjer í deildinni, að þetta mál sje þegar orðið svo rætt, að þess sje ekki að vænta, að í því komi fram ný rök. En jeg fann þó ástæðu til að kveðja mjer hljóðs, sökum þess, að því hefir verið haldið fram, að skiftingin væri fram borin fyrir sameiginlegar óskir kjósenda í Hafnarfirði. Það hefir verið venja að skifta ekki kjördæmum eins og hjer er farið fram á, nema sameiginlegar óskir aðilja væru fyrir hendi. En hjer liggja fyrst og fremst fyrir mótmæli frá sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem ekki verður móti mælt. Þeir hv. þm., sem horfið hafa að skiftingunni, hafa gert það, að því er mjer virðist, fyrir það, að jafnaðarmenn telja hana óskift áhugamál allra Hafnfirðinga. Þessari staðhæfingu hefi jeg leyft mjer að mótmæla. Jeg og fleiri telja skiftinguna aðeins hagsmunamál jafnaðar-

manna, þar sem þeir eru að reyna að ná öðru þingsætinu frá bændakjördæminu til handa sjer sjálfum. Jeg skal alls ekki fullyrða, að meiri hluti kjósenda í Hafnarfirði kunni ekki að vera með henni, en allir eru þeir það ekki, eins og ýmsir hafa orðið til að fullyrða, þrátt fyrir mótmæli mín. Nú hefir það nýtt gerst í þessu máli, að kjósendum í Hafnarfirði hafa borist til eyrna þessar fullyrðingar jafnaðarmanna. Hefir þá því brostið þolinmæðin, svo þeir telja sig ekki lengur geta setið hjá. Hafa þeir nú sent til Alþingis svo hljóðandi yfirlýsingu: „Oss hefir borist til eyrna, að því hafi verið haldið fram á hinu háa Alþingi, að það sje sameiginleg ósk allra kjósenda í Hafnarfirði, að Gullbringu- og Kjósarsýslu með Hafnarfirði verði skift í tvö kjördæmi, þannig að Hafnarfjarðarkaupstaður verði sjer kjördæmi og kjósi einn þingmann, en Gullbringu- og Kjósarsýsla kjósi aðeins einn þingmann. Í tilefni af þessum staðhæfingum lýsum við undirritaðir kjósendur í Hafnarfirði því yfir, að við óskum heldur, að það skipulag haldist, sem nú er, en að framangreind skifting kjördæmisins verði lögfest". Þessar óskir eru undirritaðar, að jeg hygg, af nokkuð á fjórða hundrað kjósendum, og mjer er sagt, að svo fremi, sem það hafi þýðingu í þessu máli, að enn sje bætt við undirskriftirnar, þá sje fljótlega hægt að fá til viðbótar allálitlegan hóp kjósenda; en jeg hefi sagt forgöngumönnunum, að þess gerist ekki þörf. Jeg tel það ekki skifta miklu máli, hvort mótmælin eru undirrituð af 3 eða 6 hundruð kjósendum. Þetta nægir til þess að sýna fram á, að það eru ekki allir kjósendur í Hafnarfirði sammála um að óska eftir skiftingunni, eins og jafnaðarmenn hafa leyft sjer að halda fram.

Jeg vænti nú, að framsóknarbændur þessarar deildar, að fenginni þessari yfirlýsingu, hugleiði vandlega þau rök, sem fram hafa verið færð gegn þessari skiftingu: Að sýslunefndin hefir mótmælt henni, að stór hópur kjósenda hefir borið fram þær óskir til þingsins, að það skipulag fái að haldast á kjördæminu, sem nú er. Og síðast en ekki síst, að það hefir verið föst venja í þinginu að láta slíka skiftingu sem þessa ekki fara fram, nema með samþykki allra aðilja. Jeg treysti því fastlega, að framsóknarbændurnir láti jafnaðarmenn ekki tæla sig í þessu máli.

Þá verð jeg að snúa mjer með nokkrum orðum að háttv. 2. þm. Eyf. Jeg verð að segja, að ræða hans var mjer mikil vonbrigði, því eftir henni lítur út fyrir, að Framsóknarflokkurinn hafi gert að flokksmáli hjá sjer að skerða bændavaldið í landinu. Í ræðu, sem þessi háttv. þm. flutti á þinginu 1926, telur hann ósanngjarnt, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefðu aðeins einn þingmann, ef Hafnarfirði yrði skift úr. Ræða þessi er prentuð í C-deild Alþt. frá því ári. Og með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa ræðu þessa upp, og skal gæta þess að slíta ekkert úr samhengi. Hv. þm. farast m. a. þannig orð: „Jeg sje ekki, að það sje sanngjarnt, samanborið við önnur kjördæmi, að þegar Hafnarfjörður er skilinn frá, kjósi Gullbringu- og Kjósarsýsla aðeins einn þingmann, en t. d. Rangárvallasýsla tvo". Hjer segir þessi

háttv. þm., að það sje ekki sanngjarnt að samþ. frv., sem var alveg orði til orðs eins og frv. það, sem hjer liggur fyrir. Þá segir hann ennfremur. „Jeg skal að vísu játa, að þingstarfanna vegna mun engin þörf vera á fjölgun þingmanna". — Þá er þriðja staðhæfingin: „En það er annað, sem ekki er sanngjarnt, ef frv. er samþykt óbreytt, nefnilega það, að Gullbringu- og Kjósarsýsla hefði þá aðeins einn þingmann eftir". Og loks segir hann: „Ef háttv. flm. (JBald) hefði flutt málið á þeim grundvelli, að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi án þess að taka með því annan þingmanninn af Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá hefði jeg hiklaust rjett honum hönd".

Það er auðsjeð, að það hefir verið sanngjarnt hugarfar, sem stjórnaði tungu þessa hv. þm., er hann flutti þessa ræðu. Og svo, til þess að þingdeildarmenn skuli ekki halda, að hann sje að fara með fleipur, þá nefnir hann sem dæmi, að Rangárvallasýsla megi ekki kjósa tvo þingmenn, ef Gullbringu- og Kjósarsýsla fái ekki nema einn. Svo endar hann ræðu sína með því að segja, að hann gæti fylgt frv., ef því yrði breytt í það horf, að Gullbringu- og Kjósarsýsla fengju að hafa sína tvo þm., en Hafnarfjörður fengi einn. Jeg hefi lagt svona mikla rækt við þessa hlið málsins, af því að mjer þykir leitt, að jafnmætur maður og háttv. 2. þm. Eyf. er skuli ekki geta staðið við skoðun sína frá ári til árs.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að vænta þess, þrátt fyrir atkvgr. við fyrri umr. þessa máls hjer í deildinni, þá láti háttv. framsóknarmenn þessar nýju upplýsingar hafa áhrif á atkvgr. sína nú, þar sem það er sannað, að óskiftur vilji allra kjósenda í Hafnarfirði stendur ekki að skiftingu þessari, eins og sumir háttv. þm. hafa leyft sjer að halda fram.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Út af ummælum háttv. frsm. minni hl. vil jeg taka það fram, að honum á ekki að vera síður kunnugt um það en öðrum, að á síðasta þingi kom jeg fram með tillögur um miklar breytingar á kjördæmaskipuninni. Meðal annars, að landið skyldi alt vera eitt kjördæmi, en að því frágengnu, að leyfðar yrðu hlutfallskosningar í sjerstökum kjördæmum, er þá hefðu getað verið stærri en nú. En þá sýndi Íhaldsflokkurinn engan vilja í því máli, kom hvorki með till. sjálfur um breytingar á kjördæmaskipuninni eða fylgdi þeim, sem jeg bar fram. Meira að segja gekk hann svo langt, að forsrh. flokksins lýsti því yfir, að hann teldi ekki rjett að hreyfa við kjördæmaskipuninni. Og þegar því var hreyft í „Verði" og Morgunblaðinu, að breyta þyrfti kjördæmaskipuninni, þá var því óðar lýst yfir af miðstjórn Íhaldsflokksins, að flokkurinn sem heild væri á móti öllum slíkum breytingum. Þetta sýnir, að hv. íhaldsmenn álíta kjördæmaskipunina góða, þegar þeir hafa gott af henni, en illa, þegar hún er öðrum flokkum í hag, og vilja þá fyrir hvern mun fá henni breytt. Annars er það ekki nema eðlilegt af hálfu okkar jafnaðarmanna, að við viljum fá bætt úr verstu agnúunum á kjördæmaskipuninni, úr því við fáum ekki á henni gagngerða breytingu, og þetta, sem nú er verið að reyna að bæta úr, er einmitt einhver mesti agnúinn á henni

eins og nú standa sakir. Hafnarfjörður hefir mikið goldið þess að hafa ekki sjerstakan þingmann, því eins og kunnugt er, hafa mestu áhugamál meiri hluta kaupstaðarbúa verið drepin hjer á Alþingi, og það með atfylgi þingmanna kjördæmisins.

Háttv. 2. þm. G.-K. sagði, að ný gögn hefðu komið fram í þessu máli, og átti hann þar við yfirlýsingu þá, sem hann las upp í síðustu ræðu sinni frá um 300 mönnum í Hafnarfirði. En yfirlýsing þessi er þannig til komin, að hann fullyrti við síðustu umr. þessa máls hjer í deildinni, að fyrir hendi væru mótmæli frá mörg hundruð kjósendum í Hafnarfirði gegn skiftingunni. Var þá skorað á þennan háttv. þm. að láta þessar óskir kjósendanna sjást með undirskriftum þeirra, svo það sæist, að hjer væri um annað en vígorð að ræða. Maður skyldi nú ætla, að kjósendur í Hafnarfirði hefðu ótilkvaddir hafist handa með þessar undirskriftir, en svo er einmitt ekki, heldur er þeim þvert á móti smalað saman af launuðum smölum að tilhlutun hv. 2. þm. G.-K. sjálfs, og hefir þeim ekki tekist að ná nema rúmum 300 undirskriftum, þrátt fyrir það, þó að þeir fengju atvinnurekendur í Hafnarfirði í lið með sjer, sem gátu gengið milli kjósendanna með atvinnuloforðin í annari hendi, en undirskriftaskjölin í hinni. Sýna þessar undirskriftir því ljóslega, hversu nauðalítill hluti af íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar er á móti þessari skiftingu. Enda er það alkunna, því að hingað til hafa aldrei komið fram á opinberum fundum í Hafnarfirði mótmæli gegn skiftingu kjördæmisins. Og meira að segja þora undirskrifendur þessarar yfirlýsingar, sem hv. 2. þm. G.-K. er að veifa, ekki að mótmæla skiftingunni. Þeir segja aðeins, að þeir kjósi heldur það fyrirkomulag, sem nú er. Síðan þessar undirskriftir komu, hefi jeg átt tal við menn í Hafnarfirði, og þeir tjá mjer, að bráðlega sje von á frá þeim undirskriftum; nú þegar hafi undirskrifað full 600 kjósenda, sem skora eindregið á Alþingi að samþykkja skiftinguna.

Jeg er forviða á þeirri dæmafáu hræsni, sem háttv. 2. þm. G.-K. gerði sig sekan í, þar sem hann var að tala um, að með þessari skiftingu væri verið að skerða bændavaldið á Alþingi. Eins og nokkur maður hafi nokkurn tíma orðið var við það hjer á Alþingi eða annarsstaðar, að sá hv. þm. hafi gert nokkuð, sem mætti verða bændum til hagsmuna eða til eflingar valds þeirra í landinu.

Bernharð Stefánsson: Mjer kom það undarlega fyrir sjónir, að háttv. 2. þm. G.-K. skyldi vera að láta í ljós vonbrigði um framkomu mína í þessu máli. Hann las upp ræðu, sem jeg hafði haldið á fyrra kjörtímabili, en jeg fann ekki annað en sú ræða sýni einmitt, að jeg hefði haldið því sama fram þá sem jeg held fram enn, að sanngjarnt sje, að Hafnarfjörður fái sjerstakan þingmann.

Jeg man það glögt, að á sama þingi og jeg hjelt þessa ræðu bauð jeg honum að flytja með honum till. um, að Hafnarfjörður og Siglufjörður yrðu sjerstök kjördæmi. Jeg er yfirleitt ekki vanur því að tala um það, sem gerist „privat“ milli manna, en jeg vona, að hv. þm. misvirði ekki við mig,

þó að jeg geti þess, að jeg hefi oftar en einu sinni, bæði á því þingi og síðar, farið fram á það við hv. 2. þm. G.-K. að flytja slíka till. með mjer. En hann hefir verið ófáanlegur til þess. Og það er einungis fyrir algert vonleysi mitt um framgang þess máls, að jeg hefi ekki á þessu þingi komið með till. í þá átt.

Annars er ástæða til að geta þess, að síðan 1924 hefir aðstaðan í þessu máli ofurlítið breytst, þannig að kjósendatala Hafnarfjarðar og sýslunnar hefir jafnast. Fólki hefir fjölgað í Hafnarfirði. Straumurinn virðist því liggja þannig, að kjördæmin verði jafnari að kjósendatölu með ári hverju.

En boð mitt skal standa; ef hv. 2. þm. G.-K. vill vinna að því, að sýslurnar haldi sínum 2 þm. og Hafnarfjörður losni út úr, þá skal ekki standa á mínu atkv. með því, því að eins og áður álít jeg það langsanngjörnustu leiðina í málinu, þó jeg hinsvegar telji Hafnarfjörð hafa rjett til að fá þingmann, jafnvel þó það fáist ekki á annan hátt en frv. gerir ráð fyrir.

Magnús Guðmundsson: Þetta mál hefir verið hjer til meðferðar á nokkrum undanförnum þingum, án þess að jeg hafi fundið ástæðu til að láta uppi álit mitt um það á annan veg en með atkv. mínu, sem jafnan hefir fallið á móti skiftingu kjördæmisins, og mun svo enn verða. En í þetta skifti vil jeg gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi þessa afstöðu til málsins. Jeg vil þá byrja með því að lýsa yfir því, að það er óbifanleg sannfæring mín, að mál þetta sje til þess flutt hjer að útvega jafnaðarmönnum eitt þingsæti í viðbót við þau, sem þeir nú hafa. Það er þess vegna frá mínu sjónarmiði eðlilegt að athuga það fyrst og fremst, hvort sanngirni mæli með þessu vegna þess, að jafnaðarmenn hafi of fá þingsæti í hlutfalli við kjósendafjölda sinn.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í kaupstöðum landsins hafa jafnaðarmenn aðalstyrk sinn. Má heita, að á þessum stöðum standi aðalrimman milli þeirra og íhaldsmanna. Það er því fróðlegt að athuga, hvernig atkvæðin skiftust milli þessara tveggja flokka í kaupstöðunum við síðustu kosningar.

Mjer telst svo til, að við þessar kosningar hafi alls í þeim 5 kaupstöðum, sem eru sjerstök kjördæmi, verið greidd 10785 atkv. Af þeim fjellu á frambjóðendur íhaldsmanna 5570 atkv., en á frambjóðendur jafnaðarmanna 4057, og á einn frambjóðanda frjálslynda flokksins 1158 atkv.

Í þessum 5 kaupstöðum eru kosnir og eiga að vera kosnir 8 þingmenn. Og við athugun kemur það í ljós, að af þessum 8 þm. tileyra 4 Íhaldsflokknum (2 í Reykjavík, 1 á Seyðisfirði, 1 í Vestmannaeyjum) og 4 Jafnaðarmannaflokknum (2 í Reykjavík, 1 á Akureyri, 1 á Ísafirði). Með öðrum orðum: Þingmannafjöldi úr þeim kaupstöðum, sem eru sjerstök kjördæmi, skiftist jafnt milli Íhaldsflokksins og Jafnaðarmannaflokksins. Og með enn öðrum orðum: Fyrir sín 5570 atkv. fær Íhaldsflokkurinn jafnmarga þingmenn og jafnaðarmenn fá fyrir sín 4057 atkv. Það er því langt frá, að jafnaðarmenn beri ekki fyllilega úr býtum, eftir kjósendafjölda í kaupstöðum þessum, það, sem þeim ber. Þvert á móti er auðsætt, að hjer hallast til

muna á íhaldsmönnum í óhag. Þrátt fyrir rúmlega 1500 atkv. meiri hl. í þessum kjördæmum, fá þeir jafnmarga þm. kosna.

Þetta, sem jeg hjer hefi sagt, nægir væntanlega til þess að sýna það, að framgangur þessa máls getur ekki rjettlætst af því, að kjördæmaskipunin, eins og hún nú er, veiti ekki jafnaðarmönnum þingsæti í kaupstöðunum í fullu hlutfalli við atkvæðatölu þeirra. Og þótt öll atkv. jafnaðarmanna úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, tæp 700 atkv., og á Siglufirði sjeu talin með atkvæðafjölda jafnaðarmanna í öðrum kaupstöðum, þá standa þó enn mun fleiri atkvæði á bak við hvern kosinn þingmann Íhaldsflokksins á þessum stöðum en á bak við hvern þingmann jafnaðarmanna.

Nái samþ. þessa frv. áðurnefndum tilgangi sínum, þeim, að jafnaðarmenn bæti við sig einu þingsæti, þá er, eftir því sem jeg hefi þegar sýnt fram á, auðsætt, að það verður, ef miðað er við atkvæðatölur síðustu kosninga — og annað rjettara er ekki hægt að miða við — misrjetti, og það misrjetti kemur niður á Íhaldsflokknum.

Nú vil jeg mega ganga út frá því sem gefnu, að hv. deildarmenn, hverjum flokki sem þeir tilheyra, vilji ekki með atkvæði sínu í þessum sal gera kjósendum landsins rangt til, en sú mundi afleiðingin ótvírætt verða, ef frv. þetta yrði samþykt. Í ræðu minni hjer á undan hefi jeg eingöngu rætt um kaupstaðina, og jeg hefi þar gengið út frá því, að jafnaðarmenn hafi átt öll atkvæði þar, sem á þeirra frambjóðanda hafa fallið. Hefi jeg gert þetta til þess að halla ekki á jafnaðarmenn í reikningum mínum. En rjett er þó að benda á það, að vitanlegt er, að í hópi þessara kjósenda þeirra eru allmörg atkvæði framsóknarmanna, sjerstaklega á Akureyri, eitthvað á Seyðisfirði og ef til vill eitthvað í Vestmannaeyjum. Þetta gerir samanburðinn ennþá óhagstæðari fyrir þá jafnaðarmenn.

Í því, sem jeg nú hefi sagt, hefi jeg miðað við kjósendafjöldann eingöngu, en jeg viðurkenni, að sá mælikvarði er ekki einhlítur, þegar litið er á landið í heild. En að því er kaupstaðina snertir mun ekki vera neinn mælikvarði, að minsta kosti enginn einn mælikvarði, sem er rjettari, þegar gert er upp á milli kaupstaðanna innbyrðis, því að atvinnuvegir þeirra eru mjög svipaðir — sjávarútvegur, verslun, iðnaður. Samþykt frumvarps þessa verður því ekki til að minka, heldur til þess að auka ranglæti kjördæmaskipunar hjer á landi. Og það verður ekki annað sjeð en að það ranglæti komi niður á Íhaldsflokknum.

Það mætti nú athuga, hvort þetta geti ekki rjettlætst með því, að sá flokkur hefði hlutfallslega of marga þingmenn til sveita, miðað við kjósendatölu og aðrar aðstæður. En það hygg jeg, að ekki verði sagt með rökum, því að bak við hvern kosinn íhaldsmann í sveitum stendur, samkv. atkvæðatölum síðustu kosninga, nærri 100 atkv. fleira en bak við hvern kosinn framsóknarmann. Jeg tel að sönnu ekki, að atkvæðafjöldinn sje einhlítur mælikvarði, en jeg lít svo á, að ekki sje heldur hægt að sýna fram á það með öðrum mælikvarða, að íhaldsmenn sjeu hlutfallslega of margir í sveitum. Mjer virðist því, að samþykt þessa frv. geti ekki bygst á öðru en því, að meiri

hluti þessarar hv. deildar álíti þetta þingsæti betur komið í höndum jafnaðarmanna en íhaldsmanna. En án þess að jeg ætli að kveða upp neinn dóm um það, vil jeg benda á það, að slíkur hugsanagangur færi alveg í bága við þá hugsun, sem liggur til grundvallar þingræðinu, en sú hugsun er, að þingið sje spegilmynd af vilja kjósenda, eftir þeim reglum, sem rjettlátastar þykja um kjördæmaskipun. Og hefi jeg reynt að sýna fram á, hverjar þær reglur væru að því er kaupstaðina snertir.

Að síðustu vil jeg benda á það, að ef það er vilji og ætlun meiri hluta þessarar hv. deildar að rýra á órjettmætan hátt rjettmæta þingmannatölu stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, þótt ekki hafi hann nú flest þingsæti, þá hlýtur sú spurning að vakna fyr eða síðar, hvort ekki sje óhjákvæmilegt að taka til gagngerðrar endurskoðunar alla kjördæmaskipun landsins. Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg óska þess ekki eins og stendur, en eins og jeg drap á, getur að því rekið, að hjá því verði ekki komist.

Að atvinnuvegir Hafnfirðinga sjeu svo gerólíkir atvinnuvegum annara manna í kjördæminu, eru ekki rök, sem eru frambærileg, meðan Siglfirðingar kjósa með bændum í Eyjafirði, Akranesmenn með Borgfirðingum og Norðfirðingar með bændum af Hjeraði. Slík röksemdaleiðsla leiðir í raun rjettri til hlutfallskosninga í einu lagi um land alt, því að með þeirri kosningaaðferð einni verður kjósendum landsins skift svo, að atvinnuvegirnir ráði. Hitt er annað mál, hversu aðgengilegt það mundi þykja. En hver, sem greiðir atkvæði með þessu frv., hlýtur að athuga það, hvort þá er ekki betra að stíga skrefið til fulls og lögleiða þegar hlutfallskosningu um land alt.

Haraldur Guðmundsson: Jeg verð að segja það, að mjer virtist háttv. 1. þm. Skagf. dálítið gleyminn, þegar hann var að skýra frá útreikningum sínum á atkvæðatölum síðustu kosninga og hlutföllunum milli atkvæðatölu flokkanna og þingmannafjölda. Hann talaði eins og þessir 5 kaupstaðir, sem eru sjerstök kjördæmi og 8 fulltrúa eiga á Alþingi, væru landið alt. Hann komst út frá því að þeirri niðurstöðu, að jafnaðarmenn ættu of marga fulltrúa á þingi. Jeg held nú, að reikningsskekkjur þessa hv. þm. liggi í því, að hann hafi gleymt öllum íbúum landsins nema þeim, sem búa í þessum 5 kaupstöðum, þótt hann að vísu rámaði óljóst í, að það væri einhver slæðingur af alþingiskjósendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði. Áreiðanlega veit þó þessi hv. þm. vel, því það vita víst flestir, að Alþýðuflokkurinn fjekk við síðustu kosningar yfir 6000 atkv., og er því langafskiftastur allra flokka um fulltrúatölu hjer á Alþingi.

Það skal að vísu viðurkent, að í þessari tölu eru nokkur atkv. frá Framsóknarflokknum, svo sem t. d. á Akureyri, en hitt er líka vitað, að í þeim kjördæmum, þar sem Alþýðuflokkurinn hafði engan í kjöri, þar hefir Framsóknarflokkurinn fengið miklu fleiri atkvæði, sem jafnaðarmenn eiga.

Jeg hygg, að það sje óþarft að benda hv. deildarmönnum á fleira því til sönnunar, að einn flokkur þingsins, sem sje Alþýðuflokkurinn, er langaf-

skiftastur allra flokka, miðað við kjósendafjölda, en skal þó drepa á fáein atriði.

Ef jeg man rjett, fjekk Alþýðuflokkurinn við síðustu kosningar nokkuð yfir 6000 atkvæði, Íhaldsflokkurinn á 14. þúsund og Framsókn ca. 10 þúsund. Jeg man ekki tölurnar nákvæmlega, en hygg, að þetta sje nærri sanni. Samt á Íhaldsflokkurinn 16 fulltrúa hjer á Alþingi, en Alþýðuflokkurinn aðeins 5. Það er því alveg víst, að Íhaldsflokkurinn er miklu fjölskipaðri hjer á Alþingi heldur en Alþýðuflokkurinn, miðað við kjósendafjölda. Jeg skal ekki segja, að mjer sje það eitt næg ástæða til þess að fylgja skiftingunni, enda hafa líka verið fram færð fjölmörg önnur rök fyrir rjettmæti hennar.

Það er býsna hart fyrir kaupstað eins og Hafnarfjörð, með um 3000 íbúa, að báðir þingmenn kjördæmisins skuli sitja í fullri óþökk mikils meiri hluta kjósendanna. Það er vitanlegt, að þeir gera það, og þeir ættu að vita það best sjálfir. Enda hefir hv. 2. þm. G.-K. einmitt lagt til bestu sönnunina sjálfur.

Það er ekki rjett, að Hafnfirðingar hafi verið orðnir svo „þreyttir á kvabbi þm. Reykv. um að kjördæminu yrði skift", að þeir hafi þess vegna safnað undirskriftum til mótmæla því. Í fyrsta lagi hafa engin mótmæli komið fram; í öðru lagi hefir þó verið eytt töluverðri vinnu til þess að reyna að fá þau fram, en af því að það tókst ekki, þá til þess að safna þeim undirskriftum, sem hjer liggja fyrir og haldið er fram, að sjeu mótmæli. Og í briðja lagi verð jeg að segja það, ef hv. 2. þm. G.-K. miklast árangurinn af söfnuninni, þá er hann býsna lítilþægur, því að eftir 14 daga vinnu tókst ekki að fá nema ¼ kjósenda til þess að skrifa undir það, að þeir sjeu því ekki mótfallnir, að núv. fyrirkomulag haldist, en meiri hl. kjósenda, fullir ¾ hlutar, er eftir sem áður á þeirri skoðun, að eðlilegt sje og rjett að skifta kjördæminu, og í því máli, eins og flestum öðrum stærri málum, algerlega á öndverðum meiði við hv. þm. kjördæmisins. Hv. 2. þm. G.-K. hefir því með erfiði, og sennilega talsverðum fjárútlátum, útvegað skýra sönnun þess, að hann situr hjer í óþökk mikils meiri hluta hafnfirskra kjósenda.

Jeg hygg, að það hafi verið hv. frsm. minni hl., sem sagði eitthvað á þá leið, að Hafnfirðingar virtust ekki finna til neinna „þrenginga" af því að hafa þá 2 hv. þm., sem þeir hafa nú. Jeg mótmæli þessu alveg. Mjer er kunnugt um það, að þeir finna einmitt til þrenginga undan því að hafa þá þm., sem hjer á Alþingi leggjast manna fastast gegn flestum eða öllum áhugamálum þeirra. (**HK:** Jeg sagði ekki það, sem hv. þm. hefir eftir mjer). Jeg gat ekki skilið orð hv. þm. á annan veg. (**HK:** Hefir vantað viljann!). Jeg efast ekki um það, að góður vilji gerir mikið að verkum, en það vita nú allir, að stundum getur hann þó ekki, hversu góður sem er, dugað til þess að lappa upp á setningar hv. þm., svo að þær verði skiljanlegar.

Því hefir verið haldið fram af andmælendum þessa máls, að með skiftingunni væri framinn órjettur í garð sýslubúa. En engin rök hafa verið færð fyrir því. Það er að vísu rjett, að yrði kjördæminu skift, myndu verða um 1300 kjósendur í Hafnarfirði, en

um 1700 í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg get nú ekki sjeð, að það geti samt verið órjettmætt að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, samanborið t. d. við Seyðisfjörð, þar sem ekki eru nema 400 kjósendur.

Jeg álít, að því fari mjög fjarri, að sýslubúar sjeu órjetti beittir með skiftingunni, því að þótt ástandið sje svo nú, að sýslubúar ráði í raun og veru vali beggja þm., þá getur þó svo farið, og fólki þarf ekki að fjölga svo mjög í Hafnarfirði til þess, að Hafnfirðingar geti með hjálp Keflvíkinga ráðið kosningu beggja þm. Einmitt með því að skifta kjördæminu er það fyrirbygt, að þetta geti komið fyrir, og það frekar trygt, að sýslubúar geti ráðið vali annars þm., í stað þess, að svo gæti farið, að þeir rjeðu kosningu hvorugs. Hitt er auðvitað ekki rjettlátlegt, að þeir ráði vali beggja.

Það var í sjálfu sjer ekki fleira, sem jeg vildi sagt hafa, en jeg verð enn að segja það í sambandi við undirskriftirnar í Hafnarfirði, að þær virðast mjer vera bein og glögg sönnun þess, að það er mjög lítill hluti kjósenda í Hafnarfirði, sem ekki er þessu máli fylgjandi, þegar eftir slíka gagngerða smölun fæst ekki nema tæpur fjórði hluti allra kjósenda til að skrifa undir það, að þeir „æski heldur, að það fyrirkomulag haldist, sem nú er".

Þar að auki er lítið að marka undirskriftir sem þessar; þeim er safnað af mönnum, sem ráð hafa yfir atvinnu almennings, og það er fullvíst, að útkoman mundi verða öll önnur, ef leynileg atkvgr. væri látin fara fram um málið.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Hv. þm. Ísaf. benti á það meðal annars, að báðir núverandi þm. G.-K. sætu í fullri óþökk við meiri hluta kjósenda í Hafnarfirði. Jeg skal leiða hjá mjer að svara þessu; jeg ann honum sæmdarinnar af þessum ummælum, ef hún er nokkur.

En hann vjek fáeinum orðum að því, sem jeg hafði sagt um þetta mál. Hann hefir sjálfsagt ekki heyrt það, sem jeg sagði, því að hann fór þar rangt með. Jeg sagði, að það hefðu mjer vitanlega engin rök verið færð að því, að Hafnfirðingar fyndu til þrengingar af því að hafa þá tvo háttv. þm., sem nú eru þm. alls kjördæmisins. Þannig fjellu orð hjá mjer. Og jeg verð að segja það, að mjer þótti það leitt, að hann skyldi finna ástæðu til þess að slá sig til riddara yfir mjer með þeim ummælum sínum, að það dygði ekki altaf góður vilji til þess að „lappa upp á setningar mínar"; jeg kæmi svo illa orðum að hugsun minni. Mjer finst, satt að segja, þessi ummæli minna frekar á uppskafningsháttog dálítinn stráksskap en að þau sjeu sæmandi þm.

Hv. frsm. meiri hl. benti á það, að Íhaldsflokkurinn hefði engan vilja á því að laga kjördæmaskipunina; hans vilji væri einungis að beita menn og málefni ofbeldi í hvívetna. Þetta hefir nú verið svo margendurtekið af honum og hans skoðanabræðrum, að jeg sje ekki ástæðu til að kippa mjer upp við slíkt. En jeg skil ekki, að það sje að beita ofbeldi, að standa í vegi fyrir því, að jafnaðarmönnum sje fjölgað hjer á Alþingi.

Það kalla jeg að sýna rjettlæti og föðurlandsást, sem aldrei ætti að hverfa hjá neinum Íslendingi, sem ann

landi sínu, að gera sitt ítrasta til þess að sporna við því, að þeim mönnum fjölgi á þingi, sem fullir eru af lýðskrumi, öfund og ranglæti gagnvart öllum og öllu nema sínum eigin hagsmunum.

Það vill oft verða svo, að þó að menn sjái flísina í auga bróður síns, gæta þeir ekki að bjálkanum í sínu eigin auga, og þeir menn, sem kasta steini að öðrum fyrir ofbeldi, eru ekki betri sjálfir, ef þeir geta eitthvað. Ætli það væri ekki væntandi ofbeldis af hv. 2. þm. Reykv., ef hann hefði þá þræði í hendi sjer, sem þarf til þess að fremja gerræði?

Hv. þm. komst að þeirri gullvægu niðurstöðu, að það væri mein Hafnarfjarðar, að hans skoðanir kæmust ekki að. En hv. þm. færði engin rök fyrir því, að hlutur Hafnarfjarðar hefði nokkurntíma verið fyrir borð borinn. Hv. þm. mintist á launaða smala. „Maður, líttu þjer nær, liggur í götunni steinn", mætti segja í því sambandi. Jeg veit ekki betur en að á meðal þeirra manna, sem kalla sig jafnaðarmenn, hafi verið safnað mjög mörgum undirskriftum, og eflaust hefir það starf ekki verið ólaunað. (**SÁÓ:** Hvað á hv. þm. við?). Jeg vil virða minn kæra frænda þess að svara honum fljótt og vel. Jeg á við undirskriftirnar, sem safnað var vegna vökulaganna. En þeir, sem álíta sjer það sæmilegt að taka sjer dómsvald í hönd um, að hvatir annara manna sjeu altaf sprottnar af einhverju lágu og auðvirðilegu, geri það fyrir mjer, þó að þeir verði í engu meiri menn eftir en áður.

Hv. 2. þm. Eyf. drap á, að hann fyndi þörf til þess að fjölga þingmönnum vegna þingstarfa. Jeg held, að það hafi verið aðrar kendir, sem komu honum til þess. Hann sagðist ekki vilja hefnast á stærsta kaupstaðnum utan Reykjavíkur með því að standa á móti þessu máli. Álítur hv. þm., að þeir menn, sem eru á móti þessu máli, geri það af einhverri hefndarlöngun? Mjer finst það liggja í orðum hv. þm. En nú gleymir hv. þm. því, að þessi sami kaupstaður hefir eiginlega tvo þingmenn. Furðar mig á því um eins skýran mann og hv. þm. er, að hann skuli gleyma því. Í þessu sambandi benti hann meðal annars á, að Siglufjörður biði tjón af því að hafa ekki sjerstakan þm. Jeg vil nú taka svari hv. þm. og halda því fram, að þetta sje bara eiginn hugarburður. Hv. þm. hefir jafnan verið reiðubúinn til þess að fylgja fram öllum kröfum Siglfirðinga. Hv. þm. má ekki taka mjer illa upp, þó að jeg lýsi yfir því, að jeg skil ekki í honum og öðrum bændum hjer á Alþingi, sem kunna svo vel við sig á meðal hinna svo köllu ðu jafnaðarmanna, að þeir eru reiðubúnir til þess að ganga erinda þeirra og þoka valdi sveitanna til kaupstaðanna. Ætti það þó síst að sitja á íslenskum bændum.

Það er ekki til neins að vera að skírskota til fólksfjöldans í Hafnarfirði. Það er grunur minn, að hann geti horfið þaðan aftur. Jeg verð að segja, að hingað til hafa það verið sveitirnar, sem hafa haldið fólkinu uppi hjer á Íslandi. Þó að jeg hefði ekki aðra ástæðu til að vera á móti þessu máli, þá er sú ástæða ærið nóg, að jeg vil, að áhrif á þing- og þjóð-

mál komi annarsstaðar frá en úr herbúðum jafnaðarmanna. Jeg vona, að snara sú, sem þeir þegar hafa brugðið um háls margra þingbænda, falli ekki svo þjett að þeim, að þeir geti ekki losað sig. En þessir herrar eru vísir til þess að taka vel fast í, þegar snaran er komin niður fyrir hökuna. Aðstaða margra hv. þm. er ekki önnur en sú, að hlaupa erindi jafnaðarmanna. Þess vegna gleyma þeir hinum kaupstöðunum. Siglufjörður og Akranes eru eins rjettháir í þessu efni og Hafnarfjörður.

Því er einatt haldið fram, að þingmannatalan eigi að miðast við íbúatölu. En það er ekki rjettur mælikvarði. Til dæmis þekkir einn maður, sem búsettur er í Reykjavík, miklu betur til þar en einn maður mundi þekkja til slíks mannfjölda, ef honum væri dreift út um sveitir landsins. Annars ætla jeg ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Jeg býst ekki við, að það sje til neins. Jeg hygg, að tjóðurbandið muni halda, og hællinn líka.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hafa fallið hjer ýms ummæli, sem hafa komið mjer til þess að segja nokkur orð. Hv. þm. Barð. flutti af miklum móði langa ræðu, sem að mestu leyti virtist vera utan garna. Rök hans voru sárafá og einskis nýt fyrir hann og hans málstað. Það veigamesta af því, sem hann bar fram, var í hans augum það, að ekkert hefði komið fram, sem sannaði, að kjósendur í Hafnarfirði hefðu beðið tjón af því að hafa ekki sjerstakan þm. Þetta atriði er einmitt upplýst. Mikill meiri hl. kjósenda í Hafnarfirði, sem eru annarar pólitískrar skoðunar en þm. þeirra, hv. 2. þm. G.-K., biðu tjón, þegar þeir fengu hann fyrir þm., þar sem hann hefir gengið á móti kröfum þeirra á Alþingi. Jeg minnist þess árið 1926, að í stærsta húsinu, sem hægt var að halda fund í í Hafnarfirði, kom fram till. um skiftingu kjördæmisins. Í því húsi voru mörg hundruð, ef til vill þúsund manns. Þessa tillögu leiddi hv. 2. þm. G.-K. alveg hjá sjer að svara. (**ÓTh:** Alls ekki). Jeg man, að um þetta sama leyti var mikil hreyfing fyrir málinu. Það hefir þegar verið bent á, að hagsmunir kjósenda eru alt aðrir en hagsmunir þm. þeirra. Það er sitt hvað, að vera fulltrúi stórútgerðarmanna eða vera fulltrúi fátækra verkamanna. Jeg er ekki að lá hv. 2. þm. G.-K. Hann er mjög sæmilegur fulltrúi fyrir sinn flokk og sína stjett, en enginn kann tveimur herrum að þjóna.

Enn er ekki upplýst um alla þá úti í kjördæminu, sem vitanlegt er um að fylgja ekki stefnu hv. 2. þm. G.-K., til dæmis í Garði, Höfnum, Grindavík og einkum Mosfellssveit. En hv. þm. lætur sjer sæma að vera að breiða sig út yfir, að hann og samþingismaður hans sjeu bændafulltrúar. Það er ekkert óeðlilegt, að bændur, af ímyndaðri „bolsahræðslu", sjeu skelkaðir við að greiða jafnaðarmönnum atkvæði, því að nærri má geta, hvað búið er að útmála fyrir þeim í því sambandi af flokksbræðrum hv. þm., og þar með neyðist til að kjósa íhaldsmann, þó að þeir geri það ekki með glöðu geði. Hve stór þessi hluti kjósenda er, er órannsakað mál. En ef safnað væri undirskriftum um sýsluna, er jeg hræddur um, að hv. 2. þm. G.-K. mundi bregða í brún, er hann sæi úrslitin.

Hv. þm. Barð. vildi með veikri vörn

bera blak af flokksbróður sínum, hv. 2. þm. G.-K., í sambandi við launaða smalamensku. Skilorður maður í Hafnarfirði sagði mjer, að 2—3 menn hefðu verið sendir út af örkinni fyrir tilverknað hv. 2. þm. G.-K. Hann er ör á fje, og efast jeg ekki um, að mennirnir hafi fengið loforð um góða borgun. En það get jeg sagt hv. þm. Barð., að undirskriftir meðal sjómanna hafa farið fram án þess að nokkur eyrir væri greiddur fyrir það. Við jafnaðarmenn fylgjum yfirleitt þeirri meginreglu, að greiða aldrei fje fyrir slíkt, því það er unnið af fúsum og frjálsum vilja þeirra manna, sem hlut eiga að máli.

Jeg skil ekki þessa miklu sorg íhaldsmanna út af því, að kjördæminu verði skift. Hjer ætti þó að vera kærkomið tækifæri fyrir þá til að leiðrjetta kjördæmaskipunina í landinu og það ranglæti, sem alment ríkir í því efni. Það gerðu þeir ekki á meðan þeir gátu, en nú ættu þeir að grípa tækifærið. En þegar hv. íhaldsmenn verða varir við, að þetta kunni að snerta hagsmuni þeirra sjálfra, þá er eins og komið sje við hjartað í þeim.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um kjósendafjöldann, skal jeg geta þess, að það var reiknað út eftir síðustu kosningar, að eftir honum áttu jafnaðarmenn að hafa 9 fulltrúa á þingi, en íhaldsmenn að vísu eins marga og þeir hafa nú. Þess vegna verður ekki annað sjeð en að öll sanngirni mæli með því, burtsjeð frá skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu, að Alþýðuflokkurinn fái fulltrúa á þing fyrir Hafnarfjörð.

Jeg býst við, að hv. þm. sjeu búnir að gera upp með sjer, hvernig þeir greiða atkvæði í þessu máli. Hjer er um svo sjálfsagða rjettlætiskröfu að ræða af hálfu hafnfirskra kjósenda, sem borin hefir verið fram á Alþingi þing eftir þing, að ólíklegt er, að hún nái ekki fram að ganga nú. En verði þetta mál ekki samþ. nú, þá mega menn vera vissir um, að það kemur fram þing eftir þing, þar til það nær fram að ganga, því rjettlætið sigrar ávalt að lokum.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Jeg þarf aðeins að svara hv. þm. Ísaf. nokkrum orðum. Honum fanst, að jeg hefði í útreikningi mínum í gær gleymt, að til væru aðrir landshlutar en kaupstaðirnir 5, sem jeg nefndi. En þetta er hinn mesti misskilningur. Jeg tók einmitt í ræðu minni það tvent fram, að þótt þau atkvæði, sem jafnaðarmenn ættu í hinum kaupstöðum landsins — Hafnarfirði og Siglufirði — væru talin með, þá næðu þeir þó ekki atkvæðatölu Íhaldsflokksins í kaupstöðunum, og að fylgi þeirra í öðrum kjördæmum landsins væri svo lítið, að þeir ættu enga sanngirniskröfu á að fá þm. þaðan. Þetta er bert af því, að í þeim kjördæmum, sem þeir töldu sig hafa mest fylgi — Eyjafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu og Suður-Múlasýslu — tefldu þeir fram frambjóðendum með þeim úrslitum, að þeir fengu svo fá atkv., að stórkostlega vantaði á, að þeir kæmu mönnum að. Jeg tók

það ennfremur fram, að til þess að þeir gætu fengið þingmann eða þingmenn fyrir þessi atkv., þá sæi jeg ekki aðra leið en hlutbundnar kosningar um alt land, en jeg ljet í ljós um leið efa um rjettmæti þeirrar aðferðar.

Hv. þm. Ísaf. tók það fram, að jafnaðarmenn hefðu fengið á öllu landinu um 6000 atkv. við síðustu kosningar. (**HG:** Jeg sagði 6300 atkv.). Jeg hefi ekki getað í útreikning mínum komið þeim hærra en um 6100. — En hann tók það fram, að meðal þeirra atkv. væri talsvert af atkv. framsóknarflokksmanna. Jeg upplýsti ennfremur, að í 5 kaupstöðum landsins, sem eru sjerstök kjördæmi, hefði Íhaldsflokkurinn fengið 5570 atkv. Ef jeg nú dreg frá áðurnefndum 6000 atkv. jafnaðarmanna atkv. framsóknarmanna (sem eru í þessum 6000 atkv.), þá verður atkvæðafjöldi jafnaðarmanna í öllu landinu ekki meiri en atkvæðafjöldi íhaldsmanna í þessum 5 kaupstöðum. Fyrir þessi atkv. hafa jafnaðarmenn fengið 4 þingsæti og íhaldsmenn líka 4, og það sje jeg ekki betur en að sje alveg rjett, einmitt eftir hugsanagangi jafnaðarmanna. Að bæta við þingmannafjölda jafnaðarmanna á kostnað íhaldsmanna, er því gersamlega rangt.

Jeg get ímyndað mjer, að hv. þm. Ísaf. vilji halda því fram, að jafnaðarmenn eigi talsvert af atkv. í kjördæmum, sem þeir höfðu enga frambjóðendur í í sumar, og mun það rjett vera. En þeir kjósendur kusu áreiðanlega ekki með Íhaldsflokknum, heldur með framsóknarmönnum. Það er því svo, þó að tillit sje tekið til þess, þá ber að sama brunni um ranglætið, því að ef jafnaðarmenn telja til skuldar fyrir þessi atkvæðalán, þá verða þeir að heimta þá skuld af rjettum aðilja — framsóknarmönnum —, en ekki af Íhaldsflokknum. (**HG:** Vill þm. ganga í ábyrgð fyrir Framsókn?). Það gæti komið til mála, ef um væri beðið. En jeg geri ráð fyrir, að framsóknarmenn vilji sjálfir gjalda, ef þeir telja sig skulda, en fari ekki að seilast í vasa annara til þess.

Sami hv. þm. spurði mig um annan grundvöll en kjósendafjöldann. Því skal jeg svara honum þannig, að jeg tel, að einnig fámenn hjeruð og afskekt, eins og t. d. Austur-Skaftafellssýsla, eigi kröfu á þingmanni vegna sjerstakra staðhátta, þótt kjósendafjöldinn sje ekki svo mikill, að hún ætti að fá þm., ef eingöngu væri deilt þingmannatölu í kjósendatölu alls landsins. M. ö. o.: sjerstakir staðhættir og einangrun er einnig mælikvarði, sem taka á tillit til. Þess vegna er jeg ósammála hv. þm. Ísaf., að kjósendafjöldinn eigi eingöngu að ráða.

Bjarni Ásgeirsson: Vegna þess að svo einkennilega stendur á, að jeg mun vera eini kjósandinn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem sæti á á Alþingi, þá finst mjer, að jeg geti tæplega leitt hjá mjer umr. þessa máls, er hjer liggur fyrir. Þó vil jeg þegar taka það fram, að jeg fer ekki hjer með neitt umboð samsýslunga minna; það, sem jeg segi, verður því að koma á mitt bak, enda tala jeg aðallega sem þm., og þó um leið sem maður, sem kunnugri ætti að vera þessum málavöxtum en sumir, sem hjer eiga sæti.

Því verður ekki með rökum neitað, að á síðari árum hafa kröfurnar um

að breyta núverandi kjördæmaskipun landsins orðið sterkari og háværari. Það er kunnugt, að jafnaðarmenn hafa tekið það mál á stefnuskrá sína og fylgja fast eftir. Um Íhaldsflokkinn er vitanlegt, að hann er tvískiftur í málinu; sumir vilja, að alt sje í sömu skorðum í þessu efni, en aðrir munu vera því fylgjandi, að kjördæmaskipunin sje endurskoðuð með það fyrir augum að breyta henni allverulega. Aftur á móti er mjer ekki kunnugt um, að Framsóknarflokkurinn hafi enn sem komið er tekið neina afstöðu til málsins. Jeg vil þá lýsa því yfir sem minni persónulegri skoðun, að þó að jeg sje að ýmsu leyti íhaldssamur í þessum efnum, þá geri jeg ekki ráð fyrir, að sú kjördæmaskipun, sem nú er, haldist um aldur og æfi.

Þegar því fram koma kröfur um að laga stærstu ágalla núverandi kjördæmaskipunar og sýnt er, að það er auðvelt án þess að gera öðrum rangt til, þá tel jeg sjálfsagt, að Alþingi verði við þeim kröfum. Jeg efast líka um, að nokkur krafa hafi komið fram um breytingu á kjördæmaskipun, sem bygð hafi verið á meiri rökum og sanngirni en sú krafa, sem felst í þessu frv. um skiftingu G.-K. í tvö kjördæmi. Og þessi krafa er ekki ný; hún er gömul og hefir þrásinnis verið endurtekin hjer á Alþingi og átt hjer formælendur, áður en jafnaðarmenn koma við sögu. Jeg hefi að vísu ekki kynt mjer þetta mál frá upphafi. Held samt, að jeg fari ekki með neitt fleipur, þó jeg segi, að tveir fyrv. þm. kjördæmisins, Hafnfirðingarnir Ágúst Flygenring og Einar Þorgilsson, hafi verið þessu máli fylgjandi, og vita þó allir, að þeir hafa aldrei verið jafnaðarmenn.

En þessari kröfu Hafnfirðinga um sjerstakan þm. hefir aukist fylgi ár frá ári, eftir því sem fólkinu fjölgar, enda er Hafnarfjörður nú stærsti kaupstaðurinn utan Reykjavíkur, og á því sanngirnikröfu til þess að fá sinn þm. eins og þeir kaupstaðir, sem nú eru sjerstakt kjördæmi.

Jeg skal þá nefna eina ástæðu, sem mælir með skiftingunni og ekki verður hrakin með rökum, og það eru hinir ólíku hagsmunir, sem togast á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar annarsvegar og sýslunnar eða sveitanna hinsvegar. Og þegar þannig hagsmunalínur myndast í tvímenningskjördæmum, þá er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að kljúfa kjördæmið um þær línur, einkum þegar svo hagar til, að þeir tveir hlutar, sem þá myndast, eru ekki ólíkari að stærð og fólksfjölda en kjördæmi landsins yfirleitt.

Auk þess lít jeg svo á, að tvímenningskjördæmaskipunin sje órjettlát með því fyrirkomulagi, sem haft er um kosningarnar. Með eins atkvæðis mun getur sami flokkur náð í bæði þingsætin, en hinn flokkurinn, sem er því nær jafnstór, fær engan þm. Þó að ranglætið sje nú, sem betur fer, ekki svo himinhrópandi þarna, þá er það þó allstór hluti kjósenda, sem engin áhrif hefir á málin, þegar á þing kemur, og hefir því engin not af kosningarrjetti sínum. Þegar því slík till. sem þessi kemur fram, þá er sjálfsagt að samþ. hana. Jeg gæti mjög vel hugsað mjer, að breyting á kjördæmaskipuninni, þegar til kemur, yrði í þá átt, að t. d. sveitunum yrði skift í ein-

menningskjördæmi, en kaupstaðirnir aftur á móti sameinaðir að einhverju leyti með hlutfallskosningum.

Sumir hafa nefnt Siglufjörð sem einn af kaupstöðunum, er fá ætti sinn sjerstaka þingmann, og mælir ýmislegt með því, en miðað við íbúatöluna, er það ekki sambærilegt við Hafnarfjörð.

Aðalástæðan, sem hv. íhaldsmenn hafa fram að bera gegn frv. þessu, er sú, að bætt sje einu þingsæti við jafnaðarmenn. Jeg skal engu um það spá, hver þingflokkurinn verður giftudrjúgastur, þegar á hólminn kemur, en mjer þykir leiðinlegt, að svo stór flokkur, sem hv. íhaldsmenn eru, skuli nær eingöngu miða við flokkshagsmuni sína, þegar um jafnmikið sanngirnismál er að ræða og það, að Hafnarfjörður fái að velja sjer þingmann. Ef þetta er aðalvopn íhaldsmanna gegn skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi, þá er það að minsta kosti mjög varhugavert af þeim að nota það.

Eins og kunnugt er, þá eru úti um heim uppi tvær stefnur innan jafnaðarmannaflokksins. Önnur þessi stefna er kend við hægfara jafnaðarmenn, sem vilja vinna að málum sínum og hugsjónum á grundvelli þingræðisins. Hin stefnan er þessu gagnstæð. Þeir, sem henni fylgja, vilja brjóta niður þingræðið, láta hnefarjettinn ráða og ryðjast til valda með byltingu. Nú hefir mjer skilist, að íhaldsmenn — og enda fleiri — teldu bardagaaðferð hinna fyrnefndu á meiri rökum bygða og viðurkendu á ýmsan hátt baráttu þeirra, sem hægar fara. En ef íhaldsmenn beita valdi sínu til þess að hindra rjettmætar breytingar á kjördæmaskipuninni í þeim eina tilgangi að varna jafnaðarmönnum að ná þingsæti, þá eru þeir þar með að reka jafnaðarstefnuna út úr þingsalnum og hasla henni völl í „kommúnismanum". Við þurfum ekki að halda, að svo sterk stefna verði kúguð eða drepin með skilningsleysi. Hún harðnar við mótstöðuna, færist í aukana, og þá getur orðið næsta skamt til öfga og örþrifaráða.

Okkur framsóknarmönnum er núið því um nasir, að við sjeum í tjóðurbandi jafnaðarmanna hjer á Alþingi og þeir skipi okkur fyrir verkum. Jeg hjelt, að hv. þingmenn Íhaldsflokksins væru of skýrir menn til að halda því fram í alvöru, að slík fjarstæða mundi hræða okkur frá að fylgja sannfæringu okkar. Við framsóknarmenn munum telja skyldu okkar að fylgja hverju því máli, sem er á rökum bygt og er til hagsbóta landi og lýð, hvort sem það er borið fram af jafnaðarmönnum eða íhaldsmönnum. Og þær þúsundir manna, sem standa á bak við jafnaðarmenn, þó að það sje fátækari hluti þjóðarinnar, eiga engu síður heimtingu á að ná með kröfur sínar að eyra löggjafans, enda er það engu síður nauðsynlegt, ef menn vilja ekki verða þess valdandi að skapa hjer stjettahatur og óslökkvandi byltingarloga.

Þó að jeg sje á margan hátt andvígur ýmsum höfuðstefnum jafnaðarmanna, þá er mjer þó fullljóst, að starf þeirra er á margan hátt lofsvert og að þeir berjast fyrir ýmsu, sem á fult erindi til þjóðarinnar. Og þegar slík mál koma inn í þingsalinn, þá á að ræða þau rólega og af skynsamlegu viti. Ef ekki tekst að vinna að umbót-

um þjóðfjelagsins með samhug og lipurð, þá mun það því síður takast með ofbeldi og gerræði.

Það hefir verið látið óspart klingja nú um hríð hjer í hv. deild, að með þessu frv. væri verið að ráðast á bændavaldið í landinu. Jeg held, að þeim hv. þm., sem vita, að hjer er um eitt höfuðvígi íhaldsflokksins að ræða, detti fremur í hug vísupartur Þorsteins: „Þessu var aldrei um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar“ — heldur en að leggja mikið upp úr bændavaldi þessa kjördæmis. Því hvernig hefir það farið að því að velja sjer þingmenn? (**ÓTh**: Það kýs son stærsta bóndans í sýslunni). Þetta kjördæmi velur sjer fyrir þingmenn einhvern stærsta útgerðarmanninn úr Reykjavík ásamt einum stærsta kaupmanninum á Íslandi. Jeg hugsa því, að enginn þurfi að gera sjer neinar sjerstaklega háar vonir um, að bændavald sýslunnar njóti sín betur við kosningar með því fyrirkomulagi, sem er, heldur en þó að Hafnarfjörður fái að velja annan þm.

Í þessu sambandi vil jeg benda á, að þegar Ágúst Flygenring ljet af þingmensku 1925, þá benti hann á einn fyrverandi stærsta bónda sýslunnar sem eftirmann sinn; og þó að mjer hafi síðar lent saman við þennan mann, þá vil jeg þó láta hann njóta sannmælis og viðurkenni hann í fremstu bænda röð og að öllu leyti frambærilegan þingmann fyrir þá, er fylgdu honum að málum. En hvernig fór? Bændavaldið hafnaði þessum alkunna dugnaðarbónda, sem fráfarandi þm. benti á, og sá sjer meiri hag í að kjósa útgerðarmann úr Reykjavík.

Björn í Grafarholti, gamall þm. og merkur bóndi, hefir hvað eftir annað boðið sig fram í þessu kjördæmi, en hann hefir aldrei verið svo hátt skrifaður hjá bændavaldi sýslunnar, að hann næði kosningu.

Fyrir síðustu kosningar var mjer kunnugt um, að allmikill áhugi var um það að fá einn víðsýnasta, áhugamesta og ötulasta bónda kjördæmisins til að verða þar í kjöri. Við þessu gat þó bændavaldið ekki orðið, heldur þvingaði það hinn aldraða mann, núverandi 1. þm. kjördæmisins, til að bjóða sig fram á ný, þó að hann þá væri staðráðinn í að hætta og búinn að kveðja kjósendur sína — að því er búist var við — í síðasta sinn. Þó er þetta maður, er á síðari árum hefir höggvið harðast og óvægilegast í þá grein, sem þroskamest og vænlegust hefir vaxið upp úr íslensku bændavaldi — samvinnufjelagsskapinn íslenska. — En bændavaldið í kjördæminu mátti ekki án hans vera.

Jeg skal engu um það spá, hvernig fara muni, ef skiftingin kemst á, hvort það verður jafnaðarmaður eða íhaldsmaður, sem kosningu nær í þessu nýja kjördæmi, og hvor þeirra muni reynast íslensku bændavaldi þarfari. En hitt er vitanlegt um Gullbringu- og Kjósarsýslu, að miklar líkur eru til, að bændur geti ráðið meiru um kjörið en verið hefir, því að hingað til er það kaupstaðavaldið, sem öllu hefir ráðið.

Annars vil jeg benda þeim hv. þdm., sem álasa okkur framsóknarmönnum fyrir fylgi við jafnaðarmenn, á það, að þegar þeir geta sannað með óhrekjandi rökum, að við brjótum okkar stefnu og göngum á móti okkar málum fyrir fylgi við jafnaðarmenn, þá

skal jeg taka við ákúrum frá þeim, en fyr ekki.

Jeg held, að það hafi verið sá mæti maður háttv. þm. Barð., sem kvað svo að orði, að við framsóknarmenn værum í því tjóðurbandi, að jafnaðarmenn gætu leitt okkur út í allan voða. (**HK:** Það er ekki langt síðan það sýndi sig!). Það er nú kannske ekki svo undarlegt, þó að þessari andlegu sjálfstæðishetju renni til rifja vesaldómur okkar stjettarbræðra sinna í Framsóknarflokknum. En jeg vildi þó mega óska honum þess, að hann lendi aldrei sjálfur í því tjóðurbandi, er dragi hann lengra frá sönnum hagsmunum bænda og bændavaldsins í landinu en við framsóknarmenn förum í því tjóðurbandi, sem hann álítur okkur vera í.

Sigurður Eggerz: Jeg þykist ekki geta hjá því komist að gera grein fyrir mínu atkvæði.

Jeg skal taka það fram, að jeg hefi tvisvar sinnum áður greitt atkvæði með samskonar frv. og þessu. Það hefir þá vakað fyrir mjer, að Hafnarfjörður er næststærsti kaupstaður landsins og að það væri órjettlátt, að hann hefði ekki fulltrúa eins og Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Seyðisfjörður. Þetta hefir ráðið atkvæði mínu á hinum fyrri þingum, sem málið hafa haft til meðferðar. En jeg verð að segja það, að þetta er víst í fyrsta sinn síðan jeg kom á þing, að jeg hefi skift um skoðun í máli. Orsökin er ekki sú, að jeg hafi breytst sjálfur. En þeir atburðir hafa orðið í stjórnmálalífinu í þessu landi, sem valda því, að jeg get ekki greitt atkv. á sama hátt og áður.

Ein af fyrstu skyldum okkar, sem erum fulltrúar þjóðarinnar hjer á Alþingi Íslendinga, er sú, að varðveita fullkomlega hreinan skjöld í hverju máli. Við, sem eigum sæti hjer í þessum sal, megum ekki hafast neitt það að hjer, sem við ekki getum varið fyrir samvisku okkar. En mjer er það ljóst, að jeg get ómögulega varið það fyrir minni samvisku að greiða nú atkv. með þessu frv. Það er öllum augljóst, að með því að samþykkja það er verið að bæta einum fulltrúa við Jafnaðarmannaflokkinn á Alþingi. En vegna fjárstyrks þess, sem íslenskir jafnaðarmenn hafa fengið frá dönskum stjórnmálaflokki, sje jeg mjer ekki fært að stuðla að því, að vald þeirra aukist. Það er nú viðurkent, að danskir stjórnmálamenn hafa veitt jafnaðarmönnum hjer fje við kosningar. Af þjóðernisástæðum vil jeg því ekki greiða atkv. með þeim stjórnmálaflokki, sem þiggur danskt fje.

Ólafur Thors: Ef jeg ætti að hrekja allar mestu bábiljurnar, er fram hafa komið hjá hv. andstæðingum mínum í þessum umræðum, mundi mjer varla endast sá klukkutími, sem eftir er af fundartímanum. Jeg tek því þann kostinn að fara fljótt yfir sögu.

Jeg ætla að byrja á því að svara hv. þm. Mýr. En jeg mun leiða hjá mjer að gera hinar heimspekilegu hugleiðingar hans að umtalsefni, en láta mjer nægja að tala um það, sem átti að vera rök í ræðu hans.

Hv. þm. sagði, að kröfurnar um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi væru sanngjarnar, af því að þær væru gamlar og af því að þær væru fram bornar samkv. ósk meiri hl. Hafnfirðinga. Sannleikurinn

er þó sá, að frá meiri hl. Hafnfirðinga hafa engar óskir borist um þetta. En það er segin saga, að þegar við íhaldsmenn berum fram rök, en fylgismenn hv. þm. Mýr., jafnaðarmennirnir, önnur, þá trúir hann þeim, en ekki okkur. Það mun að vísu vera rjett, að jafnaðarmenn eigi meiri hluta í Hafnarfirði, en hversu mikill hann er, veit jeg ekki.

Hv. þm. vill vera ákaflega rjettlátur og sanngjarn. Hann sagði, að sjer þætti það smánarlegt, að heill stjórnmálaflokkur skyldi ræða málið á þeim grundvelli, að annar flokkur mundi vinna þingsæti, ef það næði fram að ganga. Með þetta getur hann snúið sjer til hæstv. forsrh., því að hann hefir ótæpt gefið í skyn, að hann mundi þjóna hagsmunum síns flokks í þessu máli. Mín tillaga er því, að háttv. þm. haldi næstu siðferðisprjedikun sína yfir hæstv. forsrh. einum saman.

Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg roðna alls ekki, þó að jeg tali um flokkshagsmuni í þessu sambandi. Á því er engin launung, og hefir ekki verið, að þetta er hagsmunamál jafnaðarmanna. Þeir leyna því ekki sjálfir. Þess vegna er fyllilega rjettmætt að ræða um, hvort það sje sanngjarnt, að þeir fái þingsæti í Hafnarfirði.

Við síðustu kosningar í Gullbringu- og Kjósarsýslu fengu jafnaðarmenn tæplega þriðjung atkvæða, ef tekið er meðaltal af atkvæðatölu jafnaðarmannanna beggja, sem í kjöri voru, — eða 680 atkv. Ef svo hefði verið sem hv. þm. vill og hlutfallskosning hefði farið fram, hefði þurft 726 atkv. til þess að koma að manni. Nú vill hann láta jafnaðarmenn fá einn þm. Þá ættu 726 kjósendur að fá annan þm. Alls voru yfir 2200 gild atkv. greidd. 800 íhaldskjósendur fengju þá engan þm. Svona ætlast hann til, að rjettlætinu sje fullnægt.

Því síður er ástæða til að gefa jafnaðarmönnum annað þingsætið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem telja má einsætt, að fylgi þeirra í kjördæminu fari þverrandi. Það sjest best við samanburð kosninganna 1926 og '27. Á því eina ári, sem leið milli þessara kosninga, hefir atkv. jafnaðarmanna fækkað um 280. Á sama tíma hefir fylgi Íhaldsflokksins vaxið um 150 atkv. Það getur því varla verið um rjettlæti og sanngirni að ræða hjá hv. þm., heldur samúð með jafnaðarmönnum og andúð á Íhaldsflokknum.

Jeg virði orð hv. þm., þegar hann segist vilja sýna sanngirni, og jeg efast ekki um, að hann langi til að gera það. En í þessu máli er hann ekki sanngjarn. Nú verður hann að taka afleiðingum orða sinna, og því vil jeg beina því til hans, að það er frá framsóknarmönnum, sem jafnaðarmenn eiga að fá þingsæti, en ekki frá íhaldsmönnum. Það er rjett, að jafnaðarmenn telja til skuldar — en ekki hjá íhaldsmönnum. Ef hv. þm. vill forða jafnaðarmönnum frá því að hverfa í faðm æsinga- og byltingamanna, þá hefir hann ráð þeirra í hendi sjer. En hann þarf ekki að láta sjer detta í hug, að Íhaldsflokkurinn muni greiða skuld Framsóknarflokksins. Framsóknarmenn verða að taka afleiðingunum af breyttri kjördæmaskipun.

Við síðustu kjördæmakosningar fjekk Framsóknarflokkurinn 10 þús. atkv. og 17 þm. Íhaldsflokkurinn fjekk

14 þús. atkv., en ekki nema 13 þingsæti. En því ber ekki að neita, að verst urðu jafnaðarmenn úti. Á bak við hvern jafnaðarmann í þinginu eru til jafnaðar 1500 atkv., hvern íhaldsmann 1100 atkv., en hvern framsóknarmann aðeins 600 atkv. Það er drengilegt að greiða jafnaðarmönnum skuldina, en það er ofbeldi, að ætla að láta þá greiða hana, sem ekki eru skuldugir.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um það, sem háttv. þm. Mýr. segir um hug bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu til mín. Þó held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að jeg hafi átt nærri óskift fylgi í þeim sveitum, þar sem bændavaldið er mest, og það jafnvel þó að tveir mætir bændur væru í boði á móti mjer. Það er vanhugsað hjá honum, ef hann heldur, að málum bænda geti ekki verið vel borgið, nema þeir kjósi bændur á þing. Jeg man eftir því, að hv. þm. sagði við mig fyrir nokkrum dögum, að sig langaði til að komast í sjútvn. Það er ekki af því, að hann sje sjerstaklega kunnugur sjávarútvegi. En hann ber hag hans fyrir brjósti og vill kynnast honum. Jeg hefi svipaða sögu að segja um sjálfan mig. Jeg bauð mig fram með fremur litla þekkingu á landbúnaði. Nú hefi jeg setið tvö ár á þingi og aflað mjer talsverðrar reynslu.

Jeg vil að endingu segja hv. þm. það, að mjer sýnist ástæða til að óttast, að jafnaðarmenn sjeu að bregða þeirri snöru um háls framsóknarmanna, sem þeim muni veitast erfitt að losa sig úr. Þarf jeg ekki annað en að nefna gerðir stjórnarinnar í varðskipamálinu — og svo þetta mál, sem nú er til umræðu í þessari hv. deild. En jeg vil reyna að byrgja brunninn í tíma og aðvara þennan hv. þm. Af því að mjer er persónulega hlýtt til hans, vildi jeg gjarnan bregða hníf á snöruna á hans hálsi og bjarga honum frá hengingu.

Nú skal jeg stuttlega víkja að öðrum hv. þm. Um hv. 2. þm. Eyf. get jeg verið fáorður. Hann var að reyna að losa sig við snöru, sem jeg hefi smeygt á hann. En nú ætla jeg að gera honum þann ógreiða að herða á henni. Jeg get sannað það um þennan hv. þm., að framkoma hans bendir á óhreinskilni. Hann vill nú láta líta svo út, að hann vilji að vísu ógjarnan svifta Gullbringu- og Kjósarsýslu þm., en þó þyki sjer enn meira ranglæti að neita Hafnarfirði um þm. En þetta er í ósamræmi við það, sem þessi hv. þm. hefir áður sagt. Á þinginu 1926 fórust honum svo orð (með leyfi hæstv. forseta):

„Ef hv. flm. (JBald) hefði flutt málið á þeim grundvelli að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, án þess að taka með því annan þingmanninn af Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá hefði jeg hiklaust rjett honum hönd".

Um það er naumast hægt að deila, hvað felst í þessum orðum. Hv. þm. vill unna Hafnfirðingum þingsætis, ef það verður ekki á kostnað sýslunnar. En af því að taka á annað þingsætið af Gullbringu- og Kjósarsýslu, rjettir hv. 2. þm. Eyf. ekki hönd. Er þetta ekki rökrjett ályktun af orðum hans? Hv. þm. er kominn í andstöðu við sjálfan sig, þegar hann nú rjettir fram höndina til þess að taka annan þm. af Gullbringu- og Kjósarsýslu og gefa hann Hafnarfirði.

Þá vil jeg snúa máli mínu að hv.

jafnaðarmönnum. Jeg er raunar ekki svo vel að mjer í þingsköpunum, að jeg viti, hvort á að segja hv. jafnaðarmenn. En einn hv. þm. nefndi áðan hv. Hvalfjarðarbát, og var þó naumast meiri ástæða til þess að nota „háttvirtur“ í því sambandi. Háttv. 2. þm. Reykv. talaði um frv. sitt um breytta kjördæmaskipun, sem hann bar fram á síðasta þingi, og að Íhaldsflokkurinn hefði verið á móti því. En um þetta frv. hans er það að segja, að það var svo gallað, að ómögulegt var að fylgja því. Annars hefir miðstjórn Íhaldsflokksins enn enga afstöðu tekið til breytinga á kjördæmaskipuninni. Það er rjett, sem hv. þm. Mýr. sagði, að Íhaldsflokkurinn er skiftur í því máli.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi leiða rök að því, að jeg væri ekki bændavinur, og nefndi það til, að jeg hefði ekki beitt mjer fyrir hagsmunamálum bænda á þingi. En þar er því að svara, að í mínum flokki eru ýmsir menn, sem miklu færari eru til þess en jeg. Hefi jeg hlítt þeirra forsjá. Íhaldsflokkurinn hefir jafnan stutt framgang góðra og gagnlegra bændamála. Má þar nefna ræktunarsjóðinn og kæliskipið. Jeg hefi ekki talið mig færan til að bera fram nýmæli um landbúnað, en jafnan fylgt þar að málum þeim flokksmönnum mínum, er best vissu. Og jeg vil benda á það, að dómur bænda í kjördæmi mínu um framkomu mína á þingi hefir verið mjer hagstæður.

Nú vil jeg víkja nokkrum orðum sameiginlega að þeim háttv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. Jeg hefi áður minst á það, að kjósendur í Hafnarfirði mundu ekki kæra sig um skiftingu. Nú hafa þinginu borist áskoranir frá mörgum hundruðum hafnfirskra kjósenda um að samþykkja ekki frv. Þessir hv. þm. hafa haldið því fram, að jeg muni eiga hlut að máli um söfnun undirskriftanna. Jeg hefi sagt þeim, að þetta sje ósatt. Nú skal jeg skýra frá öllum þeim afskiftum, sem jeg hefi haft af þessum undirskriftum: Þrír menn úr Hafnarfirði komu til mín fyrir nokkrum dögum og spurðu mig, hvort það væri satt, að það hefði verið sagt á Alþ., að allir kjósendur í Hafnarfirði væru með skiftingunni. Jeg játti því. Kváðust þeir þá ætla að leita upplýsinga hjá kjósendum um það, hvort þetta væri satt. Hefði jeg ætlað að skifta mjer af þessu, mundi jeg hafa kallað saman kjósendafund í Hafnarfirði. Hv. þm. þykir hafa orðið lítil uppskeran eftir undirskriftasöfnunina. Áskorunin er þó undirrituð af á fjórða hundrað mönnum. Annars skiftir fjöldinn ekki öllu máli í þessu sambandi, því að hjer hefir því verið haldið fram, að *allir* kjósendur í Hafnarfirði væru með skiftingunni.

Þeir segja, þessir hv. þm., að Hafnfirðingar eigi í rauninni engan fulltrúa á þingi. Ja, jeg verð að segja það, að jeg skil þetta varla. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skipa nú 6 jafnaðarmenn og 3 íhaldsmenn. Við núv. þm. kjördæmisins höfum því ekki pólitískar ástæður til þess að hafa samúð með henni. Þó verð jeg að segja það, að við höfum aldrei, hvorki hv. samþm. minn nje jeg, synjað málaleitunum hennar. Nýlega höfum við átt hlut að mjög mikilsverðu máli í Hafnarfirði, og væri kaupstaðurinn áreiðanlega illa

staddur, ef okkar hefði ekki notið þar við.

Þá kem jeg að ræðu háttv. 4. þm. Reykv. Hún var löng, en þarf fárra andmæla.

Hv. þm. ætlaði að hlaupa undir bagga með sínum flokksmönnum og sanna, hvað íhaldsmenn hefðu miklu minna fylgi í kjördæminu en jeg vildi vera láta. En öll rök hv. þm. hnigu að því einu — og jeg vil hjer sjerstaklega vekja athygli hv. þm. Mýr. — að sanna, að skifting kjördæmisins væri sanngjörn, af því að jafnaðarmenn mundu ná þingsæti, ef hún færi fram. Rök. hv. þm. voru þau, að í Hafnarfirði væru ⅔ hlutar kjósenda jafnaðarmenn. Auk þess nefndi hv. þm., að jafnaðarmenn ættu mikið fylgi í Höfnum, Garðinum, Grindavík og „einkum í Mosfellssveit". Við síðustu kosningar, 9. júlí 1927, voru greidd í Hafnarfirði 1050 atkv. ⅔ hlutar af 1050 eru 700. Nú skulum við fara út úr Hafnarfirði og sækja viðbótaratkvæði. Við skulum fara suður í Hafnir, Garð, Grindavík og upp í Mosfellssveit. Við sækjum þangað ekki færri en ÷ 20 atkv. 680 atkv. fengu jafnaðarmenn, svo stuðningsmennirnir utan Hafnarfjarðar eru þá 20 færri en enginn.

Svo kem jeg að undirskriftunum í Hafnarfirði. Hv. þm. sagði, að launaðir smalar hefðu safnað þeim. Þessi háttv. þm. veit alls engar sönnur á því, sem gerist í herbúðum andstæðinganna. En af orðum hans má ályktа um það, sem gerist í hans eigin herbúðum. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að von væri á 620 undirskriftum í þessu máli. Jeg hugsa þá, að þær hafi kostað eitthvað. En hitt tel jeg meiru skifta, að með þessu hefir hann gefið upplýsingar um það, af hverju áskoranir hafa borist í öðrum áhugamálum hv. þm., sbr. vökulögin. Mig skal ekki undra, þó að margar fáist undirskriftirnar, ef ríkulega er launað, og því betur, sem undirskriftirnar eru fleiri. En þetta má hv. þm. vera best kunnugt um sjálfum, þar sem það var hann, sem safnaði þeim.

Jeg skal játa, að orð mín í garð hv. þm. hafa verið hörð, en jeg gat ekki komist hjá að draga ályktanir af fullyrðingum hans sjálfs.

Haraldur Guðmundsson: Jeg býst við, að jeg verði fyrst að víkja að hinum háttprúða, en óneitanlega nokkuð tannhvassa hv. þm. Barð. Hann virtist hafa tekið sjer nærri blíðmæli, er jeg hafði við hann í ræðu minni. Jeg veit ekki, hvort jeg á að angra hv. þm. með því að minna hann á gamla orðtækið, að sannleikanum verði hver sárreiðastur. En jafnframt skal jeg gleðja þennan háttv. þingmann með því að segja honum, að ræða hans hin síðasta var svo skýr og skilmerkileg, að óþarft er að lappa þar nokkuð upp á. Skal jeg þar fyrst nefna ummæli hans um strákskap minn og uppskafningshátt. En jeg vil benda þessum hv. þm. á það, og vona hann hafi það í huga næst, þegar hann þykist hafa ástæðu til að vanda um framferði mitt, að taka þá með leti mína og fótaferð. Jeg kann hálfilla við, að þessa sje ekki getið líka. Jeg er því óvanur af samherjum hv. þm.

Hv. þm. sagði, að hann teldi ekki rjett að miða þingmannatölu eingöngu við íbúatölu. Jeg kem að þessu atriði síðar. Jeg ætla að geyma mjer það,

þangað til jeg svara háttv. 1. þm. Skagf.

Hv. 1. þm. Skagf. hjelt því fram, að jeg hefði rangfært ummæli hans. Það er ekki rjett. Jeg sagði, að ekki yrði sjeð á útreikningum hans á atkvæðatölum flokkanna, að hann tæki þar með aðra kjósendur en þá, sem búsettir eru í kaupstöðunum fimm, og að honum hefði því eigi tekist að sanna það, sem hann ætlaði sjer að sanna. En af því þessi hv. þm. ennþá virðist þeirrar skoðunar, að fulltrúatölu Alþýðuflokksins beri að miða við atkv.-tölu hans í kaupstöðunum eingöngu, þykir mjer rjett að benda honum á úrslit kosninganna 1923 og atkvæðatölu Alþýðuflokksins þá í þessum kaupstöðum. Atkv.tölurnar voru þessar: Í Reykjavík 7477, á Ísafirði 903, á Seyðisfirði 383, og í Vestmannaeyjum 1016. Alls voru þá í þessum 4 kaupstöðum greidd 9779 atkv. Þar af fjekk Alþýðuflokkurinn 3461. Þm. voru 7. Eftir þessu hefði Alþýðuflokkurinn átt að fá 3, en fjekk aðeins einn. Jeg hefi rannsakað þetta nokkuð, en hvergi fundið neitt, hvorki í þingtíðindum nje blöðum, sem sýni, að háttv. 1. þm. Skagf. hafi komið auga á nokkurt misrjetti þá, þótt Alþýðuflokkurinn fengi aðeins þriðjung fulltrúa við það. sem honum bar, í þeim sömu kaupstöðum, sem hann nú telur, að rjett sje að miða við eingöngu. Nú ber hann sjer á brjóst og telur Íhaldsflokkinn órjetti beittan, enda þótt hlutur hans sje margfalt betri en Alþýðuflokksins var 1923.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ekki væri rjett að miða þingsæti við íbúatölu eða kjósenda. Þetta er verulegt atriði. Jeg skal viðurkenna, að dálítið má um það deila. Hv. þm. færði fram þá ástæðu fyrir máli sínu, að sumir landshlutar væru svo einangraðir, að þeir þyrftu að eiga sjerstakan fulltrúa á Alþingi, sem væri sjerstaklega kunnugt um atvinnu og staðháttu. Jeg skal ekki neita, að dálítið er til í þessu, en ekki er það mikið. Það mundi áreiðanlega koma í ljós, að ef menn fylgdu þessari reglu út í æsar, mundi leiða af því hin argasta villa. Smáhjeruð og sveitir, sem afskekt eru og óvenjulegar aðstæður eiga við að búa, myndu og gætu samkv. þessari reglu, ef upp yrði tekin, krafist sjerstaks fulltrúa á þingi, þótt þar byggju aðeins örfáir menn; má benda á Öræfin, Hornstrandir o. fl. slík hjeruð. Nei, — ef við ætlum að viðurkenna þingræði, þá verðum við að búa svo um, að það byggist á fullkomnu lýðræði. En um lýðræði getur ekki verið að ræða nema allir kjósendur, hvar sem þeir eru búsettir, eigi jafnan rjett til íhlutunar um það, hvernig löggjafarþing þjóðarinnar er skipað. Að ætla sjer að velja einhverja aðra leið, er í fullkominni mótsögn við anda þingræðisins.

Það hefir verið talað um það af hv. 2. þm. G.-K. með alveg einstökum fjálgleik, að alt þetta mál væri eiginhagsmunapólitík og skrípaleikur, sem við jafnaðarmenn værum að leika, til þess að krækja enn í eitt þingsæti fyrir okkar flokksmenn. Það er að vísu rjett, að ætla má, að ekki verði bætt úr því mikla misrjetti, sem hafnfirskir kjósendur nú eru beittir, annan veg en þann, að það verði um leið til að fjölga þm. Alþýðuflokksins, en á því á líka flokkurinn fulla sanngirniskröfu. En einmitt það er ástæðan til þess, að íhaldsmenn berjast með hnú-

um og hnefum gegn þessu máli, þó að þeir verði að viðurkenna, að það sje rjettmætt. Andstaða þeirra byggist því á flokkshagsmunum eingöngu. Ef við lítum á kosningarnar 1927, kemur það í ljós, að á bak við hvern þjóðkjörinn þm. úr Íhaldsflokknum eru 1100 atkv., en bak við hvern Alþýðuflokksþm. 1320 atkv. 370 kjósendur á Seyðisfirði kjósa sjerstakan þingmann, og af þeim ræður röskur helmingur, ca. 190, þingmanninum. 190 kjósendur á Seyðisfirði ráða þannig einu þingsæti, en 900 kjósendur í Hafnarfirði verða að þola það að hafa þm., sem situr á Alþingi í fullkominni óþökk þeirra.

Jeg ætla, að það væri hv. 2. þm. G.-K., sem þótti jeg lítil rök hafa fært fyrir því, að framkoma þm. Hafnarfjarðar væri í beinni andstöðu við vilja kjósenda. Jeg skal strax benda hv. þm. á mál, sem nýlega var hjer til umr., um hvíldartíma háseta á togurum. Það er öllum kunnugt, að meginþorri kjósenda í Hafnarfirði er þeirrar skoðunar, að þar sje um mikið nauðsynjamál að ræða, og sjerstakt áhugamál þeirra. Samt berst hv. þm. með hnúum og hnefum gegn því. Jeg verð að segja, að það er hart að þola slíkt af sínum eigin þm. Það var ekki meira en ¼ hluti kjósenda í Hafnarfirði, sem fjekst til þess að gefa í skyn, að þeir kysu eins vel, að kjördæminu væri ekki skift. Og þó rembist háttv. þm. eins og rjúpa við staur á móti þessu máli, sem telja má víst, að ¾ kjósenda í Firðinum óska, að nái fram að ganga.

Einnig liggur fyrir þinginu frv. um slysatryggingar. Hv. 2. þm. G.-K. hefir enn ekki tekið afstöðu til þess, en jeg vænti, að hann verði þar minnugri vilja kjósenda sinna en hann hefir verið til þessa. Það er óþolandi rangsleitni, sem hafnfirskir kjósendur eru beittir. Háttv. þm. G.-K. eru eflaust sæmilegir fulltrúar fyrir sinn flokk, en þeir eru óhafandi fyrir verkamenn og sjómenn, þ. e. ¾ kjósenda, í Hafnarfirði.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að tala meira við hv. þm. Jeg verð þó að segja, að jeg gat ekki varist brosi, þegar hann talaði um launaða smala. Jeg vil ráðleggja hv. þm. að tala sem minst um það. Ef um kaupamensku er að ræða, hugsa jeg, að kaupamennirnir sjeu flestir í hans herbúðum og kauphæstir. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þeir menn, sem ráða afkomu fólksins, geta fengið það til að skrifa undir skjöl í sína þágu. Jeg vil endurtaka það, að slíkar undirskriftasmalanir ættu ekki að leyfast. Enda er jeg viss um það, að ef síðar færi fram leynileg atkvgr., mundi annað verða uppi á teningnum. Það er nú einu sinni svo, að verkamenn, margir hverjir, hafa ótta af atvinnuveitendum sínum, — því miður.

Þá kem jeg að hinum tilfinningaríka og háfleyga þm. Dal. Hann flutti hjer hjartnæma tölu og byrjaði á því að upplýsa hv. deild um, að þetta væri í fyrsta sinn í sinni löngu og merku þingsögu, sem hann þyrfti að tjá hv. deild þau tíðindi, að hann hefði — skift um skoðun. Jeg get ekkert fullyrt um þetta, en jeg tek hv. þm. trúanlegan. Það virtist mikils við þurfa til þess að leiða rök að því, að slík undur gætu gerst. En ástæðurnar komu og þær voru: Að þær upplýsingar hefðu fengist, síðan hv. þm. tók síð-

ast afstöðu til þessa máls, að nú gæti hann ekki fylgt því lengur. Hv. þm. átti við sambandið milli Alþýðuflokksins og danska jafnaðarmannaflokksins.

Nú vil jeg spyrja þennan hv. þm., hvort honum var ekki kunnugt um þetta samband í sumar, þegar hann var á biðilsbuxunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu síðast og einkum leitaði til Alþýðuflokksins í Hafnarfirði. Veit háttv. þm. yfirleitt nokkuð meira um þetta nú en hann vissi þá? (**SE**: Já, já!). Annars er það afarbroslegt, þegar bankastjóri fyrir danskan hlutabanka stendur hjer upp og gerist klökkur út af því, að danskir verkamenn hafa með fjárframlögum styrkt flokksbræður sína hjer á Íslandi.

Jeg hygg ekki, að það sje fleira, sem jeg þarf að taka fram. Jeg lít svo á, að með frv. þessu sje nokkur bót ráðin á hróplegu misrjetti hafnfirskra kjósenda. Tilboðum íhaldsmanna til okkar jafnaðarmanna um að styðja okkur í því að lagfæra kjördæmaskipunina í landinu skal jeg svara hispurslaust.

Það er ekkert leyndarmál, að okkur finst núverandi kjördæmaskipun gersamlega óviðunandi. Við viljum því mjög gjarnan þiggja styrk góðra manna til að koma henni í betra horf. En hv. íhaldsmenn eiga þá sögu að baki sjer, að við getum ekki þegar í stað, að óreyndu máli, stokkið upp og boðið þá velkomna í bandalag við okkur. Við verðum að setja þá á reynslutíma fyrst, sjá hverju fram vindur, sjá, hvort blíðmæli þeirra eru annað en falsið eintómt.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Það er orðið svo langt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, að talsvert af því, sem jeg ætlaði þá að segja, er rokið burt.

Það var aðallega vegna ræðu hv. þm. Ísaf., sem jeg bað um orðið, en ýmsu af þeirri ræðu hefir verið svarað síðan af öðrum, svo jeg get slept þeim atriðum hjer.

Hv. jafnaðarmenn hjer í þingdeildinni eru miklir fyrir sjer, þegar þeir tala um þetta mál. Maður getur ekki varist því að minnast gamalla frásagna um það, þegar konungar voru að taka skatt af löndum sínum. Aðferð þeirra minnir á þetta, enda mega þeir vera státnir af því valdi, sem þeir hafa nú, og eru það líka.

Þegar virðuleg stjórn var sett á stofn, að afstöðnum síðustu kosningum, með stuðningi jafnaðarmanna, þá þóttust margir vita, hvað á eftir kæmi og hvað þessi stuðningur myndi kosta. Eitt af því sjálfsagðasta var þá þm. fyrir Hafnarfjörð. Menn vissu, að þeir myndu heimta að fá því máli framgengt, án tillits til allrar sanngirni eða sannsýni. Þetta er nokkurskonar pólitískt tafl, þar sem jafnaðarmenn hafa góða aðstöðu. Annað mál er það, hversu stoltir veslings framsóknarmennirnir eru af því að vera þannig krafðir um þennan skatt.

Jeg ætla ekki að fara mikið út í ræðu hv. þm. Mýr. Hann sýndi aðeins góðan hug sinn til jafnaðarmanna í gær og sagði, að þeir væru ekkert hættulegir, vegna þess að þetta væru alt ágætismenn. Þetta er nú ekki að lasta. En hitt var óþarfi af honum, að

vera að sletta í sjer eldri og reyndari þingbónda, sem hefir margfalda lífsreynslu á við hann. Það er óþarfi fyrir þennan hv. þm. að miklast af sjálfum sjer eða sinni stöðu hjer, meðan ekki er nú um meira að ræða fyrir hann en að greiða þennan skatt eða húsaleigu til jafnaðarmanna. Því eiginlega er þessi skattur, sem framsóknarmenn verða að greiða jafnaðarmönnum, ekkert annað en leiga eftir stjórnarráðshúsið. Mjer finst því varla vert fyrir háttv. þm. að setja sig á mjög háan hest, meðan hann er að greiða þessa húsaleigu.

Þá var það ekki rjett af sama hv. þm. að ráðast að hv. 1. þm. G.-K. (B-K), sem ekki á einu sinni sæti hjer í þessari hv. deild, nje telja hann fjandmann samvinnustefnunnar, þó hann hafi skrifað um þau mál. Það hefir hann gert af áhuga fyrir málinu. Og þó hann hafi viljað fara aðra leið en farin hefir verið, þá er hann ekki ásökunarverður fyrir það. En það er gamla sagan, að sá, sem þorir að segja til vamms, er oft nefndur fjandmannsnafninu. Jeg vildi, að hv. þm. Mýr. og aðrir þeir, er þessu halda fram, vildu benda á eitthvað það í skrifum hv. 1. þm. G.-K., sem sannaði, að hann væri fjandmaður þessarar samvinnuhreyfingar. Jeg hygg, að jeg hafi lesið öll rit þessa hv. þm., og í þeim bendir hann aðeins á, hve óheppilegar leiðir samvinnan hefir komist út á hjer á landi, að hans skoðun. Og það er þó aldrei fjandskapur við neinn, að vara hann við hættum.

Hv. þm. hefir kannske lesið Ibsen, og sjeð þar, hvað sá maður þurfti til að vinna, sem kallaður var fjandmaður þjóðfjelagsins. Hann stakk á hættulegu kýli og vildi bjarga mörgum, en var kallaður „samfundets fjende". Vildi jeg ekki láta með öllu ómótmælt þessum tveim hnútum, er hv. þm. Mýr. varpaði að þessum hv. þm. um leið og hann færði jafnaðarmönnum þessi fögru lofsyrði í ræðu sinni.

Það er annars einkennilegt — og sýnir, hve mikill loddarabragur er á þessu öllu saman —, hvað hljóðið breyttist í strokknum, þegar háttv. 2. þm. G.-K. lýsti undirskriftum nokkur hundruð kjósenda í Hafnarfirði, þar sem þeir andmæla skiftingu kjördæmisins. Áður var því haldið mjög á lofti, að aldrei hefði hreyft sjer nokkur rödd á móti skiftingunni. Nú, þegar nokkur hundruð kjósenda í Hafnarfirði senda mótmæli gegn því, að kjördæminu verði skift, þá er sagt: Hve margir smalar hafa safnað þessum undirskriftum? Hvers vegna voru jafnaðarmenn að safna undirskriftum á móti — og hve margir ætli hafi smalað þar? Það sýnir ljósast, hve mjög þeir hafa orðið að leita að rökum í máli þessu, þegar þeir halda því fram, að hjer sje ekki um mótmæli kjósenda að ræða, einungis vegna þess, að í skjalinu stendur ekki: vjer mótmælum, heldur notuð önnur orð. En það, sem aðallega gerði það að verkum, að jeg kvaddi mjer hljóðs að þessu sinni, var það, sem hv. þm. Ísaf. sagði í hinni fyrri ræðu sinni. Hann sagði, að með frv. væri bætt úr þeim órjetti, sem jafnaðarmenn ættu við að búa, sem sje, að þeir hefðu of fá þingsæti. Þetta eitt út af fyrir sig væri næg ástæða til þess að samþykkja frv. Nú, þetta er gott og blessað. En hv. þm. Mýr. benti á það í sinni ræðu, hve sjálfsagt væri að ræða skiftingu kjördæma án þess að

taka tillit til þess hagnaðar, er einstakir flokkar kynnu að hafa af skiftingunni.

Hugsum okkur nú, út í hvaða óskapnað það myndi leiða, ef hver sá flokkur, sem í það skifti er í meiri hluta í þinginu, færi að hringla með kjördæmin rjett eins og honum byði við að horfa, vegna þess, að hann hefði hagnað af því í svip! Nei, skifting kjördæma byggist á alt öðrum grundvelli en þeim, hvaða flokkur ræður mestu og hefir mestan hagnaðinn. Jeg held, að frjálslyndi flokkurinn ætti þá að fara á stúfana, því að ef nokkur flokkur er afskiftur með þingmannasæti eftir kjósendafjöldanum, þá er það hann. Mjer er ekki kunnugt um, hvar sá flokkur hefir helst fylgi, en við skulum segja, að það væri á Langanesi eða í einhverri smásveit á Vestfjörðum. Frjálslyndi flokkurinn ætti þá að skifta nokkrum bæjum út úr sveitum til þess að fá nægan atkvæðafjölda á þessum og þessum stað. Þetta eru nákvæmlega sömu rök og hjá hv. þm. Ísaf., þegar hann heldur því fram, að þetta sje næg ástæða til skiftingar. Hitt skal jeg kannast við, nú eins og fyr, að jafnaðarmenn eru afskiftir um þingmannafjölda eftir kjósendatölu þeirra. En það eru íhaldsmenn líka, og Frjálslyndi flokkurinn þó mest. Framsóknarflokkurinn einn fleytir rjómann.

En þegar hv. þm. Ísaf. fer að tala um það sem rök í máli þessu, að þm. þessa kjördæmis sitji í fullri óþökk jafnaðarmanna í Hafnarfirði, þá er mjer sannarlega nóg boðið. Veit þá ekki þessi hv. þm., að þessir 3 jafnaðarmenn, sem hjer eiga sæti, sitja í fullri óþökk allra landsmanna, annara en jafnaðarmanna? Heldur hann virkilega, að hægt sje að koma slíkri skiftingu kjördæma á, að þm. sitji ekki altaf í óþökk minni hlutans? Þannig mundi að sjálfsögðu fara, þótt jafnaðarmenn fengju sinn þm. í Hafnarfirði; hann mundi sitja í óþökk allra íhaldsmanna í Hafnarfirði. Nú ætla jeg að ganga inn á það, eins og jeg sagði áðan, að jafnaðarmenn hafi of fáa þm. hjer á þingi, samanborið við kjósendafjölda. Jeg ætla líka að ganga inn á þá röksemdaleiðslu, er jeg álít rjetta, að eini grundvöllurinn fyrir skiftingu kjördæma sje höfðafjöldinn, því að hver kjósandi á að hafa jöfn mannrjettindi. Það er því alls ekki rjett að byggja kjördæmaskiftingu eftir kunnugleika manna í hjeruðunum. Bæði er það, að sum kjördæmin eru það stór, að erfitt er að þekkja þau til hlítar, og svo það, að það er alls engin skylda, að þm. sje úr kjördæminu. Ef þetta væri grundvöllurinn, væri það auðvitað brot að hafa menn hjeðan úr Reykjavík sem þm. fyrir ýms hjeruð úti um land, eins og nú á sjer stað. Eini rjetti grundvöllurinn er að fara eftir höfðafjölda kjósenda í hverju kjördæmi.

Jeg hefi mjer til gamans reiknað hjerna svolítið dæmi, sem að vísu hefir verið tekið áður, en dálítið á annan veg. Jeg tek öll atkv. við síðustu kosningar og jafna þeim á hvern þm. Jeg tek landsk. þm. líka með, og ætti þannig að vera hægt að vita, hvaða flokkar hafa of marga þm. á Alþingi og hverjir of fáa. Mjer reiknast þá, að um 800 kjósendur sjeu að meðaltali um hvern þm. Jafnaðarmenn hafa um 1200 kjósendur um hvern sinna þm. Það er því ljóst, að þeir eru mjög

afskiftir. En hvaðan eiga þeir að fá þau þingsæti, er þá vantar? Ekki frá frjálslynda flokknum, því að sá flokkur hefir ca. 2000 kjósendur um þann eina þingmann, sem hann á hjer á Alþingi, og er því afskiftastur allra flokka þingsins. Við skulum nú athuga, hvort þeir eiga kröfu til þingsæta frá Íhaldsflokknum, því fram á það er nú farið. Sjest þá, að Íhaldsflokkurinn hefir liðlega 900 atkv. um hvern sinn þm. Það er því fjarri sanni, að jafnaðarmenn geti vænst þess að fá þingsæti þaðan, þar sem Íhaldsflokkurinn hefir ekki einu sinni það, sem honum ber.

Það er þá upplýst, að allir þessir 3 flokkar eru meira og minna afskiftir. En hver situr þá að þessari krás? Það er Framsóknarflokkurinn. Sá flokkur hefir 19 þm., en ekki nema ca. 10 þús. atkv. alls, eða aðeins 524 atkv. um hvern þingmann, í stað 800 atkv. Það eru þannig þeir, sem sitja að þingsætunum. Ef jafnaðarmenn vilja breyta kjördæmunum til þess að fá bætt úr þessu misrjetti, er þeir hafa fyrir orðið, ættu þeir að leita þar að fjenu. sem það er niður komið. Annars verð jeg að segja, að mjer finst það koma úr hörðustu átt, þegar jafnaðarmenn fara að kvarta yfir þessu misrjetti einmitt nú, þegar þeir hafa svo mikil völd í þinginu, að það er langt fram yfir tölu þm. Þeir ráða því, að þessi stjórn situr, og með hinni fínu aðstöðu, er þeir nú hafa, geta þeir gert mikið meira en þótt þm. þeirra væru fleiri, en aðstaðan lakari. Þeir ættu því síst að vera að kveina og kvarta nú á þessu þingi.

Dæmi þetta, er jeg tók, hefir verið dregið fram áður af hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K., en dálítið á annan veg. Jeg veit, að það hefði verið öllu betra fyrir Íhaldsflokkinn, ef jeg hefði ekki tekið landsk. þm. með í þessu dæmi, en jeg áleit, að þetta væri bæði rjettara og sanngjarnara.

Það var annars gaman að þessari yfirlýsingu hv. þm. Ísaf., að það eitt væri næg ástæða fyrir skifting kjördæmisins, að jafnaðarmenn fái þar eitt sæti á Alþingi. Þessi yfirlýsing sýnir svo ljóslega, að alt skraf um það, hve þetta væri rjettlátt vegna Hafnarfjarðar, er ekkert annað en ósannindi og yfirdrepskapur. Nei, ástæðan er aðeins að auka jafnaðarmönnum fylgi í þinginu, en þeir eru ekkert að hugsa um að miskunna Hafnfirðingum.

Mjer þótti hv. þm. Mýr. taka nokkuð af því í öðru orðinu, er hann gaf í hinu. Hann sagði nefnilega, að sjálfsagt væri að ræða um skiftingu kjördæmisins án þess að taka tillit til þess, hvaða flokkur hefði gagn af því í svipinn, en í sömu andránni segir hann, að sjálfsagt sje að sýna jafnaðarmönnum það rjettlæti að láta þá fá fleiri þm. í þinginu. Jafnaðarmenn sjeu slíkir ágætismenn og svo sanngjarnir og góðir, að þeir eigi þetta fyllilega skilið. Jeg vona, að hv. þm. Mýr. og aðrir þm. Framsóknarflokksins haldi lengi áfram að vera sammála um þetta, en jeg gæti trúað því, að ekki liði á löngu, þar til kæmi annað hljóð í strokkinn. Tölurnar, sem jeg dró fram í dæmi mínu, sýna, að Framsóknarflokkurinn býr í glerhúsi, svo að þeir ættu að hafa sem hægast um sig. Margir þm. þessa flokks sitja í trássi við þær grundvallarreglur, sem hljóta að gilda, þegar rætt er um það, hve marga þm. hver flokkur sendir á þing. Ef svo hefði hitst á, að

Framsókn hefði fengið ofurlítið fleiri atkv. í nokkrum kjördæmum, þá hefði stjórnin getað setið í fullkomnum meiri hluta, án tilstyrks jafnaðarmanna, og haft þó á móti sjer afarmikinn meiri hluta allra kjósenda í landinu. Þessu ræður hin ófullkomna kjördæmaskifting, og Framsókn ætti því að fara varlega, þegar hún býr í slíku glerhúsi. Því að þótt Framsókn láti nú fagurt að jafnaðarmönnum, þá munu þeir að sjálfsögðu nota fyrsta tækifæri til þess að fá órjett sinn bættan. Og þegar sú skuld verður innheimt, þá er ekki vafi á því, hverjir verða að borga.

Þótt jafnaðarmenn og framsóknarmenn geti ef til vill beitt íhaldsmenn ranglæti nú, þá mun svo fara fyr eða síðar, að sá flokkurinn, sem nú hefir of marga þm., verður að lokum að láta þau sæti af hendi til jafnaðarmanna og annara þeirra, er eiga rjett á þeim. Frá þessari miklu vináttu framsóknarmanna og jafnaðarmanna liggur því bein lína yfir í fullan fjandskap.

Það mun svo fara, ef jafnaðarmönnum eykst fylgi á þingi, að sá styrkur verður til þess að kljúfa algerlega þessa tvo flokka hvorn frá öðrum, og mun þá sannast hið fornkveðna, að sjaldan launar kálfur ofeldið.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg vil leyfa mjer að benda hv. deild á það, að nú er fram komin áskorun frá 650 kjósendum í Hafnarfirði um að fá Hafnarfjörð gerðan að sjerstöku kjördæmi, svo að nú er ekki hægt að vera í vafa um það lengur, hvar meiri hluti kjósenda er í máli þessu. Þessir 650 kjósendur eru ekki neitt að tala um það, að þeir „vilji heldur", að Hafnarfjörður verði sjerstakt kjördæmi; þeir skora á þingið að verða við þessari kröfu. Aftur á móti eru þessi „nokkur hundruð" kjósenda, sem reyndar eru aðeins 325, alls ekki að mótmæla því, að Gullbringu- og Kjósarsýsla verði að tveim kjördæmum; þeir segja aðeins, að þeir „kjósi heldur", að hún verði eitt kjördæmi.

Það sýnir líka, hve íhaldsmenn í Hafnarfirði eru linir í því að halda kjördæminu saman, að þegar samþ. var áskorun sama efnis frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar með 6:1 atkv., höfðu tveir íhaldsmennirnir ekki borað að koma á fundinn. (ÓTh: Þeir voru veikir). Menn verða svo oft veikir, þegar þeir vilja komast hjá því að greiða atkvæði.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um skiftinguna sem laun jafnaðarmanna fyrir að styðja stjórnina. Þetta er algerlega rangt, og þm. veit það sjálfur. Í fyrsta lagi vegna þess, að hjer er um hlutleysi en ekki stuðning að ræða. Í öðru lagi hefir Framsóknarflokkurinn allur verið því fylgjandi á síðustu þingum, að Hafnarfjörður yrði sjerstakt kjördæmi. Það væri því harla undarlegt að krefjast þess sem launa, er verið hefir stefna alls Framsóknarflokksins áður.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að ekki beri að miða kjördæmaskiftinguna við það, hvaða flokkur verði ofan á í það og það skiftið, heldur við það, að allir hafi jöfn mannrjettindi. Jeg er honum alveg sammála um þetta, en hv. þm. hefir ekki hingað til sýnt

það með atkv. sínu, að hann væri hlyntur hlutfallskosningu um land alt, — en það eitt gefur öllum ísl. kjósendum jafnmikinn kosningarrjett —, heldur þvert á móti, eins og sjá mátti. hvernig hann tók stjórnarskrárfrv. í fyrra. (**MJ**: Þar var fleira með). En þó mátti vel samþykkja breytinguna á kjördæmaskipuninni eina. Ef farin verður önnur leið en með hlutfallskosningu, þá verður minni hlutinn altaf undir. Það gæti jafnvel svo farið, að einn flokkur yrði í minni hluta í öllum kjördæmum, þótt ekki munaði nema einu atkv. í hverju kjördæmi.

Jeg ætla ekki að fara lengra inn á niðurstöðu hv. 1. þm. Reykv., að jafnaðarmenn, frjálslyndir og íhaldsmenn ættu allir að hafa fleiri þingsæti. Allur flokkur þessa hv. þm. hefir verið á móti að breyta kjördæmaskipuninni, og sömuleiðis hafa báðir fyrverandi ráðherrar verið því andvígir, en með því að breyta kjördæmaskipuninni væri þó hægt að komast nær þjóðarviljanum en nú er. Hv. 1. þm. Reykv. virtist jafnaðarmenn ekki taka mikið tillit til Hafnarfjarðar í þessu máli, heldur aðeins til hinna hafnfirsku jafnaðarmanna. Jeg fæ ekki sjeð, að Hafnarfjörður sje annað en íbúar þessa kaupstaðar, skoðað frá pólitísku sjónarmiði, og þar sem meiri hluti þessara íbúa er jafnaðarmenn, þá er ekki nema eðlilegt, að tekið sje tillit til þess, er þeir óska.

Hv. sessunautur minn, þm. Dal., virtist hafa verið frv. þessu fylgjandi þangað til í gær. Við 1. umr. greiddi hann því atkv. með bros á vörum, svo að það lítur út fyrir, að hann hafi orðið fyrir nokkuð snöggum skoðanaskiftum, eins og oft vill verða um þá, sem eru í Hjálpræðishernum eða Frelsishernum.

Það er nú öllum kunnugt, og víst engum betur en hv. þm. Dal., að jafnaðarmenn um allan heim veita hverjir öðrum brautargengi og allan þann styrk, sem þeir mega, og er það rökrjett afleiðing af bræðralagshugsjón þeirra. Þetta vissi hv. þm. manna best, þegar hann flúði á náðir jafnaðarmanna, til þess að biðja þá að gera sig að borgarstjóra hjer í Reykjavík. Því miður þektum við hann þá svo lítið, að við ljetum að orðum hans um liðveislu, en síðan hafa ýms þau atvik komið fyrir, að við höfum ekki getað stutt hann, og hefir þó sá hv. þm. þrásinnis reynt að fá okkur til að koma sjer inn á þing. Fyrst talaði þessi hv. þm. um að fá okkur til þess að koma sjer inn á þing í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1926, og vildi þá keppa við hv. 2. þm. G.-K. Þá höfðu forráðamenn Alþýðuflokksins jafnvel ekki næturfrið fyrir honum. Síðastl. vor hjelt þetta sama áfram, því að þá hjelt hv. þm. sjer hvergi hægt að komast inn á þing nema í Gullbringu- og Kjósarsýslu, í sambandi við jafnaðarmenn. Talaði hv. þm. þá oft og af miklum fjálgleik um, hve vel hann skyldi berjast fyrir þeirra áhugamálum, og tók þá sjerstaklega fram, að hann skyldi berja í gegn skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi. Það mundi muna um sig á þinginu í þeirri baráttu fyrir rjettlætinu. Eru að þessu mörg vitni. En ýmislegt var þá fram komið honum viðvíkjandi, sem gerði það að verkum, að við álitum, að við á engan hátt gætum fylgt honum, og þótt við værum algerlega andstæðir hv. 2. þm. G.-K., þá

þótti okkur betra að eiga á hættu, að kosinn yrði tiltölulega heiðarlegur andstæðingur heldur en hv. þm. Dal. Það, sem þá hafði komið fyrir, var það, að þegar hv. þm. var í æðsta valdastóli hjer, þá notaði hann vald sitt til þess að veita sjálfum sjer hálaunað embætti í Íslandsbanka, og ástæðan til þess, að hann gekk svo langt, var, að hann óskaði að verða þjónn Dana þar. Þá varð hv. þm. algerlega fastur starfsmaður í þjónustu danskra auðmanna, svo að tekjur hv. þm. munu allar, að undanteknum þingmannslaununum, vera frá Dönum runnar. Líka má geta þess, að þessi sami maður hafði nokkru áður, þegar hann var í bankaráði Íslandsbanka, notað vald sitt þar til þess að greiða atkv. á móti því, að laun bankastjóranna yrðu lægri en 24 þús. kr. Það sæti því betur á einhverjum öðrum en honum að koma hjer fram til þess að prjedika siðgæði og það, hve skammarlegt sje að þiggja erlent fje, — honum, hv. þm. Dal., sem hefir sett á sig óafmáanlegan blett, og íslensk stjórnmál yfirleitt, með misbeitingu æðsta valds þjóðarinnar í sjerhagsmunaskyni og til þess að geta þjónað Dönum.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, þó að jeg verði að víkja að nokkrum atriðum, sem í raun og veru koma ekki beinlínis við þessu máli, þar sem jeg verð að svara hv. sessunaut mínum (HjV). Sá hv. þm. fór að tala um framboð mitt í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en jeg vil aðeins upplýsa það, að það var ekki jeg, sem sóttist eftir stuðningi jafnaðarmanna þar. Það voru foringjarnir í Hafnarfirði, sem buðu mjer hlutleysi, ef jeg byði mig fram.

Sama er að segja um borgarstjórakosninguna hjer; jeg var mjög beðinn um að bjóða mig fram við borgarstjórakosninguna, og jeg hafði tvisvar sinnum sagt nei við því, áður en jeg ljet til leiðast að gera það. En þetta er aðeins lítið sýnishorn af því, hvernig hv. sessunautur minn fer með sannleikann. Það er eins og sannleikurinn hafi ekkert gildi fyrir hv. þm., ef hann þarf að ná sjer niðri á einhverjum.

Þá kom hv. þm. að bankastjórastöðunni. Það er nokkuð, sem jafnan er gripið til, ef einhver ástæða þykir til að reyna að komast nálægt mjer. En nú er eitt í þessu sambandi, sem vert er að taka eftir. Árið 1924 átti þessi bankastjóraskipun sjer stað. Jeg sat þrjú ár á þingi eftir það án þess að nokkur fyndi að þessu, og jeg minnist þess ekki, að blað þessa hv. þm., Alþýðublaðið, fyndi þá nokkuð að þessu. Það er fyrst nú, sem þarf að fara að taka það fram, og það gleður mig, að eftir að jeg er búinn að taka svo mikinn þátt í stjórnmálum sem jeg hefi gert, að það er ekkert annað, sem hv. andstæðingar hafa á takteinum. Það er altaf þetta sama hjá jafnaðarmönnum, upp aftur og aftur. Þeir ættu að fá sjer „grafófón“ til þess að láta syngja þessa klausu inn í hann, svo að þeir á eftir gætu trekt hann upp í það óendanlega og látið hann syngja sömu klausuna aftur og aftur fyrir sig. Nú er það svo, að jeg hef einu sinni gert grein fyrir þessari bankastjóraskipun, í blaðinu Vísi. Það var vegna árásar á mig, sem birtist í Nýja sáttmála Sigurðar Þórðarsonar, og vil jeg ekki fara að taka fram aftur

öll þau rök, sem jeg bar þá fram. En það, sem þá var mest ráðist á mig fyrir, var það, að jeg veitti mjer þessa stöðu sjálfur, en frá því hefi jeg skýrt, að ef jeg hefði sent umsókn um stöðuna, þá átti jeg víst að fá veitingu fyrir henni. Hitt er líka rjett, að margir þeir menn, sem taldir eru með bestu mönnum þessarar þjóðar, þeir vildu styðja mjög fast að því, að þessi skipun yrði gerð. Það er enn rjett að taka það fram, að það er fordæmi fyrir þessu, því að þegar Hannes heitinn Hafstein var formaður bankaráðsins, þá veitti hann sjer, með aðstoð bankaráðsins, þessa stöðu. Auk þess er þess að gæta, að ráðuneytið tók þátt í veitingunni, en ekki jeg einn. En fyrir það, að jeg fór í þessa stöðu, er jeg búinn að spara ríkissjóði sem svarar 20 þús. kr. í eftirlaun, og ef jeg verð þar lengi, mun það ekki spara ríkissjóði lítið fje, og ef jeg hefði farið þá leiðina, að taka eftirlaun, en ekki tekið bankastjórastöðuna, þá hefði jeg áreiðanlega verið víttur fyrir það líka, og ef jeg hefði sótt um stöðuna, þá hefði það sjálfsagt verið talið pólitísk hrossakaup. En þegar jeg sit hjer hjá hinum hv. sessunaut mínum, sem dáist að hinum rússnesku valdhöfum (**HjV:** Er það jeg?), sem láta höfuðin fjúka fyrir gott orð, þá furðar mig á, að þeir skuli taka sjer ekki meira stórræði en þetta svo nærri. Kommúnistar og jafnaðarmenn standa hjer saman, og það er þess vegna merkilegt, að þessir menn, sem eru svo miklir aðdáendur þeirra rauðu í Moskva, skuli ráðast á mig fyrir þetta, og þá fyrst nú vera farnir til þess, en ekki löngu áður.

Þá er það ennþá eitt, sem jeg vil leyfa mjer að taka fram, að það hefir stundum verið órótt kringum stöður eins og þessa, en sessunautur minn má vita það, að jeg hefi ekki skirst við að ganga fram og berjast fyrir öllu því, sem jeg hefi álitið rjett og sanngjarnt, og það jafnvel þó að jeg mætti búast við, að reynt yrði að koma mjer burt frá þessari stöðu. En það er náttúrlegt um þann hv. þm., að hann er svo ósjerplæginn og svo óeigingjarn, að hann dæmir slíka hluti sem þetta miklu harðara en aðrir. Slíkur maður, sem fórnar sjer fyrir alþýðuheill, verður andvaka um nætur af áhyggjum og er orðinn þvengmjór af stöðugri umhugsun og áhyggju fyrir fátæklingunum; maður, sem þýtur úr einu gróðafjelaginu í annað, en sýnir „kapitalinu“ altaf sama kuldann.

En þegar hv. þm. dæmdi um þessa bankastjóraskipun, þá greip hann hana algerlega út úr öllu samhengi og athugaði ekki, hverjar ástæður þar lágu til grundvallar. Þá sagði sami hv. þm., að það væri undarlegt, að jeg væri að minnast á þessa dönsku peninga, jeg, sem væri þjónn dansks auðvalds. Er hv. þm. svo illa að sjer í okkar pólitísku sögu, að hann viti ekki það, að hinir stjórnskipuðu bankastjórar eru einmitt settir þar til þess að gæta hagsmuna landsins í Íslandsbanka, til að gæta íslenskra hagsmuna gagnvart dönskum? En svona snýr þessi hv. þm. öllu við; hann kallar þá menn þjóna hins danska valds, sem Alþingi Íslendinga og stjórn hefir skipað til þess að vera á verði um málefni þjóðarinnar.

Ef íslensk alþýða athugaði dálítið, hverju leiðtogar hennar halda stundum fram, mætti undarlegt heita, þegar hún ræki sig á ósannindi þeirra og

rangfærslur, ef henni yrði ekki að hugsa sem svo: Hvar er sómatilfinning þeirra manna, sem leyfa sjer að bera slík ósannindi fram á Alþingi, sem hægt er að mótmæla með því einu að vísa í lög landsins? Nei, sannleikurinn er sá, þegar alt er athugað, að hv. þm. er ekki svo reiður yfir þessari bankastjóraskipun, en samviska hans er dálítið mórauð. Það eru sumir menn, sem ganga með kýli, og þegar komið er við þessi kýli, þá hrökkva þeir við, og það er það, sem valdið hefir þessari reiði hv. þm. Þegar jeg gerði grein fyrir atkvæði mínu með mjög hógværum orðum, þá mintist jeg á mál, sem sló samvisku hv. þm. Það var fjeð, sem danskir stjórnmálamenn hafa veitt einum flokki þessa lands. Hv. þm. Ísaf. fór að spyrja mig, hvaða sannanir jeg myndi geta fært fyrir þessu. Jeg veit ekki betur en að sannanirnar sjeu komnar fram fyrir löngu; jeg þarf ekkert annað en að líta í Morgunblaðið frá 9. sept. 1927. (Hlátur á áheyrendapöllunum). Já, það eru ýmsir, sem hlæja að þessu nú, en þeir munu tímarnir koma, að annað verður en hlátur yfir þessu máli hjer á landi. Í Morgunblaðinu þennan dag segir svo:

„Protokol for den 20. socialdem. Partikongres i Vejle den 12.—15. Juni 1927, samt ... Regnskabsoversigt 1923—'27".

Á bls. 18—19 í kaflanum um Regnskab ... 1923—1927 birtist reikningur yfir „Valgfondets Regnskab for Aarene 1923—1926". Þar stendur skráð tekjumegin m. a. þetta:

„Indkomne Bidrag til Valget paa Island (1923) fra Fagforbundet kr. 2370,00".

En gjaldamegin stendur þetta skráð:

„Valget paa Island 1923, Folketingsvalget og Landstingsvalget 1924 samt Folketingsvalget 1926 ... Kr. 320296,00 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund, tvö hundruð níutíu og sex krónur".

Þarna er beinlínis talað um „Valget paa Island", þarna er beinlínis í þessum „Portokol" fært til útgjalda fje, sem veitt er til útgjalda á Íslandi. Þarna liggur sönnunin, og jeg veit ekki betur en að jafnaðarmenn hafi ekki mótmælt þessu. En annað atriði er óupplýst í þessu máli; það er, hve mikið fje hefir verið sent hingað. Það er nú fullkomlega upplýst, að hingað hefir verið sent danskt fje til kosningabaráttu, — eins þungt og það er að þurfa að tala um slíkt hjer á Alþingi Íslendinga. Það er dregið undir eitt, kostnaður þar og hjer við þingkosningar.

Þegar erlendir menn fara að íhuga það, hvað þessir íslensku menn hugsi um sjálfstæði lands síns, — hvílík auðmýking er þetta þá ekki? Eða er hægt að auðmýkja hina íslensku þjóð meira með öðru en þessu? Jeg verð að segja það, að þegar mjer barst þessi fregn, þá setti mig hljóðan; mjer var sorg í huga og jeg var algerlega sannfærður um það, að þegar þjóðinni væri orðið þetta nægilega ljóst, þá myndi hún verða slegin þungum harmi. Og það er mín trú á jafnaðarmönnunum íslensku, að foringjar þeirra muni á sínum tíma ekki fá litla óþökk frá þeim, þegar þeir fyrst hafa gert sjer það ljóst, hvað foringjar þeirra hafa gert. Ennþá hafa þeir ekki risið í gegn foringjum sínum, en eftir því, sem jeg þekki íslenska alþýðu, þá er jeg viss um, að það er ómögulegt að

gylla þetta svo fyrir henni, að hún sjái ekki, að það er verið að draga hana út í það mesta foræði, sem hægt er að hugsa sjer.

Nú hefir ekki verið upplýst um það, hve mikið þetta fje er, og jeg get því miður ekki upplýst það heldur, en það væri hægra við að fást, ef þeir foringjar Alþýðuflokksins, sem hjer eiga sæti, vildu gefa dálitlar upplýsingar um það, hversu mikið þetta fje er, úr því að þeir álíta ekkert athugavert við að taka á móti því. Og fyrst þeir hafa tekið við dönsku fje til stjórnmálastarfsemi hjer á landi, hví segja þeir þá ekki frá því, hve mikið það er? Ætli menn renni ekki grun í ástæðuna til þess, að ekki er skýrt frá neinu um það, — að fjeð er líklega miklu meira en menn grunar, því að annars myndu þeir skýra frá þessu.

Jeg þarf væntanlega ekki hjer að draga upp mynd af því, hverja þýðingu það hefði fyrir þessa þjóð, ef einn af stjórnmálaflokkum þessa lands ætti vöxt sinn að þakka fje sambandsþjóðar vorrar. Jeg geri ráð fyrir, að mönnum sje svo kunnugt það samband, sem er á milli Íslands og Danmerkur, að þeir viti, hvað það þýðir. Þegar 15 ár eru liðin frá þessum tíma, þ. e. árið 1943, þá getum við sagt upp sambandslagasamningnum, og þá getum við losað okkur við þá miklu ágalla, sem á þessum samningi eru. En eins og kunnugt er, þá hafa Danir, eins og kallað er, ábúðarrjett á landinu. Hvernig Alþingi hefir litið á þetta mál, má sjá af því, þegar enskur maður vildi fá undanþágu frá fiskiveiðalöggjöfinni á síðasta ári. Hann vildi fá undanþágu fyrir 10 botnvörpunga og bauð ýms fríðindi á móti. Alþingi vildi ekki líta við þessu. En þann sama rjett, sem enska manninum var neitað um, höfum við gefið þjóð, sem er á fjórðu miljón manna. Þegar að úrslitastundinni líður, þá hefir það sína miklu þýðingu, að Íslendingar þekki sinn vitjunartíma. Þeir verða þá að vera reiðubúnir til að greiða svo atkvæði, að þeir geti losað sig við þennan ábúðarrjett. En ef Danir koma hjer upp flokki í landinu og magna hann með meiri og meiri fjárstyrk, — hver getur þá niðurstaðan orðið við atkvæðagreiðsluna 1943? Þess vegna er það, að hv. sessunautur minn ætti síst að brosa svo mjög, þegar verið er að tala um þetta mál, og síst að vera að hreykja sjer svo að koma hjer fram sem siðameistari, maður, sem lýtur svo lágt að vera samsekur öðrum um það að taka á móti fje frá sambandsþjóð vorri, sem vjer höfum undanfarin ár háð hart stríð við, til þess að geta náð rjetti vorum. Þessi maður beygir sig svo lágt fyrir danska gullstraumnum, að hann gleymir allri sögu þjóðarinnar í fortíð og framtíð; en hvort það er til þess að geta væntanlega stungið meiru dönsku gulli í vasa flokksins, ætla jeg ekki að segja.

Jeg hjelt ekki nema stutta ræðu í gær til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu, því að mjer virðist það svo ljóst, að þeir menn, sem heita mega óspiltir Íslendingar, hljóti að skilja, hvað hjer er á ferðum, og mjer finst, að öllum hljóti að vera það ljóst, að jeg get ekki á nokkurn hátt greitt atkvæði með þessu frv., sem, eftir því sem á undan er gengið, mun gefa foringjum þessa flokks enn á ný eitt sæti á Alþingi í sínar hendur. Jeg held því fram, að „princip“ í svona málum

eins og þessu verði að víkja; hagsmunir þjóðarinnar heimta þá, að við stöndum allir sem einn maður. Þegar sambandsþjóðin er að auka vöxt þessa flokks, sem hugsar eins og hún um 6. gr. sambandslaganna, þá verðum við að setja hart á móti hörðu og hugsa lengra en til dagsins í dag. Við verðum að minnast þess, að við, fulltrúar þjóðarinnar, höldum höndum yfir framtíð hennar, og ef allir góðir Íslendingar standa fast saman gegn hinu erlenda valdi, þá fer alt vel. En ef erlenda valdið getur teygt sig lengra og lengra inn á milli okkar og gert gullþræði sína sterkari og sterkari, þá veit enginn, hvernig fer.

Aldrei hefi jeg greitt atkv. hjer á Alþingi með betri samvisku en jeg mun nú gera, þegar jeg greiði atkv. á móti því, að mennirnir með dönsku gullþræðina fái hjer eitt nýtt sæti í sínar hendur, því að þeirra völd eru orðin of mikil hjer.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg býst ekki við að verða eins hávær og sá hv. þm., sem nú var að setjast niður.

Það mun nú líða að lokaþætti þessarar umr. og um leið varnar íhaldsmanna hjer í deildinni gegn skiftingu þess kjördæmis, sem hjer er um að ræða. Og engan skyldi undra, þótt dauðastríðið yrði nokkuð hart, því að svo uggir mig, að aldrei framar skipi íhaldsmaður sæti hjer á Alþingi fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, þegar því umboði núverandi fulltrúa er lokið, er þeir nú hafa.

Það hafa þegar verið færð rök að því af hv. þm., sem með málinu hafa talað, að Hafnarfjörður, sem mun vera þriðji kaupstaður landsins að mannfjölda, á fylsta rjett til þess að vera kjördæmi út af fyrir sig. Til þess liggja margar ástæður, og ætla jeg að draga hjer saman fimm þeirra:

1. Að á bak við þingmann kaupstaðarins eins og nú er eru 1300 kjósendur.
2. Tveir þriðju hlutar þessara kjósenda óska skiftingarinnar, og þar með talin stjórn kaupstaðarins, að einum undanskildum.
3. Kaupstaðinn byggir fólk, sem á afkomu sína undir rekstri stórútgerðar, algerlega gagnstætt atvinnuháttum annara sýslubúa.
4. Málefnum kaupstaðarins stýra verkamenn, og því meiri trygging fyrir því, að þeirra kröfum yrði betur framfylgt á Alþingi, ef maður með sömu skoðanir færi með umboð þeirra.
5. Engin áberandi andúð gegn skiftingunni hefir komið frá kjósendum kjördæmisins utan Hafnarfjarðar. Jafnvel eru meiri líkur til, að allmikill hluti landbúnaðarbænda kjördæmisins sje skiftingunni fylgjandi.

Eftir því, sem marka má af umræðunum, er þetta aðalþungamiðjan í þeim rökum, sem fram hafa verið færð fyrir frv., og er málið þrautrætt að því leyti. En jeg er tilneyddur að víkja örfáum orðum að háttv. 2. þm. G.-K. Hann talar hjer um þetta mál með því yfirlæti og stórmenskubrag, sem oft einkennir þá menn, sem heimurinn hefir látið vera sólskinsmegin í lífinu, og hefir gert þá fulla af ofmetnaði, stórmensku og hroka. Umráð þeirra yfir peningum og ímyndun þeirra um,

að þeir sjeu voldugir og stórir, er orsök þessa. Alt á að brjóta undir járnhæl auðs og drotnunar. Oftast vantar þessa menn andlegt göfgi og víðsýni til að sýna hinn sanna manndóm. Hvort hv. 2. þm. G.-K. finnur hjá sjer eitthvað af þessum skapgerðarbrestum, ætla jeg honum sjálfum að rannsaka.

Í ræðu háttv. þm. um þetta mál virtist helst koma fram, að hann ætti alt dautt og lifandi í kjördæminu, að undanteknum þeim kjósendum, sem þegar hafa risið á móti honum. Hann talar um bændavaldið, sem alt sje með honum. Því hefir þegar verið svarað af hv. þm. Mýr. og sýnt, á hve miklum rökum sú staðhæfing er bygð.

Hann vitnar í atkvæðamagn síðustu kosninga. Já, mjer er nú nokkuð kunnugt um, hvernig hægt er fyrir jafnpeningasterkan mann og hv. þm. að ná upp atkvæðamagni við kosningar í kjördæmi, sem vill ekki ennþá fallast á skoðanir okkar jafnaðarmanna og telur vonlaust til sigurs að greiða bændafulltrúum atkv., þótt fram sjeu boðnir. En jeg skal ekki fara lengra út í það mál nú.

Sami hv. þm. vitnar í lægri atkv.-tölu jafnaðarmanna í Hafnarfirði síðastl. sumar en 1926, við aukakosningarnar, er þá fór fram. En hann getur ekki þess, að allmikill hluti kjósenda, og þá sjerstaklega sjómenn, verkamenn og verkakonur, var kominn út um alt land til atvinnu, þegar kosningar fóru fram, 9. júlí, og mestur hluti þess hafði ekki notað kosningarrjett sinn, þegar það fór. Þetta fólk er undantekningarlítið Alþýðuflokksfólk. Sama er að segja um verkamenn, sjómenn og verkakonur í Garði, Miðnesi, Höfnum og Grindavík, að það fer einnig upp í sveitir og norður og austur á land í atvinnuleit, og notaði því ekki kosningarrjett sinn. En einmitt þetta fólk er þegar búið að fá opin augun fyrir því, að hv. 2. þm. G.-K., og jafnvel hv. 1. þm. G.-K., eru ekki þess fulltrúar.

Á kosningadaginn 9. júlí í sumar var gott veður og því ekkert til sparað af hálfu Íhaldsflokksins að koma öllu gömlu fólki á kjörstað, til að fylla atkvæðatölu sína. Aftur á móti dró vonleysi minni hlutans um sigur úr þátttökunni þeim megin á kjördegi. En þetta breytist á annan veg, þegar kjósendur sjá, að til sigurs er að vinna.

Jeg ætla ekki langt út í umræður um atkvæðasmalanir eða undirskriftir við hv. þm. Eftir mikið og örðugt strit hafa íhaldsmenn náð undir skjöl sín einum þriðja hluta þeirra, er látið hafa uppi skoðun sína um málið. Því að Alþýðuflokkurinn hefir nú skilað helmingi fleiri undirskriftum úr Hafnarfirði, þar sem þess er krafist, að skifting kjördæmisins fari fram. Og meginhluti bæjarstjórnarinnar hefir krafist hins sama. — Jeg ætla ekki að þrátta um það, hvort undirskriftasmalar íhaldsmanna hafa verið launaðir eða ekki, og ekki heldur um það, hve mikið af þeim launum kynni að hafa verið úr rassvasa hv. þm. sjálfs. En hitt get jeg sagt honum, að til þessa hefir það ekki verið regla hjá Alþýðuflokknum að launa slíkar undirskriftasafnanir. Það eru áhugamenn flokksins, sem vinna það verk án þess að krefjast launa fyrir. Svo var það um undirskriftalistana út af togaravökulögunum. Fyrir þá greiddi Sjómannafjelagið ekki einn einasta eyri fram

yfir það, sem pappírinn í áskriftarskjölin kostaði.

En eitt langar mig til að spyrja hv. þm. um. Hvaða stóra mál er það, sem hann og háttv. samþingismaður hans hafa unnið fyrir Hafnarfjörð? Mjer er ekki kunnugt um nokkurt mál, þar sem þeir hafi lagt sig í líma fyrir kaupstaðinn. Öllum mannúðarmálum jafnaðarmanna hafa þeir verið öndverðir á móti, eins og þeirra eigin flokkshagsmunir kröfðust, og þar með hafa þeir verið á móti meiri hl. hafnfirskra kjósenda. Hv. þm. mun sennilega vitna í mál í sambandi við útgerð Hellyers í Hafnarfirði. Hv. þm. Dal. var nú að breiða sig út yfir það mál. Ef jeg man rjett, var hv. þm. sjálfur í stjórn, þegar það mál var leitt til farsælla lykta. (**SE:** Jeg var altaf á móti undanþágunni). Mig minnir líka, að fulltrúi stórútgerðarinnar, núverandi hv. 2. þm. G.-K., væri eindregið móti því að hleypa Hellyer inn í landið. (**ÓTh:** Laukrjett). Ástæðan var ekki sú, að hann óttaðist, að of mikill fiskur verkaður á Íslandi kæmi á markaðinn. Nei, það var hræðslan við of mikla eftirspurn eftir vinnukraftinum, sem þá rjeði gerðum hv. þm. En það er annað hljóð komið í strokkinn nú. Nú er þessi hv. þm. orðinn aðalumboðsmaður stórútgerðarinnar í Hafnarfirði. Fyrst hafði Hellyer lögfræðinga til að gæta hagsmuna sinna, en nú er það helsti útgerðarmaður landsins, sem tekið hefir það starf að sjer. Og mjer er sagt, að fyrir þetta muni hann fá allgóðan lífeyri. (**ÓTh:** „Ólyginn sagði mjer"). Í þessu hefir ekki komið fram nein umhyggja fyrir hafnfirskum kjósendum, því að hv. þm. hefir ekki verið annað en umboðsmaður erlends útgerðarmanns í samningum milli hans og Hafnarfjarðarbæjar um útsvar o. fl. Nei, Hafnfirðingar vita, að úr þessari átt eiga þeir ekki fylgis að vænta við sín áhugamál. Aðstöðu sinnar vegna hefir hv. þm. jafnan gengið á móti málefnum þeirra. Skal jeg ekki lasta hann fyrir það. Hann hefir þar verið trúr sínum flokki.

Þá verð jeg að segja nokkur orð við hv. þm. Dal. Sem gamall sjálfstæðismaður roðnaði jeg undir ræðu hans í gær. (**SE:** Það skil jeg vel!). Jeg roðnaði út af því, að þessi gamla kempa skyldi nú ganga á móti máli, sem hann hefir á undanförnum árum mælt með af sannfæringu. Og hver var ástæðan, sem hann skapaði sjer fyrir þessum snúningi? Það var óttinn við þessa hræðilegu dönsku peninga! (**SE:** Hvað voru þeir miklir? — **ÓTh:** Er satt, að þeir hafi verið 140 þús. kr.? — **HG:** Haugalygi!). — Hv. þm. getur fengið að sjá það hvenær sem er, að þessum fundi loknum. (**SE:** Ágætt). Það er sárt, að sjálfstæðiskempan skuli nú vera bundin við tjóðurhæl íhaldsins og gengin á mála hjá því. Gengin á mála hjá þessu sótsvarta íhaldi, sem sjálfur hann hefir manna mest úthrópað um landið á síðustu árum. Eftir þetta eru sjálfstæðisorð hans ekki annað en hvellandi bjalla í mínum eyrum. Nú vitnar hann í dagblað íhaldsins eins og biblíuna sína, þetta blað, sem hann trúði ekki einu orði úr áður. Nú var þar helst sannleikans að leita, enda gengur sú saga um bæinn, að hann sje orðinn einn af aðalstyrktarmönnum þessa blaðs, og blandi

þar blóði við stór-Danina. (**SE:** Hrein ósannindi!). Þetta er nú altalað í bænum. (**SE:** Er þetta þingmaður bæjarslúðursins?). Hin háværa ræða þessa hv. þm. var ekki annað en hvellandi bjalla í eyrum þingsins. Og dómur þjóðarinnar segir, að orð hans sjeu ekki annað en hvellandi bjalla í hennar eyrum.

Jeg skal nú rifja upp nokkur atvik í sambandi við þennan óttalega styrk danskra verkamanna til stjettarbræðra sinna hjer á landi. Samskonar styrktarstarfsemi á sjer stað meðal jafnaðarmanna í öllum löndum, og hefir víst hvergi bólað á ótta eða æsingu út af henni, nema hjer. Þjóðverjar styrktu á sínum tíma aðalblöð franskra jafnaðarmanna. Það voru aldrei álitin nein föðurlandssvik, enda þótt sambúðin væri þá ekki sem best milli þeirra þjóða. Og þessi ógurlega þjóð, Danir, tóku á móti stórkostlegum styrk frá Þjóðverjum á meðan jafnaðarstefnan var að ryðja sjer til rúms í Danmörku. Jeg hefi aldrei heyrt dönskum jafnaðarmönnum borna á brýna neina óeinlægni út af því. Svona gæti jeg talið endalaust. Enda er þetta eðlilegt, að fátækustu menn þjóðanna styrki hverjir aðra í baráttunni, alveg eins og Oddfellowar gera og frímúrarar, sem hv. þm. sjálfur tilheyrir. (**SE:** Algerð ósannindi). Jeg veit ekki betur en að hv. þm. sje í þeim fjelagsskap. (**SE:** Jeg mótmæli þeim áburði, að jeg sje frímúrari, og leyfi mjer að spyrja hæstv. forseta, hvort heimilt sje að fara með ósannindi í þingsalnum! — **Forseti** hringir). Jeg hjelt ekki, að það væri neitt ljótt að vera frímúrari.

Jeg ætla ekki að fara að minnast á aðstöðu hv. þm. við Íslandsbanka. Hann hefir fengið harða ádeilu út af því máli, og sennilega harðasta frá núverandi samherjum sínum, þessum flokki, sem hann er að tengja sig órjúfandi böndum við. En meðan hann var frjálslyndur, kom fyrir atvik, sem íhaldsmenn deildu mjög á jafnaðarmenn fyrir. Það var þegar þeir sendu einn af flokksbræðrum sínum til að leita styrktar hjá verkamönnum í Englandi. Þá belgdu íhaldsmenn sig ógurlega út af þessu og töldu það föðurlandssvik og landráð. En hv. þm. Dal., sem þá var forsrh., var svo frjálslyndur, að hann sagði, að ekkert væri út á þetta að setja. (**SE:** Jeg man ekki til að hafa sagt eitt einasta orð um þetta). En það sjest nú, hvað hv. þm. er tekinn að eldast í hugsunarhætti, því að það eru ellimörk sýnileg á því, með því að snúast frá sinni frjálslyndu stefnu yfir í íhaldið, sem sjá má á stefnubreytingu hans í þessu máli.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg skal reyna að lengja ekki mikið þessar umr., sem þegar eru orðnar alt of langar. En jeg kemst þó ekki hjá að svara nokkrum hv. þdm., sem hafa beint orðum til mín.

Fyrst skal jeg snúa mjer að hv. 2. þm. G.-K. Jeg segi honum það enn, að jeg mun ekki ræða þetta mál á þeim grundvelli, er hann og ýmsir fleiri hafa lagt í umr., sem sje hvaða flokkur hefði mestan hag af skiftingu kjördæmisins. Jeg álít það ekki aðeins rangan grundvöll undir lausn málsins, heldur beinlínis hættulegan. Jeg vil dæma um málið eingöngu eftir þeim venjum, sem á Alþingi hafa tíðkast áður, og eftir því, í hverju

mjer virðist mest sanngirni. Er það sanngjarnt, að sá kaupstaður, sem stærstur er utan Reykjavíkur, fái ekki sjerstakan þingmann, þrátt fyrir langvarandi kröfur, og þrátt fyrir það, að aðrir minni kaupstaðir hafa fengið þingmann fyrir löngu? Þetta virðist mjer vera sú spurning, er mestu máli skiftir. Og þegar hjer stendur svo á, að hægt er að veita kaupstaðnum þessi rjettindi án þess að gera nokkrum öðrum rangt til, þá virðist mjer sjálfsagt að gera það. Með skiftingunni er ekki framið neitt ranglæti gagnvart hinum hluta kjördæmisins, með því að nú eru til einmenningskjördæmi, sem eru fjölmennari en þetta kemur til með að verða. Þótt kaupstaðurinn sje nú fámennari en sýslan, þá er hann í hröðum vexti, en það er sýslan ekki.

Annars vil jeg benda hv. 2. þm. G.-K. á útreikninga sjálfs hans um það, hvaða flokkur mundi vinna á við skiftinguna. Hann sagði, að eftir nýjustu upplýsingum hefðu jafnaðarmenn 680 atkv. í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði. Jeg get fullyrt, að mörg þessara atkv. hafa verið greidd utan kaupstaðarins. Það er áreiðanlega lágt í lagt að áætla það 80 atkv. Eftir því ættu að vera 600 jafnaðarmenn í Hafnarfirði, en þar eru 1300 kjósendur, svo að íhaldsmenn ættu þá að vera þar í meiri hluta. (**ÓTh**: Jeg talaði um greidd atkv.!). Eftir þennan útreikning vonast jeg til, að hv. 2. þm. G.-K. geti fallist á að skifta kjördæminu.

Þá taldi hv. þm. mig hafa farið með ásakanir í sinn garð í nafni bændanna. En jeg var eingöngu að benda á, hvílík fjarstæða það er að bera það fram gegn þessu frv., að það sje árás á bændavaldið í landinu. Jeg benti á það, að kröfur bænda í hjeraðinu um að íhaldsmenn hefðu a. m. k. einn bónda í kjöri hefðu allar verið fyrir borð bornar. En hitt dettur mjer ekki í hug að segja, að hv. þm. vilji bændum illa. Þar fyrir er það engin niðrun í hans garð, þótt sú skoðun sje í ljós látin, að málefnum bænda væri betur borgið í höndum t. d. Magnúsar Þorlákssonar á Blikastöðum. Auðvitað gerir hv. þm. það, sem hann getur, fyrir bændur, en þess er ekki að vænta, að hann skilji eins vel kröfur þeirra og þarfir og þeir, sem sjálfir eru hold af þeirra holdi og blóð af þeirra blóði. — Hv. þm. nefndi það sem dæmi, hvað jeg hefði gert, ef jeg hefði verið kosinn í sjútvn. Jeg hefði vitanlega orðið þar álíka og hann er sem bændafulltrúi. Jeg hefði reynt að kynna mjer málin eftir föngum og unnið að þeim með samviskusemi af veikum kröftum, en vitanlega hefði jeg aldrei komist þar í hálfkvisti við t. d. hv. 2. þm. G.-K. — En á þetta benti jeg aðeins til að sýna, hve fjarri það er öllu lagi að tala um þetta kjördæmi sem höfuðvígi bændavaldsins í landinu. Háttv. þm. kvaðst vera kosinn með atkv. flestra bænda í kjördæminu. Það er alveg rjett, og jeg geri ráð fyrir, að hann mundi hljóta kosningu þar aftur, þótt kjördæminu verði skift. Og jeg vænti, að eftir skiftinguna verði hann ekki minni bændavaldsmaður en hann er nú. Eins hygg jeg, að sá þm., sem Hafnarfjörður kysi, yrði bændavaldinu ekki lakari en hv. 1. þm. G.-K. (BK) er nú. Það er ekki af því, að mig langi nokkuð til að ráðast á þennan gamla og að mörgu leyti góða mann. Jeg skal geta þess um leið, að fyrstu tíu árin,

sem jeg reyndi að gera mjer grein fyrir stjórnmálum þessa lands, þá fylgdi jeg eindregið að málum þessum manni. En jeg get ekki gengið framhjá því, þar sem þetta er til umræðu hjer og hv. 1. þm. Reykv. hefir álasað mjer fyrir þau orð, sem jeg ljet falla í garð þessa hv. þm. (BK), — að minna á það, að hans skrif um samvinnufjelögin í landinu, sem eru mesta og merkilegasta verk íslensks bændavalds, hafa verið þannig, að fjelögin sáu sig tilneydd að höfða meiðyrðamál móti þessum mæta manni. Var fjöldi ummæla hans dæmdur dauður og ómerkur. Þannig skrifar ekki sá, sem ber hlýjan hug til manna og málefna. Og jeg held, að þetta sýni, að þarna á ekki íslenskt bændavald fulltrúa, sem það geti treyst.

Þá verð jeg að svara háttv. 1. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann var að tala um það, hv. þm., að mjer hefðu fallið þannig orð, að jafnaðarmenn væru þeir ágætismenn, að enginn skaði væri, þótt þeir kæmu inn í salinn. Þetta er ekki rjett. Jeg er heldur ekki svo guðfróður maður, að jeg treysti mjer til að dæma um drengskap manna eftir afstöðu þeirra til stjórnarinnar. Það hefir enginn hv. þm. leyft sjer annar en þessi hjartnanna og nýrnanna rannsakari, háttv. 1. þm. Reykv. Það var hann, sem skar okkur alla andstæðinga sína, fylgismenn stj., hjerna um daginn við sama trogið með sama hnífsbragðinu, þegar hann sagði, að við værum allir ódrengir fyrir fylgi okkar við núverandi stjórn. Jeg ætla að lofa hv. þm. að vera einum um þann sóma að dæma andstæðinga sína þannig. En jeg álít um jafnaðarmenn, að þeir sjeu hvorki verri eða betri en aðrir menn, — svona yfirleitt eins og fólk gerist, og þoli að minsta kosti fyllilega samanburð við hv. 1. þm. Reykv.

Þá endurtók hv. þm. sömu árás og áður á þinginu í garð Framsóknarflokksins, að hjer væri um ekkert annað að ræða en verslunarbrask milli okkar og jafnaðarmanna, að þar sem við viljum í einstökum atriðum ljá málum jafnaðarmanna liðsinni, þá þýði það ekkert annað en það, að við höfum selt okkur með húð og hári. Mjer dettur í sambandi við þetta í hug atvik, sem einu sinni kom fyrir mig. Jeg var á ferð úti í Danmörku með dönskum „agent". Við komum víða og litum í kringum okkur. Mig undraði, hvernig hann talaði um það, sem fyrir augu bar. Hann sagði, að kornið stæði sig 50% betur hjer en þarna, svínin væru 50% feitari og kýrnar 30—40% fallegri en annarsstaðar. Jeg hafði aldrei heyrt svona til orða tekið, en varð þetta skiljanlegt, er jeg hugleiddi, við hvað þessi maður hafði eytt sinni löngu ævi. Hann var orðinn svo leikinn í að nota prósentur, að hann gat ekki hugsað eða talað nema í prósentum. — Þessi hv. þm. (MJ) getur nú aldrei minst á viðskifti jafnaðarmanna og framsóknarmanna öðruvísi en nefna verslun. Þá vil jeg benda á, að af góðri samvisku geta ekki aðrir talað þannig en þeir, sem hafa árum saman haft sál og samvisku í lausakaupum.

Þá var hv. þm. að taka upp hanskann fyrir hv. þm. Barð. út af orðum, sem fjellu hjá mjer í hans garð. Áleit hann óviðurkvæmilegt af mjer, ungum og óreyndum manni, að ráðast á roskna og reynda þingmenn, er stæðu mjer framar. Jeg vil segja þessum hv.

þm. það í eitt skifti fyrir öll, að jeg mun fylgja þeirri venju innan þings eins og utan, að ráðast ekki að fyrra bragði á menn; en jeg lofa engu, ef á mig er ráðist með óbilgirni og hrottaskap, eins og þessi hv. þm. gerði við mig og aðra. Jeg mun því svara á þann hátt, sem mjer þykir sæma, hvort sem í hlut á hv. þm. Barð. eða einhver, sem er svo mentaður, að hann hefir lesið Ibsen.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. Dal. svaraði því, sem jeg sagði út af ræðu hans, og aðalinnihaldið var, að því leyti, sem það vissi að honum sjálfum, innihald gömlu setningarinnar: dæmið ekki, svo að þjer verðið ekki dæmdir. Hann vildi afsaka sitt framferði með því, að það gæti verið, að aðrir væru breyskir líka, og þeir ættu ekki að kasta fyrsta steininum á sig. En jeg verð að segja, að hjer í þingsalnum kemst maður naumast hjá því að skýra dálítið frá opinberu lífi manna, sem hafa verið eins hátt uppi eins og hv. þm. Dal.

Hann gat þess í fyrsta lagi, að hann hefði aldrei talað við mig um framboð sitt í Gullbringusýslu. Veit jeg vel, að hann gerði það ekki; en aftur á móti talaði hann við aðra, sem urðu milligöngumenn. Hv. þm. er ljóst eins og mjer, að miðstjórn Alþýðuflokksins hjelt fund um miðja nótt vegna atgangs hans um að óska kjörfylgis okkar, og að það var sendur maður á hans fund til þess að segja honum, að Alþýðuflokkurinn mundi undir engum kringumstæðum geta stutt mann eins og hv. þm. Dal. Ennfremur er skjalfest af fulltrúaráðsfundi verklýðsfjelaganna í Hafnarfirði, að Sigurður Eggerz kom alls ekki til greina sem þingmannsefni. En hann sóttist ekki lítið eftir fylgi jafnaðarmanna á þeim tíma, þó að hann vissi vel, að jafnaðarmannaflokkar alstaðar úti um heim styðja hverjir aðra, bæði með fje og hverskonar annari liðveislu.

Hv. þm. sagði það vera einkennilegt, að ekki hefði verið talað um þessa embættisveitingu í Íslandsbanka við sig árin 1924—1927. Jeg veit a. m. k., að jeg hefi á opinberum fundum minst á þetta mál hjer í Reykjavík; og jeg veit, að „Alþýðublaðið" skrifaði um þetta, og mun hv. þm. geta flett því upp. Annars er slíkt mál aldrei dautt, meðan maðurinn á að heita tórandi í „pólitísku" lífi. Hann sagðist mundu hafa getað fengið stöðuna, þótt hann ekki veitti sjer hana sjálfur. Og í öðru lagi, að hann sparaði eftirlaun með því að taka stöðuna sjálfur. Við því fyrra verð jeg að segja, að jeg skil varla, að jafnvel íhaldsstjórnin myndi hafa gengið svo langt að veita háttv. þm. Dal. þessa stöðu, og a. m. k. er ekkert sannað í því efni, að nokkur önnur stj. en stj. hv. þm. Dal. myndi hafa veitt honum bankastjórastöðu við nokkurn banka.

Hitt atriðið, um sparnað á eftirlaunum, kann að vera rjett; en jeg skil ekki yfirleitt, hvað maður á hans reki hefir að gera við eftirlaun, þótt hann hætti að vera ráðherra. Mjer finst hann geti unnið fyrir sjer á einhvern heiðarlegan hátt, án þess að lifa á besta aldri á samskotafje alþjóðar án þess að leggja nokkra vinnu af mörkum, og lítil afsökun er því fyrir veitingunni á þessum bankabita handa honum sjálfum, bita, sem raunar er að

ríða honum að fullu í almenningsálitinu.

Þá kom hv. þm. (SE) að því enn, að jeg færi úr einu gróðafyrirtækinu í annað. Jeg sje ekki, hvað það kemur þessu máli við, nema svo sje, að þau fjelög, sem jeg stofna og stend fyrir, *verði* gróðafjelög, en fjelög hv. þm. Dal. tapi stöðugt. En það veit hv. þm. Dal. vel, að jeg myndi í dag, eða hvenær sem er greiða atkv. með því, að þau fyrirtæki, sem jeg er við riðinn, væru lögð undir ríkið.

Þá var hv. þm. drjúgur yfir því, að hann væri fulltrúi Íslands í Íslandsbanka. Jeg spyr: Hvaðan koma launin? Eru það Íslendingar, sem borga honum 24 þús. kr. laun? Er þetta ekki danskur hluthafabanki, sem borgar honum? Í þriðja lagi: Hvenær hefir hv. þm. Dal. sem bankastjóri Íslandsbanka beitt sjer fyrir íslenskum hagsmunum á móti erlendum? Það var ekki vegna íslenskra hagsmuna, að hann veitti sjálfum sjer þennan feita bita, — íslenskra hagsmuna hefðu aðrir getað gætt, ef hægt er að gæta þeirra í þjónustu Dana —, heldur var það löngunin í launin og stöðuna. Enda var alt nógu vel undirbúið fyrirfram. Í fyrsta lagi kom hann því til leiðar, að slík embættisveiting var lögð undir forsrh., en tekin af fjmrh., svo að hv. þm. Dal. gæti sjálfur haft ráðin. Í öðru lagi kom hann því til leiðar, að launin yrðu svona há, 24 þús., og þar sjest einmitt, hversu vel hann gætti hagsmuna Íslands, sem hann segist hafa átt að gæta í bankaráðinu, að hann fær þessi háu laun samþykt með tilstyrk dönsku atkvæðanna í bankaráðinu, sem hann fór með sem trúnaðarmaður Dana þar, og með sínu eigin oddaatkvæði, móti íslensku atkvæðunum. Og loks kórónar hann þennan langa undirbúning með því að veita sjálfum sjer embættið.

Jeg verð að segja, að jeg álít, að eftir slíka frammistöðu færi betur á, að þessi háttvirti herra lægi eins og Fáfnir á danska gullinu í Íslandsbanka, en sæti ekki á Alþingi Íslendinga.

Síðasti kaflinn í ræðu hv. þm. Dal. virtist benda á, að hann væri að reyna að hafa nokkurskonar vakningarsamkomu hjer í hv. deild. Lagði hann ákafa áherslu á, að það, sem hann og aðrir þingmenn þyrftu að gera, væri að standa sameinaðir gegn jafnaðarmönnum í landinu. Svo langt vildi hann ganga, að jafnvel þótt hann hafi oft skýrt frá því áður, að hann teldi rjettlátt að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, þá væri hann því mótfallinn nú, því að þessi aðalandstöðuflokkur hans, sem hann telur nú, mætti alls ekki ná meiri hluta í kjördæminu og koma fleiri mönnum inn á þing. Jeg veit ekki, hvort nokkur þm. hefir nokkurn tíma fallið svo ótrúlega djúpt, í samanburði við fyrri breytni sína, eins og hv. þm. Dal.

Viðvíkjandi þessum margumtöluðu dönsku peningum, sem hv. þm. var að tala um, þá eru það ekki Danir einir, sem hafa styrkt Alþýðuflokkinn eitthvað, heldur bæði Svíar og Englendingar, og myndi væntanlega alþýða ýmissa annara landa gera það, ef honum lægi á. Eins hefir Alþýðuflokkurinn hjer sent peninga til útlanda í þessu sama skyni. Þetta er ekki nema alviðurkend regla, sem allir jafnaðarmenn, hvar sem er í heiminum, skilja og fylgja algerlega. Þeir skilja, að

þeir, sem fótum troðnir eru og erfiða eiga aðstöðuna, eiga að hjálpa hverjir öðrum. Þeir skilja, að samtökin eru mátturinn, sem sigrar að lokum og ryður braut frelsi, jafnrjetti og bræðalagi, þjóðfjelagi jafnaðarmanna. Þeir skilja stjettabaráttuna og að samtökin ganga út á það, að ryðja slíkum flokkum eins og Íhaldsflokknum af stóli, og mönnum eins og hv. þm. Dal., sem í sjerhagsmunaskyni hafa verið að lyfta sjálfum sjer upp í „pólitíska" valdastóla.

Hv. þm. Dal. var hvað eftir annað að spyrja, hvað fjeð væri mikið. Honum kemur það ekki vitundar ögn við. Ef hann gerist meðlimur í einhverju fjelagi Alþýðuflokksins, getur hann fengið að vita það. Reikningarnir eru lesnir og bornir upp í fjelögunum, og það eru hundruð manna, sem vita þetta í landinu.

Að endingu verð jeg að segja það, að við íslenskir jafnaðarmenn skoðum ekki huga okkar tvisvar, ef um er að ræða baráttu milli erlendra verkamanna og hv. þm. Dal., sem er fulltrúi auðvaldsins danska hjer á landi, eða annara samherja hans hjer á landi og annarsstaðar.

Sigurður Eggerz: Síðan jeg kom á þing man jeg aldrei eftir að hafa heyrt eins miklu af ósannindum hrúgað saman í tveimur ræðum eins og í ræðum hv. sessunautar míns og hv. 4. þm. Reykv.

Það var það fyrsta, að jeg væri að ganga á mála hjá íhaldinu. Mjer þætti gaman að sjá, hvaða mál það væru, þar sem jeg mundi ekki halda sömu skoðun fram eins og jeg hefi áður gert, að því undanteknu, sem jeg hefi nú skýrt frá. Og jeg sýndi fram á, að í sjálfu sjer er hugsun mín ekki breytt; en það eru nýir atburðir, svo örlagaþrungnir, sem gera það að verkum, að jeg hlýt með atkvæði mínu að sýna megnustu andstygð á þeim dönsku peningum, sem hafa runnið til stjórnmálastarfsemi í landinu. Það er nefnilega munur á því, hvort peningarnir fara til þess að hjálpa mönnum í verkfalli eða einhverju þess háttar; jeg veit, að það er siður. En þegar peningarnir ganga til stjórnmálastarfsemi, þá er það tvöföld hætta í því landi, sem stendur í því sambandi við annað land eins og Ísland við Danmörku. Það sjá allir, hvaða þýðingu það mundi hafa, ef Alþýðuflokkurinn með fjárstyrk Dana stækkaði miklu meira en svaraði eðlilegri framþróun. Og á slíkri óeðlilegri framþróun Jafnaðarmannaflokksins á Íslandi, sem skapast fyrir danskt fje, hljóta menn að hafa andstygð. Það er stórfurða, að jafnmerkur maður og Stauning, foringi danska stjórnmálaflokksins, skuli vilja veita fje til stjórnmálastarfsemi hjer. Það er í raun og veru á móti anda sambandslaganna. Það er með því verið að hafa áhrif á, hvernig atkvæðagreiðsla á sínum tíma fari fram um það, hvort við eigum sjálfir að eiga okkar land, eða hvort við eigum að eiga það með Dönum. Jeg hefi svo mikla tilfinningu fyrir þjóðinni og landinu, að það hefir sannarlega ekki nein áhrif á mig, þótt jeg heyri þær ræður, sem hv. sessunautur minn og hv. 4. þm. Reykv. flytja um mig persónulega. Því að hvað sem þeir vilja reyna að draga mig persónulega djúpt

niður, þá verða þær skoðanir, sem jeg held fram í sjálfstæðismáli Íslendinga, svo sterkar, að þessir hv. þm. verða í fyllingu tímans að krjúpa á knje fyrir þeim skoðunum.

Jeg sagðist ekki muna að hafa heyrt jafnmiklu af ósannindum hrúgað saman í tveimur ræðum eins og í þessum; og það sýnir best, hvað málstaðurinn er veikur, þegar fyrst og fremst er verið að ráðast persónulega á menn og auk þess ekki hlífst við að fylkja ósannindunum fram á sjálfu fulltrúaþingi Íslendinga.

Eitt var það, sem hv. þm. sagði, og jeg hefi auk þess heyrt, að stæði í blaði jafnaðarmanna á Akureyri, að jeg ætti að vera stór hluthafi í „Morgunblaðinu". Er það nú ekki hart að þurfa að beita slíkum ósannindum? Að öðru leyti verð jeg að segja, að þetta sýnir í raun og veru, hve mjög menn eru hræddir við mig, þó að jeg standi einn, fyrst þeir þurfa að grípa til þessara vopna til að vinna á mjer. Þeir þurfa m. ö. o. að viðhafa allar mögulegar árásir á mig, en þora ekki að standa hjer í nafni sannleikans. Svo langt gengur þessi ósannindavaðall, að hv. 4. þm. Reykv. segir, að jeg sje frímúrari! Jeg veit ekki til þess, að jeg hafi nokkurntíma verið frímúrari. Jeg spyr, hvort þetta sje prýði á þingmönnum, að umgangast sannleikann svona óvarlega hjer á þessari göfugustu samkomu þjóðarinnar.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það mætti á öllu sjá, að jeg væri orðinn gamall. Já, ekki skal deilt um það, og ellin leggur okkur alla að lokum, en svo lengi er maður ekki gamall — a. m. k. ekki í stjórnmálum — meðan maður stendur við sína skoðun, hvort sem fylgja henni fleiri eða færri. Það má hv. 4. þm. Reykv. vita, að auðvitað væri mjer það þægilegra hjer í þingsal — þótt aldurinn sje ekki nema rúm 50 ár, — að lifa í friði við alla, en að þurfa að standa hjer upp og berjast í þeim málum, sem koma hart við ýmsa menn, en sem jeg álít sem höfuðmál þjóðarinnar. Jeg álít, að maður eigi ekki lengur að vera fulltrúi sinnar þjóðar en meðan einurðin er næg til þess að halda fram því, sem rjett er. Ekki myndi hv. 4. þm. Reykv. tala um aldur minn, ef jeg væri í Jafnaðarmannaflokknum. En jeg ber ekki neinn kinnroða gagnvart alþýðu þessa bæjar og þessa lands, því að jeg hefi vissulega oft sýnt það, þegar hún hefir verið með sín örðugu mál, að jeg hefi haldið á hennar málstað. Og ekki hefi jeg altaf hlotið vinsældir fyrir það.

Það var ekki rjett skýrt frá hjá sessunaut mínum, sem hann sagði um framboð mitt. Jafnaðarmenn gerðu mjer orð og lýstu yfir því, að ef jeg byði mig fram, skyldu þeir láta mig hlutlausan. Jeg bað aldrei um fylgi hv. sessunautar míns eða neins úr miðstjórn jafnaðarmanna. En hitt vissi jeg, að þegar það frjettist í herbúðir foringjanna, að alþýðumenn í Hafnarfirði vildu láta mig hlutlausan, þá urðu þeir hræddir við það, að jeg mundi komast að, og þá fóru þeir strax að hamast. Á sama augnabliki og alþýða þessa lands sæi, hvernig foringjar hennar eru, þá myndi hún kasta þeim frá sjer og fá sjer aðra betri. Og það verð jeg að halda, að alþýðan eigi ekki mikla framtíð fyrir höndum, nema hún skilji sinn vitjunartíma, — skilji, að hún á að kasta þessum blöðrurum, sem ekki geta einu sinni horft framan

í sannleikann hjer á þingi. Hún á að kasta þessum blöðrurum frá sjer og taka sína góðu menn, sem hún getur treyst, fyrir foringja, — ekki þá, sem leiða hana út í aðrar eins ófærur og foringjar hennar eru nú að leiða hana. Því að dómur sögunnar mun áreiðanlega verða sá, að þau verk, sem alþýðuforingjarnir eru nú að vinna, þau munu ekki verða hátt skrifuð á sínum tíma í sögu þjóðarinnar.

Hv. sessunautur minn fór enn á ný að gera Íslandsbanka að umræðuefni og fór að tala um launin, 15 þús. með dýrtíðaruppbót. Það voru sömu laun sem Alþingi ákvað í Landsbankanum. Og þegar launin voru ákveðin í Íslandsbanka, þá voru aðrir menn settir inn í bankann en jeg. Annars man jeg ekki, hvernig atkvæðagreiðslan fjell í bankaráðinu, og má heldur ekki skýra frá henni, því jeg er bundinn þagnarskyldu. En hvernig ætti háttv. sessunautur minn að vita, hvað stæði í bankaprótokollunum?

Jeg færði hinsvegar launin úr 40 þús. kr. niður í 24 þús., en sú upphæð minkar, ef dýrtíðin breytist. Er jeg viss um, að ef hv. sessunautur minn hefði gert slíkt, hefði hann haldið langa lofræðu um sig á þingi. Mundi hafa þótt muna um minni lækkun en 16 þúsundir.

Hv. sessunautur minn vildi enn halda fram, að þeir menn, sem skipaðir væru af ríkisstjórninni, sætu af danskri náð. Hverjum mundi detta í hug, að hæstv. forsrh., sem er formaður bankaráðs, sæti af danskri náð? Nei, sannleikurinn er sá, að þau áhrif sem jeg hefi haft á Íslandsbanka, koma m. a. fram í því, að nú eru allir bankastjórarnir orðnir íslenskir; hinna áhrifanna gætir ekki neitt. Hv. þm. er hvað eftir annað að ráðast á Íslandsbanka, en athugar ekki, að þessi banki er mikilsverður liður í viðskiftalífi þjóðarinnar, og ætti hann þó, sem er hagfræðingur, að geta skilið þetta.

Það er skilningur á stórmálum þjóðarinnar, sem hjer vantar. Jeg fæ ekki tækifæri til að tala oftar við þessa umræðu. En jeg vona, að fulltrúar þjóðarinnar, sem hjer eiga sæti, geri sjer ljóst, hvílík alvara er á ferðum, ef danskt fjármagn nær að hafa áhrif á ísl. þjóðmál og ef sjerstakur danskur flokkur nær að rísa upp í landinu.

Magnús Jónsson: Jeg þarf ekki mörgu að svara hjer, en mun þó víkja að nokkrum atriðum.

Hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv., var að tala um, að jeg hefði sýnt, að jeg væri á móti því, að kosið yrði til Alþingis með hlutfallskosningum um land alt. Hann á hjer líklega við brtt. við stjórnarskrána, sem hann bar fram á síðasta þingi. En í þeim till. var ýmislegt annað, sem jeg get ekki fallist á, svo það er engin sönnun í þessu efni, þótt jeg hafi verið andvígur þeim. Líka er það sitthvað, að fylgja hlutfallskosningum um land alt, eða telja það kjördæmaskipulag, sem nú er, ilt og úrelt. Annars býst jeg við, að flestir flokksmenn mínir sjeu á annari skoðun en jeg í þessu máli. Þótt þessum hv. þm. kunni að þykja undarlegt, að menn innan sama flokks megi hafa misjafnar skoðanir um einstök atriði, þá get jeg frætt hann á því, að þetta viðgengst í mínum flokki.

Jeg hefi áður verið því fylgjandi,

að Hafnarfjörður fengi sjerstakan þm. En jeg hefi viljað láta það vera bundið því skilyrði, að sýslan hefði tvo þm. eftir sem áður, eins og hv. 2. þm. Eyf., þótt nú sje ekki annað sýnna en að hann ætli að hverfa frá þessari skoðun sinni.

Þá er það háttv. 4. þm. Reykv. Jeg þarf að vísu fáu að svara honum, því að það er einmitt eitt af einkennum þessa hv. þm., að ekki er þörf á að svara honum mörgu. Hann var að bregða hv. þm. Dal. um það, að hann væri frímúrari eða Oddfellow, og átti það víst að vera honum til óbætanlegrar skammar. Jeg er frímúrari sjálfur, og get frætt hann á því, að þótt lög og reglur þess fjelagsskapar sjeu eigi á annara vitorði en fjelagsmanna, þá er þó óhætt að segja frá svo miklu um frímúrarafjelagið, að það hefir ekki tekið við neinum fjárstyrk af Dönum til áhugamála sinna, og hefir ekki annað fje með höndum en það, sem meðlimir hjer á landi láta af mörkum. Þetta vindhögg hv. þm. verður því ekki að neinu liði.

Þá vildi jeg snúa mjer lítið eitt að hv. þm. Mýr. Hann bar fram þá sönnun fyrir því, hve mikill skaðræðismaður hv. 1. þm. G.-K. (BK) væri samvinnufjelögunum, að þau hefðu höfðað mál á hann. (**BÁ**: Og fengið hann dæmdan). Já, og fengið hann dæmdan. En hvað sannar það í þessu máli? Menn hafa á öllum öldum verið ofsóttir og jafnvel líflátnir fyrir að hafa þær skoðanir, sem síðar reyndust sannar og góðar og fjölda manns til hagsbóta og blessunar. Það er engin sönnun fyrir illvilja þessa hv. þm. í garð samvinnufjelaganna, þótt lagabókstafurinn kunni að hafa náð til hans. Að skoðun hans kemur í bága við stefnu helstu samvinnuforkólfanna hjer, stafar af því einu, að hann álítur, að fjelögin þurfi að komast á heilbrigðari grundvöll en þau eru á nú.

Þá talaði hv. þm. um það, að jeg væri guðfræðingur, og átti það víst að vera eitthvað niðrandi. (**BÁ**: Guðfróður). Jeg vildi benda þessum hv. þm. á, að það er góð regla, að kasta ekki hnútum í aðra en þá, sem hann ætlar að hæfa! Jeg get bent honum á menn í hans eigin flokki, t. d. hæstv. forsrh. og hv. þm. V.-Ísf., sem báðir eru menn vel „guðfróðir". Þá kallaði hann mig hjartnanna og nýrnanna rannsakara. Jeg fyrir mitt leyti hefi ávalt heyrt átt við alt annan með þeim orðum.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt í þingræðu, að Framsóknarflokkurinn væri skipaður tómum ódrengjum. Annar maður hefir sagt mjer hið sama utanþings, og er mjer kærkomið að fá tækifæri til að leiðrjetta þetta, því að þetta hefi jeg aldrei sagt. Hitt sagði jeg, að jeg treysti því, að of margir góðir drengir væru í flokknum, til að þeir fylgdu stjórninni að því máli, sem þá var til umræðu, og að ömurlegt væri, að stjórnin skyldi þurfa að óska, að drengskapurinn væri sem minstur. Jeg vil því benda þessum hv. þm. á, að það er líka góð regla að rangfæra ekki orð manna, því að venjulega hafa menn nóg að hengja hattinn sinn á, þótt þeir færi ekki ummæli andstæðinganna til verri vegar.

Þá talaði hv. þm. um danskan verslunarfróðan mann, er altaf talaði í prósentum. Átti víst að heimfæra dæmið upp á mig, vegna þess að hann sagði, að jeg væri altaf að tala um verslun á milli Framsóknar og jafn-

aðarmanna. Hvað sem um það er, þá er víst og alkunnugt, að framsóknarmenn og jafnaðarmenn eru í samvinnu, og að jafnaðarmenn eru farnir að ganga nokkuð langt í kröfum sínum, svo langt, að undarlegt má heita, ef bændaflokkur getur unað við slíkt lengur. Í því máli, er hjer liggur fyrir, hefir einn framsóknarmaður, hv. 2. þm. Eyf., horfið frá fyrri skoðun sinni til að hlýðnast þessum kröfum, og þá fer að verða ástæða til að ætla, að nokkuð fast sje á eftir þjappað, er framsóknarmenn fá ekki að fylgja fram yfirlýstri sannfæringu sinni.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði verið að ávíta sig fyrir að deila á hv. þm. Barð. og að hann myndi fara sínu fram um slíkt eftirleiðis. Hann myndi ekki ráðast á menn að fyrra bragði, en taka á móti, ef á sig væri leitað. Það var nú einmitt þessi regla, sem allar stórþjóðirnar sögðust fylgja í ófriðnum mikla. Frakkar, Rússar, Þjóðverjar, allir sögðu það sama: Við rjeðumst ekki á neinn að fyrra bragði, en tókum á móti, þegar á okkur var leitað. Þetta er regla, sem allir ýfingamenn þykjast fylgja.

Jeg talaði aldrei um, að hv. þm. væri ekki leyfilegt að finna að við hv. þm. Barð. Jeg taldi það aðeins illa við eiga að ráðast á menn með persónulegum aðdróttunum um gáfnaskort og þesshættar. Hv. þm. fylgir ekki reglu sinni betur en svo, að hann ræðst gersamlega tilefnislaust á hv. þm. Barð. í næstum fyrsta skifti, sem hann stendur upp hjer í deildinni.

Haraldur Guðmundsson: Mjer er skamtaður stuttur tími að þessu sinni og veit satt að segja varla, hvernig jeg á að skifta honum niður.

Jeg vildi segja hv. 1. þm. Reykv. það, að undarlega fer honum, er hann bregður okkur andstæðingum sínum um loddaraskap og hræsni í málflutningi okkar, því að hjer á þingi er enginn maður þektari að því en hann að vera óvandaður í málflutningi. Hann hefir bæði nú og endranær legið á því lúalagi að gera þeim þingmönnum, sem búnir eru að tala út, orðin upp og hrekja síðan það, sem hann sjálfur hefir lagt þeim í munn. Nú gerist hann svo brjóstheill, að hann ávítar hv. þm. Mýr. að ástæðulausu fyrir þetta sama. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að aðeins væri *ein* ástæða til skiftingarinnar. Vitanlega sagði jeg það aldrei, heldur, að sú ástæða, er jeg þá nefndi, væri *nægileg* ástæða. Ennfremur sagði hann, að jeg hefði sagt, að á þennan hátt væri bætt úr misrjetti milli flokkanna. Jeg sagði, að þetta væri eitt spor í rjetta átt. Þá sagði hann, að jeg hefði sagt, að þm. G.-K. sætu í óþökk kjósenda sinna. Jeg sagði, að þeir sætu í óþökk mikils meiri hluta kjósenda í stærsta kaupstaðnum í kjördæminu. Annars býst jeg við, að við sitjum báðir í óþökk einhverra kjósenda. Hv. 1. þm. Reykv. situr t. d. í óþökk fleiri kjósenda en nokkur þjóðkjörinn þm. annar. En reykvískum kjósendum má vera það til huggunar, að þeir hafa fleiri fulltrúum á að skipa en honum einum. En báðir þm. G.-K. sitja í fullri óþökk Hafnfirðinga, og því er þar brýnust þörf umbóta.

Hv. þm. spurði mig, hvort jeg treysti mjer til að koma á þannig lagaðri kjördæmaskipun, að þingmenn

sætu ekki í óþökk neinna kjósenda. Hvorki jeg nje aðrir hafa búist við eða ætlast til, að svo yrði, en hins krefjast allir rjettsýnir menn, að þingmenn sitji í hlutfallslega jafnmikilli óþökk kjósenda. Til þess hefir verið bent á tvær leiðir, hlutbundnar kosningar og skiftingu landsins í einmenningskjördæmi, ásamt uppbótarþingsætum.

Þá verð jeg að minnast lítið eitt á síðasta neyðaróp hv. þm. Dal. um að verja föðurlandið fyrir jafnaðarmönnum. Þetta síðasta harmakvein deyjandi stjórnmálamanns minti mig á „svanasönginn". Þótt hann setti hljóðan, er hann heyrði talað um „danska gullið", þá bar ræða hans þess ljósan vott, að hann hefir nú fengið málið aftur. Annars mega það heita brjóstheilindi í mesta lagi, að þessi hv. þm., sem lifir, andar og hrærist í dönsku gulli, skuli leyfa sjer að telja þjóðerninu og sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í voða, er íslenskir jafnaðarmenn fá styrk frá flokksbræðrum sínum erlendis. Reyndi hann að sýna fram á það með miklum fjálgleik, hve ógurleg hætta væri á ferðum, og taldi, að Danir væru að koma sjer upp stjórnmálaflokki fyrir 1943. Þetta var meiningin hjá honum, ef nokkur meining var í hinni skáldlegu ræðu hans. Jeg skal engu spá um úrslit málanna 1943. En ekki þætti mjer ólíklegt, að þessi langt leiddi stjórnmálamaður fengi að sjá, að aðrir gengju þá eins langt í rjettarkröfum vorum eins og hann, ef hann verður þá uppi.

Hv. þm. fór að tala um holdafar hv. 2. þm. Reykv. Það hefir nú áður verið talað um holdafar hans sjálfs, en hvort það var andlegt eða líkamlegt holdafar, veit jeg ekki. En annars á hún hjer við sagan um feitu og mögru kýrnar hans Faraós. A. m. k. verður ekki annað sjeð en að hv. þm. Dal. rúmist prýðilega innan í hv. 2. þm. G.-K. án þess þó, að sá hv. þm. verði þar fyrir nokkru bústnari en hann áður var.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins slá því föstu, að enginn af hv. þm. jafnaðarmanna hefir haft þrek til að segja, hve mikið þeim hafi fallið í skaut af danska gullinu. En ef þær sögur eru sannar, sem af því ganga, þá er ástæða til, að þjóðinni blöskri. Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að jeg lifði, andaði og hrærðist í dönsku gulli. En hann gleymir að geta þess, að hann, æskumaðurinn með allar hugsjónirnar, hóf einmitt starfsferil sinn í deild þess sama banka, sem jeg veiti forstöðu, og var víst ósköp ánægður með að vera þar.

Jeg þarf ekki að virða þau ummæli svars, að jeg sje genginn inn í Íhaldsflokkinn. Allir vita, að jeg hefi frá upphafi verið stefnumálum mínum trúr og að sjálfstæðismálið er mitt fyrsta og mesta stefnumál. En þegar ungir og efnilegir menn komast á slíkan klafa sem hv. þm. Ísaf., þá er von, að honum verði þungt um andardráttinn.

Haraldur Guðmundsson: Jeg vil upplýsa í tilefni af ummælum hv. þm. Dal., að jeg var starfsmaður Íslandsbanka á Ísafirði um 3—4 ára skeið. En er jeg bauð mig fram við kosningarnar 1923, hafði bankinn ekki lengur þörf fyrir starfskrafta mína, að því er útibússtjórinn tjáði mjer.

Ólafur Thors: Margir þeirra, sem jeg hefði þurft af andmæla hjer, eru nú dauðir. Mun jeg því reyna að tala áreitnislaust í garð allra, en víkja að málinu, sem fyrir liggur.

Jeg vil benda á það, að hv. þm. jafnaðarmanna hafa lagt mikið upp úr því, að þeir kjósendur úr Hafnarfirði, sem sent hafa mótmæli gegn skiftingu kjördæmisins, hafi ekki notað orðið „mótmæli", heldur aðeins sagt, að þeir kysu núverandi skipulag. Jeg get nú ekki sjeð neitt á móti því, að full kurteisi sje viðhöfð í erindum til Alþingis, þótt þeir menn, sem skrifað hafa orðið „hnefarjettur" á spássíu stefnuskrár sinnar, sjeu á annari skoðun. Hv. 2. þm. Reykv. skýrði frá, að 650 kjósendur í Hafnarfirði hefðu skorað á stjórnina að samþykkja þetta frv. Hv. þm. Ísaf. skýrði frá því, að 325 kjósendur hefðu sent Alþingi erindi um það, að þeir kysu fremur núverandi skipulag. Af því ályktar hann, að allir aðrir kjósendur sjeu með skiftingunni. Nú er 1301 kjósandi í Hafnarfirði, og mætti þá með sama rjetti álykta, að 650 væru með frumv., en 651 á móti. (**HG:** Hvers vegna var ekki náð í þá, sem á vantar?).

Annars vil jeg geta þess, að þessir 650, sem skrifað hafa undir hjá jafnaðarmönnum, eru ekki nærri allir kjósendur, heldur allskonar lýður, sem þeir hafa smalað saman. Þetta er jeg reiðubúinn að sanna, hvenær sem er. Þá vildu háttv. jafnaðarmenn gera mikið úr áskorun bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, þar sem 6 bæjarfulltrúar væru með henni, en aðeins einn á móti. Hvernig á því stóð, að ekki voru fleiri á móti, hefi jeg þegar upplýst. Tveir fulltrúar íhaldsmanna í bæjarstjórninni voru veikir, þegar áskorun þessi var til umræðu, og gátu því ekki greitt atkvæði. Út af veikindum þessara manna fann háttv. 2. þm. Reykv. ástæðu til að segja, að svo væri venjulega, þegar menn þyrðu ekki að greiða atkvæði.

Jeg þekki nú alls ekki dæmi þess, að menn verði veikir af ótta, nema ef vera kynni eitt. Á pólitískum fundi, sem haldinn var hjer í bænum ekki alls fyrir löngu, var staddur meðal annara núverandi háttv. 2. þm. Reykv. og ljet mikið á sjer bera. Deildi hann fast á Íhaldsflokkinn fyrir fjármálastjórnina. Í miðri ræðu varð honum litið um öxl og sá þá kominn fyrv. forsrh. (JÞ), en hans var ekki von á fundinn. Brá hv. þm. svo við sjón þessa, að hann misti málið, kvaðst veikur og hætti.

Þá hefir því verið haldið fram af háttv. þm. Ísaf., að jeg sæti hjer á Alþingi í vanþökk minna kjósenda. En svo jeg noti hans eigin rök, þá vil jeg upplýsa hann um það, að miðhlutinn úr Ísafirði er engu síður á móti honum en Hafnarfjörður kann að vera á móti mjer. (**HG:** Jeg fylgist ekki með þessari röksemdafærslu hv. þm.). Jeg get ekki gert að því, þó að háttv. þm. Ísaf. sje skilningslaus eða skilningssljór.

Hv. 4. þm. Reykv. má jeg ekki vera að svara eins og skyldi. Hann las feiknin öll upp úr Vídalínspostillu, en því miður skildi víst enginn, hvað sá lestur átti að þýða. En jeg vil spyrja hann, hvort hann hafi talað fyrir hönd flokks síns, þegar hann sagði, að jeg hefði þjónað mínum eigin hagsmunum í Hellyersmálinu. Hafi hann gert það, þá tel jeg flokksmenn hans ódrengi.

Því eins og kunnugt er, var jeg sáttasemjari í því máli og bar gæfu til að leiða það til farsællegra lykta.

Jeg hefði haft ástæðu til þess að svara háttv. þm. Mýr. töluverðu, en því miður get jeg það ekki, þar eð mjer er markaður tími. Þó vil jeg skjóta því til hans, að mjer fanst undarlegt, að hann skyldi leyfa sjer að tala með vanþóknun til þeirra, sem hann taldi tala frá sjónarmiði einstakra flokka, þar sem öll ræða hans í gær snerist um það eitt, að nauðsyn bæri til að bæta jafnaðarmönnum upp eitthvert ranglæti, sem hann taldi, að þeir yrðu að líða, og fyrir þá sök aðhyltist hann frv. þetta. Ef þetta er ekki að tala fyrir hagsmunum einstakra flokka, þá veit jeg ekki, hvað það er.

Þá sagði þessi háttv. þm., að það hefði verið mikið áhugamál bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu að fá hinn mæta bónda Magnús Þorlákssson á Blikastöðum til þingsetu á síðastliðnu vori. Um þær óskir er mjer alls ekki kunnugt; jeg hefi ekki heyrt þær fyrri. En gaman þætti mjer að vita, hvort hv. þm. Mýr. mundi þá hafa stutt kosningu Magnúsar. Annars held jeg, að okkur þingmönnum G.-K. sje ekki frekar en öðrum ofvaxið að kynna okkur þarfir beggja aðalatvinnuvega landsmanna. Jeg skal fúslega játa, að jeg hefi ekki gert það enn sem skyldi. En aftur á móti er hv. samþm. minn kunnugri þörfum landbúnaðarins en margur bóndinn, og það meira að segja kunnugri en hv. þm. Mýr., sem þó sjálfur er bóndi, og ekki í röð hinna lakari.

Það er alveg rjett, að samþingismaður minn, Björn Kristjánsson, skrifaði einu sinni ádeilurit á samábyrgðina. En jeg vil spyrja: Hvað á sá maður að gera, sem er sannfærður um það, að bændastjettinni standi voði af samábyrgðinni, þegar hann hefir ekki aðstöðu til þess að fyrirbyggja voðann á löggjafarþinginu? Eina leiðin er sú, sem þessi maður greip til, að skýra alþjóð manna frá þessari skoðun sinni. En hvers vegna reiddust sambandsmenn þessu riti svo greipilega sem raun varð á? Vitanlega ekki af öðru en að það var svo mætur maður, sem ritið skrifaði. Þeir vissu, að orð hans myndu verða tekin fullkomlega til greina. Þess vegna drógu þeir hann líka fyrir lög og dóm og heimtuðu hvorki meira eða minna en ½ milj. kr. í skaðabætur. En hvernig fór? Þeir fengu engar skaðabætur, heldur aðeins nokkur orð í ritinu dæmd dauð og ómerk, og þegar þess er gætt, hversu mjög það er erfitt að skrifa ádeilurit svo, að þar sje ekkert orð ofsagt frá sjónarmiði dómstólanna, þá verður ekki sagt, að hjer hafi verið um árás að ræða.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að deila lengur um þetta mál. Það er augljóst orðið, að Framsóknarflokkurinn hefir gert það að flokksmáli. Mun það því vera rjett, sem hv. 1. þm. Reykv. gat upp á í dag, að um það hefðu verið gerðir samningar fyrirfram milli beggja stjórnarflokkanna. Koma nú fram fríðindin, sem framsóknarmenn verða að gjalda jafnaðarmönnum fyrir ráðherrasætin.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg gefa stutta yfirlýsingu, án þess þó að hafa spurt hv. þm. Dal., hvernig hann myndi taka henni. Jeg er nefnilega orðinn sárþreyttur á hinum stöðugu árásum á hv. þm. Dal., bæði í blöðum

og hjer á Alþingi, fyrir það að hafa veitt sjálfum sjer bankastjóraembættið. Mjer er kunnugt um, að þegar hann ákvað að veita sjálfum sjer embættið, stóð hann í þeirri meiningu, að embættið stæði sjer til boða á annan hátt, og *hann hafði fulla ástæðu til þess*. Mjer hefir því altaf virst, og virðist enn, að hann verða fyrir ósæmilegu aðkasti af þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Af því að jeg dró það í efa, að íhaldsmennirnir í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefðu verið veikir, þegar atkvgr. um áskorun þá, sem bæjarstjórnin hefir sent hingað viðvíkjandi þessu máli, fór fram, fann hv. 2. þm. G.-K. ástæðu til að minnast á það hjer, að jeg hefði orðið veikur á kjósendafundi hjer síðastliðið vor, og taldi þm., að jeg hefði veikst af því að sjá ofurmennið, þáverandi forsætisráðherra, en núverandi hv. 3. landsk., Jón Þorlákssson. Jeg verð nú að segja, að mjer finst lítið drengilegt af háttv. þm. að fara að koma með þetta hjer, þar sem hann vissi, að jeg var þá veikur og undir læknishendi, og að veikindi mín voru því ekkert í sambandi við komu þessa manns á fundinn. Hefi jeg svo oft mætt þeim manni á fundum, að mjer finst heldur grátt gaman að bregða mjer um, að jeg þori ekki að tala að honum áheyrandi, þegar mörg hundruð manna vissu, að jeg var veikur, enda hygg jeg, að ræða mín hafi ekki náð í hans garð. En hvað um það. Þetta er þó ekki samanberandi, þar sem jeg hjelt ræðu mína til enda, þrátt fyrir veikindin og þótt jeg yrði að hvíla mig í tæpar 5 mínútur, og er það meira en hafnfirsku íhaldsmennirnir hefðu gert, sem ljetu sig vanta við einfalda atkvgr.

Að endingu vil jeg segja það, að ef íhaldsflokkurinn hefði að undanförnu barist eins ötullega fyrir rjettlátum málstað eins og hann berst nú fyrir ranglátum, þá myndi hann verá fjölmennari hjer á þinginu.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg viðurkenni, að umræðurnar um þetta mál eru þegar orðnar langar, og skal því ekki tefja þær lengi.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að hv. þm. Ísaf. og taka það fram, að hafi jeg viðhaft óþingleg orð í hans garð, þá var það ekki ætlun mín. Hafi jeg t. d. talað um strákskap, þá var það í alt öðru sambandi en hann hjelt, og því alls ekki meint til hans, öðruvísi en á þann hátt, að framkoma hans með orðum þeim, er hann víkur til mín og annara andstæðinga sinna, bendi óþægilega mikið á, að ummæli mín sjeu fullkomlega rjettmæt. Annars er það galli, en ekki löstur, þó að menn komi klaufalega fyrir sig orði. Jeg vænti því, að hann taki það ekki illa upp fyrir mjer, þó að jeg segi honum það, að það er betra að vera grunnhygginn heldur en að vera vitur, eins og hv. þm. heldur sig vera, og nota hyggindi sín til þess, er miður má fara. En því miður held jeg, að það hendi þennan hv. þm. oftar en ætti að vera. Þá var þessi hv. þm. að tala um fótaferð og leti. Jeg skildi hreint og beint ekkert, hvað hann meinti með því; a. m. k. mintist jeg ekki á neitt í þá átt, sem ekki var heldur von, því að um slíka hluti varðar

mig ekki neitt, enda þótt jeg hafi heyrt svo sagt frá vinnubrögðum hinnar sælu sparnaðarnefndar, að þegar Haraldur Guðmundsson kæmi á fætur, væri heiðursmaðurinn Björn í Grafarholti sofnaður.

Jeg þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir það, að hann vildi bera hönd fyrir höfuð mjer, sem jeg þó álít, að ekki þyrfti, gagnvart hv. þm. Mýr. Hv. þm. Mýr. var að tala um ósjálfstæði annara. Út af þeim ummælum vildi jeg benda honum á sína eigin nekt hvað sjálfstæðið snertir. Hann sagði meðal annars, að Framsóknarflokkurinn vildi ganga að hverju máli með sanngirni og kurteisi. Út af þessum fögru orðum vil jeg spyrja háttv. þm.: Var framkoma þessa flokks samkvæmt þessu, þegar kosningin í Norður-Ísafjarðarsýslu var til umræðu? Þá vorum við íhaldsmenn bornir þeim brigslum, að við vildum vinna hvert mál með svikum og undirferli, ef við gætum það ekki á annan hátt. Jeg vildi, að hv. þm. Mýr. vildi svara þessu, og þá sjerstaklega þar sem hann var að hrósa sjer af því áðan, að hann væri svo grandvar, að hann rjeðist ekki á menn að fyrrabragði. Hvað sjálfstæðið snertir, þá verð jeg að segja það, að ekki er útlit fyrir, að hann hafi of mikið af því, þar sem hann hafði ekki þrek til þess að greiða atkv. um það, hvort taka skyldi gilda kosningu eins þm. eða ekki. Jeg býst við, að honum hefði þótt slíkt vöntun á sjálfstæði, ef jeg eða einhver samflokksmaður minn hefði átt í hlut.

Það er nú svo, að margt getur komið fyrir á langri lífsleið, og einnig það, að jeg lendi í tjóðurbandi einhvers manns eða flokks, eins og hv. þm. var að giska á; en þá vænti jeg þess, að það verði ekki sökum þess, að jeg mæni svo mjög til einhverrar sneiðar, sem kynni að vera á borðum tjóðraranna. Annars þótti mjer leiðinlegt, að þessi myndarlegi og mjer sagt góði maður skyldi viðhafa þau orð, að jeg færi hjer með hrottaskap, því að slíkt var alls ekki. En jeg vona, að hv. þm. reiðist mjer ekki, þó að jeg segi, að hann hafi þá ekki farið með hógværð.

Því, sem hv. þm. Mýr. beindi til hv. 1. þm. G.-K., sem ekki á sæti hjer í deildinni, hefir þegar verið svarað af öðrum, og þarf jeg því ekki um það að fjölyrða. En jeg vænti, að við hv. þm. Mýr. getum verið sammála um, að það kemur oft fyrir, að orð manna eru dæmd dauð og ómerk, og að sá, sem skrifað hefir, er ekkert í minna áliti eftir en áður.

Að sjálfsögðu óska jeg hv. þm. Mýr. allrar sæmdar. En jeg er ekki viss um, að dómur sögunnar verði sá, þegar samanburður verður gerður á honum og hv. 1. þm. G.-K., að hann verði talinn mikilmenni, en hinn lítilmenni.

Jeg er alls ekki að ásaka þennan hv. þm. fyrir það, þó að hann rjetti jafnaðarmönnum höndina. Hví skyldi hann ekki gera það, ef hann telur það rjett? En það finst mjer óviðkunnanlegt af honum, að vera að brigsla andstæðingunum, sem hafa aðra skoðun en hann, um ofríki og yfirgang. Slíkar ákúrur finnast mjer óviðeigandi og ósæmilegar, og það því fremur, þegar þær koma frá myndarlegum og greindum manni.

Jeg vænti nú, að jeg hafi ekki beitt þeim hrottaskap, að hv. þm. finni ástæðu til þess að finna að framkomu minni gagnvart sjer.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka frekar til máls að þessu sinni, en svo má lengi brýna deigt járn, að bíti um síðir. Jeg vil þá fyrst snúa mjer að hv. 1. þm. Reykv. Hann sagði, að jeg hefði verið með árás á guðfræðinga. Ja, margt heyrir maður undarlegt frá þessum hv. þm. fleira en það, að líf stjórnarinnar væri undir því komið, að innan flokksins væri sem fæst af góðum drengjum.

Hið eina, sem jeg mintist á guðfræði, var í sambandi við það, að þessi hv. þm. væri sjálfur guðfræðingur, en jeg á bágt með að trúa því, að hann telji það árás á guðfræðingana.

Þá tel jeg enn ástæðu til að segja hv. þm. það, og vil helst ekki þurfa þess oftar, að þó að við framsóknarmenn sjeum andstæðir jafnaðarmönnum um ýms stefnumál, þá getum við unnið með þeim að vissum málum, enda væri það hin mesta þröngsýni að hafna góðu og sanngjörnu máli fyrir það eitt, að það er komið frá jafnaðarmönnum. Finst mjer, að hv. þm. ætti að geta fallist á það.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að jeg hefði í fyrri ræðu minni verið með slettur um gáfnafar háttv. þm. Barð. Þessu vil jeg mótmæla. Jeg sagði í sambandi við orð hans um það, sem hann leyfði sjer að kalla undirlægjuhátt okkar framsóknarmanna, að það væri ekki nema „eðlilegt, þó að þessari andlegu sjálfstæðishetju rynni til rifja okkar vesaldómur", og geta allir háttv. þm. um það dæmt, hverjar árásir eru í þessu fólgnar á gáfnafar þingmannsins.

Þá var það háttv. 2. þm. G.-K., sem hjelt því fram, að höfuðrök mín fyrir skiftingu kjördæmisins hefðu verið þau, að jafnaðarmenn ættu rjett á því að fá hjer þingsæti. En þm. hefir þá misskilið mig hraparlega. Það var hitt, sem jeg hjelt fram, að höfuðrökin á móti skiftingunni mættu enganveginn vera þau, að við það ynnu jafnaðarmenn þingsæti. En á þessu er ærinn munur. Og í sambandi við þetta tók jeg það fram, að innan Jafnaðarmannaflokksins væru tvær stefnur uppi: þingræðisstefnan og byltingastefnan. Og jeg benti á, að með því að reka jafnaðarmenn út úr þinginu þá værum við að bjóða „kommunismanum" heim, því að jafnaðarmenn gæfust ekki upp og legðu ekki árar í skut, þó að við ramman reip væri að draga.

Þá var hv. þm. Barð. að álasa mjer fyrir það, að jeg hefði ekki greitt atkv. um, hvort taka skyldi kosningu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gilda eða ekki. Jeg hjelt hann væri nú orðinn svo þingvanur, að hann vissi, að þm. greiða iðulega ekki atkv., og það heill flokkur manna, af ásettu og yfirlögðu ráði; enda geta menn oft á þann hátt látið skoðun sína í ljós engu óskýrar en þó um atkvgr. væri að ræða. Þetta fyrirbrigði er heldur ekki óþekt innan Íhaldsflokksins. Og þessu til sönnunar vil jeg minna þm. á, að á þingi 1924, þegar gengið var til atkv. um, hvort taka skyldi kosningu Sigurjóns Jónssonar gilda eða ekki, þá sat hv. þm. Barð. hjá og greiddi ekki atkv. (**HK:** Jeg leyfi mjer að mótmæla þessu). Jeg hefi hjer fyrir framan mig Alþt. frá 1924, og þar stendur þetta skýrum stöfum. Þess vegna finst mjer það koma úr hörðustu átt, að þessi hv. þm.

sje að álasa öðrum fyrir að greiða ekki atkvæði.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg vil leyfa mjer að lýsa þetta ósannindi. Þegar þessi atkvgr. fór fram, var jeg veikur og hafði því engin afskifti af málinu, hvorki í umr. nje atkvgr. Háttv. þm. Mýr. hefir því gripið í öfugan enda á sönnunargögnunum.

Bernharð Stefánsson: Það er ekki satt, að hv. þm. Barð. væri fjarstaddur, er atkvgr. fór fram um kosningu Sigurjóns Jónssonar. Hann var staddur hjer í þingsalnum, en neitaði að greiða atkv.; bæði man jeg eftir atvikinu og svo stendur þetta í Alþt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV.

nei: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, BSv.

2.—3. gr. samþ. með 15:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:10 atkv.

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 36).

Ólafur Thors: Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá, vegna þess að jeg geri ráð fyrir að koma með brtt., sem enn eru ekki tilbúnar. Jeg sje ekki, að þetta ætti neitt að verða til tafar málinu, eða að fylgjendur þess þurfi þess vegna að óttast um framgang þess, þar sem svo skamt er liðið á þingtímann.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 15. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 36, 173, 191, 192).

Afbrigði um brtt. 191,2, sem of seint var útbýtt, leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, BSt, BSv.

nei: EJ, GunnS, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

Einn þm. (PO) fjarstaddur.

Ólafur Thors: Eftir að frjettin um atkvgr. við 2. umr. þessa máls barst út, hafa að mjer streymt áskoranir hvarvetna að úr Gullbringu- og Kjósarsýslu um að reyna að vernda til hins ítrasta rjett kjördæmisins til að hafa tvo þm. Því hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 173 um það, að Hafnarfjörður hafi einn þingmann og sýslan tvo. Sá jeg mjer ekki annað fært, eftir því sem málinu var komið, en að bera fram þessa till., þó að mjer hinsvegar þyki ilt að stinga upp á því að fjölga þingmönnum.

Samt eru ástæður til þess, að jeg get borið þessa till. fram með góðri samvisku. Jafnvel þó að sýslan eigi nú ein að velja þá tvo þingmenn, sem Hafnarfjörður hefir valið með henni áður, þá verða samt svo margir kjósendur að baki hvorum þeirra, — þegar miðað er við alla kjósendur í kjör-

dæminu —, að 14 þm. aðrir hafa *færri* að baki sjer. 1926 var íbúatalan í Gullbringu- og Kjósarsýslu 4286. Eigi nú sýslan að kjósa tvo þm., verður sú íbúatala, er stendur að hvorum þeirra, álíka og hjá 20—25 öðrum kjördæmakosnum þingmönnum.

Jeg ætla mjer að forðast að koma nú fram með ný deiluefni. Þó verð jeg aðeins að minnast á brtt. háttv. þm. Mýr. á þskj. 192. Hann leggur til, að sýslan haldi tveim þm., en henni sje þá jafnframt skift í einmenningskjördæmi. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg ætla að svo stöddu að greiða atkv. á móti þessari till., aðeins til að ganga úr skugga um, hvort sýslubúar óski þessarar breytingar, sem jeg nú einna helst tel líklegt. Og er því líklegt, að jeg muni fylgja honum í því að flytja frv. sama efnis á næsta þingi. Getur af þessu engin hætta stafað, af því að kosningar eru nú nýlega um garð gengnar og eiga ekki, að öllu forfallalausu, að fara fram aftur fyr en 1931. Er því nægur tími til að grenslast eftir vilja kjósenda um þetta efni.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi borið fram 2 brtt. á þskj. 191, en háttv. deild hefir nú neitað um, að seinni brtt., sem er við fyrirsögn frv. sjálfs, fái að koma til atkv.

Áður á þessu þingi, og einnig á fyrri þingum, hefi jeg gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að þeir 2 kaupstaðir, sem ekki hafa sjerstaka þingmenn, eigi nokkra sanngirniskröfu til að verða sjerstök kjördæmi, eins og aðrir kaupstaðir landsins eru. En úr því að deildin vildi ekki leyfa atkvgr. um brtt. við fyrirsögn frv., sje jeg enga ástæðu til að fjölyrða um þetta. Þó að brtt. mín við brtt. á þskj. 173 megi koma til atkv., getur hún ekki átt við lengur, fyrst frv. á að heita frv. um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu, og annað ekki. Jeg held því, að hæstv. forseti sje neyddur til að vísa henni frá. Og með því að jeg sje hug hv. deildar til þessa máls, tek jeg till. aftur. En það verð jeg að segja að lokum, að betur hefði jeg unnað öðrum mönnum sæmdar af því þrekvirki, að neita um lítilsháttar afbrigði frá þingsköpum, en þeim, sem til þess urðu.

Magnús Jónsson: Upp á síðkastið eru farnir að gerast heldur einkennilegir atburðir hjer í deildinni. Menn muna, að við 2. umr. þessa máls upplýstist það frá jafnaðarmönnum, að alt tal þeirra um að bæta úr órjetti Hafnfirðinga var í þeim tilgangi gert að útvega flokknum eitt þingsæti. En nú, þegar boðið er að bæta enn meir úr þeim órjetti, sem þeir hafa liðið vegna kjördæmaskipunarinnar, standa þeir allir saman og neita till. að komast að. Og þar sem þetta er 3. umr., er útilokað, að hægt verði að bæta úr þeirri skák. En þetta er samskonar yfirdrepskapur sem að látast vilja skifta G.-K. í tvö kjördæmi vegna órjettlætis, sem jafnaðarmenn bíði við núverandi fyrirkomulag. Tilgangurinn er sá einn að svifta íhaldsflokkinn atkvæði.

En það er fleira, sem er einkennilegt. Samflokksmenn flm. till. neita henni að komast til atkvæða, sem er hin mesta óvirðing. Og maður getur ekki varist þeirri hugsun, þegar svona frjálsmannlega er boðið, að láta jafnaðarmenn fá þm. fyrir Siglufjörð, að verið sje að bjarga málinu með því að útiloka till.

ATKVGR.

Brtt. 191,1 tekin aftur.

— 192 feld með 16:5 atkv.

— 173 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, PO, SÁÓ, BSv.

BÁ greiddi ekki atkv.

Frv. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

nei: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 36).

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi ekki hugsað mjer að vera margorður um þetta frv., því að vitanlegt er, að það mun hafa litla þýðingu, ef dæma má eftir atkvgr. um málið í Nd.

Kjördæmaskiftingin hjer á landi hefir lengst af verið miðuð við sýslur eða lögsagnarumdæmi, og svo er það víðast enn. Það má telja hreina tilviljun, að kaupstaðirnir fengu sjerstakan þm. Það stafaði af því, að konungkjörnu þm. voru lagðir niður. Og í staðinn fyrir að fækka þm. þá um 6, eða breyta kjördæmaskipuninni, var þeim holað niður eins og gert var, í kaupstaðina. — En aldrei hefir mönnum hugsast fyrr en nú að sníða kjördæmaskipunina eftir *flokkum*. Sá grundvöllur virðist æðiótraustur sem grundvöllur fyrir kjördæmaskipun, eins og eðlilegt er. Reynslan hefir sýnt oss, að flokkar myndast og flokkar hverfa. Í einu kjördæmi ræður einn flokkur stutt tímabil og annar flokkur hitt tímabilið. Varanleg kjördæmaskipun getur því ekki bygst á þeirri tilviljun, hvaða flokkur er í meiri eða minni hluta á þessum stað eða hinum staðnum eitthvert ákveðið stutt tímabil. Og allra síst, þegar um hluta af kjördæmi er að ræða. Þetta sjá allir, sem *vilja* sjá.

Gullbringu- og Kjósarsýsla með Hafnarfirði er eitt lögsagnarumdæmi, eins og flest kjördæmi landsins eru. Að vísu hefir kjósendum fjölgað í þessu kjördæmi síðustu árin, vegna fjölgunar í Hafnarfirði. Og ef hv. þm. vildu minka þetta kjördæmi, þá lægi næst að leggja Kjósarsýslu undir annað kjördæmi, t. d. Borgarfjarðarsýslu, sem má telja hreint bændakjördæmi.

Jeg hefi sýnt fram á það, að óhugsandi er að byggja kjördæmaskipunina á stærð hinna pólitísku flokka í hinum ýmsu kjördæmum og á ýmsum tímum. En þetta er þó verið að reyna að gera með frv. þessu. En lítum nú á aðstöðu frv. frá þeirri hlið. Bæði sýslunefnd Gullbringusýslu og Kjósarsýslu hafa eindregið og einróma mótmælt þessari breytingu. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ein hefir samþykt hana, þ. e. meiri hlutinn, ⅔ af bæjarstjórninni. Kosningarnar síðustu sýna, að sósíalistar hafa tapað í kjördæmi þessu. Við kosningarnar 1926 fengu þeir 958 atkvæði, en íhaldsmenn 1318. En við kosningarnar 1927 fengu jafnaðar-

menn ekki nema 683 atkv. af 2125 atkv., sem greidd voru, eða rjett um ⅓ hluta atkvæðanna. Flokkur þessi hefir því rýrnað að mun við kosningarnar 1927. Sá flokkur hefir því enga rjettmæta kröfu á öðru þingsætinu, frá hvaða hlið, sem málið er skoðað. — Sósialistar í hv. Nd. kendu óhagstæðum kjördagstíma um, að þeim hrakaði við síðustu kosningar, — sjómenn hafi þá verið fjarverandi. En þetta er haldlaus ástæða, því að bæði er það, að því fer svo fjarri, að allir sjómenn sjeu sósialistar, og svo hafa sjómenn mjög greiðan aðgang að því að kjósa, þótt þeir sjeu á sjó sjálfan kjördaginn. Og það mun síst vanta, að sósialistaforingjarnir passi upp á hjörð sína. Og ekki mun aðalforingi sósialista hjer í deildinni láta sitt eftir liggja.

Þá hefir það verið talið þessu frv. til stuðnings, að 650 áskoranir úr Hafnarfirði hafa verið sendar þinginu frá sósialistum þar, um að Hafnarfjörður fengi annan þingmanninn fyrir sig, en ekki nema 325 áskoranir frá íhaldsmönnum, sem skora á þingið að láta kjördæmið haldast eins og það er. 650 áskoranir sósialista er ekki nærri helmingur kjósendanna í Hafnarfirði, samkvæmt síðustu kjörskrá. Þessir 650 menn eru ekki nærri allir á kjörskrá. Sumir hafa skrifað tvisvar á listana. Og loks er alls ekki líklegt, að allir undirskrifendurnir fylgdu sósialistum, er til þingkosninga kæmi. Það sýnir atkvæðatalan, sem sósialistar fengu við síðustu kosningar, 683 atkv., og eiginlega ekki nema 651, sem þeir fengu samstæð. Og eitthvert slangur hafa þeir þó fengið í sýslunum, sem ekki geta tilreiknast Hafnarfirði. — Annars er afarhægt að safna slíkum áskorunum, þegar um sönn eða ímyndað aukin mannrjettindi er að ræða. Ætli það væri t. d. ekki ljett verk að safna undirskriftum, sem færu fram á, að annar þm. í Eyjafjarðarsýslu yrði aðeins kosinn fyrir Siglufjörð, Ólafsfjörð og t. d. Grímsey, sem hafa líka íbúatölu og hinn hluti kjördæmisins? Væri ekki sjálfsagt fyrir hv. þm. Eyf. að hreyfa því, ef mál þetta á að ganga fram óbreytt, svo að þetta kjördæmi fái sömu rjettindi. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir tækju till. um það tveim höndum, þegar þeir bera svona mikla umhyggju fyrir Hafnfirðingum. Enda var hv. 2. þm. Eyf. að gera tilraun til að afla Siglfirðingum jafnrjettis við Hafnfirðinga í hv. Nd., þótt honum hugkvæmdist það helst til seint.

Jeg geri ráð fyrir, að hvert óhlutdrægt þing mundi aðallega byggja endanlega kjördæmaskipun á fólkstölu. Væri því mjög líklegt, að Hafnarfjörður og Gullbringusýsla yrði eitt kjördæmi fyrir sig, og Kjósarsýsla kjördæmi sjer, með Þingvallasveit, Grafningi og Ölfusi. Það virðist vera mjög eðlileg kjördæmaskifting, einnig með hliðsjón af atvinnuvegunum. Kjósarsýsla yrði þá hreint bændakjördæmi. Og Gullbringusýsla og Hafnarfjörður hreint sjávarkjördæmi, að kalla má.

Það hefir verið reynt í hv. Nd. að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi á þann hátt að fjölga þingmönnum um einn, en það drápu stjórnarflokkarnir þar. Það mun því vera til lítils að koma með þá tillögu hjer. (**JBald:** Væri hv. þm. því fylgjandi?). Já, fremur en að taka annan þingmanninn alveg af sýslunni. — Það er

því auðsætt, að sósialistar á þingi bera ekki mikla umhyggju fyrir hafnfirskum kjósendum, heldur fyrir því að fækka íhaldsþingmönnum um einn.

Það er líka þeirra skoðun, að ekki sje svo mikill vinningur fyrir sósíalista að vinna 1 þingsæti, ef þeir geta ekki um leið fækkað kjördæmum bænda. Þar á er aðaláherslan lögð. Nú ráða bændur enn sem komið er kosningunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þess vegna vilja þeir ná öðru þingsætinu. Þeir óttast, að skýið renni seinna meir af augum bændanna í landinu; þess vegna á að smíða, meðan járnið er heitt.

Jón Baldvinsson: Við höfum nú heyrt hjer fyrirlestur um það, hvernig frómlegast væri að skipa kjördæmum í landinu, og hefir hv. 1. þm. G.-K. orðið til að flytja hann. Hv. þm. hefir upplýst hv. þd. um það, hvernig óhlutdræg kjördæmaskipun væri. Sumum kynni nú máske að finnast, að hann væri ekki fyrsti maður að leita til, ef fá ætti óhlutdræga dóma um menn eða málefni. Hann á svo langa stjórnmálasögu að baki sjer, að jeg held, að maður færi jafnvel til flestra annara íhaldsmanna á undan honum, til þess að fá hlutlausa dóma.

Hv. þm. taldi ýmislegt fram, sem honum fanst mæla með því að halda núverandi skipulagi um þingmenn kjördæmisins. Hann hjelt, að hinir kaupstaðirnir hefðu fengið þingmann af því, að stjórnin hafi ekki verið viðbúin að stinga upp á öðru, þegar konungkjörnu þingmennirnir voru lagðir niður. En þetta er mikill misskilningur. Það voru hinar eindregnu kröfur kaupstaðanna, sem hrundu málinu áfram. Þeir voru orðnir svo mannmargir, að opinbert ranglæti var að standa á móti kröfum þeirra. Og atvinnuhættir þeirra voru ennfremur að mörgu leyti orðnir öðruvísi en hinna hluta kjördæmanna.

Hv. þm. getur ekki borið það fram sem ástæðu, að Hafnarfjörður sje ekki svo fjölmennur, að hann eigi ekki fylstu rjettlætiskröfu á sjerstökum þingmanni. Enginn hinna kaupstaðanna er jafnfjölmennur, nema Reykjavík. Gullbringu- og Kjósarsýsla samtals eru aðeins lítið eitt fjölmennari. Í Hafnarfirði er á 14. hundrað kjósenda, en í sýslunum að öðru leyti nálægt 1700. Að öðru leyti er það rjettlátt gagnvart Hafnfirðingum, að kaupstaðurinn sje kjördæmi út af fyrir sig, því að að öðrum kosti njóta þeir sín ekki. Jeg get fullyrt, að síðustu 10 árin hafa þm. G.-K. einatt verið í ósamræmi við vilja meiri hluta Hafnfirðinga og móti þeim í mörgum málum. Þeir hafa setið á þingi í fullkominni óþökk þeirra. — Hv. 1. þm. G.-K. barðist á sínum tíma mjög fyrir því að fá Hafnarfirði kaupstaðarrjettindi, en nú varnar hin makalausa óhlutdrægni hans honum að hjálpa kaupstaðnum til að fá þessi rjettindi, sem þó eru mjög svipaðs eðlis.

Hv. þm. vildi halda fram, að jafnaðarmönnum hefði fækkað í kjördæmi síðan 1926 og bygði það á því, að við aukakosninguna 1926 fengu þeir fleiri atkvæði en við kosningarnar síðastl. sumar. En það er mikill munur á því í kaupstöðum, hvort kosning fer fram á sumri eða vetri. Það vita allir, að þótt lagaheimild sje fyrir fjarstadda kjósendur að neyta atkvæðisrjettar síns annarsstaðar, þá notar þorri manna sjer það ekki. Brottför margra að heim-

an ber og svo bráðan að, að þeir geta ekki kosið áður en þeir fara, þótt framboðsfrestur sje útrunninn. Auk þess eru fjarlægðirnar svo miklar, að fólk, sem t. d. fer frá Hafnarfirði til Austfjarða rjett áður en framboðsfrestur rennur út, getur aðeins með góðum vilja komið atkv. sínum í tæka tíð að austan. Munurinn á atkvæðatölu jafnaðarmanna liggur í því, að kosningin 1926 fór fram á hentugasta tíma fyrir þá, en 1927 á óhentugasta.

Ekki vildi hv. þm. leggja mikið upp úr undirskriftunum úr Hafnarfirði. Jeg legg raunar ekki heldur svo mikið upp úr þeim, út af fyrir sig. En það lítur út fyrir, að háttv. þingmenn kjördæmisins hafi lagt meira upp úr þeim fyrir nokkru, þegar annar þeirra eða báðir byrjuðu að safna undirskriftum. Raunar hafa þeir ekki lagt fram þessi skjöl ennþá. Þeir segja, að þau sjeu frá 325 kjósendum. En hvers vegna eru plöggin ekki lögð fram á þinginu? Hv. þm. var svo að gagnrýna undirskriftir jafnaðarmanna og þóttist hafa rekið sig á einhver nöfn, sem skrifuð væru tvisvar, og einhver, sem ekki væru á kjörskrá. Þótt svona kunni nú að standa á um 5 til 6 nöfn, þá finst mjer það ekki umtals vert. (**BK**: Það er miklu meira. Hjer er listinn yfir þau, og kjörskráin líka). Jeg tek nú ekki trúanlegt meira en mjer sjálfum sýnist af því, sem hv. þm. aðeins hampar í fjarska. — En það er óneitanlega undarlegt, að íhaldsmenn safna sjálfir undirskriftum, en álíta samt helmingi fleiri undirskriftir andstæðinganna einskis virði. — Hv. þm. gat þess, að auðvelt væri að safna undirskriftum. Það má vel vera. En ekki hefir íhaldinu samt gengið það svo vel í Hafnarfirði. — Hv. þm. sagðist fremur fylgja því að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi, ef sýslan fengi að halda báðum sínum þingmönnum. Í því sambandi talaði hann um, að verið væri að fækka bændakjördæmunum. Skelfing er að heyra! Eru það bændur, sem þetta kjördæmi sendir hingað sem fulltrúa? Jeg veit ekki betur en að hjer sitji tveir kaupmenn með umboð kjördæmisins. Og jeg veit ekki betur en að þeir hafi verið í megnustu andstöðu gegn þeim flokki, sem mest fylgi hefir hjá bændum. Og jeg veit ekki betur en þessi hv. þm. hafi frekar en hitt ráðist á móti þeirri stofnun, sem bændurnir telja lífakkeri sitt. Á jeg þar við Samband íslenskra samvinnufjelaga, og samvinnufjelagsskapinn yfir höfuð. Það hljómar því dálítið undarlega, þegar þessi hv. þm. er að fárast um, að með þessu frv. sje verið að fækka bændakjördæmum. Jeg held því, að þau tár, sem hann fellir út af þessu, verði aldrei tekin sem vottur um innileik hans til bændastjettarinnar, heldur þvert á móti skoðuð sem nokkurskonar krókódílstár. Þó að sitthvað kunni að mega finna að kjördæmaskipuninni, þá held jeg, að varla sje hægt að finna kjördæmi, sem á meiri rjett á sjer en Hafnarfjörður, bæði hvað atvinnuhætti og staðhætti snertir.

Því hefir verið haldið fram, að í Hafnarfirði og á Suðurnesjum væru líkir atvinnuhættir. Það má segja, að svo hafi verið, en nú er það ekki lengur. Í Hafnarfirði hefir myndast verkamanna- og sjómannastjett, en bændur í Gullbringusýslu, t. d. í Höfnunum, Gerðahverfinu og á Vatnsleysuströnd,

eru altaf meira og meira að hverfa frá sjávarútveginum að landbúnaði. Þeir leggja árlega mikið fje í ræktun jarða sinna og selja mjólk hingað til Reykjavíkur fyrir mikið fje. Þess vegna er það í fullu samræmi við atvinnuhætti manna í Gullbringu- og Kjósarsýslu að sameina þær um einn þingmann. Þær eru báðar bændakjördæmi. Og þó að þær kjósi ekki nema einn þingmann báðar, þá eru þær síst ver settar en ýmsar aðrar sýslur, sem hafa marga kjósendur, en fá þó ekki nema einn þingmann. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar, en vona, að spádómur háttv. 1. þm. G.-K. rætist, að mál þetta hafi mikið fylgi í þinginu og gangi því greiðlega fram. Og þess væri síst vanþörf, því að það hefir legið fyr fyrir þinginu og þá sætt andmælum, og það af þeim mönnum, sem í raun og veru bar skylda til að vera með því.

Björn Kristjánsson: Jeg þarf ekki mörgu að svara ræðu háttv. 5. landsk. Hún afsannaði ekki neitt af því, sem jeg sagði. Háttv. þm. hjelt því fram, að öll sanngirni mælti með því, að Hafnarfjörður fengi sjerstakan þingmann, af því að hann væri orðinn svo mannmargur. Jeg get fyllilega viðurkent, að t. d. samanborið við Akureyri og Ísafjörð bæri honum að fá sjerstakan þingmann, ef eingöngu er miðað við fólksfjöldann. En hjer stendur svo á, að ekki meira en helmingur kjósenda kaupstaðarins óskar eftir þessu. Hinir mótmæla því hreinlega. Þeir vilja ekki ganga á rjett sýslnanna, sem þeir eru búnir að standa í sambandi við í fleiri ár. Málið lægi því alt öðruvísi fyrir, ef allir kjósendur Hafnarfjarðarkaupstaðar óskuðu eftir þessari skiftingu, og jafnframt, ef ekki ætti að seilast í rjett annara.

Þá sagði þessi hv. þm., að við þingmenn kjördæmisins hefðum verið og værum enn í algerðu ósamræmi við kröfur og óskir Hafnfirðinga. Þetta eru hrein og bein ósannindi, og jeg leyfi mjer að skora á þm. að nefna eitt einasta dæmi, þar sem við höfum ekki flutt frv., sem þeir hafa beðið okkur um að flytja, og mælt með þeim.

Þá vjek hann að því, sem jeg gat um áðan, að fylgi sósíalista hefði minkað í kjördæminu frá því að kosningar fóru þar fram snemma á árinu 1926 og þangað til í vor. Það, sem jeg sagði um þetta, er alveg rjett og stendur óhrakið enn, því að hafi sósíalistar mist við það, að kjördagurinn í sumar var 1. júlí, þá hafa íhaldsmenn gert það líka, því að ekki eru allir sjómenn sósíalistar — sem betur fer.

Þá sagði háttv. 5. landsk., að jeg hefði byrjað að safna undirskriftunum í Hafnarfirði núna undir mótmæli gegn þessari skiftingu. Jeg veit nú tæplega, hvað jeg á að segja við annari eins fjarstæðu og þessari. Mjer var alls ekki kunnugt um þessar undirskriftir fyr en þær komu hingað, og svo hygg jeg að hafi verið með samþm. minn líka. Kjósendurnir hafa víst áreiðanlega sjálfir átt upptökin að þeim.

Þá komst hv. þm. út í alveg óskylt efni, þegar hann fór að tala um, að jeg hefði verið kaupfjelagsskap bænda óvinveittur. Þessi sleggjudómur kemur nú óneitanlega töluvert illa heim við fortíð mína, þar sem jeg hefi verið kaupfjelagsstjóri sjálfur, veitt pöntunarfjelagi forstöðu í fleiri ár og flutt vörur hingað beint frá Hamborg, sem allir voru ánægðir með. Hitt er rjett, að

jeg hefi verið óánægður með samábyrgðina, eins og hún er grundvölluð með samvinnufjelagslögunum frá 1921.

Að síðustu sagði þessi háttv. þm., að bændur í Gullbringusýslu væru nú sem óðast að snúa sjer frá sjávarútveginum og að jarðrækt og landbúnaði. Þetta er alveg rjett. En það eru einmitt þessir bændur, sem hafa kosið okkur þingmenn kjördæmisins á þing. Það er bændavaldið í sýslunum, sem ráðið hefir kosningunni, og frá því eru sósíalistar að reyna að ná kjördæminu.

Jón Baldvinsson: Háttv. 1. þm. G.-K. var að skora á mig að nefna eitt einasta dæmi, þar sem þingmenn kjördæmisins hefðu neitað að framfylgja áskorun Hafnfirðinga hjer á Alþingi. Þetta er mjög hægt verk. Jeg minnist t. d. frumvarps um hlutfallskosningar í bæjarstjórn í Hafnarfirði, sem Ágúst Flygenring vildi ekki flytja. Þá veit jeg ekki betur en það sje krafa fjölda manna í Hafnarfirði að fá 8 stunda hvíldartíma á togurunum. Þessu hefir að minsta kosti 2. þm. kjördæmisins verið á móti, og er það enn. Um skoðun háttv. 1. þm. G.-K. í því máli veit jeg ekki, en grunur minn er sá, að hann muni, þegar til kemur, fylgja samherjum sínum í því sem öðru. Háttv. þm. bað mig um að nefna eitt dæmi, en jeg hefi nú nefnt tvö, og gæti nefnt fleiri við tækifæri.

Að því er snertir undirskriftirnar í Hafnarfirði undir mótmæli gegn skiftingunni, þá veit jeg ekki betur en að íhaldsmenn hafi gengist fyrir þeim. En jeg vil vekja athygli á því, að ennþá hafa þær ekki verið lagðar fram, og meðan svo er, er maður ekki skyldugur að trúa því, að þær hafi nokkurntíma komið til þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 286 og 302).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir klofnað um þetta mál, og leggur meiri hl. til, að frv. nái fram að ganga eins og það kom frá hv. Nd., en hún hafði fallist á frv. óbreytt eins og það var fram borið af flm. þess.

Það er um efni frv., sem nefndin hefir klofnað, og hefir hv. minni hl. borið fram allítarlegt nál. á þskj. 302 og telur ekki rjettlátt að skifta kjördæminu. Það hefir nú jafnan viljað við brenna, að skoðanir manna hafa um það skiftst, hvort rjettlátt væri eða ekki rjettlátt að skifta tvímenningskjördæmum í einmenningskjördæmi, og um þetta orðið allharðar deilur hjer á Alþingi. Jeg man að minsta kosti, að hjer á árunum, þegar um var rætt að skifta Ísafjarðarsýslu í tvö kjördæmi, eins og hún er nú, þá voru um það mál háðar harðar deilur, og stóð þó öðruvísi á þar en hjer, því að þar var enginn kaupstaður, sem ætti sjerstakra hagsmuna að gæta. Það mátti segja svo, að þar væri eingöngu um hagsmuni sveitanna að ræða í báðum þessum sýslum, sem nú eru sjerstök kjördæmi.

Þetta mál, skifting G.-K. í tvö kjördæmi, er ekki nýtt; það er búið að

vera lengi á döfinni og hefir verið, að jeg held, flutt 3 til 4 sinnum hjer á Alþingi, þótt lítinn árangur hafi borið annan en þann, að Hafnfirðingar hafa ekki lagt árar í bát, heldur sent Alþingi eindregnar kröfur mikils meiri hluta kjósenda í Hafnarfirði, studdar af bæjarstjórninni, um að skifta kjördæminu. Og kröfur þessar hafa Hafnfirðingar rökstutt á þann hátt, sem ekki verður móti mælt: að kaupstaðurinn hafi ekki getað notið sín vegna þess að þm. þeir, sem kosnir hafa verið fyrir kjördæmið, hafi lítt sint málum þeirra, og þó að mikill meiri hl. Hafnfirðinga sje á móti þm., hafi þeir þó ekki notið sín um þingmannavalið vegna annara kjósenda kjördæmisins, er annara hagsmuna hafi að gæta.

Í nál. minni hl. er talað um, að með skiftingu þessari sje stigið fyrsta sporið til að flytja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina. Slík staðhæfing sem þessi kemur nú dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar þess er gætt, að þm. þessa kjördæmis hafa um langt skeið verið kaupmenn og kaupstaðabúar, en þrátt fyrir það hefir Hafnarfirði verið gert rangt til að fá ekki að vera sjálfráður um að velja sjer þm.

Hv. 3. landsk. leggur fram skýrslu í nál. sínu um mannfjölda í nokkrum tvímenningskjördæmum og kjósendatölu þá, er standi þar á bak við hvern þm. Það gæti í sjálfu sjer verið rjett að fara eftir mannfjölda við breytingu á kjördæmaskipuninni. En fjölgun þm. mun eiga erfitt uppdráttar hjá þjóðinni og því er, meðan ekki nást frekari breytingar, rjettara að fara eftir atvinnuháttum og hagsmunum kjósendanna, þar sem því verður komið við, og breyta kjördæmaskiftingunni eftir því. Móti því verður heldur ekki mælt, að Hafnarfjörður hefir annara og ólíkra hagsmuna að gæta heldur en sýslan. Og þó að G.-K. verði einmenningskjördæmi, þá er það ekki mikið á mununum, að fleiri kjósendur standi þar á bak við þm. en í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem hafa nú einn þm.

Þó að ekki fáist í einu fullkomið rjettlæti í kjördæmaskipun landsins, þá tel jeg þó spor í áttina að samþ. þetta frv., sem fullnægir lengi þráðum óskum Hafnarfjarðar, enda er það fullkomið rjettlæti, að stærsti kaupstaðurinn utan Reykjavíkur fái að kjósa sjer þm. út af fyrir sig.

Fleira ætla jeg ekki að segja að svo stöddu, en bíða þess, að hv. minni hl. geri grein fyrir sínu máli. Annars vænti jeg, að hv. deild, að umr. þessari lokinni, samþ. frv. eins og við meiri hl. leggjum til.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og jeg hefi sýnt fram á í nál. mínu, hafa kaupstaðir landsins 8 þm. nú af 36 kjördæmakosnum þm. Þessa þm. hafa kaupstaðirnir fengið án þess að önnur kjördæmi væru svift sínum þm., og altaf og undantekningarlaust hefir það verið vöxtur kaupstaðanna, sem þessu hefir ráðið. Og þegar litið er á það, hve vöxtur kaupstaðanna er ungur, verður ekki annað sjeð en að vel hafi verið úr þessu bætt, þó segja megi, að eitthvað vanti á, að þeir hafi þm.tölu í samanburði við gömlu kjördæmin. Það væri að vísu ekki neitt við það að athuga að láta kaupstaðina fá einn þm. í viðbót; þeir mundu samt ekki hafa tiltölulega fulltrúatölu eftir mannfjölda. En hv. frsm. meiri hl. tók

það rjettilega fram, að á fleira er að líta en mannfjölda, og enn hafa ekki verið flutt rök fyrir því, að fulltrúar kaupstaðanna eigi nákvæmlega að vera 9 en ekki 8. Þó skyldi jeg ekki hafa neitt að athuga við það, að kaupstaðirnir fengju einn fulltrúa í viðbót, ef fylgt væri sömu stefnu í því efni og áður hefir tíðkast. En með þessu frv. er gengið inn á nýja braut, þar sem farið er fram á að flytja þm. úr sveitakjördæmi og í kaupstað, og verð jeg að telja það að ýmsu leyti mjög varhugaverða braut. Og af þessum sökum er það meðal annars, að jeg álít, að ekki sje rjett að samþ. frv. þetta.

Jeg hefi gert grein fyrir því í nál. mínu, að ef taka eigi þingsæti frá sveitunum í því skyni að bæta kaupstöðunum það upp, þá sje það að minsta kosti rangt að byrja þarna, og það af þeirri ástæðu, að G.-K. verður svo fjölmenn eftir skiftinguna, að hún á rjett á að vera tvímenningskjördæmi áfram. G.-K. er lítið eitt fámennari en 3 stærstu tvímenningskjördæmin, en talsvert fjölmennari en 3 þau minstu, auk þess sem hún er fjölmennari en nokkurt einmenningskjördæmi er nú.

Þó að maður viðurkenni, að breytingar á kjördæmaskipun geti verið á rökum bygðar, þá má ekki binda sig algerlega við mannfjöldann, enda væri það misrjetti og algerlega rangt gagnvart gömlu sveitakjördæmunum að taka þm. frá þeim eftir fólkstölu. Þó að viðurkent sje, að kaupstaðirnir hafi orðið útundan, vegna þess hvað vöxtur þeirra er nýr, þá gefur það ekki næga ástæðu til að fjölga fulltrúum þeirra á kostnað gömlu kjördæmanna. Hjer er líka um alveg sjerstaka nýlundu að ræða, eins og jeg hefi tekið fram, að taka þm. frá gömlu kjördæmi til þess að fá hann þessu nýja kjördæmi. Hv. frsm. meiri hl. gat þess rjettilega, eins og tekið er fram í nál. mínu, að með þessu frv. er fyrsta sporið stigið til þess að flytja beinlínis valdið úr sveitunum og í kaupstaðina. Hann var að vísu að reyna að mótmæla þessu, en gat þó ekki neitað því, að þetta spor er verið að stíga. Enda getur engan furðað á því, þó að rök hans reynist ljettvæg, þegar litið er á, hvernig mál þetta er fram borið.

Nú er vitanlegt, að báðar sýslurnar eru á móti skiftingunni á þessum grundvelli, og báðir þm. kjördæmisins eru einnig andvígir henni, en þeir hafa mikinn meiri hluta kjósenda kjördæmisins á bak við sig. Allir vita líka, að hjer er beinlínis um flokksmál Alþýðuflokksins að ræða, eins og líka hitt, að samþykt þessa frv. er þegar fyrirfram ráðin, vegna þess að enginn gengur þess dulinn, að ráðin á þessu þingi eru öll í höndum þessa litla flokks. Það hefir þegar sýnt sig, og á þó eftir að sýna sig betur, að stærsti flokkur þingsins gerir sjer að góðu að láta undan hvenær sem þessir bandamenn hans krefjast þess. (**Dómsmrh. JJ:** Þeir hafa það svei mjer gott!). Já, þeir hafa það gott — og þannig er þetta. Alþýðuflokkurinn gerir sjer engar vonir um að ná þingsæti í sveitunum; allar vonir hans um aukið þingfylgi eru bundnar við kaupstaðina, en þar er Framsóknarflokkurinn fylgislaus, og verður það áfram. Þess vegna fylgja Framsóknarmenn því, að Alþýðuflokkurinn geti bætt við sig einu þingsæti. En ef maður lítur nú á, hvar bæta eigi við, svo að kaupstaðirnir fái hlutfallslega rjetta fulltrúatölu, miðað við sveitirn-

ar, þá er vitanlegt, að það er ekki Hafnarfjörður, sem á að fá þann þm., heldur Reykjavík. En jafnaðarmenn kæra sig ekkert um að fjölga þm. Reykjavíkur, því þeir vita sem er, að það er vonlaus barátta fyrir þá að ætla sjer að ná í fleiri þingsæti þar en þeir hafa, og þess vegna vilja þeir Hafnarfjörð heldur, enda ekki ósennilegt, að þeim verði þar að vonum sínum. Og Framsóknarflokkurinn, sem er stærstur flokkur þingsins og studdur við atkvæði sveitanna, beygir sig undir okið og gerist beinlínis til þess að flytja valdið úr sveitunum og í kaupstaðina.

Jeg held jeg hafi þá svarað öllu, sem ástæða er til að svara í ræðu hv. frsm. meiri hl., öðru en því, að vegna ólíkra hagsmuna hefði Hafnarfjörður aldrei notið rjettar síns hjá þm. kjördæmisins. En hv. 1. þm. þessa kjördæmis (BK) hefir svarað því við 1. umr. þessa máls, að það væri ekki hægt að benda á neitt því til stuðnings, að fulltrúar kjördæmisins hefðu lagst á móti hagsmunum Hafnarfjarðar hjer á þingi. Annars held jeg, að Hafnarfjörður beri þess ljósastan vottinn, að hann hafi ekki verið afræktur af þingmönnum kjördæmisins. Jeg held, að fremur mætti segja, að þm. hafi gengið fulllangt í kröfum sínum fyrir Hafnarfjörð, og jafnvel svo langt, að ekki hafi öðru sinni legið nær, að gengið væri á móti þjóðarhagsmunum.

Í samræmi við þetta, sem jeg hefi nú sagt, legg jeg því til, að frv. verði felt. Jeg geri að svo stöddu engar till. um, að Hafnarfjörður fái þm. á annan hátt og vil ekki vera með að stíga það óhappaspor að seilast til sveitanna eftir þm. til þess að gefa hann kaupstöðunum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi áður í hv. Nd. látið í ljós skoðun mína á þessu máli og tekið þá fram, að hún væri í samræmi við skoðun þess flokks, sem jeg telst til.

Jeg vildi þá víkja að því, sem hv. 3. landsk. hefir haldið fram um þetta mál, og síðar víkja að kjördæmaskipun landsins yfirleitt. Jeg ætla þá fyrst að koma að því, sem er aðalatriðið, þegar rætt er um kjördæmaskipunina og breytingar á henni. Það er eins ástatt hjer og var í Noregi og Danmörku fyrir nokkrum árum. Okkar land er aðallega bændaland, en bæir eða kaupstaðir fáir. Verstöðvarnar gömlu smástækka og verða að útgerðar- eða iðnaðarbæjum. Þá kemur fram stjettaskifting. Hafnarfjörður er dæmi um kaupstað, sem farinn er að lifa á vjelavinnu. Þar er skiftingin orðin glögg í útgerðarmenn annarsvegar og verkamenn hinsvegar. Þessu er enn öðruvísi háttað t. d. á Akureyri. Þar er fjölmenn millistjett.

Í Noregi og Danmörku hefir nú verið tekið það ráð að gerbreyta kjördæmaskipuninni og taka upp hlutfallskosningar í stað hinna gömlu sjerstöku kjördæma. Með því er leitast við að fullnægja til hlítar þingræðiskröfunum. Í Englandi hefir aftur á móti verið lagst á móti þessu. Þar á sjer stað mjög tilfinnanlegt ranglæti sumstaðar. Frjálslyndi flokkurinn galt mjög kjördæmaskipunarinnar við síðustu kosningar. Íhaldsflokkurinn fjekk aftur á móti talsvert fleiri þingmenn en hann átti að fá að tiltölu við atkvæðamagn. Þetta er að vísu ekkert fyrirmyndardæmi, en þetta viðgengst þó hjá þessari gömlu þingræðisþjóð. Þegar baráttan um kjördæmaskipun-

ina hófst í Danmörku, höfðu bændur fleiri þingmenn en þeim bar tiltölulega. Þeir hjeldu fast í þennan rjett sinn, eins og þeir menn gera yfirleitt, sem komist hafa yfir einhvern rjett. Íhaldsmenn telja það nú beinlínis sitt hlutverk að halda í þessi gæði, og ef til vill er það af því að þeir hafa svo mikið af þeim. En í Danmörku urðu leikslokin þau, að verkamenn og íhaldsmenn gerðu samtök á móti bændum. Þeir brutu alveg niður gömlu kjördæmaskipunina og með því bændavaldið á bak aftur. Í Noregi var farið svipað að og í Danmörku. Landinu er skift í afarstór kjördæmi með hlutfallskosningu. En kjördæmunum er svo fyrir komið, að borgirnar eru saman og sveitirnar út af fyrir sig. Skiftingin er með öðrum orðum ekki landfræðileg.

Hjer á landi hafa íhaldsmenn nú þegar farið hálfgerða biðilsför til jafnaðarmanna til þess að fá þá til að fylgja sjer í því að breyta kjördæmaskipuninni. Þetta hefir a. m. k. komið fram í því blaði, sem íhaldsmönnum þykir líklega einna vænst um, þó að jeg sje ekki viss um, að þeir vilji beinlínis viðurkenna það sem málgagn sitt, nefnil. Stormi. Það blað er nokkurskonar framhjátökubarn Íhaldsins og í mestu eftirlæti. Og þar kemur það fram, að íhaldsmenn vilja svíkja bændur í trygðum. Eftir kosningarnar í sumar, þegar þeir þóttust fá nokkuð fá sveitakjördæmi, sýndu þeir óvart innræti sitt. Þá reis upp ritstjóri þeirra, sem nú er afsettur, og heimtaði, að bændakjördæmin væru rifin upp. En eftir á þótti miðstjórn flokksins þessi ummæli ekki hyggileg. Og hún tók það ráð, að eta alt ofan í sig. En af þessu sjest, að freistarinn hefir verið nærri Íhaldinu um þetta leyti.

Aðstaða okkar framsóknarmanna hefir verið sú, að við höfum viljað halda okkur að ensku reglunni. Við viljum ekki hlutfallskosningar, og umfram alt ekki fjölga þingmönnum. Okkur þykir alveg ástæðulaust að bæta við manni fyrir Hafnarfjörð og láta Gullbringu- og Kjósarsýslu halda sínum tveim fulltrúum. Hvað mættu þá t. d. Suðurþingeyingar segja, sem verða að láta sjer nægja einn þm.? Þó berum við ekki á móti því, að sitthvað sje athugavert við kjördæmaskipunina. Það er t. d. ekki furða, að einmenningskjördæmi, sem hafa 4000 íbúa, sjeu óánægð, þegar Seyðisfjörður hefir sjerstakan fulltrúa fyrir sínar 1000 sálir. En í þessu máli er að ræða um tvo glögga aðalvegi. Annaðhvort verður að gerbreyta gömlu kjördæmaskipuninni, eins og í Danmörku, og láta höfðatöluna eina ráða, eða fylgja ensku reglunni. En þó að ekki sje fjölgað þm. eða gerð róttæk bylting, er ekki þar með sagt, að ekki megi gera einhverjar smábreytingar, til þess að ná meira rjettlæti en nú er. Sumstaðar getur vel komið til mála að skifta tvímenningskjördæmum í tvö einmenningskjördæmi, ef þess er óskað. Og þetta er það, sem Hafnfirðingar vilja. Hjer er um það að ræða að leysa þá úr bandi, sem þeir vilja ekki vera í, og ef til vill að losa þá við menn, sem þeim þykja ekki sómasamlegir fulltrúar fyrir sig.

En yfir bændum landsins vofir sú hætta, að Íhaldsflokkurinn fari að beita sjer gegn gömlu kjördæmaskipuninni. Er full ástæða til að óttast

þetta, þegar athugaðar eru aðgerðir Varðar og miðstjórnar flokksins. Við framsóknarmenn viljum ekki breyta kjördæmaskipuninni og ekki fjölga þm., en við viljum gjarnan færa þá til og raða þeim meir að skapi kjósenda en þeir eru nú. Ef til vill vilja einhverjir breyta til um fulltrúa Seyðisfjarðar. Getur komið til mála, að rjettara þætti að láta kaupstaðinn velja þingmann ásamt einhverjum hluta Norður- eða Suður-Múlasýslu. Austfirðir hefðu þó sömu tölu þingmanna og áður. Af þessu er auðsæ afstaða okkar. Við viljum engar djúptækar breytingar, en erum þó fúsir til að liðka þann ramma, sem kjördæmaskipunin nú er í.

Nú kem jeg að ásökun, sem hv. 3. landsk. bar á okkur framsóknarmenn, en sem hann veit sjálfur, að er ósönn, en hún er sú, að við fylgjum þessu máli á móti betri vitund. Þessu blandar hann eitthvað saman við stjórnarstuðning. En man hv. þm. ekki, hver bar þetta mál fyrst fram á Alþingi? Það var Einar Þorgilsson, þm. G.-K., einhver ríkasti maður í Hafnarfirði — og íhaldsmaður. Jeg nefni hann íhaldsmann, því að hann fylgdi að málum þeim mönnum, sem nú eru í Íhaldsflokknum, en þetta var á dögum sparnaðarbandalagsins sæla. Svo hætti þessi maður að sitja á þingi, og þá snúast íhaldsmenn á móti þessu. Þá er það, að Hafnfirðingar snúa sjer til hv. 5. landsk. og biðja hann að flytja frv. Og hann tekur upp það mál, er Íhaldið hafði áður fylgt fram. Framsóknarmenn hafa altaf fylgt skiftingunni. Og þegar hv. 3. landsk. segir nú, að við sjeum með henni á móti betri vitund og af greiðvikni við jafnaðarmenn eingöngu, þá hlýtur hann að vita, að hann er að falsa sögulega frásögn. Það er flokkur sjálfs hans, sem snúist hefir gegn sínum gamla samherja. Við framsóknarmenn höfum altaf viðurkent, að þetta væri sanngirnismál. — Hafnfirðingar gera kröfu til þess að fá fulltrúa eins og aðrir kaupstaðir. Munurinn verður aðeins sá, að Hafnarfjörður kýs út af fyrir sig, en þm. fjölgar ekki. En Íhaldið hefir snúist móti þessari sanngirniskröfu, þó að það fylgdi henni áður. Ef til vill hefir það verið hrætt um, að það mundi ekki vinna þingsætið í Hafnarfirði. Hv. 2. þm. G.-K. sagði þó í Nd. fyrir nokkrum dögum, að hann hefði góða von um að verða kosinn í Hafnarfirði. Og í sjálfu sjer er ekkert ótrúlegt, að sömu fulltrúarnir komist að, þó að kjördæminu verði skift. Háttv. 1. þm. G.-K. yrði sennilega kosinn í sínu gamla hreiðri. Og er þá svo mjög ólíklegt, að yngri maðurinn yrði kosinn í Hafnarfirði? Íhaldsflokkurinn virðist því ekki eiga mikið á hættu. Hjer er því ekki um það að ræða að gefa sjerstökum stjórnmálaflokki þingsæti, heldur aðeins að fullnægja sanngjarnri kröfu Hafnfirðinga.

Þá er aðeins eftir ein röksemd svaraverð í ræðu hv. 3. landsk. Hann segir, að við framsóknarmenn sjeum að spilla fyrir bændum með því að fylgja þessu frv. Það má nú eiginlega segja, að það þurfi meira en meðalbrjóstheilindi hjá hv. þm. til þess að leyfa sjer að bera okkur þetta á brýn. Hvernig gerist hann svo fífldjarfur að ímynda sjer, að nokkur trúi því, að hann beri hag bændanna fyrir brjósti? Nei, hann getur sparað

sjer það ómak, að reyna að koma þeirri skoðun inn hjá bændum, að hann sje þeirra maður. Þeir vita það nú, að í flokki hans eru það stórgróðamenn, kaupmenn og hinir hærra launuðu embættismenn, sem hafa ráðin.

Af hverju fjell Þórarinn á Hjaltabakka í Austur-Húnavatnssýslu við síðustu kosningar? Ekki var það af því, að Þórarinn sje ekki sæmilegum hæfileikum búinn. Nei, það er skoðanamunur, sem veldur. Bændunum í Húnavatnssýslu líkaði ekki stefna hans. Þeir vilja ekki sætta sig við það, að fulltrúi þeirra sje t. d. ánetjaður einum mesta andstæðing sveitanna, hv. 1. þm. G.-K. Það þýðir ekkert að halda því fram, að þessi fulltrúi G.-K. sje hliðhollur bændum. Í hvaða málum hefir hann eiginlega dregið þeirra taum? Ætli herinn t. d. hafi átt að vera í þágu sveitanna? Er það vegna bændanna, þegar Íhaldsflokkurinn vill gefa eftir hundruð þúsunda af tekjuskatti stórútgerðarfjelaga og skilur svo við stóran tekjuhalla? Er allur fjandskapurinn við kaupfjelögin sprottinn af tómri umhyggju fyrir sveitunum? Hvað á að segja um andstöðu Íhaldsins gegn nauðsynjamálum bænda, sem stj. ber fram nú á þinginu? Nei, hv. 1. þm. G.-K. þýðir ekki að vera með neina hræsni í þessu efni. Hann er og hefir altaf verið á móti sveitunum. Og svo dirfist hann og flokksmenn hans að tala um bændavaldið í kjördæmi hans. En hv. þm. og íhaldsmenn aðrir styðjast ekki við bændavald. En þeim fylgja margir gamlir heimastjórnarmenn, sem áður voru í flokki með Jóni heitnum Magnússyni og þykjast ekki geta skilið við samherja hans, þó að þeir eigi e. t. v. ekki samleið með þeim lengur. En það er ákaflega einkennilegt, þegar hv. 1. þm. G.-K. stendur upp og þykist vilja taka málstað sveitanna. Ef meta skal starf núverandi fulltrúa G.-K. fyrir landbúnaðinn, er nauðsynlegt að líta nokkuð á þeirra fyrri feril. Um þann yngra, hv. 2. þm. G.-K., er fátt að segja þar. Hann gerir út 5 togara hjer í Reykjavík, vafalaust af dugnaði miklum og sæmilegu viti. En hann hefir aldrei skrifað neitt og aldrei gert neitt, sem nokkurs væri nýtt eða sýndi þekkingu hans á landbúnaðarmálum. Hann hefir ekki beinlínis gert ógagn í þeim málum, svo að jeg viti, en heldur aldrei orðið að neinu liði. Það er því ekki hægt að sjá, að sveitirnar biðu sjerlega tilfinnanlegt tjón, þó að þessi maður hætti að sitja á þingi, Þá kem jeg að hinum síðara, sem setið hefir á þingi síðan um 1900, eftir því, sem blöðin segja í æfiágripi hans þessa dagana. Hv. þm. tók einu sinni að sjer sauðasölu fyrir bændur. Sú verslun tókst svo, að ekkert fjekst fyrir þessa sauði. Reynt var að kenna Zöllner um, að svona fór. En hvað sem því leið — bændur töpuðu samt. Og ekki held jeg, að ráðsmenska hv. þm. hafi verið neinn velgerningur við þá. Ekki hygg jeg, að hann hefi gert íslenskum bændum neinn greiða með því að vera á móti Zöllner. Zöllner var að vísu danskur kaupmaður. Hann var búsettur í Englandi. Og hann kunni lítið í íslensku máli. Samt voru menn yfirleitt ánægðir að skifta við hann. Og hann var einn af þeim fáu kaupmönnum, sem bændur hafa á-

stæðu til að vera þakklátir. Fjandskapur hv. 1. þm. G.-K. við Zöllner var því ekki í þágu íslenskra bænda. Nei, hann var að reyna að ryðja úr vegi þeim eina kaupmanni, sem komið hafði sómasamlega fram við þá. En Zöllner hjelt trygð sinni við Íslendinga og reyndist bændum landsins miklu þarfari en þessi hv. þingfulltrúi, sem nú á alt í einu að vera ómissandi fyrir bændavaldið í landinu.

Næsta verk hv. 1. þm. G.-K. var að berjast á móti símanum. Eitt af því fyrsta, sem jeg las í pólitík, var einmitt gríðarmikið nefndarálit frá honum, þar sem hann er að lýsa því átakanlega, hve óbærilegt það mundi verða Íslendingum að eignast þetta menningartæki. En hvað heldur háttv. þm., að bændur landsins mundu segja um hann nú, ef þeir læsu þetta merkilega plagg?

Þá minnist jeg þeirra atburða, sem gerðust, þegar núverandi yfirmaður hv. þm. í Íhaldsflokknum, háttv. 3. landsk., var að berjast fyrir sínu pólitíska lífi hjer á árunum. Þá beitti hann sjer mjög fyrir því, að lögð yrði járnbraut austur yfir fjall, bændum á suðurláglendinu til hagsbóta. Vafalaust vildi hann þeim vel með þessu og sá það alveg rjett, að þeir þurftu á samgöngubótum að halda. En hvað gerir þá hinn ómissandi fulltrúi bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu? Jú, menn muna það. Þá gengu aldrei skammirnar af hv. 3. landsk.

Þá kem jeg að afskiftum hv. þm. af samvinnufjelögunum. Það er nú viðurkent, að samvinnufjelagshreyfingin á nú rík ítök í bændum alstaðar um land og að hún hefir beinlínis verið lífakkeri þeirra á krepputímunum. Og hún hefir verið meira en fjárhagsleg hjálparhella. Sonur Magnúsar á Grund, maður, sem dó ungur, sagði, að Kaupfjelag Eyfirðinga hefði mentað hjeraðsbúa meir á 10 árum en góður skóli mundi hafa gert á heilli öld. En hvernig hefir hv. þm. tekið þessari merkilegu, þjóðbætandi stefnu? Jú, hann hefir lagt fram alla sína krafta á gamals aldri — já, meira að segja eytt miklu fje frá sjálfum sjer til þess að hnekkja þessari stefnu. Hann hefir breitt pjesa út um landið til þess að reyna að fá menn til að svíkjast undan merkjum og bregðast sínum göfugustu hugsjónum. Slíkur er ferill þessa manns. Og svo ætla íhaldsmenn að láta þjóðina trúa, að hann sje vinur bænda. Og Morgunblaðið, málgagn kaupmanna hjer í Reykjavík, blað, sem gefið er út fyrir danskt fje, blað, sem árum saman hefir alið á rógi um samtök og fjelagsskap bænda og þeirra forgöngumenn — það á nú að telja mönnum trú um þetta. Svo takmarkalaus er óskammfeilni þeirra manna, sem ávalt hafa staðið gegn hagsmunamálum sveitanna. Er nokkur sá maður til, sem getur trúað því, að þeir sjeu á móti breytingunni í G.-K. af umhyggju fyrir bændavaldinu í landinu?

Ef bændur landsins hugsuðu um, hvernig búið hefir verið að þeim úr þessum kjördæmum, þyrftu þeir ekki að gráta það, þó að eitthvað minkaði vald þeirra, sem hafa verið fulltrúar Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg er nú að minsta kosti búinn að gera grein fyrir því, að bændur landsins eiga fulltrúum Gullbringu- og Kjósarsýslu ekkert að þakka. Jeg býst við, að þeg-

ar tekið er tillit til þeirra heilinda, sem Framsóknarflokkurinn á að venjast frá Íhaldsflokknum, geti sá flokkur ekki ætlast til, að mikill harmur verði kveðinn að Framsóknarflokknum, þó að íhaldsmenn bíði ósigur. Við framsóknarmenn höfðum komið fram með tekjuaukafrv. til þess að hjálpa til að spara, en þegar líður á kjörtímabilið, kastar hv. 3. landsk. burtu tekjustofnum ríkissjóðs að óvilja stjórnarandstæðinganna. Síðasta árið skilar hann af sjer með tekjuhalla og lýsir yfir því, að hann vilji einnig tekjuhalla á árinu 1929. Er grunur um, að hann hafi skipað tveim flokksbræðrum sínum í fjvn. Nd. að styðja að þessu sama.

Hvernig sem á þetta mál er litið, hvort sem litið er á það sögulega eða á innra samhengi þess, mælir alt með því, að það nái fram að ganga. Landið getur ekki haft nema gott af því. Og þetta er gömul krafa frá íhaldsmanni! Íhaldsmenn geta ekkert sagt við því, að gerðar sjeu smábreytingar á kjördæmaskipuninni, fyrst þeir berjast fyrir breyttri kjördæmaskipun yfirleitt.

Formaður Íhaldsflokksins biður nú bændurna í landinu þeirra hlálegu hluta, að hafa tvo „spekúlanta“ fyrir fulltrúa sína. Sjálfur er hann búinn að fremja stærri brot í fjármálum en nokkru sinni hefir komið fyrir í allri okkar fjármálasögu. Og hann stærir sig af því. Jón heitinn Magnússon og Magnús Guðmundsson voru það meiri menn, að þeir sögðust vera neyddir til að gera það, sem þeir gerðu. En nú verður hv. 3. landsk. að þola, þó að rjettlátt mál nái fram að ganga, mál, sem með ofbeldi, falsi og blaðarógi er búið að hindra í mörg ár.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það er mikil ánægja að fá að heyra, að hæstv. dómsmrh. er enn sjálfum sjer líkur. Það eru nú liðnar fullar tvær vikur án þess að hann hafi haldið hjer nokkra af þeim ræðum, sem einkenna hann sjerstaklega og skapa honum sjerstöðu utan við allan þingheim bæði fyr og síðar. Jeg var farinn að halda, að hinn hæstv. ráðherra hefði fengið einhverja þá áminningu, sem hefði reynst endingarbetri en áminningar, sem hann hefir fengið frá mjer. Þær hafa að vísu altaf hrifið, en áhrifin hafa ekki enst nema í 8 daga. En nú eru liðnar rúmar 2 vikur síðan hæstv. ráðh. varð sjer til minkunar síðast og var nú ekki von, að það gæti haldist öllu lengur.

Hæstv. ráðh. byrjaði á að lýsa baráttunni um kjördæmaskipunina, sem háð hefir verið í ýmsum löndum. Hann lýsti því, hvernig farið hefði í Danmörku. Þar urðu þau endalok, að íhaldsmenn og sósíalistar gerðu með sjer bandalag um að brjóta bændavaldið á bak aftur. Er það ekki einmitt þetta, sem jeg hefi verið að segja með kurteislegum orðum? En hjer kalla þeir sig framsóknarmenn, sem gera þetta bandalag við sósíalistana. Hæstv. dómsmrh. er altaf að útlista fyrir okkur, að framsóknarmenn vilji ekki gera alt í einu með því að innleiða hlutfallskosningar eins og í Danmörku, heldur vilji þeir fara að eins og í Englandi. Þar er kjördæmaskipunin óbreytt. En ekkert bandalag gat orðið úr því við sósíalista, og þá út-

lista framsóknarmenn afstöðu sína þannig, að þeir vilji breyta henni smátt og smátt. Seinna var hæstv. ráðherra búinn að gleyma því og sagði, að sinn flokkur stæði á íhaldsgrundvelli Englendinga. Jeg get ekki annað en óskað hæstv. ráðh. til hamingju með, að það skyldi hafa orðið hans flokkur, sem komst í það bandalag við sósíalista, sem hægrimenn komust í í Danmörku. Reyndar vill hann gera það að miklu atriði í þessu máli, að einhver blöð Íhaldsflokksins hefðu eftir kosningar látið það í ljós, að þeim þætti kjördæmaskipunin úrelt. Hann afbakaði í því sambandi ummæli, sem fyrverandi ritstjóri „Varðar" hafði, og hafði eftir honum, án þess þó að nefna hann eða blaðið. Ritstjórinn talaði um kjördæmaskipunina, en miðstjórn Íhaldsflokksins var því ósamþykk og lýsti því yfir í blaðinu, að hún vildi ekki breyta kjördæmaskipuninni. Það getur því engum komið það á óvart, og ekki heldur nú, þegar gengið verður til atkvæða, þó að Íhaldsflokkurinn greiði atkvæði samkvæmt yfirlýsingu sinni. Þegar hæstv. ráðh. kallar yfirlýsingu miðstjórnar Íhaldsflokksins „yfirklór", þá er hann að tala á móti betri vitund. Hann veit, að hún felur ekki annað í sjer en það, sem búið er að marglýsa yfir hjer.

Hæstv. dómsmálaráðherra vill heldur ná marki bandalagsins smám saman en alt í einu. Við það er ekkert að athuga. En hitt er tilbúningur, að Íhaldsflokkurinn hafi nokkurn tíma leitað nokkurs bandalags við sósíalista um það mál. Það er eins og hver önnur skröksaga, sem hæstv. ráðh. býr til, til þess að leiða athygli manna frá þeirri óhæfu, sem hann sjálfur og flokkur hans er að fremja.

Þessu næst fór hæstv. ráðh. að reyna að færa sönnur á, að fyrir sjer vekti eitthvert rjettlæti. Það er ekki nýtt að heyra það í sömu andránni og hæstv. ráðh. notar hin verstu ókvæðisorð í garð andstæðinga sinna, eins og nú, þegar hann sakar þá um hræsni og notar enn svæsnari orð. Jeg held, að hann ætti að reyna að muna í svo sem 1½ viku, að minsta kosti, að nú er svo komið á Íslandi, að í hvert sinn, sem hæstv. dómsmrh. talar um rjettlæti í sambandi við sjálfan sig, er það alment skoðað sem hræsnistal. Menn sjá og heyra svo margt til hæstv. ráðh., sem síst minnir á rjettlæti. Það er ekki hægt að rökstyðja ákvæði þessa frv. með neinu rjettlæti, enda fór svo fyrir hæstv. ráðh., að hann hafði ekki veigamikil rök fram að færa, en þó hefði getað skeð, að einhver hefði látið blekkjast af sjálfshóli hans, ef hann hefði haft vit á að hætta í tæka tíð. En það brást nú sem oftar, en við tók seinni partur ræðunnar, sem var ekki annað en hatursfull árás á þingmenn kjördæmisins; en þegar hún er sett fram sem ástæða í þessu máli, þá skilur hver maður, að ráðherrann var að lýsa þeim ástæðum, sem ráða atkvæði hans í þessu máli. Þetta fann hæstv. ráðh. af tilviljun sjálfur, þegar hann var búinn að ausa úr sjer, því að hann tók það þá fram — en það kom bara of seint —, að auðvitað væri þetta ekki hans ástæða til að greiða atkvæði með frv. En hví kom hann þá með það? Það er af því, að þegar hæstv. ráðh. var búinn að tala sig upp í hita, sagði hann það, sem honum býr í brjósti,

en svo þegar hann var búinn að svala sjer, sá hann, að hann hafði talað af sjer og vildi bæta úr því. Nei, — sannarlega eru ræður hæstv. ráðherra sönnun þess, að órjettlæti, hlutdrægni og flokkshagsmunir ráða gerðum hans. Flokksmenn hans, sem margir eru heiðarlegir og góðir drengir, vil jeg ekki væna um slíkt. Þeirra afsökun er sú, að hafa orðið fyrir því óláni að eiga hæstv. dómsmrh. fyrir foringja.

Hæstv. ráðh. reyndi að breiða yfir þann morðkuta, sem hann er á ferðinni með gagnvart stjórnmálavaldi bændastjettarinnar, með staðhæfingum um, að Íhaldsflokkurinn hefði ekkert gert fyrir bændastjettina og vildi ekkert gera fyrir hana, enda vildi hún ekki fylgja honum að málum. Jeg er hræddur um, að þetta sje nokkuð hæpið. Jeg ætla ekki að fara út í það, hvað Íhaldsflokkurinn hefir gert fyrir bændastjettina, en jeg vil minna á, að þegar núverandi hæstv. dómsmrh. settist í stjórnarsætið, var svo mikil mótspyrnan gegn honum úti um sveitir landsins, að hæstv. dómsmrh. er óhætt að fara varlega, og sú mótspyrna stafaði einungis af því, að Íhaldsflokkurinn hafði mikið fylgi á þessum sömu stöðum. Það hefir komið fyrir áður, að þegar stjórn er búin að sitja lengi og hefir ekki gert fleiri axarsköft en hæstv. dómsmrh. er búinn að gera, að fylgið hefir snúist í andstöðu. En hjer ber alt að sama brunni. Hæstv. ráðh. er að reyna að niðra andstæðingum sínum til þess að leiða athygli alþjóðar frá því, sem hann er sjálfur að gera gagnvart bændastjettinni. En hann má vera viss um, að hvað sem mjer líður, verði altaf, meðan hann er í stjórnarsessi, nógir menn til þess að benda á, hvað hann er að gera. — Hæstv. ráðh. er státinn af því, að megnið af fólkinu til sveita sje ekki með Íhaldsflokknum. Það er ekki óvenjuleg tilhneiging hjá unga fólkinu, að það beitir sinni gagnrýni á móti valdhöfunum. Hæstv. ráðh. hefir komið á þá staði, þar sem unga fólkið er ekki jafnhrifið af öllu, sem hann gerir. En hvað sem því líður, þá stendur það fast og mætti vera hafið yfir alla þrætu, að hvern sem fólkið í sveitunum vill styðja, þá þýðir sá stuðningur ekkert, ef valdið er ekki lengur í sveitunum. Hjer er verið að stíga fyrsta sporið til þess að taka það burtu. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur bent á, hvernig fór í Danmörku. Sósíalistar gerðu bandalag við annan flokk til þess að vinna að þessu. Það sama er komið í ljós hjer. En ef hæstv. ráðh. heldur, að Alþýðuflokkurinn láti sjer nægja að hafa slíkt bandalag bara í dag og um þetta eina mál, þá þekkir hann illa Alþýðuflokkinn. Hæstv. ráðherra ætti samt að þekkja þann flokk. Hann hefir sjálfur verið í honum, þó að nú sje hann í öðrum flokki af hagkvæmisástæðum. Hann veit, að bandalagið heldur áfram, meðan Framsóknarflokkurinn er nógu stór til þess að Alþýðuflokkurinn geti notað hann fyrir bandalagsflokk.

Hæstv. dómsmálaráðherra kastaði fram einni eða tveimur spurningum til mín. Hann spurði, hvort jeg gæti búist við, að að Framsóknarflokknum yrði mikill harmur kveðinn, þó að íhaldsmenn mistu þingsæti. Með þessu opinberaði hæstv. ráðherra í annað sinn, hvað honum gengur til. Nei, jeg get ekki búist við, að að Framsóknarflokknum verði mikill harmur kveð-

inn, en jeg hefði ekki getað trúað því fyrir nokkrum árum, að hæstv. dómsmrh., sem er fyrverandi og núverandi sósialisti, mundi geta tekist að stofna bændaflokk, sem vildi vinna svo mikið til að svifta andstöðuflokk sinn þingsæti, að hann vildi með lögum breyta kjördæmaskipuninni í landinu bændastjettinni í óhag. En nú verð jeg að trúa því.

Hæstv. ráðh. endaði ræðu sína með nokkrum orðum um afstöðu mína til fjárhags og fjárlaga. Jeg ætla ekki að draga það atriði inn í þetta mál, en jeg skal hvar á landinu sem er ræða við hann, hvort rjettara sje að reisa letigarð eða leggja vegi. En um það skilst mjer, að fjármálaágreiningur okkar snúist nú.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg þarf aðeins að svara tveimur eða þremur atriðum í ræðu hv. frsm. minni hl. Hv. þm. talar altaf um þetta mál eins og hjer væri um það að ræða að svifta þetta kjördæmi þm. Hann talar um það eins og Hafnarfjörður væri ekki til í kjördæminu. En þetta er röng undirstaða til að byggja rök á. Þetta kjördæmi heldur áfram að hafa tvo þingmenn; því er aðeins skift, og því sem næst skift í tvö jafnstór kjördæmi. Það sama svæði og nú kýs 2 þm. heldur áfram að kjósa 2 þm. Hjer er aðeins verið að framkvæma rjettlæti. (**JÞ:** Hv. þm. ætti ekki að vera að tala um rjettlæti!). Jú, því hjer er ekki um annað en rjettlætis- og sanngirniskröfu að ræða. En hv. þm. vill ganga framhjá þeirri hlið málsins. Jeg veit að vísu ekki, hvort íbúatalan verður nákvæmlega jöfn strax eftir skiftinguna. En miklu munar það ekki. En Hafnarfjörður hefir vaxið mjög mikið á síðastliðnum árum, t. d. frá 1920—1926, sem skýrslur síðast ná yfir. Og hann er altaf að vaxa, og verður því ekki langt að bíða þar til hann verður jafnmannmargt kjördæmi og hinn hluti núverandi kjördæmis. Þegar litið er til atvinnuhátta innan þessa kjördæmis, þá ber að sama brunni, að síst er ástæða til að standa móti skiftingunni frá því sjónarmiði. Þegar háttv. frsm. minni hl. segir, að hjer sje verið að hvika frá stefnu Alþingis og ganga inn á þá nýju braut, að taka þingsæti frá sveitakjördæmum, þá er það hreinasta blekking. Andstæðingar þessa frv. eru altaf með það á vörunum, að hjer sje verið að taka þm. af bændum og beita þá prælabrögðum. En þetta er hin mesta fjarstæða. Hjer er einmitt verið að tryggja það, að bændurnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu geti ráðið öðru þingsætinu, í stað þess, að annars má búast við, að þeir ráði hvorugu. (**BK:** En þeir fá ekki nema einn þm.!). Gleymir hv. þm. Hafnarfirði? (**BK:** Nei, jeg er þm. fyrir Hafnarfjörð!). Já, það er nú kallað svo. En þetta er aðeins blekking. Önnur atriði, sem máli skifta, komu ekki fram hjá háttv. frsm. minni hl. gegn frv.

Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer í deilur þeirra hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. minni hl. En viðvíkjandi því, að hv. þm. var að dylgja um það, að hæstv. dómsmrh. hefði leitað bandalags við sósialista um breytingu á kjördæmaskipuninni, þá er það fullkominn misskilningur. En það hafa íhaldsmenn gert. Jeg segi ekki, að hv. 3. landsk. hafi gert það, en menn úr hans flokki hafa talað um bandalag við jafnaðarmenn um breytingu á kjördæmaskipun-

inni. (JÞ: Hverjir?). Jeg veit ekki, hvort það er rjett að leggja þessa menn undir hirtingarvönd hv. 3. landsk. En það hefir líka komið opinberlega fram í blöðum þeirra, einkum úti um land, t. d. bæði á Ísafirði og Akureyri. Hv. þm. getur ekki neitað því, að opinberar umræður hafa farið fram í íhaldsblöðunum um það, að sósíalistar og íhaldsmenn ættu að taka höndum saman um að breyta kjördæmaskipuninni. Einnig hafa komið fram munnleg tilmæli um þetta, þó formleg beiðni hafi máske ekki komið. Svona lagað samkomulagsdingl byrjar nú sjaldnast á formlegan hátt, t. d. með ábyrgðarbrjefum. Það byrjar venjulega í leynilegu samtali og píkri, sem svo getur leitt til samkomulags. (JÞ: Svo dinglar nú Alþýðuflokkurinn ekki nema við einn og einn í senn). En íhaldsmenn líta nú svo á, að viðleitnin sje öllum boðin. Jeg hefi nú sýnt fram á, að hjer er aðeins um rjettlætiskröfu að ræða. Háttv. frsm. minni hl. getur engin rök fært gegn því, nema þá að hann vilji halda því fram skilyrðislaust, að íbúatalan ein eigi að ráða kjördæmaskiftingu. En þá kemst hann í mótsögn við þá skoðun, er hann hefir áður haldið fram um það mál. Jeg býst naumast við því, að neitt nýtt komi fram, sem hnekki máli mínu, og mun því naumast taka oftar til máls við þessa umræðu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer þykir leitt, ef jeg hefi orðið til þess að erta vanstilt skap hv. 3. landsk. En það er þá aðeins vegna þessa stóra máls, sem hjer er til umr., að það hefir orðið. Hv. þm. hjelt langa ræðu um það, að hann stæði sig jafnan mjög vel í orðaskiftum við mig, og virtist vera mjög ánægður með sjálfan sig. Jeg vil nú varla verða til þess að ræna hann ánægjunni af þessari sjálfsblekkingu. En jeg verð þó að benda honum á það, sem allir aðrir vita, að þegar hann er búinn með fyrstu ræðu sína, sem hann víst hefir lagt mikinn tíma í að sjóða saman, þá er hann oltinn út úr hlutverkinu og eins auðvelt að fást við hann úr því eins og skjaldböku, sem oltin er á hrygginn.

Hv. 3. landsk. sagði, að jeg væri að leika íhaldsmenn í Danmörku. Jeg sagði aðeins, að hægrimenn og verkamenn í Danmörku hefðu í sameiningu beitt sjer fyrir hlutfallskosningu. En það var af því, að bændur stóðu of lengi á móti nauðsynlegum breytingum á kjördæmaskipuninni. Ef þeir hefðu sýnt dálitla tilhliðrun, þá hefði ekki farið eins illa fyrir þeim. Þá vildi hv. þm. halda því fram, að verið væri með þessu frv. að eyðileggja bændavaldið í landinu. En það má minna hv. þm. á það, að bændavaldið hefir fengið fremur litla stoð frá þessu kjördæmi nú um langa hríð. Kaupstaðaandinn hefir borið bændur kjördæmisins ofurliði. Og þá fyrst, þegar búið er að skifta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi, standa þeir nær því að fá vald í sýslunni. Þegar Hafnarfjörður verður skilinn frá, þá verður kjördæmið, sem eftir er, þrískift; það verða íhaldsmenn, bændur og verkamenn. — Eins og sýslan er bygð, þá verða fyrst möguleikar fyrir bændahjeruðin að ráða fulltrúavali, þegar Hafnarfjörður er skilinn frá henni. Þegar því háttv. 3. landsk. er að reyna að rökstyðja þá kenningu sína, að hjer sje verið að rífa niður bændavaldið í landinu, þá er sú

tilraun jafnómöguleg eins og að ætla sjer að kasta steini upp í tunglið. Þetta er tómt fals. Það er bara auðsjeð, að hv. þm. trúir ekki á ummæli flokksbróður síns í Nd., hv. 2. þm. G.-K., en hann skoraði á einn þm. sósíalista í Nd. að keppa við sig um þingsæti í Hafnarfirði. Hann treystir flokksbróður sínum auðsjáanlega ekki til að vinna þingsætið. Hv. þm. veit, að þm. G.-K. hafa staðið á móti óskum meiri hluta hafnfirskra kjósenda, meðal annars í þessu máli; ⅔ af þeim hafnfirskum kjósendum, er látið hafa álit sitt í ljós, vilja fá kjördæminu skift. Mótstaða gegn frv. er því aðeins kúgun, sem íhaldsmenn vilja koma fram á Hafnfirðingum. En þeim mundi heppilegra að vera með frv. og stunda þar með rjettlæti, sem gæfi þeim von um, að þeir fengju síðar þingsæti á sama hátt. — Í því felst uppgjöf eigi lítil frá hálfu íhaldsmanna, að gera ráð fyrir, að Hafnarfjörður hljóti að falla í greipar andstæðingum þeirra. En það ber líka vott um, að samviskan segir þeim, að þeir hafi komið ver fram við Hafnfirðinga en ætti að vera. Framsóknarflokkurinn mun engan hag hafa af þessu fyrir sig. Hann hugsar ekki til að bjóða fram þm. í Hafnarfirði, fremur en í hinum kaupstöðunum. Hann hefir því engra hagsmuna að gæta þarna fyrir sig. Vill aðeins stunda rjettlæti í þessum málum sem öðrum. Jeg get mint hv. 3. landsk. á atvik, sem gerðist stuttu eftir að við vorum báðir kosnir á þing, jeg eftir tiltölulega litla, en hann eftir fremur langa og stranga baráttu. Við vorum, ásamt þeim öðrum þm., er til náðist, kallaðir upp í stjórnarráð á fund. Tilefnið var bænarskrá, er borist hafði frá Hafnfirðingum um að veita togurum leyfi til að gera út þaðan. Bænarskráin var rökstudd með því, að sultur og harðrjetti stæði fyrir dyrum. Þetta var rjett. Móti þessari hjálp var meiri hluti íhaldsmanna, en framsóknarmennirnir, sem kosnir voru af sveitunum, vildu hjálpa. Þá var það, sem einn framsóknarþingmaður sagði þá frægu setningu, að Hafnfirðingar yrðu líklega að senda þrjá hordauða menn sem fylgiskjal, til þess að kröfum þeirra yrði sint. Jeg fullyrði ekki, að hv. 3. landsk. þm. hafi verið á móti þessu nauðsynjamáli Hafnfirðinga, en það voru menn úr hans flokki. En af orðum hans í dag má draga þá ályktun, að hann hafi ekki verið ánægður, þar sem hann líkti því við landráð, að þetta var gert. Háttv. þm. reyndi ekki einu sinni að verja aðstöðu sína í þessu máli með því að leiða rök að því, að landbúnaðarsveitirnar stæðu ver að vígi eftir skiftinguna. Hann telur bara víst, að sósíalistar fái annan þm., en íhaldsmenn hinn, í stað þess að nú eru tveir íhaldsmenn. Er því rjett að athuga, hvorir munu verri vera landbúnaðinum, íhaldsmenn eða sósíalistar. Hvernig hafa íhaldsmenn komið fram? Það má taka landnámssjóðinn til dæmis. Íhaldsmenn hafa á undanförnum þingum gert alt til að eyðileggja þá hugmynd. En þegar þeir sáu nú, að málið var búið að vinna sjer fylgi þjóðarinnar, þá var mótstaðan þrotin; þá þorðu þeir ekki annað en vera með, af hræðslu við það, að þeir spiltu enn meira fyrir sjer en orðið var. Jeg held, að feður þeirra barna, sem Íhaldsflokkurinn hefir með pólitík sinni flæmt úr sveitunum í hungrið í Hafnarfirði og kjallaraholurnar í Reykjavík, þurfi

ekki að verða neitt hryggir, þó íhaldsmenn missi eitt þingsæti. — En þá er að athuga, hvort bændur hafa haft mikla raun af jafnaðarmönnum. Er því fljótsvarað, að svo er ekki enn, hvað sem verða kann síðar. Jafnaðarmenn hafa nú í 7 ár átt fulltrúa á þingi, og hefir hann aldrei lagt stein í götu áhugamála bænda. En það hafa íhaldsmenn þráfaldlega gert, bæði á sviði ræktunarmálanna og samgöngumálanna. Þegar því um það er að ræða að velja milli íhaldsþingmanns og jafnaðarmannaþingmanns, þá sýnir reynslan, að bændum er betri jafnaðarmaðurinn. (**JÞ**: Er ekki best að láta bændur afhenda sósíalistum öll þingsætin?). Já, hv. þm. spyr, — en jeg spyr: Eru þm. G.-K. bændur? Er Björn Kristjánsson bóndi? Er Ólafur Thors bóndi? — Nei, þeir eru það sannarlega ekki. (**JÞ**: Er hæstv. dómsmrh. bóndi? — **Forseti** (hringir): Ekki samtal). Jeg er kosinn af bændum. Nei, bændur eiga engu að tapa í Hafnarfirði. Ef breyting verður, þá hlýtur hún altaf að verða til bóta. — Jeg get sannað mitt mál, en hv. 3. landsk. getur ekki sannað, að núverandi þm. G.-K. hafi gert neitt fyrir bændur. Hann varð að kingja því með þögninni, að þeir hefðu ekki gert nokkurn skapaðan hlut til gagns og viðreisnar landbúnaðinum. Vil jeg biðja hv. 3. landsk. að athuga vel þau rök, sem jeg hefi fært fram. Úr hans röksemdaleiðslu hefir lítið orðið, hann hefir ekkert borið fram annað en vaðal, nærri því „slepju", eins og hann lýsti einu sinni ræðumensku eins helsta flokksbróður síns. Þegar jeg hafði áðan rakið þrjátíu ára sögu þessa manns og sannað andstöðu hans gegn kaupfjelögunum, símanum og járnbrautinni, þá gat háttv. 3. landsk. engu í móti mælt, en varð að viðurkenna rjettmæti röksemda minna. En þetta leiddi hv. 3. landsk. yfir flokksbróður sinn, með blaðaskrifum sínum og gjálfri um, að bændur mistu svo mikið við skiftinguna.

Það var alveg eins og bændavaldið hefði setið þar altaf á stóli, eða eins og Sigurður á Ystafelli og Torfi í Ólafsdal hefðu setið þar í þingmannssætum. Þegar svo rökin eru fram borin, kveinar hv. 3. landsk. Hann reynir enga vörn eða segir, að þetta sje ósatt. Hann eygir ekki aðra vörn í málinu en að segja, að hjer sje um hatursfulla árás að ræða, en játar um leið, að það, sem jeg hefi sagt, sje rjett. Annars er enginn, sem kominn er til vits og ára, sem ekki veit um andstöðu hv. 1. þm. G.-K. gegn símanum, kaupfjelögunum og járnbrautinni, svo að jeg nefni aðeins þessi þrjú mál. Og úr því háttv. 3. landsk. neyðir mig til þess að gera upp, verður að segja söguna eins og hún gengur, að það er enginn, sem hefir gert bændastjett þessa lands eins mikið til miska og þessi eldri þm. G.-K., ekki einu sinni hv. 3. landsk., því hann hefir þó þá málsbót að hafa verið fylgjandi járnbrautarmálinu.

En svo fer hv. 3. landsk. að afsaka yfirklórið á því, er birtist í blaði íhaldsins, því að það var ekki danska blaðið, ekki Stormur, sem er lausaleiksblað íhaldsins, heldur hið viðurkenda blað Vörður, sem gefinn er út af miðstjórn Íhaldsflokksins, sem lýsir yfir því, að breyta þurfi kjördæmaskipuninni, til þess að efla kaupstaðavaldið. Og Vörður sagði ekki annað en það,

sem logaði og sauð í íhaldsleiðtogunum hjer í Reykjavík, því að þeir voru varla með rjettu ráði eftir kosningarnar.

Það var ekki nema um tvo vegi að gera, annaðhvort að rífa upp kjördæmaskipunina og bjóða sósíalistum opinberlega bandalag, eins og framhjátökukrakkinn Stormur hefir svo oftlega gert, eða reyna að leika lengur, reyna með blekkingum og yfirklóri að vinna aftur sveitakjördæmin.

Síðan sú skoðun hefir orðið ofan á, hefir Stormur oft sagt: Þið eigið að læra af Jónasi og framsóknarmönnum; þið eigið að skrifa bændunum og tala við þá og látast vera mjög elskulegir, — og svo, þegar sigurinn er unninn, á að taka af þeim valdið. Það er betri belgur en barn, hv. 3. landsk., og framhjátökukrakkinn segir ekki annað en það, sem sagt er á bænum, en börnin segja stundum það, sem ekki á að segja fullorðna fólkinu.

Þá kom hv. 3. landsk. inn á byggingu letigarðs og betrunarhúss. Jeg skil satt að segja ekki, hvers vegna hv. 3. landsk. er svo illa við betrunarhús og letigarð. Einn af myndarlegri fylgismönnum íhaldsins hefir undanfarið verið að lýsa því í einu blaði bæjarins, hve ilt ástandið sje í tugthúsinu. Sá maður, sem dæmir flesta dóma hjer á landi, greiðir máli þessu atkvæði sitt hjer á þingi og allir lögfræðingar heimta nýtt betrunarhús, vegna þess að tugthúsið sje þjóðarskömm og með öllu óviðunandi. Ef það er glæpsamlegt af mjer að reyna að þvo af þennan smánarblett, sem verið hefir á landinu í þessu máli, og ef allir þessir menn, sem jeg hefi bent á, fara villir vegar, þá skora jeg á hann að taka þau tvö flokkssystkini sín, er sitja honum til vinstri handar og greitt hafa atkvæði með þessu máli, til alvarlegrar meðferðar. Eða hefir hv. 3. landsk. samúð með þeim glæpamönnum hjer í Reykjavík, sem ganga um göturnar með læknisvottorð „upp á vasann“ um, að þeir þoli ekki vistina í betrunarhúsi bæjarins? Er það eftirsóknarverðara, að slæpingjar lifi svo, að þeir kosti landið mörg þús. kr. á ári, heldur en að þeir sjeu látnir vinna? Jeg vil segja hv. 3. landsk. það, að hann hefir engan heiður af því bandalagi, er hann virðist hafa við glæpamenn og slæpingja þessa lands, því að engum öðrum en þeim gerir hann greiða með andstöðu sinni við þetta mál.

Svo er hv. 3. landsk. að prjedika tekjuhalla á fjárlögunum af því að þurfi að leggja vegi. Jeg vil spyrja: Hvernig á að leggja vegi, ef ekkert fje fæst til þeirra? Það yrðu þá líklega helst vegir af líkri tegund eins og Kveldúlfsbúkkinn eða brúin á Norðurá; öðruvísi yrðu þeir ekki.

Hv. 3. landsk. fór svo að tala um, að æskan væri langt frá mjer, en með honum sjálfum. Á einum fundi, þar sem við vorum báðir, viðurkendi háttv. þm., að æskan væri algerlega á móti sjer. Jeg skil heldur ekki, hvernig áhugamál íhaldsins, eins og t. d. herinn og tolluppgjöfin og því um líkt, geta vakið áhuga æskumanna. Hitt kann að vera, að sá lýður, sem hann vill bjarga frá letigarðinum, sje sú æska, er honum fylgir. Og úr því hann hefir lagt á sig ómak fyrir þá æsku, er ekki nema rjett að unna honum liðsemdar úr þeirri átt framvegis.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg held, að hæstv. dómsmrh. ætti

ekki að tala um vanstilt skap annara, því það gæti verið samanborið við skap hans sjálfs. — Jeg verð að segja hæstv. ráðh. það, að jeg hefi þrásinnis leikið mjer að því að hleypa honum upp, og þetta hefir altaf tekist; altaf missir hann stjórnina á sjálfum sjer. Hæstv. dómsmrh. heldur líka altaf, að hann beri hærri hlut í orðasennum og er mjög ánægður yfir; jeg ætla ekki að svifta hann þessari litlu ánægju. En yfirleitt hafa menn þar á aðra skoðun, og það eru margir, sem álíta, að hæstv. dómsmrh. geti ekki talað af skynsemi um nokkurn hlut, vegna þess að hann þurfi altaf að tala um alt í einu. Svo hefir einnig verið nú, en í þetta sinn er það afsakanlegt, því að hann þarf þess vegna sín og flokksins, að athyglin dragist sem mest frá þessu máli, sem hjer er til umræðu, og auðvitað hefði hann helst óskað þess, að það næði að ganga gegnum þingið umræðulaust.

Hæstv. dómsmálaráðh. var að álasa bændaflokknum í Danmörku fyrir það, að hann hafi verið fulllengi á móti kjördæmaskiftingunni. Það átti víst að skilja svo, að bandalagið, sem hjer ræður, ætli ekki að feta í fótspor þeirra. Hæstv. ráðh. þótti það vanta í ræðu mína, að jeg hefði ekki reynt að sýna bændavaldið í G.-K. Ennfremur sagði hann, að jeg hefði kingt því — þetta eru hans smekklegu orðatiltæki — og játað það með þögninni, að núverandi þm. kjördæmisins hefðu ekkert gert bændastjettinni til góðs. Þessi ummæli hæstv. ráðh. sýndu það, sem jeg reyndar vissi, að hann var máli þessu fylgjandi vegna þess að honum er illa við þm. kjördæmisins. Jeg get ekki litið á það sem ástæðu, hvernig þeir menn eru, sem gegna þm.störfunum, en þótt hæstv. ráðh. reyni að rangfæra og halla til um þeirra framkomu, þá vita allir, að þessir tveir þm. eru meðal hinna merkustu núlifandi Íslendinga. Honum tekst aldrei að draga úr því, því að það er sá dómur, sem landsmenn hafa gefið þeim alment. Báðir þessir þm. voru endurkosnir við meira fylgi en áður, og það ber vott um, að kjósendur eru ánægðir. Jeg álít, að þá sje bændavaldinu rjett beitt, ef bændur fá að ráða því, hverja þeir hafa fyrir þm. Það má auðvitað segja eins og hæstv. ráðh., að þessir menn eru ekki bændur.

Hvaða flokkur skipar stjórn landsins? Það er Framsóknarflokkurinn, sem telur sig sjerflokk bænda. Hvaða bændur hafa þeir sett í stjórn landsins? Ætli mönnum verði ekki erfitt um svör, þegar þeir eiga að telja bændurna í stjórninni? Það hefir farið eins fyrir þeim bændum, sem styðja stjórnina, og kjósendum í G.-K., að þeir hafa kosið menn utan sinnar stjettar til þess að vera fulltrúar sínir. Ef það er ekkert athugavert við það, að framsóknarmenn kjósi menn utan bændastjettarinnar í stj. landsins, þá er heldur ekkert athugavert við það, að bændur í G.-K. fari út fyrir sína stjett. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þessi röksemdaleiðsla bíti mikið á hæstv. dómsmrh.; ef til vill minnist hann á, að hann hafi einhverntíma verið bóndi og annarhvor hinna ráðh. líka. Aðalatriðið er heldur ekki, hvort þm. er bóndi eða ekki. Spurningin er: Hverjir eru það, sem ráða þingsætun-

um? Hier er verið að taka eitt þingsæti af bændum G.-K., því að þeir hafa ráðið kosningu þm. til þessa.

Jeg sje ekki ástæðu til að vega framkomu hæstv. dómsmrh. eða leiðrjetta hinar herfilegu missagnir hans, nje heldur að telja misgerðir stj. Jeg álít það alveg vera utan við þetta mál, og jeg vil biðja hæstv. dómsmrh. að reyna að skilja það, að það er þess vegna, sem jeg vil ekki vega kosti þessara manna á móti rangfærslum hans og missögnum.

Þá kom hæstv. dómsmrh. inn á það mál, er jeg gat um, sem sje það, hvað gert var til atvinnubóta fyrir Hafnfirðinga, þegar verst stóð þar á. Með sinni venjulegu ófyrirleitni bar hæstv. dómsmrh. fram þau ósannindi, að Íhaldsflokkurinn og jeg hafi verið á móti þeim bótum. Það, sem farið var fram á, var, að hið opinbera styrkti það, að Hafnfirðingum gætu bætst 2 innlendir togarar. Þetta var mjög skynsamleg og hófleg till., og greiddi jeg henni atkv., en þm. kjördæmisins bar hana fram. Jeg hygg, að flestir þeirra, sem nú eru í Íhaldsflokknum, hafi greitt þessari till. atkv. í Nd., en hún fjell með jöfnum atkv. að tilstilli flokksbræðra hæstv. núverandi dómsmrh. Jeg held, að nú sjeu flestir sammála um, að Hafnfirðingum hefði verið betra að fá þessa tvo innlendu togara í viðbót en að fá þá útlendu veiðistöð, sem komst þar inn, þegar hinu var synjað.

Þá fór hæstv. dómsmrh. að benda bændum á, að það væri eins gott að láta jafnaðarmenn fá þingsæti úr sveitakjördæmunum og að láta Íhaldsflokkinn halda þeim. Hæstv. dómsmrh. er svo nærri því að vera sósíalisti og stendur þeim svo nærri — og í fullu samræmi við þá skoðun hans er þetta frv. Hann þykist með þessu vera að ræða málið á „nytsemdargrundvelli“ fyrir bændur. Jeg er ekki í vafa um það, að hann yrði ánægðastur með að slaka svo til á kjördæmaskipuninni, að Alþýðuflokkurinn fái fleiri og fleiri þingsæti, því að hann veit sem er, að fái sveitamenn að ráða, verða þau aldrei lengi í höndum Alþýðuflokksins.

Jeg verð nú að hlaupa yfir ýmislegt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, þar eð brátt mun tími til að enda, en jeg skal lofa honum því að muna eftir honum við tækifæri seinna. Þó get jeg ekki stilt mig um að víkja nokkuð að því, er hann sagði um betrunarhús og letigarð og ummæli mín í því sambandi. Hjelt hann langan kapítula um ástandið í betrunarhúsinu og nauðsyn á nýju betrunarhúsi.

Jeg er ekki á annari skoðun um þetta nú en jeg hefi áður verið, og hefi jeg lýst því yfir, að jeg væri því fylgjandi, að reist yrði nýtt betrunarhús. Hitt er annað mál, að jeg er ekki eins sannfærður um það og hæstv. dómsmrh., að rjettmætt sje að eyða fje landsins í byggingu letigarðs. Vegna þess að þar með væri stofnað til miklu betra uppeldis handa verstu slæpingjum landsins en þeir nokkurn tíma hafa átt völ á, yrði vistin á letigarði mjög eftirsótt. Og jeg þekki það vel hinn pólitíska skyldleika þeirra, sem nú ráða, og slæpingjanna, að á slíkri stofnun yrði síst farið að gera þeim erfiðari kjör en þeir nú hafa. **(Dómsmrh. JJ:** Hafa slæpingjar í Íhaldsflokknum það svo gott núna?). Nei, slæpingjar hafa það svo erfitt yf-

irleitt, að það væri sem þeim opnaðist paradís, ef þeir kæmust á letigarð hæstv. dómsmrh.

Það var líka alveg eftir hæstv. ráðherra, þegar hann ætlaði að fara að gera samanburð, að fyrir honum urðu heimavistirnar, sem áður voru við mentaskólann. Honum fanst það alveg hliðstætt fjarstæða að byggja fyrir fátæka sveitapilta, sem nám stunda og eiga við svo erfiðan og illan húsnæðiskost að búa, að heilsu þeirra stafar hætta af. Honum fanst meiri fjarstæða að ráða bót á þessu ástandi en þessi letigarður, sem hefir sett sig fastan á heilabú hans. Jeg get fullvissað hann um það, að það eru fleiri en „ofstækisfullir íhaldskurfar", sem láta sjer ant um námsmenn við mentaskólann og horfa ekki upp á það með jafnaðargeði, að þeir verði að hafast við í þröngum og ljelegum húsakynnum hjer í Reykjavík.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um, að jeg vildi láta leggja vegi fyrir tekjuhalla. Kom þar fram, að eins og allir vita, ber ráðh. ekki hið minsta skynbragð á fjármál eða það, sem þeim við kemur. Vitanlega er eins hægt að leggja vegi fyrir tekjuhalla eins og að vinna aðrar framkvæmdir á þann hátt. Hitt er alt annað mál, hvort menn vilja fara þá leið. En hitt geta allir sjeð, og hæstv. ráðh. ef til vill líka, að ef notuð er 1 miljón króna fram yfir tekjur, þá er eins hægt að byggja vegi fyrir þá miljón eins og að verja henni til einhvers annars. Það er því ósköp vel hægt að leggja vegi fyrir tekjuhalla. Jeg vil enda mál mitt á því sama og hæstv. dómsmrh. — á því að tala um *æskuna*. Hæstv. ráðh. hefir, eins og hans var von og vísa, ranghermt ummæli mín, er fjellu á þingmálafundi í Borgarnesi 1926. Er því best, að jeg segi söguna eins og hún gekk. Kringum ræðupallinn voru fáeinir ungir menn, er klöppuðu ákaft í hvert skifti, sem hæstv. dómsmrh. hafði lokið máli sínu. Sagði jeg þá eitthvað á þessa leið: „Jeg sje hjer nokkra unga menn, sem ekki fylgja mjer að málum". — Þetta hefir hæstv. ráðh. síðan básúnað í ræðum og blaðaskrifum sem sönnun þess, að æskan sje með honum. Svona rangt segir hann jafnan frá viðskiftum sínum við andstæðingana, og það er ekki of djúpt tekið í árinni, þótt sagt sje, að engu orði hans sje trúandi, þegar um slíkt er að ræða. En ef hann lætur sjer í mörgum málum slík kaldyrði um munn fara og hann hefir látið sjer sæma að viðhafa um heimavistirnar við mentaskólann, þá mun hann komast að raun um, að æskan hefir líka tilfinningar. Og þótt honum hafi tekist að skjalla æskulýðinn, meðan hann var að komast í ráðherrastólinn, þá mun hann með sama áframhaldi verða fljótur ofan úr honum aftur, fyrir atbeina æskunnar.

Björn Kristjánsson: Þetta verður aðeins stutt leiðrjetting, því að jeg talaði nógu rækilega um málið alment við 1. umr. Jeg ætla aðeins að leiðrjetta nokkrar skekkjur í ræðu hæstv. dómsmrh., sem hv. 3. landsk. hljóp yfir. Það var nú eins og vant er, þegar þessi hæstv. ráðh. segir eitthvað eða skrifar, að honum var svo undur ótamt að segja rjett frá. Annaðhvort getur hann það ekki eða vill ekki, og er það síðara eins sennilegt.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væri merkilegt, að við íhaldsmenn værum

nú á móti þessu máli, þar sem íhaldsmaðurinn Einar Þorgilsson hefði orðið fyrstur til að bera fram frv. sama efnis. Þessa blekkingu vil jeg leiðrjetta. Jeg greip fram í fyrir hæstv. ráðh. og bað hann skýra frá, á hvaða grundvelli frv. hafi verið fram borið. Það vildi hann ekki, og af því marka jeg, að hann hafi þarna farið með vísvitandi blekkingar. Í fyrra skiftið, sem Einar Þorgilsson bar þetta fram, var það í sambandi við þingmannafjölgun í Reykjavík. Þá, á þingi 1920, bar E. Þ. fram svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 5 og 1 þingmaður fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Þegar sú skipun er á komin, samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 30 þingmenn og í efri deild 14 þingmenn".

Hjer er ekki talað um að taka annan þm. af Gullbringu- og Kjósarsýslu og fá hann Hafnfirðingum, heldur er farið fram á nýjan þingmann handa Hafnarfjarðarkaupstað.

Á Alþingi 1922 bar sami þm. fram svo hljóðandi frv.:

„1. gr. Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og hafa 1 alþingismann. Þegar þannig hefir bætst við 1 þingmaður, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum. — 2. gr. Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera 2 kjördæmi, og kýs hvor sýslan um sig 1 þingmann. — 3. gr. Lög þessi koma til framkvæmda næst þegar almennar kosningar til Alþingis fara fram".

Hvernig dettur nú hæstv. dómsmrh. í hug að bera fram svona blekkingar á Alþingi? Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er ekki talað um að bæta við þm. handa Hafnfirðingum. En jeg hefi lýst yfir því við 1. umr., að á það gæti jeg fallist. En nú hefir hæstv. dómsmrh. lýst yfir, að það vilji hann ómögulega. Jeg er hjer um bil viss um, að ef það væri til hagnaðar fyrir sósíalista eða framsóknarmenn, þá mundi ekki standa á honum. Þessum óheilindum og „partisku" hefi jeg andstygð á. En hæstv. ráðh. hjelt, að hann gæti fleytt sjer þarna framhjá sannleikanum, af því að við íhaldsmenn hefðum ekki svigrúm til að andmæla eða leiðrjetta hinar röngu skýrslur hans. Það er venja hans að hegða sjer svona.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði verið andstæður ritsímamálinu. Það var jeg aldrei. En jeg var á móti því að leggja sæsímann. Jeg og Skúli Thoroddsen vildum fá loftskeyti. — Þetta veit hæstv. ráðh. vel, en hann leynir því.

Hinsvegar hefi jeg altaf verið á móti því að leggja járnbraut austur. Hæstv. dómsmrh. var heldur ekki meira með því máli í fyrra en svo, að hann sagðist aðeins fylgja því vegna þess, að það hjeldi uppi voninni hjá bændum fyrir austan. Sterkara var nú ekki fylgi hans sjálfs við málið. Annars rataðist hæstv. dómsmrh. þar satt af munni, að jeg er á móti járnbrautinni. Jeg hefi altaf verið það, og verð altaf meðan jeg lifi. Hvað kostar það að leggja járnbraut austur, og hvað kostar að reka hana? Jeg held, að það verði alt of dýrt. Hvað halda menn t. d., að það kostaði, þótt ekki væri nema að halda brautinni hreinni í annari eins færð og verið hefir að undanförnu yfir Hellisheiði? Það sjest, hvernig snjóplógnum hefir geng-

ið. Það er áreiðanlegt, að ómögulegt verður að komast austur með járnbraut vissa tíma á hverjum vetri, nema því aðeins, að hún sje yfirbygð yfir alla Hellisheiði. En þá yrði hún þó að minsta kosti nothæf. — Jeg hefi ekki skift um skoðun í járnbrautarmálinu. Yfirleitt hefi jeg aldrei skift um skoðun í máli, sem jeg hefi sett *mig inn í*. En það er ekki siður minn, og hefir aldrei verið, að skifta mjer af öðrum málum.

Jeg þarf ekki að tala um þann sleggjudóm hæstv. ráðh., að jeg sje andstæður sveitabændum. Þetta er hann búinn að segja svo oft. En þrátt fyrir það hefi jeg traust bænda. Í Kjósarsýslu hefi jeg tiltölulega mjög mikið fylgi, og eins veit jeg, að margir bændur úti um land fylgja mjer að málum. Svona er þetta þrátt fyrir mín skrif. Og það er einmitt fyrir þau, því að þar hefi jeg sagt bændum sannleikann. En hæstv. dómsmrh. þolir ekki, að satt sje sagt. Jeg hefði ekki farið að leggja fram fje úr eigin vasa til að koma bæklingi mínum út, ef jeg hefði ekki haldið, að það mætti verða bændum að gagni. Og jeg hefi hugsað mjer að halda þessu áfram. Jeg tel mikla nauðsyn að skrifa annað „Verslunarólag", og jeg tel líklegt, að jeg geri það. Jeg mun ekki láta það hafa áhrif á mig, þótt í hverju tölublaði Tímans birtist um mig óhróðursgreinar. Hæstv. dómsmrh. stingur *mjer* ekki í vasann, hvað sem hann gerir við aðra. Sá tími mun og koma, að það sjest, að bændur hafa eins gott traust á mjer eins og hæstv. ráðh.

Þessum leiðrjettingum vildi jeg koma að, áður en málið færi frá hv. deild.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að svara hv. 1. þm. G.-K. nokkrum orðum. Hann var ekki ánægður með það, að viðurkent var, að íhaldsmaður hefði byrjað baráttuna fyrir því, að Hafnarfjörður yrði sjerstakt kjördæmi. Jeg hafði ekki sagt annað en þetta, og það er satt og rjett. Og það er hjer til umræðu. En það leiðir af sjálfu sjer, að þegar Hafnfirðingar hafa fengið einn af sínum mestu mönnum og helstu atvinnurekendum til að beita sjer fyrir málinu, af því að það er rjettlátt og sanngjarnt, þá er ekki nema eðlilegt, að málinu sje haldið áfram af öðrum, uns það er leitt til sigurs. En ef málið hefir verið rjettmætt 1920 og 1922, hví skyldi það þá ekki vera það nú? Og sjálfur var hv. þm. með samskonar frv. 1926. Frv. það, sem háttv. 5. landsk. flutti þá, hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. — 2. gr. Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. — 3. gr. Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis".

M. ö. o.: Þetta er alveg sama og hjer er um að ræða. Þegar þetta mál kom til umr., var það felt frá 2. umr., eins og sjá má í Alþt. 1926, C. 216. Það var felt með 6:5 atkv., en einn af þeim 5, sem já sögðu, var Björn Kristjánsson. Það stendur hjer svart á hvítu. (**BK:** Jeg verð að sjá þetta sjálfur, ef jeg á að trúa því). Jeg býst við, að hv. þm. heimti að fá að sjá nokkuð margt sjálfur og eigi bágt með að trúa ýmsu úr sinni fortíð, þeg-

ar hann kemur til Sankti-Pjeturs og þeir fara að talast við. — Svona var t. d. um afstöðu hv. þm. til samvinnulaganna. (**BK:** Þetta hefir verið margrekið ofan í hæstv. ráðh.). Það er ekki aðeins íhaldsmaðurinn Einar Þorgilsson, sem var forgöngumaður þessa máls, heldur greiddi íhaldshetjan hv. 1. þm. G.-K. atkv. með alveg samskonar frv. 1926.

Ef hv. þm. lætur það standa óbreytt í ræðu sinni, að honum sje illa við hlutdrægni og óheilindi, verður einhverntíma hlegið dátt. Því að hver hefir sýnt meiri hlutdrægni og óheilindi en einmitt hann, og það þegar hann beitir sjer fyrir hinum verstu málum?

Háttv. þm. leyfir sjer að segja, að hann hafi ekki verið á móti ritsímanum. Ef hann hefir löngun til, skal jeg við 3. umr. þessa máls lesa honum nokkur orð, sem hann sagði sjálfur, þegar það mál var á dagskrá, og sýna, hvernig hann spáði fyrir símanum.

Þá lýsti hv. þm. því átakanlega, hvílík endemisvitleysa járnbrautarmálið væri. Það var skaði, að hv. 3. landsk. var ekki inni til að heyra flokksbróður sinn tala um þetta stærsta áhugamál hans eins og hverja aðra vitleysu. Eina ráðið til þess að þetta yrði ekki eintóm vitleysa, var að áliti háttv. þm. að byggja „þjóðgatið“ svokallaða, sem ætti að verða stærst allra gata á Íslandi. Hann skrifaði þá langar greinar um það, að gera þyrfti 20 km. löng steingöng á Hellisheiði. En þeir, sem þekkja vel til hjer syðra og vita, hversu mjög jarðskjálftar eru tíðir á þessum slóðum, munu ekki búast við, að þeir hefðu allir orðið 70 ára og eldri, sem oft hefðu farið um það „þjóðgat“.

Það var rjett hjá þessum hv. þm. að kveða ekki fastara á en hann gerði um bændafylgi sitt, því að það verður tæplega annað sagt en það sje frekar lítil uppskera eftir 30 ára þingmensku og 10 ára starf sem bankastjóri, þó að hann hafi nú dálítið fylgi í Kjósarsýslu, sem er minsta sýsla landsins.

Þá var háttv. þm. að tala um, að hann væri til með að skrifa einn verslunarólagspjesa enn. Jeg held, að hann ætti að gera það. Slíkt myndi ekkert skaða, því að þjóðin hefir fyrir löngu þekt hans innri mann, og hefir því lært að meta skrif hans rjettilega. En pjesinn myndi verða viðeigandi minningarrit á sjötíu ára afmæli hans.

Háttv. 3. landsk. ætla jeg ekki að svara nú, því að hann mun samkvæmt þingsköpunum vera „dauður“ við þessa umræðu. Ætla jeg því að geyma minnisblöð mín til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 36. fundi í Ed., 1. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

36. Sala Garða á Akranesi.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi (þmfrv., A. 169).

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta er komið fram eftir tilmælum fjölmenns fundar á Akranesi, þar sem samþykt var að leita til ríkisstjórnar um, að mestur hluti prestssetursjarðarinnar Garða yrði seldur Ytri-Akraneshreppi. Málaleitun þessa sendi stj. svo til allshn., og þess vegna ber nefndin frv. þetta fram. Að því er mjer skilst, er frv. þetta samskonar og frv. það, sem borið er fram í neðri deild um heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað landspildur, er Garðakirkja á Álftanesi á þar í kaupstaðnum.

Þar sem mál þetta kemur frá nefnd, þá vænti jeg, að það fái að ganga áfram nefndarlaust, því að það virðist ofur einfalt og öll sanngirni mæla með því, að hreppurinn fái land þetta keypt, en á því mun hann hafa fyllstu þörf.

Jón Baldvinsson: Enda þótt jeg sem einn í allshn. flytji frv. þetta, þá lít jeg það þó altaf óhýrum augum að selja landssjóðsjarðir, að minsta kosti til einstakra manna. En þar sem sú venja hefir verið tekin upp á síðustu þingum að selja kaupstöðum og kauptúnum næstliggjandi jarðir, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að vera á móti þessu. En jeg álít, að þingið verði að tryggja það, sem beinlínis er ætlast til í þjóðjarðasölulögunum, að þær jarðir, sem næst liggja kaupstöðunum, verði ekki seldar einstökum mönnum, enda þótt hreppsfjelögin afsali sjer forkaupsrjetti á þeim. Reynslan er nefnilega margbúin að sýna það, að þegar slíkar jarðir lenda í eign einstaklinga, þá eru þær eingöngu notaðar til að „spekulera“ með þær, og koma hlutaðeigandi kauptúni því aldrei að fullum notum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. allshn. fyrir flutning þessa máls. Eins og þegar hefir verið tekið fram, óska Akurnesingar að fá land þetta keypt, og er ætlun þeirra að nota það til ræktunar. Forgöngumaður máls þessa er maður að nafni Ólafur Björnsson og er kaupmaður á Akranesi. Hann hefir átt tal um það við mig, og sagði jeg honum þá, að svo fremi sem það fjelli í mitt hlutskifti að semja um jarðasölu þessa við kauptúnið, þá myndi jeg setja það sem ófrávíkjanlegt skilyrði, að jarðir þessar verði ævarandi eign þess. Sagði hann og, að það væri ætlun þeirra, er að málinu stæðu. Eins og kunnugt er, er Akranes eitt hið mesta landbúnaðarþorp á landinu. Er jarðrækt, og einkum garðrækt, þar á háu stigi. Vilja þorpsbúar því fá land þetta til yrkingar.

Jeg vona, að frv. þessu reiði vel af, og því fremur, sem prestur sá, sem hlut á að máli, er því hlyntur, og þm. kjördæmisins mun fylgja því með fullri einurð í Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 169).
Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins láta nokkur orð fylgja frv. þessu, áður en það fer til nefndar.

Það er borið fram af allshn. Ed. að tilhlutun hæstv. stj. og er þannig til komið, að mjög fjölmennur fundur á Akranesi samþ. með miklum meiri hl. að fara fram á við ríkisstjórnina að fá prestssetursjörðina Garða á Akranesi keypta.

Þannig hagar til þarna, að jörð þessi á land umhverfis kauptúnið að ofanverðu. En eins og kunnugt er, er mikil garðrækt á Akranesi, en jafnframt garðræktinni reka þorpsbúar og hafa rekið um alllangt skeið töluverðan landbúskap. Þeim er þetta að nokkru leyti nauðsynlegt vegna garðræktarinnar, sem útheimtir mikinn áburð. Fjenaðareign kauptúnsbúa hefir aukist allmikið síðustu árin; þannig eru nú orðið í kauptúninu það margar kýr, að þær fullnægja að mestu mjólkurþörfinni á sumum tímum árs. og um 1000 fjár mun vera í kauptúninu, auk þess sem þar er allmikið af hestum. Þessa gripi verður að fóðra að miklu leyti á heyi, sem aflað er utan kauptúnsins, og að öllu leyti á aðkeyptri beit. Þörfin fyrir aukið landrými er því mjög brýn, því kauptúninu er öryggis vegna mjög nauðsynlegt að geta haldið í horfi með fjenaðareign og garðrækt.

Eins og jeg gat um, liggur Garðaland að kauptúninu að ofanverðu og er því ekki í annað hús að venda fyrir kauptúnsbúa með beitarafnot, svo kleift sje, en í Garðaland. Samkvæmt jarðræktarlögunum eiga kauptúnsbúar rjett á að fá sjer útmælt land þar til ræktunar, og hafa þegar gert það, en þó þeir á þann hátt geti fært út kvíarnar með ræktaða landið, þá er það allsendis ónóg og ófullnægjandi nema þeir hafi ráð á tilsvarandi beitarlandi. Nauðsynin á því fyrir þá að fá Garðana keypta er mjög brýn og aðkallandi.

Eins og tekið hefir verið fram, hefir stj. tekið þessari málaleitun vel, og sömuleiðis hefir hún fengið góðar undirtektir í Ed., og svo vænti jeg,

að verði einnig hjer. Og því meiri ástæða er til að ætla, að svo verði, þar sem þingið er áður búið að margviðurkenna nauðsynina, með því að selja kaupstöðum og kauptúnum, sem líkt hefir staðið á fyrir og þessu kauptúni, jarðir hins opinbera.

Í greinargerð frv. stendur, að þurfa muni að semja við sóknarprestinn, sem hjer á hlut að máli, því að hann hafi umráð þessa lands, sem rjett er. Og er þess jafnframt getið, að komið hafi til orða að kaupa hús, sem hann hefir bygt í kauptúninu. Út af þessu vil jeg geta þess, að hvorki núverandi prestur eða fyrirrennari hans notuðu prestssetursjörðina Garða sjálfir, heldur bygðu hana öðrum. Og jeg vil taka það fram sem mína skoðun, að jeg tel mikið vafamál, hvort það sje rjett eða hyggilegt að ganga inn á þá braut að fara að byggja yfir presta í kauptúnum eða skaffa þeim íbúðir þar. Það er hætt við því, að það mundi draga dilk á eftir sjer fyrir ríkissjóðinn. Þó svo standi á hjer, að um er að ræða sölu á prestssetursjörð, þá sje jeg ekki, að það hvíli nein skylda á ríkissjóðnum í þessu efni frekar fyrir það, og það því síður, þar sem viðkomandi prestur hefir kosið frekar að byggja hús í kauptúninu og búa þar en að nota sjálfur prestssetursjörðina.

Annars vænti jeg, að prestur sá, sem hjer á hlut að máli, taki það tillit til þarfa kauptúnsins í þessu máli, að hann fari ekki að nota aðstöðu sína til þess á einn eða annan hátt, að kauptúnið fái ekki uppfyltar óskir sínar um kaup á jörðinni, og heldur ekki að binda samþykki sitt til sölunnar gagnvart ríkissjóði þeim skilyrðum, sem gætu valdið erfiðleikum fyrir ríkissjóðinn síðar meir.

Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 285).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þegar þetta mál var tekið fyrir í allshn., voru aðeins 3 nefndarmenn á fundi. Var samþ. af þeim öllum að leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri einni breyting, að bætt sje inn í nýrri grein um það, að mat á eigninni og greiðsla kaupverðs skuli fara eftir ákvæðum laga frá 1907 um sölu kirkjujarða.

Jeg tók það fram, að um þetta mál hefðu fjallað aðeins 3 nefndarmenn, til þess að vekja athygli á, að hinir nefndarmennirnir hafa óbundnar hendur um atkv. sín.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 285,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 285,2 samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 303).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 303).

Á 37. fundi í Ed., 2. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta hefir verið endursent frá hv. Nd., sem gerði á því dálitla breytingu, sem er í því fólgin, að um mat á því, sem selt verður, og greiðslu kaupverðs fari eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. Allshn. hefir athugað breytingu þessa og telur hana frekar til bóta, enda þótt hún telji hana skifta litlu máli, þar sem það var altaf meiningin, að farið yrði eftir lögum þessum með sölu jarðarinnar.

Legg jeg svo til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

---

37. Nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum (þmfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Jeg býst ekki við, að það verði annar eins hvellur út af þessu frv. eins og næsta málinu á undan (skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu). Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að gera einfaldari aðferðirnar og jafnframt ódýrari við sölu fasteigna og skipa. Það vill oft til, að kostnaðurinn við söluna verður of mikill í hlutfalli við verð eignanna, og miðar því þetta frv. bæði að því að tryggja hag eigendanna og veðhafa. Jeg ætla svo ekki að orðlengja um þetta frekar á þessu stigi málsins, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 76).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 37).

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 273).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta er komið frá hv. Nd. og fór í gegnum þá deild án þess að gerðar væru á því breytingar.

Allshn. hefir haft málið til meðferðar, og getur hún fallist á þær breytingar frá gildandi lögum, er frv. felur í sjer um uppboð á fasteignum, en aftur á móti getur hún ekki fallist á að láta nægja aðeins eina auglýsingu um þessi uppboð. Þar sem samgöngur eru svo strjálar sem enn eru þær hjá okkur, er það varhugavert að birta uppboðsauglýsingu aðeins einu sinni, einkum þegar um skip er að ræða. Skip eru oft seld til lúkningar á sjóveði, og getur þá svo farið, að uppboðið fari fram á þeim stað, þar sem þriðji maður, er kröfu á í skipinu, er ekki nærstaddur og býr svo langt frá, að honum hefir ekki borist vitneskja um uppboðið. Því að ef það er ekki trygt, að öllum, sem kröfurjett eiga í skipi, sje kunnugt um uppboðið, getur af því leitt tjón.

Þótt það sje úr lögum numið að halda 3 uppboð, þá getur það verið mjög varhugavert að nema úr lögum, að uppboðið sje auglýst þrisvar, og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, er í nál. getur. Brtt. er svo ljós, að hún þarf ekki frekari skýringa við.

ATKVGR.

Brtt. 273 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 307).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 307).

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

38. Þingsköp Alþingis (frv. EÁ).

Á 10. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 64).

Á 12. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Það mun ekki vera venjan við fyrstu umræðu að ræða einstök atriði frv., og þingsköpin munu ekki ætlast til þess. En það stendur svo sjerstaklega á um þetta frv., að þó að það sje ekki nema þrjár greinir, þá fjalla þær um sitt atriðið hver, og eru þannig sjálfstæðar, að þótt ein greinin væri feld, gætu hinar orðið samþ. og frv. afgreitt.

Jeg finn þess vegna ástæðu til þess að gera örstutta grein fyrir hverju einstöku af þessum þremur aðalatriðum, sem felast í frv. — Er það þá um 1. gr. að segja, að hún gerir ráð fyrir því að fella burt úr 16. gr. þingskapanna eina setningu, sem sje þá, að enginn þm. megi vera í fleiri fastanefndum en tveimur.

Allir hv. deildarmenn kannast við þetta atriði, að það hefir orðið nokkur deila um það, bæði í fyrra og nú á þessu þingi; og það má segja, að þar hafi klögumálin gengið á víxl. Jeg lít svo á, að það sje erfitt, og oft ef til vill ekki hægt, að framfylgja svo þessu ákvæði þingskapanna, að það komi ekki í bága við önnur ákvæði. Og þá sýnist í rauninni rjett að nema það burtu, til þess að það þurfi ekki að valda deilum lengur.

Það mun nú vera svo, og er í sjálfu sjer eðlilegt, að sá meiri hluti, sem til er á hverjum tíma hjer í Ed., noti sinn kraft til þess að setja menn í nefndir eftir því, sem hann hefir atkvæðamagn til. Þetta getur komið nokkuð ójafnt niður, en eigi að síður verð jeg að halda því fram, að það sje mjög eðlilegt.

Jeg þarf ekki að dvelja lengi við þetta atriði; jeg þykist vita, að öllum hv. þdm. sje ljóst, hvað hjer er átt við með þessari grein frv.

Þá er 2. gr. Hún gerir ráð fyrir dálítið breyttu skipulagi innan deilda þingsins. Það hafa komið fram raddir um það hjer á þingi áður, að það mundi vera heppilegra fyrirkomulag en nú er, að þm. flyttu ræður sínar úr sjerstökum þar til gerðum ræðustóli. Þetta atriði hefir einnig verið athugað og að nokkru undirbúið af húsameistara ríkisins, þannig að hann hefir gert teikningu af báðum þingsölunum, þar sem er breytt dálítið skipulagi. Hann hefir gert um þetta áætlun. Hann gerir ráð fyrir, að þingmenn fái aðra stóla en nú eru og þægilegri. Það tel jeg mikla framför; mjer þykir ekki ólíklegt, að það sje stólunum að kenna eitthvað af því, sem talað er um, að þm. sjeu ekki stöðugir í sætum sínum.

Þá er gert ráð fyrir, að ráðherrarnir sitji allir saman, og verður það að álítast þægilegra fyrir þá, og þeim gert hægara um vik að ná saman á meðan á umr. stendur.

Þá er ennfremur gert ráð fyrir, að við borð þm. sje hilla eða skápur, þar sem þeir geyma bækur þær, er þeir þurfa að grípa til sjer til afnota, og verður það að álítast þægilegra en að sækja bækurnar út fyrir þingsalinn, eins og nú tíðkast.

Jeg geng þess ekki dulinn, að breyting þessi mundi hafa dálítinn kostnað í för með sjer, og verður um hana að fara eftir því, hvað mönnum lítst í þessu efni. Hins mætti þó geta, að úti um land hefir verið beðið eftir því með óþreyju að komast í samband við Alþingi á þann hátt, að ræðum þm. væri útvarpað. Kæmist það á, þegar t. d. útvarpsmálið er komið í gott horf, þá mundi þægilegra að útvarpa ræðunum, ef þær væru fluttar úr einum og sama ræðustóli.

Þá kem jeg að 3. gr. frv., sem fyrir mjer er aðalatriði málsins. Þess er getið í greinargerðinni, að frv. sje flutt sem sparnaðartill., og liggur hún aðallega í þessari 3. gr.

Það hefir verið allmikið um það rætt, að þinghald þjóðarinnar sje orðið dýrt; og til þess að ljetta af ríkissjóði einhverju af þessum kostnaði, hefir verið gripið til þess, eins og stjórnarskrárbreytingin ber með sjer, að þingið yrði aðeins háð annaðhvert ár. Það virðist að minsta kosti benda á, að margir sjeu þeirrar skoðunar, að úr þessum kostnaði þurfi að draga og horfa ekki í, hvort þingið geti verið jafngagnlegt að öðru leyti. En þessi langi þingtími, sem mjög er vitnað í, stafar af því, að minni hyggju, að vinnubrögð þingsins eru ekki í því lagi, sem þau ættu að vera eða gætu verið. Jeg geri nú ekki ráð fyrir með frv. þessu að breyta öllum vinnubrögðum þingsins, en spor í rjetta átt ætlast jeg þó til, að þetta verði.

Hjer er gert ráð fyrir að takmarka tíma þann, sem þm. hafa til þess að flytja ræður, jafnhliða því, að lagt er til að fækka ræðunum. Vitanlega má um það deila, hvort tímaspursmál það, sem stungið er upp á í frv., sje heppilegt eða ekki, enda get jeg fallist á breytingar í því efni, ef jeg sje, að þær muni fremur ná þeim tilgangi, sem fyrir mjer vakir. Því að aðalatriðið fyrir mjer er að stytta þingræðurnar. Og takist það, er jeg sannfærður um, að þingið styttist og að útgáfa Alþingistíðindanna verður að mun ódýrari en nú á sjer stað. Með þannig bættum vinnubrögðum þingsins er því talsvert unnið, en engu tapað. Hinsvegar er aldrei fyrir það girt, að ekki geti hlotist skaði af að hverfa að því ráði að halda þing aðeins annaðhvert ár.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vonast eftir, að hv. deild taki málinu vel og lofi því að ganga til 2. umr. og allshn.

Halldór Steinsson: Þetta frv. er í sjálfu sjer meinlítið, og að því leyti sem það miðar til sparnaðar, þá er jeg því meðmæltur, þótt mjer hinsvegar virðist, að sparnaðurinn sje tvísýnn, þar sem gera má ráð fyrir, að 2. gr. jeti upp það, sem sparast með 3. gr.

Jeg ætla þá að víkja lítilsháttar að þessum þremur breytingum þingskapanna, sem frv. fer fram á.

Um 1. gr. er það að segja, að jeg tel hana fremur til bóta, en „praktiska" þýðingu hefir hún enga. Meiri hl. deilda getur altaf komið sömu mönnum í fleiri nefndir en tvær, ef honum býður svo við að horfa. En hitt er ekki

úr vegi, að hafa þingsköpin svo, að ekki þurfi að brjóta þau.

Um 2. gr. er fátt að segja. Það, sem hún fer fram á, finst mjer hálfgert tildur, sem aldrei muni svara kostnaði, og mun jeg því verða á móti henni.

Þá er það 3. gr., sem er veigamesta breytingin, og get jeg verið meðmæltur þeirri hugmynd, sem í henni felst. Þó finst mjer í fljótu bragði, að hjer sje of langt gengið, að ætla þm., öðrum en flm. og frsm., aðeins eina hálftíma ræðu. Þetta getur stundum orðið alt of þröngt og þm. ekki lokið máli sínu á svo skömmum tíma. Þess vegna kynni jeg betur við að ætla þm. tvær ræður, og mætti sú síðari vera mun styttri.

Annars verð jeg að segja það, að jeg kann illa við, að ráðherrar skuli mega tala eins oft og þeir vilja. Mjer finst ekki minni ástæða til að takmarka að einhverju leyti málæði þeirra heldur en einstakra þm.

Frv. þessu mun jeg því geta fylgt, ef því verður breytt á þann hátt, sem jeg hefi nú bent á. Og ef jeg mætti eiga von á, að hv. nefnd tæki þessar aths. mínar til greina, þá mundi jeg ekki koma með brtt. við frv.

Flm. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að vera óánægður yfir undirtektum hv. þm. Snæf. Hann sagði að vísu, að breytingin, sem felst í 1. gr., hefði enga „praktiska" þýðingu. Það má nú kannske til sanns vegar færa. En hún hefir þó þá þýðingu, að koma í veg fyrir árlegar deilur um þetta efni.

Þá skildist mjer á orðum hans, að 2. gr. frv. æti upp sparnaðinn, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. Á þetta get jeg ekki fallist. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að kæmi til framkvæmda breytingin í 2. gr., mundi hún kosta eitthvað dálítið, en sá kostnaður yrði aðeins í eitt skifti fyrir öll. Og það er ekki óhugsandi, að sú breyting yrði þess valdandi, að þm. sæktu ekki eins upp í ræðustólinn og ræður þeirra færri en á meðan þeir tala úr sæti sínu. En um þetta er ekkert hægt að segja fyrirfram. Það verður að sýna sig í framkvæmdinni.

Um ákvæði 3. gr. tók jeg beint fram, að það gæti verið álitamál, hvað langt yrði gengið í þeim takmörkunum, sem þar er stungið upp á. Aðalatriðið fyrir mjer er vinnusparnaðurinn, og hann fæst með því að fækka þingræðunum og stytta þær.

Hv. þm. Snæf. taldi rjett að takmarka ræðufjölda ráðherra, og má það vel vera, en jeg sá mjer ekki fært að gera það svona til að byrja með.

Annars vænti jeg, að hv. allshn. sýni málinu velvilja í aths. sínum, og get jeg lofað því fyrirfram að fallast á allar breytingar hennar, sem miða í þá átt að fullkomna þessa tilraun mína um að bæta vinnubrögð þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 175, 176).

Frsm. (Jón Þorláksson): Eins og nál. ber með sjer, mælir nefndin með því, að 1. gr. frv. verði samþ.; hún telur það sjálfsagða breytingu á þingsköpunum.

En ákvæði 2. gr., um það, að þm. skuli tala úr sjerstökum þar til gerðum ræðustóli, getur nefndin ekki fallist á. Ein af þeim ástæðum, sem færðar hafa verið fram með þessu, er sú, að þá sje þægilegra að víðvarpa ræðum þm. En nefndin telur ekki neina örðugleika á að víðvarpa þingræðum með því fyrirkomulagi, sem nú er, þegar Alþingi hefir ákveðið, að svo skuli vera og hjer er komin fullkomin útvarpsstöð. Nefndin getur heldur ekki fallist á að fara þá leið, sem 3. gr. stingur upp á, til þess að takmarka málfrelsi þm. Eftir því sem nefndinni er kunnugt um, hvernig þetta er framkvæmt annarsstaðar, þá mun það frekar á þá leið, að tíminn sje takmarkaður en hitt, hve oft þm. megi taka til máls.

Meira hefi jeg ekki að segja fyrir hönd nefndarinnar, en jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. um það, að aftan við upptalningu fastanefnda komi ný nefnd: utanríkismálanefnd. Mjer hefir verið fullkomlega ljós þörfin á að fá þessa nefnd, en nú er komin fram í frumvarpsformi till. um að kjósa í Sþ. 7 manna utanríkismálanefnd, er starfi einnig milli þinga. Það hefir verið reynt að fá samkomulag um þetta við hv. allhsn. Nd., sem hefir fengið þetta frv. til meðferðar, en engin niðurstaða orðið. Jeg álít, að Alþingi eigi að sýna afstöðu sína til utanríkismálanna með því að láta sjerstaka nefnd um þau fjalla alveg hliðstæða þeim nefndum öðrum, sem þingið kýs. Jeg álít, að þingið geti ekki á annan hátt betur bent á það, að utanríkismálin eru algerlega í okkar höndum, þó að við höfum kosið til bráðabirgða að hafa sjerstakt fyrirkomulag á framkvæmd þessara mála.

Til þess að þingið hafi full not þessarar nefndar, þarf hún að vera kosin eftir þingsköpum. En komi aftur utanríkismál til athugunar í Sþ., sem vel getur orðið, þá leyfa þingsköpin fyllilega, að utanríkismálanefndir beggja deilda gangi saman í samvinnunefnd.

Háttv. meðnefndarmenn mínir vildu ekki, að nefndin flytti þessa brtt., en ljetu þó ekki neitt í ljós móti till.

Einar Árnason: Háttv. frsm. allshn. hefir nú skýrt afstöðu nefndarinnar til þessa frv. Nefndin leggur sem sje til, að 1. gr. sje samþ., en 2. og 3. gr. feldar.

2. gr. lýtur að skipulagi innan þingdeildanna. Jeg álít, að það sje ekki eins heppilegt eins og unt væri að hafa það, en jeg ætla þó ekki að karpa við hv. frsm. um það atriði. Hinsvegar taldi jeg við 1. umr., að aðalatriði frv. feldist í 3. gr., sem sje það atriðið að reyna að vinna nokkurn sparnað á kostnaði við þinghald. Það hefir verið talað um það, bæði hjer á þingi og utan þings, meðal manna, að þinghaldið væri mjög dýrt, og út af því hefir verið gripið til þess úrræðis að breyta stjórnarskránni í þá átt að fækka þingunum og halda þau aðeins annaðhvert ár. En jeg held því fast fram, að það megi ná miklum sparnaði með því að breyta vinnubrögðum þingsins, og ákvæði 3. gr. þessa frv. stefndu að því, þó að jeg viðurkenni, að ekki hafi verið farið vítt yfir, heldur aðeins verið takmarkaðar ræður þm. að nokkru; en jeg er viss um, að ef tækist að takmarka þær að nokkru, myndi þingið

þar með stytt allmikið, og þegar þinghald kostar 1500 kr. á dag, getur það munað nokkru, þótt það styttist ekki nema sem svaraði tveim—þrem vikum. Prentun hefir undanfarið kostað um 80 þús. kr., og þessi ákvæði, sem í greininni felast, myndu líka ná til þess að minka þann kostnað að nokkru.

Í nál. hv. allshn. er það tekið fram, að hún viðurkenni í raun og veru, að það mætti ná nokkrum sparnaði með því að takmarka ræður þm., en aðeins að hún geti ekki fallist á þá uppástungu, sem hjer kemur fram. Mjer virðist nú, að hv. nefnd hafi ekki viljað leggja mikið á sig fyrir þetta sparnaðarmál, þar sem hún leggur ekki út í að gera neinar tillögur til breytinga á greininni. Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að jeg hjeldi alls ekki fast við það fyrirkomulag, sem stungið væri upp á; jeg gæti vel fallist á breytingar, ef þær væru til bóta, um þetta, aðeins ef þær næðu því marki, sem jeg ætlaði að ná. Það er að sjálfsögðu engin ástæða til að tala langt mál um þetta. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. deild skeri úr um það, og jeg tel það víst, að það sjeu þó nokkuð margir hjer innan þessarar hv. deildar, sem vilji fylgja þeim sparnaðarákvæðum, sem í þessu frv. standa. Það hefir áður verið samþykt eitthvað í svipaða átt, svo að jeg geri ráð fyrir því, að 3. gr. verði að minsta kosti samþykt.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg held, að jeg megi segja það fyrir hönd nefndarinnar allrar, að henni finnist ekki, að þær breytingar, sem 3. gr. fer fram á á þingsköpunum, sjeu svo mikið sparnaðarmál, að þess vegna geti það verið rjett að gera þá takmörkun á málfrelsi þingmanna, sem þar greinir; og sjerstaklega held jeg, að nefndinni hafi fundist greinin skifta málfrelsi alt of ójafnt á milli þingmanna. Það getur altaf borið svo til, að einhver annar heldur en framsögumaður nefndar hafi mikið að segja, og jeg hygg það vera yfirleitt ófullnægjandi, ef þingmaður, sem annars hefir nokkuð verulegt fram að bera viðvíkjandi þingmáli, eigi ekki kost á að taka til máls nema einu sinni, því að það vill venjulega vera svo, að það, sem fram er komið í fyrstu ræðu, gefur bæði öðrum tilefni til að koma með röksemdir á móti, og kannske benda á veilur, og það eru ekki allir þingmenn, sem eru þeim fullkomleika gæddir, að þeim hafi tekist að taka fram í einni ræðu alt, sem þurfti, að ekki komi í ljós við frekari umræðu, að þeir hefðu þurft einhverri skýringu við að bæta. Þetta finst okkur í nefndinni sjerstaklega, að ekki megi lögleiða, og yfir höfuð verð jeg að segja það frá sjálfum mjer — jeg veit ekki, hvort jeg má segja það fyrir hönd nefndarinnar líka —, að jeg held, að það sje fullmikið gert úr þessum málalengingum þingmanna. Það er satt að segja, mest um það talað af fólki, sem ekki ber fult skyn á, hvað það eru mörg mál í raun og veru, sem þessar umræður snúast um, þótt allir viðurkenni, að það hefir komið fyrir endrum og sinnum, að málalengingar dragast úr hófi. En þingsköpin vísa leiðina til að komast hjá þessu, ef forsetar og þingmenn aðeins vildu beita henni.

Einar Árnason: Hv. frsm. allshn. taldi, að það væri óviðunandi, að þingmenn alment mættu ekki halda nema

eina aðalræðu, því að það gætu komið fram andmæli, sem þingmaðurinn nauðsynlega þyrfti aftur að svara. Þetta er vitanlega rjett, og að sjálfsögðu var hægt að bæta úr þessu með því að takmarka meira tímann, og með því gæti hann aftur fengið tvær ræður. En jeg held, að ef leyfðar væru þrjár ræður, þá þyrftu þeir fjórar, og ef leyfðar væru fjórar, þá þyrftu þeir fimm, og svo koll af kolli. En þar sem það er vitanlegt, að þingræður yfir höfuð breyta ekkert afstöðu manna til málanna, eða að minsta kosti ákaflega sjaldan, þá held jeg, að ein ræða geri alveg sama gagn og þrjár. Það hefir löngum verið sagt, að menn væru ekki komnir hjer til þess að sannfærast af þingræðum, og er líklega mikið til í því. Það er því óhætt að fullyrða, að mikið af þessum ræðum sje búið til fyrir prentsmiðjurnar, til þess að setja þær á pappírinn. Mjer finst því ekki, að þessi ástæða nefndarinnar sje mikils virði.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla ekki að minnast á frv. sjálft, því að hv. frsm. mun hafa talað fyrir hönd nefndarinnar. Jeg ætla að minnast á þá brtt., sem hv. 3. landsk. flytur sjerstaklega og hann nú er búinn að tala fyrir.

Jeg veit, hvað fyrir hv. þm. vakir, og jeg er út af fyrir sig ekki ósamþykkur því, sem hv. þm. vill láta koma fram í þingsköpunum, að til sjeu utanríkismál, en jeg tel aðra aðferð heppilegri. Hv. þm. vill láta hvora deild hafa sjerstaka nefnd, sem málunum sje vísað til. En mjer finst, að fyrst og fremst sjeu utanríkismál mál alls þingsins, en ekki deildanna sjerstaklega, jafnvel þótt svo kunni að geta virst, og að löggjöf út af utanríkismálum komi til deildanna.

Nú hefði jeg talið rjettara, að samþykt yrði það frv., sem nú er á ferðinni í hv. Nd., frá hv. 2. þm. Reykv. (HjV), sem gerir ráð fyrir, að sameinað Alþingi skipi utanríkismálanefnd. Jeg geri það ekki að neinu atriði, hve mörgum mönnum hún er skipuð, aðeins að slík nefnd sje til. Jeg skal ennfremur benda á, að það þarf ekki annað en að gera litla breytingu á þingsköpunum, til þess að sú nefnd geti fengið til umráða og umsagnar öll utanríkismál frá deildunum líka, aðeins að þingsköpunum sje breytt í þá átt, að heimilt sje að vísa til þeirrar nefndar öllum þeim utanríkismálum, sem fyrir kunna að koma í deildunum. Álít jeg þá aðferð rjettari, því að við setjum þau mál hærra með því að skipa þeim í sameinuðu þingi heldur en að vera að hrekja þau á milli deilda. Þess vegna álít jeg, að brtt. hv. 3. landsk. beri ekki að samþykkja, heldur sje rjettara að samþykkja þá breytingu, sem farið er fram á í hv. Nd., og rjett að gera þá breytingu á því frv., að hvor deildin geti vísað til nefndarinnar þeim málum, er hún vill, þótt sú regla hafi ekki verið áður. En þetta er dálítið sjerstaks eðlis með utanríkismálin, og þess vegna ekki óeðlilegt, að þau sæti dálítið annari meðferð heldur en almenn löggjafarmál.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg er ekki viss um, að hv. 5. landsk. hafi athugað þetta nógu vel áður en hann tók sína afstöðu. Ef við förum nú að

gefa utanríkismálum á þingi aðra meðferð heldur en nokkrum öðrum málum, með því að hafa ekki tiltæka nefnd fyrir þau í hvorri þingdeild, heldur einungis úr sameinuðu þingi, þá sýnist mjer, sem með nokkrum rjetti megi líta svo á, að þessum málum sje ekki valin eins vönduð meðferð eins og stjórnarskrá og þingsköp ákveða um önnur mál. Öll mál, sem hjer koma fyrir, eru mál alls þingsins, eins og utanríkismál. En það hefir þótt rjett að ákveða fyrst meðferð í hvorri deild, og svo í sameinuðu þingi, ef ágreiningur verður. Jeg álít, að ef við förum að taka þau mál lausari tökum heldur en ákveðið er um önnur mál, þá muni það verða lagt þannig út, sem við lítum svo á, að við þurfum ekki að hugsa svo mikið um okkar utanríkismál sem um önnur mál, og álít jeg, að við eigum að forðast að gefa nokkurt tilefni til þess, að slíkt verði hugsað, að íslenskt löggjafarvald ráði ekki yfir sínum utanríkismálum. Mjer finst, að við gerum það best með því að setja þau alveg við hliðina á öðrum málum, sem löggjafarvaldið fjallar um.

Jón Baldvinsson: Jeg skil vel, hvað hv. 3. landsk. fer í þessu. Við erum aðeins ekki sammála um það, hvernig þessu skuli koma fyrir. Jeg skal segja hv. þm. það, að annarsstaðar í löndum eru sjerstakar nefndir, hjá ríkjum, sem eru fullvalda eins og við, sem starfa á milli þinga til leiðbeiningar fyrir stjórnir þeirra landa. Nefndirnar eru kosnar af öllum flokkum þingsins. Hv. þm. verður að gá að því, að það er dálítið sjerstakt með okkar þing, það er kosið í nær einu lagi, en þing annara þjóða eru samsett af tveim þingum, sem kosið er sjerstaklega til. Er annað sjerstaklega þing þjóðarinnar, en hitt, eða hin deildin, er víðast hvar leifar frá eldri tímum, þegar einvaldarnir voru og settu þau til þess að tryggja sín yfirráð.

Jeg hygg, að þetta sje hin veglegasta meðferð, sem við getum gefið okkar utanríkismálum, að láta þau sæta meðferð alls þingsins, því að hv. 3. landsk. verður að játa, að þau eru fæst venjuleg löggjafarmál. Það er nefnilega svo, að til þeirrar nefndar myndi verða vísað ágreiningsatriðum, sem við hefðum við önnur lönd, og ýmsum samningamálum, sem við þurfum að hafa. Það er sjaldnast, að það sjeu lagafrumvörp, sem við þurfum að fara þannig með, en vilji svo til, þá fara þau líka sína rjettu boðleið gegnum deildirnar. En eðlilegastur og veglegastur sess er þessum málum skipaður, ef kosin er nefnd úr sameinuðu þingi og ef deildirnar hefðu rjett til að vísa þangað málum, sem til kynnu að falla í þeim.

ATKVGR.

Brtt. 176 feld með 8:6 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. feld með 8:4 atkv.

3. gr. feld með 7:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 221).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 221).

Á 28. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 221, n. 269 og 292, 265, 338).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um bæði þau frv., sem fram hafa komið um breytingar á þingsköpum Alþingis. Nefndin hefir að vísu öll orðið sammála um frv. á þskj. 221, en svo hefir komið fram annað frv. um utanríkismálanefnd, og um það hefir nefndin klofnað. Um þörf utanríkismálanefndar eru allir sammála, aðeins eru skiftar skoðanir um fyrirkomulag hennar. Meiri hl. lítur svo á, að samþykkja eigi frv. og kosin verði 7 manna nefnd, en vill gera þá breytingu, að hægt sje að vísa málum til þeirrar nefndar frá báðum deildum, en ekki aðeins frá sameinuðu þingi. Meiri hl. lítur svo á, að það muni vera meiri festa í störfum nefndarinnar, ef hún starfaði í einni heild, og eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer um utanríkismálanefndir annarsstaðar, þá virðist fyrirkomulagið vera hið sama, að nefndin sje ein, en skiftist ekki eftir þingdeildum. Í Danmörku er það þannig, þótt þar sje ekki um sameinað þing að ræða, að kosnir eru 16 meðlimir þingsins í nefndina og jafnmargir varamenn. Sú nefnd á að ræða öll utanríkismál. Ennfremur getur nefndin heimtað fund, ef sex menn óska þess, og loks er nefndin bundin þagnarheiti, er ráðherra eða formaður nefndar óska. Haldinn er þingfundur í þingbyrjun, þar sem skýrt er frá því, hvað gerst hafi í nefndinni milli þinga. Við erum svo skamt komnir í utanríkismálunum, að jeg vildi ekki, að alt þetta yrði ákveðið um nefndina í upphafi, enda mundu skapast venjur um það með tímanum. Utanríkismálanefnd Dana er að því leyti hliðstæð því, sem meiri hl. hugsar sjer, að hún nær yfir alt þingið.

Mun jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum og mun leiða hjá mjer að ræða álit minni hl. og aðrar brtt., er fram hafa komið, þangað til um þær hefir verið rætt.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett, sem hv. frsm. meiri hl. tók fram, að nefndin klofnaði um það, hvernig skipa ætti utanríkismálanefnd, en ekki um þörfina á slíkri nefnd.

Minni hl. lítur svo á, að það sje ekki í samræmi við þá skipun, sem nú er á Alþingi, að velja nefnd í sameinuðu þingi, sem taka á til meðferðar mál

frá hvorri deildinni fyrir sig. Það getur svo farið, að allir nefndarmenn eigi sæti t. d. í Nd., og segjum svo, að nefndin hafi mál til meðferðar, sem Ed. þarf að fjalla um, þá er enginn forsvarsmaður málsins í þeirri deild. Þetta er mögguleiki, sem meiri hlutinn tekur ekki með í reikninginn.

Mjer virðist, að eftir fyrirkomulagi okkar þings sje þetta ekki rjett, en hinsvegar er hægt að komast hjá því, ef farin er sú leið, sem minni hl. stingur upp á.

Hæstv. forseti vakti athygli á því, að á fundi væri útbýtt brtt. frá hv. þm. Dal. (SE). Þótt hv. þm. hafi ekki talað með sinni till., get jeg ekki betur sjeð en að hann fallist í aðalatriðum á till. minni hl.

Mjer er ekki kappsmál, hvor leiðin verður farin, sú, sem minni hl. bendir á, eða hv. þm. Dal., og get jeg gjarnan gengið inn á till. hv. þm. til samkomulags.

Sigurður Eggerz: Jeg vil játa það, að mjer finst aðalatriðið, að utanríkismálanefnd verði sett hjer í þinginu, og vil jeg lýsa ánægju minni yfir því, að bæði meiri hl. og minni hl. eru jafnsammála um það atriði. Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að hæstv. forsrh. skýrði mjer frá því nokkru fyrir þing, að stjórnin ætlaði að bera fram till. um nefnd í þessa átt, og vona jeg, að hæstv. ráðh. reiðist mjer ekki, þótt jeg láti þessa getið.

Jeg hefi verið að kynna mjer fyrirkomulag á þessu máli annarsstaðar. Hv. frsm. meiri hl. skýrði frá þeim reglum, sem væru í Danmörku, og mun sú frásögn hans alveg rjett, en jeg hefi einnig kynt mjer, hvernig þessu máli er farið hjá Norðmönnum. Hefi jeg átt tal við ræðismann Norðmanna, og hefir hann skýrt mjer frá því, að í Noregi starfaði að þessum málum nefnd, sem kölluð er Konstitutions Komité. Nefnd þessa getur stj. kallað saman, þegar þing situr, en ekki þar fyrir utan. Aftur á móti legg jeg áherslu á, að stjórnin geti kallað nefndina saman milli þinga. Í samtali því, er jeg áðan gat um milli mín og hæstv. forsrh., lagði hæstv. ráðh. mikla áherslu á það, hve æskilegt væri fyrir stjórnina að geta haft tal af slíkri nefnd, þegar þingið situr ekki, og mun öllum vera það skiljanlegt, sem vita, hve utanríkismálin eru vandasöm mál. Kannast jeg við það frá minni ráðherratíð, hve iðulega komu fyrir flókin spursmál og hve mikil nauðsyn var oft á því að hafa nefnd manna til að ráðfæra sig við. Annars er óþarfi að fara fleiri orðum um þetta, því að um nauðsyn á þessari nefnd eru allir sammála. Jeg get fallist á það með minni hl., að vegna skipunar á öðrum nefndum væri heppilegra, að utanríkismálanefndin væri kosin eins og aðrar fastanefndir. En ef minni till. er fylgt og nefndir beggja deilda ganga saman í eina nefnd í þinglokin og kjósa sjer formann og ritara, þá er þar sama marki náð og ef nefndin væri kosin í sameinuðu þingi, eins og meiri hl. vill láta gera, en um leið haldið venjum þingsins.

Mjer finst, að rjett sje að ákveða með lögum, að þagnarskylda sje í nefndinni um þau mál, sem forsrh. eða formaður nefndarinnar óska þagnar um. Samskonar regla gildir í Danmörku. Álít jeg það svo þýðingar-

mikið atriði, að rjett væri að taka það strax til athugunar, og ætti að bera fram brtt. um það við 3. umr. þessa máls.

Í brtt. minni er svo að orði kveðið, að stjórninni sje heimilt að kalla saman nefndina, þegar henni þykir við þurfa. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin sje fær um að dæma um það, hvenær þörf er á að kalla nefndina saman, en hinsvegar koma oft fyrir ýms smáatriði, sem ekki er þörf á að leggja fyrir nefnd. Ef það verður ákveðið, að viss mál verði lögð fyrir nefndina, þá hefi jeg auðvitað ekkert á móti því. Hinsvegar vona jeg, að stjórnin telji það skyldu sína að leggja öll erfið mál fyrir nefndina. Allir vita, hversu mikil ábyrgð hvílir á herðum stjórnarinnar, svo að hún hlýtur hreint og beint að hafa tilhneigingu til þess að leita sjer aðstoðar. Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað það, að þessi nefnd verði skipuð; hitt skiftir minna, hvor leiðin verður farin.

Halldór Stefánsson: Jeg vildi aðeins stuttlega drepa á ástæðurnar fyrir brtt. minni á þskj. 265.

Það mun alment álitið, að þingin sjeu helst til löng og þar af leiðandi dýr, og hafa verið reyndar ýmsar leiðir til þess að stytta þau, en engar slíkar leiðir hafa náð fylgi meiri hl. þingsins. Þessi till. mín lýtur að því sama, þótt í litlu sje. Það er alkunnugt, hve mikill fjöldi mála liggur fyrir hverju þingi.

Í þingsköpunum er svo ákveðið, að fastanefndir skuli vera 7. Þykir afgreiðsla mála frá nefndum dragast stundum alllengi, og mun ástæðan fyrir því vera m. a. sú, hve mikill fjöldi mála liggur fyrir hverri nefnd.

Ef svo væri, að jafnmörg og umfangsmikil mál lægju fyrir hverri nefnd, væri ekki hægt að bæta úr þessu með öðru móti en að fjölga nefndunum að miklum mun. Álít jeg, að það mundi geta greitt fyrir afgreiðslu málanna, að fjölga nefndum allverulega, en húsnæði leyfir ekki, að öllu fleiri nefndir starfi; verður því að hverfa frá því. En það er mjög misjafnt, hvað mörg mál koma fyrir hverja nefnd. Sjerstaklega er það ein nefndin, sem langflest mál eru lögð fyrir, og það er allshn. Jeg hefi gert yfirlit um það, hvernig mál hafa legið fyrir nefndum á 4 undanförnum þingum að meðaltali. Það yfirlit er þannig:

Fjvn. 3¼. Fjhn. 18. Landbn. 10¼. Sjútvn. 9½. Mentmn. 7. Samgmn. 8¼. Allshn. 31¼.

Eins og sjest á þessu yfirliti, hafa langflest mál farið til allshn., og þar næst til fjhn. Í raun og veru teldi jeg rjett að skifta málaflokkum beggja þessara nefnda í tvent, en skrifstofustjóri hefir sagt mjer, að húsnæði leyfði ekki að fjölga nefndum um tvær. Hinsvegar væri hægt að bæta við einni nefnd, og hefi jeg því valið að kljúfa mál allshn. og skifta henni í tvent. Til allshn. kemur einn flokkur mála, sem er sjerstaklega stór, og það eru sveitar- og bæjarmál. Fyrir því hefi jeg lagt til, að skipuð yrði nefnd, sem kölluð væri sveitarmálanefnd, og hefði þessi mál með höndum. Þetta mundi án efa flýta afgreiðslu málanna. Jeg hefði ekki borið fram þessa brtt., ef ekki hefði legið fyrir frv. um breyting á þingsköpunum og ýmsar aðrar breytingar verið fram bornar. Annars vil jeg skjóta því til hv. allshn., hvort hún vildi ekki athuga það,

hvort ekki væri líka hægt að skifta málum fjhn., sem hefir flest mál með höndum, að fráskilinni allshn.

Pjetur Ottesen: Þegar frv. háttv. 2. þm. Reykv. um skipun sjerstakrar utanríkismálanefndar var hjer til 1. umr., beindi jeg þeim tilmælum til allshn., sem fjekk málið til meðferðar, að taka það til athugunar, að nefndarskipun sú, sem frv. fór fram á, yrði bygð á þeim grundvelli, sem núverandi þingskipun hvílir á. Minni hl. hefir tekið þessi tilmæli til greina, en meiri hl. hefir ekki getað fallist á þau.

Jeg vil til viðbótar því, sem jeg sagði um málið við 1. umr., benda á það, að á þann hátt, sem meiri hl. hugsar sjer máli þessu fyrir komið, er ekki trygt, að utanríkismálin verði rædd jafngaumgæfilega og önnur þingmál. Því að þótt gera megi ráð fyrir, að þessi mál verði rædd í báðum deildum, þá er þeim ekki vísað nema til einnar nefndar, og á þann hátt fjalla færri menn um þau í nefndum en ef þeim væri vísað til nefndar í hvorri deild, eins og venja er til um önnur þingmál. Þótt bein þátttaka okkar í utanríkismálum sje ekki mjög umfangsmikil enn sem komið er, þá rekur að því, að við tökum þau mál að öllu leyti í okkar hendur, og auk þess eru slík mál mjög vandasöm, og er þess full þörf, að ekki sje síður vandað til meðferðar þeirra en annara mála. En svo er annað atriði í þessu máli, sem mjer finst mjög óviðfeldið, sem sje það, að með fyrirkomulagi meiri hl. á að binda það með lögum, að það sjeu eingöngu búsettir menn í Reykjavík, sem eigi að fjalla um þessi mál í nefndinni á þingi og milli þinga með stjórninni.

Jeg kann, satt að segja, alls ekki við, að verið sje að lögbinda það, að þetta sje svona, og það því frekar, sem þetta er algert brot á þeim reglum um nefndaskipanir og val í nefndir, sem annars tíðkast í þinginu. Jeg vildi biðja háttv. þm. að athuga þetta. Aftur á móti er með till. háttv. minni hl. haft sama fyrirkomulag á þessu eins og með önnur þingmál, því samkv. þeim er hægt að kjósa menn í nefndina án tillits til búsetu þeirra. Hinsvegar er það, þar sem á að kjósa sjerstaka nefnd, sem jafnframt á að vera stjórninni til ráðuneytis um þessi mál milli þinga, þá er það auðvitað ósamrýmanlegt nema því aðeins, að nefndarmenn allir sjeu búsettir í Reykjavík. Jeg mun því fylgja brtt. hv. minni hl., og af þessari ástæðu get jeg heldur ekki fallist á brtt. frá hv. þm. Dal., því að samkvæmt þeim er einnig útilokað, að nokkrir aðrir en þeir, sem búsettir eru í Reykjavík, geti komið til með að fjalla um þessi mál í nefnd í þinginu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil fyrst og fremst láta í ljós ánægju mína yfir því, að það virðist svo, sem allir sjeu sammála um aðalatriði þessa máls, sem er það að skipa nefnd, er sjerstaklega taki utanríkismál til meðferðar, og starfi á milli þinga í samvinnu við landsstjórnina um þessi mál. Þetta er aðalatriðið, en um hitt, með hverjum hætti þetta eigi að verða, vil jeg segja það, að það er algert aukaatriði.

En jeg býst nú samt við, að aðallega verði þetta starf nefndarinnar

ekki á þingi, heldur á milli þinga. En þegar slík mál hafa komið fyrir á þingum, þá hafa þau löngum verið rædd á fundum í Sþ. Mjer er það ekkert kappsmál, hvor leiðin verður farin, en þó er eitt atriði, sem stendur sjerstaklega á um, og það er, að sá maður úr mínum flokki, sem jeg vildi helst kjósa í slíka nefnd, en það er forseti þessarar háttv. deildar, er útilokaður, ef till. hv. minni hl. verða samþ. Sama er að segja um brtt. hv. þm. Dal., ef hún verður samþ., að þá er forseti okkar sömuleiðis útilokaður frá að sitja í þessari nefnd eftir þingvenju. Mjer skilst, að framhjá þessu verði komist með því að samþ. breytingar hv. meiri hl. allshn., og finst mjer það í rauninni samræmanlegra við það, sem hingað til hefir komið fram.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. frsm. minni hl. vildi halda því fram, að það væri meira í samræmi við það skipulag, sem haft væri á þessum málum á þingi, að kosnar yrðu tvær nefndir, sín í hvorri deild. En jeg verð að taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að yfirleitt sæta utanríkismál ekki lagameðferð hjer á þingi. Það er ekki hægt að binda enda á milliþjóðamál með því að búa til lög um þau. Eina leiðin til að gera það er að samþ. þáltill. um þau í Sþ., og það verður því Sþ., sem þar kemur til greina. Hitt er annað mál, að það getur komið til deildanna kasta um löggjöf innanlands, ef búið er að binda enda á sjálf utanríkismálin, en við höfum þar slegið þann varnagla, að deildirnar geti þá skotið málunum til hinnar föstu utanríkismálanefndar, og má líka senda þau til hverra annara nefnda sem vill, eftir að þau eru orðin innanríkismál. Það sýnir sig því af þessu, að það er algerlega í samræmi við fyrri venjur hjer á þingi, að þessi mál verði höfð í sameinuðu þingi.

Jeg vil ennfremur benda á, hvernig yrði að fara með þessi mál, ef tekin væri upp sú regla, sem hv. minni hl. nefndarinnar vill. Við yrðum þá að hafa sömu aðferðina við þau mál eins og lög, þrjár umr. í hvorri deild, og svo aftur flæking á milli deilda og kannske að lokum í Sþ. Það getur vel verið, að meðferð sem þessi geri lítið til um almenn lög, og sje jafnvel þörf, en þegar er að ræða um mál, þar sem alt er komið undir einingu og samheldni, eins og er um utanríkismál, og oft getur verið nauðsynlegt að gera skjótar ákvarðanir, þá er slík aðferð óþolandi.

Svo vil jeg benda á það, að ýms mál koma fyrir þingið, sem það vildi láta sæta nefndarrannsókn, — en hvor deildin er þá rjetthærri? Til hvorrar nefndarinnar ætti þá að vísa málinu? Það væri rangt að vísa því þá til nefndar í annarihvorri deildinni. Mjer finst það vera vanhugsað hjá hv. minni hl., hvernig hann hugsar sjer meðferð þessara mála, og andstætt við það, sem tíðkast í öðrum löndum, sem reynslu hafa í þessum efnum.

Einnig vil jeg benda á það, að eins og till. hv. minni hl. eru um það, að vera skuli sín nefndin í hvorri deild og að svo komi ný nefnd á milli þinga, þá er engin vissa fyrir því, að sömu mennirnir, sem hafa kynt sjer málin

á milli þinga, fái líka sæti í nefndum þingsins, sem þó er sjálfsagt að sje, því að með því kæmi þingið sjer upp mönnum með þekkingu á afgreiðslu utanríkismála.

Hv. þm. Borgf. hjelt því fram, að það myndi ekki leyfast mönnum, sem eiga heimili utan Reykjavíkur, að sitja í þessari utanríkismálanefnd, ef það yrði fastanefnd. Jeg skal ekki segja um það, en það gæti víst átt sjer stað um þá menn, sem byggju í nágrenni Reykjavíkur, og ef til vill væru kosnir menn, sem ekki gætu mætt nema þegar um stærri mál væri að ræða, eða þá með fyrirvara. Auk þess mætti hafa varamenn, þó að nefndin hafi ekki mælt með því að svo komnu. En það er auðsætt, að nefndin verður að starfa á milli þinga, og nefndarmenn því að eiga heimili í nánd við stjórnaraðsetrið, Reykjavík. Hitt er auðvitað alveg rangt, að það sje lögfest, að menn, búsettir utan Reykjavíkur, geti ekki verið í nefndinni, því að það er auðvitað ekkert nema samgönguleysið, sem gerir það, að menn, búsettir norður á Hornströndum, geta ekki eins vel verið í nefndinni eins og Reykvíkingar.

Þá vil jeg segja nokkur orð frá eigin brjósti um till. hv. þm. Dal. Hann vill þræða á milli skerjanna með því að mynda eina fastanefnd úr báðum deildanefndunum, er starfi á milli þinga. En mjer finst það sama á móti þessari till. sem till. hv. minni hl., að eftir þeirri meðferð, sem utanríkismál hljóta á meðan þau eru utanríkismál, er eðlilegast að afgr. þau frá Sþ. Auk þess mætti bæta því við, að eftir till. hv. þm. er ríkisstjórninni „heimilt" að kalla nefndina saman hvenær sem henni þykir þess við þurfa. En það segir sig sjálft, að þessi utanríkismálanefnd kemur ekki til að hafa neina verulega ábyrgð á starfi sínu eða stjórn þessara mála, heldur verður það ríkisstjórnin ein, sem veit, hvenær þarf að kalla nefndina saman. En eins og hv. meiri hl. nefndarinnar óskar að hafa þetta, þá er það beinlínis skylda stj. að kalla nefndina saman til að ræða slík mál. Jeg verð að segja, að mjer þykir fara betur á því, vegna þess að annars er í raun og veru ekki það eftirlit frá þingsins hálfu með þeim málum, sem æskilegt væri, og að minsta kosti gæti jeg hugsað mjer það, að sú stjórn sæti hjer á landi, að mönnum þætti það vissara og hyggilegra. Áreiðanlegt er það, að stjórnarandstæðingar, sem ættu menn í slíkri nefnd, kysu heldur, að það væri skylda stj. að kalla nefndina saman.

Að gefnu tilefni vil jeg loks geta þess, að frv. þetta flutti jeg fyrir hönd flokks míns, en ekki fyrir ríkisstjórnina. Hafði jeg átt tal við hæstv. forsrh. löngu fyrir þing um þetta mál og skýrt honum frá því, að við mundum flytja slíkt frv. Tók hann þá vel í málið í fyrstu.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. En þessi fyrirvari minn byggist þó ekki á því, að jeg sje ekki samþ. till. hans, það sem þær ná.

Það er ekki hægt að segja, að það sje stórvægilegur ágreiningur, sem hefir orðið þess valdandi, að nefndin hefir klofnað um þetta mál. Jeg fyrir mitt leyti er sammála hinum nefndarmönnunum í meiri hl. um það, að

rjettara sje að kjósa eina nefnd í Sþ. til að fjalla um utanríkismálin heldur en að hafa nefndirnar tvær. Mjer finst þessi tilhögun eðlilegri vegna þess, að utanríkismálin geta hvort sem er sjaldnast sætt meðferð venjulegra þingmála, því eins og þeir hafa vikið að, hæstv. forsrh. og hv. frsm. meiri hl., þá eru þessi mál sjaldnast venjuleg löggjafarmál. Hlutverk þessarar nefndar eða nefnda verður því einkum það, að vera til ráðuneytis fyrir stj. í þessum málum, því að samkvæmt okkar stjórnskipulagi eru utanríkismálin í höndum stj., en ekki þingsins. Það er konungurinn, með ráði stj. og á hennar ábyrgð, sem gerir samninga við önnur ríki, en ekki þingið. En ef setja þarf nýja löggjöf vegna einhverra samninga við önnur ríki, þá heyra þau lög hvort sem er undir einhverja af fastanefndum þingsins, en að sjálfsögðu mætti fyrir því leita álits utanríkismálanefndar, þegar svo stæði á. Það er því ekki út af þessum ágreiningi, sem jeg hefi skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara, heldur vegna þess, að úr því að farið var að gera till. um breytingar á þingsköpunum á annað borð, vildi jeg hafa þær töluvert víðtækari en þetta. Jeg býst við, að ef jeg hefði verið heill heilsu undanfarna daga, þá hefði jeg komið fram með brtt. í þá átt; en hv. 1. þm. N.-M. hefir leyst mig af hólmi að nokkru leyti, þar sem hann flutti brtt. um það að fjölga fastanefndum þingsins. Tel jeg það mjög til bóta, því að jeg hefi fulla reynslu fyrir því, að allshn. er ofhlaðin störfum, og því full nauðsyn að skifta störfum hennar milli tveggja nefnda. Jeg mun því fyrir mitt leyti geta greitt atkv. með till. hv. þm. um sjerstaka sveitarmálanefnd.

En það er þó ekki þetta, sem sjerstaklega vakir fyrir mjer, heldur hefði jeg óskað, og sjálfsagt hreyft því í nefndinni, ef jeg hefði verið frískur, þegar málið var þar til meðferðar, að reynt væri að finna einhverjar leiðir til þess, að sjálfir þingfundirnir gætu farið betur fram en þeir gera.

Jeg ætla ekki að fara langt út í þetta nú, en jeg veit, að allir hv. þm. hljóta að hafa það á tilfinningunni, að í þessu efni er mjög ábótavant. Að hægt sje að bæta úr þessu með breytingum á þingsköpunum, skal jeg ekki fullyrða, því velsæmistilfinning þm. sjálfra ræður auðvitað mestu um það, hvernig þingfundirnir eru, en þó hygg jeg, að brtt. þær, sem komu fram í hv. Ed. um takmörkun á ræðutíma o. fl., kynnu að verða til einhverra bóta í þessu efni. Áskil jeg mjer því rjett til að flytja brtt. í svipaða átt við 3. umr.

Þó það komi ekki beinlínis þingsköpunum við, þá vildi jeg þó í þessu sambandi beina því til forseta þingsins, hvort ekki væri reynandi að útvega þm. svo góð sæti, að þeir gætu þolað að sitja meðan á þingfundum stendur, því að þessi sæti eru þannig, að ómögulegt er að tolla í þeim, ef þingfundir eru langir, og spillir það töluvert góðri reglu á fundunum.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það er fjarri mjer að vilja halda uppi löngum umr. um þetta mál. Jeg vildi aðeins benda hv. meiri hl. nefndarinnar á, að það getur oft borið svo

að, að samningar við önnur lönd sjeu löggjafarmál. Má þar benda á Spánarsamninginn, sem fyrst var gerður sem bráðabirgðasamningur, en síðan staðfestur með lögum, svo að þetta var beinlínis löggjafarmál, og þetta er einhver þeirra mikilsverðustu samninga, sem hjer hafa verið gerðir. Þetta nægir til að benda á það, að slík mál getur vel borið að sem löggjafarmál.

Svo þótti hv. frsm. meiri hl. það óviðfeldið, þegar ekki væri um löggjafarmál að ræða, að þau þurfi að fara í nefnd í hvorri deild fyrir sig. En þá er ekkert hægara fyrir stjórnina en að kalla til báðar nefndir og láta þær starfa saman. (**HjV:** Á þá að vísa málunum til nefndanna frá sameinuðu þingi?). Nei, jeg er hjer að tala um það, þegar stjórnin vill leita ráða til nefndanna um mál, sem ekki á að setja lög um.

Þá er brtt. hv. 1. þm. N.-M., um að skifta allsherjarnefnd. Mjer líst vel á hana vegna þess málafjölda, sem á hverju þingi er vísað til hennar. En náttúrlega getur maður ekki búist við því, að það flýti eins mikið fyrir störfum nefndanna eins og ef hægt væri að bæta við nýrri nefnd án þess að taka af kröftum þeim, sem í öðrum nefndum eru.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um, að það væri galli á till. hv. þm. Dal., að það hvíldi engin skylda á stjórninni að kalla nefndina saman. En jeg er sannfærður um það, að hver stjórn sem er finnur sjer ljúft að kalla saman nefndina og láta hana gefa sjer ráð og bera hluta af ábyrgðinni, því að það er oft svo um utanríkismálin, að þau eru mjög ábyrgðarmikil.

Það var gott, að hv. 2. þm. Eyf. mintist á stólana hjer í salnum. Það var einmitt talað um í nefndinni að hreyfa því, en það gleymdist hjá okkur báðum frsm. En það verður að segja það eins og er um stólana hjerna, að það er ekki nokkrum manni ætlandi að sitja í þeim til lengdar, og þess vegna vil jeg mjög eindregið taka undir það að skora á hæstv. forseta að sjá um, að þetta verði síðasta þingið, sem við þurfum að sitja á svona stólum. Svo þyrfti líka að útvega fáeinar pappírskörfur, til þess að við getum komið frá okkur ýmsu pappírsrusli, sem annars flýtur hjer, eins og sjá má, um öll borð. En aðalatriðið er þó um stólana, sem jeg vona, að hæstv. forsetar taki til athugunar.

Sigurður Eggerz: Jeg skýrði frá því, þegar jeg talaði um þetta mál, að aðalatriðið væri það, að þessar nefndir yrðu settar á stofn, en hinsvegar var þessi brtt. mín til þess að reyna að sameina alla um málið, og hefði líka átt að geta orðið til þess, þar sem nefndirnar eru kosnar í báðum deildum og ganga svo saman í eina nefnd á milli þinga. — Jeg vil geta þess, að fordæmi eru fyrir því, að nefndir í báðum deildum gefa út sameiginlegt nefndarálit.

En af því að aðalmótbáran, sem hreyft hefir verið gegn þessu fyrirkomulagi, hefir verið sú, að ef málinu væri svo fyrir komið, væri ekki hægt að kjósa forseta Nd. í nefndina, þá verð jeg að segja, að jeg teldi það mikinn galla, ef þessi tillaga mín yrði til þess, að hæstv. forseti deildarinnar gæti ekki komist í nefndina. En jeg sje ekki, að það sje neitt í þingsköpunum, sem gæti verið því til fyrirstöðu, að kjósa mætti forseta Nd. í nefndina,

enda mætti líka til vara koma með skýrt ákvæði um þetta í þingsköpin. Annars skal jeg geta þess, að jeg ber þessa till. fram í fullu samráði við forseta þessarar deildar, og veit jeg ekki annan þm., sem jeg vildi frekar ræða slík vandamál við en hann.

Að því er snertir athugasemdir hv. þm. Borgf. (PO), að svo geti farið, að þingmenn, heimilisfastir utan Reykjavíkur, gætu ekki orðið kallaðir saman ásamt öðrum nefndarmönnum, vegna fjarlægðar, þá vil jeg aðeins benda á, að hægt væri að hafa varamenn.

Jeg get ekki fengið mig til að halda lengri ræðu um málið, með því að fyrir mjer er það aðalatriðið, að settar verði slíkar nefndir hjer, og að nefndirnar sitji ekki aðeins á meðan þingið stendur, eins og í norska þinginu, heldur megi einnig ná til þeirra á milli þinga. Þá álít jeg nauðsynlegt að bæta inn í frv. ákvæði um þagnarskyldu. Þau mál, sem hjer er um að ræða, eru þess eðlis, að full nauðsyn er á slíku ákvæði.

Jeg hefi þá lýst afstöðu minni til þessa máls. Ef till. mín verður feld, mun jeg greiða atkv. með því, að nefndin verði kosin í Sþ. Hjer er ekki um neitt kapp að ræða frá minni hendi.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg gleymdi að taka það fram, að nefndin var sammála um að leggja fyrir forseta að sjá um, að ný sæti væru útveguð fyrir næsta þing. Sæti þau, sem nú eru ætluð þm., eru með öllu óhæf, og ef til vill eiga þau ekki lítinn þátt í þeirri ókyrð, sem oft er á þm. meðan á fundum stendur. Þá vildi og nefndin koma í veg fyrir umgang þann, sem oft er um deildina af öðrum en þm., en annars virðist nægilegt, að forsetar gæfu út fyrirskipanir um það.

Jeg hefði kosið, að hv. 1. þm. N.-M. frestaði till. sinni til næstu umr. Að vísu hafa tveir nefndarmenn talið sig meðmælta henni, en nefndin í heild hefir ekki tekið afstöðu til hennar. Í nágrannalöndunum er það fyrirkomulag, að kosin er svo kölluð „social"-nefnd, fjelagsmálanefnd, sem hefir með höndum tryggingarmál og önnur skyld mál, sem allshn. hefir með höndum hjer. Er það önnur skifting mála en sú, sem hv. 1. þm. N.-M. leggur til, en eftir á að rannsaka um eðli mála þeirra, sem allshn. vinnur að, svo að á því væri hægt að byggja skynsamlegan klofning nefndarinnar í tvær.

Halldór Stefánsson: Háttv. frsm. meiri hl. skaut því til mín að taka aftur till. mína til 3. umr., og get jeg fallist á að gera það, því frekar sem hún hefir fengið vinsamlegar undirtektir, og ennfremur með tilliti til ummæla hv. 2. þm. Eyf., ef það gæti orðið til þess, að fram kæmu fleiri brtt. og málið yrði betur athugað. Ástæðan til þess að láta sjerstaka nefnd hafa sveitamál með höndum, er sú, að þau eru langsamfeldasti og stærsti málaflokkurinn, sem allshn. fjallar um. Allshn. hefir löngum verið kölluð ruslakista þingsins, og til hennar koma jafnan hin sundurleitustu mál, en hjer er um samfeldan málaflokk að ræða, sem getur verið töluvert verkefni fyrir sjerstaka nefnd. Jeg get ekki sjeð ástæðu til þess hjer, að sjerstök nefnd hafi hin svo kölluðu

„fjelagsmál“ með höndum, enda þótt mjer sje kunnugt um, að í Noregi er kosin „fjelagsmálanefnd“. Má að vísu vera, að sú flokkun sje hugsanleg, en hún yrði óljós, enda munu þau mál ekki með öllu óskyld sveitamálefnum.

Pjetur Ottesen: Jeg vil benda á, hvílík fjarstæða sú mótbára hæstv. forsrh. gegn brtt. minni hl. var, að með því móti væri forseti Nd. útilokaður frá setu í utanríkismálanefndinni. Þótt núverandi forseti sje vel fallinn til að eiga þar sæti, geta allir sjeð, hve fráleitt er að miða framtíðarskipulag þessara mála við það. — Auk þess hefir verið upplýst, að ekkert er á móti því, að forseti geti átt sæti í nefndinni. Það er algengt, að forseti neyti þingmannsrjettar síns og tali í málum, og því kæmi það ekki í bága við stöðu hans, þótt hann væri í slíkri nefnd. En vitanlega kemur til engra mála að byggja framtíðarskipulag málsins á því, hvort einn sjerstakur maður getur verið í nefndinni eða ekki.

Það hefir verið bent á það, að mjög stórvægileg utanríkismál hafa legið fyrir þinginu og verið rædd þar og afgreidd á sama hátt og önnur þingmál. Má í því efni benda á Spánarsamninginn. Jeg man aftur á móti ekki eftir því, að nokkru sinni hafi verið kosin nefnd til að íhuga utanríkismál af Sþ., þótt þau mál hafi hinsvegar oft verið borin undir Sþ., bæði á opnum og lokuðum fundi. Þetta sýnir, að fyrst og fremst á að ráðstafa þessum málum á þann hátt, að farið sje með þau sem önnur löggjafarmál. Sú ástæða, sem fram hefir verið borin gegn kosningu nefndarinnar í báðum deildum, að það gæti orðið til þess að málin hrektust milli deilda vegna ósamþykkis, er næsta lítils virði. Hvaða trygging er fyrir því, að ekki geti orðið skiftar skoðanir í nefnd, sem kosin er af Sþ.?

Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að þótt frv. væri samþ. með brtt. meiri hl., væri það ekki lögfest, að nefndarmenn skuli vera búsettir í Reykjavík. Satt er það, að í orði kveðnu er svo að vísu ekki, en raunverulega er utanbæjarþingmönnum fyrirmunað að taka þátt í störfum slíkrar nefndar. Ekki hefir neitt það komið fram í sambandi við brtt. hv. þm. Dal., er geri hana aðgengilegri en till. meiri hl. Að vísu var hann að tala um varamenn í nefndinni, en kom ekki fram með neina till. um það.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en tel sjálfsagt að fara að till. minni hlutans um skipun nefndarinnar.

Hákon Kristófersson: Um leið og hv. frsm. meiri hl. lýsti yfir því, að allshn. hefði klofnað um þetta mál, gat hann þess og, að jeg hefði verið andvígur skipun nefndarinnar. Þetta er að mestu leyti rjett. Jeg er ekki viss um, að skipun slíkrar nefndar sje heppileg. A. m. k. tel jeg, að slíkt frv. sem þetta hefði átt að koma frá stj., en hvorki núv. nje fyrv. stj. hafa látið neinar slíkar óskir í ljós.

Jeg er hræddur um, að svo geti farið, að nefnd sem þessi dragi vald úr höndum þings og stj., reki smiðshöggið á utanríkismál, svo að þau verði ekki lögð fyrir þingið. Veit jeg, að dæmi eru til þess um fjvn., að stj. hefir skírskotað til vilja fjvn. um ráð-

stafanir á allháum fjárhæðum. Jeg er hræddur við að fá ábyrgðarlausum mönnum þessi völd í hendur, og treysti því, að stj., hver sem hún er, verði varfærnari og finni betur til ábyrgðarinnar. En af því, sem fyrir liggur, kýs jeg heldur að fylgja minni hl., án þess þó, að jeg sjái knýjandi nauðsyn fyrir skipun nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 265 teknar aftur.

— 292,1 feld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, HStef, HK, JJós, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

nei: SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT.

Fjórir þm. (ÁÁ, EJ, JAJ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 292,2 sjálffallin.

Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 269,1 sjálffallin.

— 269,2.a—c (2 nýjar gr. og ákvæði um stundarsakir) samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 351, 265, 352).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Allshn. hefir athugað brtt. þær, sem fyrir liggja. Brtt. á þskj. 352, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram, er aðeins formlegs eðlis. Nefndin telur rjett að samþ. hana, með því að eftir frv. eins og það er nú mundi greinatala þingskapanna breytast. En það sýnist ekki ástæða til að prenta þau upp vegna þessarar litlu breytingar, og vill því nefndin samþ. þessa brtt., til þess að greinatalan haldist óbreytt.

Þá er brtt. á þskj. 265, frá hv. 1. þm. N.-M., um að skifta allshn. í tvær nefndir. Nefndin viðurkennir, að fleiri mál koma til allshn. en nokkurrar annarar nefndar, en eftir nána athugun komst hún að þeirri niðurstöðu, að lítill ljettir mundi verða að því að fá sjerstaka sveitamálanefnd.

Í fyrra var 33 málum vísað til allshn., og af þeim mundu aðeins 7 hafa heyrt undir sveitamálanefnd, og svipað er um hlutfallið nú. Nefndin sjer því ekki, að þessu athuguðu, ástæðu til að mæla með því, að þessi till. verði samþykt. Þó hefir einn nefndarmaður sjerstöðu í málinu.

Halldór Stefánsson: Mjer þykir leitt, að hv. nefnd skuli ekki sjá sjer fært að mæla með þessari brtt. minni, þar sem hún þó viðurkennir að nokkru ástæður mínar. Jeg verð að segja, að mjer þykir nokkurt ósamræmi í þessu.

Þó að svo sje, að það mundi verða nokkuð misjafn málafjöldi í þessari hugsuðu nefnd og allshn. eftir skiftinguna, þá sje jeg ekki, að það sje nein sjerstök ástæða gegn till. minni. Það eru til fastanefndir, sem ekki fá fleiri en 7 mál til meðferðar að meðaltali á ári, eins og t. d. mentmn. Hún hefir ekki fengið nema sjö mál til meðferðar árlega á síðustu fjórum árum. Og þó að verkefni þessarar nefnd-

ar væri ekki eins mikið og þeirra, er mest starfa, þá ætti þó að vera nokkur ljettir fyrir allshn. að losna við þau mál, sem til hennar mundu falla. Jeg mun svo ekki gera þessa till. mína frekar að ágreiningsatriði, en læt atkv. skera úr.

ATKVGR.

Brtt. 265 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JJós, JÓl, LH, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ.

nei: JAJ, JörB, MG, MT, SE, SÁÓ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HK, HjV, BSv.

Tveir þm. (JS, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 352 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 387).

Á 42. fundi í Ed., 8. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir athugað frv. þetta, sem fyrst var til meðferðar hjer í deildinni, en er nú komið aftur frá Nd. Og enda þótt hún sje ekki sammála um, að ákvæðið í 2. gr. um skipun utanríkismálanefndar sje sem heppilegast, hefir hún ekki komið fram með brtt., og mælir því með, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

---

39. Prentsmiðjur.

Á 30. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur] (þmfrv., A. 277).

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg þarf engan formála að hafa við þetta frv.; það ber rök sín með sjer sjálft. Greinargerðin er nægilega ítarleg til þess að skýra málið. Óska jeg, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 306).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 277).

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 8 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 452).

Frsm. (Páll Hermannsson): Frumvarp þetta er komið frá Nd. og hefir gengið óbreytt gegnum þá deild. Það, sem farið er fram á í frv., er, að prentsmiðjum landsins sje gert skylt að láta af höndum endurgjaldslaust einu eintaki fleira en nú er skylda. Nú er prentsmiðjum skylt að láta af hendi 9 eintök af hverju riti. Fara 3 eintök til Kaupmannahafnar, 2 eintök til Landsbókasafnsins í Reykjavík, og amtsbókasöfnin fjögur fá sitt eintakið hvert. Hjer er farið fram á að bæta við 10. eintakinu, til amtsbókasafns Færeyinga. Hjer er ekki miklu til kostað, enda líklegt, að endurgjald komi fyrir í útbreiðslu íslenskra bóka í Færeyjum síðar. Má og telja þetta sjálfsagða skyldu gagnvart Færeyingum, frændum vorum. Þetta er mikill fengur fyrir þá og sú hjálp, sem þeir þurfa ekki hvað síst á að halda. Þetta er oss hægt verk og ætti að vera oss ljúft verk. Jeg býst við, að allir þeir, sem heyrðu á fyrirlestur um færeysk mál í gærkvöldi, sjái, að hjer er um gott verk og sjálfsagt að ræða. Nefndin var á einu máli um, að samþykkja bæri frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 500).

---

40. Þinglýsing skjala og aflýsing.

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing (þmfrv., A. 38).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Þótt þetta frv. sje umfangsmeira en hitt, sem var næst á undan hjer til umr. (um nauðungaruppboð á fasteignum), skal jeg heldur ekki vera langorður um það. Jeg hefi látið fylgja því allítarlega greinargerð, og álít jeg, að það eigi að geta stytt umr. nokkuð.

En þó að grg. sje ítarleg, skal jeg þó drepa á aðalatriðin í frv. Ein helsta breytingin er sú, að hætt verði að innfæra þinglesin skjöl í bækur, heldur verði skipað svo fyrir, að þau skuli afhent í tveim eintökum þeim embættismanni, sem hefir þinglýsing skjala með höndum. Það er nú orðið svo mikið um þinglýsing skjala á landinu, sjerstaklega hjer í Reykjavík, að það er tæpast, að einn maður anni því starfi hjer í bænum að færa þau öll inn.

Jeg skal játa, að á þessu fyrirkomulagi er dálítill annmarki, að hafa skjölin í tveim eintökum. En þau munu hinsvegar flest vera útbúin af starfsmönnum, sem hvort sem er ganga þannig frá þeim, að það getur ekki talist mikil fyrirhöfn að búa til einu eintaki fleira.

Jeg tel sjálfsagt, að málið sje athugað gaumgæfilega í nefnd og vil leggja til, að því sje vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 104).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir haft frv. þetta til athugunar og ekki gert neinar breytingar á því. Það kom að vísu til álita, hvort fresturinn til 1. júlí væri ekki of stuttur, en nefndin leit þó svo á, að það væri ekki, ef stjórnin ljeti undirbúa það í tæka tíð. — Jeg sje nú, að enginn er viðstaddur af hæstv. stjórn, en jeg býst við, að þetta geti þó borist til hennar.

Vegna erindis, sem allshn. hefir alveg nýlega borist viðvíkjandi þessu frv., þá mun nefndin athuga það betur. Vona jeg, að hæstv. forseti taki málið ekki á dagskrá til 3. umr., fyr en jeg hefi tilkynt honum, að það sje óhætt. En þar sem erindi þetta er ekki frá þm., heldur frá prófessor í lögum hjer við háskólann, þá sje jeg enga ástæðu til að ræða það nú.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, þar sem engar brtt. liggja fyrir. Vil heldur taka til máls síðar, ef mótmæli koma fram.

Magnús Torfason: Um þetta frv. hefir verið rætt fyr og þá talið rjettara að hafa frumritið í skjalasafninu. Verður því heldur ekki neitað, að svo er. Hv. allshn. hefir nú talið frv. þetta svo fullkomið, að þar væri engu hægt að breyta til hins betra, hvorki efni nje máli. Jeg skal nú ekki dæma um, hvort málið á frv. er gott eða gott ekki. En hálfóviðkunnanlegt þykir mjer þó, að í 4. málsgr. 4. gr. stendur orðið „sem“ þrisvar í sömu línu. Jeg held, að hjá því hefði verið hægt að komast. — Þetta minnir mig á frv.,

sem kom fram um aldamótin síðustu. Það frv. var 16 línur alls, en orðið „hlutaðeigandi“ kom þar fyrir 8 sinnum. Þetta frv. setur þá nýtt met.

Það sjest ekki ljóslega á frv., hversu langt er hugsað til að ganga í þeirri breytingu að hafa frumritin jafnan til staðar. Í Svíþjóð er sú regla, að þegar sala eða afhending á eign fer fram, þá verða öll frumrit að fylgja eða vera til staðar. Er þetta í sjálfu sjer skemtilegast, en getur náttúrlega orðið þröskuldur í vegi, þegar ákveða þarf eignarráð einhverrar eignar. Jeg býst varla við, að það hafi verið hugsun forgöngumanna þessa frv. að ganga svo langt. Enda myndi slíkt varla vera hægt hjer á landi, meðan ekki er um fastan bústað sýslumanna að ræða og þar af leiðandi brunahættu, því svo þyrfti fyrir að sjá, að skjölin væru alveg tryggilega geymd.

En þó ekki sje gert ráð fyrir því, að sænska reglan yrði tekin upp, þá hygg jeg, að fyrir þessu mætti sjá á haganlegri hátt en gert er ráð fyrir í frv.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skjöl þau, sem þinglýst eru, sjeu lögð í skjalahylki og síðan bundin inn í bók, þegar hæfilega mikið er komið. Á þennan hátt komast frumrit sömu eignar á tvístring hvert innan um annað. Verður því harla óaðgengilegt að þurfa að leita sömu eignarheimildar í mörgum bókum. En oft getur komið fyrir, að eftir slíku þurfi að svipast, til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga um einhverja eign. Heppilegra myndi að raða eftir eign, líkt og gert er í veðmálaregistrum. En það kostaði vitanlega meira rúm, er fram í sækir. En jeg býst við, að hv. frsm. sje sammála mjer um það, að ekki sje sæmilegt, að embættisskjöl sýslumanna sjeu í þeirri hættu, að eyðileggjast af eldi eða slæmri meðferð, eins og nú er. — Jeg gæti sagt margar skemtilegar sögur um það, hvernig skjalasafn Árnessýslu leit út, þegar jeg tók við því. En þetta er tryggilegast og best, að raða eftir registri, og er registrið þá lykill að skjalasafninu. Jeg vildi geta þessa hv. nefnd til athugunar fyrir næstu umr.

Að því er snertir 11. gr., þá finst mjer, að þær skrár, sem þar er gert ráð fyrir, gætu að minsta kosti verið nokkru hentugri og nákvæmari en greinin ákveður, með því að greina eignirnar í flokka, meira en þar er gert. Í hverri skrá væri þá sjerstakur flokkur. Í fyrsta væru þá jarðeignir lögsagnarumdæmisins eftir jarðamati.

Eins og menn vita, eru margar jarðir í kaupstöðum og þorpum margbitaðar niður, og verður því að hafa um þær sjerstakar skrár. Er því nauðsynlegt að gera sjerstakar lóða- og húsaskrár í þorpum eins og í kaupstöðum.

Ennfremur þarf að gera sjerstakar skrár yfir skip. Hjer í frv. er gerður greinarmunur á lögskráningarskyldum skipum, að stærð 5—12 smálestir, og þeim bátum, sem eru undir 5 smál. að stærð og fara skal um sem lausafje. Jeg hefði álitið hentugast, að öll skip væru í sömu skrá. Skránni mætti svo skifta í deildir og gera þannig þann greinarmun, sem fram kemur í annari málsgrein 4. greinar, og finst mjer það mundi ólíkt handhægara að finna öll skip í sömu skránni. Enn er

ástæða til þess í kaupstöðum — og þá fyrst og fremst í Reykjavík — að hafa sjerstaka skrá yfir bifreiðar, því að í raun og veru eru bifreiðar ekki annað en skip á landi. Það verður, sem kunnugt er, að halda sjerstaka skrá yfir bifreiðar og bifreiðastjóra, og væri því heppilegast að hafa þær á einum stað. Loks þyrfti svo að hafa nafnaskrá.

Þá vil jeg vekja athygli á því, að í 13. gr., sem greinir frá því er skjöl eru afmáð, segir svo: „Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því sje aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir". Mjer skilst, að ekki sje gert ráð fyrir, að skjal sje afmáð áður en það er fært inn í bókina, svo að þessi orð „í bókinni" mættu þá falla í burtu, þar sem þetta er óþarfa nákvæmni.

Að síðustu býst jeg tæplega við því, að rjett sje, að lögin gangi í gildi 1. júlí 1928, þar sem gert er ráð fyrir, að dómsmrh. setji nánari reglur um skrárnar og fyrirkomulag bókanna eftir 10. gr.

Jeg hefi ekki komið með brtt. við frv. þetta, meðal annars af því, að í frv. er gert ráð fyrir, að dómsmrh. setji reglur um hitt og þetta. Þótt nefndin fjellist á, að eins gott væri að hafa skrárnar á þann veg úr garði gerðar og jeg benti á, þá þyrfti hjer engar verulegar breytingar, en gefa mætti dómsmrh. heimild til þess að setja reglur um ýms atriði nokkuð víðar. Hefi jeg því ekki borið fram brtt., sakir þess og að hv. frsm. hefir lýst yfir því, að hann muni taka málið til rækilegrar athugunar í nefnd, og nægir að vísa til þessa. En mjer mundi þykja vænt um að sjá skjalið, er það kemur frá nefnd.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. þm. Árn. kvaðst ekki fylgjast með því, hversu langt ætti að fylgja þeirri hugsun, er felst í frv. Jeg gat ekki skilið, hvað hann átti við. Jeg hjelt, að það væri alveg ljóst, við hvað er átt með frv., og vil jeg því biðja hann að gefa mjer nánari skýringu um, hvað fyrir honum vakti.

Hv. þm. áleit miklu heppilegra að hafa eina möppu fyrir hverja fasteign. Mjer datt þetta í hug, en jeg þekki svo vel til um geymslustaði sýslumanna og bæjarfógeta úti um land, að jeg veit, að þetta mundi verða mjög erfitt. Þeir hafa ekki svo stórar eldtraustar geymslur, að þær taki neitt svipað því og öll skjöl viðvíkjandi fasteignum í lögsagnarumdæmi þeirra.

Jeg ætlast til þess, að skrárnar sjeu jafnan geymdar á eldtraustum stað, svo að þótt svo fari, að skjalasafn brenni, þá eru til í skránum upplýsingar um, hvað hvílir á fasteignum þess umdæmis og eins hver hefir eignarheimild á þeim. Það, sem hv. 2. þm. Árn. fann að 11. gr. frv., er alger misskilningur. Það er hvergi sagt, að ekki megi hafa nema eina skrá; einmitt segir þar greinilega: „ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi". Þetta er þannig orðað til þess, að í litlum lögsagnarumdæmum megi hafa eina skrá og skifta henni í kafla eftir vild, svo sem um jarðeignir, húseignir, nafnaskrár o. s. frv. Þetta er auðvitað sjálfsagt, enda hefir þetta verið siður, og verður honum haldið áfram.

Það er ekki rjett hjá hv. þm., að til þess að finna eignarheimild á fasteign eða hvað mikið hvíli á henni, þá sje nauðsynlegt að leita gegnum margar bækur. Það er ætlast til þess með því fyrirkomulagi, sem upp á er stungið í frv., að spara það erfiði; skrárnar eiga að vera svo nákvæmar, að hægt sje að gefa veðbókarvottorð eftir þeim einum.

Ef menn aftur á móti vilja sjá nákvæmlega orðalag á þinglestrarskjölum, er slíkt ekki mikil fyrirhöfn. Ekki þarf annað en fara á þann stað í bókinni, sem skjalið er í, því að í skránni er ætíð vísað til þess númers og bókstafs, sem skjalið hefði í bókinni.

Hv. 2. þm. Árn. vildi einnig halda því fram, að öll skip ættu að vera á sömu skrá. Jeg er ekki viss um, að það væri heppilegra. Jeg álít það betra eins og í frv. stendur, að bátar undir 5 smálestum fylgi reglum um lausafje.

Ennfremur vildi hv. þm., að hafðar væru sjerstakar skrár um bifreiðar. Það getur vel verið, að ástæða kunni að vera til þess, en bifreiðar eru að lögum ekki annað en lausafje og heyra því undir reglur um lausafje. Það kæmi heldur alls ekki í bága við frv., þótt hafður væri sjerstakur kafli fyrir bifreiðar eða sjerstök skrá í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem mikið er um þær, en það ræður af líkum, að ekki er þörf á að setja slíkt í frv., þar sem engar bifreiðar eru til í flestum lögsagnarumdæmum landsins.

Þá þykir hv. þm. of snemt, að lög þessi gangi í gildi 1. júlí 1928. Þetta tel jeg ekki rjett, því að í frv. er einmitt gert ráð fyrir því að halda áfram þeim skrám, sem til eru, þar til aðrar nýjar eru fengnar. Aðaltilgangur frv. er að ljetta af embættismönnum þeirri miklu fyrirhöfn að innfæra öll þau skjöl, er þinglýsa á, orði til orðs inn í bækurnar.

Jeg sagði ekkert um það, að jeg ætlaði að taka frv. til gagngerðrar athugunar; jeg átti með orðum mínum áður aðeins við erindi það, er mjer var afhent í fundarbyrjun.

Jeg hefi gert það með vilja að setja ekkert það í frv., er gæti orðið deiluatriði, eins og t. d. um þýðing og gildi þinglýsinga og afnám manntalsþinga. Þetta eru svo flókin atriði, að menn mega ekki ætlast til, að frv. frá einstökum þingmanni komi inn á slík grundvallaratriði, sve sem þau, hvern rjett þinglýsing gefi gagnvart 3. manni. Jeg vil vara hv. deildarmenn við því að búast við að fá slíkar reglur inn í frv. sem þetta.

Jeg hjelt, að embættismaður, eins og hv. 2. þm. Árn., mundi verða glaður þegar gerð er tilraun til þess að losa hann við þá óþarfa fyrirhöfn að innfæra orði til orðs alt það, sem afhent er til þinglýsingar. Eitt af því, sem hv. þm. sagði, var á rökum bygt. Í 13. gr. er ekki gert ráð fyrir því, að skjal, sem aflýsa á, geti verið óinnbundið, en þetta getur óneitanlega komið fyrir, þótt sjaldgæft sje. Þetta mun nefndin athuga.

Jeg geri ráð fyrir, að lóðaskrár sjeu algerlega óþarfar nema á stöku stað. (**MT:** Þeim stöðum fjölgar óðum). Já, það er satt, að þeim stöðum fjölgar; en í frv. er líka gert ráð fyrir því, að lóðaskrár verði gerðar jafnóðum og þörf krefur. Og fyr en staðirnir hafa verið mældir er ekki unt að gera ábyggilega lóðaskrá.

Jeg vona, að hv. deildarmenn sjái ekki ástæðu til að fella þetta frv. — Jeg vil taka það fram, að mjer er ekki kappsmál, hvort það verður tekið út af dagskrá nú eða því verður hleypt til 3. umr.

Magnús Torfason: Hv. frsm. hefir misskilið mig, ef hann heldur, að jeg hafi ætlað að leggja stein í götu þessa frv. Jeg áleit aðeins, að tillögur mínar mundu vinna að því að gera frv. fullkomnara, og er það samkv. reynslu minni í þessum efnum. Hv. frsm. þóttist ekki skilja orð mín um, að hugsun frv. væri ekki fylgt nógu langt. Jeg spurði, hvort það væri meiningin að fylgja sænsku reglunni, en hún byggist á því, að hver fasteign hefir sitt sjerstaka hylki. Yrði þá lítið í hverri möppu til að byrja með, en með tímanum gæti þetta orðið afarmikið skjalasafn, sem síðan yrði sett í söfnin til geymslu? Jeg sný ekki aftur með það, að sænska kerfið er fullkomnara en það, sem hjer er gert ráð fyrir.

Jeg tók það fram í ræðu minni, að það helsta, sem hægt væri að hafa á móti þessu, væri það, að geymslustaðir þeir, sem sýslumenn hefðu, væru yfirleitt ekki nógu öruggir og skrifstofurúm ekki gott. Þetta þarf nauðsynlega að laga, því að það er ósæmilegt, að merkileg skjalasöfn skuli þess vegna grotna niður eða verða jafnvel að engu. Meðal annars, er hv. frsm. hafði á móti þessu, var það, að ekkert viðlit væri að ætlast til, að þessar möppur kæmust í hina eldtraustu skápa sýslumanna, vegna þess hve þeir væru litlir. Jeg verð að álíta það vafamál, hvort skrárnar komast í þá heldur, því að þeir gera varla betur en að taka reikningsbækurnar. Jeg kem t. d. ekki gjaldabókinni í minn skáp. Þetta þarf auðvitað að laga og svo líka skrifstofurúm það, sem sýslumenn alment hafa.

Þegar jeg var á Ísafirði, hefi jeg líklega haft best skrifstofurúm af öllum sýslumönnum landsins. Jeg sá það, að ef jeg ætti að halda embættinu í sæmilegri reglu, þá var um að gera að hafa nóg skrifstofurúm. Ein ástæða fyrir því, hve oft er óregla á embættisfærslu sýslumanna, er einmitt þetta, að þeir hafa ekki nógu mikið rúm. Þeir þurfa að hafa nóg pláss fyrir skjölin, stóra skápa með mörgum hólfum, svo að alt sje í röð og reglu. Jeg hygg, að jeg hafi aldrei verið lengur en 5 mín. að leita að skjali, þegar jeg var á Ísafirði, og var það þó eitt stærsta sýslumannsembætti landsins utan Reykjavíkur. Viðvíkjandi því, er jeg sagði um það að hafa skrárnar fleiri en eina, vil jeg geta þess, að jeg hafði vitanlega tekið eftir þessum orðum í 11. gr. „eina eða fleiri", en í þeirri gr. er líka talað um lóðaskrá, og þurftu því þessi orð ekki að eiga við aðrar skrár en aðalskrána og lóðaskrána. Í þessu máli fer jeg aðeins eftir því, sem jeg hefi gert sjálfur. Eins og hv. frsm. mun kunnugt um, var engin veðmálaskrá til, þegar jeg tók við í Árnessýslu. En þegar Sigurður sýslumaður fór frá, gerði hann þessar skrár og gerði þær svo vel úr garði, að jeg efast um, að nokkursstaðar á landinu sjeu til betri skrár en í Árnessýslu. Fyrirkomulag skránna komum við okkur saman um og höfðum það þannig:

1. bók fyrir jarðeignir, fasteignabók. 2. bók fyrir húseignir og lóðir, 3.

bókina fyrir lausafje og 4. bókina fyrir skip. 5. bók fyrir bifreiðar. Nú er það vitanlegt, að smáskip, sem eru undir 5 smálestum, teljast sem lausafje. Þar fyrir sje jeg ekkert á móti því að hafa þau öll í sjerstakri deild með skipum og á sama stað.

Sömuleiðis er ekkert á móti því að hafa allar bifreiðar saman, úr því halda þarf yfir þær sjerstakt registur hvort sem er. Með öðrum orðum, þetta hefir það í för með sjer, að lausafjárskráin, sem altaf er hálfgerð ruslaskrína, verður fáskrúðugri. En eins og skiljanlegt er, vill lausafjárskráin oft verða óaðgengileg, eftir því sem árin líða, og erfitt að leita í henni nema tekinn sje hver flokkur út af fyrir sig. Eins og jeg sagði, gæti þetta náð að nokkru leyti undir þær reglur, sem dómsmrh. á að gefa og rætt er um í lok 10. gr. og 11. gr.

En það er athugavert, hvort ekki sje rjett að víkja orðunum svo við, að dómsmrh. hafi frjálsari hendur. Það er alveg rjett hjá hv. frsm., að veðmálabækur mega vera nokkuð misvandaðar í hinum ýmsu umdæmum, eftir því hve stór þau eru. Það er þó svo á okkar landi, sem er á hraðri framfaraleið á ýmsum sviðum atvinnulífsins, að ómögulegt er að spá neinu um það, hve miklar þinglýsingar í ýmsum umdæmum geta orðið síðar meir. Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg er mjög feginn að losna við afskriftirnar, enda þótt þær komi aðallega niður á skrifara mínum. En ef vel á að ganga frá öllu og alt að vera í röð og reglu, get jeg ekki sjeð, að sparnaðurinn sje svo ýkja mikill.

Um það, hvort lög þessi gangi í gildi 1. júlí, skal jeg geta þess, að jeg hjelt, að ekkert lægi á því, og mætti það bíða til ársloka, meðal annars vegna þess, að þingin byrja 16. júní, þannig að sum skjöl, sem þinglýst yrðu þetta ár, kæmu ekki fram á sjálfum þingunum.

Jeg endurtek það, að jeg er alls ekki mótfallinn þessu frumv. Jeg vil gera mitt til, að það verði sem best úr garði gert, og vænti jeg, að hv. frsm. sje mjer frekar þakklátur fyrir en hitt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki nema sjálfsagt að vera hv. 2. þm. Árn. þakklátur fyrir stuðning þann, sem hann vill veita þessu máli. Mjer fanst þó kenna minni samúðar í fyrri ræðu hv. þm. en þeirri síðari, en það er ef til vill misskilningur hjá mjer. En hvað sem því líður, get jeg verið ánægður með loforð hv. þm. um að styðja nú að því, að mál þetta verði sem best úr garði gert.

Um sænsku regluna hefi jeg tekið það fram, að hún getur ekki átt við hjer, af því að sýslumenn hafa ekki yfir að ráða nægilega vel útbúnum stöðum til þess að geyma skjölin í. Í Svíþjóð er alt öðru máli að gegna, þar sem eru sjerstakir embættisbústaðir. Hitt er vitaskuld alveg rjett hjá hv. þm., að það þarf að fá sýslumönnum betri skápa en þeir hafa. Það er mikið tjón, ef sýsluskjöl brenna, eins og nýlega átti sjer stað í Borgarnesi. Annars hjelt jeg, að engir skápar væru svo litlir, að ekki væri hægt að koma skránum inn í þá. **(MT:** Peningarnir fyrst!). Að vísu, en það er venjulega ekki svo mikið af peningum hjá sýslumönnunum, að þeir fylli skápinn. Flestir senda peningana frá sjer sem fyrst, og þá verður að telja, að

skrár og reikningsbækur hafi forgangsrjettinn.

Hv. þm. talaði um, hve áríðandi það væri, að skrár þær, sem getið er um í 11. gr., væru vel úr garði gerðar. Þetta er alveg rjett, og það vill svo vel til, að jeg get sýnt það með aths. við 11. gr., að jeg hefi haft auga fyrir þessu. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Um gagnsemi og áreiðanleik þinglýsingar og afsals- og veðmálabókanna er ekkert meira áríðandi en að skrárnar (registrin) yfir skjölin sjeu í góðu lagi og vel fyrir komið. Fyrir því ber að vanda þessar skrár af fremsta megni". Ennfremur segir þar: „Nákvæmar reglur um gerð skránna er ekki rjett að setja í lögum, heldur verður að fela það umboðsstjórninni. Sumstaðar á landinu mun skrám þessum vera áfátt, og er hin mesta nauðsyn að bæta úr því. Það er og mismunandi, hversu margar skrár þarf í lögsagnarumdæmunum". Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að sama reglan getur ekki gilt fyrir öll lögsagnarumdæmi.

Hv. þm. gat þess, að fyrir Árnessýslu væru 5 bækur. Það getur verið ágætt, en hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu að hafa eina skrá í litlu lögsagnarumdæmi. Það er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem hægt er að koma fyrir eftir því sem vill samkv. 11. gr. Að lokum sagði hv. þm., að sparnaðurinn væri ekki mikill, ef vel væri gengið frá skránum. Um það er jeg honum alveg ósammála. Sparnaðurinn kemur ekki skránum við. Skrárnar verða að vera í góðu lagi. Þar má ekkert spara. En það, sem sparast, er innfærsla á skjalinu sjálfu. Um tímann, þegar lögin eiga að ganga í gildi, skal jeg geta þess, að jeg hefi tekið fram, að í nefndinni var töluvert um þetta rætt, en það varð ofan á að breyta þessu ekki.

Jeg skal ekki karpa um þetta lengur. Hv. dm. finst málið ef til vill torskilið, en samt er það áríðandi, því að gott lag á þinglestrarfyrirkomulagið er undirstaða undir lánakerfi fasteigna og skipa landsins.

Magnús Torfason: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð til athugunar fyrir nefndina. Í frv. er talað um að binda skjölin inn í bækur. Það væri betra að festa þau í bækur, því að ef það er gert, þá er ekki gert neitt, sem á sínum tíma gæti varnað því, að hitt kerfið væri tekið upp. Jeg tók fram áðan, að peningabækur mínar kæmust ekki inn í skápinn. (**MG:** En skrárnar?). Skráin er svo miklu stærri en bækurnar. Mjer þykir vænt um að heyra, að hv. frsm. er mjer sammála um, að til skránna megi ekkert spara. Það er afaráríðandi, að þær sjeu í sem bestu lagi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

11.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 38, 148, 179).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 179. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir leyft sjer að koma fram með fjórar brtt. við frv. þetta, en í þeim eru þó ekki fólgnar nema tvær efnisbreytingar. Önnur sú, að þegar skjal er afhent til þinglýsingar, þá ræður hlutaðeigandi, hvort hann afhendir það í tveim frumritum eða í frumriti og eftirriti. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir óþægindi, sem oft geta verið á því til sveita að fá hinn lögskipaða pappír. Með þessu er líka fyrirbygt, að skjóta þurfi því á frest, að lögin komi í gildi. Þau geta því komið í gildi 1. júlí eins og jeg hefi gert ráð fyrir, enda þótt hinn fyrirskipaði pappír sje ekki alstaðar fyrir hendi. Hin brtt. er svo lítilfjörleg, að jeg ræði ekki um hana.

Þá hefir í fundarbyrjun verið útbýtt brtt. við frv. það, sem hjer er til umr., frá hv. 2. þm. Árn. (MT). Eru þær á þskj. 179. Um þær ætla jeg ekki að tala fyr en flm. hefir talað fyrir þeim.

Magnús Torfason: Jeg get lýst því yfir, að jeg get verið með brtt. nefndarinnar, því að jeg tel þær allar til bóta, þar sem þær ganga allar í þá átt að gera frv. rýmra, og í þá átt ganga brtt. mínar líka, og þá sjerstaklega til þess að gera dómsmálaráðuneytinu, sem á að hafa eftirlitið, hægara fyrir.

Hjer er verið að taka upp nýtt kerfi, og er vitanlega rent blint í sjóinn með, hvernig það reynist. Fyrsta brtt. mín ákveður, að samritin og eftirritin skuli festa inn eða binda, og er hugsunin sú, að þau skuli sett í möppu og fest þar inn. Jafnframt er gengið út frá því, að fasteignaskjölunum sje raðað eftir númerum í fasteignaskránni og að hver fasteign hafi sitt númer út af fyrir sig, sem jeg geri ráð fyrir, að sje alstaðar. Annars er þetta atriði eftir frv. þess eðlis, að dómsmrh. getur ráðið fyrirkomulaginu.

Þá er 2. brtt. mín, við 11. gr. Í frv. stendur: „Ennfremur skal í skrám þessum ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti bókstafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.“ Brtt. mín kveður svo á, að halda skuli sjerstaka skrá eftir stafrófsröð, því að jeg hygg, að það sje hentugra að hafa það þannig heldur en taka til þess blöð aftan úr bókunum, því að þær vilja gjarnan verða svo margar; t. d. voru þær orðnar þrjár hjá mjer á Ísafirði, þegar jeg var þar.

Þá er brtt. mín undir 2. b., við 3. málsgrein 11. gr. Hún kveður svo á, að ekki skuli aðeins halda lóðaskrár, heldur líka skipaskrár og bifreiðaskrár, þar sem það er nauðsynlegt. Með öðrum orðum, dómsmrh. ræður því, hvort skrár þessar skuli halda eða ekki. En eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, þá tek jeg þetta upp nú, af því að jeg tel það afturför frá því, sem á sjer sumstaðar stað, ef þessu er breytt.

3. brtt. mín á þskj. 179 fer fram á, að orðin „í bókinni“ í 1. málsgr. 13. gr. falli niður. Þessu var háttv. frsm. samþykkur við síðustu umr. málsins, og býst jeg við, að hann sje það enn, og skal því ekki fara fleiri orðum um þá brtt., enda er hún ekki mikilvæg.

Loks er síðasta brtt. mín, að fyrir

„1. júlí 1928" komi: 1. jan. 1929. Eins og jeg hefi tekið fram áður, þá er 1. júlí mitt í þingatímanum, og þau skjöl, sem koma eftir þann dag, verða að færast í gamlar bækur, enda þótt lögin sjeu komin í gildi, því að ekki er hægt að vænta þess, að dómsmálaráðuneytið geti þá verið búið að útvega hinn fyrirskipaða pappír og fleira, sem með þarf. Jeg vil því helst, að lögin gangi ekki í gildi fyr en um áramót. Ennfremur hefi jeg búist við, að dómsmálaráðuneytið leiti sjer upplýsinga hjá öðrum þjóðum, sem lengra eru komnar í þessum efnum en við, áður en það býr til fyrirmyndirnar, því að þetta eru skjöl, sem eiga að vara um aldur og æfi.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þar sem brtt. þessum var ekki útbýtt fyr en á fundinum, þá leiðir af sjálfu sjer, að ekki hefir verið hægt að bera þær undir nefndina. Það, sem jeg því segi um þær, er frá mínu eigin brjósti, en ekki mælt fyrir hönd nefndarinnar. Till. þessar eru ekki veigamiklar og snerta ekki kjarna málsins. Um 3. till. er það að segja, að eins og jeg hefi tekið fram áður, þá get jeg gengið inn á hana, og það var aðeins fyrir gleymsku, að jeg tók hana ekki upp í till. nefndarinnar. Um 1. brtt. er það að segja, að jeg læt það óátalið, hvort brtt. þessi verður samþ. eða ekki, því jeg lít svo á, að embættismönnum sje það í sjálfsvald sett, hvort þeir hafa það eins og ákveðið er í frv. eða ekki. En verði brtt. þessi samþ., þá fylgir henni það, að það vantar ákvæði um, hvað gera eigi við þau skjöl, sem tekin eru út úr, en úr því má bæta með reglugerðarákvæði.

Brtt. 2, við 11. gr., a-liður, er ekki efnisbreyting, því að það leiðir af sjálfu sjer, að skrárnar eiga að vera í stafrófsröð. Út á b-lið þessarar till. hefi jeg ekkert sjerstakt að setja. Jeg get viðurkent, að það sje „praktiskara" að hafa sjerstakar bifreiðaskrár.

Þá er síðasta brtt., að í staðinn fyrir „1. júlí 1928" komi: 1. janúar 1929. Hvað þetta atriði snertir, þá verð jeg að halda fast við till. nefndarinnar, að lögin öðlist gildi 1. júlí þ. á., því að jeg tel sjálfsagt að byrja á þessu fyrirkomulagi strax. Ef óumflýjanlegt væri að breyta þessum tíma, sem gert er ráð fyrir í frv., að lögin öðlist gildi 1. júlí, þá fyndist mjer þó skárra að hafa hann 1. okt. þ. á. en 1. jan. 1929. En sem sagt, mjer finst það óþarfi, þar sem hægt er að fá hinn fyrirskipaða pappír fáum dögum eftir 1. júlí.

Magnús Torfason: Jeg get verið hv. frsm. allshn. þakklátur fyrir það, hvernig hann tók undir brtt. mínar. Kerfi það, sem hjer er um að ræða, hefir verið notað í skrifstofum einstakra manna og gefist mjög vel. Það er rjett, að ekki er ákvæði í frv. um það, hvað gera eigi við þau skjöl, sem tekin eru í burtu. Jeg athugaði þetta, en kom þó ekki með brtt. til þess að bæta úr því, af því að jeg var ekki viss um, til hvers var ætlast. En jeg tel sjálfsagt að geyma skjölin vel, svo þau glatist ekki. Það hefir komið sjer vel að hafa slík skjöl. T. d. var eitt frægt mál í Árnessýslu, sem komst til hæstarjettar, út af afriti á einu skjali. Jeg tel því rjett að hafa þetta atriði óákveðið og láta dómsmrh. fyrirskipa um það.

Að því er bifreiðaskrárnar snertir,

þá tel jeg þær alveg óumflýjanlegar. Bifreiðarnar ganga kaupum og sölum, eru veðsettar o. s. frv., og er því nauðsynlegt að hafa sjerstaka skrá yfir þær.

Jeg er alveg sammála hv. frsm. um það, að æskilegast væri, ef lög þessi gætu gengið í gildi 1. júlí þ. á. En jeg er hræddur um, að fyrir þann tíma verði ekki hægt að undirbúa alt þetta kerfi. Ennfremur er jeg hræddur um, að ekki verði hægt að hafa hinn fyrirskipaða pappír til fyrir 1. júlí, og jafnframt búið að senda hann út um alt land.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það eina, sem jeg geri að ágreiningsatriði hjer, er tíminn, sem lögin eiga að ganga í gildi. Jeg vona því, að hv. þdm. geti fallist á það, að lögin gangi í gildi í sumar. Og jeg skal taka það fram aftur, að þó að reglugerðin verði ekki komin þá, gerir ekkert til, því að nota má gömlu skrárnar áfram, enda geri jeg ráð fyrir, að svo verði gert meðan þær endast.

ATKVGR.

Brtt. 148,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 148,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 148,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 148,4.a samþ. án atkvgr.
— 179,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 148,4.b sjálffallin.
— 179,2.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 179,2.b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 179,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 179,4 feld með 14:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 187).

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 446).

Frsm. (Jón Þorláksson): Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþ. með smábreytingum, sem eru að finna á þskj. 446.

1. brtt. er við 7. gr. og lýtur að því, hvað skuli taka fram í þeirri skrá yfir skjöl, sem afhent hafa verið til þinglesningar á manntalsþingi. Greinin tiltekur, að nefna skuli, hver sje eigandi skjals, útgefandi, hver sje tegund skjalsins og fjárhæð, en nefndin vill skjóta inn í þá upptalningu, að einnig skuli taka fram um veðsetningu. Þetta verður að telja nauðsynlegt, svo að veðhafi geti gætt rjettar síns, ef með þarf, og að veðsetningin komi þá fram í þeirri skýrslu, sem gefin er á manntalsþingi.

Þá er lítil brtt. við 11. gr. Síðasta málsgr. þeirrar gr. hljóðar svo: Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skráa þeirra, er í þessari grein getur.

Nefndinni þótti fara betur á að segja „skránna“ í stað „skráa þeirra“ og væntir, að hv. deild geti fallist á það.

Næsta brtt. er við 13. gr. Nefndinni sýnist, að gr. hafi aflagast í hv. Nd. eða í endurprentun frv. eftir 2. umr. þar. Orðin „í bókinni“ stóðu í gr. á tveim stöðum, en voru feld úr með brtt. án þess að hægt væri að sjá, á hvorum staðnum þetta ætti að fella niður, enda hefir það í prentuninni verið gert á röngum stað. Nú liggur næst að skilja þetta svo, að ekki þurfi annað en að strika yfir skjal í afsals- og veðmálabók við aflýsing þess. En þetta er ekki nógu tryggilegt. Það verður að rita í bókina, að skjalinu hafi verið aflýst, og undirrita þetta með nafni lögreglustjóra eins og yfirlýsinguna á skjalið, sem afhent er til aflýsingar.

4. brtt. er við 16. gr., um að lögin gangi ekki í gildi fyr en við næstu áramót, í stað þess að í frv. er það miðað við 1. júlí 1928.

Það þarf dálítinn aðdraganda til þess að koma þessum breytingum í kring úti um land. Meðal annars þarf að útvega pappír og dreifa honum út um land. Um það leyti, sem lögin eiga að ganga í gildi samkv. frv., standa manntalsþing yfir. Skjöl, sem þá verða gerð, geta ekki orðið á hinum lögboðna pappír, með því að ekki er hægt að dreifa honum út um land nógu snemma til þess. Nefndin lítur því svo á, að hentugra sje, að lögin sjeu bundin við áramót og gangi í gildi 1. jan. 1929, enda hafi viðkomandi ráðuneyti þá lokið nauðsynlegum undirbúningi til þess að hægt sje að framfylgja þeim þegar í stað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 446,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 446,2 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 446,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 446,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 467).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 467).

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 511).

---

41. Skattgreiðsla Eimskipafjelags Íslands.

Á 30. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands (þmfrv., A. 281).

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Halldór Stefánsson: Af því að jeg sje, að hv. frsm. fyrir hönd fjhn. er ekki viðstaddur, vil jeg gera örstutta grein fyrir þessu frv.

Í frv. er ekki farið fram á annað en að framlengja ákvæði, sem hafa gilt undanfarin 5 ár samfleytt. Þegar tekið er tillit til fjárhagsörðugleika fjelagsins annarsvegar og hins góða tilgangs þess hinsvegar, hefir nefndinni þótt rjett að framlengja þessi ákvæði, eins og gert er ráð fyrir í frv. Vona jeg, að frv. fái að ganga til 2. umr.

Hieðinn Valdimarsson: Jeg gerði fyrirvara í nefndinni um að flytja þetta frv. Jeg álít það varhugaverða leið að undanþiggja einstaklinga eða fjelög lögboðnum sköttum.

Það var mikið gert að því á fyrri öldum, og breiddist sú venja svo mjög út, að heilar stiettir höfðu forrjettindi um skattaálögur, en alþýðu manna var ofþyngt með skattabyrðum.

Þetta frv. er að nokkru leyti vísir til þess sama hjer, þótt stutt sje farið. En mjór er mikils vísir og fleiri hafa leitað til Alþingis um skattfrelsi og skattaívilnanir nú á síðustu árum en Eimskipafjelagið.

Heldur vildi jeg fara þá leið, að styrkur til Eimskipafjelagsins yrði hækkaður í fjárlögum. Jeg játa það, að Eimskipafjelagið hefir unnið mjög þarft verk, og hlutabrjef þess hafa verið útbreiddari um landið meðal alþýðu manna en hlutabrjef annara fjelaga. En það er nú samt komið svo um þetta fjelag, að hlutabrjef þess hafa safnast svo á einstakra manna hendur, að núverandi stjórn þess hefir í höndum meiri hluta hlutafjár fjelagsins, svo að það er algerlega komið undir geðþótta þessara manna, sem með völdin fara í fjelaginu, hvernig því er stjórnað. Sá eini maður, sem ríkisstjórnin skipar í stjórn þess, getur þar engu um ráðið. Jeg vil því láta ríkið setja það að skilyrði fyrir styrkveitingum til Eimskipafjelagsins, að það fái hlutabrjef fyrir þá upphæð, sem það veitir fjelaginu.

Það hefir að vísu ekki verið úthlutað arði af brjefunum um mörg ár, en jeg verð að álíta það sanngjarnt, að ríkið taki hlutabrjefin upp í þær upphæðir, sem það veitir fjelaginu, þangað til svo er komið, að það hafi meiri hluta atkvæða í fjelaginu. Þá fyrst er fyrirkomulag Eimskipafjelagsins í rjettu horfi, þegar því verður stjórnað af hjeðinni. En a. m. k. er ærið varhugavert að ákveða slík forrjettindi til handa Eimskipafjelaginu, án tillits til þess, hvort fjelagið þyrfti ívilnunarinnar. Ef eirða ætti fyrir það að fjelagið gæti auðgað hluthafa sína þannig á kostnað ríkisins, yrði að setja skilyrði þess efnis, að þessar skattaívilnanir giltu ekki, ef hluthafar fengju arð.

Jeg mun ekki koma fram með brtt. við frv. við þessa umr., en jeg geri ráð fyrir, að það komi fram brtt. frá okkur jafnaðarmönnum við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, 305).

Haraldur Guðmundsson: Þar sem flm. brtt. á þskj. 305 er ekki viðstaddur, vil jeg fyrir hans hönd leyfa mjer að vekja athygli hv. þdm. á till. Hún fer fram á, að hluthöfum í Eimskipafjelaginu sje ekki greiddur arður af hlutafje sínu, meðan fjelagið er undanþegið skattgreiðslum. Um þetta ætti ekki að þurfa að fjölyrða; það liggur í augum uppi, að það er óhæfilegt að greiða arð af hlutafje hluthafanna, meðan fjelagið er styrkt af opinberu fje. Það væri hið sama og að láta ríkissjóð greiða hluthöfunum arðinn.

ATKVGR.

Brtt. 305 samþ. með 14:9 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 331, 332).

Magnús Jónsson: Jeg þarf ekki langt mál til að fylgja brtt. minni úr hlaði. Undanfarin ár hefir Eimskipafjelag Íslands notið hins sama skattfrelsis sem hjer er farið fram á að veita því um nokkurn tíma enn. Hingað til hefir fjelagið notið þessara hlunninda skilmálalaust frá hálfu hins opinbera, og lagði fjhn. til, að það ástand hjeldist óbreytt. Við 2. umr. var sú brtt. samþ., að fjelagið mætti ekki greiða hluthöfum arð, meðan það nyti þessara hlunninda frv. Jeg álít, að till. þessi hafi farið í rjetta átt og sjálfsagt hafi verið að setja einhver slík skilyrði. Það væri meiningarlaust að ívilna fjelaginu stórkostlega, en láta það samt greiða hluthöfum háan arð. En þó finst mjer breytingin, sem gerð var, ganga fulllangt. Það á aðeins að tryggja, að ekki sje borgaður of hár arður, en það er hart fyrir þá, sem lagt hafa fje sitt í fjelagið, að mega ekki fá eins háa vexti af því eins og það væri í sparisjóði. Þess er þar og að gæta, að fje manna hlýtur að teljast miklu óvissara í hlutabrjefum heldur en í sparisjóðsbókum. Auk þess verða menn að muna, hvert þjóðþrifafyrirtæki fjelagið er. Hygg jeg því, að það sje ekki rjett að refsa þeim mönnum, sem tóku spariskildinga sína út af sparisjóðsbókum og ljetu í hlutabrjef fjelagsins, með því að meina þeim með öllu að fá af þeim einhvern lágan arð, — ef fjelagið getur það annars. Mín brtt. er þannig miðlunartill. milli frv. fjhn. og brtt. þeirrar frá hv. 4. þm. Reykv., sem samþ. var við 2. umr. Vænti jeg, að hún finni náð fyrir augum hv. deildar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Till. sú, sem jeg bar fram við 2. umr. á þskj. 305, var þá samþykt, og tók hv. 1. þm.

Reykv. fram ástæðurnar fyrir því að nokkru leyti. Jeg tel sem sje ótækt, að slík fjelög geti gerst gróðafyrirtæki, meðan þau njóta slíkra hlunninda frá ríkissjóði. Því að fjelaginu eru ekki aðeins veittar þessar skattívilnanir, heldur jafnframt veruleg upphæð úr ríkissjóði í beinan styrk. Jeg held líka, að fjelagið hafi upphaflega ekki verið stofnað til þess að verða gróðafyrirtæki, heldur þjóðþrifastofnun. Reynslan hefir líka orðið sú, að enginn arður hefir verið greiddur allmörg síðustu ár. Hefir mjer skilist, að menn hefðu ekkert horn í síðu fjelagsins fyrir þá sök, heldur teldu þetta sjálfsagt. En tímarnir geta breytst. Hagur fjelagsins getur batnað, og eftir því sem mjer hefir skilist af viðtali við Emil Nielsen framkvæmdastjóra, þá eru allar líkur til, að svo verði, þegar fjelagið hefir borgað lán sín. — Jeg lít svo á, að þar sem fjelaginu eru veitt slík hlunnindi, sem um er talað í frv. þessu, sje ekki rjett að greiða hlut höfum neinn arð. Röksemdir hv. 1. þm. Reykv. fyrir því að greiða sparisjóðsvexti voru ekki veigamiklar. Meðan fjelagið nýtur fríðindanna, virðist mjer ekki geta komið til greina að greiða neina vexti. En ef því fer að ganga betur, þá lít jeg svo á, að fjáraukningin eigi að ganga fjelaginu til hagsbóta og til aukningar skipastólsins, en ekki til greiðslu á arði.

Magnús Jónsson: Það er lítið, sem okkur ber á milli, mjer og hv. 4. þm. Reykv. Jeg get gert hans orð að mínum að því leyti, að jeg álít óforsvaranlegt að gera fjelagið að gróðafyrirtæki meðan það nýtur að miklu leyti skattfrelsis. En menn verða að muna, að upphaflega lögðu þjóðræknir menn fje sitt í þetta fyrirtæki, án þess að það væri þar eins trygt og í sparisjóði. Og jeg hygg, að það sje ósanngjarnt að meina fátækum mönnum, sem lögðu sparisjóðsfje sitt í fjelagið, að fá af því ofurlitla vexti. Hinum, sem vel eru efnum búnir, má standa þetta nokkuð á sama.

Þótt fjelagið fái nokkurn beinan styrk frá ríkinu, þá er þar í raun rjettri ekki um styrk, heldur um borgun að ræða fyrir það, að fjelagið tekur að sjer að sigla á ýmsar smáhafnir, sem eru því óhagstæðir viðkomustaðir. Leyfi jeg mjer að efast um, að fjelagið sje betur statt fyrir þann styrk en án hans, því að það hefir áreiðanlega oft stórskaða af að koma á smáhafnirnar.

Jeg held, að það sje misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., ef átt hefir að skilja hann svo, að í brtt. minni fælist einhver hvatning til fjelagsins um að greiða endilega 4% í arð. Vitanlega á það ekki að gera það nema það sjái sjer fært, en jeg hefi litla trú á, að svo verði fyrst um sinn. En jeg er hræddur um, að brtt. hv. 4. þm. Reykv., er hjer var samþykt og sviftir fjelagið að nokkru leyti athafnafrelsi þess, geti spilt fyrir fjelaginu og áliti þess, eins og þegar styrkþegi úr sveitarsjóði missir kosningarrjett. Jeg vil ekki láta þetta skattfrelsi kosta fjelagið slíkan rjettindamissi. Vænti jeg því, að hv. þdm. geti fallist á brtt. mína, sem er mjög sanngjörn, einkum í garð þeirra fátæku manna, sem illa máttu við því

að missa fje sitt til fyrirtækisins, en vildu styðja gott málefni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Háttv. 1. þm. Reykv. talaði um, að fjelagið væri svift athafnafrelsi sínu að nokkru leyti með frv. eins og það nú lítur út. Virtist mjer það atriði helst geta til röksemda talist hjá honum. Þó sje jeg ekki, að þetta geti talist fjelaginu neinn álitshnekkir, því að hjer er aðeins um varúðarráðstöfun að ræða. En meðan hagur fjelagsins er líkur því, sem hann nú er, dettur vitanlega ekki nokkurri stjórn í hug að greiða arð; en eins og jeg hefi áður sagt, geta komið bjartari tímar. Og það er almenn reynsla, að stjórnir hlutafjelaga hafa löngun til að greiða arð í fyrra lagi, og hlýtur það vitanlega einkum að vera þeim til hagsbóta, sem mikið eiga í fjelaginu. Hina, sem eiga aðeins fáar krónur, munar vitanlega ekkert um þá aura, er þeir geta fengið í arð. Jeg hefi t. d. umráð yfir einum 5 hlutabrjefum í Eimskipafjelaginu, en jeg held, að arður minn af þeim verði altaf svo hverfandi lítill, að jeg sje jafnt dauður eða lifandi, hvort sem jeg fæ hann eða ekki. Jeg reikna sem sagt alls ekki með þessu sem neinni eign; og svo hygg jeg, að sje um fleiri, að þeir eigi þessi hlutabrjef meira sjer til gamans. En stóru hluthafarnir reikna með þessu sem eign og knýja á um arðgjöfina. Og það er mjög sennilegt, að ef fjelaginu fer að ganga vel, kaupi þeir upp eignir smærri hluthafanna í fjelaginu. (**MJ:** Varla með 4% arði).

ATKVGR.

Brtt. 332 samþ. með 14:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 2. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 363).

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg stend hjer upp til þess að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga, því að það fer í raun og veru aðeins fram á framlengingu á því ástandi, sem nú er í því efni, sem það fjallar um.

Eins og öllum er kunnugt, hafa verið talsverðir örðugleikar fyrir þessu fjelagi á því að halda áfram rekstri sínum, svo að hann samsvaraði bæði tilgangi fjelagsins í upphafi og kæmi almenningi að sem mestum notum. En þar sem sjáanlegt er, að fjelagið geti ekki án stuðnings frá þinginu hliðrað til framvegis um skipakomur á lakari höfnum eins og það hefir gert, þá virðist ekki hægt annað en að þessar ívilnanir fái að standa enn um stund, og það því fremur, sem samkepni útlendra gufuskipafjelaga er nú orðin svo áköf, að fjelagið getur varla siglt á allar þær hafnir, sem það hefir gert hingað til. Þegar tekið er tillit til þessa ástands, hygg jeg, að ekki sje hægt annað en að veita fjelaginu áfram þessar ívilnanir, sem það hefir haft um undanfarin 5 ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 10. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, af því að jeg hefi í hyggju að koma með brtt. við frv., en þykir of seint að bera hana fram við 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 13. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 15. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 363, n. 420, 469, 483).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 483. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir haft þetta mál til athugunar og hefir skilað nál. á þskj. 420. Einn hv. nefndarmaður hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og jeg hygg rjett að geta þess, að hv. 1. þm. Eyf. var ekki allskostar ánægður með frv., þótt hann gerði það ekki að ágreiningsatriði og skrifaði undir nál. án fyrirvara. En síðan nefndin skilaði áliti sínu, hefir komið fram brtt. við frv. frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 469. Þá brtt. hefir nefndin að vísu athugað, en ekki tekið fasta afstöðu til hennar, og hafa nefndarmenn því óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur um hana. En jeg hefi leyft mjer ásamt hv. 3. landsk. að bera fram brtt. við þá brtt. hæstv. dómsmrh. Fyrri lið brtt. hans get jeg fylgt að nokkru, en ekki að öllu leyti. Til þess að gera hann aðgengilegri bæði fyrir mig og ef til vill fyrir aðra hv. deildarmenn, hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. við þennan lið, svo að það ákvæði, að fjelagið sje undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929—1930, geti náð fram að ganga, þótt síðari liður brtt. fái ekki nægilegt atkvæðamagn til þess.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt., eða kannske öllu heldur viðaukatill., um að fjelaginu sje ekki skylt að flytja ókeypis farþega vegna landsins nema „alt að 10 menn með hverri skipsferð".

Þessi brtt. er fram komin eftir að kunnugt var orðið um undirtektir Eimskipafjelagsins undir þetta nýmæli, sem felst í brtt. hæstv. dómsmrh., og þótt þau ummæli kæmu gegnum einn hv. nefndarmann, þá álít jeg mjer fyllilega heimilt að lýsa yfir þeim hjer, þar sem þessi hv. þm. er einn úr stjórn Eimskipafjelagsins. Hann kvað stjórn Eimskipafjelagsins ekki vera því mótfallna, að þetta ákvæði væri sett inn, en þá fyndist stjórninni það betur viðeigandi, að það væri sett í samband við þann styrk, sem fjelaginu er ætlaður í fjárl. Samt sem áður mundi stjórnin ekki gera það að ágreiningsatriði. Ennfremur óskaði stjórnin, þótt hún hinsvegar sæi ekki tormerki á því að verða við þessari kvöð, að því ákvæði yrði bætt við, að fjelaginu skuli ekki vera skylt að inna hana frekar af hendi en svo, að það flytji ókeypis 10 farþega hæst með sama skipi. En jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stj. eða hæstv. dómsmrh. hafi hugsað sjer, að þessi kvöð yrði int af hendi svo, að sem minstur fjárhagslegur skaði yrði

af fyrir fjelagið. Jeg vænti þess vegna, að brtt. okkar hv. 3. landsk. nái fram að ganga, því að jeg held, að hún fari ekki verulega í bága við hagsmuni fjelagsins, nje heldur þeirra, sem þessara hlunninda eiga að verða aðnjótandi. Fjelagið hefir nú 3 skip í förum milli landa, svo að það ætti ekki að taka nema 2 ferðir að inna þessa kvöð af hendi til fulls.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram, hefir fjhn. óbundnar hendur, er til atkvgr. kemur, um allar þessar brtt., en við hv. 3. landsk. munum auðvitað fylgja fram okkar brtt., og verði hún samþ., mun jeg fyrir mitt leyti greiða atkv. með brtt. hæstv. dómsmrh. á þskj. 469.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg flutti fyrir nokkrum dögum brtt. á þskj. 469, og hafa síðan komið fram 2 brtt. við hana.

Það, sem vakti fyrir mjer með því að stytta það tímabil, sem fjelagið væri undanþegið skatti, er, að mjer þykir ekki örvænt um, að hagur fjelagsins breytist svo, að það þurfi ekki að veita því þessi hlunnindi til langs tíma í einu. Annars hygg jeg, að naumast þurfi að kvíða því, að þingið verði fjelaginu mótsnúið framvegis fremur en hingað til. Hinsvegar tel jeg ekki ástæðu til þess, að hluthafarnir fái arð af brjefum sínum, meðan fjelagið nýtur svo mikils styrks beint og óbeint, sem það nýtur nú. En um þetta hefir ekki fengist fult samkomulag, með því að nokkrir hluthafanna standa á móti því, að arður falli niður. Mun jeg því greiða atkv. með því að halda arðinum, og geri jeg það til samkomulags, þótt mjer finnist ekki, að svo ætti að vera.

Um brtt. mína um, að fjelagið veiti ókeypis far alt að 60 mönnum á ári, er það að segja, að jeg tel hana mjög sanngjarna, vegna þess að eins og nú stendur á, veldur hún sama sem engum kostnaðarauka fyrir fjelagið — af því að farrýmin eru oftast hálftóm milli landa —, en getur hinsvegar orðið landsmönnum til mjög mikils gagns.

Jeg býst við, að ef þetta yrði samþ., þá yrði að vera samkomulag um það milli væntanlegs mentamálaráðs og stjórnar Eimskipafjelagsins, hvernig þetta yrði framkvæmt. Og þar sem jeg hefi altaf hugsað mjer, að þetta yrði framkvæmt þannig, að það yrði þeim, sem þess eiga að njóta, til sem mests gagns, en Eimskipafjelaginu til sem minsts ógagns, þá er jeg fylgjandi brtt. og mun greiða henni atkv., og er flm. hennar þakklátur fyrir hana. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að þann stutta tíma, sem stj. er búin að sitja að völdum, hafa nokkrir menn farið utan á kostnað landsins, þar á meðal nú fyrir skemstu tveir menn á Ibsenshátíðina. Slíkir menn, sem fara að einhverju leyti í landsins erindum, hafa oft áður fengið styrk til ferðakostnaðar, en oftar ferðast með dönsku eða norsku skipunum en þeim íslensku. En hjer eftir fá þeir þennan styrk greiddan með farinu sjálfu, og er það bæði ríkissjóði til minni útgjalda og styrktar Eimskipafjelaginu. Jeg mun greiða atkv. með viðaukatill., þótt jeg telji hana reyndar ekki nauðsynlega og hafa fremur litla þýðingu.

Jón Þorláksson: Til viðbótar því, sem meðflm. minn hefir skýrt frá um afstöðu Eimskipafjelagsins, vil jeg taka það fram, að það er venja frá stofnun fjelagsins, að vissir menn fengju far milli landa á skipum fjelagsins fyrir niðursett verð, eða fyrir lægra verð á öðru farrými, en á fyrsta farrými fyrir það sama og á öðru. Einkum eru það stúdentar og iðnaðarmenn, sem þessara hlunninda hafa notið. Þetta var einu sinni tilskilið við styrk, sem fjelagið fjekk, og hefir haldist síðan. Það er ekki eðlilegt, að fjelagið flytji farþega ókeypis, og annað, að þeir fá fargjöldin með niðursettu verði, því að það er dálítill beinn kostnaður af hverjum farþega. Fjelagsstjórnin vildi þó ekki gera þetta að ágreiningsatriði og skilur það svo, að sú venja hverfi, að menn fái far fyrir hálft gjald, sú ívilnun falli nú inn í þessar stærri ívilnanir (**Dómsmrh. JJ:** Auðvitað.) og að þeir framvegis snúi sjer til mentamálaráðsins með þessar ívilnanir, en ekki til fjelagsstjórnarinnar.

Jeg vil skýra frá því, hvað felst í þessum ívilnunum, sem eiga að vera í tvö ár. Það eru ekki ívilnanir í gjöldum til ríkissjóðs nema á pappírnum, vegna þess að eftir núverandi afkomu fjelagsins ber því ekki að greiða neinn tekjuskatt til ríkisins. Eftir fjelagslögunum á að afskrifa svo mikið af arðinum, að það, sem eftir er til skattgreiðslu í ríkissjóð, nemur engu verulegu. En þetta hefir þýðingu fyrir fjelagið með tilliti til útsvars þess í Rvík. Fjelagið hefir orðið hart úti í álagningu útsvara og tilgangurinn með þessu er að skapa alþjóðarfjelagi sanngjörn kjör gagnvart álagningarvaldi niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

ATKVGR.

Brtt. 483,1 samþ. með 9:2 atkv.

— 469,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 469,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 483,2 samþ. í e. hlj.

— 469,3 (ný gr., verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 488).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 488).

Á 52. fundi í Nd., 20. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

---

42. Lögtak.

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885 (þmfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg vil aðeins óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla ekki að hafa neitt á móti frv., en vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort honum sýnist ekki fært að láta ákvæðin um, að hreppstjórar skuli geta framkvæmt lögtak, ná einnig til fjárnáms. Það er sá munur á lögtaki og fjárnámi, að fjárnám er venjulega gert samkvæmt dómi eða sætt, en lögtak án undangengins dóms eða sáttar. Mjer hefir nú dottið í hug, að það mætti einnig láta þessi ákvæði frv. ná til fjárnáms, og vildi jeg gjarnan heyra álit hv. flm. á því atriði.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er fram borið vegna hins mikla kostnaðar og hinnar miklu rekistefnu, sem því fylgir að láta framkvæma lögtak. Hvað fjárnámið snertir, þá er það svo, að það er framkvæmd dómsúrskurða, t. d. hæstarjettar, og veit jeg því ekki, hvort öllum þætti viðeigandi að láta hreppstjóra framkvæma þau, sem ekki er að undra, því að skriffinskan hefir hjer alt ætlað að kæfa, sem von er, þar sem ekki eru nema rúm 20 ár síðan við komumst undan einveldinu danska.

Sjálfur hefi jeg ekkert á móti því, að hreppstjórar megi framkvæma fjárnám, ef þeir aðrir, er þetta mál snertir, til dæmis hæstarjettardómararnir, líta svo á, að það megi verða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 167).

Magnús Guðmundsson: Með því að hv. frsm. allshn. (HK) er ekki viðstaddur, skal jeg leyfa mjer að gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar.

Nefndin hefir athugað þetta litla frv. og leggur til, að það sje samþ. með einni smábreytingu, þeirri, að hreppstjóri megi einnig gera fjárnám með sömu takmörkunum og segir um lögtak, þ. e., að upphæðin nemi ekki meiru en 1000 kr., enda fjárnámið ekki gert í fasteign.

Það var tekið fram hjer við 1. umr., að æskilegt væri, að nefndin athugaði hvort þetta væri ekki hægt. — Nefndin varð ásátt um, að það væri vel hægt, vegna þess að til grundvallar fjárnámi liggja skýrari ákvæði en fyrir lögtaki. Liggur og hvorttveggja undir úrskurð sýslumanns eftir á. Er því ekkert við það að athuga, að þetta sje heimilt. Nefndin vonar, að háttv. deild fallist á þessa viðaukatill.

ATKVGR.

Brtt. 167 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 216, 233).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Eins og sjá má á þskj. 233, sá nefndin við nánari athugun, að betur færi á, að orðalagi frv. væri breytt eins og brtt. fara fram á. Hjer er um engar efnisbreytingar að ræða, og vona jeg, að hv. deild samþ. brtt.

ATKVGR.

Brtt. 233,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 233,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 233,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

frv. til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 235).

Á 29. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 461).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var flutt þar af hv. 2. þm. Árn. (MT), að jeg hygg. En í meðferð deildarinnar tók það þeirri breytingu, að bætt var inn 2. gr. þess efnis, að með sömu takmörkunum um upphæð og um lögtak giltu skyldi hreppstjóra einnig vera heimilt að framkvæma fjárnám.

Allshn. hefir athugað frv. eins og það liggur fyrir og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje að hækka að mun þá upphæð, sem hreppstjóra er heimilt að framkvæma lögtak fyrir eftir gildandi lögum.

Það má benda á það, að nú eru útsvör í sveitum orðin svo há, að þau fara oft langt fram yfir þá upphæð, sem hreppstjórum er heimilt að framkvæma lögtak fyrir, og virðist því eðlilegt að hækka þá upphæð, svo að hreppstjórar geti gert slík lögtök, en ekki þurfi sýslumann eða bæjarfógeta til. Öðruvísi lítur nefndin á 2. gr., fjárnámsheimildina.

Fjárnám er annars eðlis en lögtak, og það geta verið þau tilfelli, að nokkuð tvísýnt sje að leggja þau í hendur hreppstjóra, sem yfirleitt eru ólöglærðir menn.

Því finnur nefndin ekki ástæðu til þess að setja þetta í lög frekar en verið hefir.

Í gildandi lögum er hreppstjórum heimilt að framkvæma fjárnám, ef upphæðin fer ekki fram úr 100 kr. Nefndin sjer ekki ástæðu til að hækka þessa upphæð hvað fjárnám snertir, og álítur, að það geti verið vafasamt í einstökum tilfellum að láta hrepp-

stjóra hafa svo stór fjárnám með höndum, og gæti jafnvel í ýmsum tilfellum valdið tjóni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem brtt. á þskj. 461 gerir ráð fyrir, en hún er þess efnis, að 2. gr. falli niður.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta; jeg vona, að hv. deild skilji ástæður nefndarinnar og eigi hægt með að átta sig á því, hvað í brtt. felst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 461,1 (2. gr. falli burt) samþ. með 10:2 atkv.

— 461,2 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 489).

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 489).

Á 52. fundi í Nd., 20. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 489, 534).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Má jeg vekja athygli hæstv. forseta á því, að viðkomandi þessu máli er fram komin brtt. á þskj. 534, sem sennilega þarf að leita afbrigða um, hvort megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 534, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Þetta mál kemur nú endursent frá hv. Ed., sem hefir dregið úr frv. heimild til þess að framkvæma fjárnám. Að vísu hefir allshn. ekki átt fund um þetta mál síðan það kom frá Ed., og get jeg því ekki talað um málið fyrir hennar hönd. En jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 534, sem er þess efnis, að hún setur frv. að öllu leyti í sama horf og það var í, þegar það fór frá þessari hv. deild.

Hv. Ed. hefir fundið það helst til foráttu þessu frv., að ekki mundi í hóf stilt heimild hreppstjóra til þess að framkvæma fjárnám í þeim tilfellum, sem frv. gerði ráð fyrir, þegar það fór hjeðan. Jeg skil annars ekkert í hv. Ed., sjerstaklega þar sem einn mjög mikils metinn lögfræðingur á þar sæti, því að það er vitað, að heimildin er þegar til, og er eiginlega 17 ára gömul. Þess vegna finst mjer það ganga firnum næst að taka þetta út úr frv. Jeg sje því málinu enga hættu búna, þó að það fari til Ed. aftur, og jeg vænti þess, að hv. deildarmenn geti fallist á það, að ef brtt. mínar verða samþ., þá sje sæmilega frá málinu gengið. Annars er mjer þetta ekki neitt sjerstakt kappsmál.

Jeg sje, að hv. 2. þm. Árn. hefir kvatt sjer hljóðs, og þykir mjer vænt um að fá að heyra álit hans um þetta mál, því að auk þess sem hann er

flm. þessa frv. er hann með kunnugustu mönnum á þessu sviði, og skal jeg því ekki fjölyrða frekar um málið fyr en hann hefir flutt ræðu sína. En sem sagt, jeg vænti þess, að hv. deildarmenn sjái sjer fært að samþ. brtt. mínar á þskj. 534, enda þótt ekki hafi gefist tími til að taka þær til umræðu á fundi í allshn.

Magnús Torfason: Jeg var svo óheppinn að geta ekki, sökum forfalla, verið viðstaddur hjer í deildinni, þegar mál þetta var til 3. umr., því að brtt. þeim, sem þá komu fram, var útbýtt á þeim sama fundi, svo jeg vissi ekkert um þær, fyr en málið var komið til Ed.

Frv. þetta er þess efnis að gera einfaldari og kostnaðarminni lögtök á opinberum gjöldum. Til örðugleikanna í þessum efnum hefir allmjög verið fundið á síðari tímum, og ekki síst síðan álögur á menn fóru svo mjög vaxandi, sem þær hafa gert nú að undanförnu. Til þess því að ráða bót á þessu er frv. þetta fram komið.

Mig minnir, að einn allshn.maður hreyfði því hjer, hvort nokkuð væri á móti því, að við frv. þetta væri bætt ákvæði, svo það næði einnig til fjárnáms. Jeg fyrir mitt leyti hafði ekkert sjerstakt á móti því, en taldi rjett, að það væri borið undir hæstarjett; en jeg veit ekki til þess, að það hafi verið gert.

Þetta, að setja hámark upphæðar þeirrar, sem hreppstjórar mega taka lögtaki, upp í 1000 kr., er alt annars eðlis en fjárnám. Ákvæðið um fjárnám er því hjer alveg sjerstakt mál, sem borið er fram fyrir einstaka menn, því að ríkið sem slíkt er ekki venjulega í málaferlum. Rekur því enginn nauður til að samþykkja það, en eins og jeg hefi tekið fram áður, er mjer persónulega ekkert illa við það. En því verður ekki neitað, að eigingjarnir málaflutningsmenn gætu notað þetta ákvæði, ef að lögum yrði, til þess að ná inn skuldum sínum hjá mönnum áður en full lögvörn kæmi fyrir, því eins og kunnugt er, eiga menn rjett á að fá lögfræðilegar leiðbeiningar hjá dómaranum í slíkum tilfellum. Gæti það því komið fyrir, að hallað yrði á menn í þessum efnum, ef slíkt ákvæði yrði að lögum, því að hreppstjórar eru ekki alment svo vel að sjer í lögum, að þeir geti leiðbeint. Annars legg jeg enga áherslu á þetta atriði, heldur hitt, að hækka megi þá upphæð, sem hreppstjórar mega taka lögtaki, eins og gert er í frv. eins og það liggur fyrir nú. En þar sem þetta er ein umr. hjer, þá þarf málið að ganga aftur til efri deildar, ef því verður breytt nú, en jeg lít svo á, að það geti orðið til þess, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, því að ef Ed. vill ekki ganga að breytingunni, þarf málið að fara í sameinað þing, og þarf þá ⅔ hl. atkvæða til þess, að það verði samþykt. Á þetta vil jeg ekki hætta, því að jeg legg áherslu á, að þetta atriði komist í gegn, því að það er ábyggilegt, að innheimta á gjöldum til sveita gengur ver, og ferst jafnvel oft fyrir, af því að það vantar í lög ákvæði um, að hreppstjórar megi taka svona háar upphæðir lögtaki.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg ætla alls ekki að fara að gera þetta atriði að kappsmáli við háttv. 2. þm.

Árn. En jeg vil taka það fram, að það er misskilningur hjá háttv. þm., að till., sem síðast kom fram, hafi verið frá mjer, heldur var hún frá allshn., og jeg man ekki betur en að hún væri einmitt borin undir hv. 2. þm. Árn. áður en jeg ljet hana í prentið. Að jeg hefi ekki borið till. þessar undir hæstarjett, stafar af því, að jeg áleit þess enga þörf, en geta vil jeg þess, að í sambandi við samning tillögunnar ráðfærði jeg mig við mann, sem hefir mjög góðan skilning á lagasamningu.

Þá sagði háttv. þm., að þetta væri „princip"-mál og gert fyrir einstaka menn. En svo er alls ekki; þetta ákvæði er beinlínis í gildandi lögum, en þar er upphæðin bundin við 100 kr. Annars fæ jeg ekki betur sjeð en að slíkt ákvæði sem þetta geti orðið til bóta. Eins og t. d. það sje ekki betra fyrir hlutaðeigendur, að sýslumaður geti falið hreppstjórum að gera fjárnám fyrir litlum upphæðum heldur en að þurfa í hvert skifti að fara til þess sjálfir, sem hefir ærinn kostnaðarauka fyrir hlutaðeigendur í för með sjer. Þá get jeg ekki fallist á það hjá háttv. þm., að menn geti átt á hættu að tapa rjetti sínum vegna fávisku hreppstjóranna, því að sýslumenn hafa það altaf í hendi sinni, hvað þeir fela hreppstjórum að framkvæma í þessu efni. En eins og jeg tók fram áðan, geri jeg mál þetta ekki að neinu kappsmáli, og jeg er ekkert hræddur um, að því sje teflt í voða, þó að brtt. mínar verði samþyktar, og það þurfi þess vegna að fara aftur til Ed., og enda þótt þá svo færi, að það yrði að bíða eitt ár, þá tel jeg ekki með því neinn skaða skeðan. En það tel jeg töluvert athugavert, ef fara á að binda sig eingöngu við það, sem önnur þingdeildin gerir, enda þótt hin deildin sje alls ekki ánægð með það. Slíkt er mjer dálítið torskilið. En hvað þetta mál snertir, þá gerir það kannske hvorki til nje frá, því að það er ekki svo stórt í eðli sínu.

Magnús Torfason: Það er víst, að jeg hafði ekki hugmynd um þegar till. þessi kom fram, því að ef jeg hefði vitað um hana, myndi jeg hafa reynt að mæta á fundinum. Mjer virðist háttv. þm. Barð., sem mig minnir að sje hreppstjóri, líta svo á, að hann gæti ekki úrskurðað neitt, ef mótmæli kæmu fram; það yrði að bera alt undir sýslumann. Þetta er rjett, — en hvar er tryggingin fyrir, að mótmælin komi fram? Annars legg jeg ekki aðaláhersluna á þetta atriði, eins og jeg hefi tekið fram áður, heldur á frv. sjálft, eins og það kemur frá Ed., því að í því tel jeg fólgna mikla bót frá því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu efni. Jeg vil því heldur heilum vagni heim aka heldur en eiga nokkuð á hættu, hvað Ed. gerir, ef málið kemur til hennar aftur. Hvað hún gerir, ef brtt. háttv. þm. Barð. verða samþyktar, skal jeg ekki fullyrða, en svo mikið er víst, að frv. eins og það er nú var afgr. þaðan með öllum atkvæðum, og er mikill munur á því eða ef það hefði verið afgr. með litlum atkvæðamun. Og fari svo, að það lendi í sameinuðu þingi, þurfa ekki nema 14 atkv. á móti til þess að fella það, og standi Ed. þar saman, eru örlög málsins auðsæ. Jeg vil því ekkert á það hætta, að fara að hrekja það aftur á milli deilda, því eins og jeg hefi tekið fram, tel jeg þetta fjárnáms-

ákvæði ekki bráðnauðsynlegt. Það mætti þá koma því fram á næsta þingi.

ATKVGR.

Brtt. 634,1 feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, GunnS, HStef, HK, HjV, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ.

nei: SE, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, HJ, HG, IngB, JAJ, JörB, LH, MT, ÞorlJ.

Þrír þm. (JJós, JS, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 534,2 sjálffallin.

Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 541).

---

43. Ríkisborgararjettur.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (þmfrv., A. 66).

Á 12. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Frv. þetta þarf ekki langrar framsögu. Eins og skýrt er frá í greinargerðinni, er það flutt eftir ósk frú Bjargar C. Þorláksdóttur, því að hún hefir sökum dvalar erlendis mist íslenskan ríkisborgararjett, en hún unir því illa að verða að teljast Dani á ferðum sínum utanlands og verða að nota danskt vegabrjef. Nefndin telur því sjálfsagt að verða við þessari ósk hennar. Hvað nafnið snertir, þá hefir því verið breytt úr Þorláksson í Þorláksdóttur, því að ekki er kunnugt um, að hún hafi fengið lögfestingu fyrir ættarnafninu „Þorláksson“, og slík lögfesting er nú úr lögum numin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Benedikt Sveinsson: Það er eigi ætlun mín að leggjast í móti þessu frv. En mjer kemur það nokkuð undarlega fyrir sjónir, að danskur ríkisborgari skuli biðja um íslenskan ríkisborgararjett. Jeg fæ eigi betur sjeð en að þar sje verið að láta hið meira, en taka hið minna.

Það er nú komið á 10. ár síðan sambandslögin voru samþykt. Ríkisstjórn Dana tókst þá á hendur og skuldbatt sig til að kunngjöra heiminum, að Ísland væri sjálfstætt og fullvalda ríki. Jeg vil ekki staðhæfa, að hún hafi með öllu vanrækt hlutverk sitt. En hitt er víst, að Danastjórn hefir slælega tekist að koma öðrum þjóðum í skilning um það, að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki. Það kemur

þrásinnis fyrir, að eftirlitsmenn kannast alls ekki við íslensk vegabrjef, vita ekki um hið frjálsa og fullvalda ríki, nje hafa hugmynd um, að til sjeu „íslenskir þegnar“. Maður, sem nýlega fór til Frakklands, átti í mesta þjarki að komast leiðar sinnar. Landamæraverðirnir höfðu enga hugmynd um Ísland, og að lokum varð hann nauðbeygður til að láta skrá sig danskan borgara. Slík dæmi veit jeg mörg og sýnist af þeim mun verra að vera íslenskur ríkisborgari en danskur.

Það má teljast sök sjer, þó að suðrænar þjóðir, eða þær, sem eigi eru nálægari en t. d. Frakkar, kunni ekki skil á fullveldi Íslands. En þá fer skörin að færast upp í bekkinn, þegar alnæstu nágrannaþjóðir vorar vita engu meira. En í Englandi er það svo, að annaðhvort hafa menn aldrei vitað, að Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki, eða vitneskjan um það er að leggjast niður. Tvö ensk stórblöð, Weekly Times og Daily Express, hafa nýlega skýrt frá því, að enskur útgerðarmaður hafi verið sæmdur fálkakrossinum íslenska. Vafalaust hefir honum verið þessi sómi sýndur fyrir tilstilli einhverra ráðandi manna hjer heima. En þessi ensku blöð, sem lesin eru um víða veröld, kalla þetta danska nafnbót og segja í því sambandi, að Ísland sje dönsk hjálenda. Heiðursmerkið afhenti sendiherra Dana í Lundúnum.

Þegar ensk stórblöð flytja aðrar eins frjettir og þessa út um allan hinn breska heim, má nærri geta, hver skoðun er, og verður, um afstöðu Íslendinga, og verður eigi annað sjeð en mönnum sje ótili einn eða „bjarnargreiði“ ger með því að gefa þeim vegabrjef í nafni Íslands.

Engi má skilja orð mín svo, að jeg telji utanríkisstjórn Dana eiga sök á því, yfir höfuð, sem erlend blöð kunna að segja í fáfræði sinni um eitthvað það, er Ísland varðar. En hjer stendur svo á, að stjórn hins fullvalda Íslands sæmir breskan borgara íslenskri nafnbót fyrir greiðvikni við íslenska þegna. Heiðursmerkið afhendir danski sendiherrann í Lundúnum. Stórblaðið „Times“ o. fl. ensk stórblöð skýra frá þessu á þann hátt, að Danastjórn hafi viljað heiðra þennan breska borgara fyrir greiða við danska þegna og hjálendu Danmerkur.

Íslenska fálkaorðan er þá ekki alveg ónýt, ef hún verður til þess erlendis að hjálpa til að afmá þá viðurkenningu, sem Íslandi ber sem sjálfstæðu og fullvalda ríki, — eins og orðið hefir í þetta sinn. Jeg sje eigi betur en sendisveit Dana í Lundúnum hafi borið skylda til að leiðrjetta þessa missögn tafarlaust. Megum vjer varla við una, að þetta sje aðgerðalaust.

Jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða meir um þetta efni. En í sambandi við frv. þetta vildi jeg beina þeim tilmælum til hæstv. stjórnar um leið og frv. verður samþykt, að reynt verði að sjá svo um, að menn bíði eigi halla við það framvegis að öðlast íslenskan ríkisborgararjett.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vildi aðeins þakka hv. þm. N.-Þ. fyrir það að hafa vakið máls á þessu máli hjer á Alþingi. Það var fullkomin ástæða til þess að láta þau orð falla, er hann hafði um þetta at-

riði. Og jeg lýsi því yfir frá stjórnarinnar hálfu, að hún mun taka mjög til athugunar, hvað gera skuli í þessu efni. Jeg vona, að áður en þessu þingi slítur, verði fengin aðstaða til þess, að þetta komi fram af þingsins hálfu, ef til vill með stofnun sjerstakrar nefndar, að það verði tekið til rækilegrar athugunar, hvernig eigi að snúa sjer í þessu. Jeg vil í þessu sambandi um það, sem hv. þm. sagði um vegabrjef, geta þess, að það er hlutur, sem þarf að athuga, sniðið á þessum vegabrjefum, ef það gæti orðið til þess að auka þekking á okkur út á við, ef því væri kipt í lag.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 66).

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, n. 137).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frumvarp þetta er komið frá Nd., en síðan hafa allshn. borist tilmæli frá ráðuneytinu um að flytja frv. sama efnis fyrir 2 norska menn, og áleit nefndin rjett að bæta þeim við. Með tilmælum þessum fylgdu vanaleg plögg, og virðist ekkert vera við þau að athuga. Annar þessara manna hefir dvalið hjer á landi frá árinu 1919, en hinn frá árinu 1917. Báðir eru menn þessir kvæntir íslenskum konum, og virðist ekki vera ástæða til að synja þeim um ríkisborgararjett. Þess vegna leggur nefndin til, að þessum tveim mönnum verði bætt við í frvgr., svo sem sjeð verður af þskj. 137.

ATKVGR.

Brtt. 137,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 137,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 137,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frvgr. þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 161).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg vil leyfa mjer fyrir hönd allshn. að biðja hæstv. forseta að taka þetta mál út af

dagskrá, með því að komin er fram ný beiðni, er fer í sömu átt og sú, er þetta frv. felur í sjer. Þykir nefndinni rjettara, að þær verði samferða.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg ætla aðeins að taka það fram, að sá dráttur, sem orðið hefir á því, að málið væri tekið á dagskrá, stafar af því, að Norðmaður nokkur á Seyðisfirði hafði sent umsókn um að fá ríkisborgararjett. En það voru nokkrir formgallar á umsókninni og varð því að senda hana aftur. Hefir hún síðan ekki komið, og er því frv. borið fram eins og það var. Allshn. leggur til, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

44. Legkaup í Reykjavík.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (þmfrv., A. 183).

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það, sem frv. þetta fer fram á, er til lítilsháttar hægðarauka fyrir þá, er þurfa að taka grafreiti í kirkjugarðinum í Reykjavík.

Í lögunum er svo ákveðið, að lögreglustjóri innheimti legkaupið, og kirkjugarðsvörður hefir ekki heimild til þess að láta taka gröf fyr en gjaldið er greitt.

Það stendur oft svo á, þegar jarðsetja á aðstandendur sjómanna eða utanbæjarmanna, að þeir hitta svo á, er þeir koma til Reykjavíkur, að skrifstofa lögreglustjóra er ekki opin. Þessir menn þurfa að fá sig afgreidda mjög fljótt, og er því mikið hentugra fyrir þá, að kirkjugarðsvörður fái heimild til að taka við legkaupi.

Ætlast er til, að kirkjugarðsvörður sæti þeim reglum, sem ráðuneytið setur honum um fjárskil og bókhald.

Vil jeg svo að lokum leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 8:4 atkv.

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 442).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Eins og bent var á við 1. umr., fer frv. fram á það, að innheimtan fyrir legkaup verði framvegis falin kirkjugarðsverði, í stað þess að nú er hún hjá lögreglustjóra. Þetta er almenningi til hægðarauka, af því að fólk getur oft þurft að finna lögreglustjóra á þeim tíma, sem skrifstofur hans eru lokaðar.

Nefndin hefir fallist á, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breytingu, að

kirkjugarðsvörður setji tryggingu fyrir innheimtunni og að fjármálaráðuneytið gefi út reglur um bókhald og fjárskil kirkjugarðsvarðar. Ennfremur hefir nefndin lagt til, að í stað þess, að í frv. stóð, að lögin öðlist þegar gildi, skuli koma, að þau öðlist gildi 1. júlí 1928.

Fleira hefi jeg svo ekki að segja. Málið er einfalt, eins og allir sjá, og vænti jeg, að hv. þdm. geti fallist á frv. með þeirri breytingu, sem nefndin leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 442,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 442,2 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 464).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 464).

Á 49. fundi í Nd., 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 522).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta mál tekur vonandi ekki langan tíma, því að allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:2 atkv.

2. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 24. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 580).

---

45. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 20. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 140).

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 288).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þegar mál þetta var til 1. umr. hjer í þessari háttv. deild, bar svo til, að jeg var kallaður í síma rjett áður en komið var að því á dagskránni, og fórst því fyrir, að jeg segði um það nokkur orð, með því að verið var að afgreiða það til 2. umr. er jeg kom inn í deildina aftur.

Sjútvn. hefir haft málið til meðferðar, og liggur álit hennar fyrir á þskj. 288.

Eins og háttv. deildarmönnum mun vera kunnugt, hafa komið fram örðugleikar á því að halda við hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Sjógangur er þar ákafur og stórfeldur, og vegna þess að garðurinn var í fyrstu gerður alt of veikur, hefir honum orðið hættara en ella mundi. Við því er auðvitað ekki hægt að gera úr því sem komið er, en það hefir orðið til þess, að örðugra er eftir á að gera endurbætur á þessum mannvirkjum, er hafa skemst.

Nú er svo háttað, að annar höfuðgarðurinn liggur undir eyðileggingu, þar sem sjórinn hefir grafið hella inn undir garðhausinn. Ef ekkert verður að gert, er þess ekki langt að bíða, að hann hrynji. En hrynji hafnarhausinn með öllum þeim forða af grjóti og steypu, sem í honum er, þá mundi innsiglingin að líkindum verða ófær með öllu.

Hinn garðurinn, sem hugsað er til endurbóta á, er sá nyrðri. Hann er enn í smíðum, og meðan hann er ekki fullger, nýtur höfnin sín ekki til fulls.

Mest ríður á viðgerð á syðri hafnargarðinum, sem liggur undir bráðum skemdum, ef ekki verður að gert í tíma. Það, sem unnið var að dýpkun Vestmannaeyjahafnar í fyrra, virtist ganga vel og kunnugir telja, að höfnin hafi batnað að mun og mundi batna enn, ef haldið væri áfram að taka upp grjót og þvíumlíkt, er safnast hafði saman í innsiglingunni.

Þótt hafnarverkinu miði seint áfram, þá er það þó höfnin, sem gerir útgerð mögulega í Vestmannaeyjum. Ef ekki væru hafnargarðarnir, þá mundi höfnin vera óhæf fyrir þann fjölda af bátum, er þar hefst við.

Áður en þetta frv. var lagt fyrir Alþingi var það borið undir hæstv. fors.- og atvmrh. Höfðum við fund með honum ásamt bæjarstjóra Vestmannaeyja, vitamálastjóra og aðstoðarverkfræðingi hans. Voru athuguð kort og teikningar af hafnarmannvirkjunum, og gátu menn sjeð og sannfærst um, að nauðsyn væri á því að halda við hafnargörðunum. Varð jeg þess var, að hæstv. forsrh. var sannfærður um, að nauðsyn bæri til að bæta úr áður en meiri skemdir yrðu. Þeir, sem skýrðu þetta mál fyrir hæstv. landsstjórn, hafa líka komið á fund til sjútvn., átt við hana tal um málið, sýnt teikningar og annað því viðkomindi. Álit sjútvn. liggur nú fyrir á þskj. 288. Jeg verð að segja það, að bæði jeg og háttv. 2. þm. G.-K. hefðum kosið, að nefndin hefði ekki gert breytingu á orðalagi frv. frá því sem var fyrst. Það hefir verið svo hingað til um fjárveitingar til hafnargerða, að beinlínis hefir verið ákveðið, að styrkur skyldi veittur. En meiri hluta nefndarinnar þótti varlegra að orða frv. sem heimildarlög fyrir lands-

stjórnina. Þótt við þessir tveir nefndarmenn hefðum kosið frekar, að frv. hefði verið látið halda sjer óbreytt, þá skal jeg lýsa því yfir, að jeg ber svo mikið traust til hæstv. stjórnar, að eftir athugun og yfirlýsing tveggja hæstv. ráðherra um nauðsyn á þessum framkvæmdum get jeg vel fallist á að orða frv. sem heimildarlög; þó með þeim skilningi, sem jeg hefi áður orðið var við af hálfu hæstv. stjórnar, að þessi heimild verði notuð til þess að styðja að því, að þær framkvæmdir, sem það fer fram á, verði gerðar hið allra bráðasta.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar að sinni um þetta mál, en leyfi mjer að vona, að háttv. deild sjái sjer fært að samþykkja till. sjútvn. og frv. fái að halda áfram til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 288 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 321).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 321).

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 462).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg var búinn að gleyma, að jeg væri frsm., en það mun hafa stafað af því, hve einhuga nefndin var um að leggja með frv., að það væri samþ. óbreytt. Fyrst engar brtt. liggja fyrir, lítur út fyrir, að allir sjeu sammála um málið. Sje jeg því ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 24. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

46. Bæjarstjórn Ísafjarðar.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (þmfrv., A. 61).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Breytingar þær, sem farið er fram á í þessu frv., eru aðallega tvær. Hin fyrri er um það, að lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, sem nær nú yfir jarðirnar Eyri með Stakkanesi og Seljaland, verði stækkað, þannig að Tunga verði einnig lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Síðari breytingin er sú, að í stað þess, að nú þarf $^3/_5$ hluta atkvæða til þess, að bæjarstjóra megi setja í stað bæjarfógeta, skuli aðeins þurfa til þess einfaldan meiri hluta greiddra atkvæða, og að bæjarstjóri skuli ráðinn af bæjarstjórn, en eigi kosinn af borgurunum. Jeg skal fyrst tala um fyrra atriðið.

Eins og hv. dm. er kunnugt, á Ísafjarðarkaupstaður alla sína afkomu undir sjávarútveginum. Landrými er þar mjög lítið. Bærinn stendur undir brattri hlíð, og er aðeins mjó gróðurræma milli fjalls og fjöru. Bæjarmenn hafa skilið, að þeim er það mikil nauðsyn að fá nokkurt land til ræktunar, því að svipull er sjávaraflinn. Á þessu byrjuðu þeir skömmu fyrir aldamótin. Þá keypti bærinn kirkjujörðina Seljaland. Árið 1917 var svo lögsagnarumdæmið fært út, svo að það náði yfir þá jörð, auk jarðarinnar Eyrar með Stakkanesi. Nú hefir Ísafjarðarkaupstaður eignast $^{19}/_{24}$ hluta jarðarinnar Tungu og þegar tekið helming jarðarinnar í ábúð. Tunga er næsta jörð fyrir innan Seljaland og mjög vel fallin til ræktunar. Í fyrra sumar ljet bæjarstjórnin reisa þar fjós fyrir 20 kýr, og er á næsta ári gert ráð fyrir, að bærinn ráðist þar í allmiklar jarðabætur og nýrækt, auk þess sem ýmsir bæjarmenn fá þar landspildu til ræktunar. Þegar á alt þetta er litið, verður ekki annað sagt en að öll sanngirni mæli með því, að jörðin verði lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Hreppur sá, sem jörðin nú tilheyrir, missir lítils í, því að kúabú bæjarins er reist í Seljalandi, en ekki í hreppnum, svo hann getur ekki lagt útsvar á það. Missir hann því aðeins tekjurnar af ábúandanum á þeim helmingi jarðarinnar, sem bærinn ekki hefir tekið í ábúð. Er því hjer um lítilræði að ræða, sem jeg hygg, að greiðlega náist samningar um milli hrepps og bæjarstjórnar.

Um hina breytinguna er það að segja, að stjórn bæjarmálefna á Ísafirði er orðið svo umfangsmikið starf, að það er hreinasta fjarstæða að ætla manni, sem er eins störfum hlaðinn og bæjarfógetinn, að annast það í hjáverkum. Bærinn á og rekur sjúkrahús, sem rúmar 50—60 sjúklinga, gamalmennahæli, barnaskóla og allstóran unglingaskóla. Hann hefir keypt tvær stærstu fasteignir í bænum, bygt stóra hafskipabryggju, á allmörg hús og aðrar eignir, sem þurfa umsjár og eftirlits, auk jarða og kúabúsins, sem jeg áður nefndi. Það getur ekki verið aukastarf, að annast forstöðu þessara framkvæmda. Í greinargerð frv. er þess getið, að þrisvar sinnum hafi meiri hl. atkvæða við almenna atkvæðagreiðslu á

Ísafirði goldið því jákvæði, að valinn skyldi sjerstakur bæjarstjóri, en atkvæðamunur hefir aldrei orðið svo mikill, sem lögin heimta, $^3/_5$ hlutar. Síðast vantaði 16—20 atkvæði. Minni hluti borgara hefir þannig getað hindrað meiri hlutann í því að koma breytingunni á svo árum skiftir. Slíkt er auðvitað algerlega óviðeigandi og því sjálfsagt að breyta þessu ákvæði.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg vænti þess, að hv. þm. veiti því stuðning og leyfi mjer að mælast til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla aðeins að vekja athygli hv. allshn. á því, að hjer er farið fram á að taka stærstu jörðina í Eyrarhreppi af hreppnum. Mjer er ekki kunnugt um, að til þess hafi fengist samþ. hreppsbúa nje sýslunefndar.

Það hefir staðið til í nokkur ár að skifta Eyrarhreppi í tvent, þannig að Hnífsdalur verði sjerstakur hreppur, og Skutulsfjörður með Arnardal sjerstakur hreppur. En sje tekin af hreppnum stærsta jörðin, veikir það aðstöðu bænda í Skutulsfirði og þeir geta síður haldið sínu sjálfstæði sem hreppur út af fyrir sig, ef þeir skyldu æskja þess. Að vísu gæti komið til mála, að Skutulsfjörður sameinaðist Ísafjarðarkaupstað. Það var einu sinni á dagskrá. En hvað sem því líður, þá verður að leita álits hreppsbúa í máli, sem varðar þá svo mjög. Menn hljóta að sjá, hversu ósanngjarnt þetta er, þar sem kaupstaðurinn á ekki að taka á sig neinar ákveðnar byrðar, er hvíla á hreppnum. Jeg vil sem sagt biðja hv. allshn. um að athuga mál þetta nákvæmlega.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg vil vekja athygli hv. deildar og hv. nefndar á því, að síðast, þegar stækkað var lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, taldi Alþingi ekki ástæðu til að leita álits hreppsbúa um málið. Jeg veit satt að segja ekki, hvort nú er meiri ástæða til að gera það en þá var.

Um fjárskifti og ómaga milli hrepps og kaupstaðar skal jeg geta þess, að ef til kæmi, mætti í því efni fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna frá síðasta þingi um fjárskifti hreppa. Og ef ágreiningur skyldi verða á milli kaupstaðarins og Eyrarhrepps, sem jeg get alls ekki hugsað mjer að verði, þá má hæglega fá úrskurð atvinnumálaráðuneytisins. Bærinn getur ekki orðið gjaldskyldur í hreppnum nema að litlu leyti, þó að mikill hluti Tungu verði tekinn til ræktunar, því að fjósið er reist í Seljalandslandi. Mjer finst augsýnilegt, að svo mikil sanngirni mæli með þessu máli, þar sem bærinn á nær alla jörðina, að ekki sje ástæða til að leita álits hreppsins. Öðru máli væri að gegna, ef horfið væri að því ráði að sameina kaupstaðinn og allan fjörðinn. Það er svo mikilvægt atriði, að sjálfsagt væri að leita umsagnar bæði hreppsins og sýslunnar.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. flm. vildi gera það að litlu atriði, að besta jörðin í hreppnum sje tekin af honum. En ef úr því verður, sem liggur við borð, að Eyrarhreppi verði skift í tvent, þá er þetta mjög mikilvægt atriði fyrir

hreppsbúa. Oddvitinn skýrði mjer frá, að sveitarútsvör frá ábúendum þessarar jarðar hefðu síðustu ár verið um 400—500 kr. árlega, og þar sem aðeins 10 býli eru í hreppnum, að Hnífsdal undanskildum, mundi þetta draga mikið úr því, að Skutulsfjörður hjeldi áfram að vera hreppur fyrir sig, þó hreppsbúar æsktu þess. Um Seljaland var öðru máli að gegna. Þetta er smábýli og hreppurinn hafði litlar tekjur af því. Býlið hafði um langan aldur verið notað til beitar af Ísfirðingum og aðeins túnið leigt ábúanda. Kúabúið var reist í Seljalandslandi, og liggur næst að ætla, að ræktað verði Seljalandsland. Land er þar allgott. Jeg treysti ekki samkomulagi um árgjald Ísafjarðar til Eyrarhrepps, en veit vel, að atvmrh. á að skera úr þeim ágreiningi.

Jeg treysti því, að hv. allshn. leiti umsagnar hreppsbúa og sýslunefndar, því að það er venjan, þegar á að taka jarðir af hreppum eða skifta hreppum.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg vil aðeins leiðrjetta það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um að ræktunin myndi aðallega verða gerð í Seljalandslandi. Það er einmitt beggja megin árinnar, einkum í Tungulandi, sem ræktunarskilyrði eru best, enda er þegar byrjað á ræktun þar. Það er ekki heldur rjett hjá hv. þm., að aldrei sje tekin jörð af hreppi, nema leitað sje áður álits hreppsbúa og sýslunefndar. Það var ekki gert 1917, þegar Seljaland var lagt undir Ísafjarðarkaupstað.

Um skiftingu Eyrarhrepps skal jeg geta þess, að það er mín skoðun og fjöldamargra þar vestra, að ef úr henni verður, sje ekki um annað að gera en að Skutulsfjörður sameinist kaupstaðnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 35., 37. og 39. fundi í Nd., 29. febr., 2. og 5. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 6. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 61, n. 250 og 290).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. Hún er að vísu sammála um, að Ísafjörður fái bæjarstjóra, þegar meiri hl. kjósenda óskar þess, en svo nær samkomulagið ekki lengra. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til þess, að kosning á bæjarstjóra fari öðruvísi fram en venja mun í flestum öðrum kaupstöðum, sem sje að hann sje kosinn af bæjarstjórn.

Um 1. gr. frv. eru þó aðallega skiftar skoðanir í nefndinni.

Svo stendur á, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefir um nokkurt skeið haft kúabú á jörðinni Tungu í Eyrarsveit, og þykir því eðlilegt, að sú jörð verði lögð undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar. Fyrir því liggja svipaðar ástæður og þegar jarðirnar Eiði, Breiðholt og Bústaðir o. fl. voru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur fyrir nokkrum árum. Meiri hl. álítur þetta mjög sanngjarna ósk og vill mæla með þessu með þeirri breytingu, að sett verði ákvæði um það, hvernig fjár-

skifti milli Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps fari fram, og skuli atvmrh. skera úr, ef samkomulag næst ekki milli hreppanna.

Frá Eyrarhreppi, eða að minsta kosti frá oddvita hreppsins, hafa komið mótmæli gegn því, að Tunga verði lögð undir Ísafjörð. En þó með því fororði, að verði Tunga lögð undir kaupstaðinn, þá verði og undir hann lagðar hinar aðrar jarðirnar í Skutulsfirði. Væri það að vísu eðlilegt eftir staðháttum. En það mál er of lítið undirbúið til þess að því verði ráðið til lykta á þessu þingi, og til þess mundi þurfa að leita álits sýslunefndar. Meiri hl. virðist nægilegt að leggja Tungu að þessu sinni undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, og telur rjett að taka meira tillit til kaupstaðarins en þeirra mótmæla, sem fram hafa komið.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að nefndin hefir ekki getað orðið ásátt um þetta mál. Minni hl. nefndarinnar telur rjett, að bæjarbúar sjálfir velji bæjarstjóra. Mjer finst það ekki vera í samræmi við stefnu jafnaðarmanna, að vilja ekki láta kjósendur sjálfa ráða vali bæjarstjóra. Jeg skal játa, að jeg tel þetta ekki stórkostlegt brot á hugsjón þeirra, en hitt liggur þó miklu nær.

Þá vík jeg að því, sem aðalágreiningurinn var um, hvort Tunga skyldi leggjast undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar eða ekki. Nú er svo háttað málum, að Hnífsdalur, þar sem mikill meiri hluti íbúa Eyrarhrepps er, hefir samkv. sveitarstjórnarlögunum heimild til að verða sjerstakur hreppur, og ákveðnar óskir hafa komið fram í þá átt. Sá hluti Eyrarhrepps, sem eftir yrði, er svo lítill, að hann gæti varla verið sjerstakur hreppur áfram, ef Tunga verður tekin undan. Oddviti Eyrarhrepps átti tal við allshn. um þetta mál. Sagði hann, að ef Eyrarhreppur skiftist, myndu bændur í Skutulsfirði sennilega ekki ófúsir á að sameinast Ísafirði. En ef Tunga væri lögð undir Ísafjarðarkaupstað nú strax, taldi hann, að hreppnum yrði gert erfiðara fyrir um að komast að hagkvæmum samningum við kaupstaðinn, því að þá vissu allir, að þeir væru neyddir til sameiningarinnar.

Minni hl. nefndarinnar taldi engan veginn rjett að veikja afstöðu hreppsbúa gagnvart kaupstaðnum, og væri sjálfsagt að gefa þeim hluta Eyrarhrepps, sem ekki fylgdist með Hnífsdal, möguleika til að vera sjálfstæður hreppur áfram, ef hann gæti ekki náð viðunandi samningum við Ísafjarðarkaupstað. Það líður því sennilega ekki á löngu áður en Ísafjörður fær Tungu og meira til, þótt málinu verði ekki ráðið til lykta í þetta sinn.

Það virðist ekki vera í góðu samræmi við sveitarstjórnarlögin, er samþykt voru í fyrra, að ætla nú að koma þessari breytingu á án samþykkis Eyrarhrepps. Í 3. gr. laganna segir svo:

„Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breytingu gera nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefnda, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr. segir", — nefnilega, að þorp hafi 300 íbúa eða fleiri.

Hjer er trygt með lögum, að ekki megi breyta hreppamörkum, nema samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda komi til. Þessi lög eru að vísu ekki grundvallarlög, og því hægt að breyta ákvæðum þeirra, en ekki virðist vel við eiga, að breytt sje hreppamörkum án samþykkis hlutaðeigenda á næsta ári eftir að þessi lög eru sett. Gæti þó verið rjett að samþ. lög um þetta, ef brýn nauðsyn væri fyrir Ísafjarðarkaupstað að fá þessu komið í kring nú þegar. En sem stendur verður ekki sjeð, að Ísfirðingar hafi önnur óþægindi af núverandi ástandi en þau, að Tunga verður að greiða útsvör til Eyrarhrepps. Nú mun ætlun kaupstaðarins að koma þar upp kúabúi, og virðist hann þá vel geta staðið sig við að greiða nokkurt útsvar af atvinnurekstri sínum. Þetta er því órjettmætt kappsmál af kaupstaðarins hálfu. — Miklu rjettara er að styðja Eyrarhrepp, svo að hann þurfi ekki að lúta hvaða boðum sem er af hendi kaupstaðarins, er til samninga kemur. Minni hl. allshn. leggur því eindregið til, að frv. verði samþ. með brtt., sem eru á þskj. 290.

Haraldur Guðmundsson: Jeg er þakklátur hv. allshn. fyrir það, að hún hefir getað fallist á það í frv., að rjett sje, að einfaldur meiri hl. ráði, hvort kosinn skuli bæjarstjóri eða ekki. Hinsvegar get jeg ekki fallist á þær brtt. minni hl., að bæjarstjóri skuli kosinn af borgurunum og til 6 ára í senn. Mjer virðist, að bæjarstjóra beri öllu heldur að skoða sem framkvæmdarstjóra bæjarstjórnar en trúnaðarmann borgaranna, enda á hann að standa bæjarstjórn reikning gerða sinna, en ekki borgurunum sjálfum. Sýnist því rjett, að bæjarstjórn ráði vali hans, enda er því svo háttað á Seyðisfirði og í Hafnarfirði, og með þeim hætti hafa einnig bæjarstjórakosningar farið fram á Akureyri, þar til nú, að hin nýja lögskýring kom upp úr dúrnum. Hefir bæjarstjórnin á Akureyri tvívegis kosið borgarstjóra þar. Þá tel jeg það og breytingu til hins verra að binda kosningu bæjarstjóra við 6 ár. Í frv. stóð „ekki til lengri tíma en 6 ára". Þar, sem bæjarfulltrúar standa á stöku, eins og á Ísafirði, er meiri hlutinn kosinn 6. hvert ár. En nauðsynlegt er, að bæjarstjórinn sje ekki kosinn til lengri tíma en þess, sem meiri hl. bæjarstjórnar styður hann, alveg eins og háttað er um ráðherra á Alþingi. Ef brtt. minni hl. næði fram að ganga, væri skylda að kjósa hann til 6 ára, og þá væri ekki hægt að tryggja, að hann sæti ekki um einhvern tíma í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, en slíkt teldi jeg mjög illa henta.

Þá hefir minni hl. ekki getað fallist á að stækka lögsagnarumdæmi Ísafjarðar með því að leggja Tungu undir það. Hv. frsm. minni hl. taldi afstöðu hreppsins veikta gagnvart Ísafirði, ef þetta næði fram að ganga. Jeg get nú ekki fallist á það. Að vísu býst jeg ekki við, að Fjörðurinn hugsi til að vera sjerstakur hreppur, ef Hnífsdalur tekur sig út úr sem sjerstakt hreppsfjelag, en það gildir jafnt, hvort sem Tunga verður tekin undan nú eða ekki. Verða þá eftir 10 býli, og svo Arnardalur, sem er nokkurskonar ríki út af fyrir sig. Helmingur þessara býla eru mjög smá. Fólksfjöldi að Arnardal meðtöldum mun vera um

200 manns. Aðstaða er svipuð, hvort sem Tunga fylgir með eða ekki. Væri sú ástæða rjett, að með því að leggja Tungu undir kaupstaðinn sje Firðinum gert erfiðara um að semja við kaupstaðinn um sameiningu, ef Hnífsdalur tekur sig út úr, má á sama hátt segja, að Ísafirði sje gert óhægra um aðstöðu við sömu samninga með því að fella þessa grein frv. Get jeg ekki sjeð, að það sje rjettara en það, sem minni hl. þykist vera að afstýra. Aðalatriðið er, að Ísafjarðarbær er orðinn eigandi þessarar jarðar að mestu og mun eignast hana alla við næstu eigendaskifti, og hefir þegar hafið þar töluvert umfangsmikla starfrækslu. Hvort sem Fjörðurinn verður sjerstakt hreppsfjelag eða hreppurinn helst óskiftur, er ranglætið gagnvart Ísafjarðarkaupstað hið sama. En ef Fjörðurinn yrði sjerstakt hreppsfjelag, er jafnvel ástæða til að óttast, að hann yrði enn gjarnari til að leggja á kúabú bæjarins og aðra starfrækslu hans og bæjarmanna, er landsnytjar hefðu í Tungulandi, vegna smæðar og fárra gjaldenda, en hreppurinn nú.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ef bærinn ræki þarna kúabú, stæði hann sig við að greiða útsvör þar. Jeg get nú ekki sjeð, hvaða sanngirni er í því. Ennfremur taldi hann, að þetta kæmi í bága við sveitarstjórnarlögin frá 1927, eða það ákvæði þeirra, að stj. megi ekki skifta hreppum eða breyta hreppamörkum, nema samþ. hreppsnefnda komi til. En það liggur í augum uppi, að Alþingi getur ávalt skift hreppum með sjerstökum lögum, þegar þurfa þykir, þótt stj. sje eigi gefið sama vald. Þá taldi hann það gagnstætt stefnu jafnaðarmanna, að bæjarstjórnir kysu bæjarstjóra. Jeg hjelt nú, að jeg væri eins kunnugur stefnu þeirra og hann, enda er það í fullu samræmi við þá stefnu, að almenningur ráði vali bæjarstjóra gegnum fulltrúa sína í bæjarstjórn.

Magnús Jónsson: Jeg vil benda á, að mjer finst óviðkunnanlegt, að í brtt. meiri hl. er ávalt talað um Eyrar*sveit*, því að hafi málvenja ekki breytst síðan jeg var þar vestra, ætti það að vera Eyrar*hreppur*. Jeg segi þetta ekki í ásökunarskyni við háttv. frsm., heldur einungis til þess að þetta verði leiðrjett.

Viðvíkjandi því, að Tunga verði lögð undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, skal jeg geta þess, að þegar Reykjavíkurbær sótti um, að jarðirnar Bústaðir og Breiðholt yrðu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1923, þá var það gert að skýlausu skilyrði af hálfu Alþingis, að búið væri að komast að fullu samkomulagi við sveitirnar um fjárskifti. Jeg minnist þessa einmitt svo vel vegna þess, að jeg var kosinn í nefnd til að semja við hreppana um þetta atriði, og varð sá endir á, að Reykjavík varð að greiða ærið fje til að fá vilja sínum framgengt. Og mjer þótti Reykjavík ekki of góð til þess að leggja eitthvað í sölurnar. Jeg vil láta fara sömu leið í þessu máli. Jeg vil ekki láta ganga frá því hjer á þingi, nema fullkominn samningur hafi áður verið gerður á milli þeirra aðilja, sem hjer eiga hlut að máli. Ástæðan til þessarar málaleitunar af hálfu Ísafjarðar er auðvitað hin sama og fyrir málaleitun Reykjavíkur 1923, að hreppurinn seilist heldur freklega til gjalda, og því

nauðsynlegt, að bærinn hljóti full umráð yfir eign sinni. En jeg tel sanngjarnt, að hann verði eitthvað að greiða fyrir það, og mun verða andvígur málinu að öðrum kosti. Mun jeg skera úr með atkv. mínu, hvernig jeg snýst við öðrum atriðum þessa frv.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. hefir skýrt frá því, hvaða undirbúning þurfti, þegar jarðirnar voru lagðar undir Reykjavík. Hjer er ekki um neinn slíkan undirbúning að ræða. Hreppsnefndin í Eyrarhreppi hefir farið fram á 1000 kr. árgjald, ef Tunga verður lögð undir Ísafjörð, en jeg hefi ekki heyrt, að neitt hafi verið undir þá kröfu tekið, og lítur út fyrir, að kaupstaðurinn vilji fá sínu framgengt án þess að samningar fari fram.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að Hnífsdælingar væru samþykkir því, að Tunga væri tekin undan Eyrarhreppi. Jeg held, að þetta sje fullkominn misskilningur. Þegar jeg símaði vestur um að frv. þetta væri á leið, var haldinn fundur í Hnífsdal og var þar samþ. án mótatkv. till. um að leggjast á móti málinu. Hreppsnefnd Eyrarhrepps mótmælti einnig. Á fundi í Ögri, þar sem allir sýslunefndarmenn voru saman komnir, voru einnig samþ. mótmæli með öllum atkv., og má því nærri geta, að þeir munu ekki leggja málinu lið á sýslufundi. En þeir bæta við, að ef Tunga verði lögð undir Ísafjarðarkaupstað, þrátt fyrir mótmæli hreppsnefndar og sýslunefndar, þá verði Ísafjörður skyldaður til þess að greiða hreppnum 1000 kr. árlega. Það er því undarlegt, að verið er að knýja þetta fram án þess að aðiljar semji með sjer, einungis til að gera hlut beggja verri en áður. Bændur sýna síður lipurð í samningum síðar, ef til sameiningar kæmi, ef þetta er gert, heldur en ef það er látið ógert. Hv. þm. Ísaf. er kunnugt um, að jeg barðist einu sinni fyrir sameiningu Skutulsfjarðar og Ísafjarðarkaupstaðar og taldi hana heppilega fyrir báða aðilja, en jeg vil ekki láta móðga hreppsbúa með því að fara þá leið, sem meiri hl. mælir með.

Þótt Hnífsdalur verði gerður að sjerstökum hreppi, verður sá hluti Eyrarhrepps, sem eftir er, ekki fámennari en margir aðrir hreppar á landinu. Íbúatalan er um 200, og er það meira en í mörgum öðrum hreppum landsins, þar sem hún er um 150, eða þar í kring. Það er einmitt nálægt kauptúnunum, eins og t. d. við Skutulsfjörð, að áhugi manna er vakinn á að stofna nýbýli. Nú þegar hafa nokkur nýbýli verið stofnuð þar, og fólkinu fjölgar þarna, þegar fram í sækir.

Jeg verð að taka undir það með hv. frsm. minni hl., að það er harla óviðkunnanlegt, þegar með lögum frá í fyrra var samþ. að gefa hreppsfjelögunum nokkur rjettindi til þess að ráða skifting og aðgreining hreppa, en aðeins að leita samþykkis atvmrh., ef nú á með lögum að brjóta í bág við þessi ákvæði.

Ísafjarðarkaupstaður á nú í Seljalandi töluvert mikið ræktað land, og meira en í Tungulandi, svo að það liggur næst að ætla, að ræktunin muni fara fram að mestu leyti eða nær eingöngu í því landi, sem kaupstaðurinn nú á. Í Tungulandi er nærtækt land ekki nema lítil skák við ána.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg legg ekki mikla áherslu á það, hvort bæjarstjóri er kosinn af bæjarstjórn eða borgurum bæjarins. Það kemur nokkurn veginn í sama stað niður, en hins vil jeg geta, að almennar kosningar kosta aðstandandi flokka æðimikið fje, svo að það virðist ekki ástæða til að hafa þær fleiri en þörf krefur, og finst mjer því alt eins eðlilegt að hafa þetta ákvæði sem hitt. Það er alveg rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv., að það á að vera Eyrarhreppur í stað Eyrarsveitar. Þetta er eins og hver önnur prentvilla, sem verður að leiðrjetta.

Jeg held, að rök hv. þm. N.-Ísf. sýni betur en alt annað, hve það er eðlilegt og nauðsynlegt fyrir Ísafjörð að ná þessari jörð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Hann gat þess, að kröfur þær, sem Eyrarhreppur gerði, væru 1000 kr. árgjald, en til þess svarar, að Ísafjarðarkaupstaður þyrfti að borga í eitt skifti fyrir öll alt að 20000 kr. fyrir að koma þessari jörð undir lögsagnarumdæmi sitt. „Dýr mundi Hafliði allur". Hygg jeg, að ekki þurfi annað en nefna þessa upphæð, til þess að sjá rangsleitnina. — Þegar jarðirnar Bústaðir og Breiðholt voru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, var sú upphæð, sem bærinn átti að greiða, eitthvað 30000 kr., og þótti þó um skör fram. (**MJ:** Var það kaupverð?). Nei, bærinn átti jörðina, og það hjelt jeg, að hv. 1. þm. Reykv. vissi. Reyndar var sú viðbót, að Reykjavík var ýmsum kvöðum bundin um rafmagn o. fl., en þó að því væri bætt við, er það á engan hátt sambærilegt við það fje, sem greiða á fyrir innlimun þessarar jarðar norður í Skutulsfirði í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar. — Þetta sýnir líka, hvernig hreppurinn hefir ætlað sjer að gera mjólkurbú Ísfirðinga sjer að fjeþúfu, enda hefir oddviti skýrt frá því, að þótt hreppurinn mótmælti því, að þessi jörð sameinaðist Ísafirði, þá mundi hreppurinn, ef svo færi, ekki kæra sig um hinar jarðirnar í hreppnum, og mundu þær þá sjálfkrafa leggjast undir Ísafjörð. Þær eigi ekkert skylt við Hnífsdal. — Mjer finst ekkert undarlegt, þótt í sveitarstjórnarlögunum þurfi samþ. hreppanna sjálfra, þegar þeim er skift án sjerstakra laga. En auðvitað þarf ekki þessa samþykkis beggja hreppa, þegar sjerstök lög eru samþykt um skiftinguna. En slík lög er sjálfsagt að samþ., þegar krafan um skiftinguna er sanngjörn og hagkvæm, en aðeins stendur á samþykki annars hreppsins, sem vill nota sjer neitunarvald sitt í gróðaskyni. Allshn. hefir gert fyrirspurn til Ísafjarðarkaupstaðar og hreppsins, og kröfur þeirra hvors um sig eru svo fjarri því að mætast, að augljóst er, að skiftingin getur ekki fengist nema með úrskurði löggjafarinnar um, að Tunga skuli leggjast við lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, og síðar úrskurði atvmrh. um fjárskiftin. Um fulltrúana, sem í Ögri mótmæltu því, að jörðin Tunga sameinaðist Ísafirði, verð jeg að segja það, að jeg tel vafasamt gildi þeirra mótmæla. Þessir fulltrúar voru kallaðir saman þar sem fylgismenn hv. þm. N.-Ísf. í kosningamálinu, en ekki sem fulltrúar sýslunnar yfirleitt, og er því ekki þar um að ræða yfirlýstan vilja sýslubúa.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmunds-

son): Hv. þm. Ísaf. taldi það galla, að fastákveðið er eftir till. minni hl., að kjósa eigi bæjarstjóra til 6 ára í senn. Þetta er svo í gildandi lögum, en það er ekkert aðalatriði, og skal jeg til samkomulags gjarnan breyta því og setja alt að 6 árum. Út af því, sem hv. þm. sagði um íbúafjöldann í Skutulsfirði, vil jeg upplýsa það, að íbúafjöldinn er ekki svo lítill, að hreppurinn geti ekki staðið sjálfstæður þess vegna. Jeg þekki hreppa, sem hafa færri íbúa en 200; sumir hafa jafnvel 100 íbúa, og því gæti þetta vel komið til mála. Mjer fanst á oddvita Eyrarhrepps, að hann efaði, hvort hreppurinn vildi vera sjerstakur, en hann vildi hinsvegar ekki láta veikja aðstöðu hreppsins með því að láta Tungu af hendi.

Það er rjett, að háttv. þm. Ísaf. er stefnuskrá jafnaðarmanna öllu kunnugri en jeg, en jeg veit þó, að í henni er ákvæði um að vernda þá, sem minni máttar eru, en í þessu sambandi virðist mjer hv. þm. Ísaf. fara lítið eftir því boðorði, eins og reyndar oftar. Einmitt þetta atriði gerir það að verkum, að jeg álít, að ekki eigi að sameina Tungu og Ísafjörð.

Hv. frsm. meiri hl. mintist á sveitarstjórnarlögin. Jeg tók það fram, að mjer fyndist óhafandi, þar sem hreppum var gefið það fyrirheit á síðasta þingi, að þeim yrði ekki skift nje mörkum breytt nema með þeirra samþykki, að svíkja nú þetta loforð.

Um kosningu bæjarstjóra hefir allshn. skotist yfir það, að til eru fyrirmæli frá 1926 um það, að bæjarstjórar skuli kosnir af bæjarmönnum. Þessi fyrirmæli standa í lögunum frá 1926 um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Geri jeg ráð fyrir því, að ef nefndin hefði athugað þetta, mundi hún hafa fallist á mína till. Eins býst jeg við því, að þegar þetta er upplýst, muni meiri hlutinn taka aftur sína till., því að þeir munu ekki álíta rjett, að Ísafjörður hafi neina sjerstöðu í máli þessu.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Að fengnum upplýsingum get jeg gengið inn á till. hv. 1. þm. Skagf., ef bætt væri inn í hana orðunum „alt að 6 árum". En viðvíkjandi því, er jeg áður sagði, ætla jeg að skýra frá því nokkru nánar, því að jeg hefi nú náð í lögin um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Jeg hjelt, að Seltjarnarneshreppur hefði fengið 30000 kr. fyrir þessar þrjár jarðir sínar, en það voru ekki nema einar 12000 kr.

Og fyrir landið úr Mosfellssveit, eða rjettinn á landinu meðfram árbakka Elliðaánna frá jörðunum Árbæ og Ártúni, sem þurfti að fá til þess að hægt væri að setja þarna upp rafstöð, voru greiddar 37000 kr. En þá er þess að gæta, að einmitt á þessum stað á að starfrækja eitthvert hið stærsta fyrirtæki hjer á landi, rafveitu Reykjavíkur, sem þegar hefir kostað 4 milj. króna og árlega gefur af sjer fleiri hundruð þús. kr. tekjur. Það er einkennilegt, að fyrir þetta þurfi ekki að greiða nema helmingi meira en það, sem Eyrarhreppur vill fá í skaðabætur fyrir að Tunga gangi úr hreppnum, en það eru 20000 kr. — Þetta sýnir best ósanngirnina í kröfu hreppsins.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í það, hversu mikil

þörf er fyrir Ísafjörð að fá Tungu inn í lögsagnarumdæmið, en vil ganga inn á þá röksemdaleiðslu, að það sje nauðsynlegt, vegna þess að mjer var kunnugt um, hve nauðsynlegt það var fyrir Reykjavík á sinni tíð að fá lögsagnarumdæmi sitt stækkað. En jeg vil enn leiða athygli hv. deildar að því, hvernig farið var með samskonar mál og þetta, sem nú liggur fyrir, 1922—'23, þegar stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkurbæjar lá fyrir þinginu.

1922 báru þm. Reykv. fram mjög líkt frv. og þetta, sem hjer liggur fyrir, og var það frv. samið af bæjarstjórn. Allshn. neitaði þá algerlega að afgreiða málið, fyr en búið væri að slá föstu, hve mikið Reykjavík ætti að greiða hreppnum í tekjumissi.

1923 lá samskonar frv. aftur fyrir þinginu, en þá var komin svo mikil stífni í málið, að Seltjarnarneshreppur og Mosfellssveit neituðu alveg að gera nokkurn samning. Þegar málið stóð þannig, neitaði þingið að verða við óskum Reykjavíkur, og var þá tekin sú leið að reyna að lipra þetta mál, og jeg verð að segja, að það gekk prýðilega. Við vorum tveir þm. kosnir til þess að leita samninga og tala við oddvita hreppanna, og fjell þá alt í ljúfa löð. Þetta er gott dæmi þess, hve það er misráðið að hleypa stífni í svona mál. Mætti án efa lipra hjer til, ef farið væri rjett að. Svo þegar samningar voru komnir á, voru sett þessi lög og það tekið inn í lögin, að Reykjavík ætti að greiða Seltjarnarneshreppi 12000 kr. og Mosfellssveit 37000 kr. Þessar upphæðir voru beinlínis miðaðar við það, hve mikið hreppararnir teldu sig þurfa að fá, svo að þeir væru skaðlausir, þótt þeir mistu tekjur af þessum jörðum.

Nú vil jeg skora á hv. deild að gera hið sama: Neita að afgreiða málið, þar til samningar hafa fengist. Jeg tel það ekki ofverk Ísafjarðar að ná samningum við þennan litla hrepp og gjalda honum sæmilega, og skal jeg þá vera fús á að samþykkja þessa málaleitun, er samningar hafa náðst. En Ísafjörður verður að vinna það til að ná samningunum, og álít jeg þá, að standa ætti í lögunum, hve mikið Ísafjörður á að greiða hreppnum. Það verður að gæta þess, hve hjer er mikill aflsmunur, og sá, sem minni máttar er, setur sig oft á óþarflega háan hest, eins og oft vill verða, er svo stendur á.

Sumum þótti of hátt borgað, þegar lögsagnarumdæmi Reykjavíkur var stækkað; einkum þótti sú upphæð of há, sem greidd var til Mosfellssveitar, en þá var og þess að gæta, að hún gat vænt sjer mjög mikilla tekna af rafmagnsveitunni.

Bjarni Ásgeirsson: Það liggur við, að mjer finnist þetta mál fara að verða mjer nokkuð skylt, þar sem farið er að draga Mosfellssveit inn í umræður, og vil jeg því leggja nokkuð til málanna. Jeg vil þá byrja á að neita því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í sinni síðustu ræðu, þótt jeg sje honum að öðru leyti sammála, að það hafi verið ósanngjarnar kröfur, sem Mosfellssveit bar fram gagnvart Reykjavík í máli því, sem hjer er rætt um, enda get jeg vísað til ummæla hv. 2. þm. Reykv., sem áleit kröfuna sanngjarna. Verður að taka tillit til þess, hve mikið verðmæti þar var lagt undir Reykja-

víkurbæ. Jeg skal geta þess út af máli því, sem nú liggur fyrir, að mjer finst eins og komið er, þegar Ísafjörður er búinn að eignast jörðina og farinn að nytja hana, þá sje það sjálfsagt að leggja hana undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, en hitt er þá jafnsjálfsagt, að Ísafjörður bæti hreppnum þann skaða, er hann verður fyrir með því að svifta hann útsvarsstofni, eins og hjer á að gera að vissu leyti. Hinsvegar skal jeg ekki dæma um það, hvað sanngjarnt sje að greiða. Hitt er aðalatriðið, að hreppurinn verði ekki fyrir tjóni og að Ísafjörður greiði annaðhvort árlega upphæð, eða samsvarandi fjárhæð í eitt skifti fyrir öll.

Verði þetta ekki trygt, get jeg ekki greitt máli þessu atkvæði mitt.

Magnús Jónsson: Jeg vil aðeins leiðrjetta misskilning hjá hv. þm. Mýr. Jeg sagði ekki, að sú upphæð, sem Reykjavík greiddi Mosfellssveit, hafi verið of há, heldur lagði jeg aðaláherslu á það, hve stífnin var orðin mikil í málinu, þegar sveitirnar neituðu að semja, en upphæðina taldi jeg alveg rjetta.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. frsm. meiri hl. sagði, að upphæð sú, er hreppurinn vildi fá, 1000 kr. á ári, væri of há. Jeg skal ekkert dæma um það, en hitt var líka ósanngjarnt, sem Ísafjörður bauð, sem sje að taka að sjer þann hluta fátækraframfærisins, sem álíta mætti, að hvíldi á Tungu í hlutfalli við hinn hluta hreppsins. En það er fleira en ómagaframfæri, sem hvílir á hreppnum. Jeg er sannfærður um, að þessu máli er bestur greiði gerður með því að fella það nú og láta fyrst hreppsnefnd og bæjarstjórn reyna samninga sín á milli.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. forsrh. skýrði frá því áðan, að það hefði komið til kasta stjórnarinnar að úrskurða, hvort það væri löglegt, að bæjarstjórn Akureyrar kysi bæjarstjóra þar, og fjell úrskurðurinn þannig, að bæjarstjóri skyldi kosinn af borgurum samkv. lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Það þýðir víst ekki að deila við dómarann, og mun jeg því sætta mig við till. minni hl. um, að það ákvæði laganna haldist óbreytt.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, um stækkun lögsagnarumdæmisins, enda skiftir það að mínum dómi meira máli. Það fyrsta, sem kom fram hjá andmælendum frv. þessa, var það, að ekki hefði verið leitað samkomulags við hreppsnefnd Eyrarhrepps um skiftinguna. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Um þetta hefir verið rætt við einstaka hreppsnefndarmenn, flesta held jeg, þó að eigi hafi formlega verið leitað samþykkis hreppsnefndarinnar. Jeg býst við, að þó að þess hefði verið leitað nú, þá hefði það engan árangur haft.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi það móðgun við hreppsnefndina, að bera þessa kröfu fram hjer án þess að bera hana fyrst undir hreppsnefnd þessa. Í tilefni af þessum ummælum háttv. þm. vil jeg minna hann á, að hið sama hefir áður verið gert, þegar Seljaland var lagt undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

Háttv. þm. Mýr. fanst hætt við, að hreppurinn yrði hlunnfarinn, ef brtt. meiri hl. yrðu samþ. Þetta er alveg

óþarfur ótti hjá þessum háttv. þm., því að í niðurlagi greinarinnar er sett ákvæði um, að ef ekki náist samkomulag um fjárskifti og skulda og ómagaframfærslu milli Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps, skuli atvmrh. skera úr, og jeg get tæplega búist við, að hv. þm. beri það vantraust til núverandi atvmrh., að hann óttist, að ráðh. fari að „hlunnfara" hreppinn til hagsbóta fyrir kaupstaðinn. Jeg tel víst, að sá úrskurður verði þannig, að báðir aðiljar geti vel við unað.

Pjetur Ottesen: Mjer kom það dálítið undarlega fyrir að heyra þau ummæli hv. þm. Ísaf., að það væri sama og að banna Ísfirðingum að nota jörðina Tungu, að samþ. brtt. minni hl. að fella niður 1. gr. frv. Mjer finst ekki meiri ástæða til þess að halda þessu frekar fram, þótt Ísafjarðarkaupstaður eigi í hlut, heldur en ef einhver einstakur maður hefði ætlað að reisa þarna bú. Munurinn er enginn. Annars finst mjer ekki hægt að ganga á snið við það, að með sveitarstjórnarlögum frá síðasta þingi er svo ákveðið, að því aðeins skuli hreppum skift, að viðkomandi hreppsnefndir leggi það til og hlutaðeigandi sýslunefnd samþykki það. Verði þessi skifting því samþykt hjer, er verið að fótumtroða vilja og ákvæði síðasta þings. Það er líka verið að gera kaupstaðarvaldinu hærra undir höfði en sveitavaldinu, um leið og verið er að fara nokkurskonar ránsferð á hendur hlutaðeigandi sveitarfjelagi. Jeg segi ránsferð, af því að eftir frv. verður ekki annað sjeð en ræna eigi sveitarfjelagið öllum tekjum af eign þessari, því að þar er ekkert talað um, að það fái neitt í staðinn. Og samkvæmt brtt. meiri hl. verður ekki sjeð, að þær bætur, sem sveitin á að fá vegna skiftingarinnar, standi á nokkurn hátt í rjettu hlutfalli við þann gjaldstofn, sem jörðin er fyrir sveitarfjelagið. Þá er og með þessu verið að kippa gjaldstofni frá sýslufjelaginu, því að sýslusjóðsgjald hreppa er að nokkru leyti miðað við fasteignamat hreppanna. Breytingartill. þessi bætir því ekkert úr frumvarpinu. Það eina rjetta í þessu efni er því það, að haldið sje fast við það rjettaröryggi, sem sveitarfjelögin eiga samkv. 3. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Magnús Torfason: Mjer þykir töluvert undarlegt, hve skarpar umr. hafa nú orðið um þetta mál. Og það þeim mun einkennilegra, þegar jeg hugsa til þess, að árið 1917 var jörðin Seljaland í Eyrarhreppi lögð undir Ísafjarðarkaupstað án þess að það sætti neinum mótmælum. Þá voru þeir þingmenn: Skúli heitinn Thoroddsen og Sigurður Stefánsson, sællar minningar. Jeg hefi síðan aldrei heyrt eitt orð á móti þessari sölu, og minnist þess, að fáir fylgdu þessari breytingu þá með meiri áhuga en núverandi háttv. þm. N.-Ísf. Jeg segi honum þetta alls ekki til lasts, af því að hann er á móti þessari jarðasölu nú. Þvert á móti finst mjer eðlilegt, að hann vilji standa vel í ístaðinu fyrir hrepp þann, sem hann er fulltrúi fyrir nú.

Um frv. þetta verð jeg að segja það, að eins og það lá fyrir fanst mjer vanta í það ákvæði, en úr því hefir verið bætt með brtt. meiri hl. allshn. Það er hreinn misskilningur að vera að vísa

til sveitarstjórnarlaganna um skiftingu hreppa í þessu sambandi. Hjer er ekki um neitt slíkt að ræða; þar um á atvmrh. að ráða. En hjer er um að ræða skiftingu milli kaupstaðs og hrepps, og þar á löggjafarvaldið að hlutast um. Annars fæ jeg ekki betur sjeð, hvað þetta mál snertir, en að tryggilega sje búið um skiftinguna milli hlutaðeigandi hrepps og kaupstaðar, því ef ágreiningur verður milli þessara aðilja, þá á atvinnumálaráðuneytið að skera úr, og mjer finst það fullkomlega vera móðgun við núverandi stjórn, ef henni er ekki treyst til þessa. (**MJ:** Kannske stjórnin segi af sjer fyrir þessar sakir). Ekki býst jeg við því, enda þótt sumir kannske óski þess, og það þó fyr hefði verið. Hvað Ísafjarðarkaupstað snertir, þá er enginn kaupstaður á landinu ver settur með land til ræktunar en hann. Hann hefir aðeins fengið þessa einu litlu jörð til umráða; þess vegna er jeg hissa á, að kröfur þær, sem hjer er um að ræða, skuli ekki hafa komið fram miklu fyr, því að mjer finst kaup þessarar jarðar, sem hjer er um að tala, vera eins og hver önnur nauðsynleg heilbrigðisráðstöfun fyrir kaupstaðinn, vegna aukinnar mjólkur. Mjer finst því enginn kaupstaður landsins eiga jafnmikinn rjett á að fá aukið land sitt eins og Ísafjörður. Það hefir ekki verið talað um það, þó að Akureyrarkaupstaður legði undir sig lönd umhverfis sig, enda þótt hann standi mitt í hinu frjósama Eyjafjarðarhjeraði og mjólkin flói þar svo að segja út úr hverjum dalli. Um sýslusjóðsgjöldin af jörð þessari ætla jeg ekki að fjölyrða; þau eru svo lítið atriði í þessu máli, að það tekur ekki tali.

Haraldur Guðmundsson: Háttv. þm. Borgf. hjelt því fram, að ekki væri rjett að svifta sveit og sýslu þeim tekjustofni, sem jörð þessi, Tunga, væri. Hann virtist ekki gæta að því, að gert er beinlínis ráð fyrir að ljetta af hreppnum þeirri ómagaframfærslu, sem á honum hvílir vegna jarðar þessarar. Jeg fæ ekki sjeð, að rjettlátari mælikvarða sje hægt að finna í þessu efni, enda er það sá mælikvarði, sem farið hefir verið eftir, þegar um slíka skiftingu sem þessa hefir verið að ræða. Þá vildi þessi háttv. þm. halda því fram, að það væri á móti anda laganna að breyta takmörkum hreppa með lögum án samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar. En jeg fæ ekki betur sjeð en það sje beinlínis eftir laganna hljóðan, því að ef samþykki hreppsnefndar fæst ekki, eins og hjer hefir átt sjer stað, þá er að leita til þingsins, eins og hjer hefir verið gert. Auðvitað þarf samþykki viðkomandi hreppa til þess að stjórnin geti breytt mörkum þeirra, en Alþingi getur sett lög um þessi efni sem önnur eftir geðþótta. Þá vildi hann halda því fram, að hjer væri verið að fara ránsferð á hendur hreppnum og með þessu væri verið að auka kaupstaðavaldið o. s. frv. Þetta eru bara vindhögg út í loftið, sem jeg hirði ekki um að svara.

Bjarni Ásgeirsson: Það lítur nú út fyrir, að það ætli að verða stórt höfuðið á þessu máli, ef annaðhvort á að verða úr því vantrausts- eða trausts-

yfirlýsing til stjórnarinnar, eins og varpað hefir verið fram hjer í umr.

Ástæðan til þess, að jeg legst á móti brtt. á þskj. 250, er alls ekki sú, að jeg sje mótfallinn þeirri hugsun, sem í henni felst, heldur hitt, að jeg álít, að sá grundvöllur, sem þar er lagður fyrir meðferð slíkra mála í framtíðinni, sje hvergi nærri viðunanlegur. Í brtt. er ekki lagt annað til grundvallar en það, að Ísafjarðarkaupstaður eigi að taka að sjer að greiða kostnað af fátækraframfærslu, sem fallið hefði á Eyrarhrepp vegna fæðingar eða dvalar á jörðinni Tungu, ef lögin hefðu ekki verið samþ. En eins og allir vita, er það oft svo, að það eru fáar jarðir, bestu jarðirnar í sveitunum, sem halda sveitunum uppi. En ef það er svo, sem látið hefir verið í ljós hjer í umr., að þessi jörð, Tunga, sje ein af bestu jörðunum í þessari sveit, þá er sveitin svift þeim tekjum, sem hún hefði annars gefið af sjer til sveitarinnar, án þess að sveitin fái bætt nema lítinn hluta þess, sem hún hefði þurft að fá bætt, því að þarfir sveitarfjelaga eru, sem kunnugt er, meiri en einungis fátækraframfærsla.

Jeg tel því sjálfsagt, að leitað verði samkomulags milli hreppsins og bæjarfjelagsins, áður en þetta er ákveðið, og óvilhallir menn látnir meta tjón það, er hreppurinn verður fyrir við það, að jörðin er tekin undan honum, svo að það sje alveg trygt, að hreppurinn beri ekki skarðan hlut frá borði við það.

Hv. 2. þm. Árn. sló því fram, að það næði engri átt að leggja eins mikið á opinbert fyrirtæki eins og fyrirtæki einstakra manna. (**MT**: Jeg sagði þetta ekki; — að öðru jöfnu, sagði jeg). Við skulum hugsa okkur, að kaupstaður tæki allar bestu jarðir nærliggjandi hrepps og reisti á þeim stórbú eða önnur slík stórfyrirtæki; þá gæti farið svo, að ekki yrðu eftir nema ljelegustu kotin til þess að bera uppi þarfir sveitarinnar.

Jeg vil auðvitað ekki skerða hlut Ísafjarðarkaupstaðar í þessu máli, heldur vil jeg tryggja það, að hreppurinn bíði ekki halla af skiftum þessum. Þess vegna get jeg ekki verið með brtt. á þskj. 250, en vil skjóta því til hv. flm., hvort hann geti ekki komið fram með einhverja slíka brtt. við 3. umr. málsins, sem tryggi það, að hlutur hreppsins sje ekki fyrir borð borinn.

Pjetur Ottesen: Út af þeim orðum hv. þm. Ísaf., að honum fyndist, að jeg hefði kveðið nokkuð hart að orði, er jeg sagði, að hjer væri verið að fara ránsferð á hendur viðkomandi hreppsfjelagi, þá vil jeg aðeins benda á það, að hann gat ekki andmælt neinu af því, sem jeg sagði um þetta; það stendur óhrakið eftir sem áður. En hann vitnaði hinsvegar í nál. meiri hl. sjer til fulltingis.

Jeg benti á það áður, að þær bætur, sem hreppurinn á að fá, eru svo lítils virði, samanborið við þann gjaldstofn, sem hann er sviftur, að það er enganveginn forsvaranlegt, að þingið samþ. frv. án þess að samþykki viðkomandi hreppsbúa komi til, svo sem greinilega er fyrir mælt í gildandi lögum.

Um tilboð hreppsins, sem hv. þm. segir, að sje óhæfilega kröfuhart, er auðvitað ekki hægt að dæma nema fyrir þá, sem kunnugir eru.

En jeg fæ ekki sjeð, að það sje í

mótsetningu við mannlegt eðli, þótt hreppurinn hafi sett sínar kröfur nokkuð háar, sjerstaklega þegar svona er á stað farið hjá kaupstaðnum, og jeg sje ekki, að það þurfi að vera nein sönnun fyrir því, að hreppurinn ætli að beita rangindum og kúgun við bæinn í útsvarsálagningum.

Út af 3. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem segir, að „eigi má neina slíka breytingu gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli", virðist liggja beint við að draga þá ályktun, að ekki megi undir neinum kringumstæðum gera slíka breytingu, nema samþykki hlutaðeigandi hreppa komi til. Þetta er svo skýrt og skilmerkilegt, að um það verður ekki deilt.

Jeg veit að vísu, að þetta þing getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á næstu þingum, en það er áreiðanlegt, að þetta er sá skilningur, sem löggjafinn lagði í þetta ákvæði, þegar sveitarstjórnarlögin voru samþykt, og það var vilji þess þings, sem lögin setti, að ekki mætti gera neina slíka breytingu nema þetta skilyrði væri fyrir hendi. Og þetta er sú rjettarvernd, sem sveitarfjelögin eiga nú að njóta.

Hv. 2. þm. Árn. hefir hv. þm. Mýr. svarað að því leyti sem snerti ummæli hans um útsvarsálagningu á opinberan rekstur og rekstur einstakra manna.

En hv. 2. þm. Árn. sagði, að lögin um bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefðu verið sett 1917 án þess að þessi umræddu skilyrði væru þá fyrir hendi. Jeg býst nú við, að þá hafi legið fyrir einhverjar upplýsingar um það, að þeirrar breytingar, sem þá var gerð, hafi verið óskað.

En þótt svo hafi verið, að þingið 1917 hafi gert þetta, þá álít jeg það ekki til eftirbreytni, og síst, ef tillit er tekið til hinna skýru og ótvíræðu ákvæða, er síðasta þing setti um þetta efni.

En jeg man það fullvel, að á þinginu 1917 lá ekki fyrir að sameina eina jörð úr Eyrarhreppi við Ísafjarðarkaupstað, heldur allan Eyrarhrepp. Og þá lágu líka fyrir mótmæli sýslunefndar gegn því, og því var sú breyting feld eftir langar og harðar umræður í Ed.

Það hafði verið sagt þá einhverntíma í umr., að kaupstaðurinn mundi, ef breytingin væri samþ., ná yfir álíka stórt svæði og Lundúnaborg stæði á, og út af þessu var þá kveðin þessi vísa:

Alt fer nú með endemum,
ekkert hægt að gera.
Lord Mayor í Lundúnum
langaði mig að vera.

ATKVGR.

Brtt. 290,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, SE, SvÓ, BÁ, EJ, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: LH, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HJ, HG, HjV, JörB, BSv.

Þrír þm. (BSt, IngB, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 290,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404).

Haraldur Guðmundsson: Við 2. umr. gat jeg þess, að jeg mundi bera fram brtt. um, að í stað 6 ára kæmi alt að 6 ára, og skildist mjer þá á formanni hv. allshn., að hann mundi ekkert hafa á móti því. Nú hefir mjer láðst að láta prenta þessa brtt., en hefi afhent hæstv. forseta hana skriflega og vænti, að hv. deild geti fallist á hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 429) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 429 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 430).

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 598).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta er komið frá Nd. Þegar það var flutt þar, var það víðtækara miklu en það er nú; voru ýms ákvæði feld úr frv. í meðferð þess í Nd. Eftir að hafa kynt sjer gang málsins í Nd., sá allshn. ekki ástæðu til að taka þau ákvæði upp aftur, er þar voru feld niður; leggur hún til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Á þskj. 430 mun vera prentvilla. Þar er vitnað í lög nr. 62, en mun eiga að vera lög nr. 67. Jeg hygg, að þetta hafi verið lagfært í skjalapartinum, en get þess þó hjer.

Fyrir hönd nefndarinnar hefi jeg svo ekki fleira að segja; hún telur það rjettmætt, að frv. gangi fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 645).

---

47. Varasáttanefndarmenn í Reykjavík.

Á 40. fundi í Nd., 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um varasáttanefndarmenn í Reykjavík (þmfrv., A. 392).

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Hjeðinn Valdimarsson: Af því að frsm. nefndarinnar er ekki viðstaddur, vil jeg leyfa mjer í nafni allshn. að mælast til, að málið fái að ganga til 2. umr. Málið er borið fram vegna sáttanefndar Reykjavíkur. Nú er það svo, að ekki er nema einn varamaður og hann skyldugur til þess að gegna þessu starfi, þegar kallað er. En hann getur haft þeim störfum að gegna, að þessi kvöð verði honum bagaleg, enda virðist öll sanngirni mæla með því að varamennirnir sjeu fleiri, og koma þá þessi störf ljettara niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 10. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 12. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 392).

Á 47. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 602).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. fer fram á að bæta við 2 varasáttanefndarmönnum í Reykjavík, en áður hefir einungis verið einn varamaður. Frv. hefir gengið í gegnum Nd. og er flutt að beiðni sáttanefndarinnar. Allshn. hefir athugað frv. og telur sanngjarnt að verða við þessum tilmælum og leggur til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

48. Laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Á 28. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá (þmfrv., A. 255).

Á 31. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg þarf ekki að bæta miklu við þá skýru greinargerð, sem frv. fylgir í fylgiskjali hr. Pálma Hannessonar. Frv. er borið fram í þeim tilgangi að auka laxgengd og laxveiði í Norðurá. Á þessi er, sem kunnugt er, vatnsmikil og löng og hefir ágæt skilyrði til laxgengdar, væru ekki í henni tveir þröskuldar, sem hamla göngu laxins. Annar þessara þröskulda er fossinn Glanni. Er nú í ráði að sprengja hann og gera laxgengan á þann hátt. Neðri þröskuldurinn er Laxfoss, sem að vísu er laxgengur, en fyrir neðan fossinn er ker, þar sem stunduð hefir verið netjaveiði undanfarið. Þetta ker þarf að friða með öllu, eigi laxinn að geta komist upp fyrir fossinn. Nú hafa verið myndu samtök milli bænda í Norðurárdal og upprekstrarfjelags Þverárhlíðar. Er ætlun þeirra að stofna til laxaklaks á ýmsum stöðum ofan til í ánni. Pálmi Hannesson telur marga staði þar mjög vel fallna til laxaklaks. Bændum hefir ekki tekist að komast að samkomulagi við prestinn í Stafholti um yfirráð yfir keri þessu. Hafa þeir því tekið það ráð að snúa sjer til Alþingis. Þetta er hagsmunamál fjölda bænda, og má vænta þess, ef mál þetta nær fram að ganga, að takast megi að gera Norðurá að einni laxauðugustu á hjeraðsins. Vænti jeg, að þessu máli verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vildi aðeins benda á, að ker þetta mun vera opinber eign, þar sem það er eign Stafholtskirkju. Virðist því óþarft og óviðkunnanlegt að taka opinbera eign eignarnámi, og sýnist heppilegri lausn á málinu að leita samninga við prestinn og bæta honum skaða þann, er af veiðimissi leiðir. Þessi aðferð væri í alla staði viðfeldnari og rjettari.

Magnús Jónsson: Út af orðum hv. 1. þm. Árn. vildi jeg spyrja að því, hvort frv. sje ekki fram komið vegna þess, að ekki hafa náðst samningar við prestinn. Annars er prestur sá, sem nú situr í Stafholti, orðinn aldraður maður, og veit jeg ekki, hvort þessu máli liggur á meira en svo, að það megi bíða um hans daga. En mjer skildist, að frv. væri komið fram af því að samkomulag hefði ekki náðst.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þykist sjá af greinargerðinni, að frv. sje borið fram vegna þess, að ekki hafa tekist samningar við prestinn. En jeg álít, að fá megi dómkvadda menn til að meta skaða prestsins, en kerið eigi að vera í eign kirkjunnar eftir sem áður. Finst mjer, að bændur mættu vel hlíta þeirri niðurstöðu. Jeg skal ekki segja um, hvort þörf er á nýrri löggjöf um þetta efni, en í þessu tilfelli virðist mega koma þessu fyrir eins og jeg hefi bent á. A. m. k. væri það viðkunnanlegra en að fara eignarnámsleiðina. Jeg mun greiða atkvæði með frv. til 2. umr., en jeg lofa engu um það að vera með því að samþykkja þetta frv., ef taka á þennan veiðirjett af kirkjunni.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Aðalatriðið er, að kerið sje friðað. Hitt er aukaatriði, á hvern hátt það er gert. Bændur hafa gert sjer mikið far um að komast að friðsamlegum samningum, en hafa ekki sjeð aðra leið færa en þessa. Jeg er ekki lögfræðingur og skal því ekki segja um þá hlið málsins, enda læt jeg mig engu skifta, hverri aðferð er beitt.

Magnús Jónsson: Jeg get tekið undir með hv. 1. þm. Árn. um það, að það er mjög óviðkunnanlegt, að einstaklingum sje veitt heimild til þess að taka eignarnámi af ríkinu. Hjer getur það ekki verið eigandinn, sem strandar á, því að hann er hið opinbera. Það sýnist þannig aðeins vera presturinn í Stafholti, sem ekki næst samkomulag við. Jeg veit nú ekki, hve mikið málinu liggur á, en presturinn er orðinn roskinn maður. Einnig sýnist vafamál, hvort friða þurfi laxinn um aldur og æfi á þessum stað. Mjer skilst á greinargerð frv., að möguleiki sje til þess að gera fossinn laxgengan víðar en upp af þessu keri. Eins og er eru stórmiklar tekjur af laxveiði í fossinum, og sýnist varla rjett að svifta ríkið þeim um aldur og æfi. A. m. k. er þessi leið óviðfeldin, að taka eignir ríkisins eignarnámi handa einstaklingum.

Magnús Guðmundsson: Mjer skilst, að þetta veiðiker, Nikulásarker, sje langt frá prestssetrinu. Jeg verð að segja, að mjer finst ástæða til að líta á, hvernig þeir menn, sem búa við ána, eiga að hafa gagn af henni. Presturinn hefir ekki annað við kerið að gera en leigja það öðrum. Mjer skildist á hv. þm. Mýr., að hann vildi vísa málinu til nefndar, sem jeg á sæti í, og fyr en málið hefir verið athugað í nefnd, mun jeg ekki láta uppi álit mitt um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 36., 39. og 48. fundi í Nd., 1., 5. og 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 16. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 255, n. 325, 377, 434).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sjá má á nál. á þskj. 325, hefir allshn. orðið sammála um að mæla með samþ. þessa litla frv., með tveim

lítilsháttar breytingum. Hin fyrri er um það, að ekki þurfi eignarnám fram að fara, nema ekki fáist samkomulag um kaup eða afnot. Síðari breytingin er aðeins orðabreyting, sem jeg tel, að ekki þurfi neinnar sjerstakrar skýringar við.

Við þetta frv. hafa komið fram nokkrar brtt. frá ýmsum hv. þdm. Nefndin hefir ekki, svo jeg muni, tekið þessar brtt. fyrir á fundi, og þar af leiðandi hefi jeg ekkert um þær að segja frá hendi nefndarinnar. Eins og sjá má á brtt., fara þær fram á hið sama og frv., eins og nefndin leggur til, að það verði, að því leyti, að laxganga verði ekki hindruð um Norðurá, í Nikulásarkeri. En þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að kerið verði eign fjelags, sem laxveiði stundi í Norðurá, þá gengur brtt. á þskj. 377 út á það að banna með öllu laxveiði í kerinu. Jeg býst við, að ekki skifti miklu máli, hvor leiðin verður farin, þar sem tilgangurinn er hinn sami, en mjer virðist aðeins nokkuð langt gengið í till. á þskj. 377, að banna alla laxveiði í kerinu. Virðist mjer það einnig vera þarflaust, því að í brjefi Pálma Hannessonar, sem fylgir greinargerð frv., leggur hann einkum áherslu á, að lagnetin í kerinu hindri göngu laxins, og sýnist þá, sem stangaveiði muni ekki gera skaða í því efni. Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, einkum þar sem lítur út fyrir, að hv. flm. frv. ætli að ganga inn á, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, og þótt nefndin hafi ekki haft þessar brtt. sjerstaklega til meðferðar, þá skil jeg ekki, að hún leggi kapp á að hindra það, að þær nái fram að ganga.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka öllum hv. þdm. fyrir góðar undirtektir við þetta mál, því að sennilega vakir það sama fyrir öllum, að fá kerið friðað, svo að það hindri ekki laxgöngu í ána. Jeg legg enga sjerstaka áherslu á það, hvort frv. verður samþ. eða brtt. sú, sem hv. þm. hafa borið fram, og felli jeg mig þó eins vel við brtt.

Jeg vænti þess, að háttv. þdm. geti sameinast um afgreiðslu málsins í öðruhvoru forminu, sem fyrir liggur, og vil jeg geta þess um leið, að jeg mun með atkv. mínu fylgja þeim brtt., sem verða á undan frv. sjálfu.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þarf ekki mörg orð að segja um þessar brtt., einkum þar sem háttv. flm. frv. hefir lýst yfir því, að hann geti vel fallist á þessar tillögur, og það jafnvel fremur en að frv. verði samþykt óbreytt. Þetta þykir mjer vænt um að heyra, því að fyrir okkur flm. brtt. hefir vakað það eitt, að hv. flm. frv. gæti náð þeim tilgangi, sem fyrir honum vakti með flutningi þess, að fá laxgönguna óhindraða. Jeg get og lýst yfir því fyrir hönd okkar flm., að við getum vel fallist á brtt. hv. þm. Mýr. á þskj. 434, við brtt. okkar, sem eru á þskj. 377, og jeg vona, að hv. deild afgreiði málið í þessari mynd, en ekki frv. sjálft eins og það nú er orðað. Jeg skal aðeins geta þess viðvíkjandi fyrsta liðnum í brtt. okkar, að kerið sje algerlega friðað fyrir allri veiði, að þá er sú breyting stíluð með ráðnum huga, af því að okkur hefir verið sagt, að þegar áin væri mjög lítil, þá gengi laxinn alls ekki lengra, en

hjeldi þar kyrru fyrir, uns áin yxi. Nú er það ljóst, að með stangaveiði einni og þaulsætni við hana er hægt að stórspilla veiðinni, og á það allra síst við nú, þegar í ráði er að leggja mikið í kostnað við að gera ána laxgenga upp eftir, því að þá skilst mjer, að höfuðatriðið sje það, að sem allra minst sje veitt í ánni, svo að fiskigangan geti orðið sem mest. Þess ber og að gæta, að þessi friðun þarf ekki að standa lengi, heldur er mönnum óhætt að byrja þar stangaveiði bráðlega aftur, þegar áin er orðin fiskauðug, og þá er altaf hægt að gera breytingar á þessum lögum. Jeg vona, að háttv. deild samþ. brtt. á þskj. 377, með brtt. hv. þm. Mýr. á þskj. 434. Jeg held, að það vissulega sje með þannig lagaðri afgreiðslu á málinu best náð þeim tilgangi, sem hefir vakað fyrir hv. flm. þessa máls, og þeirra manna, sem óska eftir friðun á Nikulásarkeri.

Magnús Jónsson: Jeg vildi aðeins vekja athygli á einu smáatriði, sem tekið er fram í brtt. á þskj. 377. Það er, að mjer skilst, svo, að mat á heimatekjum Stafholtsprestakalls þurfi að fara fram áður en bæturnar falla niður. Það er sennilegt, að jörðin sje metin eitthvað hærra fyrir það, að þetta ker er með, og heimatekjurnar ættu eitthvað að lækka við það, að þessi hlunnindi eru tekin undan, og því rjettast að miða bæturnar við, hve lengi þessi hlunnindi fylgja jörðinni. Það er sjálfsagt, að sá prestur, sem nú er í Stafholti, heldur bótunum á meðan hann er þar, en mjer skilst, að þær verði að miðast við heimatekjur staðarins. En þetta mætti vel athuga til 3. umr.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins benda á eitt atriði í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og sem líka gæti átt við um afgreiðslu annars máls, sem er hjer á dagskrá í dag.

Í frv., sem samþ. var hjer í dag um fiskiræktarfjelög, er fullkomin heimild til að gera það, sem hjer er farið fram á, og sömuleiðis það, sem talað er um í öðru frv., sem líka er á dagskrá í dag, um ófriðun sels í Ölfusá. Ef menn nú hafa trú á því, að slíkar samþyktir verði gerðar, þá finst mjer óþarfi að vera að samþ. lög á þessu þingi um alveg sama efni, og hafa þó heimild eftir öðrum lögum til að gera alveg hið sama. Mjer finst það einmitt vera mikill kostur við löggjöf, að geta innibundið mikið í einum og sömu lögum, þar sem því verður við komið. Jeg vil aðeins vekja athygli á þessu, því að jeg býst við, að það orki ekki tvímælis, að eftir 1. gr. frv. um fiskiræktarfjelög er alveg skýlaus heimild til að gera það, sem farið er fram á í báðum þessum frv.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg rjett, sem hv. þm. Borgf. heldur fram, að það er í rauninni ekki nauðsynlegt að samþykkja þetta frv., ef gengið er út frá, að frv. um fiskiræktarfjelög verði að lögum, sem hjer var til 2. umr. í dag, en það getur náttúrlega verið efamál, og getur dregist í nokkur ár, að svo verði. En viðvíkjandi því máli, sem hjer er til umr., þá finst mjer það vera dálítið undarlegt að banna alveg veiði í Nikulásarkeri; það

er sjálfsagt að banna veiði með netum, en stangaveiði finst mjer að mætti vera heimil, og það er einmitt vegna slíkrar veiði, að presturinn hefir talsvert upp úr því. Aftur á móti er sjaldan veitt þar í net, og mjer finst því, að ónauðsynlegt sje að ganga svo langt að banna þar alla veiði, því að með stangaveiði er alls ekki fyrirbygt, að laxinn gangi lengra upp eftir ánni, enda er það svo um allar veiðiár, að yfirleitt er leyfilegt að veiða lax á stöng. Jeg held þess vegna, að þessi brtt. sje til hins verra, og jeg er hálfhissa á, að hv. flm. frv. skuli ganga inn á þetta atriði.

En viðvíkjandi bótum til Stafholtsprests vildi jeg segja það, að mjer finst, að eftir gildandi lögum eigi hann ekki rjett til bóta lengur en það mat er í gildi, sem nú er, og það gildir ekki lengur, ef jeg man rjett, en 2—3 ár hjer eftir, og þess vegna er það rangt, sem hjer stendur í brtt., að hann eigi að fá bætur á meðan hann er þar prestur. En nýjum presti er þetta alveg óviðkomandi, og jeg held, að það væri rjettast, að bætur til Stafholtsprests fjellu niður, þegar nýtt mat gengur í gildi. Það er rjett, að eins og nú stendur, þá á presturinn rjett til þessara bóta, en lengur en núgildandi mat stendur á hann ekki kröfu.

Eftir brtt. á þskj. 377 er kerið í rauninni gefið þessu veiðifjelagi, því að eftir að núverandi Stafholtsprestur er farinn frá, þá falla niður bæturnar. (**JörB**: Hver á kerið?). Það á kirkjan, en eftir þann tíma, að bæturnar falla niður, verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að veiðifjelaginu sje gefið kerið. Það á, með öðrum orðum, að greiða eitthvað í þau 2—3 ár, sem eftir eru af núgildandi prestakallamati, en eftir þann tíma er það gefið. Ef kerið er látið af hendi, á að selja það að undangengnu mati eftir lögum um sölu kirkjujarða frá 1907 og andvirðið að renna í prestlaunasjóð.

Jeg felli mig miklu betur við frv. með þeim breytingum, sem allshn. hefir stungið upp á, því að þar er það beinlínis gert að skilyrði fyrir eignarnámi, að samkomulag náist ekki, en á hinn bóginn virðast góðar vonir um það nú, því að þegar presturinn veit, að ef samkomulag næst ekki, verður eignarnám að fara fram, þá er líklegt, að hann verði tilleiðanlegri til samninga. (**ÓTh**: Það stóð á hinum líka). Jeg skal ekki segja um það; getur verið, að um það megi deila, en eftir því, sem háttv. flm. reifaði málið, þá skildist mjer, að ekki hefði staðið á samkomulagi frá fjelagsins hendi. Annars hjelt jeg, að þetta fjelag væri þegar stofnað, en af brtt. hv. flm. skilst mjer nú, að fjelagið sje ekki enn stofnað; um þetta vildi jeg fá upplýsingar, því að jeg bygði á því í nefndinni, að fjelagið væri þegar stofnað og tekið til starfa.

Jörundur Brynjólfsson: Það er náttúrlega ekki til neins að vera að þrátta um þetta í sjálfu sjer. Hv. þm. Borgf. þótti óþarfi að vera að setja ákvæði um svona hluti, bæði friðun á þessu keri og eins vjek hv. þm. að því máli, sem hjer liggur nú fyrir þessu þingi, ófriðun sels í Ölfusá, því að þetta mætti hvorttveggja gera, ef frv. um fiskiræktarfjelög yrði að lögum. Þetta er að vísu alveg rjett; verði það að lögum, þá er hægt að gera þetta hvorttveggja, en það er þó ekki öðruvísi

unt en að fullar bætur komi fyrir veiðimissinn í ánum um þann tíma, sem þær eru friðaðar. Bæði um Nikulásarker og ófriðun sels í Ölfusá eiga kirkjur hlut að máli, og það þarf því sjerstaka lagasetningu um að fella niður þær tekjur, sem presturinn í Arnarbæli hefir haft að því er selinn í Ölfusá snertir og Stafholtsprestur að því er Nikulásarker snertir. Það er þess vegna alveg rjett, að þessar bætur verði greiddar eftir sjerstökum lögum; þar við bætist og, að ekki er víst, að þetta þing afgreiði lögin um fiskiræktarfjelög, en bæði þessi mál eru svo aðkallandi, að ekki tjáir að slá þeim á frest. Ætla jeg svo ekki að ræða frekar um þetta atriði.

Þá ætla jeg að andmæla með nokkrum orðum hv. 1. þm. Skagf., sem þótti óþarfi að banna stangaveiði í kerinu. En ef menn líta þannig á, þá er hægt að bera fram sjerstaka brtt. um þetta atriði við 3. umr. En jeg lít alt öðrum augum á þetta en hv. 1. þm. Skagf. Jeg tel einmitt nauðsynlegt að friða kerið. Eftir því, sem lýst hefir verið fyrir mjer, er stangaveiði líka varhugaverð þar, sem svo stendur á, að laxinn kemst ekki lengra, þegar áin er lítil. Og því meiri nauðsyn er á, að þetta sje gert, þar sem í ráði er, að gerðar verði stórkostlegar umbætur í þá átt að gera ána fyrir ofan fiskgenga. Þegar lagt er stórfje í slíkar umbætur, þá er hart að láta taka allan laxinn þar. Þetta er alt saman gert til þess að laxinn hafi frjálsa göngu, og er því engin ástæða til að heimila veiði þá stund, sem verið er að gera ána fiskgenga upp eftir.

Það má vel vera, að hægt sje að koma því svo fyrir, að bætur falli niður næst þegar mat fer fram, og það er sjálfsagt hentugast, að svo sje, en þar sem presturinn er orðinn roskinn, virðist ekki nema rjett, að hann fái bætur á meðan hann er, sem svo falla niður, þegar hann fer. En viðvíkjandi endurmati er það að segja, að þótt matsmenn verði nú látnir meta tekjutapið, þá gildir það aðeins fyrir þann prest, sem nú er, en hinn nýi prestur, sem á eftir kemur, á alls ekki að fá neinar bætur, svo að þá fellur það niður af sjálfu sjer.

Þá drap hv. 1. þm. Skagf. á, að það væri verið að afhenda þessu fjelagi kerið. Mjer þykir dálítið undarlegt, að hv. 1. þm. Skagf., sem er gamall lögfræðingur, skuli halda slíkri firru fram. Hvar ætlar hv. þm. að leita sönnunar fyrir því, að fjelagið eigi kerið? Það er alls ekki verið að afhenda það. Landið getur hvenær sem er notfært sjer veiði í því, þegar Alþingi svo sýnist, auðvitað án nokkurra bóta til annara. (**ÓTh**: Hver hefir hagsmuni af friðuninni?). Veiðimennirnir hafa mikla hagsmuni af því, að kerið verði friðað. (**ÓTh**: Það er þá gjöf til þeirra). Það má vel segja, að þessi eign sje landinu arðlaus, á meðan á þessari friðun stendur, en landið á samt kerið; heilbrigð skynsemi mælir á móti öðru eins og þessu, sem hv. þm. er að segja, svo að ekki þýðir að vera að bera slíkt fram. Eða ef um það hefði verið að ræða, að kerið hefði verið afhent og landið vildi gera tilkall til þess, — ætli fjelagið leyfði sjer þá að heimta bætur?

Hv. 1. þm. Skagf. þótti betur fara að láta meta kerið og afhenda það þessum einstaklingi til eignar, en þar greinir okkur á; það tel jeg alls ekki

rjett, og einna síst, þar sem staðhættir eru þannig, að nauðsynlegt er, að landið hafi eignarhald á kerinu. Jeg er alls ekki viss um, ef það væri komið í eigu einstakra manna, að þeir gættu þess að spilla ekki veiðiskap þar. Nei, það er fyrir allra hluta sakir langrjettast, að kerið verði eins og áður eign hins opinbera, og vona jeg, hvernig sem hv. deild annars fer með þetta frv., að hún afgreiði það þannig, að landið eigi kerið eftir sem áður.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla ekki að fara út í langar umr. um þetta, en jeg þurfti ekki að fá neinar leiðbeiningar frá hv. 1. þm. Árn. um, að það mætti bera fram brtt. við 1. gr. frv. við 3. umr. En það, sem jeg var að ræða um, var það, hvort rjett væri að banna algerlega alla veiði á þessum stað; jeg álít ekki meiri ástæðu til að banna stangaveiði þar heldur en hvar annarsstaðar í ánni. Jeg hefi talað við mann, sem lengi var prestur að Stafholti, og það, sem hann segir um veiði þarna, fer alveg í bága við það, sem hv. 1. þm. Árn. segir. Hann segir, að laxinn komist ekki upp þangað, nema því aðeins, að nokkuð mikið sje í ánni, en þá sje ekki hægt að veiða í kerinu, og það er venjulegast ekki hægt fyr en í lok júnímánaðar og út ágústmánuð.

Svo var hv. þm. að segja, að það væri ekki rjett hjá mjer, að ekki væri hægt að krefjast kersins aftur, en jeg er nú ekki viss um, að það sje hægt, þegar búið er að láta laxveiðafjelagið fá kerið með þessum lögum, — eða til hvers er verið að búa til þessi lög? Er það ekki til þess að gefa laxveiðafjelaginu rjettinn? **(JörB:** Það er ekki minst á laxveiðafjelagið í okkar till.). Það er a. m. k. nefnt í frv., og í brtt. hv. flm. er meira að segja kveðið svo á, að lög þessi skuli ekki koma til framkvæmda fyr en fjelagið sje löglega stofnað. Það er eingöngu vegna laxveiðafjelagsins, að þessi lög eru sett, en laxveiðafjelagið, það eru þeir menn, sem eiga veiði í ánni, og lögin sett til að vernda þeirra rjett. Þess vegna er það, ef síðan á að fara að taka þennan rjett af laxveiðafjelaginu, þá er það ekkert annað en gabb við fjelagið. En hitt finst mjer vera rjettara, að fjelagið fái kerið til eignar með því að greiða matsverð þess, og andvirðið á svo að renna í prestlaunasjóð, eins og andvirði annara kirkjueigna. Og að minsta kosti er það svo — því getur hv. 1. þm. Árn. ekki neitað —, að ef þessi lög verða samþykt, þá er Nikulásarker orðið arðlaus eign fyrir hið opinbera. **(JörB:** Jeg sagði það). Já, hv. þm. vildi fóðra aðstöðu sína með því, að það væri hægt að kippa að sjer hendinni þegar vildi, en jeg efast um það, þegar búið er að veita fjelaginu þann rjett, sem þessi lög veita því. Annars get jeg ekki verið samþykkur því, sem hv. þm. sagði, að ekki væri hægt að koma þessu máli í lag með því frv. um fiskiræktarfjelög, sem hjer liggur fyrir, ef það verður að lögum, því að jeg sje ekki annað en að í því frv. sje heimild til að greiða þann kostnað, sem af slíku leiðir.

Magnús Jónsson: Jeg mun verða þessu máli fylgjandi. Frv. er bygt á umsögn Pálma Hannessonar fiskifræðings, sem álítur nauðsynlegt, að kerið sje friðað fyrir allri veiði. Jeg þekki

hvorki kerið nje heldur lifnaðarháttu laxins, svo að jeg sjái mjer fært að draga úr friðuninni með því að leyfa stangaveiði, eins og hv. 1. þm. Skagf. mintist á. Annars skilst mjer allmikill munur á frv. með brtt. á þskj. 377 og frv. með brtt. allshn. Eftir brtt. allshn. og frv. á að selja kerið, en eftir brtt. 377 á að leigja það í vissu falli. Ríkið ætlar að leigja kerið og fjelagið á að greiða gjald fyrir. Það er því rangt, að bæturnar skuli eiga að falla niður við næstu prestaskifti, og gagnstætt þeirri venju, sem tíðkast hefir, þegar hlunnindi hafa verið seld undan kirkjum. Þá hefir verið venja, að í stað teknanna af hlunnindunum kæmi árlegt gjald, er rynni til viðkomandi prests. Svo vissi jeg, að var á Ísafirði eftir að jarðirnar Eyri og Stakkanes höfðu verið seldar undan kirkjunni. (**MG:** Þetta er eins og um prestsmötu). Já, það er eins. Það er engin skynsamleg ástæða fyrir því, að fjelagið hætti að greiða þetta gjald, þótt prestaskifti verði og að nýtt heimatekjumat fari fram.

Jeg kann fyrir mitt leyti betur við það, að kerið, sem er opinber eign, verði ekki selt, og mun koma með brtt. við 3. umr. um það, að gjaldið haldist, þótt prestaskifti verði.

Ólafur Thors: Það er nú mikið búið að tala um þetta mál, ekki veigameira en það er. Eins og það liggur nú fyrir, álít jeg hentast, að það sje tekið af dagskrá, og mun jeg þá koma fram með brtt. um, að stangaveiði sje leyfð í kerinu, og þykist jeg vita, að hv. flm. frv. hefir ekki á móti því.

Annars hygg jeg, að það sje rjett, sem hv. þm. Borgf. hjelt fram, að frv. þetta sje óþarft, ef frv. um fiskiræktarfjelög á þskj. 295 nær fram að ganga. En hvað sem um það er, sje jeg ekki, að neinn nauður reki til að friða kerið fyrir stangaveiði. Sú veiði myndi á engan hátt spilla fyrir göngu laxins upp eftir ánni. — Já, hv. 1. þm. Árn. þarf ekki að afmynda sitt fríða andlit yfir þessu, því að jeg er fróður um þessi efni og hefi mikið um þau lesið. Það er alment viðurkent, að stangaveiði spilli á engan hátt fyrir laxgöngum, og tilgangur frv. myndi alveg eins nást, þótt leyfð væri stangaveiði. Það er nú svo, að um mál þetta hefir staðið styr mikill heima í hjeraði, og skal jeg ekki fara að leiða þær deilur inn í þessar umr., en það er áreiðanlegt, að sá aðilinn, sem nú á að lúta í lægra haldi, myndi sætta sig betur við úrslit málsins, ef leyfð yrði stangaveiði. Jeg legg því til, að málið verði tekið út af dagskrá að sinni. Vona jeg, að hv. flm. geti fallist á það, og skal jeg lýsa yfir því, að jeg er fús til að flytja með honum brtt. um friðun kersins, þar sem stangaveiði verði leyfð. Jeg get fallist á, að laxveiðafjelag þetta greiði gjald fyrir, því að ef nauðsynlegt er að friða kerið, þá er rjett, að sá, sem lætur þau hlunnindi í tje, fái endurgjald fyrir. Þar sem nú hagur ríkissjóðs er annarsvegar, en hagur allmargra bænda hinsvegar, þá læt jeg mig minna skifta, hvort gjaldið helst fram yfir næstu prestaskifti eða ekki, þótt mjer finnist það rökrjettara og eðlilegra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er alveg óþarfi að taka málið af dagskrá. Málið liggur mjög ljóst fyrir. Presturinn í Stafholti hefir selt

ker þetta á leigu undanfarið. Nú er borið fram frv. um, að hann leigi það laxveiðafjelaginu gegn árlegu gjaldi, en að leigan verði gefin upp eftir prestsins daga. Mjer finst óþarfi að bera fram brtt. um það, að bæturnar skuli haldast áfram. Þarf ekki annað en að bera 2. brtt. á þskj. 377 upp í tvennu lagi. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort það muni ekki vera tiltækilegt.

Forseti (BSv): Jeg mun skoða 2. brtt. á þskj. 377 sem brtt. í tvennu lagi og bera hana þannig upp.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg gleymdi að geta um brtt. á þskj. 339 viðvíkjandi brtt. á þskj. 377. Þar er gert ráð fyrir, að þeir, sem hingað til hafa veitt lax í ánni, greiði þessar bætur. En verði frv. að lögum, má búast við, að aðrir menn en þeir, sem hingað til hafa veitt lax, njóti þess fyrst og fremst. Brtt. á þskj. 339 hljóðar því um það, að þeir menn taki einnig þátt í greiðslu gjaldsins. Hygg jeg, að frv. muni verða vinsælla, ef sú breyting er á því gerð.

Þá vil jeg svara fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. um það, hvort laxveiðafjelagið sje stofnað eða ekki. Það má nú segja, að það sje bæði stofnað og ekki stofnað. Heima fyrir er það skoðað sem stofnað, en hinsvegar efast jeg um, að það sje svo gengið frá lögum þess og samþyktum, að það geti skoðast „juridisk persóna". Hygg jeg, að það verði að auglýsa fjelagsnafn, stjórn og lög, áður en hægt er að skírskota til þess í löggjöfinni.

Viðvíkjandi þeim ummælum hv. þm. Borgf., að frv. þetta yrði óþarft, ef frv. um fiskiræktarfjelög næði fram að ganga, er það að segja, að fyrst og fremst er ekki vissa fyrir því, að það frv. verði samþ., og í öðru lagi er það ekki fyllilega ljóst, hve langt er hægt að ganga í þeim ákvæðum, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Ekki spillir það heldur að neinu leyti fyrir því frv., þótt þetta frv. verði að lögum. Annars ætla jeg ekki að deila um málið. Það gleður mig, að allir virðast sammála um, að frv. eigi fram að ganga í höfuðdráttum, og skiftir þá minna máli um aukaatriði.

Magnús Guðmundsson: Jeg bygði á því, sem hv. flm. (BÁ) sagði um laxveiðafjelagið í Mýrasýslu, og bjóst við, að það væri stofnað og tekið til starfa, og komu mjer því upplýsingar hans undarlega fyrir sjónir.

Jeg vildi einnig benda hæstv. forsrh. á það, að ekki er nóg að fella niður seinni málslið 2. brtt. á þskj. 377, heldur verður einnig að fella niður orðið „núverandi" í fyrri málslið, og verður að koma með nýja brtt. um það.

Pjetur Ottesen: Það er nú víst viðurkent af öllum nema hv. flm., að í frv. um fiskiræktarfjelög felst heimild til að gera það, sem farið er fram á að gera með þessu frv. Hv. flm. taldi óvíst, að frv. næði fram að ganga. Það hefir þó hingað til þótt spá góðu um framgang mála, er þau hafa farið mótatkvæðislaust til 2. umr. Hv. 1. þm. Skagf. hefir sýnt fram á, að sú skoðun hv. 1. þm. Árn. um að hjer þurfi að setja sjerstök lög, af því að

kirkja eigi í hlut, hafa ekki við rök að styðjast. Í 8. gr. frv. um fiskiræktarfjelög segir svo:

„Kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni þeirra jarða, sem taka þátt í fjelagsskapnum".

Kostnaður sá, er um er að gera í þessu máli, leiðir af klaki og friðun, og er því skýrt ákveðið um bætur í fiskiræktarfjelagafrv. Þarf því engin sjerstök lög um þetta efni. Hinsvegar er sjálfsagt, að bætur þessar haldist, þar sem um opinbera eign er að ræða, þótt prestaskifti verði, eins og sýnt hefir verið fram á í umr.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get leitt þessar umr. hjá mjer að mestu leyti. Jeg skal ekki þrátta við hv. 2. þm. G.-K. um þekkingu hans á laxgöngum og lifnaðarháttum laxins, en gaman hefði jeg af að eiga tal við hann um það efni og fræðast af honum. (**ÓTh:** Fyrir borgun, auðvitað). Jeg býð hv. þm. upp á það, að jeg borgi honum, ef hann veit meira en jeg, en hann mjer, ef jeg veit meira en hann.

Hv. þm. Borgf. dró ekki í efa, að hægt væri að ná þessu marki, ef frv. á þskj. 295 yrði samþ. En hann sagði, að þar sem um opinbera eign væri að ræða, yrðu bætur að haldast áfram til presta, en eftir þessu frv. eiga bæturnar að falla niður, þegar þessi prestur hættir prestskap í Stafholti, sem nú er þar.

Magnús Jónsson: Jeg get fallist á það, sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að ekki þyrfti annað en að fella niður 2. málsgrein í 2. brtt. á þskj. 377, til að ákveða um, að bæturnar skuli haldast. Höfum við í fjelagi borið fram skriflega brtt. um þetta efni. Jeg hefi orðið var við, að önnur brtt. væri á ferðinni, og væri því ef til vill rjettast að taka málið út af dagskrá, svo að hægt væri að prenta till. og útbýta þeim. En annars býst jeg við, að hv. þdm. sje kunnugt um efni þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 505) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 505,I samþ. með 17:5 atkv.
— 377,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 505,II.a samþ. með 18:2 atkv.
— 505,II.b samþ. með 18:1 atkv.
— 434,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 377,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
— 377,3 (ný 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 434,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 377,4 (ný gr., verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 377,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 15:4 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 506, 513, 518).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 518. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg á brtt. á þskj. 513 við 3. gr. frv. á þskj. 506. Er þessi brtt. borin fram vegna þess, að 3. gr. frv. kemur ekki fyllilega heim við gildandi laxveiðilög. Mjer þótti því rjett að samræma þetta, og verður það gert, ef brtt. mín verður samþykt. Vona jeg því, að svo verði gert. Hið sama er og að segja um brtt. á þskj. 518, frá hv. 1. þm. Skagf., sem líka er til bóta frv.

ATKVGR.

Brtt. 513 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 518 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Á 52. fundi í Ed., 20. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 521).

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 521, n. 603).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er hingað komið frá Nd. Þar tók það miklum stakkaskiftum. Upprunalega var ætlast til, að kerið væri tekið eignarnámi til handa laxveiðifjelagi Norðurár. Nú er ekki farið fram á annað í frv. en banna veiði í kerinu, aðra en stangaveiði. Presti skal gjalda bætur fyrir veiðimissinn.

Nefndin hefir athugað frv., og jafnvel þó það geti verið álitamál, hvort taka beri rjettindi undan jörðum ríkisins, þá telur nefndin þó rjett, að frv. nái fram að ganga. Það er einn liður í því starfi þingsins að auka fiskirækt í ám landsins. Að vísu hefði þetta getað beðið eftir fiskiræktarfjelögunum, en þar sem þessi friðun er mikilsverð fyrir laxgönguna í Norðurá, þótti rjett að mæla með því. Frv. fylgdi umsögn frá Pálma náttúrufræðingi Hannessyni, og mælir hann með því, að kerið sje friðað fyrir netaveiði. Álítur hann, að net hindri laxinn í að leita til uppgöngu úr fossi þeim, er Nikulásarker er í.

Fleira þarf jeg ekki að taka fram um málið. Það liggur ljóst fyrir, og vona jeg, að hv. þdm. hafi áttað sig á því og fari eftir tillögum nefndarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er

tekið fram í 2. gr. frv., að fullar bætur eigi að greiða prestinum samkvæmt mati óvilhallra manna. En það er ekkert tekið fram um það, hver eigi að greiða matið. Vanalega á sá að gera það, sem um matið biður, og allshn. vill láta þess getið, að hún ætlist til, að Laxveiðafjelag Norðurár greiði kostnað við matið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

49. Slysatryggingar.

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar (þmfrv., A. 84).

Á 16. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Í engu öðru menningarlandi mun vera eins mikið um slysfarir og hjer. Það hefir leitt til þess, að miklu fyr hafa verið sett hjer lög um slysatryggingar en aðrar greinir almennra trygginga. Fyrst náðu þessi lög aðeins til sjómanna, en 1925 voru sett almenn slysatryggingalög, sem ná til flestra verkamanna við sjávarsíðuna. Það má segja, að þetta sjeu einu tryggingarlögin, sem ná yfir verkalýðinn, því að „almenna ellitryggingin“ svo kallaða má frekar kallast styrkur en trygging. Aðalbreytingin í þessu frv. frá gildandi lögum er sú, að hækka bæturnar allverulega, þannig, að dánarbætur verði 5000 kr., í stað 2000, og örorkubætur 8000 kr., í stað 4000. — Auk þessa eru nokkrar minni breytingar, svo sem að láta lögin ná til allra bifreiðastjóra, en nú eru þeir aðeins trygðir, þegar þeir vinna að upp- og útskipun. Sjest ekki ástæða til að tryggja þá síður, meðan þeir vinna að almennum akstri um bæinn eða í langferðum við að flytja vörur eða fólk, sem sýnist vera alt eins hættulegur. — Þá er og farið fram á, að sá tími styttist, sem menn verða að þola bótalaust, svo að hann verði ekki nema vika, í stað þess að vera mánuður í lögunum.

Þær breytingar, sem hjer er farið fram á að gera, ganga ekki svipað því eins langt og þau lög, sem sett hafa verið um slysatryggingar í nágrannalöndunum, en þó er frv. spor í þá átt að gera ísl. lögin áþekk erlendum. Jeg vænti þess, að hv. deild taki þessu máli vel, og vil jeg fara fram á, að að umræðu lokinni verði því vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 410).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Allshn. hefir gert sameiginlegt álit um frv. Er það þó ekki af því, að allir nefndarmenn líti á það sömu augum, en með því móti að gera á því ýmsar breytingar, hefir fengist samkomulag í nefndinni um að mæla með því. Skal jeg stuttlega geta helstu breytinganna.

Nefndin er sammála um það ákvæði frv., að allir bílstjórar skuli vera tryggingarskyldir, en ekki einungis, eins og nú er, þegar þeir vinna við vöruflutninga að og frá skipum. Samkv. frv. verða þeir tryggingarskyldir, hvort sem þeir hafa með höndum vöruflutninga eða fólksflutninga. Þetta ákvæði er í 1. gr.

Nefndin hefir gert brtt. við 2. og 3. gr. frv. um upphæð bóta vegna slysa eða dauða. Dánarbætur eru samkv. gildandi lögum 2000 kr., og auk þeirra 200 kr. til hvers hjónabandsbarns. Eftir frv. áttu þær að færast upp í 5000 kr. og 500 kr. til barna. Þótti meiri hl. nefndarinnar að vísu nauðsyn bera til að hækka bæturnar, en vildi þó ekki ganga að svo mikilli hækkun sem frv. fór fram á. Varð þó samkomulag um allverulega hækkun, að dánarbætur skyldu færast upp í 3000 kr. og 300 kr. til hvers hjónabandsbarns, en börn utan hjónabands fá 600 kr., í stað 1000 kr. í frv. og 400 kr. í gildandi lögum.

Þá er brtt. um örorkubætur. Þær hafa verið 4000 kr., ef sá, sem fyrir slysinu varð, er ófær til vinnu æfilangt. Í frv. er farið fram á 8000 kr. Nefndin hefir farið bil beggja, milli laganna og frv., og komið sjer saman um 6000 kr. Þá var í frv. farið fram á að stytta þann tíma, sem menn verða að þola meiðsli bótalaus, úr 4 vikum niður í 1 viku. En eftir að hafa leitað álits um þetta atriði hjá stjórn slysatryggingarinnar, leggur nefndin til, að ákvæði laganna standi óbreytt. Taldi stjórn slysatryggingarinnar, að erfitt mundi að hafa eftirlit með, hver meiðsli rjettlátt væri að bæta, ef þeir, sem fyrir þeim yrðu, ættu kröfu til bóta áður en mánuður væri liðinn. Í frv. var lagt til að fella niður þóknun lögreglustjóra og hreppstjóra fyrir innheimtu á iðgjöldum slysatryggingarinnar. Þessi þóknun hefir numið um 8000 kr. árlega samkvæmt reikningum slysatryggingarinnar. Nefndin hefir sömuleiðis leitað álits stjórnar slysatryggingarinnar um þetta, og eftir að hafa fengið það, leggur hún til, að ákvæði laganna sje óbreytt. Telur stj. slysatryggingarinnar sanngjarnt, að innheimtumenn fái þessa þóknun, með því að innheimtan veldur þeim talsverðri fyrirhöfn. Er hún að vísu minst í Reykjavík, en áhættan er aftur á móti meiri hjer í bæ en annarsstaðar.

Þá vil jeg geta þess, að fyrir nefndinni lá erindi frá Fiskifjelagsdeild Dýrafjarðar, og hafði það verið sent hv. þm. V.-Ísf. Þar vestra hefir verið gert mikið að því undanfarið að setja litlar mótorvjelar í róðrarbáta, eins og víðast annarsstaðar við sjóinn. Í erindi þessu er farið fram á það, að þessir bátar njóti sömu kjara og róðrarbátar. Virðist nefndinni aðstaða róðrarbáta og opinna vjelbáta svo svipuð, að sanngjarnt sje, að þeir fái sama styrk úr ríkissjóði til slysatrygginga. En róðrarbátar hafa fengið $^3/_{10}$ iðgjaldsins. Leggur nefndin til, að sömu ákvæði gildi um vjelbáta undir 5 tonnum. En hingað til hefir ríkissjóður aðeins greitt fyrir þá $^2/_{10}$ iðgjaldsins.

Stjórn Slysavarnafjelagsins hefir farið fram á, að sett yrðu ákvæði um, að lögreglustjóra sje skylt að láta fara fram rannsókn í hvert sinn, eftir að slys hefir orðið, ef hann álítur, að það muni veita rjett til bóta. Hefir nefndin fallist á þetta og bætt ákvæði um það

inn í 12. gr. Í þessu sambandi leyfi jeg mjer að benda á það, að af óaðgæslu hafa fallið niður 2 orð í 5. brtt. nefndarinnar. Þar stendur: „Síðasti málsliður 12. gr. laganna orðist svo“, en á að standa: Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo —, og vænti jeg, að þetta verði leiðrjett af skrifstofu Alþingis.

Loks hefir nefndin bætt við nýrri grein um það, að lögin skuli ekki ganga í gildi fyr en 1. jan. 1929. Í frv. var ekkert tekið fram um þetta, og mundu þau því hafa gengið í gildi um mitt sumar, ef ekki væri bætt við þessu ákvæði. En að ýmsu leyti þykir heppilegra, að þau gangi í gildi um áramót, m. a. af því, að um það leyti eru iðgjöldin greidd.

Nú kunna menn að spyrja, hvort breytingar þær, sem jeg hefi nú talað um, muni ekki hafa í för með sjer hækkun iðgjaldanna. Nefndin gerir ráð fyrir því. Að vísu á sjómannatryggingin nú um 300 þús. kr. í sjóði, en það verður tæpast talið nema hæfilegur varasjóður. Iðntryggingin hefir lagt til hliðar ¼ af iðgjöldum sínum þessi 2 ár, sem hún hefir starfað, en það er heldur ekki meira en nefndin álítur hæfilegt. Afleiðing hækkananna verður því óhjákvæmilega sú, að þeir, sem iðgjöldin greiða, en það eru að mestu leyti atvinnurekendur, verði að leggja á sig nokkru þyngri byrðar en áður. En nefndin telur, að ekki verði hjá því komist. Er þó enn fullskamt gengið í því að bæta mönnum örkuml sín og dauða vandamanna sinna, og má því ekki horfa í, þó að eitthvað þurfi á sig að leggja til þess, að það geti orðið.

Jeg skal geta þess, að jeg hefði sjálfur kosið, að hægt hefði verið að ganga lengra í ýmsum atriðum en nefndin hefir sjeð sjer fært. En jeg sætti mig þó við það samkomulag, sem orðið er, og vona, að frv. verði samþ. umræðulaust, úr því að samkomulag fjekst í nefndinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 410,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 410,2.a samþ. með 21 shlj. atkv.

— 410,2.b samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 410,3 (4. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 410,4 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 410,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 410,6 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 491, 497).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 497 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 19. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 509).

Á 53. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 509, n. 567).

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir orðið ásátt um að mæla með þeim breytingum á núgildandi löggjöf, sem í frv. þessu felast, sem eru einkum þær, að hækka örorku- og dánarbætur um 50%. Hinar breytingarnar eru mjög smávægilegar. Nefndin taldi þessari hækkun á slysabótum vera mjög í hóf stilt, en gerir þó ráð fyrir, að þessi hækkun þeirra leiði af sjer einhverja hækkun útgjalda, en til breytinga á þeim þarf ekki lagabreytingu, því að landsstjórnin og sjóðsstjórn geta ávalt ákveðið þau fyrir hvern áhættuflokk. Nefndin taldi, að bætur þær, er nú eru greiddar, væru óviðunanlega lágar, og fanst því ekki í það horfandi, þótt af hækkun þeirra leiddi nokkra íþyngingu fyrir þá atvinnurekendur, er áhættusama atvinnu reka, eins og sjávarútvegsmenn, og ríkissjóð, sem greiðir iðgjöld að nokkrum hluta fyrir smábáta.

ATKVGR.

Brtt. 507 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 595).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 595).

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 648).

---

50. Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (þmfrv., A. 44).

Á 7. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta er 4. löggjafarþingið á 10 árum, sem frv. þetta hefir borið hjer að garði.

Í eitt skifti hefir það átt gestrisni að mæta, en í hin skiftin hefir því verið úthýst. En nú vona jeg, að það mæti þeirri gestrisni hjer, að Alþingi megi sæmd í verða.

Krafan um 8 tíma hvíld á sólarhring fyrir þá, sem vinna á botnvörpuskipum, er jafngömul samtökum sjómanna hjer. Um kröfu þessa hefir mikið verið rætt og ritað, og meðal annars var hún þrautrædd hjer á Alþingi 1921, og þá sá meiri hl. þingsins sjer ekki annað fært en verða við henni og afgreiddi „vökulögin", sem svo hafa verið nefnd. Árangurinn af þeirri lagasetningu varð sá, að útvegsmenn fengu meiri vinnu á skipum sínum og hásetarnir betri líðan.

En hverjir eru það þá, sem gera þessar kröfur? Það er hvorki meira eða minna en kjarninn úr hinum íslenska verkalýð. Flest menn á aldrinum frá 18—35 ára, bændasynir víðsvegar að af landinu og æskumenn úr kaupstöðum landsins. Alt hraustir menn á ljettasta skeiði; samskonar menn og hernaðarþjóðirnar senda á vígvöllinn til þess að berjast fyrir fósturjörðina, eins og það er orðað.

Það kann nú margur að ætla, að þessir menn þyldu flesta vinnu, sem þeim væri boðin. En svo er alls ekki. Þeir þola mikið erfiði, en reynslan er búin að margsýna, að þeir þola ekki til lengdar alt það erfiði, sem á þá er lagt á togurunum. Þeir falla fyrir örlög fram af vosbúð og þreytu, oft eftir tiltölulega stuttan tíma. Um þetta geta læknarnir best borið vitni. Þeir munu ekki þekkja svo fá tilfelli, þar sem hraustir menn hafa fengið ýmsa kvilla, sem orsakast hafa af þreytu og of miklum vökum.

Menn kunna nú að spyrja, hvort löggjafarvaldinu beri skylda til að vernda þessa menn frá ofþjökun af vinnu. Við slíkri spurningu er það að segja, að þingið 1921 hefir svarað henni, þegar það samþykti „vökulögin". Líka má vísa til Englendinga í þessu efni. Þeir hafa t. d. sett lög, sem vernda menn frá of mikilli vinnu í verksmiðjum, um afnám vinnu barna o. fl. o. fl. Var á þeim tímum háð hörð barátta fyrir þeirri rjettarbót. Eins og jeg gat um áðan, hefir gagnsemi laganna frá 1921 fyrir löngu komið í ljós. Fyrst og fremst með því að tryggja sjómennina fyrir ofþjökun í vinnu, því að þau hafa gert það að verkum, að menn þessir hafa getað varðveitt orku sína svo, að þeir hafa getað komið jafngóðir til vinnu sinnar aftur eftir hvíldina. En mest hafa þó útgerðarmennirnir hagnast á þessum lögum, þar sem miklu meira hefir aflast á skip þeirra en áður. Því til sönnunar gæti jeg nefnt mörg dæmi, en þess gerist engin þörf, því að útgerðarmenn viðurkenna þetta sjálfir, og telja meira að segja, að hagurinn af þessari lagasetningu sje miklu meiri en þeir hafi látið sjer detta í hug. Þá hafa og skipstjórarnir næstum undantekningarlaust fallist á nauðsyn þessara laga og viðurkent hagnaðinn af þeim.

Þar sem nú reynslan hefir orðið þessi, að allir aðiljar hafa hagnast af því að lögbjóða 6 tíma hvíld á sólarhring, þá fæ jeg ekki betur sjeð en alt mæli með því að fullnægja hinum upphaflegu kröfum háseta um 8 stunda hvíld á sólarhring, eins og hjer er farið fram á. Því eins og jeg gat um í byrjun máls míns, var hin

upphaflega krafa hásetanna sú, að hvíldartíminn yrði lögleiddur 8 st., enda þótt þeir til samkomulags gengju inn á 6 stundir, af því að þeir bjuggust við, að þá myndi málið frekar komast gegnum þingið, eins og líka raun varð á. En krafan um 8 st. hvíld hefir eigi að síður aldrei fallið niður, og byggist hún meðal annars á því, að reynslan hefir orðið sú, að hinir umræddu 6 tímar ganga ekki nærri allir til svefns, því að oftast er í þeim tíma 1 eða 2 matmálstímar, auk þess sem menn þurfa að þvo sjer, hafa fataskifti eftir að hafa verið holdvotir frá hvirfli til ilja, binda um sár og skeinur, sem ekki er svo óalgengt, að sjómenn fái. Hinn reglulegi hvíldartími verður því oft ekki nema 4—5 tímar, og hljóta allir að sjá, að það er of lítill hvíldartími, þegar stanslaust er unnið í t. d. 14 sólarhringa. Ef hvíldartíminn því yrði 8 stundir, þá ljeti nærri, að mennirnir gætu fengið 6 tíma svefn, og þess þurfa þeir. Líka má taka tillit til þess, að sumir menn geta alls ekki sofnað strax og þeir eru lagstir til hvíldar; liggja oft andvaka 1—2 klst. Til þess eru ýmsar ástæður, sem meðal annars stafa frá taugakerfinu.

Jeg gæti nú búist við, ef þekking væri hjer til andsvara, að komið væri með það, að oft væri hvíld á togurunum fyrir utan hinn ákveðna hvíldartíma, t. d. þegar varpan væri í sjó. En þar til er því að svara, að þetta er nú á tímum orðið öðruvísi en það var áður. Nú eru fiskimenn komnir að þeirri niðurstöðu, að betra sje að hafa vörpuna ekki lengi í sjó, helst ekki lengur en eina klukkustund, og jafnvel skemur. Er þar því ekki um hvíldartíma að ræða.

Jeg get ekki látið vera að minnast lítilsháttar á reynslu annara þjóða í þessum efnum. Eins og kunnugt er, eru það Englendingar, sem við höfum mest lært af hvað togaraveiðarnar snertir. Þeir byrjuðu eins og við með stanslausri vinnu, svo að segja nótt og dag. En mjer er ekki kunnugt um, að nein lög hafi verið sett þar í landi til þess að koma í veg fyrir, að mönnunum væri ofþjakað. Aftur á móti hefi jeg heyrt, að hin tíðu strönd, sem hjer voru áður á enskum togurum, hafi verið talin eiga rót sína að rekja til þreytu og svefnleysis mannanna. Hafi vátryggingarfjelögin því tekið í strenginn og fyrirskipað hvíldartíma á skipunum. Eiga enskir hásetar á botnvörpuskipum því nú orðið heimtingu á í það minsta 4 tíma hvíld á sólarhring, enda þótt sjósókn á enskum togurum sje miklu minni en á íslenskum, því að Englendingar fiska aldrei í eins vondu veðri og Íslendingar og fá þar af leiðandi meiri hvíldir.

Á frönskum, þýskum og belgiskum togurum mun oftast vera 8 stunda svefn. Í þeim löndum er yfirleitt litið svo á, að ofþjökun á vinnuafli sje skaði fyrir framleiðsluna. Þá er ekki úr vegi að minna á Bandaríkjamenn í þessu sambandi. Eins og kunnugt er, er útgerð þar allmjög að aukast, og er hún mest frá borgunum Boston og Halifax. Þar fá sjómenn 8 tíma hvíld á sólarhring. Að vísu veit jeg ekki, hvort það er lögboðinn hvíldartími, en svo er þó víst, að það mun vera föst siðvenja.

Jeg hefi lauslega drepið á þetta til

samanburðar við okkur, svo mönnum verði það ljóst, að aðrar þjóðir eru komnar lengra hvað snertir skilning í þessum efnum en fjöldi manna hjer. Jeg vænti því, að frv. þetta fái góðar viðtökur og hljóti skilning yfirleitt, svo að það fái greiðan gang gegnum þingið, eins og það fyllilega verðskuldar, því að á bak við það standa kröfur fjölda sjómanna, bæði þeirra, sem nú eru á sjó, og annara, sem á landi eru.

Hjeðan ganga 38 togarar, og á þeim kemur til að vinna á vetrarvertíðinni um 800 manns, en á ísfiskveiðum 420. Er því hjer um allstóran hóp að ræða, auk þess, sem við þennan flota bætast skip Hellyers í Hafnarfirði, sem vinna mun á um 100 manns. Að vísu eru þau skip ekki skyldug að hlýða þessum lögum, því að þau ná aðeins til skipa skrásettra á Íslandi, en fiskiskipstjórarnir eru íslenskir og fara eftir lögum þessum sökum gagnsemi þeirra. Sje nú þessi hópur tekinn til viðbótar, þá er hjer um að ræða 900 manns. Jeg verð nú að segja, að það er oft sett tryggingarlöggjöf fyrir minni hóp.

Þá kem jeg að síðustu mótbárunni, sem komið hefir fram áður gegn lagasetningu um þetta efni, og hún er sú, að lagaboð um þetta efni sjeu óþörf, því að um það megi semja. En þar til er því að svara, að jeg tel þau svo mörg deilumálin milli verkamanna og atvinnurekenda, að á þau sje ekki bætandi. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að í samningum mundu mennirnir ekki fá kröfum sínum framgengt, nema með miklu rjettindaafsali. Og kaupið er ekki svo hátt, að síst er á bætandi að verða orsök til þess.

Andstæðingar þessa máls kunna ennfremur að segja sem svo, að óþarfi sje að lögleiða 8 tíma svefn, því að mennirnir hafi nægilegan svefn nú þegar. Þar til hefi jeg því að svara, að á togurunum er yfirleitt óslitin vinnan allan „túrinn“, svo að það er hin mesta ofþjökun á hverjum manni að fá ekki nema 4—5 tíma til svefns á sólarhring. Nú væri sök sjer, ef slíkt kæmi fyrir aðeins einstöku sinnum. En þennan litla svefn verða mennirnir að láta sjer nægja viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og jafnvel ár eftir ár.

Jeg ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni, þar sem mjer eflaust gefst kostur til andsvara. Leyfi jeg mjer að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að umr. lokinni.

Jón Ólafsson: Eins og hv. þdm. er kunnugt, lá þetta mál fyrir síðasta þingi. Þá kom jeg fram með þær upplýsingar og þau rök, sem háttv. þdm. er kunnugt um. Hefi jeg því nú litlu við að bæta og bið velvirðingar á því, ef jeg skyldi endurtaka eitthvað af því, sem jeg áður hefi sagt.

Frá almennu sjónarmiði er það gersamlega fráleitt, að Alþingi ljái lið sitt til þess að draga úr því, að einstaklingurinn fórni kröftum sínum í þágu þjóðarinnar. Ef það ágerist, að hver einstaklingur þykist leggja of mikið fram, þá skil jeg ekki, hvernig sú framsókn, sem hin íslenska þjóð hefir hafið, á að halda áfram, þannig að kynslóð fram af kynslóð skili landinu af sjer í betra horfi en það var, er hún tók við því. Þegar við lítum á þetta, en gleymum um stund 900 manna hópnum, sem hv. flm. benti á, kemur það

þá ekki í bága við þann anda, sem á að ríkja hjá þjóðinni nú og altaf? Ástæðan til þess, að þetta mál er viðsjárvert, er meðal annars sú, að það er byrjunarstigið til þess, að allir þykist gera of mikið og heimti að gera sem minst. Ef þetta mál nær fram að ganga, þá er ekki ugglaust um, að samskonar lagasetning komi á eftir um aðrar greinar atvinnulífsins.

Það er staðreynd, að þess meira sem einstaklingurinn notar af orku sinni sjálfum sjer til nytja, þess betur mun honum farnast. Ef hann gerir ekki þetta, þá dregst hann aftur úr í samkepninni við aðra einstaklinga. Jeg veit, að þetta kemur mjög í bága við skoðanir jafnaðarmanna. Við erum því ekki óvanir að heyra, að menn eigi að gera háar kröfur til hvíldar, en leggja sem allra minst á sig. Ef við nú bygðum land, sem frá upphafi vega væri betur úr garði gert frá náttúrunnar hendi og sem forfeður okkar hefðu skilað af sjer í betra ástandi en raun ber vitni um, þá gætu menn látið sig dreyma um það, að nú mættu þeir hvílast og hætta að strita. En vilji jafnaðarmenn ná því marki, er það ekki byrjunarstigið að vilja sem minst á sig leggja, en lifa við lystisemdir. Jeg er hræddur um, að komandi kynslóðir mundu ekki þakka jafnaðarmönnum hugsun og framkvæmd borgaralegrar skyldu.

Það verður ekki varið, að það er yfirleitt lítil ástæða, og í þessu falli engin, til þess að grípa inn í löggjöf þjóðarinnar um slík mál sem þessi, frekar en gert hefir verið. Hv. flm. vjek að því, að það mundi nú samt sem áður verða til hinnar mestu blessunar fyrir land og þjóð, fyrir útgerðarmenn og háseta. Jeg verð að segja, að jeg hefi af þessu máli aðrar sagnir en hv. flm. Mjer er sagt, að allflest skip sjeu farin að tíðka þann hvíldartíma, sem hv. flm. er að berjast fyrir, nema aðeins í þeim tilfellum, þegar aflinn er svo mikill, að ekki verður hjá því komist, að hver maður leggi fram sitt ítrasta til þess að koma honum undan. Háttv. flm. og hans samherjar vilja ekki skilja, að það er alveg sjálfsagt fyrir alla, sem að framleiðslu vinna, að lána alla krafta sína til þess að bjarga því, sem hægt er að ná. Ef þetta mál á fram að ganga, til viðbótar hinum lögákveðna hvíldartíma, þá er það í óþökk þeirra skipshafna, sem mjög eindregið hafa lagt á móti því, að mönnum verði bætt við á skipum þeirra, þar sem þeirra lífrarhlutur mundi þá minka að mun.

Það er svo um þá, er eiga að þiggja þennan viðbótarhvíldartíma, að þó að þeir hafi viljað þóknast formanni síns fjelags með því að ljá nöfn sín undir þá kröfu, sem hann hjer ber fram, þá hafa þeir lagt blátt bann við því, að fjölgað yrði fólki á skipunum. Þetta hafa þeir minst á við mig, og jeg held, að ekki sje vert að vera beinlínis að þrengja þessum lögum upp á þá. Jeg vil í þessu sambandi minna á hina skynsamlegu ályktun hv. 1. þm. S.-M., sem fram kom í umr. um þetta mál á Alþingi í fyrra. Hann vildi fallast á, að lengdur væri hvíldartíminn og um leið dregið af kaupinu. Þessi atvinnuvegur, sjávarútgerðin, en þó einkum togaraútgerðin, á við hina mestu erfiðleika að stríða. Það er því síst á bætandi og síst vert að gera sjer leik að

því að leggja honum þyngri byrðar á herðar en hann þegar hefir að bera.

Hv. flm. talaði um það af miklum fjálgleik, að þegar lög þau, sem nú gilda, voru sett, þá hefðu heyrst hörmulegar sögur af ástandinu meðal sjómanna á íslenskum togurum. Já, jeg minnist þess, að hafa eitthvað heyrt um það. En jeg hefi fylgst rækilega með ferli íslenskra sjómanna um langan aldur, og mín staðreynd er sú, að engir menn í þjóðfjelaginu, sem stunda líkamlega vinnu, sjeu ólúnari, hraustari og sællegri en einmitt sjómennirnir. Verkamenn þessa bæjar eru til dæmis sannkölluð olnbogabörn í samanburði við sjómennina.

Háttv. flm. sagði, að hina ströngu vinnu á togurunum þyldu ekki nema ungir menn. Þar eiga líka að vera ungir menn, en þó eru þar oft rosknir menn innan um, og hefi jeg ekki orðið þess var, að þeir væru óánægðir með sitt hlutskifti. Maður, sem nú er á sextugsaldri, hafði verið við útveg hjá mjer um 20 ára skeið og hætti síðan að stunda sjómensku. En í haust ræður hann sig á eitthvert erfiðasta skipið. Þegar hann kom aftur í land, spurði jeg hann, hvernig honum hefði liðið. Jú, vinnan var nokkuð erfið, sagði hann, en verst var, að jeg fitnaði alt of mikið!

Jeg held, að jeg geti engu síður borið um heilsufar manna á skipunum en hv. flm. Enda bera reikningar læknanna ár eftir ár með sjer, hvernig það er. Það er ekki heldur nema eðlilegt, að sjómennirnir sjeu líkamlega hraustir, því að þeir eiga við mjög góð skilyrði að búa, bæði um daglegt viðurværi og holla útivinnu. Jeg heyrði ekki betur en að hv. flm. væri mjer þó sammála um það, að í þeim efnum væri mikil bót á orðin frá því, sem við áttum að venjast hjer áður fyr.

Eins og hv. flm. tók fram, hafa útlendar þjóðir ekki enn sjeð sjer fært að lögskipa ákveðinn hvíldartíma á veiðiskipum sínum. Þær hafa sjeð, sem rjett er, að um aflabrögð verða að gilda aðrar reglur en um siglingar. Það er álit allra fiskimanna, sem ekki eru haldnir af líkamlegri værð, að svo eigi fiskimannalífið að vera, að unnið sje af öllum kröftum, meðan afli er, en notið fullrar hvíldar í illviðrum og þegar lítill er afli. Jeg skil ekki heldur, hvernig ætti að koma því við á bátum og skipum sumstaðar hjer við land, til dæmis á mótorbátunum í Vestmannaeyjum og hjer við flóann, að menn leggi lítið á sig. Við skulum segja, að það sjeu 15 fiskidagar í mánuðinum. — Hvernig færi, ef þeir væru ekki notaðir nema að nokkru leyti?

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta mál að svo stöddu. Jeg tel sjálfsagt, að ef þau fríðindi, sem hjer er farið fram á, eiga að veitast einum vissum hóp manna, þá komi fram fleiri kröfur á sínum tíma, sem stefna í sömu átt. Jeg sje yfirleitt ekki fyrir endann á því, sem af þessu kynni að leiða.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg hjelt, að hv. þm. kynni að meta sinn eiginn hag, sem er í því fólginn, að hann tryggi verkamönnum sínum svo mikla hvíld, að sem bestur árangur verði af vinnu þeirra. En það virðist hv. þm. og hans samherjar í þessu máli aldrei hafa skilið.

Hv. þm. leyfir sjer að segja, að þær

kröfur, sem hjer er farið fram á, sjeu ekki sprottnar frá sjómönnunum sjálfum, heldur frá okkur talsmönnum þeirra. Þetta er algerlega rangt, og hlýt jeg þó að játa, að þeir hafa gert alt of litlar kröfur, ef miðað er við það, sem þeir leggja í sölurnar. Enda þótt það sje vitanlegt, að hv. þm., sem er talinn allvel fjáður maður, hefir fengið auð sinn af stríði þessara manna, þá virðist vera óforsvaranlegt að halda því fram, að þeir vilji ekkert á sig leggja. Íslensku sjómennirnir eru einmitt viðurkendir, bæði utanlands og innan, fyrir meiri dugnað en dæmi eru til annarsstaðar. Og það er einmitt þess vegna, að þeir eiga heimtingu á að fá nægilega hvíld. Þeir vinna því betur, sem þeir njóta betri hvíldar.

Háttv. þm. sagði, að sjómönnunum væri þetta ekkert kappsmál, af því að þeir óttuðust mannafjölgun á skipunum og rýrnun lifrarhlutarins. Jeg get upplýst hv. þm. um það, að engar líkur eru til þess, að á saltfiskveiðar þurfi að fjölga mönnum. Þar eru þeir einmitt oft óþarflega margir, og veit jeg meira að segja dæmi þess á hans eigin skipum.

Jeg varð hissa, þegar hv. þm. sagði, að sjómennirnir hefðu látið undirskrift sína fyrst og fremst til þess að þóknast mjer. Jeg þakka hv. þm. fyrir þann heiður, sem hann sýnir mjer, þar sem hann er svo viss um, að sjómennirnir vilji alt fyrir mig gera, en það er um þá eins og svo marga aðra, að þeir líta á sinn eiginn hag í þessu efni. Gamalt máltæki segir: „Sá veit best, hvar skórinn kreppir, sem ber". Það hefir hv. þm. aldrei reynt, og talar hann því meira af hugboði en reynslu. Hv. þm. hefir aldrei unnið sem háseti á íslenskum togara, og, að því er jeg best veit, enginn af framkvæmdarstjórum togarafjelaganna.

Hv. þm. sagði, að togaraútgerðin ætti við svo mikla erfiðleika að stríða, að bættur hvíldartími hásetanna mundi, skildist mjer, koma henni á knje. Jeg býst við, að margir sjeu mjer sammála um, að þetta sje ástæðulaus harmagrátur. T. d. verð jeg að ætla, að síðastl. ár mundi ekki hafa sjeð högg á vatni, þó að kröfum hásetanna hefði verið gegnt.

Jeg veit ekki, hvað hv. þm. meinar, þegar hann segir, að engir vinnandi menn eigi eins gott og sjómenn. Þeir eiga að vísu að fá nægilegt að borða, en kaupgjald þeirra er mjög lítið, í samanburði við það, sem þeir leggja af mörkum í vinnu. Eins og jeg vjek að áðan, eru íslenskir sjómenn einhverjir aflamestu og sjósæknustu fiskimenn í heiminum.

Þá kom háttv. þm. fram með þá ástæðu, að sömu menn ynnu lengi á togurunum, án þess á þeim sæi. En þess munu vera örfá dæmi. Hve margir ætli nú vinni þar af þeim, er byrjuðu fyrir 20 árum? Hv. þm. gat aðeins nefnt eitt dæmi. Sá maður hafði þó ekki unnið óslitið að því, en er óvenjulega þrekmikill maður. Hvar lenda svo þessir menn, þegar þrekið er svo lamað, að þeir þola ekki lengur hina hörðu vinnu á togurunum? Þeir lenda hjer í ruslakistunni — á eyrinni. Þar verða þeir að hanga yfir snöpum. Það eru launin eftir mikið og dýrmætt strit í þágu útgerðarinnar. Háttv. þm. sagði, að sú regla hefði verið komin á áður en vökulögin gengu í gildi, að veita ákveðna hvíld á togurunum.

Skipstjórar margir myndu fúsir til þess að veita næga hvíld, en þeir þora það ekki fyrir útgerðarmönnunum — húsbændum þeirra. Þeir vita, að staða þeirra getur verið í veði. Orðið „reiðarahræðsla“ er líka orðið alþekt hjer, einnig innan skipstjórastjettar útgerðarinnar. Einn skipstjóri sagði, að hann myndi veita 8 tíma hvíld, ef hann þyrði. Hann var sannfærður um, að með því fengist meiri og betri vinna. Þetta mál strandar ekki á skilningi skipstjóranna, heldur á skilningsleysi útgerðarmannanna, sem sjá má á því, að hv. þm., sem hefir verið sjómaður á þilskipum og ætti því að hafa betri skilyrði en margir aðrir útgerðarmenn til að skilja þetta, legst jafnvel á móti málinu.

Hv. sami þm. sagði, að áður hefði verið byrjað að veita hvíld, og nefndi einn skipstjóra, sem fyrstur hefði byrjað á því. En það er ekki rjett. Jeg hefi fylgst vel með í þessu máli síðan 1910. Fyrsti maður, sem byrjaði á því, var Jón Jóhannsson skipstjóri, sem var á skipi, er Elías Stefánsson hafði á leigu. Hann ljet sína menn fá minst 4 stunda svefn í sólarhring, þegar mestur fiskur var. En þetta stóð ekki lengi, vegna ótta við útgerðarmenn.

Þá vildi sami háttv. þm. halda því fram, að hjer væri aðeins um byrjun að ræða, sem óvíst væri, hvar endaði. En með smærri útveginn er alt öðru máli að gegna, og er því ekki sambærilegt. Mótorbátarnir t. d. í Vestmannaeyjum fara á sjó að morgni, eða jafnvel að nóttu, og koma að síðari hluta dags. Þeir eru því jafnan heima og hvílast part af sólarhringnum. Auk þess verða hvíldardagar fleiri, þar sem þeir eru meira háðir veðráttu en togararnir, sem fiska oft, þótt mótorbátar sjeu í landi vegna veðurs. Á togurunum er það nú svo, að hásetarnir vinna þar sömu vinnuna dag eftir dag og ár eftir ár. Einhæfni vinnunnar gerir þá óþolnari heldur en ef um fjölþættari vinnu væri að ræða. Þetta gerir það að verkum, að hvíldartíminn þarf að vera lengri, svo kröftum mannanna sje ekki ofboðið. Þetta er líka orðið viðurkent t. d. í verksmiðjum.

Mjer kæmi ekki á óvart, þó síðar kæmi fram krafa um lengri hvíld en þetta. Þeim er nauðsynlegt að hvílast, sem eiga að starfa vel. — Jeg hefi ekki fleirum að svara og skal því hætta að sinni.

Jón Ólafsson: Jeg hefi mótmælt því, að þörf væri á lögum um þetta efni, enda var svo, að áður en þau gengu í gildi, var svipaður hvíldartími og sá, er lögin ákveða, orðinn venja. Lögin hafa því ekkert gagn gert. Það liggur líka í augum uppi, að svo mikið samstarf og skilningur hlýtur að vera milli skipstjóra og háseta, að skipverjum myndi ekki misboðið, þó vel væri unnið með köflum. Ástandið er nú það, að nauðsyn atvinnuvegarins heimtar það, að vel sje unnið, þegar færi býðst, og að hver og einn leggi sig þá fram af fremsta megni. Svo hefir það verið frá upphafi vega sinna, og er öllum fyrir bestu. Lögin um þetta efni má því segja, að hafi verið meinlaus, en ekkert gagn gert.

En svo kom aðalatriðið. Hann hjelt, að jeg hefði, eða gæti, auðgast á þessu. Þar sprakk nú blaðran. En jeg get fullvissað hann um, að jeg hefi ekki grætt neinn auð á þessum mönnum. En jeg hefi frá því fyrsta átt minn þátt í

að skapa þennan atvinnuveg. Það er því tilgangslaust að slá því fram. En ræða hv. 4. þm. Reykv. bendir einmitt til þess, að hann hafi sjálfur borið of mikið úr býtum frá þessari stjett. Hv. þm. segist sjálfur hafa verið á togara, og þykist því vera dómbær í þessu máli. En það er nú eins og það er virt. Ef menn leggja sig aðeins eftir einni hlið málsins, t. d. að þeirri hlið að eiga sem hægast og fá sem mesta hvíld, þá er ekki víst, að þeir verði dómbærari en aðrir um starfið, nje þekkingin komi að tilætluðum notum.

Þá talaði hann um, að jeg væri með harmagrát fyrir hönd útgerðarmanna. Jeg mun nú oftast hafa borið með rósemd erfiðleika þá, sem útgerðinni hafa fylgt á liðnum árum. En jeg vil benda honum á það, að hin tíðu eigendaskifti og afföllin, sem hafa orðið á framlögðu hlutafje, tala sínu máli um það, að útgerðin hefir ekki ávalt verið rekin með hagnaði. Um það er nú máske ekki svo mikið að segja, þótt framlagt fje hafi tapast. Það hefir þá t. d. gengið til greiðslu á of háu kaupi og verkamenn þá notið þess, þótt þeir ættu vitanlega enga heimtingu á því fje, sem Pjetur og Páll hafa lagt í útgerðina.

Þá var það um manninn, sem jeg tók sem dæmi um endingu manna. Áður en hann varð háseti á togara, hafði hann um mörg ár verið á þilskipi. En á þilskipunum lögðu þeir menn miklu meira á sig, sem nokkurt kapp var í.

Þótt þeir menn, sem byrjuðu að vinna á togurunum fyrir 20 árum, sjeu margir horfnir frá því starfi, þá er það, sem betur fer, í mörgum tilfellum svo, að þeir menn, sem farið hafa vel með sitt aflafje, eru orðnir svo vel efnalega sjálfstæðir, að þeir þurfa ekki lengur að vinna harðari vinnu. Þeir hafa hjálpað til að byggja bæinn og vinna nú að hinni og annari ljettari vinnu hjer í bænum, sem þeir lifa af, ásamt eignum sínum.

Það er að vísu satt, að togararnir eru oft 13—14 daga úti í hverjum túr. En þar með er ekki sagt, að hver túr gefi svo marga vinnufæra daga. Venjan mun vera sú, að í slíkum túr sjeu ekki nema 9—10 fiskidagar. Og ef meðaltalið væri tekið, þá hygg jeg, að fiskidagarnir mundu ekki vera meira en 9, jafnvel færri, af hverjum 14 dögum.

Þá talaði sami hv. þm. um heilbrigði mannlegs líkama og að honum þyrfti að hlífa. Það er nú sjálfsagt gott, að slíta honum ekki um skör fram. En þegar hugsunarhátturinn verður sá, að hlífa honum sem mest, þá verður heldur ekki mikið gert. Atorkumennirnir um land alt, sem lifað hafa heilbrigðustu lífi, hafa ekki sparað líkama sinn. Jeg vona, að þó ýmsum þyki þægilegt að prjedika um hægðina, þá finnist hjer enginn akur fyrir það sæði, sem felst í frv. þessu.

Haraldur Guðmundsson: Það var eins og hv. 3. þm. Reykv. væri þungt í skapi í ræðu sinni, því hann sagðist ekki sjá fyrir endann á afleiðingum þessara laga. Jeg veit þó ekki, af hverju það er, því jeg sje ekki, að ræða hans gefi ástæðu til þess, nema þá að það sje út af þessum aldraða manni, er hann gat um, að hlaupið hefði í spik hjá þeim. Jeg vona samt, að hann þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að svo fari um marga háseta, og að honum sje óhætt að sofa rólega fyrir því.

Á frv. því, er hjer liggur fyrir, eru tvær hliðar. Önnur, sem snýr að sjómönnunum, en hin að útgerðarmönnunum, sú fjárhagslega. Á flotanum eru nú yfirleitt ungir og hraustir menn, enda gömlum mönnum og óhraustum ekki fært að vinna þar. Hjá öðrum þjóðum er barist fyrir og víða lögleiddur 8 stunda vinnudagur. En hjer er barist á móti því, að viss stjett manna fái 8 tíma hvíld. Svo mjög eru menn aftur úr hjer. En gera ekki flestar eða allar aðrar stjettir hjer meiri kröfur til lífsins gæða heldur en sjómennirnir? Það er fróðlegt að spyrja hv. 3. þm. Reykv. að því.

Þá er hin hliðin, sem snýr að útgerðinni. Því var óspart haldið fram, þegar togaravökulögin, sem nú gilda, voru á ferðinni, að útgerðinni væri sýnt fjárhagslegt banatilræði með þeim og stefnt í hreinasta voða. En nú hefir skift um, því nú telur hv. 3. þm. Reykv., að þau sjeu meinlaus. Hitt mun þó sanni nær, enda viðurkent af flestum, að útgerðarmenn hafa haft beinan fjárhagslegan hagnað af lögunum. Nú er aftur risið upp, þegar talað er um 8 stunda hvíld, og sömu ástæður færðar fram gegn henni. En jeg hygg, að sú spá mín rætist, að þegar frv. þetta er orðið að lögum, þá muni lækka öldur þær, sem nú rísa gegn frv., og útgerðarmenn sjá, að þeir hafi hag af því, ekki síður en hinum eldri lögum. Og hvað fjárhagsútkomu útgerðarinnar snertir, þá hygg jeg, að ekki myndi skaða, þótt heimtuð væri meiri hagsýni af útgerðarmönnum en þeir hingað til hafa sýnt.

Ríkið hefir rjett til þess að líta eftir því, að mönnum sje ekki ofboðið svo með erfiðri eða óhollri vinnu og næturvökum, að þeir sjeu gerðir að aumingjum eða heilsa þeir sett í beina hættu.

Frá mínum bæjardyrum sjeð er þetta frv. sjálfsögð sanngirniskrafa.

Jón Ólafsson: Það var leiðinlegt að ræða hv. þm. Ísaf. kom ekki fram fyr en jeg var dauður. Að vísu er ekki miklu að svara þeirri ræðu, því að það var eins og hv. þm. hefði ekki hugmynd um, að neins þyrfti að gæta nema að hafa nógan hvíldartíma. Það er hans áhugamál. En svo fór hann að rangfæra orð mín. Þar sem jeg sagði, að jeg sæi ekki fram úr því, sem á eftir kynni að fara, þá átti jeg við margt, t. d. sölu á sjávarafurðum o. fl. Sami hv. þm. mintist á það, að takmarkaður væri vinnutími í verksmiðjum. En þar er ólíku saman jafnað, því þar er um innivinnu að ræða, sem oft er óholl. En þetta er útivinna. Auk þess fá hásetarnir miklu meira en 6 tíma svefn til jafnaðar. Það er og hefir verið venja sjómannsins að vaka með köflum og sofa mikið á milli. Óstöðugleiki tíðarinnar gerir það nauðsynlegt.

Það eru ekki sjómennirnir sjálfir, sem heimta meira eftirlit, heldur eru það aðrir, sem eru að ala upp í þeim þennan anda.

Hvað fjárhagshliðinni viðvíkur, þá er það ofureinfalt reikningsdæmi, hverju þarf við að bæta, ef starfstíminn er styttur um tvo tíma og gengið er út frá því, sem þeir halda fram, að nú sje þörf fyrir alla þá krafta, er þeir hafa. Þá leiðir af sjálfu sjer, að fjölga verður mönnum. En jeg verð að segja það, að ef sjómenn hafa 6 tíma

skyldusvefn, þá hafa þeir að jafnaði miklu lengri svefntíma yfir hverja ferð.

Já, það var ekki nema stutt aths., sem jeg mátti gera. Hvað snertir þá fjármálalegu hagsýni, þá er auðvitað víða þörf á henni, en það er aðeins eftir að vita, hvert á að snúa sjer til umbóta í því efni, á hvaða sviði sem um er að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 180 og 263).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Frv. þetta hefir nú legið alllengi hjá sjútvn., eins og sjá má á nál. okkar meiri hl., sem dagsett er 14. febr., en hv. minni hl. skilar ekki áliti sínu fyr en nú fyrir fjórum dögum.

Eins og nál. á þskj. 180 ber með sjer, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, enda telur meiri hl., að hjer sje um svo sjálfsagða rjettarbót að ræða, að móti henni verði ekki staðið.

Með lögunum frá 1921 um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum hefir það sýnt sig, að sú rjettarbót, sem þá var upp tekin, hefir komið að allgóðu haldi, ekki aðeins fyrir hásetana sjálfa, heldur og líka fyrir útgerðarmenn. Meiri hl. er það fyllilega ljóst, að 18 stunda vinnutíminn nú er of langur og telur fulla þörf á að lögbjóða 8 stunda hvíldartíma á þessum skipum. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að þau andmæli, sem komið hafa fram gegn frumvarpinu, sjeu harla veigalítil; það eru hin sömu andmæli og 1921 og sama rökfærsla af hendi sjómanna nú sem þá, og þar sem Alþingi bar giftu til að taka umsögn sjómanna trúanlega 1921, vænti jeg fyrir þeirra hönd, að svo muni enn fara. Meiri hl. lítur svo á, að kröfur sjómanna um aukinn hvíldartíma á botnvörpuskipum sjeu þannig vaxnar, að Alþingi beri skylda til að taka þær til greina. Þetta er í stuttu máli það, sem jeg hefi að segja fyrir hönd okkar þriggja, sem skrifað höfum undir nál. á þskj. 180.

Þó vil jeg ekki skilja svo við þetta mál, að jeg segi ekki dálítið fleira, og verður það þá aðallega um álit hv. minni hl. Hann hefir skilað alllöngu nál., eins og þskj. 263 ber með sjer, enda haft langan tíma til afgreiðslu málsins, eins og jeg drap á í upphafi ræðu minnar. En það verð jeg að segja, að hissa varð jeg, þegar jeg sá þetta nál., sem jeg hygg, að sje skrifað og samið af hv. 2. þm. G.-K., því að frá hans hendi hafði jeg þó búist við, að flutt mundu þau rök gegn frv., sem ekki yrðu á augnabliki tætt í sundur eins og fífukveikur.

Jeg skal þá byrja á að svara nokkru af staðleysum þeim, sem í nál. standa. Þar segir meðal annars: „Það er alkunna, að útgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög varhugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga". Þetta er nú eitt af rökunum, sem tilfærð voru í fyrra gegn sama frv. þá, og nú endurprentuð í

nál. Það liggja nú náttúrlega engar skýrslur fyrir um þetta nje önnur gögn, er sanni nokkuð í þessu efni, enda býst jeg við, að hvorki hv. 2. þm. G.-K. nje aðrir úr hans flokki komi með þær skýrslur, sem nokkuð sje byggjandi á. En jeg ætla aðeins í þessu sambandi að benda á skýrslu, sem nýlega er birt í „Ægi" um þann hluta veiðitímans, sem ísfiskveiðar eru stundaðar. Í þeirri skýrslu er sagt, að ísl. togarar hafi á síðustu vertíð farið 159 ferðir til Bretlands og selt fyrir 1144 sterlingspund að meðaltali í hverri ferð. Nú hefi jeg fengið upplýsingar um, frá mjög kunnugum mönnum, að á yfirstandandi tímum, með því verði, sem ætla má, að hver ferð kosti, þá muni yfirleitt fullreiknað, að hver ferð kosti um 800 sterlingspund, en það er í ísl. mynt 17200 kr. og ágóðinn þá af hverri ferð 7620 kr. Þó skal jeg geta þess um leið, að þetta er ekki nema nokkur hluti veiðitímans, sem að jafnaði nær yfir helming ársins. Um saltfiskveiðarnar hafa menn ekki neitt ábyggilegt til þess að festa hendur á nema lifrarfötin. En það vita allir, að árið 1927 var eitt með allra bestu aflaárum, sem komið hafa lengi, og verðið, sem fjekst fyrir fiskinn, hækkandi eftir því sem á árið leið. Af þessu þykist jeg mega draga þá ályktun, að togaraútgerðin standi ekki jafnhöllum fæti og látið er í veðri vaka í nál. minni hl.

Þá vill hv. minni hl. halda því fram, að aukinn hvíldartími heimti fleiri menn til vinnu á skipin, en þetta stefni að því að koma togaraútgerðinni á knje. En það hefir verið margsýnt og sannað, bæði fyr og síðar, að þessi rökfærsla hans hefir við lítið að styðjast. Aukinn hvíldartími heimtar alls ekki fleiri menn en áður, t. d. á saltfiskveiðum. Skipshöfnin á togurum á saltfiskveiðum er um 30 manns að meðaltali. Að vísu segir í nál. minni hl., að mennirnir sjeu 32, og kann svo að vera á einstaka skipum, en þá færri á öðrum, svo að meðaltalið verður um 30 menn, og þannig er það nú.

Í nál. minni hl. segir, að lögin nái til 32 manna og að vinnustyttingin á dag jafngildi 4 manna vinnu, sem þá yrði að auka við. En þetta er kórvilla, eins og nú skal sýnt.

Nú ganga frá tveir vjelstjórar, 2 kyndarar, 2 matsveinar, loftskeytamaður, skipstjóri og í mörgum tilfellum stýrimaðurinn, en þetta eru samtals 9 menn, svo að eftir eru þá aðeins 21 maður, sem segja má um, að lögin nái til. Vökuskiftin verða því þau, að með þrískiftri vöku verða 15 menn í einu á verði, en með fjórskiftri vöku 14 menn, svo að þarna gæti þá verið um einn mann að ræða, sem bæta þyrfti við vegna hvíldaraukans.

Nú höfum við haldið því fram, að með hvíldaraukanum verði afkastað meiri vinnu þann tíma, sem unnið er, ef unnið er tveimur tímum skemur. Virðist flestum, sem sanngjarnlega líta á það mál, að 16 tíma óslitin vinna sje nægilega langur tími, ef menn eiga að vinna með fullu fjöri, og betur muni unnið á 16 en 18 tímum. Það er því argasta fjarstæða að segja, að aukinn hvíldartími þýði sama sem fjölgun manna, og ekki borið fram til annars en að villa ókunnugum mönnum sýn.

Þá segir sami hv. þm., hv. 2. þm. G.-K., — því að honum verð jeg að eigna nál. minni hl. —, að hvíldar-

aukinn þýði kauplækkun háseta; en hjer getur ekki verið um neina kauplækkun að ræða, aðra en þá, sem kæmi fram í því, ef lifrarpeningarnir skiftust milli fleiri manna en nú. En þá er aðgætandi, að togararnir eru yfirleitt svo mannaðir nú, að ekki er leyfilegt að bæta á þá fleiri mönnum samkv. því fólksrými, er þeir hafa.

Þá verð jeg að víkja lítilsháttar að ísfiskiveiðunum, en þær standa vanalega yfir um 6—7 mánuði. Nú á tveim síðustu árunum hefir skipshafnarfjöldi togaranna á ísfiskveiðum verið um 19—20 menn, sem þýðir, að þann tíma eru það 13 menn, sem lögin ná til. Þar eru það þá 8 menn, sem eru við vinnu með þrískiftri vöku, en á fjórskiftri 9 menn, og ber það að sama brunni og með saltfiskveiðarnar, að hvíldaraukinn gæti aldrei kostað nema einn mann í viðbót þann tíma, sem veitt er í ís, svo jafnmiklu yrði afkastað og áður. En nú vil jeg minna á, að öll sú sparsemi, sem fram hefir komið hjá útgerðarmönnum, hefir verið sú, að reyna að fækka mönnum á ísfiskveiðum, og þess vegna hefir vinnan verið svo hörð og síst betri en þann tímann, sem veitt er í salt. Það þarf fleira að vinna en að fara innan í fisk og láta hann niður í lest. Menn eru látnir setja saman net og útbúa nýjar vörpur, stanga saman víra o. s. frv., gera við veiðarfæri, bæta net o. fl. Við þetta er meiri vinna á ísl. skipum en alment gerist á útlendum. Þetta er ekki besta vinnan. Síðan hvíldartíminn var aukinn og ekkert var handa mönnum að gera þann tíma, sem menn eiga að vera á verði, eru þeir látnir fara að hirða karfa og þess háttar. Sjerstaklega var rætt um þetta atriði við síðustu samninga milli háseta og útgerðarmanna.

Þá segir í nál., að það sje óbærilegt fyrir útgerðina að borga þessum 4 mönnum — en sem jeg hefi sannað, að ekki er nema 1 maður — 1200 krónur á mánuði, sem honum reiknast til, að aukning hvíldartímans muni kosta. Við athugun á því, hvaða kaup þeir menn hafa, sem ísfisksveiðar stunda, þá kemur annað út. Það mun láta nærri, að veiðitíminn sje sex mánuðir og kaup hvers manns 197 kr. á mánuði, eða 1182 kr. yfir allan tímann, en þar við bætast fæðispeningar, sem reikna má kr. 2,50 á dag, þ. e. 75 kr. á mánuði eða 450 kr. yfir tímann. Það, sem hver maður kostar útgerðina í þessa sex mánuði, eru 1632 kr. Væri nú bætt einum manni við, má segja það, samanborið við dæmið, sem jeg tók áðan um hagnað útgerðarinnar af ísfisksveiðum, að það sje ekki nema örlítið brot af þeim mikla hagnaði, er gengi til þess að launa einn mann. Þess vegna skil jeg ekki, að háttv. 2. þm. G.-K. geti með neinum rökum haldið því fram, að hvíldarauki sá, sem hjer er um að ræða, muni koma útgerðinni á knje, enda sjest það betur, þegar nál. hans er lesið ofan í kjölinn, að honum virðist erfitt að færa full rök fyrir þessu. Hann viðurkennir óbeinlínis, að hvíldaraukinn sje nauðsynlegur, þótt hann hinsvegar telji fara betur á því að halda því gagnstæða fram.

Annars ætla jeg í þessu sambandi að segja frá smásögu, sem mjer hefir verið sögð eftir góðum heimildum. Það var einhverju sinni nú fyrir skömmu,

að hv. 2. þm. G.-K. gerði sjer ferð um borð í eitt af skipum sínum til þess að komast eftir því hjá hásetum, hvað þeir segðu um 18 stunda vinnutímann. Sagan segir, að þegar hann hafi komið út í skipið, hafi hann hitt tvo unga menn og spurt þá um álit þeirra í þessu efni. Og það stóð ekki á svörum þessara ungu manna. Þeir svöruðu skýrt og ákveðið, að á skipunum væri ekki verandi nema hvíldartíminn sje aukinn. Og sömu svör mundi hann fá annarsstaðar, ef hann hjeldi áfram að spyrja hásetana.

Annars er það vitanlegt, að andúðin gegn auknum hvíldartíma er ekki síður komin frá togaraskipstjórunum en útgerðarstjórum. Það er vegna stærilætis skipstjóranna, að þeir þola ekki, að verið sje að blanda sjer í þessi mál. Þeir eru vinnuharðir, sumir hverjir að minsta kosti, en vilja ekki kannast við það, að vinnutíminn sje of langur, þrátt fyrir það, þó að það sje margbúið að sýna sig, að 6 stunda lögboðinn hvíldartími hafi orðið til mikilla bóta; en það viðurkenna þeir allir nú orðið. Margt bendir til þess, að varhugavert sje að fara eftir till. þeirra í þessu efni. Á bak við tillögur þeirra standa ýms öfl; vil jeg því ekki skoða þá dómbærustu mennina um þetta mál.

Þá kem jeg nú að þessari gömlu fjarstæðu, er ennþá stingur upp höfðinu í nál. háttv. 2. þm. G.-K., að farið hafi verið að beita þessum 6 stunda hvíldartíma áður en vökulögin 1921 gengu í gildi. En sannleikurinn er sá, að fyrir 1921 þektust aðeins örfá dæmi, þar sem einstaka skipstjóri leyfði mönnum að hvílast eftir 30 stunda óslitna harða vöku og strit, og finst mjer slíkt á engan veg þakkarvert.

Þá er mikið gert úr því, að frátafir sjeu miklar vegna óveðra og annara atvika, og slíkt skapi aukinn hvíldartíma fyrir háseta. En óþarft er að gera mikið úr því. Jeg skal að vísu játa, að í janúar- og febrúarmánuði nú undanfarið hafa verið óvenjumiklir stormar og aflatregða, en þá leggja menn minna kapp á að halda fast úti við veiðarnar heldur en ef um góð aflabrögð er að ræða. Slíkt getur komið fyrir, en enginn má ætla, að sú hvíld, sem mönnum kann að hlotnast á þann hátt, geri þá nokkru hæfari til að þola harða 18 tíma vinnu í sólarhring, þegar stórviðri linnir og aflabrögð aukast. Annars eru þessar hvíldir fremur fátíðar orðnar, og sjerstaklega á saltfisksveiðum. Um hvíldir þær, sem skipverjar fá á ísfisksveiðum, hafi jeg rætt við 1. umr. málsins. En samkv. því, sem jeg hefi upplýst áður, þá skiftir það litlu máli, þótt einum manni sje fjölgað við ísfisksveiðar; það er einungis eins og dropi í hafinu, miðað við annan útgerðarkostnað.

Hv. 2. þm. G.-K. hneykslast á því, hve nál. meiri hl. er stutt og að í því sjeu engar upplýsingar um afstöðu sjómannanna til þessa máls. Jeg skil þetta ekki, vegna þess að það er vitanlegt, að afstaða sjómanna til málsins er alveg hin sama og í fyrra. En þá lágu fyrir undirskriftir á sjötta hundrað sjómanna, og það er alveg víst, að þeirra afstaða er óbreytt enn þann dag í dag. Þeir menn, sem á sjó eru mestan hluta ársins, hugsa yfirleitt ekki mikið um landsmál, en flestir sjómenn, sem jeg hefi hitt, hafa ein-

mitt sjerstaklega spurt mig um þetta mál. Og jeg hygg, að það sje óhætt að fullyrða, að það sje vakandi áhugi meðal allra sjómanna fyrir þessu máli.

Það má vel vera, að jeg hafi gleymt að hrekja öll þau atriði, sem hv. andstæðingar þessa máls hafa tínt til máli sínu til sönnunar, en jeg get geymt mjer það til 3. umr. Jeg hygg, að þetta mál liggi mjög ljóst fyrir. Útgerðin er nú rekin eins og verksmiðja alt árið um kring, þegar unt er. Þegar fiskur bregst, þá er gripið til síldveiða. Á síldveiðum er ekki lögfestur hvíldartími, og ber öllum saman um, að verri þrældóms en viðgekst við síldveiðarnar í sumar, sjerstaklega á skipum Kveldúlfs, viti þeir ekki dæmi. Því að það mun hafa verið aðeins undantekning, ef hásetar hafa fengið meira en 4 tíma hvíld á sólarhring, meðan björt nótt var í sumar. En það liggur ekki fyrir nú að lögfesta hvíldartíma við síldveiðar.

Jeg hefi nú sýnt fram á það, að hjer er um sjálfsagða rjettarvernd að ræða og að það er beinn hagur útgerðarmönnum, að sjómenn slitni ekki svo út, að þeir verði að hætta starfi sínu fyrir örlög fram. Og það er að komast inn í meðvitund manna, að það beri að vernda mannsorkuna og megi ekki líta á mannslíkamann sem vjel, sem fara megi með eins og hverjum líkar og ofbjóða með látlausri vinnu. Þessi krafa er nú orðin mjög hávær, og það er sannað, að hún er öllum til góðs, bæði þeim, sem vinna á skipunum, og útgerðarmönnum sjálfum engu síður.

Jeg get svo látið þetta nægja og lofað hv. frsm. minni hl. að komast að í bili.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Minni hl. hefir gert allítarlega grein fyrir skoðun sinni á þessu máli í nál. á þskj. 263. Við minnihlutamenn höldum því fram, að hagur útgerðarinnar standi ekki með þeim blóma, að rjett sje að leggja á hana kvaðir að nauðsynjalausu. Við drepum á það í nál. okkar, að þótt 8 st. hvíldartíminn sje lögfestur, þá muni starfsorka manna ekki hagnýtast betur en verið hefir. Og við höfum leyft okkur að halda því fram, að lítil þörf sje á því að lögfesta þennan hvíldarauka. Við vitum, að vinna sjómannanna er oft erfið, en menn verða að virða okkur það til vorkunnar, að við í þessu máli förum eftir svörum þeirra sjómanna, sem við höfum spurt um málið. Jeg hefi átt tal við ýmsa sjómenn, er við lögin hafa búið, og spurt þá um álit þeirra á þessu máli. Og sú rannsókn hefir orðið til þess, að jeg álít, að ekki eigi að lögfesta þennan hvíldarauka. Sumir þessara manna álíta hvíldaraukann nauðsynlegan, aðrir álíta hann aðeins æskilegan, og enn aðrir álíta hann hvorki nauðsynlegan nje æskilegan. Af þessu get jeg ekki dregið aðra ályktun en þá, að hvíldaraukinn sje ekki nauðsynlegur. Jeg hygg, að það sje rjett, sem sagt er í nál. minni hl., að hvaða stjett sem er mundi hafa svarað sömu spurningu á svipaðan hátt. Hitt játa jeg, að sjómannastjettinni er meiri þörf á aukinni hvíld en nokkurri annari stjett. En það er alls ekki sönnun fyrir þörf á *lögfestum* hvíldarauka.

Við höfum sýnt fram á það í nál. minni hl., að á saltfiskveiðum njóta sjómenn miklu lengri hvíldar en 6 tíma á sólarhring að meðaltali. Þá eru altaf miklar frátafir sökum óveðurs, og má

nefna það dæmi, sem hv. frsm. meiri hl. drap á, að frátafir hafa orðið svo miklar undanfarna mánuði, að togararnir hafa að jafnaði ekki verið að veiðum nema annanhvern dag. Auk þess fá sjómenn altaf einhverja hvíld meðan skipin sigla í og úr höfn, en til þess fara frá 20 klst. upp í 3 sólarhringa. Og ennfremur eiga sjómenn algert frí, meðan skipin eru fermd og affermd.

Svona er ástatt um háannatímann, en á öðrum tímum árs er miklu minni þörf á auknum lögfestum hvíldartíma.

Á ísfiskveiðum er það svo, að hægt er að fylla skip á 4 dögum án þess að hinn lögfesti hvíldartími sje skertur. En hitt er tíðast, að sökum gæftaleysis og aflatregðu ganga til þess 10—14 dagar, og er þá auðsjeð, að þá er hvíldartíminn að meðaltali meiri en 6 tímar á sólarhring.

Ferðin til Englands tekur kringum 14 daga, og er þá hvílst í 16 tíma, en unnið í 8. Ennfremur má geta þess, að meðan skipin sigla milli landa, fær nokkur hluti skipshafnar landvistarleyfi, en heldur þó fullu kaupi. Það er því síst ástæða til þess að æskja lögfests hvíldarauka á ísfisksveiðum.

Það er rjett hjá háttv. 4. þm. Reykv., að jeg hefi skrifað nál. minni hl. Jeg hefi haldið því fram, að á botnvörpuskipunum vinni *alt að* 32 menn, er lög þessi ná til. Af því leiðir, að þeir eru ekki fleiri, og stundum færri. Hv. þm. er formaður Sjómannafjelags Reykjavíkur og ætti að vera kunnugt, að skipin eru misjöfn að stærð og mannfjöldi misjafn um borð. Jeg held, að menn-irnir sjeu *alt að* 32; getur munað um 1—2 menn, en ekki fleiri. Það er augljóst, að ef stytta á vinnutíma hjá hverjum um 2 tíma á dag, þá á að margfalda þá tölu með 32, til þess að sjá, hve vinnustundirnar verða færri á hverjum degi. Það verða 64. Ef hver maður vinnur 16 tíma á dag, þá þarf 4 menn til þess að leysa sama verk af hendi.

Á saltfisksveiðum yrði því að fjölga um 4 menn, ef það væri hægt af öðrum ástæðum. Háttv. frsm. meiri hl. taldi það fjarstæðu, að fjölga þyrfti mönnum. Um það vil jeg vísa honum til háttv. 2. þm. Reykv. Hann gat þess í framsöguræðu sinni fyrir þessu sama máli í fyrra, að fjölga þyrfti um 2 eða 3 menn á vertíð. Þeir mega nú deila um, hvor hafi rjettara fyrir sjer, en þó hygg jeg, að hv. 2. þm. Reykv. fari þar nær sanni.

Broslegt var það, þegar hv. frsm. meiri hl. reyndi að hrekja útreikning okkar minnihlutamanna á þeim kostnaði, sem leiddi af hinum lögfesta hvíldarauka. Jeg staðhæfi, að kostnaðurinn við fjölgun 4 manna á saltfisksveiðum verði um 1200 kr. á mánuði. Menn hafa um 200 kr. í kaup á mánuði, sumir meira; auk þess borgar útgerðin fæði þeirra, um 100 kr. á mánuði fyrir hvern. Þannig er kostnaður útgerðarinnar á hvern mann um 300 kr. á mánuði. En 4 × 300 kr. eru 1200 kr. Annað er þó verra. Það er það, að ekki er hægt að fjölga mönnum á skipunum frá því, sem nú er, sökum rúmleysis. En af því leiðir, að aflabrögð verða minni. Mun ekki of í lagt, þótt talið sje, að það tjón, sem af því sprettur, muni nema tvöföldu eða þreföldu kaupi umræddra manna.

Jeg hefi nú — og reyndar mjög oft áður — leitt mjög sterk rök að því, að hinn lögfesti hvíldarauki verði út-

gerðinni mikill baggi. En hitt hefi jeg aldrei sagt, að hann mundi koma henni á knje.

Jeg játa, að þessi sjett, sem kannske er duglegasta stjett landsins, á við langa og stranga vinnu að búa. En af því leiðir ekki, að lögfesta þurfi fyrir hana aukinn hvíldartíma. Annars vil jeg benda hv. frsm. meiri hl. á það sem formanni Sjómannafjelags Reykjavíkur, að ýmsir sjómenn eiga við verri kjör að búa en togarahásetar. (**SÁÓ**: Hverjir eru það?). Það eru þeir, sem vinna á vjelbátunum. Þeirra aðbúnaður er allur verri og vinnan lengri.

Háttv. frsm. meiri hl. ræddi mikið um það, hve hagur útgerðarinnar væri glæsilegur, og hann benti í því sambandi á aflaskýrslu í Ægi, sem sýndi, að brúttótekjur af hverri veiðiför á ísfiski hefðu verið 1144 sterlingspund að meðaltali. Þetta er rjett, en hitt er alrangt, að kostnaður hafi ekki verið meiri en 800 sterlingspund að meðaltali.

Það er erfitt að segja nákvæmlega, hve kostnaðurinn hefir verið mikill. Hann er misjafn á hin einstöku skip. En gera má ráð fyrir, að hver veiðiför kosti að meðaltali 1000—1100 sterlingspund. (**SÁÓ**: Þeim ber þá ekki alveg saman útgerðarmönnunum). Hverjum ber ekki saman? Já, hjer er jeg, en hvar er sá, sem annað hefir sagt? — Hv. þm. getur ekkert sagt, af því að enginn hefir sagt annað.

Tekjuafgangur af þessum veiðum var svo lítill, að ógerningur er að byggja á honum. Hv. frsm. meiri hl. var að tala um, að afkoman 1927 hefði verið góð. Það er rjett, að afli var mikill 1927, en verðlag var með allversta móti, og skiftir það ekki minna máli en aflinn. Jeg er samt á þeirri skoðun, að afkoman 1927 hafi verið frekar góð, en hitt er vitað, að það hvíldi þungur skuldabaggi á útgerðinni frá fyrri árum. Öllu má ofbjóða, og það má ekki heldur íþyngja útgerðinni með nýjum kvöðum að óþörfu, því að án hennar mun ríkissjóður tæplega komast af eins og sakir standa.

Hv. frsm. meiri hl. segir, að það sje alröng staðhæfing, sem segir í nál. minni hl., að sex tíma hvíld hafi verið tekin upp áður en hún var lögboðin. Við þetta vil jeg þó standa og staðhæfa það á ný. Jeg hygg, að það sje rjett, að óskin um lögfestingu hvíldartímans hafi einmitt komið fram af því, að búið var að taka upp ákveðinn hvíldartíma. Jeg lýsi það alrangt, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, að það hafi aðeins komið fyrir, að hásetarnir hafi fengið 4 tíma hvíld, þegar mikið var að gera. Vökuskipulagið var búið að taka upp, fyrst hjá Guðmundi Jónssyni og síðar hjá fleiri skipstjórum, áður en löggjöfin kom. Þetta hefi jeg staðhæft í viðurvist hans sjálfs, og jeg ætla, að hv. 4. þm. Reykv. hafi einnig verið þar viðstaddur. Og hv. þm. Ísaf. mun sömuleiðis hafa verið þar, því að þetta var á kosningafundi á Brúarlandi, og sá hv. þm. heyrði þetta líka, og var því ekki mótmælt. (**HG**: Ekki man jeg nú eftir því). Jeg skal gefa hv. þm. Ísaf. minnið með því að rifja upp fyrir honum atvik, er þarna kom fyrir. Við vorum að ræða um vökulögin. Kom þá maður ekki lítill fyrir sjer inn á fundinn. Þá sagði jeg eitthvað á þessa leið: „Undarleg er tilviljun örlaganna, þegar sjálfur höf-

undur vökulaganna er nú hjer kominn". (**HG:** Þetta mun vera rjett). Já, jeg vissi, að hv. þm. Ísaf. mundi muna eftir þessu, þegar jeg rifjaði það upp, og að hann mundi viðurkenna það.

Jeg get verið fáorður um þær hnútur, sem háttv. frsm. kastaði að mjer. Hann sagði, að hvergi hefði verið eins mikill þrældómur og á Kveldúlfsskipunum við síldveiðina í sumar. Jeg held nú samt, að sjómennirnir, sem stunduðu síldveiðina, hafi haft miklu betra af Kveldúlfi en formanni Sjómannafjelagsins, sem hafði af þeim tugi þúsunda, vegna fávisku sinnar.

Að lokum vil jeg brýna það fyrir háttv. þdm., að hjer er mikið alvörumál á ferðum. Og það má alls ekki blanda því saman, að sjómenn eru alls góðs maklegir og hinu, að löggjöfin fari að blanda sjer inn í þetta mál. Jeg vil benda á það, að þegar þarf að leggja byrðar á þjóðina, er æfinlega byrjað á sjávarútveginum, og það af alveg eðlilegum ástæðum. En þá dugir ekki að vinna að því öllum árum að gera honum erfitt fyrir.

Ef svo væri, að með núverandi fyrirkomulagi væri verið að spilla heilsu sjómanna, þá væri alt öðru máli að gegna. En jeg ætla, að svo sje ekki. Jeg hefi haft fullan vilja og viðleitni á að kynna mjer þetta. Og jeg mundi álíta það blett á mjer, ef jeg sæi það sjálfur, að breytingin væri rjettlát, en berðist þó á móti henni.

Umr. frestað.

Á 34., 37., 39. og 40. fundi í Nd., 28. febr., 2., 5. og 6. mars, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Ólafsson: Við 1. umr. þessa frv. gerði jeg grein fyrir skoðun minni á málinu í heild, og jeg held, að ekkert af því, sem jeg sagði þá, hafi verið hrakið. Hefir og fátt komið fram nýtt í málinu, er svara þarf, enda er tilgangur frv. slíkur, að ekki var raka að vænta frá hálfu flm. þess.

En af því að jeg býst við, að talsverður hluti hv. þdm. sje frv. fylgjandi, vil jeg nú undir lok umræðunnar draga fram nokkur meginatriði málsins.

Það er mín skoðun, að atvinnuvegir landsmanna, og þá sjerstaklega þeir tveir atvinnuvegir, sem flestir lifa á, eigi að standa hlið við hlið og rjetta hver öðrum hjálparhönd, þegar með þarf. Ef annar aðalatvinnuvegurinn er illa staddur, er ekki nema rjett og sjálfsagt, að hinn taki á sig meira en venjulega af skattabyrðinni, meðan sá ver stæði er að komast úr kreppunni. Jeg geri ráð fyrir, að þetta sje meginreglan fyrir hugsunarhætti flestra hv. þm. En ef svo er ekki, og ef upp kemur á milli atvinnuveganna einhverskonar metingur um að greiða nauðsynlega skatta, þá er voði á ferðum. Og sömuleiðis er voði á ferðum, ef farið er að heimta það af einum atvinnuvegi öðrum fremur, að hann fullnægi öllum kröfum, sem til hans kunna að vera gerðar, hvort þær eru sanngjarnar eða ekki. Það er heldur ekki sanngjarnt að gera tvent í einu, ætlast til þess, að hann beri meginhluta opinberra gjalda, og gera honum jafnframt sem erfiðast fyrir að bera þau. Það verður jafnan öllum atvinnuveg-

um farsælast að bera hver annars hagsmuni fyrir brjósti.

Vegna þessa ber að gjalda varhuga við öllu því, sem hnekt getur aðstöðu atvinnuveganna til bjargar landi og lýð. Og það er m. a. með þetta fyrir augum, að jeg er á móti þessu frv. Jeg er andvígur því, að þessu sje smeygt inn í löggjöfina, til þess eins að ala á þeim óholla hugsunarhætti að heimta mikið, en draga úr því, að kraftar manna fái að njóta sín. Það þarf að vera til sameiginlegur skilningur allra, sem að fyrirtækjunum vinna, á því, sem nauðsynlegt er fyrir framfarir þjóðarinnar í heild sinni. Og það er skylda allra þeirra, sem með opinber mál fara, að standa á móti því, að hnekt sje framkvæmdaviðleitni manna, spilt fyrir atvinnu þeirra, sem dug vilja sýna, og þeim gert ómögulegt að starfa.

Þá skal jeg minnast á þessa 2 tíma, sem á að bæta við hvíldartíma hásetanna. Þessi breyting sýnist ekki vera mikið atriði, þegar fljótt er á litið. En jeg hefi athugað þetta mál gaumgæfilega og komist að þeirri niðurstöðu, að eigi að fást sama afkast og áður eftir hverja skipshöfn, verði að bæta við hana 4 mönnum um saltfiskstímann og 2 mönnum á meðan veitt er í ís. En fjögurra manna viðbót eykur útgjöldin um 38 kr. á dag. Og ef gert er ráð fyrir, að skipið veiði í salt alt árið, vex útgerðarkostnaðurinn um 12 þús. kr., ef mannahaldið er aukið sem hjer segir. En veiði nú skipið hálft árið í ís og bæti þann tíma aðeins á sig 2 mönnum, má draga ⅓ af upphæðinni, og færa hana niður í 8 þús. kr. En minni kostnaðarauka getur lenging hvíldartímans ekki haft í för með sjer fyrir útgerðina.

Venjulega er kvartað undan því, þegar nýir skattar eru lagðir á atvinnufyrirtæki. Og það er eðlilegt. Menn hafa áhyggjur út af því, að þær hinar nýju álögur muni verða til þess, að fyrirtækin beri sig ekki. Enginn veit fyrirfram, hve örlát náttúran muni verða og hve mikill fengurinn muni reynast. En það mætti háttv. þdm. vera ljóst, að sjá muni á útgerðinni, þegar á hana er lagður aukaskattur ekki minni en frv. fer fram á. Og minni verða framlög hennar til vegabóta, síma og annara nytsamlegra framkvæmda, þegar lagðar eru á hana aðrar eins kvaðir, og það að óþörfu. Og afleiðingin verður sú, að aðrir atvinnuvegir, sem ekki mega þó við því, verða að taka á sig þyngri byrðar en áður.

Hv. aðalflm. þessa frv. (SÁÓ) ætti að vera það kunnugt, ef hann nenti eða vildi athuga, að þessi liður, kaup mannanna, er það eina, sem hreyfanlegt er í útgerðarkostnaðinum. Opinberum gjöldum verður ekki breytt, og verðið fyrir afurðirnar er undir markaðinum komið. Ef á að leggja kvöð á þennan eina hreyfanlega lið, og svo framarlega sem útgerðin á að halda áfram, verður það að koma niður á verkakaupinu. Á því lenda öll skakkaföll útgerðarinnar og kvaðir. Sje þetta athugað, er augljóst, að af frv. getur leitt meira þjóðarböl en hægt er að sjá í fljótu bragði. Á því er lítill vafi, að það mundi leiða af sjer kaupdeilur og vinnuteppu. Allir muna, að slíkt hefir komið fyrir áður og kostað þjóðina miljónir, eftir útreikningi kunnugra manna. Vænti jeg, að hv. þdm.

gefi ekki tilefni til þess, að þeir atburðir endurtaki sig.

Það er mikill misskilningur, að þeim mönnum, sem hjer er um að ræða, sje meira erfiði boðið en öðrum. Hásetar á togurum fá yfirleitt miklu meiri svefn að meðaltali en sjómenn á öðrum fiskiskipum. Jeg ætla, að þeir sofi ekki að jafnaði minna en 8 tíma á sólarhring í hverri veiðiferð.

Jeg verð enn að minnast á fleira, sem mjer virðist koma þessu máli við, og það eigi alllítið. Mjer dylst ekki, að því bregður ósjaldan fyrir, að sumir menn leggja hatur á togaraútgerðina. Þeir halda, eða láta a. m. k. svo, að með henni sje að safnast óhóflega mikið fje á hendur einstakra manna. Jeg sýndi fram á það þegar við 1. umr. þessa máls, að svo er ekki. Samt halda flm. þessa frv. áfram að ala á því, að hjer sje að verða til hættulegt auðmagn. Jeg get nú sagt þeim það bæði um mig og hv. 2. þm. G.-K., að við höfum síst af öllu skorast undan að leggja fram sanngjarnlega til opinberra þarfa. Og jeg vil nú beina því til þeirra hv. þm., sem við höfum styrkt til þess að sjá fjárhag ríkisins sæmilega borgið, að þeir ljái nú lið sitt til þess að fella haturs- og hjegómamál þetta og koma þannig í veg fyrir, að útgjöld útgerðarinnar sjeu aukin að þarflausu.

Jeg vænti, að svo verði litið á þetta mál, að ekki sje ástæða til að hafa horn í síðu þess atvinnuvegar, sem lætur af mörkum ríkulegan hluta til framkvæmda ríkisins — þess atvinnuvegar, sem nú hefir helst skilyrði til að hrinda því áfram, sem nú getur kallast mál málanna, nefnilega jarðræktinni. Undir ræktun landsins er framtíð þjóðarinnar að miklu leyti komin. Og síst vinna þeir menn gott verk, sem draga úr getu sjávarútvegsins til að styðja hana.

Jeg mun nú brátt láta útrætt um þetta mál. Og jeg ætla að leiða hjá mjer að svara goluþyt þeim, sem jeg þykist eiga von á úr vissri átt. Tel jeg meiri alvöru en svo á ferðum hjer, að hirða beri um lítilfjörlegt gaspur. Ekki vil jeg fyrir hönd togaraútgerðarinnar mælast undan rjettmætum álögum. En mig uggir, að hjer sje aðeins byrjunin á því að skattleggja hana á þennan hátt. Og hvernig lítst hv. deild á það að ala upp hina komandi kynslóð í þeirri trú, að hún eigi sem minst að vinna, en sem mest að heimta. En nú er svo komið, að ekki þarf lengra að leita en í algenga vinnumanna- eða vinnukonustjett til að finna dæmi þess, að bestu og friðsömustu húsbændur geta ekki komist af við vinnufólkið fyrir ódygð þess og ótrúmensku. Og þessu valda fyrst og fremst áhrif þeirra uppeldisfeðra, sem þykjast beita sjer fyrir málstað alþýðunnar.

Núlifandi kynslóð hefir tekið við landinu í litlu betra — og að sumu leyti verra — horfi en það var í á landnámstíð. Á fáum áratugum hefir mikið á unnist. En ef nú á að fara að draga úr því, að menn neyti krafta sinna, þá er þjóðin illa farin, og þá er hætt við, að stundir líði þangað til hún nær með tærnar þangað, sem aðrar þjóðir hafa hælana. Hjer er alvara á ferðum. Sú hætta er yfirvofandi, að sá hugsunarháttur, sem kemur fram í frv., gegnsýri allan þjóðarlíkamann. Það er að vissu leyti gott að þurfa lítið að vinna og fá mikið kaup. Og

eðlilegt er, að hin vinnandi stjett hlusti með feginleik á orð þeirra manna, sem um slíka hluti tala, en afleiðingarnar koma fram á niðjunum.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Mjer þykir leitt, að hv. 3. þm. Reykv. er farinn út, því jeg hafði hugsað mjer að nota þennan hálftíma, sem eftir er fundartímans, til að ræða um röksemdir þær, sem hann bar fram. **(ÓTh:** Jeg skal hlusta!). Og svara fyrir barnið?

Ræða hv. þm. gekk út á að sanna, að ef frv. þetta yrði að lögum, gæti útgerðin ekki undir því risið. Maður gæti haldið, að slík ræða hefði verið haldin fyrir hundrað árum, en ekki af manni, sem lifir mitt í þeim straumum, sem nú ólga í atvinnulífi voru og á öðrum sviðum. Hann talaði um, að atvinnuveitendur ættu að rjetta hver öðrum hjálparhönd gegn slíkum vágestum. Gat jeg ekki skilið það öðruvísi en sem bónorð til bænda um að varna frv. framgangs. Annars hefi jeg ekki orðið var við, að útgerðarmenn hrópuðu til bænda um aðstoð nema þegar þeir hafa álitið sig vanta fólk til atvinnurekstrarins.

Jeg skal nú sýna fram á, að tilraun til rökfærslu hjá háttv. þm. er annaðhvort vísvitandi röng, eða bygð á svo hróplegum misskilningi, sem ekki er að vænta hjá svo kunnugum manni.

Það hefir þegar verið sýnt fram á það, að aukning hvíldartímans þarf ekki að hafa í för með sjer fjölgun manna á skipunum. Skal jeg ekki endurtaka það hjer. En það má líka sýna fram á annað. Hvíldartími sá, sem nú er lögleiddur, hefir aukið framleiðsluna að miklum mun. Jeg hefi hjer tölur úr hagskýrslunum, sem sýna, að framleiðslan hefir aukist við lögleiðingu hvíldartímans. Mannfjöldi á skipunum hefir og minkað í samanburði við stærð þeirra. Togararnir hafa fiskað að meðaltali 1211 skpd. árið 1919, 1426 skpd. árið 1920 og 2072 skpd. árið 1921. En árið 1922, og það er hvíldartímans fyrsta ár, er aflinn 2562 skpd., 1923 2651 skpd., 1924 5043 skpd., en þá var líka úthaldið lengra en venjulegt er, 1925 3861 skpd., 1926 1854 skpd., en þá var aflaár ljelegt og vertíð stutt, og 1927 3495 skpd. — Þessar síðustu tölur þriggja áranna eru teknar eftir „Ægi".

Þessar tölur sýna, að aflinn hefir aukist eftir að hvíldartíminn var lögfestur. Raunar mun hv. þm. hafa gengið inn á þetta, en þar með er því líka slegið föstu, að með aukinni hvíld verða afköstin betri. Og hafi svo farið með 6 tíma hvíldartímann, þá verða afköstin ennþá betri með 8 tíma hvíldinni.

Það er og skoðun þeirra manna, sem kunnugir eru, að ekki muni þurfa að bæta mönnum við á saltfiski, þó að hvíldartíminn verði aukinn þetta. Að meðaltali munu togarar nú hafa 30 manna skipshöfn, þar af 21 vinnandi mann á þilfari. Það er ekki hægt að fjölga mönnunum að mun, því skipin hafa ekki svefnrúm fyrir þá. Þess er heldur ekki þörf. Og þó þeir vildu vera vel mentir og taka svo sem einum manni fleira, þá eru eins manns laun á lágmarkskaupi eins og dropi í hafið hjá útgerðinni. Hv. þm. vildi reikna kostnaðaraukann 11000 kr. Er það furðu djarft að bera slíkt fram. Hægt

er að sýna fram á, að það er engin þörf á að fjölga mönnum. Þá reiknar hann og með 12 mánaða vinnu fjögurra manna. En það er víst ekkert ár, sem útgerðartíminn hefir verið svo langur; þykir gott, ef vinnan er 10 mánuði. Dæmið er því alrangt.

Það er nógu gaman að gera sjer hugmynd um, hvers virði aflinn er, miðað við meðalafla á skip. Hagskýrslurnar birta tölur um það, en ólíklegt er, að öll kurl komi þar til grafar:

Árið	1919	581681 kr.
—	1920	458704 —
—	1921	444509 —
—	1922	470905 —
—	1923	485031 —
—	1924	915062 —

Lengra hefi jeg ekki skýrslur yfir verðmæti aflans. Hjer er og ótalið, að flest árin hafa síldveiðar verið stundaðar, og er sá afli ekki talinn hjer með. Menn fá hjer hugmynd um, að það eru ekki neinar smáupphæðir, sem skipastóllinn aflar. Væri þó gaman að geta rannsakað þetta nánar en gert er eftir hagskýrslunum. En útgjöldin? Sú hliðin er vandlega hulin; hana fær enginn að sjá. Maður fær hugmynd um, að þetta sje barlómur hjá útgerðinni. Ávalt þegar rætt er um bætt kjör sjómanna, mjálma útgerðarmenn um, að útgerðin sje á hvínandi kúpunni. En þó fær enginn að vita, hversu hún stendur sig.

Háttv. þm. sagði, að allir útgjaldapóstar útgerðarinnar væru svo rígnegldir, að engu væri þar hægt um að þoka. Það er náttúrlega hægt að slá þessu fram í því trausti, að enginn hafi fullkomna þekkingu á þessu nema útgerðarstjórarnir sjálfir. Jeg skal þó benda á, að laun skipstjóra eru reiknuð af brúttóafla skips. Þetta hafa útgerðarmenn sjálfir viðurkent að væri rangt. Þó að tap verði á rekstri skipsins sjálfs í allstórum stíl, geta þeir gengið frá borði með mjög hátt kaup. Þetta fyrirkomulag þekkist hvergi nema hjer á landi. Jeg bendi aðeins á þennan lið í útgerðarkostnaðinum, og jeg veit, að skipstjórar gætu vel lifað sómasamlegu lífi af lægri launum en þeir nú hafa, margir hverjir. Það mætti benda á fleira. Laun útgerðarstjóra veit jeg að vísu ekki um með vissu. En eftir skattskránum munu það vera allgóðar tekjur, sem skattur sumra útgerðarstjóranna, t. d. útgerðarstjóra Kveldúlfs, er reiknaður af. Svo eru hin og þessi sníkjudýr, liggur mjer við að segja, á útgerðinni. Hvað fá þeir? Það eru stofnuð hlutafjelög, og ýmsir fjelagsmanna, þeir sem næstir útgerðarstjórninni standa, fá svo sitthvað, sem enginn fær að vita neitt um. Alt er þetta kostnaður á útgerðinni. Sumir fengu frí kol, þegar erfiðast var með kolaflutninga hingað til lands og þau dýrust. Dæmi eru til, að matvælum hefir verið úthlutað til ýmsra manna, og þau síðan skrifuð á kostreikningi skipsins. Alt eru þetta póstar, sem mætti hreyfa. Þá er og kolapósturinn stór. En það er mikið undir skipstjórunum komið, hvað kolin eyðast. Ef þeir fengju sín laun af nettóhagnaði skipsins, myndi sá póstur eflaust breytast mikið. Ef rannsókn fengist á útveginum, þá mundu efalaust koma ýmsir þeir kostnaðarliðir í ljós, sem athugaverðir væru. Áður en þingi lýkur hefi jeg í hyggju að biðja um slíka rannsókn.

Háttv. þm. kvað ekki hægt að láta aukningu hvíldartímans koma niður á öðru en verkalaununum. Nú munu meðaltekjur háseta á togurum, með 10 mánaða vinnu, vera um 3600 kr. Af þessum launum þurfa þeir, að frádregnum kostnaði við sjóföt og önnur vinnuföt, sem er mikill á togurum, að framfleyta fjölskyldu sinni, með þeirri dýrtíð, sem hjer ríkir. Verða að greiða alt að 100 kr. á mánuði í húsaleigu. Þá geta menn sjeð, hvað eftir verður til annara þarfa, t. d. fyrir fjölskyldumann. Á þessu sjest, hvort þeir hafa of há laun, og það án þess að tillit sje tekið til þeirrar æfi, sem þeir eiga. Þeir eru sem útlendingar við heimili sín. Reynslan hefir sýnt, að þeir eru steinuppgefnir eftir nokkur ár. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nein gæfa fyrir þjóðfjelagið að halda því sleifarlagi, að bestu og færustu menn þjóðarinnar verði að forðast þessa vinnu fyrir þröngsýni og óhagsýni útgerðarmanna.

Háttv. þm. bauðst til að sýna mjer rekstrarreikning togarafjelags þess, er hann veitir forstjórn. Þetta er víst í fyrsta sinn, sem slíkt er boðið. Í kaupdeilu árið 1923 var t. d. lagður fram rekstrarreikningur skips. Hann var sýndur í stjórnarráðinu, en þess var vandlega gætt, að við, sem sömdum fyrir hönd sjómanna, fengjum ekki að sjá hann. Sjómönnum gefst yfirleitt ekki kostur á að sjá rekstrarreikninga útgerðarinnar. En það er ekki nóg að sjá tölurnar. Fylgiskjölin verða líka að vera með.

Hv. þm. kallaði þetta hjegómamál. Mun hann yfirleitt nefna alt það því nafni, sem miðar að því að bæta kjör verkalýðsins og skapa honum viðunandi lífskjör. Í höfuðlandi auðmagnsins, Ameríku, er þó fiskimönnum við veiðar altaf trygð 8 tíma hvíld. Það hefi jeg úr brjefum frá Íslendingum, sem þar stunda atvinnu sína. Það er uppi sú stefna í heiminum að lögbjóða 8 tíma vinnudag við siglingar. Hafa Frakkar þegar riðið á vaðið. Skýtur það nokkuð skökku við, ef við viljum ekki unna okkar sjómönnum 8 stunda hvíldar, þegar aðrar þjóðir fara að veita sínum sjómönnum 16 tíma hvíld. Háttv. þm. hafði stór orð um það, að verið væri að ala fólk upp í því að heimta hátt kaup og litla vinnu. En jeg vil benda á, að svo virðist, sem nógu lengi sje unnið hjer, af því atvinnuleysi, sem ríkir. Að minsta kosti telja aðrar þjóðir það hagkvæmara að dreifa vinnunni milli sem flestra undir slíkum kringumstæðum heldur en að ofþjaka mönnum með of löngum vinnutíma.

Framleiðslumagn þjóðarinnar eykst ár frá ári. Fullkomnari tæki og vjelar eiga sjálfsagt sinn þátt í því. En einnig það, að fólkið kann betur að haga sjer við vinnu sína, þ. e. a. s. unnið af viti og gætir meiri hagsýni en áður. Hagsýnir menn láta ekki vinna lengur en svo, að verkamennirnir haldi óskertum starfskröftum sínum. Útgerðarmennirnir njóta svo best starfsafls verkamanna, að þeir kunni með það að fara. Það er því best fyrir þá að lofa þeim að hvílast í 8 tíma á sólarhring og tryggja sjer þar með fullkominn starfskraft þeirra, meðan þeir eru að mala gullið handa þeim.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er þegar búið að ræða þetta mál svo mikið, að jeg geri ekki ráð fyrir, að fram verði færð nein þau rök, er

breyti hugum hv. þm. Jeg get gefið þá játningu, að jeg er sjálfur orðinn hálfleiður á hinum margendurteknu fullyrðingum, sem hjer hafa verið hafðar í frammi, svo að jeg mun hlífa andstæðingum mínum við því að andurtaka nema að örlitlu leyti það, sem jeg hefi áður sagt.

Háttv. frsm. meiri hl. hjelt hjer allmikla ræðu, en jeg get ekki sjeð, að hún gefi tilefni til mikilla andmæla fram yfir þau, sem þegar eru komin fram. Hann viðhafði margar skoplegar fullyrðingar, sem verða ekki teknar það alvarlega, að álíta þurfi, að háttv. þdm. hafi lagt frekari trúnað á þær. Hv. frsm. sagði, að 6 stunda lögboðinn hvíldartími hefði aukið vinnubrögð og afla. Jeg hefi ekki mótmælt því, að 6 stunda hvíldartími væri nauðsynlegur. En þegar hann var lögboðinn, var þegar búið að taka hann upp á mörgum skipum.

Jeg get ekki stilt mig um að draga dár að rökum hv. frsm. fyrir því, að samkvæmt hagskýrslum hefði afli aukist mikið eftir að lögleiddur var 6 stunda hvíldartími. Hv. frsm. var svo óheppinn að geta um það, að meðalafli á togurum hefði verið árið 1919 1200 skpd., en árið 1921 yfir 2000 skpd., en þá var 6 stunda hvíldartími ekki lögfestur. Þegar aflinn í þessi tvö ár hefir verið svo misjafn, að hann er nálega tvisvar sinnum meiri 1921 en 1919, og eftir að hvíldartíminn var lögboðinn svo misjafn, að eitt árið var hann þriðjungur af því, sem hann var annað árið, má ekki tilfæra hagskýrslur sem sannanir fyrir ágæti hvíldartímans. Eftir því ætti afli að fara síminkandi eftir að hvíldartíminn var lögboðinn. (**SÁÓ** hlær). Þetta er ekki broslegra en það, að á meðan hvíldartíminn er ekki lögboðinn, tvöfaldast aflinn, en eftir að hann er lögboðinn, minkar hann frá 1924—1926 úr 5000 skpd. niður í 1800 skpd. Enda þótt því sje slegið föstu, að 6 stunda lögboðin hvíld sje heppileg, er það engin sönnun þess, að nauðsynlegt sje að lögbjóða 8 stunda hvíld. En um það er verið að deila, hvort sannanir sjeu fyrir því, að hvíldarauki sje nauðsynlegur. Háttv. frsm. gat um það, að ef lögboðin væri 8 stunda hvíld, væri örugg vissa fengin fyrir því, að mannsorkan hagnýttist sem best. Jeg álít, að það sje hvorki á hans færi nje annara að finna þá takmarkalínu, sem á að draga í þessu efni.

Annars var hv. þm. ekki að rökræða við mig, sem þó hefi gefið honum tilefni til þess, heldur var hann að glíma við háttv. 3. þm. Reykv., svo að enn síður er tækifæri til langra andmæla frá minni hálfu. En jeg verð að benda háttv. þm. á, að það er eðlileg afleiðing af aukningu aflans, að eyðsla í sambandi við útgerðina fari einnig vaxandi. Það leiðir af líkum, að eftir því sem aflinn er meiri, eyðist meira í veiðarfæri, salt o. fl. Háttv. þm. benti á, að skipstjórar hefðu of hátt kaup og að óheppilegt væri að gjalda þeim af brúttóandvirði í stað nettó. Jeg get gefið þá yfirlýsingu, að jeg er ekki viss um, hvor leiðin er heppilegri. Og þeir skipstjórar eru margir, sem hugsa alveg eins mikið um að spara eins og að afla. Enda eru þeirra hagsmunir í raun og veru að eyða sem minstu, því að þegar verðleikar skipstjóra eru metnir, er líka farið eftir því, hve miklu hann eyðir. Margir þeirra hafa skilið þetta og hagað sjer eftir því.

Jeg sagði í upphafi máls míns, að það væri ofraun fyrir háttv. þdm. að hlýða enn á ný á þau rök, sem fram hafa verið borin. Jeg mun því vera stuttorður úr þessu. En jeg vil aðeins benda á, að það er sannað í þessu máli, að venjulega njóta sjómenn miklu meiri hvíldar en hinna lögboðnu 6 stunda, og ennfremur er viðurkent, að það sje alveg óupplýst, hver nauðsyn sje á að lögbjóða aukinn hvíldartíma. Ef jeg hefði vitneskju um, að hvíldartíminn væri nauðsynlegur, þá hefði jeg hvorki vilja nje djörfung til að sporna á móti honum. Og jeg held, að því síður sje ástæða til að lögbjóða þennan hvíldartíma, sem það er ómótmælanleg staðreynd, að 1919 tóku sjálfir skipstjórarnir upp 6 stunda hvíld, svo að ástæða er til að ætla, að eins færi nú, ef nauðsyn bæri til. Það voru mestu aflamennirnir, sem tóku þetta upp.

Þá má geta þess, að það er fyllilega upplýst, að hjer er um hagsmunamál fyrir útgerðina að ræða. Ef 8 stunda hvíld verður lögleidd, þarf að bæta mönnum á skipin, en það er ekki hægt að koma því við. En hverjum manni er ætlað að vinna meira gagn en hann tekur kaup fyrir, því mannakaup er vitanlega aðeins einn liður útgerðarkostnaðarins. Hjer er um tap að ræða fyrir útgerðina, sem nemur margföldu kaupi þeirra manna, sem þyrfti að auka við. En þegar málið liggur svo fyrir, að óupplýst er nauðsyn annars aðiljans, en upplýst mikið tap hins og svo á jafnframt að íþyngja útgerðinni með nýjum sköttum, verð jeg að skjóta máli mínu til hv. dm. og biðja þá að stíga ekki neitt ónauðsynlegt spor, ef þeir trúa því, að samþykt hvíldaraukans verði höft á útgerðinni.

Jeg vil ljúka máli mínu með því að endurtaka þá yfirlýsingu, sem jeg gaf áðan, að ef jeg — að fengnum upplýsingum — áliti ástæðu til vegna heilsu sjómanna að lögbjóða hvíldarauka, mundi jeg vera með því, en ekki móti.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg skal segja hv. 2. þm. G.-K. það til lofs, að það er hægt að ræða við hann um það mál, sem fyrir liggur. Hv. þm. fór ekki út í það, að hrekja rökseмdir mínar um aukningu aflabragðanna, enda var það ekki hægt. Hagskýrslurnar sýna 1200 skpd. árið 1919 og eykst síðan aflinn með hverju ári, að undanteknu árinu 1926. En jeg gaf þær upplýsingar í sambandi við árið 1926, að þá voru úthaldsdagar ekki nema 79, en árið 1927 voru þeir 176. Þetta ár var hið lakasta að aflabrögðum, ekki af því, að afli væri í sjálfu sjer tregur, heldur af því að skipunum var skemur haldið úti en venjulega. Árið 1927 enda meðalafli á skip. Þá var skipunum haldið úti lengri tíma og þar af leiðandi meiri afli.

Jeg skal gefa hv. frsm. minni hl. rjett í því, að aflinn miðast ekki eingöngu við úthaldstímann. Það er margt fleira, sem stuðlar að því. En það sýnir, að meiri vinna er int af hendi, að auknum afla er skilað í lest.

Eitt merkilegt atriði kom fram hjá háttv. þm., sem jeg átti ekki von á. Hann er meðmæltur 8 tíma hvíld. (**ÓTh:** Ef hún er nauðsynleg). En hann vill ekki lögleiða hana. Þetta er

hin herfilegasta meinloka. Hann heldur, að 8 tíma hvíld kæmi af sjálfu sjer, ef hún er nauðsynleg. 6 tíma hvíldin hefði aldrei orðið almenn, ef hún hefði ekki verið lögboðin. Það þarf ekki nema einn gikkinn í hverri veiðistöð. Það kann að hittast einn rjettlátur af 20, sem lætur fólk sitt fá skynsamlega hvíld. Svo var það áður en vökulögin gengu í gildi, að það voru einn eða tveir skipstjórar, sem ljetu háseta sína hvílast eftir að hafa unnið sólarhringinn út.

Jeg skal minna háttv. 2. þm. G.-K. á það, sem hann sagði við mig einu sinni eftir að lögin um 6 tíma hvíld háseta á togurum voru komin á og reyndust öllum til góðs. Þá ljet hann svo um mælt í mín eyru, að hann hefði farið eftir öðrum og því verið á móti, en ekki sjálfur persónulega þekt til, hvort þessi lög mundu reynast happadrjúg eða ekki. Hann var svo hreinskilinn að játa þetta og viðurkenna skammsýni sína. — Jeg hygg, að sama verði nú uppi á teningnum. Háttv. þm. fer enn sem fyr eftir tillögum annara, en hefir sjálfur ekki persónulega reynslu í þessum sökum. Hann hefir aldrei verið úti í skipunum, þegar vinna fer fram. Hann ætti að sigla nokkra „túra“ og vinna með körlunum. Þá mundi hann taka öðruvísi í þetta mál. Jeg hefi trú á, að háttv. þm. sje svo hreinskilinn, að hann vilji kannast við þetta.

Hve mikil aukahvíld er á togurunum, fer eftir atvikum. Stundum er hún dálítil, oftast nær engin. Því þarf að tryggja með löggjöf, að sjómennirnir fái fasta hvíld, svo að heilsu þeirra sje ekki ofboðið. Það er heimild í lögunum fyrir því, að kalla megi alla menn á þilfar til þess að koma fyrir fiski í lest, er sjerstakar ástæður eru til.

Jeg sýndi fram á það áðan, að lögboðinn 6 tíma svefn var svo fjarri því að hafa reynst útgerðinni baggi, að hann hefir þvert á móti gefið stórkostlegan gróða í aðra hönd. Nú er farið fram á 2 tíma viðbótarhvíld fyrir hvern mann á sólarhring, til þess að hver háseti geti fengið 6—7 tíma svefn. Mannfjöldi á skipunum verður eftir sem áður hinn sami. Og reynslan mun sýna, að það kemst eins mikill fiskur í lest fyrir því. Menn eru skarpari í vinnubrögðum, er þeir hafa sofið eðlilegan svefntíma. Hásetar á togurum verða að vinna eins og orkan leyfir stanslaust. Þeir eru áreiðanlega búnir að fá sig fullþreytta eftir 16 klt. Fái þeir svo að hvílast nokkurnveginn eftir þann sprett, verða þeir þeim mun frískari í næstu lotu.

Jeg verð að halda því fram, að reynslan hafi sýnt og sannað, að hjer fari saman hagsmunir útgerðarinnar og þægindi sjómannanna.

Útgerðinni hefir vegnað svo vel undanfarið hvað aflabrögð snertir, og þó að verð á fiski hafi eitthvað lækkað, þá hlýtur hún að standa fastari fótum nú en útgerðarmenn láta í veðri vaka. Það er altaf verið að flagga með því í útlendum blöðum, hve geysilegur afli það sje, sem togararnir íslensku sigla þar inn með. En hjer gengur barlómur útgerðarmanna fjöllunum hærra: ekkert nema tap. Jafnvel Danir hafa hug á að setjast að krásinni af því hve glæsilega gengur með aflabrögðin hjer. Það er ekkert smáræði, þegar hæsta aflaskipið flytur á land 10 þús. skpd. af fiski. Það hlýtur að

vera stórgróði á slíkri útgerð, sem betur fer. Allflestir útgjaldaliðir útgerðarinnar hafa lækkað síðan á lággengistímunum, kol, salt og matvæli, alt hefir þetta lækkað, og kaupið fer stórlega lækkandi árlega. Samt kemur altaf sama upphæðin á móti í andvirði fiskjarins. Jeg er ekki að lasta það. Jeg er ánægður yfir því, að vel gengur og útgerðin gefur þjóðarbúinu tekjur. En um leið ætti hún að geta gert svo vel við þá, sem að henni vinna, að þeir geti lifað heilbrigðu menningarlífi. Togaraútgerðin hjá okkur er nú á því stigi, að hún ætti að geta það, ef viljinn er til.

Þá skal jeg ekki hafa lengri formála fyrir þessu. Ræða hv. frsm. minni hl. var hógvær og er fátt að hrekja. Það gleður mig, að í hjarta sínu sjer hann og viðurkennir, að þessi hvíld er nauðsynleg. Það get jeg sagt honum til lofs fram yfir stjettarbræður hans. (**ÓTh:** Þetta held jeg sje oflof).

Jóhann Jósefsson: Jeg hefi ekki tekið þátt í þessum umr. hingað til. En mjer þykir rjett að árjetta það, sem minni hl. hefir fært fram sem ástæður fyrir því að vera á móti frv., einkum vegna þess, að háttv. meiri hl. leitast ekki við í nál. sínu, sem er hálf önnur lína, að færa rök fyrir aðstöðu sinni til málsins. Verð jeg því að álíta, að háttv. meiri hl. geri rök háttv. frsm. að sínum og láti það nægja.

Háttv. frsm. meiri hl. hefir nú haldið ýmsu fram um þessi togaramál, bæði íslensk og útlend, og að mörgu leyti ekki farið rjett með það, sem hann hefir viljað leggja fram fyrir háttv. deild til þess að „upplýsa“ málið, t. d. það, sem hann hefir sagt um vökulög hjá öðrum þjóðum. Við 1. umr. þessa máls gaf hv. frsm. sem flm. það í skyn, að með þessu frv. væri ekki farið fram á annað en það, sem gerðist með öðrum veiðiþjóðum. Jeg veit með vissu, hvern veg þessu er háttað hjá Þjóðverjum og Bretum; hjá þeim er ekki til nein löggjöf um vinnutíma á togurum sjerstaklega. Á breskum togurum hefir það verið venja um nokkuð langt skeið, að hásetar fengju að hvílast minst 4 tíma á sólarhring. Vitneskju um þessa venju hefi jeg eftir heimildum, sem er viðtal við sjómenn sjálfa. Þessi venja skapaðist á sama hátt og 6 tíma hvíldin hjer á íslensku togurunum, af því að skipstjórarnir sáu, að þrotlaus vinna var til skaða. Síðan þessi hefð komst á, hvílast hásetar á breskum togurum undantekningarlaust minst 4 tíma, þótt afli sje góður og veiði stundum af mesta kappi. Á þýskum togurum er ekki nein föst venja um hvíldartíma háseta og engin löggjöf. Þeir vinna ákaflega hart og strangt meðan þeir eru að fiska, en fiska þó ekki eins mikið að tiltölu og Íslendingar. Það er staðreynd, sem ekki verður mótmælt, að löggjöf um hvíldartíma á togurum Þjóðverja er ekki til.

Þá mintist háttv. frsm. meiri hl. í ræðu sinni á kjör skipstjóra á íslenskum veiðiskipum og sagði, að þeir hefðu hátt kaup, of hátt kaup. Aðalgallinn við kaupgreiðslu þeim til handa væri sá, að þeim væri goldinn ágóðahlutur af brúttóafla; slíkt ætti sjer ekki stað annarsstaðar. Það er ekki rjett. Hjá Þjóðverjum fær skipstjórinn prósentur af andvirði aflans, að frádregnum upp-

skipunar- og uppboðskostnaði. Þar með er sýnt, að þessi þjóð a. m. k. greiðir skipstjórum á fiskiskipum kaup miðað við brúttóafla. Jeg kalla það „brúttó", þótt þessir tveir litlu liðir sjeu dregnir frá. Á breskum togurum er frádrátturinn meiri; þar mun vera dregið frá þeirri upphæð, sem selt er fyrir, kol, salt, ís og veiðarfæri, og útgjöld til útgerðarinnar, önnur en fæði.

Þá gat hv. frsm. þess, að laun íslenskra togaramanna — hann sagði fiskimanna, en jeg býst við, að hann hafi átt við háseta á togurum — væru vesalli en hjá öðrum þjóðum. Þetta er hæpin fullyrðing. Að minsta kosti er mjer fullkunnugt um, að þýskir togaramenn hafa miklu lakari kjör. (**SÁÓ:** Hvað hafa þeir?). Þeir hafa bæði prósentur af afla og mánaðarlaun. En mánaðarlaunin eru svo lág, að okkar menn vilja ekki líta við þeim. Það var til dæmis í Vestmannaeyjum núna nýlega, að þýskur togari kom inn og vildi fá háseta í viðbót. Maður nokkur hugðist að nota tækifærið og taka skiprúmið, en er hann heyrði um kaupið, fjell honum allur ketill í eld og sá hann sjer ekki fært að sinna boðinu. (**SÁÓ:** Hvað er kaupið hátt? Vill hv. þm. upplýsa það?). Fastakaupið er núna í kringum 90—95 gullmörk á mánuði. (**SÁÓ:** 100). Auk þess hafa þeir lifrarhlut. En það er aðeins helmingur lifrarinnar, sem fer til hásetanna. (**SÁÓ:** ¾). Nei, helmingur, en hinn parturinn fer til útgerðarinnar. Að öllu samanlögðu er þeirra hlutur óneitanlega miklu lakari heldur en stjettarbræðra þeirra á íslensku togurunum. Það er ekki út í bláinn sagt, að yfir höfuð er miklu betur með háseta á íslenskum togurum farið heldur en á skipum annara þjóða. Hvar veit hv. þm. t. d. til þess, að hásetar fái landleyfi meðan verið er að flytja ísfisk til Englands, og fái þó fult kaup, nema hjer? Vitaskuld hagar hjer svo til, að það þykir ekki heppilegt að sigla til Englands til þess að selja aflann með alla hásetana, og eru því ávalt einhverjir eftir heima, en kaup þeirra skerðist ekki við það.

Jeg hefi átt tal við einstaka fiskimenn og spurt þá um álit þeirra á kjörum háseta á togurum, og síðan þetta frv. kom fram, hvað þeir hefðu um aukinn lögboðinn hvíldartíma að segja. Jeg ætla sjerstaklega að geta ummæla eins sjómanns, sem var áður bátaformaður í Vestmannaeyjum, en hefir nú verið 3 ár á togara. Þessi maður, sem er bæði skilorður og greindur, ljet svo um mælt, að þeir, sem ekki hefðu heilsu til þess að stunda sjósókn á togurum eins og vinnan og vistin gerðist þar nú orðið, hefðu ekki heilsu til þess að vera á sjó yfirleitt. Munurinn á því að vera á vjelbát og á togara væri svo mikill, að hann vildi ekki fyrir nokkurn mun breyta til aftur, fara af togaranum og taka til að stunda sjó á mótorbát, eins og hann gerði áður. Hann ljet þess getið, að sjer væri út af fyrir sig engin þökk á, að verið væri að flytja frv. sem þetta; hann óttaðist, að það yrði til þess að rýra lifrarhlut hásetanna. Jeg veit, að það er ekki mikið á því að byggja, sem einn maður segir um þetta. Það verður vitanlega ekki tekið sem heildarskoðun sjómanna, En jeg læt þess getið, að þá er jeg benti honum á, að fyrir lægi samþykt frá Sjómannafjelaginu um þetta, sagði hann,

að það væri svo margt samþykt í landi, sem þeir, sem á sjónum eru, fengju ekki að hafa áhrif á sem skyldi. (**SÁÓ:** En undirskriftirnar?). Já, nú trúi jeg undirskriftir og áskoranir hafi komið frá togarahásetum sjálfum. Það getur vel verið, að þetta mál hafi verið svo flutt fyrir þeim hluta hásetanna, sem litu öðruvísi á þetta mál en þessi sjómaður, að þeir hafi fúslega skrifað undir áskorun um aukinn hvíldartíma, í þeirri trú, að þeir mistu einskis í við það.

Jeg hefi líka talað við annan háseta, sem sagði mjer hlut, sem mig furðaði mjög á. Hann hjelt því fram, að þorskveiðatíminn væri ekki strangari á togurunum en ísfiskitíminn, heldur oft þvert á móti. Um þetta mál eru deildar meiningar.

Jeg verð að taka undir með háttv. frsm. minni hl., að ekki er sannað, að nein ný þörf liggi fyrir á að auka löggjöf um hvíldartíma á togurum. Þegar togaraútgerðin var tekin upp hjer á landi, fóru menn að veiðum með meira kappi en forsjá. Íslendingar eru svo óvanir að fást við vinnu með öðru en höndunum einum, að það hefir sýnt sig, að þeir hafa á sumum sviðum, og sjerstaklega á sjónum, gert ráð fyrir, að vjelavinnan ljetti meira af mönnum en reynslan hefir sýnt.

Sjómenn endast ekki eins vel á vjelbátunum nú eins og á opnu skipunum áður. Það var algengt, að menn stunduðu sjósókn alla sína æfi, svo að segja frá því þeir fyrst gátu snert á ár og alla tíð upp frá því, og hjeldu þreki og kröftum fram á háan aldur. Það hefir sýnt sig sjerstaklega á vjelbátunum, að menn endast nú ekki eins vel og fyrrum.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess í fyrstu framsöguræðu sinni, til þess að sýna, hve lítilfjörlega aukning á kröfum til útgerðarinnar hjer væri farið fram á, að sjer kæmi ekki á óvart, þótt þær kröfur yrðu auknar áður langt liði. Jeg skrifaði þetta niður hjá mjer, vegna þess að mjer hefir fundist hann vilja halda því fram, að því meir sem hvíldartíminn væri lengdur á togurunum, því betur aflaðist. Það leiddi meðal annars af sjer aukna vinnu. Það hljóta þó að vera einhver takmörk fyrir því, hvað teljast má hæfilegur hvíldartími. Fiskiveiðarnar eru háðar veðri og fleiru. Verður því einatt að vinna í skorpum. Höfuðstyrkur þessa atvinnuvegar hefir legið í því að grípa aflann þegar hann gefst. Hann er því næsta ólíkur verksmiðjuiðnaðinum, sem hægt er að setja af stað og stöðva, þegar hver vill. — Jeg vil taka undir það, sem hv. þm. Ísaf. sagði við 1. umr. þessa máls, að þjóðfjelagið hefði heimild til að gera ákvarðanir um öryggi verkamanna. Jeg vil kveða fastar að orði og segja, að því beri skylda til þess. Þess gætir líka allmikið í löggjöf allra þjóða. Þótt svo sje máske ekki litið á af þeim, er berjast fyrir rjetti vissra manna hjer á landi, þá hefir þó einnig verið gert talsvert hjer til þess að auka öryggi verkamanna bæði á sjó og landi. En jeg vil benda á það, að löggjöfin þarf að stilla mjög til hófs á þessu sviði og fara ekki lengra en það, sem reynslan og skynsemin benda til, að sje heppilegt. Ef fylgt væri þeim rökstuðningi hv. frsm., sem kemur fram í þessu frv., þá er gefið, að þangað myndi reka, að þá yrði at-

vinnuvegunum bundinn svo þungur baggi með ýmsum kröfum, að ekki yrði hægt að halda sumum greinum atvinnuveganna áfram, og yrði þá skaðinn beggja. Meiri hl. nefndarinnar þarf ekki að líta svo á, að við, sem erum í minni hl., sjeum mótfallnir því, að hásetarnir fái nauðsynlega hvíld. En þeir verða að kannast við það, að við höfum eins mikið til okkar máls, þegar við höldum því fram, að til þess þurfi ekki aukna löggjöf. Það hefir þegar verið bent á það, að áður en vökulögin gengu í gildi, voru útgerðarmenn og skipstjórar sjálfir farnir að sjá það, að best var unnið með því, að hásetarnir fengju næga hvíld. Jeg fæ tæplega annað skilið en þar sem atvinnan er komin á þennan rekspöl og þeir, sem um hana sjá, eru búnir að fá þann þroska, sem þeir að vísu höfðu ekki fyrst, að þeir muni stilla vinnunni svo í hóf, að mönnunum sje ekki ofboðið. Stjórnir togarafjelaganna virðast yfirleitt sýna nú orðið svo mikla sanngirni og vit, að ekki ætti að þurfa að lögbjóða meiri hvíld handa hásetum. Að minsta kosti þola íslensku togaraskipstjórarnir vel samanburð við skipstjóra annara þjóða. Og þar sem í öðrum löndum er engin löggjöf um þetta efni og hennar ekki talin þörf, þá ættum við ekki að þurfa að lögbjóða ný ákvæði um þetta. Enda er vitanlegt, að hásetar fá að njóta þeirrar hvíldar, sem starfið leyfir.

Einn þeirra, sem um þetta mál hefir talað, sagði, að versta verkið á togurunum hefði verið netabætingin. Jeg get vel trúað því, að svo hafi verið áður, meðan menn kunnu illa til þeirra verka og þurftu því mikinn tíma til þess. En eftir því sem leikni hefir aukist, hefir starfið minkað, enda munu íslenskir hásetar nú standa þar erlendum sjómönnum fyllilega á sporði. Jeg er sannfærður um það, að ef þingið vill fara að hlutast frekar til um það, hvernig verkum yrði hagað, sem jeg tel þó enga þörf, þá er önnur tegund skipa, sem engu minni ástæða er, að hlutast sje til um vinnutíma á, en það eru línuveiðararnir og stærri útilegubátar. Eftir því, sem mjer hefir verið sagt, þá er oft og einatt um miklu meiri vökur þar að ræða en á togurunum. Jeg vil ennfremur leiða athygli að því, að ef þingið á annað borð vill fara að skifta sjer af þessu máli eða gera ráðstafanir um vinnubrögð manna, þá er sjálfsagt ekki minni ástæða til að gera ákvarðanir um ýmsa landvinnu. Hví á þetta ekki að ná til sveitanna líka, t. d. til sláttarins? Við hann er þó oft lagt allmikið að sjer. Mætti því með sömu rökum lögbjóða vissan hvíldartíma við sveitavinnu.

Þá hefir meiri og minni hl. nefndarinnar greint á um það, hvort auka þyrfti starfskrafta á skipunum. Hv. frsm. meiri hl. vildi ekki kannast við, að þess þyrfti. En allir, sem jeg hefi talað við, hafa talið það óhjákvæmilegt. Afleiðingin af fjölgun háseta á togurunum er í bili sú, með þeim hætti, sem nú er á kaupgjaldi, að sá hluti hásetakaupsins, sem byggist á aflanum, yrði minni en nú, en jeg tel það víst, að krafa háseta verði sú, að hvergi skerðist þeirra hlutur af þessum ráðstöfunum.

Ásgeir Ásgeirsson: Framsóknarflokksmenn hafa lítið gefið sig að

þeim umr., er fram hafa farið um vökulögin að þessu sinni. En eigi að síður er það kunnugt, að margir þeir, er nú eiga sæti í þeim flokki, voru þessu máli fylgjandi, þegar það var áður til umr. á Alþingi, enda orðið ljóst, að þetta frv. á vinsældum að fagna innan flokksins. Þar sem þetta er kunnugt, þá tel jeg mjer skylt að vekja athygli á því, hve kurteislega umr. um þetta mál hafa farið fram og hve fáar hnútur hafa flogið, eins og maður átti að venjast, er t. d. skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu var á ferðinni. Þetta hefir valdið mjer ánægju.

Okkur framsóknarmönnum er það ljóst, að á okkar atkv. velta úrslit þessa máls. Um það hafa að vísu orðið snarpar deilur hjer, en þær hafa þó oft áður orðið snarpari. Deilur verða einmitt oft mjög snarpar um þessi mál, bæði hjer og ekki síður annarsstaðar, með öðrum þjóðum, sem lengra eru komnar á þessari braut en við. Það verður einatt viðkvæmur hlutur, þegar breytt er frá frumlegum atvinnuháttum landbóndans eða útgerðarbóndans, sem hefir fáa menn í sinni þjónustu. Tímamótin milli hinna frumlegu atvinnuhátta og vjelaiðjunnar eru viðkvæm í sögu allra þjóða. Hjer er það eins og annarsstaðar. Og þegar þessi breyting krefst nýrrar löggjafar, þá er ekki að undra, þó barátta verði, og hún snörp. En baráttunni milli hins eldra og yngra skipulags hefir jafnan lokið á einn veg, þannig að þjóðfjelagið hefir talið sier skylt að hafa afskifti af þessum málum. Það hefir skorið úr, að því leyti sem heilsu og vinnuþoli verkamannanna var hætta búin. Slíkar reglur um heilsusamleg starfskjör hafa verið settar í öllum löndum. Þarf ekki hjer að færa rök fyrir því, að rjettmætt sje, að þjóðfjelagið skifti sjer af slíkum málum.

Aðalrökin, sem færð voru gegn því, að löggjöfin ákvæði vissan hvíldartíma á togurunum, voru þau, að þessi atvinnuvegur heimtaði það, að þegar uppgrip væru fyrir hendi, þá væri unnið hvíldarlaust og stanslaust heila sólarhringa. En þessi ástæða er tæpast lengur við lýði. Hún var máske beittasta vopnið áður fyrri, þegar sú var venjan, að unnið var 2—3 sólarhringa án þess hvílst væri, beittasta vopnið gegn þeirri kröfu, að ætlaður væri viss hvíldartími á hverjum sólarhring. Þessi röksemd var notuð, þegar verið var að koma fyrri vökulögunum á. En nú, þegar gera á út um það, hvort hvíldin skuli heldur vera 6 eða 8 tímar í sólarhring, er deilan um þessar aflahrotur eiginlega úr sögunni, enda mun sú skoðun nú orðin almenn, að bæði hásetar og útgerðarmenn hafi grætt á því, að hásetunum var lögákveðin hvíld á hverjum sólarhring. — Sú breyting, sem verður á viðhorfi þjóðfjelagsins til atvinnuveganna, þegar horfið er frá hinum frumlegu atvinnuháttum, er því orðin viðurkend af öllum. Hjer er því aðeins um stigmuninn 6 og 8 að ræða. Um þennan stigmun hefir nú verið deilt, og hefir verið reynt að færa rök fyrir því, að ósanngjarnt væri að lengja hvíldartímann. Jeg hygg þó, að naumast þurfi að gera tilraun til að sanna það, að 5—6 tíma svefn á sólarhring svo mánuðum skiftir, aukahvíldarlítið, muni ekki nægja. Sú nauðsyn, að lengja þennan tíma, liggur svo

í augum uppi, að jeg hygg, að bændur þessa lands krefjist engra sannana fyrir slíku. Í sveitum landsins hefir mikil breyting á vinnutíma gerst af sjálfu sjer, án allrar íhlutunar löggjafarvaldsins. En hvernig stendur þá á því, að ekki er hægt að vænta hins sama með útgerðina? Það er af því, að í sveitunum búa húsbændurnir og hjúin á sama heimili, við sömu starfskjör og mótast af sameiginlegri lífsskoðun hins vinnandi manns. En hjá útgerðinni er búið að kljúfa hagsmunina þannig, að lífskjör og aðbúð útgerðarmanna og skipstjóra annarsvegar og háseta hinsvegar eru orðin gerólík; þá er ekki að undra, þótt fara verði sömu leiðir hjer og fara þurfti annarsstaðar, þegar stóriðnaðurinn var að ryðja sjer til rúms, eins og t. d. á Englandi alla 19. öld. Jeg hefi nokkuð kynt mjer þessa baráttu, er fram fór á 19. öldinni milli enskra vinnuveitenda og verkamanna. Og við það að hlýða á umr. þær, er hjer hafa farið fram, fá finst mjer, að jeg hafi komist í eitthvað svipað loftslag og ríkti í þeim deilum. Annarsvegar hefir verið fullyrt, að þetta myndi íþyngja atvinnugreinunum stórlega og allir myndu bíða tjón við slíka breytingu. Hinsvegar, að stytting vinnutímans og aukin hvíld verkamanna myndi bæði þeim og atvinnugreinunum til gagns. Um þetta er nú deilt hjer. Í því sambandi er gaman að rifja það upp, að einn af þeim fyrstu, er hjelt því fram, að stuttur vinnutími, góð laun og góð aðbúð og starfsvenjur væru öllum til góðs, bæði vinnuveitendum og verkamönnum, var sjálfur Adam Smith, faðir þeirrar hagfræði, sem þjóðfjelögin eru nú mótuð eftir, faðir hinnar frjálsu samkepni. Þótt þessari kenningu hafi ekki ætíð verið hossað af hans fylgismönnum, þá hefir hún þó eigi að síður reynst rjett í flestum tilfellum. Í flestum tilfellum mun þessi kenning hafa reynst rjett, þó að fáir vinnuveitendur og fáir verkamenn hafi aðhylst hana, en kjarni hennar er, að í raun og veru hafi verkamenn og vinnuveitendur sömu hagsmuna að gæta.

Þessi kenning hefir m. a. sannast af dæmi Robert Oven og Henry Ford. Hún byggist á því, að afraksturinn standi ekki í rjettu hlutfalli við lengd vinnutímans. Það sje ekki hægt að reikna með því, að 16 tíma vinna á sólarhring gefi helmingi meira í aðra hönd en 8 tíma vinna. Það, sem athuga ber í þessu sambandi, er sem sje það, að mannssálin kemur inn í þetta. Það þótti lengi vel fjarstætt að halda því fram, að stytting vinnutímans gæfi jafnan arð eða meiri. En nú hafa verið færðar margvíslegar sönnur á það. Vitanlega er það svo, eins og rjettilega var bent á af hv. þm. Vestm., að það er alls ekki takmarkalaust, hvað hægt er að stytta vinnutímann mikið, til þess að ekki dragi úr afrakstrinum. En jeg vil halda því fram, þó að jeg hafi ekki skýrslur við hendina því til sönnunar, að sá maður, sem hefir 7 tíma svefn, muni að öðru jöfnu afkasta meiru en sá, sem aðeins fær 5 tíma svefn. En ef jeg væri nú spurður, hvar takmörkin eigi að vera, þá er mitt svar hiklaust, að takmörkin sjeu þessi: að ákveða 8 tíma hvíldartíma á togurum, svo að það sje trygt, að mennirnir fái 7 tíma svefn. Takmörkin verðum við að setja einhversstaðar. Þó að nú verði löggilt 8 tíma hvíld

á togurunum, þá sje jeg heldur ekki ástæðu til að óttast, að þingið muni ekki kunna sjer hóf í því að lengja hvíldartímann í framtíðinni. Trú þeirra manna, sem þessu frv. fylgja, á því, að framleiðsla mannsaflsins minki ekki við það, að hvíldin sje aukin þetta, er bygð á þeirri auðskildu staðreynd, að maðurinn er ekki dauður hlutur, sem alveg sje sama, hvernig með er farið. Um vjelar er kappkostað að fara sem best með þær og halda þeim vel við, svo að þær endist sem lengst og vinni sem best, og við megum þá ekki gleyma því, að maðurinn sjálfur er ekki síður viðkvæm vjel og hann er áreiðanlega ekki of vel trygður, þó að honum sje ætlaður 7 tíma svefn, eða samtals 8 tíma hvíld.

Viðvíkjandi þeim útreikningum, er hjer hefir verið komið fram með, skal jeg segja það, að jeg legg ekki sjerstaklega mikið upp úr þeim. Jeg hygg, að hjer á landi hafi enn ekki verið gerðar þær skýrslur, sem sanni neitt. En þó að slíkar skýrslur sjeu ekki til hjer, þá hafa þær verið gerðar annarsstaðar. Einna merkilegastar af slíkum skýrslum munu vera skýrslur Brassey's nokkurs, ensks þingmanns. Hann var sonur ensks járnbrautarkonungs, og eru skýrslur hans unnar úr starfsskýrslum föður hans. Þessar skýrslur sýna, að þar, sem hvíldartíminn var lengstur og hæst laun greidd, þar fjekk faðir Brassey's mesta vinnu fyrir sína peninga. Þessar skoðanir erlendra hagfræðinga hafa haft sín áhrif á afstöðu mína til þessa máls.

Jeg svara þeim spurningum, sem hjer hafa komið fram um, hvort þörf væri á þessari lengingu hvíldartímans, á þann hátt, að mjer finst alls ekki hægt að deila um þörfina. Jeg fullyrði, að sjómennirnir þurfi öruggan 7 tíma svefn, og það því fremur, sem yfirleitt er um litla aukahvíld að ræða á skipunum, en oftast sífelt erfiði. Hvað það snertir, að þessi breyting valdi útgerðarmönnum gífurlegu tapi, er það trúa mín, að svo muni ekki verða, og sú trú er bygð á þeirri staðreynd, að maðurinn er viðkvæmasta vinnuvjelin og að mannsaflið og mannslífið sje svo dýrmætt, að þjóðfjelaginu beri skylda til að tryggja mönnum hæfilegan vinnutíma, þar sem hætta kann að vera á misfellum. Jeg skal játa, að jeg var hikandi á síðasta þingi, af því að jeg taldi mig ekki hafa kynt mjer málið nógu vel. En niðurstaða mín, eftir íhugun og viðtöl við sjómenn, er sú, að þörf sje á löggjöfinni.

Eins og jeg sagði í upphafi, eru auðvitað takmörk fyrir því, hvað langt þjóðfjelögin geta gengið í því að skifta sjer af lengd vinnutímans. En jeg lít svo á, að þegar framleiðslutækin eru orðin svo óháð veðri og vindi eins og togararnir, þá eigi og verði að setja reglur um lágmarkssvefntíma, sem fullnægi kröfum heilsufræðinnar. Hjer eru takmörkin, og lengra verður ekki gengið.

Það má vel vera, að rjett væri að löggilda sömu eða svipaðar reglur um hvíldartíma á einhverjum öðrum skipum, svo sem línubátum, sem liggja úti við veiðar og koma ekki í höfn fyr en þeir eru fullir. Um það skal jeg ekki dæma að svo stöddu.

Jeg greiði atkv. með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, í þeirri öruggu trú, að með því sje þessum atvinnuvegi í heild sinni unnið gagn, bæði verksmönnum og vinnuveitendum. Jeg geri

líka ráð fyrir, að dómur reynslunnar verði á þann veg, að hvíldartíminn verði ekki styttur aftur, jafnvel þó sá flokkur, sem nú stendur á móti frv., komist í meiri hl. í þinginu. Lögunum frá 1921 hefir verið sýnd fylsta sanngirni af öllum, þótt mikill ágreiningur væri um þau á sínum tíma, og jeg þykist viss um, að allir flokkar sýni einnig þessum væntanlegu lögum sömu sanngirni. Þegar baráttunni er lokið, verða allir á eitt mál sáttir á skömmum tíma.

Halldór Stefánsson: Út af ummælum hv. þm. Vestm. um það, að ef þetta frv. væri samþ., mætti svo vera, að einnig þyrfti að lögleiða ákveðinn hvíldartíma í sveitum landsins, vil jeg segja það, að jeg þekki það ekki, að nokkursstaðar sje svo lengi unnið í sveitum, að þörf sje á að lögákveða vissan hvíldartíma, eins og hjer er farið fram á. En vera má, að svo sje einhversstaðar, þó jeg þekki það ekki, en ef svo væri og ef ósk kæmi fram um slíkt, þá get jeg sagt það hjer, að jeg mundi hiklaust fylgja því. Jeg fyrir mitt leyti mundi ekki einasta vilja leyfa mínu starfsfólki 8 tíma hvíld, heldur beinlínis heimta það, að það hvíldist minst 8 tíma, þegar það á að gegna erfiðum störfum. Það er mín reynsla, og jeg hygg, að það sje almenn skoðun, a. m. k. austan lands, að vinnuafkast manna hafi aukist við það, að vinnutíminn hefir verið styttur, og vantar þó stórmikið á, að hann hafi verið svo langur, sem frv. þetta leyfir.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að skipstjórarnir á togurunum hefðu haft óhófleg laun, sem ekki væru í neinu samræmi við laun annara skipverja. Það má nú vel vera, að finna mætti rjettari mælikvarða á kaup þessara manna. En þó vil jeg upplýsa það, að hjá því fjelagi, sem jeg hefi starfað við, hefir skipstjórinn aldrei haft meira en tæp 15 þús. kr. þau þrjú ár, sem það hefir starfað. Laun hans hafa verið minst 9800 kr. og mest 14700 kr. þessi þrjú ár. Framkvæmdarstjórinn hefir haft 6000 kr. laun „brúttó". Þar af hefir hann orðið að greiða húsaleigu, ljós, hita, síma og alla aðstoð á skrifstofunni, svo að „nettó"-launin hafa aldrei farið fram úr 4000 kr., en það er ekki meira en laun háseta hafa orðið með lifrarhlut, ef talið er, að þeir hafi atvinnu 9 mánuði af árinu, og auk þess vitanlega fæði.

Það, sem lesið var hjer upp úr útlendu tímariti um afla þessa manns, sem hjer gerði út togara árið 1925, sannar í rauninni ekkert. Afli togarans þennan 4½ mánuð, sem skipinu var haldið úti, mun alls hafa orðið 1200 skippund. Jeg vildi aðeins leiðrjetta þetta.

Hvað laun skipstjóranna snertir, þá hygg jeg, að þau sjeu nú alment nær því, sem jeg nú hefi skýrt frá, að þau sjeu hjá því fjelagi, sem jeg hefi starfað við, en 30 þús. kr. Slík laun hygg jeg, að enginn skipstjóri hafi, nema þá að óvenjulega mikið aflist, svo að „premía" verði mjög há.

Annars mun nú ekki þýða að fjölyrða mikið um þetta mál, eftir ræðu hv. þm. V.-Ísf. að dæma, með því að ætla má, að hann hafi talað fyrir hönd síns flokks, því að ef svo er, er auðsætt, að úrslit málsins eru ráðin.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg þarf að svara hv. 4. þm. Reykv. örfáum orðum. Hann hældi mjer fyrir það, að jeg teldi 8 tíma hvíld alveg nauðsynlega. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm., því að jeg álít hana alls ekki nauðsynlega. Hinsvegar sagði jeg það, að ef svo reyndist, þá treysti jeg því, að sá dómur staðfestist, eins og 6 tíma hvíldin, án lögfestingar, og væru því afskifti löggjafans af þessu máli alveg óþörf.

Þá gat hv. þm. þess, að fjárhagshlið útgerðarinnar væri haldið eins og einhverju ægilegu leyndarmáli og ættu engir aðgang að ársreikningum útgerðarfjelaganna aðrir en ef til vill framkvæmdarstjórar og stærstu hluthafar. Því er þar til að svara, að ársreikningar hafa oft verið prentaðir og þeim útbýtt, en annars eru þeir ekki flóknari en svo, að hver sæmilega skynsamur maður getur myndað sjer um þá nokkurnveginn rjetta skoðun. T. d. ætti formanni Sjómannafjelagsins ekki að vera óhægt um að vita, hve mikið af kolum fer á hverjum togara, hve mikið þarf af veiðarfærum og salti og hve stór liður kaupgjald manna er í gjöldunum o. s. frv. Hitt eru engin rök, að tilgreina, að árlegt andvirði aflans sje ½ milj. kr. Hjer er ekki spurt um það, heldur hve mikill tekjuafgangur verði árlega. — Heildarútkoman er sú, að útgerðin blessast sæmilega, sumir tapa töluverðu, aðrir hagnast dálítið, en enginn græðir mikið.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði farið eftir till. annara, þegar 6 tíma hvíldartíminn var til umr. hjerna um árið. Jeg veit sannarlega ekki, hversu slíkt mátti verða; jeg var alls ekki orðinn þingmaður þá og hafði þar enga umsögn, og þar að auki var jeg alls ekki hjer á landi. Annars gaf hann mjer það ráð, að jeg skyldi fara á togara og vinna eins og sjómaður. Jeg er viss um það, ef hv. 4. þm. Reykv. og jeg rjeðumst á togara og ynnum þar líkt og aðrir menn, mundum við steinhætta að rífast um þetta, því þar yrði gengið af okkur dauðum. Það er hvorugum okkar ætlandi að vinna á við hrausta sjómenn, aðrir eins slæpingjar og við erum í þeirri grein, en það sannar ekkert, að hraustir og fílefldir karlmenn þurfi meiri hvíld en þeir hafa.

Jeg ætla nú að skilja við hv. 4. þm. Reykv. og snúa máli mínu að hv. þm. V.-Ísf. Hann stóð upp sem nokkurskonar dómari yfir okkur hinum, til þess að úrskurða það, að við hefðum ekki komist að kjarna málsins, og mælti hann þar fyrir munn Framsóknarflokksins. Jeg hlýði vanalega með mjög mikilli athygli á það, sem þessi hv. þm. segir, og svo var einnig nú, því mjer ljek hugur á að vita, hvaða ný rök hann myndi færa fram, nú þegar hann stóð upp til þess að segja okkur, hvernig við ættum að líta á þetta mál. En jeg varð fyrir vonbrigðum. Raunar var það ekki nema eðlilegt, því að eins og jeg hafði hugsað mikið um þetta mál, þá átti jeg ekki að ganga þess dulinn, að það var ekki á hans færi að bera fram ný rök í því. Ræða hans var aðallega um afskifti breska löggjafans af hvíldartíma verkamanna eftir að vieliðjan jókst þar í landi. Jeg veit ekki, hvort allir háttv. þm. vita, að afskifti breska löggjafans voru alveg nauðsynleg, því

að þau gengu í þá átt að sjá um, að börnum og konum væri ekki ofboðið með vinnu í verksmiðjunum, þar sem vinnan var söm og jöfn dag eftir dag allan ársins hring, en ekki eins og hjer, þar sem tafir verða oft miklar af óveðri og aflaleysi. En til þess að benda hv. þm. V.-Ísf. á það, svo og gervöllum þingheimi, hve mjög ræða hans var fyrir utan kjarna þessa máls, sem hjer liggur fyrir, vil jeg spyrja, hvað breski löggjafinn hafi gert til þess að vernda líf og heilsu sjómannanna á líkan hátt og hjer um ræðir. Það finst mjer, að hljóti þó að vera aðalkjarninn og skifta mestu máli um það, sem hjer er til umræðu. Jeg hygg, að háttv. þm. viti það, að breski löggjafinn hefir ekkert gert fyrir þessa menn; hann hefir ekki talið ástæðu til þess að hafa afskifti af því máli. Aftur á móti hafa útgerðarmenn og skipstjórar annarsvegar og skipverjar hinsvegar orðið sammála um það af reynslunni að láta hvíldartíma sjómanna ekki vera minni en 4 klukkustundir á sólarhring. Hjer er hvíldin 6 tímar, og nú á að löggilda hana 8 tíma. Hjer stendur alt öðruvísi á en í verksmiðjunum bresku, og því álít jeg enga þörf á afskiftum hins íslenska löggjafa í þessu máli; því að það er töluverður munur á því, hvort altaf er unnið jafnt og þjett eða í skorpum. Hv. þm. V.-Ísf. hefir hjer skotið yfir markið, því að þótt breski löggjafinn hafi afskifti um vinnutíma í verksmiðjunum, er það þessu máli alveg óviðkomandi. Jeg skal auðvitað játa það, að þessi kafli í ræðu hv. þm. var mjög greindarlegur og skemtilegur, eins og flest frá þessum hv. þm., en jeg treysti mjer vel til þess að lesa upp einhvern kafla úr veraldarsögunni, sem væri einnig skemtilegur og fróðlegur, og gæti þá vel verið, að jeg gæti hitt á eitthvað, sem snerti mál þetta ekki minna en sá boðskapur, sem hv. þm. flutti okkur í ræðu sinni.

Hv. þm. heldur því fram, að nauðsynlegt sje að ofbjóða ekki vinnuþoli manna, alveg eins og enginn hafi sagt það áður, hve mikil nauðsyn sje á því og hve það er sjálfsagt að vernda líf og heilsu sjómanna. Hjer er alls ekki deilt um það, því að um það eru allir sammála. Hitt er verið að deila um, hvort til þess sje *nauðsynlegt* að lögfesta þennan hvíldartíma, sem hjer er farið fram á.

Í lok ræðu sinnar gaf hann mjer það svar, að þörfin lægi alveg í augum uppi, og rökstuddi þá skoðun sína með því að segja, að sá, sem að jafnaði fær aðeins 5 tíma hvíld, hljóti að þurfa á meiri hvíld að halda. Það blandast engum hugur um, að 5 tíma hvíld að jafnaði sje öllum ónóg, en kórvillan hjá háttv. þm. er sú, að hann blandar saman meðalhvíld og minstu hvíld, eins og það sje eitt og hið sama. Á þessari villu byggir svo hv. þm. þá í sjálfu sjer óhrekjandi staðhæfingu, að sá, sem sefur 7 tíma að meðaltali á sólarhring, afkasti ekki minnu en hinn, er aðeins sefur 5 tíma, og nú er aðeins ein trappan ófarin, svo háttv. þm. komist í það friðland, sem hann sýnilega langar til, nefnilega, að úr því þetta sje nú alt svona, þá sje hitt líka víst, að útgerðin skaðist ekki af þessum lagafyrirmælum. Jeg hygg nú, að þessi bygging háttv. þm. sje á sandi bygð, og það er fyrst og fremst vegna þess, að honum hefir skotist yfir það veigamikla atriði, að sjómenn hafa

altaf miklu meiri meðaltalshvíld en hv. þm. skýrði frá.

Jeg hefi skýrt frá þessu hjer áður, og jeg veit, að hv. þm. er svo eftirtektarsamur og minnugur, að það hefir varla farið framhjá honum, ef háttv. þm. hefir verið inni í deildinni. En jeg skal ekki telja það eftir mjer að endurtaka þau orð mín, svo að jeg viti, að háttv. þm. hafi hlýtt á þau. Jafnvel um háannatímann, vertíðina, hafa sjómenn miklu meiri meðaltalshvíld en 6 tíma, því bæði fá þeir aukna hvíld vegna frátafa, sem stafa af óveðri og við siglingu úr höfn og í, en eiga auk þess algert frí meðan skipin eru fermd og affermd í höfn. Á ísfiski eru vinnubrögð þeirra miklu minni, vegna þess að fyrst og fremst fá þeir mikla hvíld við frátafir sakir óveðurs, en auk þess vinna þeir aðeins 8 tíma, en hvílast 16, meðan siglt er til erlendra hafna og heim aftur, en til þess fer venjulega lengri tími en til veiða.

Þetta er nú í raun og veru það, sem sanna þurfti í þessu máli: hvort hjer væri um þörf að ræða, en ekki hitt, hvort auka ætti hvíldina, ef nauðsyn bæri til. Jeg hefi verið að reyna að leita mjer upplýsinga um það, með því að spyrja þann aðiljann, sem á við þetta að búa, sjómennina sjálfa. Sumir segja, að þess sje full þörf, en aðrir, að þess sje engin þörf. Jeg veit nú ekki, hvaða ályktun jeg á að draga af þessu, — eða er það ekki eðlilegt, að af þessum svörum verði dregið það, að það sje ekki þörf á þessari auknu hvíld? Út frá því verð jeg að ganga, því að innan sinna viðbanda mun hver stjett eiga menn, sem telja þörf á meiri hvíldartíma; en svo kemur hv. þm. og segir, að þessa sje full þörf. Jeg get ekki að því gert, að mjer koma í hug orðin: „Ræða yðar sje já, já, nei, nei, alt það, sem fram yfir er, er frá hinum vonda“. Jeg held, að ræða hv. þm. hafi átt að vera fullyrðingin ein, því að sönnun fann jeg hvort eð er enga hjá háttv. þm.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það, að rök hv. þm. eru ekki alveg óyggjandi, og þó að ræða hv. þm. væri, eins og hans er venja, greindarleg og snjöll, þá kom hún þessu máli sáralítið við.

Í lok ræðu háttv. þm. vottaði fyrir meðvitundinni um, að þingið hefði nú þegar gengið fulllangt í þessu máli, og háttv. þm. skýrði frá því, að það væri óhætt að treysta því, að þingið myndi ekki ganga lengra í þessu efni, og sagði, að hann fyrir sitt levti teldi, að 8 tíma hvíld væri nóg. Jeg veit nú ekki, hvort það er á færi hv. þm. að fullyrða neitt um það, hvað þingið muni framvegis gera í þessu máli, en jeg vil leyfa mjer að benda á það, að þingið 1921 kveður upp þann úrskurð, að gefnu tilefni, að það þurfi ekki 8 tíma hvíld, heldur 6 tíma, og ef þingið 1928 kveður upp þann dóm, að það sje ekki nóg að hafa 6 tíma hvíld, heldur þurfi 8 tíma, þá veit jeg ekki, hvar takmörk verða sett fyrir framhaldi í svipaða átt. Getur nú hv. þm. bygt á þessu þann dóm, að t. d. þingið 1930 eða 1940 gangi ekki lengra í þeirri breytingu, sem hv. þm. er farið að þykja nóg um?

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, og á heldur ekki eftir nema örstutta athugasemd, en jeg vil minna háttv. þingbændur á það, að þess er krafist í ár, að útgerðin greiði

háan skatt, og um leið er vegið að henni með því að lengja hvíldartímann á skipunum. Það getur verið, að hv. þingbændur álíti, að þeim sje óhætt að stíga þessi spor, því að það sje endirinn. En jeg veit, að margir munu sjá, að það sje óþarfi og rangt að leggja þennan skatt á útgerðina, og það kemur dagur eftir þennan dag, og ekki þykir mjer ólíklegt, að jafnaðarmenn muni krefjast afgjaldsins reglulega, á meðan þeir styðja þá stjórn, er nú situr að völdum, og er bændum því rjettast að gera það upp við sjálfa sig, hve langt þeir vilja ganga í því að fylgja jafnaðarmönnum. Og þótt hv. þm. V.-Ísf. hafi leyft sjer að tala í nafni flokksins, þá vona jeg, að það hafi ekki verið ákveðin heimild til þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki fylgst alveg með þessum umræðum, og hefði líklega ekki talað, ef síðasti ræðumaður hefði ekki beint fáeinum aðvörunarorðum til Framsóknarflokksmanna, um að forðast þá villu, sem í því væri fólgin að standa með þessu frv.

Jeg verð að segja það, að mjer finst þeir menn vera undarlegir, sem í gær fylgdu 10 kistum druknaðra sjómanna til grafar, þar sem allur bærinn var með. Í kirkjunni voru töluð mörg alvörubrungin orð um áhættu sjómannanna, sem fórnuðu lífi, starfi og kröftum til að draga auðinn úr djúpinu fyrir sína þjóð. Í dag er verið að tala um þá, sem eftir lifa, sem eiga eftir að starfa á þessum skipum, og þá koma eigendur þeirra, eins og háttv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K., og segja, að sjer þyki of mikið að láta þessa hermenn guðs, eins og þeir hafa verið kallaðir, fá 8 tíma hvíld á sólarhring. Jeg verð að segja það, að það er alveg óskaplegt, að það skyldi koma fyrir eftir daginn í gær, að deilt yrði um það, hvort sú stjett, sem á við erfiðust kjör að búa hjer á landi, skuli fá að sofa eins og læknisfræðin og allir, sem þekkingu hafa á þeim hlutum, segja, að nauðsynlegt sje fyrir starfandi menn. Jeg vona, að hv. þm. skiljist það, að illa fer á því að gera hvorttveggja í einu, að syrgja þessa látnu menn og kvelja þá, sem eftir lifa.

Jóhann Jósefsson: Jeg skal ekki vera langorður. En jeg held helst, að það sje óhætt að segja hæstv. dómsmrh. það, að honum hefði verið sæmra að hlusta á þá menn, sem hjer hafa talað í gegn því frv., sem um er að ræða, áður en hann greip til þess óyndisúrræðis að nota stórkostlegt sjóslys, sem hjer hefir átt sjer stað, til þess að vekja andúð á móti þeim mönnum, sem hafa talað í gegn því, að lögleiddur aukinn hvíldartími væri nauðsynlegur.

Hv. 2. þm. G.-K. undirstrikaði það greinilega í sinni ræðu, að það væri ekki verið að deila um það hjer, hvort menn vildu unna sjómönnunum þeirrar hvíldar, sem nauðsynleg væri, heldur væri verið að deila um það, hvort nauðsynlegt væri að lögbjóða þennan minsta hvíldartíma. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að við, sem höfum lagst á móti þessu frv., höfum ekki með daglegri framkomu okkar sýnt það, að við bærum nokkuð þyngri hug til sjómannastjettar þessa lands heldur en hæstv. dómsmrh., og vil jeg

í því efni vísa á ummæli í þingtíðindunum, sem hæstv. dómsmrh. sjálfur hefir haft um sjómannastjett landsins, sem ekki er hægt að má út, þegar hann hefir verið að kalla þá veiðiþjófa. (**Dómsmrh. JJ:** Eru það hásetarnir?). Hæstv. ráðh. hefir ekki dregið neina undan, þegar hann hefir verið að tala um það. Það er svo ósæmilegt að draga sjóslys inn í þessar umræður, enda engum ætlandi nema hæstv. dómsmrh. (**Dómsmrh. JJ:** Kom það illa við kaunin?). Það kom ekkert illa við nein kaun hjá mjer. Mjer er óhætt að fullyrða það, að jeg hefi að baki mjer það starf fyrir sjómannastjett þessa lands, sem hefir verið þeim hollara en alt skraf hæstv. dómsmrh. En annað eins endemi og hent hefir hæstv. dómsmrh., sem kemur hjer skyndilega inn í deildina, hendir fáein orð á lofti og fer svo að glósa með ósæmilegan áburð á okkur, mótstöðumenn þessa frv., mundi gera það að verkum, að allir stæðu undrandi, ef það væri ekki einmitt þessi hæstv. ráðh., sem hjer væri að verki, en allir vita, að úr þeirri átt er von á þeim ummælum, sem engum öðrum dettur í dug að viðhafa, hvorki í þessu máli nje öðrum.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg er í raun og veru dauður, en þakka hjer með hæstv. forseta fyrir að leyfa mjer að segja nokkur orð.

Jeg get ekki skilist svo við þessa umr., að jeg svari ekki hv. þm. Vestm. örfáum orðum. Háttv. þm. hefir fundið köllun hjá sjer til að styðja stjettarbróður sinn, hv. þm. G.-K., í þessu máli, og reynt að flytja fram það, sem hann kallar rök, borið upp á mig, að jeg hafi farið með rangt mál, og sjerstaklega hvað þær tilvitnanir snertir, sem jeg hefi haft úr erlendum blöðum, og látið ljós sitt skína um það, hvernig þessu er háttað hjá Þjóðverjum. Mínar heimildir hefi jeg skjalfestar í skýrslu, sem birt er í alþjóða verkamannatímariti, sem sent er um allan heim. Þjóðverjar eru sú þjóð, sem einna lengst er komin í styttingu vinnutímans, og fiskimenn þeirra láta ekki bjóða sjer það að vaka svo lengi, að þeir haldi ekki fullu þreki, og það er best að segja það um leið, að Þjóðverjar sækja ekki sjóinn eins fast og við hjer og þeir leggja aldrei á sig annað eins strit og okkar fiskimenn gera.

Svo segir háttv. þm., að þeirra fiskimenn sjeu síst betur launaðir. Togaramenn þeirra eru launaðir með 100 gullmörkum á mánuði; auk þess hafa þeir ½% af „nettó"-afla skipsins og ¾ hluta alls lýsis, en ¼ hluti af verði þess er fyrir þeim kostnaði, sem af því leiðir, að alt lýsi er brætt um borð í skipunum. Þeir eru því miklu betur launaðir en okkar fiskimenn. Um skipstjórana skal jeg ekki þrátta; háttv. þm. hefir sjálfsagt þekkingu sína frá einhverjum þýskum skipstjóra, og jeg hefi mína fræðslu úr áður nefndu tímariti.

Í Englandi eru dregin frá kol, þegar verið er á ísfiski, og það er algild regla þar, að frá er dreginn allur kostnaður, áður en ágóðahluti þeirra er reiknaður, og sá kostnaður leikur á milli 300—600 sterlingspund í hverjum „túr", og er þetta alt annað en það, sem tíðkast hjá okkur. En um Englendinga er það frekar að segja, að hvíldartími er sama sem lögfestur

hjá þeim, því að það var álitið, að hin tíou strönd ættu oft rót sína að rekja til hinnar óhæfilegu vöku á togurunum, og vátryggingarfjelögin gerðu það því að kröfu sinni, að hásetarnir fengju svo og svo langa hvíld í sólarhring. Það er líka vitanlegt, að Englendingar eru ekki eins sjósæknir eins og við. Reynslan sannar þetta. Þegar veðráttan er slæm, þá eru íslensku skipin ávalt aflahæst á ísfiskiveiðunum, sem stafar af því, að þeir halda lengur úti við veiðarnar.

Svo segir háttv. þm., að þýskir togaramenn hafi ekki landleyfi heima hjá sjer. Jeg get þá sagt hv. þm., að það er samningsbundið, að hásetarnir þurfa ekki að koma að skipinu fyrsta sólarhringinn, sem þeir eru heima. Ef dvölin er lengri, þá koma þeir einhvern part úr degi til vinnu um borð.

Hvað það dæmi snertir, sem hv. þm. kom með, að einhver og einhver, sem hann ekki nefndi, vildi ekki aukinn hvíldartíma, skal jeg ekkert segja um, en það er kannske einhver, sem litla reynslu hefir í þessum efnum. Og þó að þessi eini maður hafi kannske látið þessa skoðun uppi, þá segir það vitanlega ekkert um hug fjöldans í þessu máli. En um vilja sjómanna skal jeg geta þess sem dæmis, að árið 1926 var haldinn hjer fundur í Bárunni með þeim mönnum, sem vinna á íslensku togurunum, og var þá samþykt einum rómi að vinna að því að fá aukinn hvíldartíma, og auk þess hafa rúmlega 500 manns, sem vinna á togurunum, undirskrifað sömu kröfu.

Einnig kom hv. þm. með þá fregn, sem kann að hafa við nokkur rök að styðjast, að á ísfiski væri erfiðið síst minna; en það er vegna þess, að á síðustu árum hafa útgerðarmenn fækkað mönnum til mikilla muna á skipunum, meðan sú veiði er stunduð, svo að ef um nokkur aflabrögð er að ræða, þá er vinnan hreinasta drep, síst betri en á saltfiski, þegar fólkið er fleira, svo að hv. þm. hefir þar stutt okkar mál.

Jeg skal ekki eltast við alt, sem hv. þm. ljet ljós sitt skína um í þessu máli, enda veit jeg eiginlega ekki, hvaða rök á að færa fyrir þessum hv. þm., því að það er sama, hvað borið er fram, þeir þurfa að þreifa á, hver raunveruleiki er í þessu efni, og jeg verð að segja hv. 2. þm. G.-K. það, að hann hefði gott af því að eiga að strita svo sem mánaðartíma um borð, þegar vel er um afla, og fá að finna til þess, hvað það er að fá ekki að sofa nema 5 tíma í sólarhring. Og hv. þm. Vestm. þyrfti þess með líka, því að þá myndi kannske Tómasar-eðlið minka hjá báðum þessum hv. þm.

Krafan um 8 tíma hvíld var í rauninni hafin 1918, þó að þá væri slakað til um 2 tíma, til þess að geta sýnt, hver þörf væri á að uppfylla hana, þegar hinar ágætu afleiðingar þessarar byrjunar höfðu fengið að sýna sig. En þessi hvíldartími fæst ekki næstu áratugi, nema því aðeins, að hann verði lögfestur. Og þó að einhverjir skipstjórar vildu koma þessari hvíld á, þá þora þeir það bókstaflega ekki fyrir útgerðarmönnunum, því að það er vitanlegt, að þeir eru strangir húsbændur, þegar er að ræða um vinnubrögð á togurunum.

Hv. þm. Vestm. er að vísu ekki togaraútgerðarmaður, en hefir hinsvegar fundið þörf hjá sjer til að taka upp hanskann fyrir útgerðarmennina. En

hvað önnur skip snertir, sem hv. þm. benti til, þá vil jeg segja það, að litlu mótorbátarnir eru alls ekki sambærilegir, og um línubátana skal jeg ekki deila á þessu stigi málsins; það fer fram rannsókn um það, hvort þar er eins og af er sagt um vökurnar, eins og hv. þm. vill vera láta. En ef þar er eins ástatt og jeg hygg, þá kemur þar sjálfsagt fram krafa líka um lögboðna hvíld.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer er ánægja að því, hve þessar umr. hafa farið stillilega og rökvíslega fram á margan hátt, og þó að þeir hv. þm., sem talað hafa, finni sumir eða haldi, að þetta komi við þeirra buddu eða hagsmuni þeirra fjelaga eða fyrirtækja, sem þeir, margir hverjir, standa að, þá hefir í þessum umr. ekki verið neinn sá ofsi, sem oft vill fram koma, þegar hagsmunum manna lendir saman. Að þessu leyti hafa umr. um „vökulögin" til þessa verið til fyrirmyndar.

En það þarf þó engu síður, þótt umræðurnar hafi verið kurteislegar, að leiðrjetta ýmislegt, sem fram kom hjá hv. 2. þm. G.-K. Hv. þm. vildi gefa þá skýringu, að öll mín ræða hefði snúist um verksmiðjumenn á Englandi, en hjer væri að tala um vinnu á sjó, og vissi jeg það áður, að það er munur á vinnu á sjó eða í landi, en hitt vil jeg benda hv. þm. á, að maðurinn, sem vinnur, er einn og hinn sami, og það gilda hin sömu lögmál um líkama hans og heilsu, hvort sem hann vinnur á sjó eða í landi, og það er þess vegna náskylt að taka dæmi af baráttu um vinnutíma í ensku verksmiðjunum, þegar um er að ræða vinnu á íslensku togurunum. Hvort sem menn vinna á sjó eða landi, þarf að fullnægja sömu skilyrðum, þó að misjafnlega langt sje gengið.

Jeg bar saman rjett þeirra, sem á sjó eru, við viðurkendan rjett þeirra, sem starfa í landi, en hitt bar jeg ekki saman, hversu marga vinnutíma þeir hafa, sem vinna á sjó, samanborið við þá, sem vinna í landi.

Í verksmiðjum er vinnutíminn 44—60 stundir á viku; algengast er, að hann sje 48—54 stundir. Eftir þessu frv. yrði hámarksvinnutími á togurunum 112 stundir á viku. Þetta er allmikill munur, og verður ekki annað sagt en að hjer sje gert fyllilega fyrir því, að sjerstaklega horfi við um sjómensku og fiskveiðar. Á landi vinna menn, eftir vinnutíma verksmiðjanna, 7—10 stundir daglega, og hafa þó hvíld á sunnudögum og oft seinni hluta laugardags. En á sjónum gilda ekki einu sinni tíu boðorð Guðs um hvíldardagshald. Sýnist því meiri ástæða til, að sjómennirnir fái að hafa nóttina í friði, þar sem svo gamlar reglur um hvíldartíma eru þverbrotnar á sjónum.

Hv. 2. þm. G.-K. spurði, hvað Englendingar hefðu gert fyrir sjómenn sína og fiskimenn, og sagði, að það væri aðalatriðið. Það er rjett, að parlamentið hefir ekki gefið út nein lög um hvíldartíma á fiskiskipunum, nje heldur á kaupförum, og er það enn undarlegra, þar sem það hefir verið gert víðast annarsstaðar. Þetta er um suma hluti venja í landi hinna óskráðu laga, sem eru tryggari þar en víðast hvar annarsstaðar í heiminum. Það er sjerstaklega eftirtektarvert, að parlamentið hefir ekki sett nein lög um hvíldartíma á kaupförum. Orsökin er sú, að svo vel hefir samist með vinnu-

veitendum og vinnuþiggjendum, að þingið hefir ekki sjeð ástæðu til að grípa í taumana. Það hefir víðast hvar verið sett í lög, að farmenn skuli hafa 12 stunda svefn á sólarhring, og á Nýja-Sjálandi er jafnvel lögtekin 8 stunda vinna á sjó sem landi. (**SÁÓ:** Líka á Frakklandi). Það mun rjett vera að nokkru leyti, en Frakkar gera mun á „effektívri" vinnu og hinu, að vera ávalt viðbúinn því að vera kallaður til vinnunnar.

Jeg hygg, að í frv. sje tekið það tillit, sem þarf, til eðlismunarins á vinnu á kaupförum og fiskiskipum, með því að ákveða vinnutíma á togurum 4—8 stundum lengri en á kaupförum. Þetta hafa Bretar einnig gert, þótt ekki sje um það ákveðið í lögum. En fyrir okkur liggja jafnsterk rök í lögum þeirra um hvíldartíma í verksmiðjum. Ákvæðin um þann hvíldartíma sættu hinni hörðustu mótspyrnu um langan tíma, og varð engu um þokað fyr en löggjafarvaldið tók í taumana.

Hv. 2. þm. G.-K. kvaðst geta komið með mörg skemtileg atriði úr veraldarsögunni um vinnu- og hvíldartíma, eins og jeg hefði gert, án þess að þau snertu þetta mál. Jeg held, að öll þau dæmi, sem jeg nefndi, hafi snert þetta mál. Jeg held, að það sje einmitt gott fyrir skilning manna á þessu máli, að kynna sjer baráttuna um hvíldina, eins og hún kemur fram í sögu 19. aldarinnar.

Jeg nefndi Adam Smith til stuðnings máli mínu, þótt hægt hefði verið að nefna hundruð hagfræðinga, sem hafa verið sömu skoðunar og hann. Jeg nefndi hann sjerstaklega, af því að hann má telja föður þess skipulags, er nú ríkir í heiminum og Íhaldsflokkurinn viðurkennir. Þótt heimurinn eða hinn mentaðri hluti hans sje talinn kristinn, má hann þó öllu fremur heita ríki Adams Smiths. En fyrst hann er ríki Adams Smiths, þá finst mjer ekki úr vegi að minna á þann boðskap hans, sem á mest skylt við gleðiboðskapinn, en það er nægileg hvíld og nægilegt kaup. Í baráttunni fyrir betra skipulagi er það ekki aðalatriðið að ræna frá þeim, sem eitthvað hafa, og skifta á milli þeirra, sem lítið hafa eða ekkert, heldur að auka framleiðsluna, svo sem flestir geti hlotið sem mest lífsgæði, og besta ráðið til að auka framleiðsluna er það, að þeir, sem að henni starfa, öðlist bætt lífskjör, hæfilega hvíld og nægilegt kaup.

Háttv. 2. þm. G.-K. sagði, að jeg blandaði saman meðaltalshvíld og minstu hvíld. Jeg get ekki fallist á, að jeg hafi gert það, en jeg nefndi einkum minstu hvíld, af því að hún mun vera algengust. Meðaltalshvíldin skiftir miklu minna máli í þessu sambandi, eins og hægt er að sýna með dæmi, sem að vísu er öfgafult, en skýrir þó, hvað hjer er um að ræða. Ef maður sefur í hálft ár og vakir í hálft ár, þá má að vísu segja, að hann hvílist hlutfallslega nógu lengi. En mundi ekki kröftum hans vera ofboðið fyrir því? Það er ekki meðaltalshvíldin, sem hjer er aðalatriðið, heldur hve langir kaflar það eru, sem menn njóta aðeins minstu hvíldar. Eftir því sem hásetar segja, eru þessir kaflar oft svo langir á íslenskum togurum, að kröftum manna og heilsu er misboðið. Það væri mjög þarflegt, ef hægt væri að leggja fram skýrslur um meðaltalsvinnutíma á íslenskum togurum,

en jeg hygg, að hvorki jafnaðarmenn nje andstæðingar málsins geti lagt slíka skýrslu fram. En ef slík skýrsla væri til, hygg jeg, að það kæmi fram, að hvergi er vinnutíminn lengri en á togurunum, þrátt fyrir hvíldarkafla þá, sem menn fá stundum, og að vísu koma að nokkru gagni, en þó alls ekki að slíku gagni sem aukin dagleg hvíld að sama skapi hefði í för með sjer.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að jeg hefði fundið, að jeg hefði þurft einhverrar afsökunar. Jeg hvorki þarf hennar með nje hefi beðið um hana. En jeg sagði, að að mínu leyti ljeti jeg mjer nægja, að því marki væri náð, að lögfestur væri 8 stunda hvíldartími, en jeg get vitanlega enga tryggingu gefið fyrir því, að ekki verði reynt til að auka hann, aðra en þá, að svefnþörf manna mun verða svipuð framvegis og hún hefir verið til þessa. En við svefnþörfina eru ákvæði frv. miðuð. Þetta er sú trygging, sem menn verða að sætta sig við. En hví er annars verið að biðja um tryggingu? Ef beðið er um tveggja tíma hvíld, má búast við, að síðar verði farið fram á fjögurra tíma hvíld — segja andstæðingarnir. Meðan hvíldin er of lítil, má ávalt búast við, að krafist verði aukins hvíldartíma, — en lengur ekki. Ef menn á annað borð viðurkenna svefnþörfina, verða menn að beygja sig undir úrskurð þeirra, sem völdin hafa á hverjum tíma. Mín yfirlýsing fól það í sjer, að jeg myndi ekki halda fram kröfum um meira en 7—8 stunda svefn á meðan jeg er þingmaður, en þar með segi jeg ekki, að ekki geti verið rjett, að skipstjóri veiti nokkra hvíld þar að auki. Það gæti ef til vill orðið til að auka afköst hásetanna og verðmæti framleiðslunnar. Gerðar hafa verið tilraunir um það, hvaða hvíldir borgi sig best. Og jeg tel alveg víst, að það borgi sig ekki best að láta menn strita eins og vjelar á togurunum alla þessa 16 tíma, heldur strita með viti og hæfilegum hvíldum. Hjer er ekki um neina þvingunarstefnu að ræða, heldur álit margra þeirra, sem atvinnu reka og vilja hafa sem mest upp úr atvinnurekstri sínum.

Það, sem mjer líkaði verst í ræðu hv. 2. þm. G.-K., voru þau ummæli hans, að jafnaðarmenn myndu krefjast síns árlega gjalds af Framsóknarflokknum fyrir að styðja stjórn þá, er nú fer með völd. Eins og liggur í augum uppi, getur samvinna um stjórnarmyndun því aðeins átt sjer stað, að samkomulag geti orðið milli stuðningsflokkanna um ýms mál. Þeir, sem alt leggja út á versta veg, tala um, að jafnaðarmenn beiti Framsóknarflokkinn kúgun, en við, sem tökum þátt í samvinnunni, vitum, að við getum átt samleið með þeim að vissu takmarki, sem við förum ekki yfir.

Eins og flestum mun vera kunnugt, er það algengt í öllum þingræðislöndum, að vinstri flokkarnir sjeu í samvinnu við jafnaðarmenn, og yfirleitt er það algild regla, að miðflokkur myndi ekki stjórn með tilstyrk annara flokka en þeirra, sem eru til vinstri handar. En þegar Framsóknarflokkurinn er kominn að takmörkum sinnar stefnu, þá mun hann nema staðar.

Það eru einkum tvö mál, sem Framsóknarflokkurinn hefir hlotið ámæli fyrir að ljá fylgi sitt. Annað er skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö

kjördæmi, og hitt það mál, sem hjer er til umræðu. Jeg þykist þess fullviss, að þegar bæði þessi frv. eru orðin að lögum, þá detti engum í hug að hverfa aftur til hins gamla fyrirkomulags. Hvíldartími háseta verður aldrei stytttur aftur, og þingmaðurinn verður aldrei tekinn af Hafnarfirði, nema stórfeld hnignun og mannfækkun eigi sjer þar stað.

Framsóknarflokkurinn hefir hjer stutt góð mál af fullri sannfæringu og hefir ekki látið það fæla sig frá þeim, þótt stuðningsflokkurinn ætti hagsmuna að gæta. Menn verða líka að muna, að hagsmunamál geta líka verið fullkomin rjettlætismál.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg var hissa á því, hve illa hv. þm. Vestm. tók það upp, að jeg sagði, að ekki væri viðkunnanlegt að vera að deila um daginn eftir allsherjarsorg bæjarins og landsins við útför hinna druknuðu sjómanna, hvort 8 stunda svefn á sólarhring væri of mikill hvíldartími fyrir sjómenn á ísl. togurum. Veraldarreynslan hefir stefnt að þeirri niðurstöðu í heila öld, að hlífa beri mönnum við þrældómi og ofþjökun af erfiði. Þegar iðnaðaröldin kom fyrst yfir England, var það siður að láta verkafólkið vinna, uns það hneig niður af þreytu. Ýmsar iðnaðarborgir í Englandi, svo sem Manchester, Bristol o. fl., bera þess merki enn í dag, hversu brotnar voru allar reglur fyrir mannlegu lífi á þessum tímum. Fyrir harða og þrotlausa baráttu mannvina og lækna tókst smátt og smátt að ráða bót á þessu böli og fá löggjöfina til að taka í taumana. Nú mælir enginn, nema annaðhvort gerómentaðir eða grimmlyndir menn, slíku ófremdarástandi bót lengur. Hver sá, sem hefir þekkingu, vill láta halda, að hann hafi þekkingu eða beygir sig fyrir þekkingu, viðurkennir allar rjettmætar kröfur um svefn og hvíld, sem menn þarfnast til að lifa lífinu. Það samrímist heldur illa að tala um, að velmegun þjóðarinnar hvíli að miklu leyti á baki sjómannanna, og telja um leið nægilegt, að þeir hafi 6 tíma hvíld á sólarhring og eitt hlje til að gleypa í sig matarbita. Ef hv. þm. Vestm. hefir nokkra nasasjón af vísindum og mannúð síðustu aldar, hlýtur honum að vera kunnugt, hversu þekkingin hefir stöðugt sótt á í þessu efni, en vanþekkingin og harðneskjan látið í minni pokann.

Framsóknarmenn hafa ekki beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, en þeir hafa litið á, hver málstaðurinn er. Ef okkur væri sama, þótt fólkið við sjóinn úrkynjaðist og væri þrælkað og illa meðfarið, — ef okkur væri sama um, þótt þjóðarstofninn væri veiktur, þá er ekki víst, að við hefðum lagt lóð okkar á þá metaskálina, þar sem þekkingin og reynslan voru fyrir, og unnið þjóðarheildinni gott og gagnlegt verk með því að ljá máli þessu brautargengi.

Hv. þm. Vestm. sagði, að jeg hefði farið óviðurkvæmilegum orðum um sjómannastjettina með því að kalla hana veiðiþjófa og landhelgibrjóta. Jeg hefi nú hvorki sagt það, nje býst við því, að það sjeu hásetar, sem fyrir landhelgibrotunum standa, heldur yfirmenn á skipunum og stundum útgerðarmennirnir í landi. Hinir sönnu veiðiþjófar togaranna eru flestir í landi, og í viðbót við framferði sitt í landhelgimálum bæta sumir þeirra

grimd og siðleysi í aðbúð við verkafólk sitt, eins og best sjest á mótstöðunni gegn þessu frv. Hv. þm. þýðir því ekki að ætla sjer að draga hásetana undir þá syndasekt, sem Ágúst Flygenring lýsti á hendur útgerðarmönnum hjer á þingi fyrir nokkru síðan.

Jeg hefði talið eiga best við, að frv. þetta hefði verið samþ. umræðulaust í dag, vegna þess, sem fram fór í gær, 8. mars.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hefði ef til vill haft ástæðu til að svara hv. þm. V.-Ísf. nokkrum orðum, en af því að jeg hefi þegar tekið það flest eða alt fram, er hefði þurft til andsvara síðustu ræðu hans, mun jeg láta það hjá líða.

Jeg kvaddi mjer hljóðs til þess að láta hæstv. dómsmrh. vita, hvers vegna jeg gekk út úr deildinni áðan undir ræðu hans. **(Dómsmrh. JJ:** Það var rjett hjá þm. að fara út). Jeg gekk út vegna þess, að jeg fyltist slíkum viðbjóði, þegar hæstv. ráðh. fór að draga viðkvæma minningu gærdagsins inn í æstar umræður hjer í deildinni, að jeg sá þann kost vænstan að hverfa á burtu. Jeg veit, að þegar hæstv. ráðh. hugsar um þessa framkomu sína í einrúmi og sjer, hversu ódrengileg hún var, þá muni hann skammast sín, ef hann kann það. **(Dómsmrh. JJ:** Það er sjálfsagt af hv. 2. þm. G.-K. að skammast sín).

Haraldur Guðmundsson: Út af því, sem hv. þm., er síðast talaði, sagði, vildi jeg segja það, að það eru skopleg látalæti og jafnframt sorgleg, að rjúka upp með hávaða og látum og þykjast hneykslaður, þó það sje nefnt, sem nú hlýtur að vera efst í hugum allra. Það eru látalæti, uppgerð og yfirdrepskapur að láta sem honum komi það á óvart, þótt nefnt sje slysið ægilega í þessu sambandi, og fjarri öllu velsæmi að taka því eins og hann gerði.

En það, sem kom mjer aðallega til að standa upp, eru ummæli þau, er hv. 3. þm. Reykv. ljet falla í kvöld. Þau eru að vísu ekki óvanaleg, en þau sýna betur en nokkuð annað viðhorf ekki svo fárra af stjórnendum togarafjelaganna til manna þeirra, er vinna hjá þeim. Hann sagði, að verkafólk væri nú yfirleitt svo, að það vildi hafa meiri laun, minni vinnu og meira sjálfræði. Andinn væri sá, að heimta mikið, en afkasta litlu. Varla væri gerlegt að ráða hjú vegna ódygða þeirra og eftirtalna, og fleira þessu líkt.

Það er svo sem ekkert nýstárlegt að heyra þessu slegið fram, en það er sorglegt tímanna tákn, að einn af stærstu atvinnuveitendum þessa lands skuli leyfa sjer að gefa starfsfólki sínu slíkan vitnisburð, og það á sjálfu Alþingi. Það er slíkur óþokkaskapur og ósvífni, að slíks eru fá dæmi. Þetta eru þakkirnar, er hann geldur fólkinu, sem með vinnu sinni hefir skapað velmegun hans.

Því hefir verið haldið fram, að ef þessi vökulög yrðu samþykt, þá væri það nýr skattur á útgerðina. En þá mætti með sama rjetti segja, að allar kaupgreiðslur væru skattar á útgerðina. En hjer er ekki um neina skatta að ræða. Hjer er um það að ræða, hvort ástæða sje til að skifta

sjer meira af rekstri útgerðarinnar en verið hefir í þessu efni. Því að það hljóta allir heilvita menn að sjá, að ef nokkur meining er í rekstri útgerðar yfirleitt frá sjónarmiði alþjóðar, hlýtur hún að vera sú, að tryggja fyrst og fremst viðurværi og sæmilega afkomu þeirra, sem stunda þá atvinnu, en ekki sú, að útgerðarstjórarnir raki saman fje. Vitaskuld eiga allir, sem að útgerðinni starfa, bæði á landi og sjó, forstjórar og verkafólk, að búa við sæmileg kjör, eftir því sem útgerðin frekast leyfir. Væri fylsta ástæða til þess að athuga, hvort ekki mætti ganga betur frá skiftunum og tryggja þeim betur sitt, er kröfurjett eiga, ef svo mætti segja; það eru sjómennirnir.

Það er svo sem ekki ný kenning, að hver ný rjettarbót starfsmannanna sje skattur á fyrirtækin. Nei, hún er bæði gömul og margtuggin. En það má undarlegt heita, að forstjórar stórra útgerðarfjelaga skuli halda slíku fram eftir að það hefir verið sýnt og sannað, að öll þau ár, síðan togararnir tóku að starfa hjer, hefir aflinn farið sívaxandi, hvort heldur miðað er við meðalafla á skip eða meðalfeng á veiðidag. Og eftir að vökulögin frá 1921 voru sett, hefir hann farið mjög vaxandi. Það stafar vitanlega af fleiru en einu. Það er bæði af því, að tækin eru betri, skipstjórarnir vanari orðnir og kunnugri, og síðast en ekki síst af því, að skipverjar afkasta nú meiru en áður en hvíldartíminn var lögleiddur. Enda hefir hv. 2. þm. G.-K. viðurkent, að sex tíma hvíldin hafi verið til hagnaðar fyrir útgerðina.

Jeg sje, að nál. minni hl. sjútvn. er að mestu samhljóða nál. meiri hl. frá í fyrra, enda taka minnihl.menn það fram, að sökum þess að aðstæður sjeu óbreyttar frá því í fyrra, þá geti þeir að mestu leyti gert orð þau, er standa í nál. meiri hl. frá í fyrra, að sínum. Nál. er að mörgu leyti svo merkilegt, að jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa smáklausur upp úr því. Þar segir meðal annars svo: „Það er alkunna, að útgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög varhugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga".

Hjer er slegið fram fullyrðingum án þess að reynt sje að færa nokkur rök fyrir þeim. Nefndarmenn segjast geta tekið undir orð nefndarinnar frá í fyrra um það, „að útgerðin standi höllum fæti". Það hefir máske mátt segja þetta með nokkrum rjetti árið 1926, en 1927 var mjög gott ár, og nú er útlitið ágætt fyrir þessa útgerð. Samt voga þeir sjer að halda þessu fram nú. Annars er það altaf viðkvæðið hjá útgerðarmönnum, þegar rætt er um kaup og kjör verkafólks og sjómanna, að útgerðin þoli ekki, að kjörin sjeu bætt. Þeir segjast altaf vera að tapa, en altaf fjölgar þó skipunum. Líklega eru þau keypt fyrir töpin. Þeir ættu að birta reikninga sína, svo almenningur fengi lausn þessarar gátu. Nú vil jeg spyrja þá, sem eru svo heimtufrekir á sannanir frá öðrum: Hvað er það, sem sannar, að útgerðinni sje þetta um megn? Hvar eru sannanirnar fyrir því, að útgerðin standi höllum fæti? Hvar eru sannanir fyrir, að fjölga þurfi skipverjum? Hví sanna þeir ekki, að útgerðin þoli ekki, að bætt sje einum manni á skip? Þetta er alt ósannað ennþá. Og hvers vegna? Jú, af því

að það er ekki hægt að sanna það. Ein er þó sú klausa í þessu nál., er tekur öllu öðru fram. Eftir að nefndin þykist hafa lagt á sig erfiði mikið og spurt marga af þeim, er við lögin hafa búið, hvað þeir álíti um það, hvort þörf sje á þessari breytingu, segjast þeir hafa fengið þrenskonar svör. Í fyrsta lagi: Hvíldaraukinn er hvorki nauðsynlegur nje æskilegur. Í öðru lagi: Hvíldaraukinn er að vísu ekki nauðsynlegur, en æskilegur. Og í þriðja lagi: Hann er nauðsynlegur. Með þessum svörum ætla þeir svo að sanna, að hvíldaraukans sje ekki þörf. En slík svör og þessi sanna ekki neitt. Hugi sjómannanna, sem við lögin búa, hafa þeir ekki rannsakað; ekki heldur rannsakað heilsufar þeirra. En sjómennirnir hafa sagt óskir sínar og kröfur í þessum efnum; þeir vita best, hvar skórinn kreppir. Áskoranir þeirra sanna þörfina.

Að lokum gefur minni hl. nefndarinnar í skyn, að ekki sje mikið leggjandi upp úr kröfum þeirra, er flytja frv., og komast þar svo að orði: „Hitt er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem bæði hafa áhuga fyrir og framfæri af því að halda á lofti kröfum sjómanna, þurfi að sýna uppskeru og vilji því gjarnan láta lögfesta ýmislegt, sem meiri hl. skjólstæðinganna telur ýmist æskilegt eða nauðsynlegt. En löggjafanum er síst ofraun að skilja, að valt er að treysta staðhæfingum þeirra, sem **hvorki vinna verkið nje greiða fyrir það, en eiga þó sjerhagsmuna að gæta**". Þetta getur ekki verið meint til annara en okkar, flm. frv. En nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hv. minni hluta: Hverra sjerhagsmuna eigum við að gæta í þessu máli? Og hvað meina þeir eiginlega með þessu? Varla hafa þeir gerst til að láta prenta þetta án þess einhver meining væri í því.

Hv. þm. Vestm. var allra manna kröfuharðastur um það, að sannanir væru færðar fyrir nauðsyn hvíldaraukans. Hvaða sannanir vill hann? Vill hann, að komið sje hjer inn í deildina með úrvinda sjómann, sem vakað hefir 19 tíma úr sólarhring marga daga samfleytt og varla veit, í hvorri hendinni hann hefir hnífinn? Hvaða sannanir lágu fyrir, þegar 6 tíma hvíldin var lögleidd? Hvaða sannanir voru fyrir hendi, þegar barnaþrælkunin í Englandi var afnumin? Hvaða sannanir lágu fyrir, þegar 8 tíma vinnudagur var lögleiddur víða um heim í fjölda atvinnugreina? Jeg held þessum mönnum væri nær að sanna sinn eiginn málstað heldur en æpa svo hátt á sannanir frá öðrum. Hjer liggja fyrir margar áskoranir og fundarsamþyktir frá sjómönnum, og þeir vita best, hvar skórinn kreppir. Þetta eru einu sannanirnar, sem heilbrigð skynsemi getur krafist.

Nokkrir þm. hafa spurt, hvers vegna þyrfti frekar að setja lög um hvíldartíma við þessa vinnu en aðra. Þar er því til að svara, að við þessa vinnu verður að sæta færi og grípa gæs meðan gefst, en það skapar freistinguna til þess að gæta ekki hófs. Það er engin freisting fyrir bóndann að láta slá í 18 til 20 tíma, en það er skiljanleg freisting fyrir skipstjóra að halda áfram meðan mennirnir geta staðið, þegar gnægð er fiskjarins. Og það er mannlegt, þó þeir falli fyrir freistingunni og ofbjóði þreki þeirra

manna, er þeir ráða yfir. Það eru einmitt hinir sjerstöku hættir þessa atvinnuvegar, sem heimta lagasetningu um þessi atriði. Það er sú margfalda hætta, sem hjer er, samanborið við það, sem er á öðrum sviðum. Það hefir verið spurt, hví ekki væri heimtuð 8 tíma lögboðin hvíld við slátt. Það er aðeins af því, að þess gerist ekki þörf. Það væri blátt áfram hlægilegt að heimta slíkt

Það er sorglegt að þurfa að segja það, en samt er það satt, að það er helst svo að sjá, sem andstæðingar þessa frv. líti á mennina, sem hjá þeim vinna, eins og hluta af skipinu, hluta af kostnaðinum við útgerðina. Líti sömu augum á skipverja og vinnu þeirra eins og á saltið, olíuna og kolin og aðrar nauðsynjar, sem þarf til þess að skipið geti gengið. Þetta er sú argvítugasta villa, að setja vinnandi menn á bekk með dauðum hlutum. Það er, eins og hv. þm. V.-Ísf. tók rjettilega fram, hreinasta glapræði að ætla sjer að leggja sama mælikvarða á lifandi menn og dauða hluti. Það er ómögulegt að finna það meðaltal, er gildi jafnt um menn og dauða hluti.

Það er gömul og algild regla, enda viðurkend af öllum, að afkast manna aukist, að vissu takmarki, að sama skapi og vinnutíminn styttist. Menn greinir aðeins á um það, hvar takmörkin sjeu. Engum óvitlausum dettur í hug, að farið verði niður fyrir þau takmörk, þó vinnan sje ákveðin eigi lengri á dag en 16 tímar. Það er deilt um 6, 7, 8 eða 10 tíma, því þar einhversstaðar neðan til eru takmörkin. Og því hefir ekki verið haldið fram fyr en hjer, að ekki væri hægt að auka framlag mannsins með að stytta vinnutímann niður úr 18 stundum.

Það hefir komið fram hjá andstæðingum þessa frv. sú skoðun, að kröfum þessa frv. væri ekki stilt svo í hóf sem skyldi með tilliti til útgerðarinnar. En þetta er viðkvæðið í hvert skifti, sem farið er fram á einhverja rjettarbót til handa verkamönnum. Það á þá að vera gert af fjandskap við útgerðina og illum hug til útgerðarmanna. En þetta er sá mesti misskilningur. Hjer er einmitt verið að viðurkenna, að sjerstaklega stendur á með þessa atvinnugrein, því það er aðeins farið fram á, að þeir, sem vinna á togurum, fái 8 tíma *hvíld* á sólarhring.

Ef um aðra vinnu væri að ræða, mundi engum detta í hug að fara þessa leið. Þá mundi verða ákveðið, hvað vinnutíminn mætti vera langur. Það, að hjer er leyft og liðið, að unnið skuli dag eftir dag í 16 tíma, er full viðurkenning þess, að sjávarútvegurinn er frábrugðinn öðrum atvinnugreinum og veiðin stopul og veðrátta misjöfn. Það er svo fullkomin viðurkenning þess, að frekari verður ekki krafist. Hv. 2. þm. G.-K. vildi ekki aðeins gefa í skyn, heldur fullyrti, að fylgi Framsóknar við þetta frv. væri nokkurskonar skattur til jafnaðarmanna. Það er ekki óeðlilegt, þótt honum komi í hug skattgreiðslan og kaupskapur. Hann er því ef til vill vanastur og finst það eðlilegt, að alt fáist keypt, að skoðanir gangi kaupum og sölum. Og jeg býst við því, að hann trúi mjer ekki, þótt jeg segi honum, að samvinna Framsóknar og jafnaðarmanna er ekki bygð á neinum kaupmála, heldur á því, að þessir

flokkar líta sömu augum á mörg mál og hjálpast því eðlilega að að koma þeim fram. Hjer er því aðeins um eðlilega samvinnu að ræða.

Jóhann Jósefsson: Það er einkennilegt við þessar umr., að þær hafa, eins og hv. þm. V.-Ísf. tók rjettilega fram, verið mjög stillilegar, alt til þess er það kom fram, að hjer mundi vera að ræða um fyrirfram gerð samtök milli Framsóknar og jafnaðarmanna um að hrinda þessu máli í gegn. En þá fór að koma meiri æsing í umr., og kendi þess allgreinilega hjá hv. þm. Ísaf. Jeg get nú ekki kannast við það að hafa hrópað svo hátt á sannanir í fyrri ræðu minni. Jeg hefi aðeins haldið því fram, að það væri ennþá ósannað, að þörf væri á aukinni löggjöf í þessum efnum, og við það stend jeg. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem fara með stjórn ísl. togaranna, standi útl. togaraskipstjórum svo neðar að mannkostum, að þess sje þörf, að löggjafinn ákveði frekar um hvíld á þessum skipum. Til að byrja með fóru þeir að vísu óvarlega. Þeir voru óvanir skipunum og kunnu sjer ekki hóf. Nú mun sanni nær, að þeir hafi öðlast þann þroska, að það sje fullkomlega óhætt að láta þá leggja frá landi með skipverja sína án frekari íhlutunar frá löggjafans hálfu en orðið er.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi draga í efa, að það væri rjett, sem jeg sagði um kaupgjald á þýskum togurum. Jeg skal játa, að jeg hefi þetta ekki úr neinum skýrslum, heldur úr viðtali við þýska sjómenn, sem sumpart hefir átt sjer stað síðastl. viku. Jeg vildi vita, hvernig þetta væri hjá þeim, með hliðsjón af því, sem hv. 4. þm. Reykv. hefir sagt um þetta. Þetta gerði jeg alveg hlutdrægnislaust og fer jeg hjer með rjett mál, því jeg hermi það eins og mjer hefir verið sagt það. Jeg er þess fullviss, að það er rjett, sem jeg hefi sagt, að þeir (skipstjórarnir þýsku) fá 6% af „nettó"-afla skipsins, eins og þeir kalla það, en sem við mundum kalla „brúttó", því aðeins dregst frá uppboðs- og uppskipunarkostnaður. Jeg hefi aldrei sagt, að útl. togaramenn fengju ekkert landleyfi, en hitt sagði jeg, að ísl. togaramenn hefðu lengra frí í landi, og stafar það af eðlilegum ástæðum, því þegar skipin sigla til Englands, tekur það ætíð 2 vikur. Þennan tíma fá þeir full laun, og eru það þægindi, sem engir útlendingar hafa.

Hv. þm. Ísaf. var að vitna í það, sem við höfum tekið í nál. okkar úr nál. meiri hl. sjútvn. á síðasta þingi. Jeg held nú, að það sje vart treystandi á það, að fjárhagur útgerðarinnar hafi breytst svo mikið til batnaðar frá í fyrra, að yfir höfuð megi ekki segja það sama og þá. Eftirtektarvert er það, að sami maður, sem nú er í meiri hl. nefndarinnar og leggur til, að frv. verði samþ., hjelt því fram í fyrra, að ef aukinn væri hvíldartími, hlyti kaupið að lækka. Þetta er núverandi formaður nefndarinnar. Hann leit svo á í fyrra, að útgerðin stæði það höllum fæti, að ófært væri að leggja á hana nýja bagga, sem mundu óhjákvæmilega leiða af sjer lækkun kaupgjalds. Nú finst honum öðru máli að gegna.

Hv. þm. Ísaf. var harðorður út af því, sem stendur í nál. minni hl., að hæpið sje að treysta staðhæfingum þeirra, er hvorki vinna verkið sjálfir

nje greiða fyrir það, en eiga þó sjerhagsmuna að gæta, og þótti hart, ef þar væri átt við meiri hl. sjútvn. En jeg veit ekki betur en hv. frsm. nefndarinnar eigi sjálfur sjerhagsmuna að gæta, þar sem hann er á launum hjá Sjómannafjelagi Reykjavíkur.

Annars mætti yfirleitt minna þessa hv. þm. á, að þau eiga enn við orðin, sem Bjarni Jónsson frá Vogi hafði um flokksbróður þeirra, er hann talaði um þá menn, sem stæðu utan við atvinnureksturinn, en skriðu eftir breiðum bökum alþýðunnar upp í valdasessinn.

Úr því að nú er upplýst, að samband er komið á milli tveggja flokka um að málið gangi fram, er til lítils að hafa um það fleiri orð. Síst af öllu ætti að vera þörf á að draga inn í umræðurnar þá sorglegu atburði, sem hjer gerðust fyrir nokkrum dögum, eins og hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Ísaf. hafa látið sjer sæma.

Jeg verð enn að minna á, að frá báðum hinum flokkunum (Framsókn og jafnaðarmönnum) hafa fallið ummæli um það, að sjómannastjett okkar sje atgerfisstjett og sómasamleg, eins og við minnihl.menn höfum sagt. Þau orð hljóta einnig að ná til skipstjóranna. En það er vantraust á þeim, að setja þessi lög þeim til höfuðs, og í því vil jeg ekki eiga nokkurn þátt. Jeg trúi því fastlega, að íslenskum veiðiskipstjórum sje eins trúandi fyrir hásetunum eins og útlendum stjettarbræðrum þeirra.

Jón Ólafsson: Jeg hafði ætlað mjer að sneiða hjá að tala meira, því að jeg verð að segja, að það er lítil ánægja að ræða mál við þá menn, sem ekki vilja skilja rjett rök. Það þýðir ekkert að tala um þetta mál af þekkingu. Hv. þm. vaða um alt annað efni, en gleyma því, að það eru aðeins örfáir dagar á ári hverju, sem ríður á öllum þeim krafti, sem til er um borð í skipunum, máske aðeins fáar klukkustundir í senn. Jeg mótmæli því sem alröngu, að nokkurntíma sje vakað 112 stundir á viku, eins og hv. þm. V.-Ísf. talaði um. Það eru svo sárfá tilfelli, sem vakað er 18 klst. tvo daga í röð, hvað þá meira, að þetta nær ekki nokkurri átt hjá hv. þm. — Hv. fylgismenn frv. gleyma því og enn, að við aðrar fiskveiðar er oft vakað 2 sólarhringa samfleytt til þess að ná þeim afla, sem ekki fæst að öðrum kosti. En það er ekki til neins að tala um þessa hlið málsins við þá menn, sem vilja ekki eða mega ekki skilja hana. Meira að segja komst hv. þm. V.-Ísf. svo langt, að hann fór að tala um sálarlíf sjómannanna, og vildi víst jafna því til þeirra manna, sem starfa að verksmiðjuiðnaði. En það er alt annað að vera við veiðiskap heldur en yfir „skrallandi" vjelum í verksmiðjum.

Eiginlega var það hv. þm. Ísaf., sem „jagaði" mig upp úr sætinu. Þótt jeg segi eitthvað af þekkingu og skynsemi um þetta mál, er mjer ekki trúað, en það er satt hjá háttv. þm., að mjer hrýs hugur við því starfi, sem hann og hans nótar láta eftir sig. (**HG:** Var hv. þm. að tala um okkur áðan?) Hv. þm. veit vel, að jeg var að tala um uppeldisstarfsemi þeirra kumpána meðal ungu kynslóðarinnar. Hann talaði um, hvort jeg hefði slíkt fólk í minni þjónustu. Nei, og aftur nei. Enda hefir háttv. þm. ekki þann

aldur, að hann hafi getað alið upp starfsfólk mitt. Og jeg vona, að jeg þurfi aldrei á hans uppeldum að halda. — Um leið og verið er að gera þær kröfur, sem sjálfsagðar eru hjá dugandi þjóð, um meira kaup og aukin þægindi, má ekki draga úr því, að menn leggi fram alla sína krafta. Það er það ódæðisverk, sem jeg víti. Það verður ekki hrakið, sem jeg sagði, að með því að krefjast minni vinnu og meira kaups eru einhver takmörk fyrir því, hvað bjóða má hinum fátæku atvinnuvegum okkar. Jeg held því fram með fullum rökum, að minna verður afkastað, þegar ekki er hægt að hafa fólk til að vinna að öllu þær fáu stundir á hverju ári, sem ríður á kröftum allra, svo að hægt sje að koma aflanum undan. Ef menn eiga að hlífa sjer þessa fáu daga, er langt í hið fyrirheitna land, að öllum geti liðið vel. En þetta leitar alt jafnvægis á sínum tíma. Eins og tekið hefir verið fram, er enginn kostnaðarliður við sjávarútveginn hreyfanlegur, nema mannahaldið. Alt annað er háð útlendum markaði og óviðráðanlegum atvikum. Ef dregið er úr framtakinu, hlýtur það því að fara svo, að kaupið lækki; annars er engin leið, að útgerðin standist. Hv. þm. Ísaf. getur komið til mín og fengið að sjá, hvernig útgerðin stendur hjá því fjelagi, sem jeg er riðinn við. (**HG**: Má jeg það?). Já, háttv. þm. getur fengið að sjá mína pappíra og hve glæsilegir þeir eru; samt hygg jeg, að margir hafi ljótari pappíra að sýna. En það er ekkert leyndarmál, sem í þessum skjölum segir; þau eru send bæði lögreglustjóra og skattstjóra. Og af þessum pappírum getur hv. þm. áreiðanlega sannfærst um það, að útgerðin stendur höllum fæti og að fremur þarf að vægja henni en íþyngja.

Jeg hefi haldið því fram, og það er enn óhrakið, að aldrei hefir verið þörf á löggjöf um þetta efni. Því að málið var komið í eins gott horf eða betra, áður en lögin voru sett. Tíminn hafði búið svo um, að alla daga var nógur svefn, nema örfáa sólarhringa á hverju ári, þegar uppgripaafli var.

Þá var hv. þm. að bera fyrir sig, að þetta væru fundarsamþyktir — fundarsamþyktir! En þeir menn, sem vinna á sjónum, eru ekki altaf á fundum. Það eru einhverjir aðrir, vanalega 20—30 menn, sem aldrei koma á skip og eru ekki eftirsóknarverðir.

Það er rangt, að vakað sje 18 stundir svo og svo marga sólarhringa í röð. En jeg ætla ekki að gefa mig meira við útúrsnúningum og rangfærslum hv. þm. Það endist enginn til að mótmæla því þvaðri öllu. Og jeg vil heldur forsmá það, sem hann og aðrir segja í þessu máli af þekkingarleysi og máske öðru verra.

Haraldur Guðmundsson: Mjer þótti háttv. 3. þm. Reykv. ljúka ræðu sinni á viðeigandi hátt og honum sæmandi einum. Hann sagðist ætla að forsmá orð andstæðinganna. Þetta var viðeigandi endir hjá hv. þm., því að í öllum ræðum sínum hefir hann forsmáð rök okkar, en borið fram aðeins fullyrðingu eftir fullyrðingu. Svona verður þetta sennilega lengstum hjá honum. Því eru það ágæt einkunnarorð handa honum, sem hann klykti út með. Honum hefir sjálfsagt runnið í skap, þeg-

ar jeg rifjaði upp orð hans áðan, og dró nú heldur úr þeim. Það væri ekki verkafólkið, sem væri kröfufrekt, latt og hyskið, heldur forsprakkarnir, sem æsa upp lýðinn, — sagði hann nú. En það er vonlaust fyrir hann að ætla að taka aftur orð sín um verkafólkið. Hv. þdm. muna vel, hvað hann sagði. Það er bara til að forðast, að hæstv. forseti víti mig aftur, að jeg nota nú ekki sama orðið að nýju um hv. þm. Jeg þekki ekkert þinglegt orð um framkomu hans. — Þótt hv. þm. kasti því að mjer og flokksbræðrum mínum, að við sjeum að leiða lýðinn á villigötur, er ekki ástæða fyrir okkur að taka okkur það nærri. Þetta hefir altaf verið borið fram gegn þeim, sem reynt hafa að bera fram kröfur verkalýðsins og berjast fyrir hagsmunum þeirra, sem afskiftir verða veraldargæðunum. En úr því að háttv. þm. er að tala um uppeldismál, get jeg sagt honum eitt. Það eru ekki foringjar verkamanna einir, sem ala upp verkalýðinn, heldur öllu fremur atvinnurekendur sjálfir. Hugur verkamanna til þeirra er alveg undir því kominn, hvernig aðbúðar þeir njóta. Ef verkamenn bera kala til atvinnurekenda, stafar það af því, að þeir hafa unnið til þess. Það væri ekki til neins fyrir mig nje aðra að tala um bág kjör og of lág laun verkalýðsins við hann, ef reynslan væri ekki búin að sýna honum áþreifanlega fram á sannindi þeirra ummæla. Því aðeins hafa orð leiðtoga verkamanna áhrif, að verkamenn sjálfir viti af eigin raun, að þau eru sönn og riettmæt.

Þessi hv. þm. talaði um það, að engan lið í útgerðarkostnaðinum væri hægt að lækka, nema kaupið. Þetta sannaði tvent. Fyrst það, hve gjarnt hv. þm. er að koma með fullyrðingar án þess að rökstyðja þær. Í öðru lagi, að hann lítur á fólkið eins og hverja aðra hrávöru til framleiðslunnar, eins og salt eða kol eða olíu eða veiðarfæri. Hann leggur það alt að jöfnu og kallar það „kostnaðarliði útgerðarinnar". Því þarf engan að furða, þótt hann undraðist ræðu háttv. þm. V.-Ísf., sem hann sagði, að hefði komist svo fjarri efninu, að hann hafi farið að tala um sálarlíf sjómanna. — „Sálarlíf sjómanna"! — Argari fjarstæðu gat stórútgerðarmaðurinn hv. 3. þm. Reykv. ekki hugsað sjer. Nei, það á ekki að tala um sálarlíf sjómanna, heldur kostnað við útgerðina. Þessum augum líta útgerðarmenn á verkalýðinn, og svo emja þeir og skrækja, þegar einhverjir dirfast að horfa á stjórnsemi þeirra öðruvísi en fullir aðdáunar. — Mig skortir aftur þingleg orð. Jeg þekki ekki meiri skort á velsæmistilfinningu en þetta athæfi og orðbragð hv. 3. þm. Reykv. sýnir. — Jeg vona, að þessi orð varði ekki þingvítum.

Háttv. þm. segir, að reikningar útgerðarfjelaganna sjeu ekkert leyndarmál. Það var gott að heyra frá honum. Fyrir hv. deild liggur nú frv. um, að þeir verði framvegis opinberir. — Vænti jeg, að hv. þm. ljái því lið, þegar það kemur hier til atkvæða. En þótt hann hafi góð orð núna, er jeg ekki alveg viss um, að brevtnin verði í fullu samræmi við hau síðar.

Þá hefir þessi háttv. þm. og fleiri sagt, að ekki væri börf á að lögfesta 8 stunda hvíldartíma, því að hann mundi koma af sjálfu sier ef hans væri börf vegna sjómannanna. Nú spyr jeg háttv. deild, hvort hún telji líklegt, að hv. 3. þm. Reykv. og hv.

2. þm. G.-K. muni taka upp 8 stunda vinnu á skipum sínum. (**ÓTh:** Jeg læt skipstjórana ráða öllu um það, nú sem áður). Góð orð, ekkert annað. Adam kendi Evu forðum. Hv. 2. þm. G.-K. kennir skipstjórunum um.

Hv. 3. þm. Reykv. nefndi fundarsamþyktir, og púaði lengi á eftir. Slík endemi og býsn, að leggja upp úr fundarsamþyktum, undirskriftum og þvílíku. En jeg veit þá ekki, upp úr hverju hann vill leggja í svona málum, ef ekki samþyktum og áskorunum þeirra manna, sem lögin eiga að ná til fyrst og fremst.

Þá kem jeg að hv. þm. Vestm. Við hann er þó hægt að tala með fullri hæversku. Hann vildi ekki viðurkenna, að hann hefði „hrópað" á sannanir. Sagðist aðeins hafa sagt, að þær vantaði. Finst mjer óþarft að deila um það, enda gæti það sjálfsagt orðið eilíft ágreiningsefni, hvort hann hrópaði eða ljet sjer nægja að tala. — Hann gerði mikið úr því, að sjómenn hjeldu fullu kaupi þann 2 vikna tíma, er þeir væru í landi. Jeg get nú upplýst, að þeir hafa ekki fult kaup þennan tíma, þar sem þeir eru ráðnir upp á fæði og lifrarhlut, en halda því ekki á meðan landleyfið varir. Samt sem áður eru þetta nokkur fríðindi. — Hv. þm. hjelt því fram, að við jafnaðarmenn hefðum sjerhagsmuna að gæta í þessu máli. Vildi hann finna orðum sínum í nál. stað með því að segja, að hv. 4. þm. Reykv. væri á launum hjá Sjómannafjelaginu. Hann hefir áður haft laun frá Sjómannafjelaginu, en hefir hann nú ekki lengur; en það skiftir ekki máli. Þótt þetta væri rjett, þá væru laun hans söm, hvort sem þetta frv. gengur fram eða ekki. Og það er ósæmilegt að bera fram þessa aðdróttun í nál. eða þingræðu og alveg ósamboðið virðingu þingsins. Hv. þm. vildi ekki heldur láta okkur meðflm. hv. 4. þm. Reykv. fara varhluta af þessari ásökun um sjerhagsmunina. Hann komst svo að orði, að við gerðum þetta til að geta skriðið eftir bökum alþýðunnar upp í valdasessinn. Meiningin með þessari smekklegu líkingu er sjálfsagt sú, að með þessu ætlum við að afla okkur kjörfylgis. Við skulum hugsa okkur, að svo væri — sem auðvitað er fjarri sanni —, að við fylgdum málinu eingöngu til að ná í atkv. Hvað mundi það þá sanna? Að ekkert væri betra til að afla sjer fylgis en einmitt að halda fram þessu máli. En það sannar þá aftur, samkv. orðum háttv. þm., að engu máli fylgja verkamenn og sjómenn fastar en þessu, úr því að hann gerir ráð fyrir, að þeir kjósi fyrst og fremst með tilliti til þess, að breytingin nái fram að ganga.

Þannig hefir þessi hv. þm. gert yfirlýsingu um vilja sjómanna í þessu máli og einbeitta kröfu og þar með sjálfur borið fram þá sönnun fyrir nauðsyn þessarar breytingar á lögunum, sem hann hefir hrópað hæst á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HiV, IngB, BSv.

nei: JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MJ, ÓTh, PO, EJ, HK.

Tveir þm. (HStef, MG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, BSv.
nei: EJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, PO.
Fimm þm. (GunnS, HK, LH, ÓTh, SE) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 44).
Á 50. fundi í Ed., 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 556).

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. og eins og það var borið fram þar í fyrstu, því engin breyting hefir verið gerð á frv. frá byrjun. Minni hl. hefir þó ekki skilað neinu áliti, og jeg tel mig ekki hafa ástæðu til að ganga út frá því, að hann greiði atkv. gegn málinu. Jeg vil að minsta kosti vænta þess, að hv. minni hl. líti frekar hlýlega til þessa frv., með því að í honum er heilsufræðingur, sem jafnframt er formaður verkalýðsfjelags. Þetta mál snertir svo mjög verkalýð þessa lands. Það hefir legið fyrir undanförnum þingum og verið mikið rætt í báðum deildum þingsins, og virðist því ekki ástæða til að fara mjög mikið út í það hjer að þessu sinni, einkum þar sem ekki virðist um ákveðinn klofning að ræða í nefndinni.

Þar sem þetta mál hefir nú fengið svo góða afgreiðslu frá hv. Nd., þrátt fyrir miklar umr. og deildar skoðanir, þá vona jeg, að þessi háttv. deild sjái sjer einnig fært að samþ. frv. óbreytt og afgr. það sem lög.

Ef engin andmæli koma fram, býst jeg ekki við, að jeg taki til máls aftur.

Halldór Steinsson: Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að skrifa nál. fyrir hönd minni hl. nefndarinnar, en skal nú gera grein fyrir minni afstöðu.

Jeg er yfirleitt andvígur allri þvingun á atvinnulífi þjóðarinnar, á hvaða sviði sem er og í hvaða mynd sem hún kemur fram. Enda er svo háttað högum þessa atvinnuvegar, sem hjer um ræðir, að hann þolir engin slík höft, sem leiða af samþ. þessa frv. Þó að við eigum auðug fiskimið, þá eigum við ekki altaf víst að fá afla, og síst af öllu, að hann sje altaf jafn, og því frekar

ríður á, þegar aflinn er nógur, að engar hömlur hvíli á þessum atvinnuvegi, sem dragi úr því, að hægt sje að hagnýta þau gæði, sem berast fátækum landsmönnum í hendur.

Eins er það um heyskap, að það er alls ekki hægt að lögbjóða ákveðinn vinnutíma í sveitinni. Að jafnaði er þó hægt að hafa vinnutímann ákveðinn, en þegar óþurkar hafa gengið lengi og mikil hey eru úti, þá sjá allir, sem til þekkja í sveit, hversu heppilegt mundi reynast þeim atvinnuvegi að hafa fyrirskipaðan ákveðinn hvíldartíma, sem ekki mætti víkja frá. Þess vegna er það, að jeg tel allar slíkar þvingunarráðstafanir óheppilegar fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, því að þær hafa altaf meiri eða minni hnekki í för með sjer.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi sjaldan heyrt ræður, sem hafa verið jafnlangt frá efninu og þessi ræða hv. þm. Snæf. Hann var inni í fortíðinni, þegar mest var sóttur hjer sjór á smábátum. (**H. Steins:** Er altaf fiskur á togurunum?). Á togurunum eru menn á sætrjám allan ársins hring, og um það er alt öðru máli að gegna heldur en þegar sóttir eru róðrar á smábátum, þar sem menn venjulega koma að á hverjum degi og þar sem oft eru landlegudagar. Svo talaði hv. þm. um heyskap og þess háttar, en jeg veit ekki til, að þetta frv. snerti neitt slíkt. Það ræðir ekki um neitt annað en vinnuna á togurunum. Mjer gremst, þegar þannig er farið í kringum málið, og slíkt er ekki hægt að kalla annað en blekkingar, þegar menn reyna að skjóta sjer undan því að tala um málið sjálft með því að slá um sig með glamri um annað, sem ekki kemur málinu við. — Þegar þetta mál kom fyrst fyrir þingið, var farið fram á 8 tíma hvíld. Það gekk ekki fram, en nokkru síðar fengust lögin um 6 tíma hvíld. Jeg vil segja það til lofs bændunum, sem þá sátu á þingi, að þeir studdu það mál eins og nú, en ekki útgerðarmennirnir, sem betur þektu til og að sjálfsögðu höfðu fremur ástæðu til þess.

Mig furðar á því, að læknir skuli standa hjer upp til að mótmæla þessu frv. Það er þó kunnugt, hversu læknar hafa lýst því, hvernig sjómennirnir líta út, er þeir koma í land eftir þær óhóflegu vökur, sem verið hafa á togurunum. Það er hart, þegar þeir, sem hafa það sjerstaka hlutverk í þjóðfjelaginu að gæta heilsu manna og heilbrigði, standa upp einir manna hjer í deildinni til að andmæla þessu frv. Þegar samþ. voru lögin um 6 tíma hvíld, höfðu menn helst í huga veiðarnar á Selvogsbanka, og töldu margir, að við þau lög mætti nokkuð una við þær veiðar, en eftir að togararnir tóku að stunda veiðar á hinum svonefndu Halamiðum, var það alment álitið alveg óhjákvæmilegt að auka hvíldartímann upp í 8 stundir. Sjómennirnir, sem ekki eru vanir að fást mikið um sín kjör, segja, að þeir hefðu verið alveg drepnir á Halanum, ef þeir hefðu ekki haft 6 tíma hvíld, en það er ekki nóg, þó það sje betra en það ástand, sem áður var.

Þótt finna megi einn og einn mann meðal þeirra, sem eru óvanir og aðeins hafa starfað stuttan tíma á togurunum, sem gerir sig ánægðan með núverandi ástand, þá er jeg viss um, að langflestir þeirra — sennilega 99% — óska eftir, að þetta frv. nái fram að

ganga. Jeg vænti, að háttv. deild sjái sjer fært að verða við óskum þeirra og samþ. frv.

Halldór Steinsson: Mjer þótti hv. 5. landsk. tútna nokkuð mikið út og sýna óþarflega mikinn gorgeir í sinni svarræðu við þeim orðum, sem jeg sagði áðan. Hann furðaði sig á því, að jeg sem læknir skyldi gerast til þess að andmæla þessu frv. Jeg hygg, að fleiri læknar verði mjer sammála um þetta, enda hefi jeg aldrei orðið var við heilsuveilu hjá þeim mönnum, sem á togurunum starfa, vegna of mikillar vöku. Enda mun sumt annað í starfsháttum á togurunum hættulegra fyrir heilsu manna en vökurnar. Hv. þm. tók það fram, að þetta væri sjerstaklega nauðsynlegt vegna veiðanna á Halamiðum. Nú er það vitanlegt, að togarar eru að hætta að fiska þar, og er þetta því eins og annað, sem fram er borið í málinu, ljett á metunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 8:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 660).

---

51. Vörutollur.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (þmfrv., A. 212).

Á 28. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Jeg geri ráð fyrir, að ekki verði svo mjög deilt um það, að reynslan hafi þegar sýnt, að sú niðurfærsla á sköttum og tollum, sem gerð var árið 1926, án þess að ríkissjóði væri sjeð fyrir uppbótartekjum á annan hátt, hafi verið framkvæmd of fljótt að minsta kosti. Eða með öðrum orðum: að það sýni sig nú, að þá er ríkissjóður hefir tapað þessum tekjuliðum, þá reynist kröfur og þarfir hins opinbera svo miklar, að þeim verði alls ekki fullnægt með þeim tekjum, sem fyrir eru. En svo búið má ekki lengi standa. Eitt af tvennu verður að taka til bragðs: að afla ríkissjóði meiri tekna eða draga úr útgjöldunum sem svarar þeirri upphæð, er tekjurnar hafa rýrnað.

Það má segja með sanni, að hingað til hafi ekki bólað á nokkrum verulegum tilraunum til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, svo um muni. Enda er það sannast að segja ekkert áhlaupaverk. Mikill meiri hluti af útgjöldum ríkissjóðs er bundinn með lögum, og mundi það reynast seinunnið verk að hrófla við því. Nokkur hluti útgjalda ríkissjóðs er ekki bundinn öðrum lögum en fjárlögum frá ári til árs. Það er sá hluti útgjaldanna, er fer til verklegra framkvæmda í

landinu. Enda er líka reynslan sú, að þegar sjeð hefir verið fyrir, að tekjur ríkissjóðs nægðu ekki, þá hefir verið gripið til þess ráðs að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Það ræður af líkum, að mjer finst sú leið óheillavænleg, ef ganga skal til langframa. Það er hreinasta neyðarúrræði að verða að draga til mikilla muna úr verklegum framkvæmdum. Aðrar leiðir verður að fara. Tel jeg þá sjálfsagt að fara að nokkru leyti báðar þær leiðir, er jeg drap á í upphafi máls míns, bæði auka tekjurnar með skynsamlegum hætti og stefna að því að draga úr útgjöldum svo sem hægt er.

Jeg býst ekki við, að neinum blandist hugur um, að nú verði með bráðabirgðaákvæðum að fá meiri tekjur í tæmdan sjóð. Til þess má hugsa sjer ýmsar leiðir. En jeg tel af ýmsum ástæðum, að sú leið, er þetta frv. leggur til að farin verði, sje einna eðlilegust og affarasælust, og jafnframt sú leiðin, er okkur beri að fara eins og nú er ástatt.

Þó að allir kannist við, að skattar og tollar sjeu allþungir eins og þeir eru, þá er það nú svo, að tekjur í ríkissjóð verða ekki á annan hátt fengnar en að íþyngja gjaldþegnunum á einhvern hátt, og þó að þessir skattar sjeu að vísu ekki vinsælir, þá fylgir þeim sá kostur, að tiltölulega auðvelt er að innheimta þá, og innheimtan hefir eigi mikil útgjöld í för með sjer. Skal jeg taka það fram, að ætlast er til, að þessi skipun á tollinum verði aðeins til bráðabirgða, því þess er vænst, að nú á þessu þingi verði skipuð milliþinganefnd til að endurskoða tekju- og skattalöggjöf landsins.

Þó að sumir ef til vill haldi fram, að tekjuauka sje ekki þörf nú, þá er þó vitanlegt orðið nú, að tekjunalli hefir orðið allmikill (800 þús. kr.) á síðasta ári, og allar líkur eru fyrir, að svipuð verði útkoma yfirstandandi árs, ef ekki er að neinu úr bætt með tekjurnar. Sje jeg þá enga færari leið en þessa. Það má efalaust um það deila, hvort heppilegt sje að auka skattana í þessu skyni, en á þessu stigi málsins skal ekki farið út í þá sálma. En jeg sje ekki aðra leið færa sem stendur til þess að afla ríkissjóði tekna en þá, sem fram kemur í frv. þessu.

Ef menn vilja svara mjer því, að nær hefði verið að byrja á hinum endanum, sem sje þeim, að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, þá er jeg tilbúinn að halda þá leið, að svo miklu leyti, sem hún getur talist fær, enda þykist jeg ekki síður en aðrir hafa sýnt viðleitni í þá átt að draga úr útgjöldunum, eins og sjá má af stuðningi mínum við einstök frv., sem borin hafa verið fram í þessu skyni.

Í aths. þeim, er frv. fylgja, er gerð allítarleg grein fyrir, hve miklar tekjur nást með þessum breytingum. Auk þess er þar og tekið fram, að með frv. þessu eru vörutollslögin færð aftur að miklu leyti í það sama horf og þau voru í frá 1924—1926.

Þó vil jeg taka það fram um c-lið 1. gr. frv., að þó steinolía sje tekin með, er tollurinn hinn sami og nú. Að öðru leyti vísast til aths., eins og áður er minst á.

Vænti jeg svo, að hv. þd. og þingið yfirleitt taki með vinsemd þeirri viðleitni, er fram kemur í frv. til úrlausn-

ar því að útvega ríkissjóði tekjur. Auðvitað má deila um einstaka liði, en líti hv. þdm. svo á, að þessi leið, sem jeg hefi bent á, sje lítt fær, vænti jeg, að þeir bendi á aðrar leiðir tiltækilegri.

Læt jeg staðar numið í bili, en óska, að frv. fái að ganga til 2. umr. og fjhn.

Jón Þorláksson: Þegar jeg sá þetta frv. á þskj. 212, þóttist jeg af ýmsum smávægilegum atriðum í frágangi þess mega telja víst, að það væri stjfrv. Hinsvegar var ekki neitt í aths. við frv., sem benti á það, og á þskj. stendur aðeins, að flm. sje Ingvar Pálmason. En eftir að hafa nú heyrt hina löngu ræðu háttv. flm., fóru að renna á mig tvær grímur, hvort þetta mundi vera stjfrv., því að annars hefði hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu flutt framsöguræðuna. En jeg geri nú ráð fyrir, að upplýsist á sínum tíma bæði um þetta frv. og önnur, sem vafi er á um faðernið.

Jeg stóð aðallega upp til þess að andmæla því, að of snemma hafi verið gerð sú lækkun á vörutollinum, sem nú er farið fram á að hækka að sama skapi aftur. Jeg skal ekki leggja dóm á, hvort rjett sje, að ríkið þurfi þennan tekjuauka, en hitt mun vafasamt, að almenningur líti svo á. En eins og þetta er fram borið, þá er svo að sjá, að ekki verði unt að halda opinberum framkvæmdum í horfinu án þess að fá tekjuauka einhversstaðar frá; en vægast sagt er það slæmt að þurfa að grípa til þess að hækka tolla á svo algerðum nauðsynjavörum og hjer er um að ræða.

Hinsvegar er það vitanlegt, að ef á að samþ. alt það, sem rignir yfir þingið bæði í skilgetnum og óskilgetnum stjfrv., þá má segja, að grípa þurfi til einhverra ráða til þess að standa straum af þeim útgjöldum, og jafnvel síst að furða, þó að sumt af því verði örþrifaráð.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg held, að háttv. 3. landsk. tali ekki í fullri alvöru móti frv. þessu, því gerði hann það, þá verð jeg að segja, að hann sje í fullri mótsögn við sjálfan sig og það, sem hann hefir haldið fram á undanförnum þingum, og síðast í fyrra, þegar hann lagði fram fjárlagafrv. (**JÞ:** Alls ekki!). Annars finst mjer hann gera fullmikið úr því, að frv. eins og þetta skuli vera borið fram af öðrum en fjmrh. Það finst mjer ekkert undarlegt við, og síst þegar athugað er, að hv. flm. á sæti í fjhn. Jeg er ekki svo metnaðargjarn, að jeg geti ekki unnað einstökum hv. þm. að eiga frumkvæði að því að bera fram mál, sem jeg er fylgjandi. Hinsvegar held jeg, að jeg geti afsakað mig fyrir að hafa ekki borið frv. fram með því, að þegar jeg lagði fjárlagafrv. fram í hv. Nd., sagði jeg, að óhjákvæmilegt mundi, fjárhags ríkissjóðs vegna, að gera svipaðar ráðstafanir og hjer er farið fram á, og með þessu frv. og öðrum, sem komið hafa fram að undanförnu, er farið að bóla á þessum ráðstöfunum.

Hv. 3. landsk. taldi það vandræðaráðstafanir að grípa nú til þess að hækka vörutollinn. En jeg held, að fremur megi segja, að það hafi verið fljótfærnisráðstafanir þegar þessi hv. þm., í þeirri stöðu, sem hann var þá, gekk inn á þessa lækkun.

Mjer skilst þá, að það sje þessi margumtalaði kolatollur, sem menn kveinka sjer svo mjög undan. En ef hann hefir verið hæfilegur, þegar hann var settur í stríðsbyrjun, þá er hann nú í samræmi við það, þegar miðað er við verðlagsbreytingu þá, sem orðið hefir. Og þó að þessi tollur nemi rúmum 200 þús. kr. á ári, get jeg ekki betur sjeð en að hver einasti einstaklingur þjóðarinnar standi jafnrjettur fyrir því.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja frekar um hinar aðrar vörutegundir, sem teknar eru upp í frv. Það stendur nákvæmlega eins á um þær, svo að þetta, sem jeg hefi sagt, getur gilt um þær allar.

En áður en jeg sest niður vildi jeg beina fáeinum orðum til hv. 3. landsk. Og vildi jeg þá byrja með að segja það, að mjer þætti ekki ólíklegt, að hann síðar meir, ef hann telur þetta frv. fráleitt, komi með till. um tekjuauka ríkissjóði til handa, sem sje bæði viturlegri og aðgengilegri en þessi. En þó held jeg vafasamt, að svo verði, og því varhugavert fyrir okkur hina að treysta því. Mig minnir, að það hafi komið í ljós hjá þessum hv. þm., að það, sem mest ríður á, að aðgætt sje í tíma, sje það, að tekjur og gjöld ríkisins standist á og að heldur væri tekjuafgangur en hitt. Þess vegna kæmi mjer það mjög undarlega fyrir sjónir, ef hann lítur svo á frv. þetta, að hjer sje um vandræðaráðstafanir að ræða.

Jeg skal játa, að það væri kannske hægt að benda á aðrar leiðir til þess að afla ríkissjóði tekna. En jeg er alveg sannfærður um, að þau tvö frv., sem nú eru á dagskrá, eru þær sjálfsögðustu leiðir til að bæta úr ástandinu eins og það er, og jeg skal bæta því við, að það getur ekki talist alþjóð manna ofvaxið að greiða þennan skatt; þess vegna lít jeg svo á, og held því fast fram, að það sje ekkert óráð, og því síður örþrifaráð, eins og hv. 3. landsk. gaf í skyn, að samþ. bæði þessi tekjuaukafrv. í því formi, sem þau liggja fyrir.

Jeg skal aðeins benda á, að á þinginu 1924 áleit sá flokkur, sem þá var í meiri hl. og fór með völdin, vel forsvaranlegt að auka tekjur ríkissjóðs með slíkum sköttum og hjer er farið fram á.

Annars býst jeg ekki við, að ástæða sje til að færa frekari varnir fyrir frv. eða mæla kröftuglega með því, svo sjálfsagt er, að það nái fram að ganga. Því að þrátt fyrir þá góðu fjármálastjórn, sem rjeði hjer mestan hluta síðasta árs, er samt útkoman sú, að ekki munar langt frá, að miljón króna skorti á til þess að tekjur og gjöld ríkissjóðs standist á.

Eins og jeg drap á áður, skal jeg ganga inn á, að ýmsar aðrar leiðir geta líka verið færar í þessu skyni, að auka tekjur ríkissjóðs, en óþarft að vera að ræða um þær fyr en svo ólíklega tækist til, að frv. þetta næði ekki samþykki þingsins.

En fari svo, að þessi frv. nái ekki fram að ganga, þá treysti jeg mjer til að benda á aðra leið, en síst vinsælli hjá alþjóð, en jeg leiði hjá mjer að þessu sinni að fara frekar út í það.

Flm. (Ingvar Pálmason): Mjer skildist á hv. 3. landsk., að hann telja

faðerni þessa frv. vafasamt. En jeg get nú glatt hann með því, að þó að flm. þess sje aðeins einn, þá kemur það bert fram í greinargerð frv., að það er flutt eftir tilmælum hæstv. fjmrh. og í fullu samræmi við skoðanir hans, svo að því leyti má um það segja, að það sje ekki getið í meinum. (**JÞ:** En kannske í lausaleik?). Ónei, ekki mun það heldur sagt.

Hv. 3. landsk. vildi andmæla því, að alment væri viðurkent, að þessum sköttum, sem hjer er um að ræða, hefði verið of snemma ljett af. Það getur verið, að jeg hafi ekki orðað þetta nógu ljóst, og skal jeg þá til frekari skýringar geta þess, að það væri innan þingsins, að þetta væri alment viðurkent; hitt segir sig sjálft, að þjóðinni í heild getur ekki enn sem komið er verið jafnljóst um fjárhagsafkomu ríkisins 1926 og 1927 eins og okkur, sem hjer eigum sæti, og meðal annars til þess að kynna okkur slík mál.

Út af niðurlagsorðunum í ræðu hv. þm. um skilgetin og óskilgetin stjfrv., sem fram eru komin sem útgjaldaauki fyrir ríkissjóð, finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja um, enda á jeg fátt af þessum frv. og læt því hv. 3. landsk. eftir að halda uppi sínum prjedikunum sem siðafræðari deildarinnar.

Yfirleitt vil jeg segja það, að eins og málið horfir við, held jeg, að enginn vafi geti leikið á því, að það sje svo mikið mál, að það eigi heimting á að athugast vel og gaumgæfilega. Um hitt verður vitanlega að skeika að sköpuðu, hvernig um málið fer, eftir að það hefir verið tekið til nánari athugunar.

Jón Baldvinsson: Það eru sjálfsagt allir sammála um það, að ríkisbúskapurinn eigi að bera sig, þannig að tekjur og gjöld standist á. En um hitt má deila, hvaða leiðir sjeu heppilegastar og sanngjarnastar til þess að afla ríkissjóði tekna, eða hvort það skuli gert með beinum sköttum eða óbeinum, svo sem tollum og öðru slíku.

Jeg fyrir mitt leyti tel óbeinu skattana, eða tollana, rangláta, en beinu skattana það skipulag, sem rjettlátast komi niður á gjaldendum. Hinsvegar vil jeg viðurkenna það, að óbeinu skattarnir verða að standa um stund, þar til komið verður hinu rjetta framtíðarskipulagi á skattalöggjöf þjóðarinnar, sem að minni hyggju getur ekki orðið á aðra lund en að upp verði teknir beinir skattar að nokkru, og nokkuð af tekjunum komi sem hagnaður af landsverslun og opinberum atvinnurekstri.

Sem sagt held jeg, að allir sjeu sammála um, að tekjur og gjöld ríkissjóðs standist á. Jeg hefi aðeins heyrt einn mann segja það um stj., sem hann var á móti, að hún ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög. En slíkt er gálauslega mælt.

Annars verð jeg að segja um frv., að eins og það er tel jeg algerlega rangt, að það verði að lögum. Jeg mun þó hjálpa því að komast til 2. umr. og fjhn., þangað sem jeg á sæti, í þeirri von, að takast megi að lagfæra stærstu gallana. Jeg álít þessa leið óheppilega, jafnvel þótt við um skeið höfum ekki getað komist hjá henni til þess að afla teknanna. En nú skildist mjer á hæstv. fjmrh., að hann hefði fleiri leiðir í huga um öflun tekna, og þótt hann ekki flytji þær í

frumvarpsformi, þá á hann sjálfsagt tal við fjhn. um það, hversu hann vill hjálpa við fjárhagnum. En bæði þessi frv. eru þess eðlis, að mjer sýnist tæplega gerlegt að láta þau ganga í gegn óbreytt.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg vil aðeins geta þess út af orðum hv. 5. landsk., að við höfum áður heyrt þess getið, að hann og hans skoðanabræður sjeu heldur mótfallnir tollum, eða svokölluðum óbeinum sköttum, en telji sjálfsagt að ná sem mestu af tekjunum með beinum sköttum. **(JBald:** Eða ríkisrekstri). Ójá, jeg býst nú ekki við, að það þurfi að vera svo mikið bil á milli okkar í því, því að við getum sjálfsagt verið sammála um það að afla ríkinu tekna með ríkisrekstri, en jeg býst ekki við, að neinar þær till. komi fram nú, svo vel undirbúnar, að hægt verði að bjarga fjárhagsástandinu fyrir árið 1929.

En um þá hugsjón, að afla ríkissjóði sem mestra tekna með beinum sköttum, verð jeg að segja það, að jeg er þar á annari skoðun. Það virðist svo, sem margir menn geri sjer ekki fullkomlega ljósan þann mikla mun, sem er á ástandinu hjer á landi og í öðrum löndum, þeim fólksmörgu og auðugu, þar sem um virkilegar stóreignir er að ræða, sem geta borið stórkostlegar skattabyrðar. En jeg veit, satt að segja, ekki til, að það sje neinn hægðarleikur að benda á slíka einstaklinga eða sjerstakar stofnanir hjer, sem hægt sje að skattleggja með nokkurri sanngirni, svo að það geti bætt úr tekjuþörf landsins að nokkrum mun, ef tollarnir eða óbeinu skattarnir ættu að leggjast niður. Jeg verð að segja það strax, að hjer erum við gagnólíkrar skoðunar, og þess vegna get jeg enga von gert mjer um, að hægt sje að bæta úr tekjuþörfinni, svo nokkru nemi, með þeirri aðferð.

En þótt hv. 5. landsk. taki nú ekki betur í þetta mál en hann gerði, þá þykist jeg þess fullviss, að hann sje svo athugull og sanngjarn maður, að hann við nánari athugun sjái, að hjer sje stefnt algerlega rjett, því að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. sje jafnframt framfaramaður, sem vilji stuðla að því, að hagur almennings geti orðið bættur, enda þykist jeg hafa sjeð vott um það í frv. þeim, sem hann hefir borið fram hjer á þingi, að hv. þm. ætlast til þess, að hægt sje að inna af hendi fjárframlög til ýmsra nytsamlegra hluta, og er því rjettara að taka ekki alt of óliðlega í mál sem þetta. Ef á að gera það, þá er hætt við, að það verði minna úr ýmsum þeim framfarahugsjónum, sem nú eru að líða niður á jörðina, bæði frá þessum háttv. þm. og öðrum.

Jeg vona, að þetta frv. gangi greiðlega til 2. umr. og nefndar, og ennfremur, að þegar hv. þm. hafa athugað málið, þá sjái þeir, að þetta sje vægasta leiðin, sem fær er, og að þetta frv. geti orðið svo úr garði gert, að sæmandi sje þinginu að láta það frá sjer fara.

Jón Þorláksson: Jeg verð að segja það, eftir að jeg hefi heyrt hæstv. fjmrh. hálft um hálft gangast við þessu frv. sem stjfrv., þá tel jeg öldungis sjálfsagt, að það fái að ganga til 2. umr. og nefndar, sem jeg þó hefði

talið vafasamt, ef það hefði komið frá einhverjum þingmönnum.

Jón Baldvinsson: Mikil er trú hv. 3. landsk. á „autoritetin", þar sem hann er nú fús til að fylgja frv. í nefnd, af því hann heldur, að fjmrh. eigi þetta frumvarp.

Jeg ætla ekki að fara neitt að deila við hæstv. fjmrh., en jeg býst samt ekki við því, að hann sannfæri mig um, að stefna frv. sje rjett. Jeg þykist hafa gert það upp með sjálfum mjer, hvað jeg tel framtíðarstefnu í þessum málum. Hitt er annað mál, að á meðan verið er að gera tilraunir til að fá tekjur með ríkisrekstri og beinum sköttum, verða einhverjir tollar að haldast, en það er engin viðurkenning á rjettmæti þeirra.

Jeg vil þó benda hæstv. fjmrh. á það, að það er þó sá munur á beinum sköttum og tollum, að í fyrra tilfellinu greiða menn nákvæmlega þann skatt, sem þeim ber, en í síðara tilfellinu greiða þeir líka fyrir innheimtu svo og svo mikið til kaupmannsins. (**BK**: Ekki ávalt). Jeg veit ekki, hvort það má trúa því, að hv. 1. þm. G.-K. prjediki svo mikla óeigingirni meðal kaupmannastjettarinnar, að þeir geri það fyrir ekki neitt að innheimta tolla ríkissjóðs. (**BK**: Samkepnin gerir það). Nei, ónei. Ef lagður er tollur á kolin, þá hljóta verslanir að leggja nokkuð álag á tollinn, eins og annan kostnað við vöruna; en ef menn borga beina skattinn, þá er ekkert lagt á það aukreitis.

Jeg ætla ekki að segja annað en þetta að svo stöddu, láta hæstv. fjmrh. vita, að jeg hefi ekki sannfærst af hans ummælum, þótt hæstv. ráðherra segi, að sín stefna sje rjett. Jeg býst ekki við, að hann geti sannfært mig; en hitt er annað mál, hvort hægt er að halda fjárhag ríkisins í horfi að þessu sinni, nema með því að fallast á einhverjar álögur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 372 og 382, 411).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 411. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason): Það er nú svo með þetta mál, að erfitt er að ræða það nema í sambandi við næsta mál, sem er á dagskránni (verðtollinn), fyrir það að nál. grípa mjög hvort inn í annað. Vænti jeg, að ekki komi að sök, þó jeg í ræðu minni komi nokkuð við það mál. Það er ljóst, að fjhn. er þríklofin í máli þessu. Að vísu mun meiri hluti nefndarinnar vilja ganga að frv. að nokkru leyti, en einn nefndarmanna, hv. 5. landsk., hefir þó ekki viljað ákveða sig og ekki óskað að skrifa undir nefndarálit okkar, nje heldur skrifa sjerstakt nál. En það, að hv. 5. landsk. muni að einhverju leyti fylgja frv., ræð jeg af brtt., sem hann hefir borið fram. Að svo stöddu skal jeg ekki fara frekar inn á aðstöðu hans. En um hina tvo nefndarmennina, sem hafa sent frá sjer sjerálit, gegnir nokkuð öðru máli. Ástæður sínar fyrir

því, að þeir vilja fella frv., bera þeir aðallega fram í nál. um mál það, er verður tekið fyrir næst á eftir (verðtollinn).

Aðalástæða háttv. minni hl., sem jeg svo kalla, fyrir því að hann vill ekki fallast á þessi frv., er sú, að þeir telja ekki þörf á tekjuauka fyrir ríkissjóð. Kemur mjer það þó kynlega fyrir sjónir, sjerstaklega vegna þess, að annar þeirra tveggja í minni hl. er háttv. 3. landsk., sem átti sæti í fyrverandi stjórn og hafði fjármálastjórn landsins á hendi þar til í ágústmánaðarlok síðastliðið, er stjórnarskifti urðu. Og jeg þykist hafa ábyggilegar heimildir fyrir því, að þá þegar hafi verið komið í ljós, að talsverður tekjuhalli yrði á rekstri þjóðarbúsins það ár. Eftir því sem hæstv. fjmrh. skýrir frá, varð hann alls ca. 800 þús. kr.

Þegar litið er á afkomu ársins 1927, gefur það alvarlegar bendingar um, að eitthvað svipað kunni að fara á þessu ári, 1928. Það má auðvitað segja sem svo, að árið 1926 hafi verið erfitt ár fyrir atvinnuvegina og því hafi árið 1927 reynst svo tekjurýrt. En þess er að gæta, að þótt áhrifa afkomunnar gæti nokkuð eftir á, þá er það ekki svo mikið sem sumir vilja vera láta. Tekjur ríkissjóðs miðast mest við það ár, sem yfir stendur, því að þær liggja aðallega í tolli af inn- og útfluttum vörum og innheimtast jafnóðum, eða því sem næst. En þær tegundir ríkistekna, sem greiðast í ríkissjóð árið eftir, eru aðallega tekju- og eignarskattur, sem miðast við eign manna og tekjur undanfarið ár. Um aðra skatta gætir þess dálítið, en þó minna.

Jeg veit ekki betur en háttv. 3. landsk. hafi haldið því fram fyrrum, að lífsnauðsyn væri, að ekki yrði halli á þjóðarbúinu. Jeg minnist þess, að fyrir og um stjórnarskiftin 1924 gerði þessi háttv. þm. sjer mikið far um að brýna fyrir þjóð og þingi, að stefnubreyting þyrfti að verða, þannig að ríkið gæti farið að borga skuldir, í stað þess að safna skuldum. Jeg segi þetta til lofs háttv. þm., því að þetta var og er rjett kenning. Jeg var honum sammála þá og hygg, að það megi fara í gegnum þingtíðindin og fá sannanir fyrir því, að tekjuaukafrv., sem samþykt voru á þinginu 1924, áttu ekki síður upptök sín hjá þáverandi andstöðuflokki stjórnarinnar.

Nú virðast mjer nokkur veðrabrigði ætla að verða hjá hv. þm. Það er kominn tekjuhalli á þjóðarbúið og miklar líkur til þess, að svo haldi áfram. Í nál. hv. minni hl. virðist hann vilja færa sönnur á, eða að minsta kosti líkur fyrir, að ekki sje um mikla hættu að ræða, með því að setja upp yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs síðastl. 3 ár, og fær út meðaltalsupphæð, er hann telur, að muni nægja. Við þetta er það athugavert, að þessi meðaltalsupphæð, sem hv. 3. landsk. trúir svo mjög á, er ekki sem tryggust og verður að beita með varúð. Jeg sakna þess, að þeirri varúð hefir ekki verið beitt sem skyldi við útreikningana. Helmingur þess tíma, sem tekinn er til dæmis og lagður til grundvallar, nýtur tekjuauka, er feldur var niður á þingi 1926. (JÞ: Það er tekið tillit til þess og sá tekjuauki dreginn frá). Já, að nokkru, en ekki öllu leyti. (JÞ: Svo?). Árið 1925 er næsta árið á eftir því, sem verið hefir eitthvert hið mesta veltiár, sem komið hefir yfir þetta land. Bæði var það aflaár með afbrigð-

um og hagstætt verð á sjávarafurðum. En það er vitanlegt, að tekjur ríkissjóðs fara nær eingöngu eftir afkomu sjávarútvegsins. Árið 1925 nýtur áhrifa ársins 1924. En um leið og því er haldið fram, að 1925 sje eitt með tekjumestu árum fyrir ríkissjóð, er sjálfsagt að játa, að hin árin hafi verið tekjurýrari. Þó er ekki ástæða til að ætla, að þau hafi verið tekjurýrari en næstu 2 komandi ár, að óbreyttum gjaldstofnum. Árið 1926 var fremur rýrt aflaár og því fremur erfið afkoma sjávarútvegsins það ár, en þó er þess að gæta, að hin ljelega afkoma var ekki aðallega árferðinu að kenna, heldur stafaði hún af öðrum ástæðum, er við þekkjum allir mætavel, en það er gengisbreytingin 1925. Því verður tæplega neitað. Þótt bent sje á ljelega afkomu þess árs, þá er það ekkert harðindaár hvað aflabrögð snertir. Það má vel kallast meðalár.

Einnig er þess að gæta, að þeir tímar eru fram undan, að erfitt verður að komast hjá töluverðum samdrætti í sjávarútveginum. Því er ekki þaðan að vænta aukinni tekna.

Nú verður maður að kannast við það tvent, að tekjuhalli alltilfinnanlegur varð á síðasta ári, og líkur eru til, að eins muni fara á næstunni, ef ekki er að gert. Annaðhvort er því að láta alt velta sem verið hefir eða grípa til gamla þrautaráðsins — sem jeg skal fúslega játa, að er ekkert skemtilegt, að leggja nýjar álögur á landsmenn.

Jeg veit vel, að hv. minni hl. og fleiri segja, að þriðja leiðin sje til, sú, að minka útgjöld ríkissjóðs. Jeg skal ekki neita því, að sú leið er til. En við skulum rjett aðeins athuga, hvað af því leiðir, ef hún er valin. Svo er um flesta útgjaldaliði fjárlaganna búið, að þeir hnútar verða ekki leystir í fljótu bragði. Aðalútgjaldaliðirnir eru vitanlega bundnir með lögum og verða því ekki feldir niður. Það, sem fyrst verður fyrir að spara á, eru verklegu framkvæmdirnar. Nú er mikið álitamál, hvort rjett sje að spara fje til framlaga verklegum framkvæmdum, svo að landslýður bíði tilfinnanlegan hnekki við það. Við höfum undanfarið lagt mikið kapp á verklegar framkvæmdir, meira en nokkru sinni fyr, og tímarnir krefjast þess. Þótt mörgum kunni að sárna nýjar skattabyrðar, þá efa jeg ekki, að fleirum mundi sárna, ef farið væri að skera við neglur sjer fjárveitingar í þessu skyni.

Þetta þing verður að gera eitt af tvennu, annaðhvort afla nýrra tekna í ríkissjóð eða þá færa niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda, ekki aðeins eins og nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar, heldur enn meira. Hygg jeg, að hv. minni hl. og flokksmenn þeirra sjeu ekkert óðfúsir til þess að færa niður fjárveitingar til framkvæmda í verklegum efnum. Að minsta kosti er svo að heyra af því, sem fram er komið á þessu þingi.

Eitt vil jeg enn benda á í þessu sambandi, og það er það, að nú liggja fyrir þingi nokkur frv., er fara fram á allmiklar fjárupphæðir til framkvæmda, sem ríkinu er lagt á herðar að inna af hendi á næstu árum, án þess að gert sje ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum. Jeg ætla ekki, að frv., sem binda ríkissjóði fjárútlát á bak, sjeu fram komin án þess að meint sje með þeim, að fieð eigi að leggja fram. Það væri þá ljelegt augnagam-

an fyrir landsmenn, ef þingið ljeki sjer að því að samþykkja falleg og vel útlítandi lög án þess að baki stæði einhver vilji og von um að geta framfylgt þeim. Jeg er ekki að lasta þá viðleitni, sem í þessum frv. felst, að færa landsmönnum nytsamar og þarfar framkvæmdir og skapa þægindi, sem hafa lífsgildi fyrir þjóðina. En menn verða að vera heilir og vilja einhverju fórna til þess að sjá þessum tilraunum farborða.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að efni frv. Það fer í þá átt að leggja aftur á þann toll, sem afnuminn var af vissum vörutegundum 1926. Þótt jeg játi, að það sje ekkert gleðiefni að þurfa að grípa til þessa ráðs, þá sje jeg ekki, að önnur leið heppilegri verði farin. Jeg verð að segja það rjett eins og það er, að miklar kvartanir hafa ekki heyrst út af þessum tolli, meðan hann hjelst, þótt landslýður hafi eflaust fundið til hans. En það kemur til af því, að þjóðin sá, að nauðugur var einn kostur að gangast undir hann og sætta sig við hann, til þess að geta rjett við fjárhaginn.

Þjóðin sættir sig yfirleitt mjög við það, þótt hún þurfi að leggja fram fje, ef hún veit, að því er varið til þess að framkvæma það, sem er þarflegt og gott.

Jeg tel heppilegra að færa vörutollinn aftur í það horf, sem var, heldur en fara að brjóta upp á nýungum. Enda má yfirleitt segja, að vörutollurinn sje ekki neitt ákaflega hár tiltölulega við verðmæti þess, sem hann er lagður á. Salttollurinn er t. d. 50 aurar af smálest. Sjá allir, að það getur ekki haft nein veruleg áhrif á sjávarútveg landsmanna, hvort þessi tollur er tekinn ellegar ekki. Mjer reiknast svo til, að hann nemi sem næst 8—9 aurum á hvert skpd. Svo er á það að líta, að þessi tollur miðast altaf við framleiðsluna. Enginn notar salt nema hann framleiði, og því meira sem hann notar, því meiri er framleiðslan. Svipað má segja um kolatollinn. Þó er þar dálítið öðru máli að gegna, því að þar stendur tollurinn ekki altaf í hlutfalli við arð útgerðarinnar, ef kolin eru notuð til skipa, er stunda veiðiskap.

Jeg verð að minnast stuttlega á framkomna brtt., sem jeg mun sætta mig við, þótt jeg telji það hinsvegar ekki rjett, eins og brtt. á þskj. 411 fer fram á, að fella niður salttoll og kornvörutoll. Verði brtt. samþ., dregur það strax úr þeim tekjum, sem við flm. gerðum okkur vonir um að ná. Salttollurinn nemur að vísu ekki verulegri upphæð, en aftur á móti er það miklum mun meira, sem tapast við niðurfelling d-liðs í 1. gr. frv.

Jeg sje ekki ástæðu til að segja öllu meira í þessu máli. Má öllum ljóst vera, að það verður að telja mjög óvarlegt af þinginu, ef það ætlar sjer að ljúka svo afgreiðslu fjárlaganna, að ekki sje fengin trygging fyrir tekjuauka. Jeg ætla ekki að kveða sterkara að orði en svo, að það verði að teljast óvarlegt.

Það var hv. 3. landsk., sem benti á það árið 1924, út á hvaða braut þá var komið. Það er nú ekki lengra síðan 1924 en svo, að við ættum að gjalda varhuga við að lenda aftur inn á sömu braut. En það er þegar byrjað að stíga spor í þá átt, og það alldrjúglega. Við hv. 1. þm. Eyf. höfum í nál. okkar getið þess, að við teljum, að

svo þyrfti að ganga frá fjárlögunum nú á þessu þingi, að hægt sje að greiða á næstu tveimur árum, 1928 og 1929, þann tekjuhalla, sem varð á árinu 1927. Jeg játa, að vel er, þótt ekki náist svo langt. Það er tæplega við því að búast, að takist að fá þann tekjuauka, er nægi bæði til þess að halda í horfinu og líka til þess að greiða orðinn tekjuhalla. En við verðum að vera á varðbergi, að ekki haldi áfram að safnast skuldir.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg verð eins og hv. frsm. 2. minni hl. að biðja hæstv. forseta um leyfi til að mega víkja jafnhliða þessu máli að næsta máli á dagskrá, af því að jeg get ekki komist hjá að vísa nú þegar í nál. okkar hv. 1. þm. G.-K. á þskj. 371 um þetta næsta mál.

Í því nál. höfum við reynt að leggja fram þær tölur, sem hljóta að koma til greina, þegar meta skal, hvort þörf sje á tekjuauka fyrir ríkissjóð, og ef svo reynist, þá hve miklum.

Meðaltal ríkissjóðstekna 3 síðastl. ár nemur rúmlega 12 milj. kr. árlega, eða í reyndinni 12¼ milj. kr., þegar þess er gætt, að áfengisverslun ríkisins hefir ekki skilað öllum ágóða sínum í ríkissjóð, heldur safnað í rekstrarsjóð handa sjálfri sjer, en þeirri söfnun er nú lokið.

Hv. frsm. 2. minni hl. hjelt því fram í ræðu sinni, að taldir væru með í þessu yfirliti tekjustofnar, sem feldir voru niður árið 1926. En svo er ekki. Þær tekjur, sem af þeim komu í ríkissjóð, eru dregnar frá heildarupphæðinni, svo sem sjálfsagt var. Þá vildi hv. frsm. finna það að þessum tölum, að árin hefðu verið svo misjöfn, og hefði árið 1925 verið óvenjulegt tekjuár. Það er rjett, að þetta ár er með í meðaltalinu, en þegar litið er á næstu árin tvö, 1926 og 1927, má óhætt segja, að þau hafi verið venju fremur tekjurýr ár. Því get jeg ekki fallist á, að þetta þriggja ára meðaltal sýni ekki nokkurn veginn, hvers má vænta næstu árin. Nú í byrjun þessa árs er óhætt að segja, að það horfir miklu vænlegar um hina fjárhagslegu afkomu atvinnuveganna, einkum sjávarútvegarins, sem mestar tekjur gefur í ríkissjóð, en síðastliðið ár. Mjer finst því, að menn geti vænst þess, að nú sje að fara í hönd ár, er standist fyllilega meðaltal hinna þriggja hvað fjárhagsafkomuna snertir.

Þá vísaði hv. frsm. í þann tekjuhalla, sem varð á árinu 1927 — um 800 þús. kr. — og ljet í ljós ótta um það, að eins kynni að fara nú. En þá er á það að líta, að á árinu 1927 var veitt í fjárlögum fullum 700 þús. kr. meira til útgjalda en á yfirstandandi ári. Jeg hafði ekki farið dult með það, að mjer þætti þetta of mikið og að jeg óttaðist, að tekjurnar mundu ekki samsvara þessum útgjöldum, eins og líka raun varð á. En mjer sýnist ekki mikil hætta á, að tekjuhalli verði á yfirstandandi ári. Jeg tel ennfremur, að möguleikar sjeu fyrir því, eftir öllum líkum og horfum, að ekki þurfi að veita meira til útgjalda í fjárl. nú en 10,4 milj. króna, eins og er veitt fyrir yfirstandandi ár, og lít svo á, að með því sje hægt að halda öllum venjulegum framkvæmdum í horfi. Því til stuðnings vil jeg benda á, að fjárlagafrv. fyrir árið 1929 er nú komið gegnum 2. umr. í Nd. og útgjöldin ekki orðin meiri en 10,1 milj., og eru

þá eftir 300 þús. kr. til þess að ná fjárl. fyrir 1928. Ef það væri nú talið sæmilegt og ekki ógætilegt, eins og venja hefir verið á þingi, að reikna fyrir framtíðina með meðaltali þriggja undanfarinna ára, þá mætti gera ráð fyrir rúmlega 12 milj. kr. tekjum, og ætti þá að vera óhætt að veita 10,4 milj. til útgjalda, og þó hægt að ná tilgangi hv. meiri hl., því að eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. hafa gjöldin 1927 ekki farið fulla miljón fram úr áætlun fjárlaganna.

Hv. frsm. 2. minni hl. sagði, að 1. minni hl. teldi enga þörf á tekjuauka. Þetta er nú ekki alveg rjett. Við höfum einmitt bent á hitt, að vegna þeirra nýju útgjaldaauka, sem hjer eru á ferðinni, yrði ekki komist hjá að auka tekjurnar nokkuð, en við teljum, að samkv. okkar brtt. mundu fást um 230000 kr. tekjur, sem mundu nægja til nauðsynlegra útgjalda vegna væntanlegra laga um byggingar- og landnámssjóð og um búfjártryggingar. Þau tvö af þeim útgjaldafrv., sem fyrir þinginu liggja, gerir 1. minni hl. ráð fyrir, að verði samþ. Hin önnur frv., er fara fram á aukningu árlegra útgjalda, telur hann, að þoli a. m. k. bið.

Hv. frsm. veitti mjer viðurkenningu fyrir það, að jeg hefði ekki viljað reka þjóðarbúið með halla, en sagði, að nú væru orðin veðrabrigði hjá mjer í því efni. Þetta kannast jeg alls ekki við. Jeg hefi gert grein fyrir því, að jeg vildi ekki leggja á þjóðina álögur vegna óþarfra útgjalda, og það er alt annað. Það hittist svo á, er þessi harðhenta skattastefna var upp tekin, að það komu góð ár og afkoma manna var yfirleitt góð. 1924 og 1925 voru yfirleitt góð ár, einkum fyrir sjávarútveginn, sem gáfu ríkissjóði miklar tekjur, sem voru notaðar fyrst og fremst til að greiða lausaskuldir, enda voru skattarnir lagðir á beinlínis með það fyrir augum. En það sýndi sig brátt, að þessar þungu álögur stóðu atvinnuvegunum mjög fyrir þrifum, eins og reikningar bankanna best sýna, þó að þetta væri óhjákvæmilegt eins og á stóð. Jeg hygg nú, að eftir að nýbúið er að rjetta við hag ríkissjóðs, þá ætti helst að stuðla að því, að atvinnufyrirtækin gætu notið sem mest ávaxta sinnar iðju til þess að greiða bankaskuldir og tryggja sinn hag. Við álítum rjettara að nota það fje, sem væntanlega kemur frá landsverslun, til þess að fylla það skarð, sem orðið hefir við halla ársins 1927, en að ná því inn með nýjum sköttum, enda ekki þörf á því. Sje farin sú leið, að leggja á þjóðina skattabyrðar fram yfir það, sem talist getur beinlínis nauðsynlegt, verður það beint til að ýta undir þær till. til útgjaldaauka í löggjöfinni, sem nú eru á ferðinni. Hitt teldi jeg rjettara, að reyna að hafa hemil á þessum lögákveðnu útgjaldaaukum. Hitt er vitanlega sjálfsagt, að veita einhvern tekjuauka vegna þeirra útgjaldaauka, sem telja má, að þegar sjeu ráðnir. Það er eitt atriði, sem hv. frsm. mintist á, sem ef til vill gæti breytt þessu, ef það væri rjett. Hann sagði, að það væri að verða samdráttur í sjávarútveginum. Slíkt er mjer ekki kunnugt um. Þvert á móti segja mjer allir, að útgerð sje nú með mesta móti, og meðan jeg heyri ekki nánari grein gerða fyrir þessu, get jeg ekki tekið það til greina

sem ástæðu fyrir þörfinni á nýjum sköttum.

Jeg vænti, að jeg hafi nú með þessum orðum gert grein fyrir stefnu okkar minnihlutamanna í þessu máli, svo að ljóst sje. Við teljum, að hægt sje að halda verklegum framkvæmdum í landinu alveg í sama horfi án þess að sjerstaklega sje aflað tekna í því skyni, að því tilskildu, að útgjöldin sjeu ekki aukin úr hófi fram á öðrum sviðum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg þarf ekki að segja mikið um þetta mál, með því að hv. frsm. 2. minni hl. (IP) hefir talað svo rækilega fyrir málinu, sem hann hefir gert, þó að hv. 1. minni hl. hafi ekki látið sannfærast af þeim góðu og gildu rökum, sem hann bar fram.

Jeg gat þess við 1. umr. fjárl., að það hefði of snemma verið slakað til á tollalöggjöfinni, þegar feldur var niður allmikill hluti vörutollsins og verðtollsins árið 1926. Menn voru þá of bjartsýnir á framtíðina. Þó að árin á undan hefðu verið sjerstaklega afarasæl, þá voru engar sjerstakar líkur til, að það hjeldi áfram.

Afleiðingarnar af þessari bjartsýni ljetu heldur ekki lengi á sjer standa. Þegar á árinu 1926 kemur fram allmikil rýrnun í tekjuliðunum, og 1927 vantar hátt upp undir 1 miljón á, að tekjur og gjöld standist á, og það er ekkert ólíklegt, að eitthvað svipað geti komið fyrir á yfirstandandi ári. Það er því næsta óviðfeldið, er hv. þm. setja sig upp á móti sjálfsögðum ráðstöfunum til þess að tryggja ríkissjóði nauðsynlegar tekjur til þess að mæta útgjöldunum. Það er ekki aðeins sjálfsagt, heldur beinlínis skylt að sjá um, að tekjur og gjöld standist nokkurnveginn á. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar verið var að flytja klyfjabandið, þá þurfti ekki að muna miklu á þyngd bagganna, til þess að hallaðist á, og það þýddi þá ekki mikið að vera að „taka í", það endaði venjulega með því að alt snaraðist um þvert bak.

Jeg þykist nú vita, að þar sem hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. G.-K. munu taldir einna mestir fjármálamenn þessa lands, að þá verði talsvert tillit tekið til þess, sem þeir hafa fram að bera í þessu máli. En mjer sýnist nú samt, eins og rök þeirra liggja fyrir, að þau sjeu ekki alveg óyggjandi. Til dæmis það, að leggja þrjú síðustu árin til grundvallar fyrir afkomu næstu ára. Það er nú augljóst öllum, þar sem árið 1925 var svo óvenjulega mikið tekjuár, að það er beinlínis til að villa mönnum sjónir, að það er tekið með. Tekjurnar voru þá um 8 miljónir fram yfir áætlun, og það má gera ráð fyrir, að slíkt komi aldrei fyrir aftur. Með þessu móti er hægt að hugsa sjer 12 miljón króna meðaltekjur á ári, en jeg hygg, að ekki sje hægt í alvöru að gera ráð fyrir slíku án þess að þessi tekjuauki, sem hjer liggur fyrir, verði samþ.

Jeg hygg, að tekjurnar fari ekki yfir 11 miljónir. Þó að það væri svo áður, að tekjurnar færu talsvert fram úr áætlun, þá virðist sú stefna upp tekin að áætla tekjurnar eins hátt og unt er, og er því tæplega að tala um nokkurn afgang fram yfir áætlun. Það sýndi sig á síðasta ári. Þá fóru tekjurnar aðeins um 100 þús. kr. fram úr áætlun. Hitt er alls ekki óvanalegt, að

gjöldin fari mjög mikið fram úr áætlun fjárl. — jafnvel 2—3 milj. — og eru fjáraukalög þau, sem nú liggja hjer fyrir, nokkurnveginn órækt vitni um þetta. Auk þess verður ríkissjóðurinn að vera viðbúinn útgjöldum, sem ekki verða umflúin. Þennan tekjuauka, sem hjer er farið fram á, þarf ríkið nauðsynlega að fá, til þess að reyna að láta tekjur og gjöld standast á.

Hv. 3. landsk. mælti eitthvað á þá leið, að þegar búið væri að rjetta við fjárhaginn, þá væri ekki mikill vandi að halda í horfinu. Jeg spyr þá: Hvenær var það gert, og hver gerði það? Fyrst og fremst veit jeg ekki til, að það sje enn búið að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, og það, sem áunnist hefir í því efni, einkum á árinu 1925, er hvorki hægt að þakka sti. nje þingi, nema að nokkru leyti. Ástæðan til hinnar góðu fjárhagslegu afkomu þá var fyrst og fremst hin mikla aflasæld og svo framúrskarandi hagstætt verðlag á afurðum. — Hv. 3. landsk. gat einnig um eitt þjóðráð, að hans dómi, ef ver tækist til en hann gerir sjer hugmynd um nú, og það er það, að verja varasjóði landsverslunar til að greiða með tekjuhallann. (**JÞ**: Jeg sagði ekkert slíkt). Ef hv. þm. hefir ekki sagt það, þá ætla jeg, að það standi í nál. hans. (**JÞ**: Tekjuhalla ársins 1927, sagði jeg). Þetta er náttúrlega leið, en hinsvegar er þess að gæta, að þetta fje stendur að mestu leyti úti. Jeg hygg líka, að það fje, sem ríkissjóður hefir lagt landsverslun til, sje nú að fullu greitt og ekki eftir nema sá hluti hagnaðarins, sem ekki hefir áður gengið til landsins þarfa.

Jeg hefi þá bent á, að það megi ekki byggja á áliti hv. 1. minni hl., því að það er ekki örugt að því er þær tölur snertir, sem þar eru til færðar, og þess vegna verða menn að skoða vandlega huga sinn um það, áður en þeir leggja sitt lið til þess að styðja hv. 3. landsk. til að sálga þeim tekjuaukafrumvörpum, sem hjer liggja fyrir. Jeg álít, að það, sem hjer er farið fram á, sje svo hóflegt og varlegt, að það sje vafasamt, hvort það er nóg til að halda við fjárhag ríkisins. Nú munu auk þess komnar fram einhverjar þær brtt., sem heldur verða til að draga úr gagni þessara frv. Sumar þeirra eru þess eðlis, að þær skifta ekki miklu máli, og jeg er svo skapi farinn, að mjer þykir betri hálfur skaði en allur og vil ekki láta berjast svo mjög um þær tillögur, sem ekki breyta miklu, ef tilgangi málsins annars yrði náð.

Jeg vil aðeins taka það fram aftur, þótt þess ætti reyndar ekki að þurfa, að áætlun sú, er fyrir liggur í nál. hv. 1. minni hl., er alls ekki ábyggileg, vegna þess að hann tekur tölur, sem ekki geta átt við.

Jeg vil svo ekki eyða fleiri orðum að þessu í bráðina; það má vera, að það gefist tækifæri til þess síðar að segja nokkur orð, sem jeg þó vona, að ekki þurfi, því að jeg ber það traust til hv. meiri hl. þessarar deildar, að hann muni sjá, hver nauðsyn ber til, og muni samþykkja frv. með litlum breytingum.

Jón Baldvinsson: Jeg er staki maðurinn í fjhn. í þessu máli og hefi ekki gert neitt nál., en látið bóka í gerðabók fjhn., að jeg myndi taka afstöðu

til tekjuaukafrv. þeirra, er fyrir liggja, í heild sinni.

Jeg álít það ekki hægt á annan hátt en þann, að mynda sjer skoðun um það, hvað sje nauðsynlegt að auka tekjurnar á þessu og næsta ári og hvernig þeim megi koma sem best fyrir, svo að sem ljettast verði fyrir landsmenn að bera þá skatta, er á þarf að leggja. Nú hefir hæstv. fjmrh. skýrt frá því, þegar hann lagði fram fjárlagafrv., að tekjuhalli á árinu 1927 myndi verða um 700—800 þús. kr., og jeg ætla nú, að víst sje, að hann verði ekki minni en 800 þús. Þessi tekjuhalli, sem orðið hefir á síðastliðnu ári, gefur heldur bendingu um það, að árið, sem er að líða, muni heldur ekki skila sjer tekjuhallalaust. Enda hefir mjer skilist það á hæstv. fjmrh., að hann óttist mjög, að árið 1928 muni verða halli á ríkisbúskapnum, og að sá halli muni eigi verða minni en hálf miljón króna. Það gerir í sjálfu sier ekki svo mikið til, þó að halli verði eitt og eitt ár, en þegar halli verður ár eftir ár og miklar skuldir safnast fyrir, þá er hætt við, að gripið verði til örþrifaráða, eins og gert var árið 1924, og þá dembt á tollum, sem ganga alt of nærri gjaldþoli hins fátækari hluta þjóðarinnar, því að tekjur ríkissjóðs eru hjá okkur að mestu leyti tollar á nauðsynjum. Jeg hefi lýst því áður, að það væri rangt að taka inn tekjur ríkissjóðs á þann hátt, og jeg hefi lýst því að nokkru, hvernig við Alþýðuflokksmenn hugsum okkur að ná tekjum í ríkissjóð.

Ríkisbúskapurinn á að bera sig yfirleitt, jafnvel þó það sje ekki nauðsynlegt að hlaupa upp til handa og fóta og leggja á nýja skatta, þótt tekjuhalli kunni að verða á einhverju einstöku ári; en ef sjeður er tekjuhalli fram undan, þannig að skuldir vaxi ár frá ári, þá verður að bæta úr því. Því er, sem sagt, slegið föstu, að nú sje þörf á tekjuauka, og það jafnvel án þess að ráðist verði í þær framkvæmdir, sem mörgum leikur hugur á og fyrir liggja í frv. og tillögum, sem komnar eru lengra eða skemra hjer á þinginu. Jeg er fylgjandi mörgum af þeim, og jeg vildi ekki missa af ýmsum þeim nauðsynlegu framkvæmdum, sem þar eru á ferðinni. Jeg skal nefna örfá, eins og t. d. landnámssjóðinn og sundhöllina í Reykjavík, og ef að einhverju leyti þyrfti að leggja fram fje til landsspítalans, svo að hann yrði bygður fyr en ella mundi. Margar fleiri framkvæmdir mætti nefna. Með þetta alt fyrir augum getum við Alþýðuflokksmenn fallist á að samþykkja tekjuaukafrv. til þess að halda ríkisbúskapnum í horfinu og til að inna af hendi þær framkvæmdir, sem menn telja nauðsynlegar. En þó að fallist sje á þetta alment, er samt deila um leiðirnar til að ná tekjunum. En þótt við Alþýðuflokksmenn viljum ná sem mestu af tekjunum með beinum sköttum og ríkisrekstri, þá játum við, að eitthvert tímabil þarf að vera á milli þess, að okkar stefna komist á og þess, að tollarnir hverfi. Getum við því nú í bili orðið ásáttir um það, að samþykkja álögur, en þó svo, að þær komi sem ljettast niður, og með því móti, að numdir verði úr lögum þeir tollar, sem að okkar áliti hvíla þyngst á fátækasta fólkinu í landinu.

Þessi afstaða okkar Alþýðuflokks-

manna er ekki síður til orðin vegna þess, að við teljum okkur ekki alveg ábyrgðarlausa um það, að hafa komið að þeirri stjórn, er nú á að sjá um fjárhag landsins, og í öðru lagi af því, að mikilsráðandi menn í Íhaldsflokknum, sem þó ekkert greinir á við núv. stjórn um leiðir í skattamálum, hafa haft í hótunum um að vinna að því, að fjárlögin verði afgreidd með tekjuhalla. Jeg held, að jeg hafi ekki heyrt slíka hótun áður á þingi, nema frá þáv. 1. þm. Reykv., núv. 3. landsk. (JÞ). En til sönnunar því, sem jeg nú hefi sagt, þá skal jeg benda á, að tveir menn úr fjvn. háttv. Nd., sem báðir eru fulltrúar Íhaldsflokksins í nefndinni, hafa í nefndaráliti lýst yfir því, að þeir muni koma með tillögur til útgjalda, þótt af því kunni að leiða halla á fjárl., og skýringuna á þessari framkomu íhaldsmanna í fjvn. Nd. virðist mega finna í grein eftir þm. þann (JÞ), er áður er á minst, þar sem hann nýlega í blaðagrein endurprentar ummæli sín frá 1922, en þau hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á slík stjórn sem þessi og ekki skilið, að henni sjeu afhent tekjuhallalaus fjárlög". Og nú árjettar þessi hv. þm. þessi ummæli sín í einu flokksblaðinu, gerir þau að vísu nokkuð mildari, en aðalhugsunin er þó sú sama og 1922. Nú segir hv. þm. í Mgbl. 26. febr. þ. á., með leyfi hæstv. forseta:

„Verðskuldar sú stjórn að fá tekjuhallalaus fjárlög, sem hleður ónauðsynlegum og jafnvel alóþörfum útgjöldum á landið, en vill fá fjárveitingar til nauðsynlegustu framkvæmda stórum lækkaðar, til þess að jöfnuður haldist?"

Þetta verður naumast skilið öðruvísi en svo, að svo mikil sje andstaða hv. þm. gegn stjórninni, að hann vilji stuðla að því, að stjórnin fái ekki afgreidd tekjuhallalaus fjárlög.

Jeg hefi viljað benda á þessa bardagaaðferð andstæðinga stjórnarinnar, og þessi bardagaaðferð þeirra gerir okkur Alþýðuflokksmönnum ekki óljúfara að hjálpa til að koma nauðsynlegum tekjuaukafrumvörpum gegnum þingið.

En svo vil jeg beina því til beggja þeirra ráðherra, sem hjer eru viðstaddir, hvort þeir myndu ekki sjá sjer fært, þegar á þessu ári, að skipa nefnd til þess að íhuga skattalöggjöf landsins, því að mjer sýnist, eftir því hringli, sem nú er með skattalöggjöfina, afnám skatta í ár, sem svo eru lagðir á aftur að ári, að full þörf sje að koma á fastri löggjöf um það mál. En þingnefnd hefir ekki tíma til að ganga frá slíku máli, heldur verður stjórnin samkvæmt heimild frá þinginu að skipa nefnd, eða þingið verður að kjósa hana.

En viðvíkjandi þeim frv., sem hjer liggja fyrir, sagði jeg þegar við 1. umr. málsins, að það gæti ekki komið til nokkurra mála, að við gætum samþykt þau óbreytt, því að það eru ýms ákvæði í þeim, sem leggja nýja tolla á mestu nauðsynjavörur manna. Að vísu má segja svo um kolin, að þau sjeu nauðsynjavara fyrir fjölda manna, en ennþá brýnni nauðsynjavara er þó kornvaran, sem tollur er lagður á samkvæmt 1. gr. frv. Jeg hefi nú, ásamt hv. þm. Ak., flutt brtt. um að fella niður toll af kornvörum, og ennfremur að lækka salttollinn, en það hefir víst tekist svo til með þessa brtt., að hún er ekki nægilega fullkomin til

að verða samþykt eins og hún er. Það þarf að bæta því við, að í síðustu málsgr. falli niður orðin „ennfremur kornvörur“. Við gerum skriflega brtt. um það, að aftan við brtt. okkar á þskj. 411 komi: „c. orðin „ennfremur kornvörur“ í síðustu málsgr. falli niður“. Og er það í sambandi við þá brtt., sem við gerum um niðurfellingu d-liðs 1. greinar.

Jeg held, að jeg hafi minst á það, sem jeg vildi taka fram við þessa umr., og lýst þeirri afstöðu, sem við Alþýðuflokksmenn höfum til þessara frv., og jeg vil leggja áherslu á það, að jeg tel ekki gerlegt að samþykkja slík tekjuaukafrv., nema einhver tilhliðrun fáist á annari löggjöf í þessu efni, svo sem niðurfelling skatta, sem við teljum, að gangi of nærri almenningi eins og nú er, og eins og myndi verða, ef sú löggjöf ætti að standa óbreytt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg býst við, að það verði mörgum mönnum úti um land, sem vilja með alvöru fylgjast með málefnum þjóðarinnar, að bera saman það, sem fram kom við ræðu hv. 5. landsk., og þá afstöðu, sem forráðamaður Íhaldsflokksins hefir hjer, hv. 3. landsk., að ógleymdri framkomu tveggja flokksbræðra hans, sem eiga sæti í fjvn. Nd.

Hv. 5. landsk. viðurkennir nauðsyn þess að hafa tekjuhallalausan ríkisbúskap frá ári til árs, en það er það sama sem við Framsóknarflokksmenn höfum altaf stefnt að í þau fjögur ár, sem við höfum verið í andstöðu við stjórnarflokkinn. Við höfðum altaf opin augu fyrir þeirri ábyrgð, sem á okkur hvíldi, að láta ríkisbúskapinn vera forsvaranlegan. Við tókum ábyrgð á okkur um það að leggja á þá skatta, að það væri fullkomlega forsvaranlegt að afgreiða fjárlög. Jeg vil meira að segja fullyrða það, að við, sem áttum sæti í fjvn., höfum ekki síður en samverkamenn okkar þar, stjórnarmenn þáverandi, verið okkur þeirrar ábyrgðar fullkomlega meðvitandi.

Nú hefir hv. 5. landsk. lýst yfir því, að hann vill hjálpa til þess, að nú sje afgreidd til bráðabirgða sú viðbót við skattalöggjöfina, sem er nauðsynleg til þess að halda ríkisbúskapnum tekjuhallalausum. En frá Íhaldsflokknum kemur í báðum deildum fram alveg það gagnstæða. Hv. 3. landsk. hefir sannarlega ekki iðrast eftir þá játningu, sem hann ljet koma fram á þinginu 1922, er hann sagði, að stjórnin ætti ekki skilið að fá tekjuhallalaus fjárlög. Hann mat það meira að reyna að ná sjer niðri á stjórn andstæðinganna en að gera skyldu sína sem þingmaður. Fulltrúar Íhaldsflokksins í Nd. hafa einnig lýst því yfir, að þeir ætli að bera fram gjaldatillögur á fjárlögunum, þótt þeir viti það fullkomlega eins og ástatt er, að af því muni leiða tekjuhalla fyrir ríkissjóð. Jeg álít þetta lýsa óforsvaranlegu ábyrgðarleysi hjá Íhaldsflokkinum og hans forráðamönnum, og jeg ætla að vona það, að Íhaldsflokkurinn sje ekki svo illa farinn, að hann með ráðnum huga ætli í þessu að fylgja foringja sínum, hvorki hjer nje í Nd. Jeg býst líka við, að það verði tekið eftir þeim mun á ábyrgðartilfinningu, sem kemur í ljós hjá Alþýðuflokknum og hjá Íhaldsflokknum. Það er ríkari ábyrgðartilfinning, sem kemur fram

hjá hv. 5. landsk., en jeg álít það fullkomið ábyrgðarleysi, sem kemur fram hjá hv. 3. landsk. og þeim mönnum, sem Íhaldsflokkurinn hefir kosið í fjvn. í Nd.

Út af þeim orðum, sem hv. 5. landsk. beindi til okkar, þeirra tveggja ráðherra, sem hjer erum staddir, vil jeg segja það af hálfu landsstjórnarinnar og Framsóknarflokksins, að við munum fúsir að taka það til athugunar, hvort ekki verði hægt um leið og nú er fenginn tekjuauki að ljetta að einhverju leyti þeim sköttum, sem sárast hvíla á almenningi. Jeg get að vísu ekki sagt, hvernig það verði gert, en við munum taka það til velviljaðrar athugunar.

Um leið og hv. þm. gat þess, að hann væri ófánægður með þær aðferðir, sem nú væru notaðar til að afla ríkissjóði tekna, spurði hv. þm., hvort ekki gæti komið til mála að setja nefnd til þess að athuga skattakerfið í heild sinni. Mun háttv. þm. minnast þess, að slík tillaga var borin fram í fyrra af Framsóknarflokknum á þingi, og enn er í ráði að bera slíka tillögu fram.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. fjmrh. hefi jeg engu að svara. Það voru eitthvað tvö atriði, sem hæstv. ráðh. hafði eftir mjer, en fór ekki alveg rjett með, en það var þó ekki svo verulegt, að jeg finni ástæðu til að gera það að umtalsefni.

Jeg skil vel þá afstöðu hæstv. ráðh., að hann vill hafa sem mestar tekjur, til þess að verða ekki í vandræðum með það starf, sem hvílir á hans herðum, en við þingmenn höfum alveg jafna skyldu til að gæta þess, að ekki verði lagðar þyngri álögur á landsmenn en nauðsyn krefur, eins og að líta til þess, að ríkisbúskapurinn beri sig.

Hv. 5. landsk. fór hjer að deila á Íhaldsflokkinn og mig, án sjerlegs tilefnis, að mjer fanst. **(JBald:** Jeg las aðeins upp ummæli háttv. þm.). Og hæstv. forsrh., sem ekki hefir verið við umr. hjer, rauk nú upp, er óhætt að segja. Jeg verð að gera þeim ummælum, sem komu frá hv. 5. landsk. og hæstv. forsrh., ofurlítil skil.

Hv. 5. landsk. segir, að Íhaldsflokkurinn lýsi yfir því, að hann vilji stuðla að tekjuhalla á næstu árum, og þetta segir hv. þm. með þeirri árjettingu, að tveir nefndarmenn í fjvn. Nd. hafi undirskrifað það í nál., og hv. þm. vísar svo ennfremur til afstöðu minnar í samskonar máli árið 1922 og í blaða ummæli frá mjer nú þar um, og hv. þm. finst þessi afstaða öll lýsa því, að við viljum stuðla að tekjuhalla á næstu árum.

Jeg var dálítið hissa á því að heyra hv. 5. landsk. fara þannig með frásagnir, að hann skilur eftir eða slítur út úr samhengi í frásögninni atriði, sem skiftir svo miklu máli, að það breytir alveg niðurstöðunni. Við skulum nú athuga, hvað gerðist á þinginu 1922. Jeg bar fram brtt. við fjárlögin um að fá að láta standa þar fjárframlag til lagningar nýjum símalínum, en með þeirri athugasemd, að stjórninni væri heimilt að fella þær framkvæmdir niður, ef ekki væri fje fyrir hendi. Hv. þm. fann út úr því, að jeg hefði viljað skapa tekjuhalla, en tillaga og ummæli mín þá sýna það, að jeg vildi gera það, sem unt væri, til að fá þessu framgengt, en jafnframt sjá við því, að af því þyrfti að hljótast tekjuhalli.

Sama máli er að gegna um þau at-

riði, er hv. þm. ber á íhaldsmenn í fjvn. Nd. Ágreiningurinn er um það, hvort sitja skuli fyrir þær framkvæmdir, sem stj. fer fram á í sjerstökum lagafrv. að fá fje til, eða þær verklegar framkvæmdir, er veita skal fje til í fjárl. Íhaldsmenn í fjvn. Nd. lýstu því yfir, að þeir mundu styðja fjárframlög til síma, brúa og vega og þess háttar framkvæmda. En þeir vildu aðeins, að stj. neyddist til þess að velja á milli, hvort hún mæti meira að styðja verklegar framkvæmdir, eins og síma, brúa- og vegagerð, eða letigarð og hús fyrir skrifstofur ríkisins o. fl. þess háttar, er leita verður sjerstakrar heimildar til. Það er þetta, sem á milli ber og sem nefndarmennirnir vildu neyða stjórnina til að velja á milli. Um hitt eru allir sammála, að ríkisbúskapurinn eigi að bera sig. En hitt er vafasamt, hvort sjálfsagt er að hlaupa upp og leggja á nýja skatta, þó tekjuhalli verði eitt ár, þegar ekki eru líkur til þess, að það verði áframhaldandi. Og að því er snertir fjárveitingar í fjárl., þá hefi jeg þá skoðun á eðli þeirra, að allar fjárveitingar til opinberra framkvæmda sjeu aðeins heimild fyrir stj. til þess að nota fjeð til þessa, en engin skylda, ef fjeð er ekki fyrir hendi. En því mótmæli jeg sem tilhæfulausu og ómaklegu, að jeg hafi sagt, að jeg vildi stuðla að því, að tekjuhalli yrði á ríkisrekstrinum. Hitt er ekki nema eðlilegt, að Alþýðuflokkurinn sem stuðningsflokkur núverandi stjórnar hjálpi henni að koma í gegn þeim lögum, sem hún vill fá samþ., en sem við, sem erum í andstöðuflokknum, ekki getum fallist á, að sjeu nauðsynleg eða til bóta.

Með þessu hefi jeg líka leiðrjett það, sem hæstv. forsrh. sagði, því að hann virtist aðeins hafa heyrt það, sem hv. 5. landsk. sagði, en ekki það, sem jeg sagði. Og jeg leyfi mjer að vísa því til baka sem tilhæfulausu, að jeg eða aðrir þingmenn Íhaldsflokksins geri okkur meira far um að ráðast á núv. stjórn heldur en þingmannsskylda okkar krefur. Ennfremur mótmæli jeg því, að nokkuð það hafi komið fram hjá íhaldsmönnum eða formönnum þess flokks, er beri vott um óforsvaranlegt ábyrgðarleysi, eins og hæstv. forsrh. komst að orði. Ef borin eru fram frv. um nýjar álögur, þá er þm. bæði rjett og skylt að vera á verði og gæta þess vel, hvort þeirra sje þörf; og í þessu tilfelli hygg jeg, að rök okkar minni hl. sjeu síst lakari en hinna, og því að öllu leyti ástæðulaust að brigsla okkur um skyldubrot.

Jeg geri nú ráð fyrir, að hæstv. forsrh. hafi sagt þetta í fljótfærni og af því að hann hefir tekið orð hv. 5. landsk. trúanleg. En hæstv. ráðh. ætti að vera búinn að læra það af lífsreynslunni, að það er vissara að heyra til beggja málsaðilja áður en dómur er feldur.

Jeg skal svo endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að málið stendur þannig, að við viljum láta stjórnina velja á milli þeirra verklegu framkvæmda, sem fje er veitt til í fjárl., eða annara framkvæmda, sem veita verður fje til á annan hátt. Þetta álít jeg fullkomlega rjettmætt og lýsir engu ábyrgðarleysi, herra forsætisráðherra.

Jón Baldvinsson: Jeg skal strax viðurkenna, að hæstv. forsrh. tók vel undir þau atriði, er jeg beindi til stj. í ræðu minni, og jafnframt skal jeg geta þess, að Alþýðuflokkurinn mun

fyrst um sinn hjálpa áleiðis þessu tekjuaukafrv. hæstv. stj., með þeim breytingum, er við komum fram með. Síðar á þinginu verður þá tekið til athugunar, hvernig hægt er að losna við þá tolla, er nú íþyngja þjóðinni mest. Við till. hæstv. forsrh. um að skipa nefnd til að rannsaka tollalöggjöfina hefi jeg ekkert sjerstakt að athuga og skal sleppa því að fara frekar út í það mál. Og það skiftir ekki miklu, hvort væntanleg skattanefnd verður skipuð af þinginu eða stjórninni.

Hv. 3. landsk. fann ástæðu til þess að beina nokkrum orðum til mín út af því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. En því aðeins mintist jeg á þetta, að mjer fanst það vera einn liður í þessum umr., hvernig afstaða ýmsra mikilsráðandi íhaldsflokksmanna er til þessara mála. Og hefði ekki hv. þm. endurtekið orð sín frá 1922 um að hann skyldi standa á móti, að afgreidd yrðu tekjuhallalaus fjárlög, hefði jeg alls ekki minst á þetta. Jeg hefði þá litið á orðin frá 1922 sem orð sögð í bræði af andstæðing þáv. stjórnar. En þegar hann nú endurtekur þetta í blaði sínu nýlega, hefir maður fyllstu ástæðu til að álykta á þá leið, að þetta sje ætlun hans og að yfirlögðu ráði gert. Þessu til stuðnings er líka það, að íhaldsmenn í fjvn. Nd. hafa nú einnig látið sömu skoðun í ljós. Jeg hefi alls ekki haldið því fram, að þetta væri ætlun alls Íhaldsflokksins, heldur einstakra manna innan hans. Þar á meðal er hv. 3. landsk., sem er formaður Íhaldsflokksins, og 2 íhaldsmenn í neðri deild.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Get ekki sjeð, að það sje nein pólitísk áreitni, þó hv. þm. sje í umr. um fjármál mintur á ummæli, sem hann nú endurtekur eftir mörg ár og virðist standa fast við, og jeg get ekki sjeð, að í þessu sje honum ranglega núið neinu um nasir. (**JÞ**: Jú, það er gert). Nei, það er ekki. Hann hefir sjálfur fyllilega gefið tilefni til alls þess, er sagt hefir verið viðvíkjandi framkomu hans fyr og síðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla aðeins að kvitta við hv. 3. landsk. með nokkrum orðum, en sje annars ekki ástæðu til þess að fara í langt karp við hann. Hv. þm. sagði, að jeg hefði rokið upp. En hann sagði þetta svo oft áður í Nd., að jeg kippi mjer ekki upp við slíkt. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hvenær er ástæða til þess að láta í ljós reiði sína, ef það er ekki þá, þegar fram koma eins ljettúðug og ábyrgðarlaus ummæli og hv. 3. landsk. og 2 flokksbræður hans í Nd. hafa leyft sjer að hafa um hönd í svo alvarlegu máli, sem hjer um ræðir. Hv. 3. landsk. mótmælti því, að hann og flokksbræður hans væru sjer ekki nægilega meðvitandi um þingmannsskyldu sína. En jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp úr nál. minni hl. fjvn. Nd.: „Auk þess ... viljum við, í tilefni af því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, láta þess getið, að við munum við 3. umr. bera fram till. um hækkun fjárframlaga til verklegra framkvæmda, *jafnvel þó af því kunni að leiða nokkurn áætlaðan tekjuhalla á fjárlagafrv.*“ — Vegna þess að stjórnin hefir leitað fjárframlaga utan fjárl.

til ýmislegs, sem þeir standa á móti, ætla þeir í hefndarskyni að stuðla að því, að afgr. verði fjárlög með tekjuhalla. Ef þetta ber ekki vott um ábyrgðarleysi, þá veit jeg ekki, hvað það er, sem gerir það.

Að síðustu skal jeg geta þess í sambandi við það, er hv. þm. var að bregða mjer um fljótfærni, að þau tíðindi hafa nú nýlega gerst, að jeg held, að öðrum stæði það nær en honum að bregða mjer um slíkt.

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi nú ekki mörgu að svara, en það eru nokkur atriði, er jeg vildi minnast örlítið á. Andstæðingar okkar halda sjer náttúrlega við nál. 1. minni hl., og skal jeg ekki fara frekar út í það, með því líka, að hæstv. fjmrh. hefir sýnt ljóslega fram á, að á því er ekkert að byggja. Get jeg tekið undir það með honum og látið þar við sitja.

Hv. frsm. 1. minni hl. gat þess, að áfengisverslun ríkisins hefði ekki enn skilað öllum tekjum sínum. Um það skal jeg ekkert segja, en ýmsar sagnir ganga um það, að þær muni ef til vill ekki vera svo miklar. En annars skal jeg ekki dæma um það; gott ef þær verða einhverjar. Annars hefir reynslan sýnt, að þessi tekjuliður er að minka, og því hæpið, að rjettmætt sje að gera sjer miklar vonir um tekjuauka þaðan. Þetta verður því vafasamur punktur hjá hv. 3. landsk.

Þá vjek hv. þm. að því, að af meðaltalsáætlun mætti nokkuð sjá, hvers vænta mætti næstu ár. Þetta hefir nú verið tekið allítarlega til meðferðar af fjhn. og jeg hygg, að það sje mjög hæpið að gera ráð fyrir því, að á næstu 3 árum komi annað eins tekjuár og 1925 var. Vonir hv. 3. landsk., að yfirstandandi ár verði meira en meðalár, eru nokkuð, sem jeg skal ekkert fullyrða um. Um það er ekkert hægt að segja ennþá og þetta er aðeins spádómur hjá honum. Og víst er um það, að það þarf meira en meðalár í ár til þess að gefa það meðaltal, sem hann fær út í nál. sínu. Hann gat þess einnig, að 1927 hefðu útgjöldin farið 1 milj. kr. fram úr áætlun. En þá skeður líka það óvenjulega, að tekjurnar fara ekki fram úr áætlun. Þetta er mjög alvarlegt atriði og sem vert er að sje gaumur gefinn. Það virðist sem sje búið að spenna bogann svo hátt með það að áætla tekjur, að ekki er hægt að vænta þess gamla bjargráðs, að tekjurnar fari fram úr áætlun. Þetta er því alvarlegra sem jeg hygg, að ef athugaðir eru landsreikningar og fjárlög undanfarinna ára, þá komi í ljós, að síðustu árin hefir stefnt meir og meir í þessa átt.

Þá vildi hv. þm. ekki kannast við, að veðrabrigði væru að gerast hjá honum og flokki hans í fjármálunum. Jeg skal ekki þrefa um það við hann, en læt reynsluna tala í þeim efnum. Hann talaði og um það, að þetta væri háskaleg braut, sem hjer væri farið inn á, að hækka ennþá þá tolla, er svo mjög hefðu staðið atvinnuvegunum fyrir þrifum árin 1924—'26. En hræddur er jeg um, að það verði erfitt fyrir hann að sanna þetta. Það voru aðrar ástæður, sem þá stóðu meira í veginum heldur en tollarnir. Við, sem búskap stundum, þurfum ekki annað en að bera saman þau áhrif, er tollarnir 1925—'26 höfðu á afkomuna, og svo áhrifin af gengishækkuninni í þessi 2 ár til

þess að sjá, hve þau eru gerólík. Við, sem rekum sjálfir þessa atvinnu, vitum best, hvar skórinn kreppir og að það eru ekki tollarnir, sem hafa komið búskapnum á heljarþrömina. *Það er gengishækkunin 1924—'25.*

Það getur verið, að jeg hafi misskilið hv. þm., en jeg skildi hann svo, sem honum fyndist ekki hundrað í hættunni, þó tekjuhalli hefði orðið 1927, því við niðurlagningu landsverslunarinnar mætti grípa til þess fjár, er ríkið hefði átt bundið í henni. Það má vel vera, að það sje ekki alt uppjetið og að eitthvað fáist þar til þess að greiða upp í þetta tap, en eigi að síður er þetta mjög mikið skakkafall.

Þá virtist hv. þm. telja það fleipur eitt hjá mjer, er jeg mintist á, að samdráttur mundi eiga sjer stað hjá mörgum þeim, er rækju útgerð, og vitnaði hann til þess, að um Suðurnes mundi útgerð nú vera með mesta móti og í miklum blóma. Jeg er nú ekki svo vel kunnugur þar, að jeg viti, hvort þetta er rjett, en hitt er víst, að um tilfinnanlegan samdrátt er að ræða þar, sem jeg þekki til. Og við höfum nú báðir haft til meðferðar mál, sem hv. þm. er aðalflm. að, sem sýnir, að hann kannast við, að mjög kreppir að á ýmsum sviðum. Jeg býst ekki við, að hv. þm. geti með góðri samvisku sagt sig frían af því að hafa ekki ástæðu til þess að gruna, að samdráttur eigi sjer víða stað.

Það er gleðilegt, ef útlitið er gott við Faxaflóa. En hvað t. d. Ísafjörð snertir, þá hefir vertíðin verið rýr þar og heldur útlit fyrir samdrátt, og á Austurlandi mjög mikið. Sennilegt, að svo fari líka á Norðurlandi, og er þar þó aðgætandi, að aflabrögð voru þar með mesta móti síðastl. sumar.

Jeg hefi nú ekki að sinni ástæðu til að athuga fleira í ræðu hv. 3. landsk., og virðist mjer nú svo, sem frekar sje um sókn en vörn að ræða af hendi okkar, aðstandenda þessa frv. Sje jeg svo ekki ástæðu til að ganga nær hv. 3. landsk. og læt hjer staðar numið.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg get byrjað á því að svara hv. frsm. meiri hl., er jeg svo kalla. Það getur verið, að áfengistollurinn minki eitthvað, en það fer svo mikið eftir árferði, og sennilegt, að hann vaxi eitthvað, er glaðnar í ári, eins og nú er útlit fyrir. Það er satt, að það er varasamt að byggja á árinu 1925, en meðaltalsáætlun minni hl. um 3 undanfarandi ár ætti þó að geta staðist, því hin tvö árin voru óvenjulega tekjurýr.

Þá vildi hv. þm. ekki halda lengur fram veðrabrigðum, en sagði, að það yrði að láta reynsluna tala. Það er líka skynsamlegast. Og jeg skal segja honum, að ef ríkissjóður fær ekki af núv. tekjustofnum 12 milj. kr. á þessu ári, skal jeg játa, að úrskurður reynslunnar fellur honum í vil, en fái hann 12 milj., fellur hann mjer í vil.

Þá hjelt hann, að erfitt væri að sanna, að þeir þungu skattar, sem lagðir voru á 1924, hefðu lamað fyrirtæki og dregið úr getu þeirra til þess að rjetta sig við. Þetta er ekki erfitt að sanna, að minsta kosti ekki hjer á Suðurnesjum; því að hann þarf ekki annað en að fara niður í bankana og spyrja hvern sem er af bankastjórunum, og þeir segja allir sömu söguna,

að fyrirtækin hafi öll átt erfitt að rjetta sig við vegna skatta.

Hann talaði um samdrátt sjávarútvegsins. Jeg vona, að ekki þurfi til hans að koma. Rjett er það, að við höfum nú til meðferðar uppástungu, sem mundi hafa slíkan samdrátt í för með sjer, en jeg treysti því, að þó að við verðum ósammála um margt, þá getum við verið sammála um að láta þær till. ekki ganga fram.

Hv. 5. landsk. sagðist ekki hafa haft neina áreitni í frammi með sínum orðum. Nei, ekki með orðum sínum. Áreitni hans var í því falin, að hann slepti því, sem máli skifti, úr þessum ummælum, sem hann hafði eftir, — því atriði, sem alveg afsannaði þá ályktun, sem hann dró. (**JBald:** Jeg hafði ummælin orðrjett eftir). En hann passaði að lesa ekki of langt. Þetta er áreitni, hvort sem það kemur frá þingmanni eða forsætisráðherra. En jeg verð að halda því fram, að það er ómögulegt með nokkurri sanngirni að finna í því nokkurt ábyrgðarleysi eða ógætni í fjármálum, þó að þingmaður vilji láta standa í fjárlögum fjárveiting til verklegra framkvæmda með þeirri aths., að stjórninni sje heimilt að fella þessar framkvæmdir niður, ef fje er ekki fyrir hendi. Jeg þykist skilja á ummælum hæstv. forsrh., að það sje meiningin að nota þetta til einhvers bráðlega; og jeg skal játa, að það, að fara svona með ummæli, þannig að slept sje úr atriðum, sem skifta svo miklu máli, að niðurstaðan sje gagnstæð því rjetta, það er ekkert annað en beint framhald af þeirri sorglegu blaðamensku, sem hæstv. forsrh. var við riðinn áður en hann settist í þennan virðulega sess. En jeg held jeg hafi gert svo fulla grein fyrir því, að allir hv. þdm. skilji, að jeg hefi hvorki 1922 nje fjárveitinganefndarmenn í Nd. nú verið að orða neitt það, sem ætti að leiða til halla á ríkisbúskapnum. Þvert á móti. Í því, sem jeg sagði og flutti till. um 1922, og eins í því, sem nú kemur fram frá nefndum mönnum í fjvn. Nd., liggur andstaða móti eyðslutill. — eða fjárnotkunartillögum, svo að maður noti hlutlaust orð —, sem stjórnin flutti eða hafði með höndum utan fjárlaga.

Hv. frsm. meiri hl. fanst sókn frá hans hendi og hans manna í þessu máli. Mjer finst hreint ekki hafa komið fram sú eina sókn, sem leitt gæti til nokkurs árangurs. Það stendur ómótmælt, er jeg hefi sagt, að það, sem hjer er um að ræða, er ekki að útvega tekjur til þess að standast útgjöld fjárlaga, heldur að útvega tekjur til útgjalda utan fjárlaga, sem liggja nú fyrir þinginu till. um. Og sókn í þessu máli getur ekki bygst á öðru en því, ef reynt væri að sýna fram á, að þau útgjöld, sem þessi löggjöf fer fram á, sje svo nauðsynleg, að hennar vegna sje rjett að leggja nýja skatta á þjóðina. En það hefir ekki einu sinni verið gerð tilraun til þess í umr. að færa sönnur á þetta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla ekki að þessu sinni að fara nema lítið út í málið, af því að sá maður, sem jeg helst vildi svara, hefir lokið sjer af, enda mun gefast tilefni við annað skylt mál á morgun. En jeg vildi leiðrjetta nokkrar villur, sem jeg hefi heyrt, þegar jeg hefi komið inn í deildina.

Hv. 3. landsk. skildist mjer halda fram — eins og blöð hans flokks halda fram —, að sjerstaklega mín stjórnardeild hafi lagt til svo mikla eyðslu, að það þyrfti ekki einungis að leggja á nýja skatta, heldur rjettlættist þess vegna sú nýstárlega kenning, að andstöðuflokkur stj. eigi að neita um stuðning við fjárauka, þannig að það geti skapast tekjuhalli.

Hver er þessi eyðsla? Það eru þrenn heimildarlög, sem jeg hefi lagt til. Ein eru um það, að landið leggi fram 100 þús. kr. til heilsusamlegrar stofnunar hjer í bænum, og sú veiting komi á tvö ár. Um þetta held jeg, að hv. 3. landsk. sje samdóma, að það er hið nauðsynlegasta mál, enda álíta bæði læknar og aðrir mætir menn, að þessar 100 þús. kr. margborgist í aukinni heilsu. Og jeg tel það ekki alveg drengilega framkomu gagnvart þeim flokki, sem aðallega á rætur sínar í sveitinni, að þegar hann ótilknúður leggur til að veita úr ríkissjóði til framfara í Reykjavík, að vera sí og æ að reyna að ófrægja þá þingmenn út um landið, eins og gert er í blöðum íhaldsflokksins. Jeg held, að það verði heldur ekki til neinnar frægðar fyrir hv. 3. landsk. að halda fram, að ekki sje levfilegt að leggja á einhverja smáskatta til þess að bæta heilsu manna.

Annað atriði er byggingar- og landnámssjóður. Um það er þingið alt nokkurnveginn sammála, 200 þús. kr. ný útgjöld á ári. Það hefir áður verið deilumál, en er það ekki nú orðið. Þetta eru útgjöld, en útgjöld, sem jeg býst við, að borgi sig fyrir þjóðina að inna af hendi.

Þá kem jeg að einu atriði enn, heimildarlögunum um það að verja 100 þús. kr. til þess að koma upp nýju hegningarhúsi. Fyrst og fremst eru þetta ekki nema heimildarlög. Og það er mála sannast, að ef sú stefna verður ofan á í þinginu, að allir, sem ekki eru framsóknarmenn, greiði atkvæði þannig um tekjulög landsins, að bersýnilegt væri, að sami halli yrði á þjóðarbúinu eins og þegar háttv. 3. landsk. skildi við, þá dettur engum manni í stjórnarflokknum í hug að hreyfa hönd eða fót til þess að byggja þetta bráðnauðsynlega hús. En þegar við framsóknarmenn, sem vorum á síðasta kjörtímabili í minni hl., reyndum að hjálpa til að auka tekjur og bæta aðstöðu stj. til að sinna kröfum þjóðfjelagsins, og á hinn bóginn oft og tíðum reyndum að halda við þeim tekjustofnum, sem meiri hl. vildi ekki hafa, þá getum við náttúrlega ekki skoðað það eins og heiðursmannaframkomu að launa okkur svo, þegar við erum í meirihlutaaðstöðu, að vilja fella niður skattstofnana, þannig að það sje bersýnilegt, að ekki einungis verði tekjuhalli, heldur verði ómögulegt að sinna nauðsynlegum framkvæmdum. Vöntun á fangelsi er hjer orðin svo ógurlega tilfinnanleg, þar sem fangarnir bíða fjölmargir á öllum tímum árs eftir að komast í hegningarhúsið, af því að húsrúm er ekki til, og þar sem marga fanga er ekki hægt að taka í þetta hegningarhús vegna heilsufars þeirra, og þeir afplána því aldrei sína sekt. Það er kominn hreinn og beinn skrælingjabragur á þjóðfjelagið að þessu levti. Þess vegna er það, að bæjarfógetinn í Reykjavík er með því að gera hverja skynsamlega tilraun til umbóta, sem hægt er, af því að hann

finnur, að þetta er ómenningarástand, sem hjer er haldið við. En þetta, að við í stjórninni vinnum að umbótum með bæjarfógetanum í Reykjavík og öðrum dugandi mönnum, þótt andstæðir sjeu í stjórnmálum, það er notað sem dauðasök. Við erum affluttir svo að segja á hverjum degi í blöðunum fyrir það, að við sjeum að eyðileggja þjóðfjelagið með því að gera það, sem heiður og sæmd þjóðfjelagsins krefst.

En það má náttúrlega segja, að þeir menn í Íhaldsflokknum, sem sjá betur en hv. 3. landsk., ættu að gera meira til þess að halda flokki sínum frá skemdarverkum í þessu efni en þeir gera.

Þá er það þriðja málið, sem Íhaldsflokkurinn og blöð hans hafa beitt sjer á móti, frv. um að byrja að byggja yfir skrifstofur ríkisins. Jeg sagði, þegar jeg lagði það frv. fram í Nd., að jeg legði ekki mikla áherslu á það; og af því að húsameistari var ekki í bænum, þá var það ekki tekið fyrir í nefndinni.

Þetta mál er ekkert annað en sparnaðarmál fyrir landið. Jeg býst við, að hv. 3. landsk. sje af sinni lífsreynslu og sem ráðherra og þingmaður búinn að læra um þann einfalda mun, sem er á þeim útgjöldum ríkissjóðs, sem lögð eru í arðberandi fyrirtæki, og hinum, sem lögð eru í fyrirtæki, sem ekki gefa arð. Ef fje er lagt í síldarverksmiðju, þá er það til þess að græða peninga; prentsmiðjan er til sparnaðar, og ef landið byggir skrifstofur, þá er það til þess að eyða minni peningum í húsaleigu heldur en með því að leigja hjá einstökum mönnum. Það er vitanlega aðeins búmenska og gróði. En jeg hefi ekki getað lagt sjerstaka áherslu á að ýta þessu máli fram; en það skal hv. 3. landsk. vita, að hvernig sem hann reynir að ófrægja þetta mál — máske þeim í vil, sem okra á húsnæði —, þá er hann ekki búinn að kæfa það. Þegar lagðar verða fram skýrslur um það, hvað landið borgar fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu hjer í Reykjavík, þá væri ekki ótrúlegt, að hv. 3. landsk. vildi hafa eitthvað ótalað af því, sem hann hefir sagt um þetta mál. Þá kemur það í ljós, hvílík fjefletting á sjer stað hjá mörgum, sem leigja hús hjer í Reykjavík. Annars virðist eftir framkomu hv. 3. landsk., að honum gangi ekki annað til en halda við því ófremdarástandi, sem er. Jeg veit, að þetta er ekki fyrir fáfræði; honum hlýtur að vera ljóst, að það er gróði fyrir landið að taka 200 þús. kr. lán og borga af því vexti og afborganir, borið saman við leigu í bænum. Hann vill halda við atvinnu fyrir kunningja sína, sem eiga þessi hús; það eru ekki merkilegri ástæður en þetta, sem hann hefir. Og jeg segi hv. 3. landsk. það, að þær yfirlýsingar, sem hann gaf 1922 og hefir nú látið sína flokksmenn gefa í Nd. viðvíkjandi tekjuhalla á fjárlögum, það er svo mikil vansæmd, að engin dæmi eru um annað slíkt í allri þingsögunni. Með þessum yfirlýsingum hefir hv. 3. landsk. gert sig að siðferðislegum og borgaralegum útlaga í þjóðfjelaginu. Ef hann og hans flokksmenn ætla að halda áfram þeirri aðferð, sem upp er tekin, þá er óvandari eftirleikurinn. Þá væri alveg rjett að hreinsa út úr fjárlögunum alt það, sem lauslegt er hægt að finna, sem ætlað er að ganga til þeirra manna, sem eru

svo ólukkulegir að hafa kosið þessa áþyrgðarlausu glanna á þing. Ef partur af þjóðfjelaginu segist ekkert vilja nema hefnd og brúkar ofbeldi og níðingsskap hvenær sem hann getur, jafnvel þegar hann er í minni hl., þá er ekki annað en láta þessar siðferðislegu vanmetaskepnur finna aflsmuninn. Við framsóknarmenn höfum okkar skjöld hreinan í þessu efni; við beittum ekki þeirri aðferð meðan við vorum í minni hluta, að reyna að setja landið á hausinn með því að neita um skatta til þess að hægt væri að halda uppi nauðsynlegum framkvæmdum þjóðfjelagsins. Við höfum þess vegna nú þann fullkomna siðferðislega rjett til þess að ganga eins hart að andstæðingum okkar eins og við viljum og sjáum okkur fært. Því að ef þeir ætla sjer að brúka það skelmistak, sem formaður flokksins hefir leyft sjer að benda á, þá vil jeg minna háttv. 3. landsk. á þessi fornu orð, sem einn góður fornmaður sagði við einn nafnkendan uppreistarmann: Fyrir hvern einn mann, sem þú drepur af mjer, skulu þrír drepnir af þjer. — Þó að hjer sje ekki gert ráð fyrir mannvígum, getur líkingin að einhverju leyti frætt íhaldsmenn um, hvaða aðstöðu þeir eru að skapa sjer.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 417) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 411,a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 411,b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 417 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 418).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. hjelt dálítinn ræðustúf við 2. umræðu þessa máls eftir að jeg hafði talað tvisvar. Ekki ætla jeg að svara þeirri ræðu hans, en vil aðeins skjalfesta þau ummæli hæstv. ráðh., er hann þá hafði á orði að taka allar fjárveitingar frá þeim kjördæmum landsins, er kosið hefðu íhaldsmann á þing, og í niðurlagi ræðu sinnar gerði hann ráð fyrir manndrápum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg heyri sagt, að hv. 3. landsk. hafi notað sjer það að segja ósatt í von um, að jeg væri ekki viðstaddur í deildinni og gæti því ekki leiðrjett hann. Hann hafði þó kjark í sjer 1922 að hefna sín á andstæðingastjórninni og hann þagði meðan miljón kr. tekjuhallinn var að myndast, og nú hefir hann lýst yfir því í blaði sínu, að hann sje tilbúinn að leika sama leikinn enn á ný og hefir í þeim tilgangi látið 2 af fylgismönnum sínum í Nd. bera fram till. til þess að stofna til tekjuhalla á fjárlögunum. En það er alveg undraverður skortur á þekkingu, að þekkja ekki þá málmynd, sem jeg notaði í þessu sambandi við umr. síðast, úr Sturlungu, hvernig Jón Loftsson knjesetti einhvern óstýrilátasta íhaldsmann sinnar samtíðar með þeim orðum, er jeg tilfærði. Sama máli er hjer að gegna. Hv. 3. landsk. er búinn að

segja það, að hann ætli sjer að hefja að nýju þann leik, er hann ljek um og eftir 1922. Það er vitanlegt, að þetta átti að vera herkænska, til þess að hefna sín á stjórninni. Þessu verður að taka á sama hátt og Jón Loftsson fór að við Hvamms-Sturlu. Ef form. Íhaldsflokksins vill stuðla að því að demba svo miklu í fjárlögin, að á þeim verði tekjuhalli, þá verður að koma krókur á móti bragði, — og hvað er þá eðlilegra en að spara á þeim ófullkomnu heilum, sem gátu látið sjer detta þá fásinnu í hug að kjósa íhaldsmann á þing? Hjer verður að láta framkomu þeirra bitna á þeim sjálfum.

Hv. 3. landsk. verður að skilja, að mönnum líðst ekki alt. Þeir ofsa- og ofstopamenn í Hnífsdal, sem settu sig upp á móti lögunum, verða látnir sæta hegningu. En eins og þörf er á að setja suma menn í betrunarhús, eins þarf að setja aðra í skyrtu, sem heldur að þeim, þegar þeir með óstjórn sinni ætla að steypa öllu um koll.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg sagði þessi fáu orð vegna þess, að jeg var dálítið hræddur um, að hæstv. dómsmrh. mundi fella niður þessi ummæli sín, er hann færi að leiðrjetta handrit þingskrifaranna. Þegar hann viðhafði þessi orð, var hann í mjög miklum hita og var gersamlega búinn að sleppa sjer, sem raunar er ekkert óvanalegt. — Hæstv. dómsmrh. byrjaði ræðu sína á því, að jeg hefði sagt ósatt, en síðar í ræðu sinni hafði hann þó upp aftur bæði þessi ummæli, sem jeg hafði viljað skjalfesta, og kannaðist þannig við að hafa sagt þau. Jeg ætla við þetta tækifæri aðeins að benda mönnum á, hve það er viðeigandi að heyra slík ummæli úr ráðherrastóli og hve þau eru sæmandi þeim manni, sem fer með æðstu völdin í landinu. — Jeg get geymt mjer þangað til fjárl. verða hjer til umr. að tala um þær till., er jeg gat um, að fram kynnu að koma við 3. umr. fjárlaganna í hv. Nd. frá íhaldsmönnum þeirrar deildar, en þær till. eru um auknar fjárveitingar til vega- og brúargerða, síma og vita og annara verklegra framkvæmda.

Nú í þessari síðustu ræðu sinni líkti hæstv. dómsmrh. þessum mönnum, er kynnu að gerast svo djarfir að bera fram slíkar till., við verstu ribbalda sturlungaaldarinnar og titlaði þá sem ofsamenn, uppreistarmenn og oflátunga.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það fer hjer eins fyrir hv. 3. landsk. og þegar hann margfaldaði vitlaust í skýrslu sinni, sem nú mun þjóðfrægt orðið, að hann byrjar altaf á einhverri undirstöðuvitleysu, svo að hann getur að lokum ekkert sagt. Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að ætla, að tekin verði upp sama stefnan í fjármálum og 1922, enda er í einu vikublaðinu búið að húðfletta þá stefnu að vilja eyða meiru úr landssjóði en aflað er. Það vita líka allir, að fyrir háttv. 3. landsk. vakir að hefna sín á andstæðingastjórninni með þessari herkænsku sinni. Honum er það vel vitanlegt, að hans stjórn skildi við með 800 þús. kr. tekjuhalla, og sá tekjuhalli mundi sennilega haldast yfirstandandi ár, ef ekki fást samþ. tekjuaukafrv. Jeg verð að segja, að þetta er ekki annað en fjármálaleg uppreisn, því að hann og hans

flokkur hafa felt niður tekjustofna síðustu ára þrátt fyrir harða baráttu og dygga viðleitni hinna flokkanna að halda þeim við.

Eftir að hafa skilið við landið með þessum óvirðulega tekjuhalla, eftir alt glamrið og gortið um fjármálavitið, rís hv. 3. landsk. á móti tekjuaukafrv. hjer í deildinni, en jafnframt lætur hann flokksbræður sína í Nd. bera fram till. um aukin gjöld ríkissjóðs, vel vitandi, að þá muni myndast tekjuhalli. Þetta er það ljótasta athæfi, sem nokkur stjórnmálaflokkur hefir haft í frammi, því að enginn flokkur hefir boðað það fyrirfram, að hann væri að gera sjer leik að því að koma tekjuhalla á fjárlög landsins. Það, sem vakir fyrir núverandi stjórn, er að koma fram með ný gjöld á móti tekjuaukafrv., ef þau verða samþ., en háttv. 3. landsk. hefir engan heiður af því að reyna að bæta við nýjum útgjöldum, þegar hann gerir um leið tilraun til þess að rýra tekjurnar, því að ekki fara flokksmenn hans í Nd. að bera fram till. sínar án hans vilja.

Jeg hefi ekkert á móti því, að orð Jóns Loftssonar verði bókfest aftur í þingtíðindunum. Morgunblaðið orðaði það nú svo, að jeg hefði lofað að drepa 3 menn af íhaldinu. Það er auðvitað samboðið gáfum þeirra Morgunblaðsmannanna að taka þessi orð þannig, er þau eru notuð í nútímamerkingu. Hjer var auðvitað átt við, að þegar íhaldsmenn ætla sjer að koma tekjuhalla á fjárlögin, verður að fara eins að og þegar Jón Loftsson tók í lurginn á Hvamms-Sturlu. Svarið við eyðslu hv. 3. landsk. og hans manna verður ekki heiður þeim til handa, því að þá verða hreinsaðar út af fjárlögunum allar fjárveitingar til þeirra kjördæma, sem kosið hafa íhaldsmenn, og er það gert bæði til þess að bjarga landinu og hegna þessum ofstopamönnum, því að það er sú eina hegning, sem þeir skilja. Jeg skil þess vegna ósköp vel, hvers vegna hv. 3. landsk. vill ekki nýtt fangelsi. Hann finnur auðsjáanlega til með þeim afbrotamönnum þjóðfjelagsins, sem nú leika lausum hala. Það virðist nefnilega hafa vakað fyrir honum og flokksbræðrum hans undanfarið, að lögin væru ekki til fyrir aðra en andstæðingana. Það hefir komið skýrt fram, að ýmsir skoðanabræður hans vilja gjarnan láta taka erlend fiskiskip, sem eru að veiðum í landhelgi hjer við land, en þegar gera átti ráðstafanir til þess að hindra, að íslenskum landhelgibrjótum væru sendar fregnir af varðskipunum með loftskeytum, þá ætluðu þessir sömu menn alveg að ærast. Lögin áttu aðeins að vera til fyrir útlendingana, en ekki fyrir þá sjálfa.

Þetta sama kom fram á Ísafirði í vor. Þegar sjómennirnir fjórir voru teknir höndum, þá var engin uppreisn gerð gegn rjettvísinni, nje heldur símaðar rangfærðar og ósvífnar sögur til blaða úti um land. En þegar farið er að yfirheyra vini hv. 3. landsk. þar vestra, þá brýst út uppreisn bæði á Ísafirði og í Bolungarvík meðal fylgifiska íhaldsins, og þegar einn hv. þingfulltrúi, sem er flokksbróðir hv. 3. landsk., er spurður um sjálfsögð atriði í rjettinum, þá veður hann þar upp með dylgjur og ókvæðisorð. Sama sagan endurtekur sig, þegar farið er að rannsaka mál Einars M. Jónasson-

ar, sem nú er sannað um, að 140 þús. af opinberu fje vantar hjá honum. Þá er gerð uppreisn í Mgbl., sem nú segir, að jeg vilji drepa þrjá íhaldsmenn. Allir muna, með hverri velþóknun Mgbl. flutti „úrskurð" sýslumannsins. Jeg skil mætavel afstöðu hv. 3. landsk. og manna hans. Hún kom í ljós, þótt í smáu væri, þegar hv. 3. landsk. braut landslögin með því að smygla inn víni, svo sem bókfært er hjá bæjarfógetanum hjer í Reykjavík. Þetta var nú að vísu minni háttar afbrot, en sama lífsskoðun og lá á bak við þetta lítt virðulega lagabrot kemur nú fram í enn skýrara ljósi. Nú hugsar hv. 3. landsk. sem svo: Nú skal jeg gera uppreisn gegn peningamálum landsins. Jeg skil við fjárlögin með tekjuhalla, til að koma andstæðingunum í vandræði. Síðan kem jeg með ýmsar brtt. um hækkuð framlög til brúa, vita og síma, og ef þær verða feldar, þá segjum við sem svo: Þarna sjáið þið, við vildum framfarir, en andstæðingarnir drápu þær fyrir okkur. — Þetta er uppreisnaraðferð hv. 3. landsk. í þetta sinn. Fyrst á að svifta ríkissjóð tekjum til að standast nauðsynleg útgjöld, og koma síðan með brtt. um aukin útgjöld. Ef þetta er ekki fullkomin uppreisn, þá veit jeg ekki, hvað á að kalla slíkt athæfi.

En það vill nú svo vel til, að aðstaða Framsóknarflokksins er sú, að hann hefir ráð hv. 3. landsk. og fylgifiska hans í hendi sjer. Stjórnin getur þess vegna verið róleg, því hv. 3. landsk. og flokkur hans koma engu fram af uppreisnaráformum. Þessi stjórn ætlar sjer ekki að fara í fötin af þeim Magnúsi Guðmundssyni og Jóni heitnum Magnússyni og taka við tekjuhallafjárlögum. Alveg eins og ráðstafanir hafa verið gerðar til að rannsaka uppreisnina í Bolungarvík, munu ráðstafanir vera gerðar til að tyfta hv. 3. landsk., ef hann heldur áfram hinni sömu glæpsamlegu stefnu í peningamálum þjóðarinnar og 1922 og nú á þessu þingi. Hvamms-Sturlu-eðlið fær þá sín makleg málagjöld.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Það fer nú altaf að verða auðveldara og auðveldara að hleypa hæstv. dómsmrh. upp, og þarf talsverða varúð að viðhafa til þess að hann geti haldið þeirri stillingu, sem með þarf til að geta borið ábyrgð orða sinna. Í seinustu ræðu sinni kallar hann afstöðu mína til fjármálanna glæpsamlegt athæfi, og lætur sjer jafnvel sæma að hóta mjer tyftun úr sæti dómsmálaráðherra. Hvað er svo þetta glæpsamlega athæfi? 1922 bar jeg fram till. um fjárveitingu til símalagninga með þeirri athugasemd, að ef ekki væri fje fyrir hendi, fjelli framkvæmdin niður. Sá maður, sem kallar þetta eða tilsvarandi till. nú glæpsamlegt athæfi, er sannarlega ekki fær um að bera ábyrgð orða sinna. Þeim manni, sem lætur sjer slíkt um munn fara, er framar öllu þörf á læknisaðhlynningu.

Nú sá hæstv. dómsmrh. uppreisnir alstaðar, á Ísafirði, í Bolungarvík og hjer á Alþingi. — Hann kallar það uppreisn, ef fram eru bornar tillögur, sem ekki falla honum í geð. Hvenær skyldi nokkur maður á nokkru löggjafarþingi hafa látið sjer annað eins um munn fara? Mjer finst æ verða meiri og meiri ástæða til þess að biðja flokksbræður hans að athuga

í fullri alvöru, hvort slík framkoma samrímist þeim kröfum, sem gera verður til manns í ráðherrasæti.

Það stendur sannarlega ekki á því að hann dragi ályktanirnar. Ef menn hafa aðra skoðun en hann um fjárhagsatriði og bera fram brtt. á þann hátt, sem þingsköp mæla fyrir, þá kallar hann það uppreisn. Ekki stendur heldur á hótunum, því að nú endurtekur hann í þriðja sinni þá hótun sína að strika út úr fjárlögunum allar fjárveitingar til þeirra kjördæma, sem kosið hafa íhaldsmenn á þing. Þetta gefur góða bendingu um það, hvað hæstv. ráðh. ætlast fyrir, ef hann næði því takmarki, sem hann keppir að, nefnilega að vera einvaldur í landinu. Það yrði nú að vísu aldrei lengi, sem veldi hans stæði yfir, en þetta yrði auðsjáanlega eitt af því, sem gerast myndi.

Það erum ekki við íhaldsmenn, sem berum fram hóglátar till. um fjárveitingar til síma, brúa og vita, sem erum að eyðileggja Framsóknarflokkinn. Það er hæstv. ráðh. sjálfur, sem sýnir betur og betur með degi hverjum, hve hraparlega flokknum hefir mistekist um ráðherravalið, þegar hæstv. dómsmrh. var skipað í þann sess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er nú komið að því, eins og oftast verður, þegar tekið er ofan í hv. 3. landsk., að hann fellur frá fyrri fjarstæðum sínum og reynir að vera góða barnið. Þetta er nú auðvitað allra góðra gjalda vert. Hann reynir nú að gleyma, að árás hans á peningamál þjóðarinnar 1922 var önnur og meiri en sú, að hann bæri fram skilyrðisbundna till. um fjárveitingu til símalagninga. Hv. 3. landsk. lýsti þá yfir því í þingræðu, *að stjórnin verðskuldaði ekki tekjuhallalaus fjárlög.* Það er því ekki annað en ósvífni og vísvitandi fals að halda því fram nú, að hjer hafi aðeins verið um skilyrðisbundna fjárveitingu til síma að ræða. Það var þessi ósvífni uppreisnarhugur, sem jeg áfeldist rjettilega.

Hv. 3. landsk. getur ekki varið, og reynir ekki að verja, að hann skildi sjálfur við fjárlögin með tekjuhalla og kastaði tekjum frá sjer. Hefði að vísu verið afsakanlegt, þótt tekjuhalli hefði verið á fjárlögunum, ef tekjurnar hefðu verið skildar eftir. Ef hv. 3. landsk. hefði nú viljað vera góður borgari, þá hefði hann átt að viðurkenna, að tekjuhalli hefði að vísu orðið hjá sjer, fyrir vöntun á framsýni, en nú vildi hann vera með tekjuaukningu til framkvæmda. Þessa afstöðu hefði hann átt að taka, ef nokkurri vitglóru hefði verið fyrir að fara. En nú hefir hann lýst yfir því, að hann vilji ekki vera með neinni álagningu til að afstýra tekjuhalla, hvað þá til nýrra framkvæmda. En það er alveg eins um hv. 3. landsk. og hina uppreisnarmennina, flokksbræður hans, að hann heldur, að sjer muni haldast uppi athæfi sitt og verði ekki látinn bera ábyrgð á framkomu sinni, þótt hann vilji setja landið á hausinn. Hjer kemur það sama fram og þegar Pjetur Oddsson og Einar M. Jónasson hjeldu, að þeim gæti haldist uppi að sparka í lög landsins og svívirða rjettvísina. Hv. 3. landsk. hagar sjer eins og Einar M. Jónasson. En honum verður haldið í

skefjum og hann verður látinn bera ábyrgð á gerðum sínum.

Jeg get ákaflega vel skilið það, að hann vilji ekki hafa mig fyrir dómsmálaráðherra. Þeir, sem sannir eru að sök um atkvæðafalsanir og sjóðþurð, eru ekki ánægðir með mig heldur. Hv. 3. landsk. fullkomnar myndina, með því að skipa sjer í flokk þessara manna og annara, sem jeg hefi komið óþægilegast við: landhelgibrjóta, fyllirafta, þjófa, eyðsluklóa og ýmiskonar lögbrjóta. Engir þessara manna vilja hafa mig í ráðherrasæti, en með því er ekki sannað, að jeg sitji þar í óþökk góðra manna.

Páll Hermannsson: Þetta er nú víst í þriðja skifti, sem hv. 3. landsk. gefur Framsóknarflokknum bendingu viðvíkjandi hæstv. dómsmrh. Hafði jeg ætlað að taka þessu með þögninni, enda hefði það ef til vill verið rjettast.

Jeg get fullvissað hv. 3. landsk. um það, að þegar hann gefur bendingar, sem bornar eru fram af velvild til lands og þjóðar og með hag almennings fyrir augum, þá skal jeg vera fús til að taka þær bendingar til greina, og sama veit jeg, að er um flokksmenn mína.

En þegar hann gefur Framsóknarflokknum slíkar bendingar um hæstv. dómsmrh. og hann hefir gert undanfarið, getur hann verið viss um, að þær verða ekki teknar til greina, eða a. m. k. ekki á þann hátt, sem hann mun hafa ætlast til.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 418).

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 56., 57. og 58. fundi í Nd., 24., 26. og 27. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 28. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 418, n. 552 og 589, 601).

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Frv. þetta, sem var borið fram í hv. Ed., fer fram á það, að vörutollinum verði komið í svipað horf og hann var áður en breyting var gerð á honum 1926. Eins og frv. var borið fram í Ed. var gert ráð fyrir því, að tekjuauki sá, sem fengist eftir frv., mundi nema 426 þús. kr. En breytingar, sem á því voru gerðar í Ed., lækka þetta nokkuð, svo nú, eins og frv. liggur fyrir, má gera ráð fyrir því, að þessi tekjuauki muni nema 310 þús. kr. Það, sem því olli, var, að færður var niður tollurinn á kornvöru og salti. Er gert ráð fyrir, að tunnutollurinn nemi 80 þús. kr., en kolatollurinn nemi 230 þús. kr. Jeg þarf ekki að fjölyrða mjög um þetta, þar sem þessi tollur er orðinn mjög kunnur vegna meðferðar undanfarandi þinga, og þarf því ekki frekari fræðslu um hann.

Jeg verð þó að segja það, að þó frv. þetta hefði gengið óbreytt gegnum Ed., þá hefði verið full þörf á þeirri hækkun, sem frv. upphaflega bar í sjer. Fjárlagafrv. var afgreitt svo til Ed., að tekjurnar voru áætlaðar 10108 þús. kr. Frá því má svo draga niðurfærslu þá, sem gerð var á gengisviðauka á kaffi og sykri, sem nemur um 200 þús. kr., svo tekjurnar eins og nú stendur verða ekki nema 9908 þús. kr. — Ef þetta frv. nær fram að ganga, þá bætast þar við 310 þús. kr. Þá kemur verðtollurinn með 463 þús. kr., en sú tala er miðuð við árið 1927, en það er eina árið, sem þægilegt er til samanburðar um þennan toll. Ef þessi 25% hækkun á tekju- og eignarskatti verður samþykt, þá mundi það nema 200 þús. kr. tekjuauka. Eftir þessari áætlun ættu þá tekjurnar að nema alls 10881 þús. kr. Gjöld samkv. fjárlagafrv. eins og það er nú nema 10773 þús. kr. Er það lítið eitt lægra en ætla má, að tekjurnar nemi, ef þessi tekjuaukafrv. verða samþykt öll. En hitt er líka fullvíst, og svo hefir jafnan reynst, að gjöldin fara fram úr áætlun. Það er talið gætilegt að áætla, að þau fari 15% fram úr áætlun. En 15% af 10773 þús. = 1616 þús. kr. Má því ætla, að útgjöldin fari upp í 12400 þús. kr. Jeg býst við, að þetta láti nærri eftir reynslu undanfarandi ára. Tekjurnar þurfa því að reynast um 1½ milj. kr. hærri en áætlunin. Jeg tel ekki skynsamlegt að gera sjer betri vonir um útkomu ársins en það. Það má og minna á, að utan fjárlaga verða útgjöld til ýmsra framkvæmda samþykt, og væri holt að fá nokkurn tekjuafgang til þeirra, svo ekki þyrfti að framkvæma þær með lánum eingöngu. Í gærkvöldi var t. d. samþykt að leggja 800 þús. kr. til landsspítalans á næstu 3 árum. Sá jeg ekki betur en meginþorri þingheims væri því fylgjandi að leggja þann þunga bagga á þjóðina. Og það þeir sömu menn, sem telja, að ekki megi afla ríkinu meiri tekna, vegna þess að þjóðin þoli það ekki. — Eftir þessari áætlun, sem hjer var gerð, er því ekki að vænta mikils afgangs. En þó er enn eftir að bæta tekjuhalla þann, sem orðið hefir á árunum 1926 og 1927. 1926 varð hann um 200 þús. kr., en 1927 má búast við, að hann verði 800 til 1000 þús. kr. Á yfirstandandi ári má enn búast við tekjuhalla. Styðst jeg þar einkum við ummæli fyrv. fjmrh. á þinginu í fyrra, þar sem hann varar þingmenn við að gera sjer glæsilegar vonir um afkomu þessa árs. Bendir hann á, að tekjurnar hafi lækkað um 4 milj. á árinu 1926, „og hví skyldu þær ekki geta haldið áfram að lækka", segir hann.

Fjhn. hefir nú haft þetta frv. til athugunar, en því miður ekki getað orðið sammála um það. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það gangi fram, en minni hl., þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Dal., vill fella frv. Ástæður þessara hv. þm. má sjá á þskj. 589. Þeir láta þess getið snemma í nál. sínu, að afstaða þeirra til þessa frv. sje bygð á útliti því, er var um afgreiðslu fjárlaganna, er atkvæði voru greidd um þetta frv. í fjhn. Þeir gefa samt í skyn, að grundvöllur þessarar afstöðu sje orðinn breyttur, þegar þeir skrifa nál. sitt, en byggja þó nál. á hinum fyrri grundvelli, eða eins og hann var, þegar nefndin klofnaði. Mjer finst nú, að þessir hv. þm. hefðu

átt að byggja till. sínar á því, er þeir vissu síðast sannast og rjettast. Annað finst mjer ekki sæmilegt. Meðal annars taka þeir fram í nál., að þeim þyki tekjur ríkissjóðs of lágt áætlaðar, og tilfæra 2 liði því til sönnunar. Jeg hefi nú bent á það, að tekjur þurfi að fara 1½ milj. kr. fram úr áætlun til þess að ríkisreksturinn beri sig.

Þessir tveir liðir, sem hv. þm. taka, eru tekju- og eignarskatturinn og tekjur af áfengisversluninni, og álíta þeir, að hækka megi um 100 þús. kr. hvorn liðinn, eða 200 þús. kr. báða til samans. Tekjur af áfengisversluninni hafa um fjögurra ára bil ekki numið nema 375 þús. kr. að meðaltali á ári. Forstöðumaður áfengisverslunar hefir tekið það skýrt fram og lagt áherslu á það við fjhn., að ekki megi áætla þann lið hærra en gert er í fjárlagafrv. Er því ekki skynsamlegt að færa þann lið upp. Er sú skoðun bygð á því, að notkun áfengis er mikið að minka og að tollurinn fer þar af leiðandi lækkandi. Bendir alt á, að svo muni enn fara. Bindindishreyfingin fer nú mjög vaxandi, og miklu fastari tökum hefir verið tekið á þessu máli af hálfu landsstjórnarinnar en áður var. Er því óhugsandi, að þar verði um tekjuauka að ræða fram yfir áætlun. — Um þennan lið sagði fyrv. fjmrh. á síðasta þingi m. a., að hann hefði sett þann lið hærri í fjárlagafrv. en hann hefði gert, ef honum hefði, þá er hann samdi frv., verið kunnug orðin útkoma ársins 1926. Hann telur því þá lækkun, er fjvn. gerði á liðnum, 50 þús. kr., sjálfsagða. Og þótt fyrverandi fjmrh. sýndi það, að hann vildi áætla tekjurnar varlega, þá hygg jeg þó litlar líkur til, að hjer verði um tekjur fram yfir áætlun að ræða.

Þá gera þessir hv. þm. ráð fyrir því í nál. sínu, að áætla megi tekjur af verðtollinum 500 þús. kr. Ef árið 1927 væri lagt til grundvallar, yrði þessi liður 37 þús. kr. lægri, eða 463 þús. kr., og sýnist ekki varlegt að fara með áætlunina fram úr því. — Þá gerir hv. minni hl. fjhn. enn ráð fyrir 70 þús. kr. hækkun af stimpilgjaldi. En um þann lið er það að segja, að það er fyrst og fremst óvíst, að hann nái fram að ganga, og þótt svo verði, þá er líklegt, að það verði í formi brtt. minni hl. fjhn., og verður þá ekki beinlínis tekjur til ríkissjóðs, heldur til eflingar strandferðunum.

Jeg held jeg hafi þá tekið fram hið helsta, sem jeg tel þurfa. Þetta er alvörumál og mikilsvarðandi fyrir sæmilega afgreiðslu fjárlaganna. Vil jeg því mælast til þess, að hv. þdm. hugsi sig um tvisvar áður en þeir greiða atkvæði móti frumvarpinu.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Minni hl. fjhn. þótti ástæða til að taka tillit til fjárlagafrv. eins og það var afgreitt frá þessari hv. deild, og eins og kunnugt er, þá fór það hjeðan til Ed. með 670 þús. kr. tekjuhalla. Við vildum því stuðla til þess, að fjárlögin verði afgreidd tekjuhallalaus og gerum ráð fyrir því, sem talið er líklegt að verði, að Ed. auki ekki við tekjuhallann. Við nána athugun á tekjuliðum fjárlagafrv. er það bert, að áhættulaust er að hækka áætlun tekjuliðanna talsvert. Við höfum þó ekki viljað ganga lengra en það að taka út úr tvo tekjuliði. Hefir okkur virst þeir

liðir vera sýnilega of lágt áætlaðir og leggjum til, að þeir verði hækkaðir. Munum við bera fram brtt. um það, er fjárlögin koma aftur til einnar umræðu í þessari hv. deild, en þessir tveir liðir eru tekjur af tekju- og eignarskatti og tekjur af áfengisversluninni. Tekju- og eignarskattur hefir numið að meðaltali 1137 þús. kr. á ári síðan 1921. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1928 var þessi tekjuliður áætlaður 950 þús. kr., og var það síst of hátt áætlað, en í fjárl. fyrir árið 1929 er þessi tekjuliður áætlaður aðeins 850 þús. kr., og verður ekki sjeð annað en að það sje alveg að ástæðulausu, því að yfirleitt hækka þessar tekjur með hverju ári í samræmi við þróun atvinnulífsins í landinu, og væri því í rauninni ástæðulaust að áætla þær undir 6 ára meðaltali, eða 1137 þús. kr. Að vísu er eitt af þessum 6 árum einstakt góðæri, 1924, og eru því tekjur af þessum gjaldstofni mjög háar það ár, en því til jafnaðar hafa og nokkur áranna verið óvenju rýr og ljeleg fyrir þjóðarbúskapinn. En svo allir skilji, að í hóf er stilt, viljum við þó vera svo varfærnir að áætla tekjur af þessum gjaldstofni aðeins 950 þús. kr., í stað 850 þús. kr., eins og áætlað er í fjárlagafrv. fyrir 1929.

Við höfum einnig lagt til, að tekjur af áfengisversluninni verði áætlaðar 400 þús. kr., í stað 300 þús. kr. Er sama að segja um þennan gjaldstofn og hinn fyrri, að meðaltalstekjur af honum hafa verið meiri en 300 þús. kr., ekki 375 þús. kr., eins og hv. þm. V.-Húnv. sagði, heldur 450 þús. kr., eins og við höfum getið um í nál.

Hv. frsm. meiri hl. miðar við þær tekjur, sem áfengisverslunin hefir skilað ríkissjóði, en gætir þess ekki, að áfengisverslunin hefir af tekjum sínum safnað sjer rekstrarfje, 777 þús. kr., og varasjóði, 122 þús. kr., en skilað ríkissjóði 1843000 kr. Því er mjög í hóf stilt, er við leggjum til, að tekjur verði áætlaðar 400 þús. kr., því að þær hafa verið yfir 450 þús. kr. að meðaltali, ef miðað er 6 síðustu árin, en 560 þús. kr. að meðaltali 3 síðustu árin.

Nú hafa verið leiddar að því líkur af hv. frsm. meiri hl., að ástæða sje til að ætla, að þessar tekjur fari heldur minkandi. Benti hann á, að árið 1927 hafi tekjurnar verið minni en árið 1926, sem aftur var rýrara að tekjum en 1925. — Fyrir þessu liggja hinar sömu ástæður og rýrnun á öðrum tekjum ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er, var árið 1924 eindæma gott ár fyrir allan atvinnurekstur landsmanna, og eru því tekjur ríkissjóðs mjög miklar 1925. Árið 1925 var að vísu góðæri, en þó lakara en 1924, og þar af leiðandi urðu tekjur ríkissjóðs minni 1926 en 1925.

Loks er árið 1926 mjög ljelegt fyrir atvinnuvegi landsins, og er því ekki nema eðlilegt, að tekjur ríkissjóðs sjeu rýrari 1927 en árið á undan. Þetta er hin viðurkenda regla, að tekjur ríkissjóðs miðast fyrst og fremst við afkomu atvinnurekstrar landsmanna á undanförnu ári. Nú telur háttv. frsm. meiri hl., að tekjur ríkissjóðs af áfengisversluninni muni minka drjúgum sökum þess, að núv. stjórn hafi tekið áfengismálið svo sterkum tökum. Jeg verð að segja, að mjer virðast þessi ummæli hv. frsm. næsta brosleg, því að ekki hefir orðið vart annara áhrifa stjórnarinnar en ef hún skyldi sjálf

hafa neytt minna víns en verið hefir, en vart trúi jeg, að það hafi veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ef hv. frsm. hefir átt við það, að stjórnin muni taka áfengissmyglun föstum tökum í framtíðinni, þá get jeg ekki annað sjeð en að það muni fremur verða til þess að auka viðskifti við áfengisverslunina en að draga úr þeim. Þessi rök hv. frsm. virðast því heldur til þess að styðja áætlun okkar minnihlutamanna.

Jeg þykist nú hafa leitt nokkrar líkur að því, að ekki muni óvarlegt af okkur minnihlutamönnum að fara fram á það, að þessir tekjuliðir í fjárlögunum verði hækkaðir. Ef það er gert, er þó enn eftir að sjá ríkissjóði fyrir 470 þús. kr. tekjuauka, sem svarar þeim halla, er þá verður eftir á fjárlögunum. Þetta höfum við lagt til, að gert verði með því að hækka verðtollinn samkv. þskj. 213. Sú hækkun mundi færa ríkissjóði 460 þús. króna tekjuauka, ef miðað er við síðasta ár, en með því að það ár var með tekjurýrari árum fyrir ríkissjóð, þykir okkur ekki óvarlegt að áætla tekjur hans 500 þús. kr. af hækkun verðtollsins. Þegar við þannig höfum sjeð fyrir tekjuhallalausum fjárlögum, þá finst okkur, að gjalda beri varhuga við að leggja þyngri skatta á þjóðina, einkum þar sem atvinnurekstur landsmanna hefir á síðari árum vart getað risið undir hinum þungu skuldaböggum og álögum, sem hafa verið langt úr hófi fram. Því að auk þess að gjalda til þarfa ríkissjóðs hefir atvinnurekstur landsmanna orðið að stríða við hina þungu örðugleika gengishækkunarinnar og greiða margar milj. kr. af lausaskuldum ríkissjóðs. Fyrir því finst okkur alveg óverjandi að ganga lengra í skattaálögunum, þar sem sterkar líkur eru fyrir því, að fjárlögin verði með þessum hætti afgreidd tekjuhallalaus. Hinsvegar virðist þingmeirihlutinn líta öðruvísi á, þar sem hann ber fram mörg og margvísleg tekjuaukafrv. Er þar fyrst að nefna hækkun á tekju- og eignarskatti, hækkun á verðtolli og vörutolli, sem talið er víst, að muni verða samþ., og loks liggur fyrir frv. um stimpilgjald, sem mjer þó heyrðist á flm., að hann teldi hæpið, að samþ. yrði. Gat hann þess, að tekjur af því mundu ekki renna í ríkissjóð, heldur sjóð, sem stofnaður yrði til eflingar strandferðum. Jeg get ekki sjeð, að á þessu sje neinn munur, því að hin sama hlið veit að skattþegnunum og sjóðurinn verður til þess að ljetta á ríkissjóði í þeim efnum. Ef svo fer, að þessir tekjuaukar verða samþ., verða fjárl. afgr. með yfir 600 þús. kr. tekjuafgangi, eins og við höfum sýnt fram á á þskj. 589. Er slík afgreiðsla ekki aðeins einstök í sinni röð, heldur og alveg óverjandi, þar sem landsmenn geta ekki risið undir meiri álögum en brýnustu þarfir ríkissjóðs heimta. Þar að auki má ætla, að þessir blóðpeningar muni ganga til framkvæmda, sem ekki er nauðsyn á að verði unnar eins og sakir standa. Síðan fjhn. hafði mál þetta til meðferðar, hafa þau tíðindi gerst hjer í hv. Nd., sem engan ugði, að numinn hefir verið úr lögum gengisviðauki á kaffi- og sykurtolli, sem nemur 190 þús. kr. tekjurýrnun. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að við hefðum mátt gera ráð fyrir þessu, þegar við skrifuðum undir nál., svo framarlega sem við hefðum viljað afgreiða málið með samviskusemi, eins og hann orð-

aði það, en ef við vildum aldrei og undir engum kringumstæðum ganga inn á það að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla, getur meiri hl. þingsins notað sjer það og numið úr gildi þá gjaldstofna, er hann vill ekki hafa, en heimtað síðan atkvæði okkar til þess að samþ. gjaldstofna, er við teljum rangláta.

Jeg hefi nú í nál. skrifað um þessi mál, eftir þeim horfum, sem þá voru á afgreiðslu fjárl. En hv. frsm. meiri hl. hefir viljað kalla reynsluna til vitnis og spyr, hverjar líkur sjeu um afkomuna í reyndinni, en ekki á pappírnum, eins og á fjárlagafrv. Jeg er reiðubúinn til þess að ræða þá hlið málsins við hann. Jeg skal gera honum það til geðs við þá umr. að taka tillit til niðurfellingar gengisviðauka af kaffi- og sykurtolli og gera fyrir þeim tekjumissi, sem nú er bert, að af muni hljótast. Sömuleiðis skal jeg gera ráð fyrir þeim umframgreiðslum, er hann vill telja 15% af áætluðum útgjöldum fjárl., og þá telur háttv. frsm., að útgjöld ríkissjóðs verði 12400000 kr. Jeg skal ganga inn á þetta og reyna að gera grein fyrir tekjunum, ef miðað er við líkur og dæma má eftir reynslu undanfarinna ára. Ef teknar eru meðaltalstekjur þriggja undanfarinna ára og ef miðað er við, að sú tekjulöggjöf hefði þá gilt, sem nú gildir að öllu óbreyttu, þá hefðu þær orðið þessar:

Árið 1925 ..... 13,71 milj. kr.
— 1926 ..... 11,48 — —
— 1927 ..... 11,00 — —

eða að meðaltali 12,06 milj. kr. Við þetta á svo að bætast, að á þessum árum hefir áfengisverslun ríkisins safnað sjer varasjóði, m. ö. o. hefir haft tekjur, sem hún ekki hefir skilað ríkissjóði, en sem hún nú getur farið að skila. Þessar tekjur hafa numið rúmlega 0,2 milj. kr. árlega. Má því segja, að raunverulegar meðaltalstekjur ríkissjóðs á þessum þrem árum sjeu 12,26 milj. króna.

Ef nú verðtollurinn verður hækkaður, eins og við leggjum til að gert verði, verða tekjur af því árlega alt að 0,5 milj. kr. Að þeim tekjum viðbættum verða því tekjur ríkissjóðs 12,76 milj. kr., og þar sem hv. frsm. sló því föstu, að gjöldin mundu verða 12,4 milj., er þá eftir tekjuafgangur, sem nemur 360 þús. kr. Hvort heldur sem dæmt er eftir fjárlögunum á pappírnum eða reynslu undanfarinna ára, þá virðist sæmilega trygð afkoma ríkissjóðs án þess að samþ. sjeu tekjuaukar, aðrir en verðtollurinn.

Í þessu sambandi má benda á það, að þótt framlagið til landsspítalans verði greitt af tekjum þessa árs, eru allar líkur til, að það muni kleift, og jeg tel sjálfsagt, að það gangi fyrir letigarði og ýmsum framkvæmdum öðrum, sem stjórnin er fylgjandi. (**HJ**: Það vantar tekjur í þessi áætluðu fjárframlög). Jeg vil benda hv. frsm. á það, að jeg sýndi, að með þessu móti yrði 360 þús. kr. tekjuafgangur eftir reynslu fyrri ára.

Jeg skal svo að endingu drepa á það, að hv. frsm. vitnaði í það, sem hinn glöggi fjármálamaður formaður Íhaldsflokksins (JÞ) sagði í ársbyrjun 1927. Það var sjálfsagt í ársbyrjun 1927 að brýna það fyrir mönnum að spara, því að þá var víst, að afkoma ársins 1926 var mjög ljeleg fyrir atvinnurekstur landsmanna, og þar af

leiddi það, að tekjur ríkissjóðs hlutu að verða mjög rýrar árið 1927. Nú vitum við, að afkoma atvinnuveganna 1927 var mjög sæmileg, en af því vitum við, að tekjur 1928 verða einnig mjög sæmilegar og miklu meiri en tekjurnar 1927. Eftir þeim líkum, sem fyrir hendi eru, er hægt að segja, að horfurnar fyrir sæmilegri afkomu á þessu ári sjeu mjög sæmilegar, a. m. k. að því er verðlag snertir. Jeg skal að vísu játa, að aflabrögð togara hafa ekki verið góð, en ennþá er ekki sjeð, hvernig þau kunna að verða, sökum þess að skamt er liðið á vertíð.

Jeg vil svo enda mál mitt með því að slá því föstu, að verði till. minni hl. samþ., munu fjárl. tekjuhallalaus, en reyndin verða sú, að allverulegur tekjuafgangur verður. Verði hinsvegar till. meiri hl. fylgt, verður stórvægilegur tekjuafgangur, sem varið mun til ýmsra framkvæmda, sem sumar eru miður nauðsynlegar. Þykir minni hl. það því viðsjárverðara, sem hagur landsmanna er þannig, að þeim er ekki kleift að gjalda nema til brýnustu þarfa ríkissjóðs.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Mjer láðist að geta um hækkun á tekjum ríkissjóðs, þeim er minni hl. gerir ráð fyrir. Í samdrætti þeirra 6 ára, er minni hl. tók, er innifalið árið 1925, sem var þrisvar sinnum hærra en þrjú þessara ára, eða m. ö. o. jafnhátt að tekjum og árin 1923, 1924 og 1927. Hvaða vit er í því að taka svona ár með í reikninginn? Helmingur þeirra ára, sem minni hl. tekur til að finna meðaltal teknanna, hafa lægri tekjur en minni hl. gerir ráð fyrir, og þó vill hann hækka tekjuáætlunina 1929. Þetta þykir mjer ógætilega að farið. Hv. frsm. minni hl. kvaðst hafa farið eftir fjárl. eins og Nd. skildi við þau, og kvaðst ekki vilja láta krefjast þess af Íhaldsflokknum, að hann gengi inn á gerbreytingar í skattalöggjöfinni til að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. Hjer er um engar gerbreytingar að ræða. Vörutollshækkunin er engin gerbreyting. Fyrirkomulagið er hið sama og áður. Sú eina breyting, sem líklega á sjer stað, verður sú, að feldur verði niður viðbótartollur á kaffi og sykri, en tekinn upp 25% gengisviðauki á tekju- og eignarskatti. Hjer er aðeins um 200 þús. kr. að ræða til eða frá. Það er ávalt rjett að styðja að því, að fjárlög fái sæmilega afgreiðslu, ekki síst þar sem hækkanir þær á tollum og sköttum, sem fram hafa verið bornar, eiga aðeins að gilda til bráðabirgða og endurskoðun á skattalöggjöfinni stendur fyrir dyrum, eins og hv. þdm. er kunnugt.

Þá vil jeg víkja að útreikningi hv. frsm. minni hl., þegar hann vildi sýna, að nægilegar tekjur fengjust til að standast 12,4 milj. kr. útgjöld, eins og jeg gerði ráð fyrir, án þess að grípa þyrfti til þessarar tollhækkunar. Las hann upp úr nál. minni hl. fjhn. í Ed. máli sínu til stuðnings. Jeg vil benda á, að nokkurt misræmi er í skýrslu þeirri, sem hv. 3. landsk. undirskrifar þar, og því, sem hann hjelt fram á þingi 1925, er hann var fjármálaráðherra. Þá taldi hann, að eftir núgildandi löggjöf myndu tekjurnar verða 4 milj. lægri en tekjur ársins 1925. En nú segir hann í nál., að mismunurinn nemi 2,3 milj. **(ÓTh:** Þetta er óskylt mál). Nei, það er ekki óskylt. Þetta misræmi stafar af því, að

1926 voru þessar tekjur innheimtar með hagkvæmri löggjöf. Hjer munar 1700 þús. kr. á álíti hv. 3. landsk. nú og þá.

Um víneinkasöluna vil jeg segja það, að jeg mun hafa sagt, að meðaltalstekjur af henni hafi verið 376 þús. kr. á ári. Þetta er meðaltal af 4 árum, en ef fyrsta árið er einnig talið, verða meðaltalstekjur ekki nema 333 þús. kr. Tekjur vínverslunarinnar hafa verið sem hjer segir:

Árið	1923	160000 kr.
—	1924	454955 —
—	1925	550000 —
—	1926	200000 —
—	1927	300000 —

Jeg býst við, að einmitt þessar tekjur fari lækkandi, eins og þær hafa gert síðan 1925. Hv. frsm. minni hl efaðist um, að ástæður mínar fyrir þessu væru rjettar. Jeg sagði, að núverandi stjórn hefði tekið föstum tökum á þessum málum, og vildi sýna, að það hefði áhrif á tekjur af þessari einkasölu. Undanfarið hefir mönnum verið gert ljett fyrir um lán á áfengi, svo að slík útlán hafa numið tugum þúsunda. Nú hefir verið tekið fyrir þetta, og ef þetta hefir ekki áhrif á tekjurnar, veit jeg ekki, hvaða rökum á að beita við hv. þm. Jeg benti líka á, að bindindisstarfsemi hefði aukist og líklegt væri, að hún hjeldi áfram að aukast. Hygg jeg, að það hafi þegar haft nokkur áhrif. Einnig hefir stjórnin dregið úr áfengisneyslu með því að ganga vel fram í að hindra, að vín væri selt á óleyfilegum tíma, og hefi jeg heyrt um það skrítna sögu. (**ÓTh:** Hvernig er hún?). Hún kemur ekki hv. þm. við, þótt margir kynnu að ætla það. (**ÓTh:** Það væri samt gaman að heyra hana).

Skekkjan á milli nál. á þskj. 371 og álits fjmrh. 1925 liggur í því, að ekki er tekið tillit til, eftir hvaða löggjöf á að innheimta. Innflutningur árið 1925 var óvenjulega mikill, og hefði því átt að draga meira frá tekjum þess árs að rjettu lagi. Hitt get jeg fullvissað hv. þm. um, að útgjöldin verða nálægt því, sem jeg hefi reiknað út, ef litið er til reynslu undanfarinna ára.

Jeg þarf ekki að svara háttv. frsm. meiru. Jeg vænti þess, að háttv. deild vilji afgr. fjárl. þannig, að ekki verði tekjuhalli á þeim, og tekjuafgangi, ef einhver verður, verði varið til að greiða eitthvað af þeim halla, sem hrúgast hefir upp tvö síðustu árin, sem mun vera orðinn um 1 milj. kr. Jeg býst ekki við, að hv. þm. langi til að flytja þær fregnir heim í kjördæmi sín, að lausaskuldir sjeu farnar að safnast fyrir aftur. Það getur að vísu komið fyrir, að hv. frsm. minni hl. þyki gott að geta vitnað til þess, að lausaskuldir sjeu farnar að safnast aftur, til þess að sýna, hvernig ráðsmenskan er hjá Framsóknarstjórninni. En slík stjórnmálastarfsemi miðar ekki til þjóðþrifa.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil gera hjer nokkra grein fyrir fyrirvara mínum. Við jafnaðarmenn erum engan veginn ánægðir með þessa tollhækkun, enda þótt við munum greiða henni atkv. En við skoðum hækkun þessa aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, enda er nú komin fram þáltill. um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka skattamál landsins á næstunni, og má vænta þess, að sú till. nái fram að

ganga. Þess má einnig gæta, að kaffi- og sykurtollur hefir verið undanþeginn 25% gengisviðauka, og getum við af þeim ástæðum frekar ljeð hækkun á vöru- og verðtolli fylgi okkar í þetta sinn, enda þótt við teljum, að hægt sje að afla ríkinu tekna á heppilegri hátt.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal taka það fram, að jeg álít það skyldu þingsins að stuðla að því, að fjárlög verði afgreidd tekjuhallalaust, hvaða stjórn, sem við völd situr. En jeg álít því aðeins rjett að samþ. hækkaðar álögur, að full rök sjeu færð fyrir því, að þörf sje á því, til þess að jöfnuður verði á ríkisbúskapnum. Mjer hefir skilist það á því, sem gerst hefir hjer í þinginu, að það sje orðið að samkomulagi milli stjórnarflokkanna, að öll þau hækkunarfrv., sem eru á leiðinni, skuli ná fram að ganga. Þegar það er orðið, eru skattarnir komnir í sama horf og árið 1924, þegar lausaskuldirnar voru á 5. milj. kr. Nú eru þær greiddar, og samt á að leggja á jafnþunga skatta nú og gert var, þegar við vorum að byrja að borga þessar skuldir. Til hvers á að nota þessa peninga? Ekki til að greiða gömlu skuldirnar. (**HJ:** Til að borga nýjar skuldir). Til að borga nýjar skuldir, segir hv. þm. Í fjárlagafrv. er aðeins gert ráð fyrir um 600 þús. kr. til þess. (**HJ:** Mætti vera meira). Er þetta þá skakt í fjárlagafrv.? Nú er ekki gert ráð fyrir neinni brtt. í Ed. um þetta, og verð jeg því að fara eftir fjárlagafrv. eins og það er nú, enda veit jeg, að það er rjett, hvað sem þm. V.-Húnv. segir. En þótt skattarnir væru færðir í sama horf og 1924, myndi jeg fylgja því, ef jeg sæi, að þörf væri á því til að ekki yrði halli á landsbúskapnum með sama sparnaði og hefir verið undanfarin ár. En jeg get ekki sjeð, að svo sje. Árið 1925 var með svipuðum sköttum og nú eru ráðgerðir greidd 1 milj. kr. af föstum skuldum, ½ milj. kr. bráðabirgðalán í Landsbankanum og 3,76 milj. kr. af öðrum skuldum.

Árið 1925 voru því 6,1 milj. króna skuldir greiddar með svipuðum sköttum og nú er gert ráð fyrir að leggja á þjóðina. Frá þessari upphæð dreg jeg þær 600 þús. kr., sem ætlaðar eru til afborgana á skuldum í fjárlagafrv. Eru þá eftir 5,5 milj. kr. Jeg geng inn á, að árið 1925 hafi verið betra en líkur eru til, að árið 1929 verði. Jeg skal játa, að jeg get ekki búist við, að það verði eins gott ár og 1925. Jeg skal gefa 3 milj. kr. á milli þessara ára, enda þótt fult útlit sje fyrir, að árið 1928 verði gott ár til lands og sjávar, og hið eftirfarandi ár mótast jafnan að því er snertir ríkissjóðstekjur af næsta ári á undan. En samt skal jeg gera ráð fyrir, að mismunurinn sje 3 milj. kr. Þá eru eftir 2,5 milj. kr. Nú verður að taka það til greina, að verklegar framkvæmdir voru ekki miklar 1925, og er gert ráð fyrir, að þær verði meiri nú. Þetta munar segjum 1½ milj. kr. Þá verður eftir 1 milj. kr., sem jeg get ekki sjeð, að þurfi að afla tekna til.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að 4 milj. munaði á tekjum áranna 1924 og 1926. Eftir landsreikningnum 1926 er þessi munur rúmlega 2 milj. kr. Jeg geng út frá því, að landsreikningurinn verði ekki rengdur. Um tekjur ársins 1927 er öðru máli að gegna. Um þær

verður eigi enn sagt með vissu, hve miklar þær verða, því að reikningar frá mörgum sýslumönnum eru ókomnir og tekjurnar því áætlaðar heldur lægri en búast má við, að þær verði í raun og veru.

Það var óvarlega mælt af hv. frsm. meiri hl., að hv. frsm. minni hl. vildi fá lausaskuldir aftur. Það er ekki stefna okkar Íhaldsmanna, og lausaskuldirnar voru svo erfiðar viðfangs á sínum tíma, að enginn mun óska eftir þeim aftur. En það verður að taka tillit til landsmanna, sem skattana eiga að greiða. Hv. frsm. meiri hl. var að tala um halla, sem hrúgast hefði upp tvö síðustu árin. Eftir landsreikningnum hafa verið borgaðar 2 miljónir upp í skuldir árið 1926, en á árinu 1927 hefir safnast dálítið fyrir af lausum skuldum, en þó ekki meira en svo, að hægt er að greiða þær úr sjóði. Sjóðeign hefir stórkostlega aukist árin 1924—'26, og sjóðurinn þolir vel að greiða þennan rekstrarhalla. Ef menn vilja fá nákvæmt yfirlit yfir hag ríkissjóðs, þá er heimilt að telja það fje, sem varið hefir verið til greiðslu á skuldum, sem gróða. Niðurstaðan verður sú, að þó ekki sje farið út á þá braut að hækka vöru- og verðtoll og leggja 25% viðauka við tekju- og eignarskatt, myndi verða jöfnuður á þjóðarbúskapnum.

Það er því ekki rjett að setja skattana í sama horf og 1924, þegar hagur ríkissjóðs var sem erfiðastur. Stjórnin hlýtur með því móti að fá mikið fje til umráða framyfir það, sem þarf til að mæta lögboðnum útgjöldum samkv. fjárlögum.

Jeg skal líka benda á það, að ríkisstjórnin hlýtur að fá talsvert fje til umráða, þegar það fje losnar, sem nú er fast í landsverslun. Jeg geri ráð fyrir, að það sje um ½ milj. kr. Hæstv. stj. hefir enga grein gert fyrir því, hvernig þetta fje eigi að nota. Háttv. frsm. verður að setja sig í spor okkar, sem erum á móti því, að stórfje sje lagt í síldarverksmiðjur, letigarð — eða vinnuhæli, eins og hann heitir nú —, strandferðaskip o. s. frv. Okkur hlýtur að detta í hug, að eitthvað af því fje, sem fæst vegna hinna auknu skatta og verður umfram útgjöld fjárlaganna, eigi að notast í þetta.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. frsm. meiri hl. taldi, að jeg hefði farið þeim orðum um breytingar þær, er gerðar hafa verið eða munu verða á skattalöggjöfinni á þessu þingi, og þá aðallega þær, að fella niður gengisviðauka af kaffi- og sykurtolli, en hækka tekju- og eignarskatt, að með þessu væri verið að gerbreyta skattalöggjöfinni. Þetta sagði jeg nú ekki, enda þótt það mætti til sanns vegar færa. En jeg sagði, að ef heimta mætti af okkur stjórnarandstæðingum, að við værum með nýjum skatti í staðinn fyrir hvern þann tekjustofn, sem stjórnarliðið feldi niður, bara af því að við vildum ekki fjárlög með tekjuhalla, þá mætti gerbreyta skattalöggjöfinni með okkar atkv., en þvert á móti stefnu okkar.

Hv. frsm. þóttist hafa staðið háttv. 3. landsk. að mikilli hugsunarvillu, en það fór að líkum, að hugsunarvillan var hjá hv. frsm. sjálfum. Dæmið, sem hann tók og átti að sanna þetta, var það, að á þingi í fyrra hefði háttv. 3. landsk., sem þá var fjmrh., slegið því föstu, að tekjur ársins 1926 yrðu 4

milj. kr. minni en ársins 1925. Hinsvegar á sami hv. þm. að hafa sagt nú í nál. í Ed., að ef tekjustofnarnir hefðu verið þeir sömu 1925 og þeir eru nú, mundi ríkið hafa haft 2,3 milj. kr. minni tekjur en það hafði það ár. Þetta þótti hv. þm. V.-Húnv. undarlegt í meira lagi og taldi skakka þarna 1,7 milj. kr. En hv. þm. hlýtur að sjá, að hjer er ólíku saman að jafna. Annarsvegar er verið að tala um tekjurnar 1926, en hinsvegar um það, hverjar tekjurnar hefðu orðið 1925, ef ekki hefðu verið þeir tekjustofnar, er feldir voru niður 1926.

Hv. frsm. þykir enn, að við minnihlutamenn áætlum óvarlega tekjur áfengisverslunar, þegar við viljum hafa áætlunina 400 þús. kr., í stað 300 þús. kr. í frv. Bendir hann á það, að þær tekjur, sem áfengisverslunin hafi skilað ríkissjóði, hafi verið að meðaltali 330 þús. kr. á ári. Jeg hefi áður bent á það, sem máli skiftir, þ. e. hverjar hinar raunverulegu tekjur áfengisverslunar hafa verið. Nokkrum hluta þeirra hefir verið varið til að mynda sjóð, sem hæfilegur mætti teljast fyrir rekstrarfjárþörf stofnunarinnar, og nokkuð hefir runnið í varasjóð. Þar sem báðir þessir sjóðir hafa nú náð þeirri fjárhæð, að ekki þykir þurfa að auka þá í bili, mega tekjur áfengisverslunar renna óskertar í ríkissjóð. Og hinar raunverulegu tekjur hafa verið 450 þús. kr. á ári að meðaltali, ef miðað er við öll árin, en 560 þús. kr., ef tekið er meðaltal þriggja síðustu ára. Ef hv. frsm. óskar nánari sundurliðunar á þessu, þá getur hann fengið að heyra hana.

Nettóágóði áfengisverslunar hefir verið þessi:

Árið 1922	270	þús. kr.
— 1923	298	— —
— 1924	495	— —
— 1925	830	— —
— 1926	504	— —
— 1927	346	— —

Nettóágóði af rekstri verslunarinnar hefir þannig verið 2743 þús. kr. öll árin samtals. Þar af hafa verið greiddar í ríkissjóð 1843 þús. kr. Varasjóður er 122½ þús. kr. og rekstrarsjóður 777½ þús. kr.

Þess vegna er það óhrekjanlegt, að með engu móti getur talist óvarlegt að áætla tekjurnar 400 þús. kr., og að ástæðulaust er að hafa þá áætlun ekki hærri en 300 þús. kr. — Það er næsta broslegt, þetta, sem hv. frsm. talaði um, að hæstv. landsstjórn hefði gert svo mikið til að draga úr áfengisnautn í landinu. Einkum verður broslegt að heyra þetta, þegar menn minnast þess, að einna mesti áhrifamaðurinn í hæstv. stj. hefir skrifað rammaukna hvatningargrein til manna um að drekka vín eins og kaffi. Ef tekið verður alment tillit til þessarar greinar, hlýtur það að verða til þess, að áfengisstraumurinn vaxi í tíð núverandi hæstv. stj. eins og á í vorleysingum. — Þegar hæstv. ráðh. skrifaði þessa hvatningargrein, var það auðvitað með það fyrir augum, að nú væri hann kominn í stjórn landsins og yrði að ná sem mestum tekjum í ríkissjóð, til þess að geta komið fram áhugamálum sínum. Hæstv. ráðherra hafði veitt því athygli, að hófleg drykkja spánskra vína væri mönnum einkar holl, og því gaf hann út áskorun um það, að hvenær sem tveir menn hittust, skyldu þeir skvetta í sig nokkrum bollum af Spánarvínum, — eins og þeir væru að

drekka kaffi. Með þessu móti gætu þeir helst gerst samkvæmishæfir. Það verður því ekki með nokkrum sanni sagt, að starfsemi hæstv. stj. hafi miðað að því að draga úr áfengisnautninni. — Jeg sje á öllum hv. þdm., að þeim þykir jeg hafa mikil rök að mæla, enda er það svo.

Háttv. frsm. kveður nokkurn grun liggja á um það, að af því að jeg sje í stjórnarandstöðu, vilji jeg ekki skamta ríkissjóði ríflegri tekjur en svo, að lausar skuldir safnist, og síðan vilji jeg hallmæla hæstv. stjórn fyrir það. Þetta er úr lausu lofti gripið. Við minnihlutamenn höfum tekið þátt í því að leggja nýja skatta á þjóðina, af því að við viljum tryggja ríkissjóði tekjur til brýnna þarfa. En við höfum kveðið upp þann dóm, að lengra megi ekki ganga. Hv. meiri hl. segir sem svo, að auk þessa þurfi tekjur til að greiða tekjuhalla undanfarinna ára og væntanlegan tekjuhalla 1928. Tekjuhalla undanfarinna ára er auðvelt að greiða, ef farið er að ráðum hv. minni hl. fjhn. í Ed., sem sje að greiða hann með því fje, sem losnar, þegar landsverslun er lögð niður. Fyrir tekjuhalla á þessu ári þarf varla að siá, því að telia má nokkurnveginn fullvíst, að á árinu verði sæmilegur tekjuafgangur, nema hæstv. sti. haldi með fádæmum illa á og greiði óhófsamlega umfram fjárlagaveitingar. En það mætti æra óstöðugan, ef gera ætti við afleiðingum slíks austurs.

Hv. þm. hielt, að ekki mundu margir þingmenn fara ánægðir heim, ef þeir þyrftu að bera þann boðskap, að nú væru skuldir ríkissjóðs að aukast og lausar skuldir að safnast. Jeg tek undir með hv. þm., að það væri sorgarboðskapur. En hitt er ekki heldur neinn gleðiboðskapur, sem menn fá áreiðanlega að heyra, að nú sje verið að gera leik að því að nauðsynjalausu að skattleggja þá til þess að reisa letigarð og byggja strandferðaskip með 200—300 þús. kr. árlegum tekjuhalla. Fleira mætti telja, og er sumt að vísu þarft, en margt miður, og ekkert að minni hyggju bráðnauðsynlegt. — Enda mun það hafa verið svo um okkur háttv. þm. V.-Húnv. báða, eins og alla aðra frambjóðendur, að við hjetum kjósendum því, að við skyldum ekki gera okkur leik að því að leggja á fólkið nýjar álögur. En hvort sem litið er á fjárlagafrv. á pappírnum eða þá reynslu, sem vænta má að verði, eru allar líkur til, að á árinu 1929 verði nokkur tekjuafgangur, þótt álögurnar verði ekki meiri en minni hl. fjhn. leggur til.

Hjer er komin fram brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. Með því að mjer láðist í fyrri ræðu minni að skýra frá afstöðu minni hl. til hennar, og hv. meiri hl. hefir heldur ekki gert grein fyrir afstöðu sinni, vil jeg nú fara um hana fáeinum orðum. Brtt. hv. þm. fer fram á, að sú breyting verði gerð á kolatollinum, að hann sje aðeins hækkaður um 1 kr., en ekki 2 kr., eins og í frv. segir. Nái þessi brtt. fram að ganga, munu, eftir líkum að dæma, fjárlögin verða afgreidd þannig, — ef hv. Ed. eykur ekki útgjöldin til muna —: Tekjuhalli eftir 3. umr. í Nd. 670 þús. kr.; afnám gengisviðauka af kaffi- og sykurtolli 190 þús. kr. Samtals 860 þús. kr. — Til jafnaðar við þetta kemur: Hækkun á áætlun af tekju- og eignarskatti 100 þús. kr., hækkun á áætluðum tekjum áfengisverslunar 100 þús.

kr., hækkun á verðtolli 500 þús. kr., hækkun á vörutolli: 1) kolatollur eftir till. hv. 3. þm. Reykv. 115 þús. kr., 2) tunnutollur 80 þús. kr. Samtals 895 þús. kr.

Fjárlögin yrðu þá afgr. með 35 þús. kr. tekjuafgangi, sem í reyndinni yrði miklu meiri, sakir þess, hve varleg tekjuáætlunin er. Vegna afgr. fjárlagafrv. er því alveg óhætt að samþ. brtt. hv. 3. þm. Reykv. Minni hl. fjhn. álítur jafnvel óhætt að fella algerlega hækkunina á vörutollinum.

Þeim mun meiri ástæða er til að gæta hófs í kolatollinum, sem hjer er um að ræða framleiðsluskatt, sem miðast ekki að neinu leyti við aflabrögðin. Hár salttollur er sök sjer, því að salteyðslan er altaf í hlutfalli við aflann. Að því leyti sem kolatollurinn lendir á öðrum en framleiðendum, eru það nær eingöngu Reykvíkingar, sem greiða hann. Jeg vænti, að allir hv. þm. Reykv. geti verið fylgjandi brtt. háttv. 3. þm. Reykv., með því að hækkunin bitnar að 60—70% eða meira á Reykvíkingum einum. Þegar hv. 2. og 4. þm. Reykv. athuga þetta, vænti jeg, að þeir rifti ofurlítið baktjaldasamningnum við stjórnarliðið og hjálpi til að ljetta nokkuð þennan óbilgjarna skatt á umbjóðendum þeirra.

Jón Ólafsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 601, þar sem farið er fram á að hækka kolatollinn ekki um meira en 1 kr. á smálest. Jeg skal að þessu sinni ekki fara út í skattamálin alment, enda þótt e. t. v. væri tilefni til þess. Brtt. mín er fram borin sakir þess, að jeg álít stefnu frv. mjög svo fjarri rjettri leið, þar sem farið er fram á að skattleggja strit manna og áhættu áður en nokkuð sjest koma í aðra hönd. Alt, sem framkvæmdarvaldið gerir til þess að draga úr framtaki einstaklinganna, miðar til þjóðaróþrifnaðar. Jeg álít, að alt aðrar leiðir eigi að fara til að ná tekjum í ríkissjóð. Það eru áreiðanlega margar leiðir betur færar en þessi, sem verður að teljast hættuleg fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Þegar kominn er 30 kr. dagskattur á hvern togara, án þess að nokkur vissa sje um, hvað fæst í aðra hönd, þá mun áreiðanlega sækja í það horf, að menn fýsir síður að leggja fje sitt í slík áhættufyrirtæki, og er hætt við, að svo miklum óhug slái á þá, sem við þau fást, að þeir reyni heldur að leggja inn á aðrar brautir, þar sem þeir losna við þennan rangláta skatt. Menn verða að athuga það, að 30 kr. dagskattur er ekkert smáræði.

Eins og allir vita, eru saltfisksveiðar sá heilbrigðasti atvinnurekstur, er við stundum. Af þeim hlýtst mikil vinna og annað hagræði fyrir fólk í landi, með því að fiskurinn er allur settur í land til verkunar. Jeg er í raun og veru hissa á því, að hv. jafnaðarmenn geti ljeð hækkun á kolatolli fylgi sitt, því að þeir hljóta þó að sjá, að það getur ekki orðið til að auka atvinnu þeirra, sem þeir þykjast vera umbjóðendur fyrir, heldur þvert á móti.

Nokkuð öðru máli er að gegna um salttollinn. Hann mætti í sjálfu sjer eins leggja á útfluttan saltfisk, því að saltið þarf því aðeins að kaupa, að einhver fiskur veiðist til að salta. Þess vegna er ekki eins gott að hafa á móti þeim skatti, þar sem áhættan er

ekki skattlögð, heldur framleiðslan, enda þótt það sje ekki kallað fisktollur.

Það þýðir sjálfsagt ekki að ræða um það, þótt kaupstaðirnir verði illa úti. En mjer þykir undarlegt, ef það kemur ekki hart niður á almenningi hjer í bæ, að kolaverðið hækkar um 10%. Kolin eru svo mikil nauðsynjavara hjer í bæ, að jeg hygg, að flestir neiti sjer jafnvel fremur um kaffi og sykur heldur en að hafa ekki hlýju í húsum sínum.

Það þarf ekki langan formála fyrir þessu; jeg geri ráð fyrir, að menn vilji líta á þetta með yfirvegaðri greind og vilji ekki eiga þátt í að gera svo við þennan atvinnuveg, að hann verði að draga saman seglin í sínum framkvæmdum. Þetta væri að mínu áliti gerræði, ekki einungis við þessa atvinnugrein, heldur líka fyrir landið í heild; því að það er okkur öllum kunnugt, að einhversstaðar verður fjeð að koma frá, svo að hægt sje að inna af hendi allar þær kvaðir, sem þjóðin gerir til ríkissjóðs. Og það er skylda þingsins að ýta heldur undir, að menn hefjist handa um framkvæmdir og haldi þeim áfram, í stað þess að stórauka áhættu þeirra fyrirtækja, er ríkissjóður hagnast mest af. Það hefnir sín vitanlega á sínum tíma, ef afturkippur verður í þeim atvinnuvegi, sem að mínu áliti á að gefa landinu einna mestar tekjur, og gerir það líka vafalaust nú.

Það er þess vegna, sem jeg vænti þess, að hv. þdm. líti á þetta með velvilja og þeirri fyrirhyggju, að þeir vilji ekki leggja stein í götu þessara framkvæmda um skör fram.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. G.-K. hafði að athuga við mína ræðu, þar sem jeg vjek inn á útreikninga hv. 3. landsk. um væntanlegar tekjur, miðað við tekjur á árinu 1925, og þeim breytingum, sem orðið hafa á tekjulöggjöfinni, þá vil jeg taka það fram, að það, sem jeg átti við, er það, að hjer á þessu yfirliti var aðeins tekið tillit til breytingar á löggjöfinni, en ekkert tillit til þess, að árið 1925 er óvenjulega tekjudrjúgt ár. Það kemur líka greinilega fram á árinu 1926. Að vísu eru ekki alveg óbreytt tekjulögin fyrir það ár, þar sem að minsta kosti verðtollur breytist þá; en þó að hann sje allmikil upphæð, gætir hins meira, að tekjurnar voru svo óvenju miklar árið áður. Þess vegna er það, að sú meðaltala, sem háttv. 3. landsk. hefir fundið út um hæfilegar tekjur, hún mun reynast of há, og mun því árið 1929 ekki reynast eins tekjuhátt eins og hann gerir ráð fyrir. Þetta verður að vísu ekki hægt að sanna nú, en tíminn mun áreiðanlega sanna það. Jeg þarf ekki að fara langt út í þau einstöku atriði þessa máls, sem okkur hefir greint á um; það stendur nokkurnveginn óhrakin sú áætlun, sem jeg gerði í minni fyrri ræðu, um líkurnar fyrir því, hvað útgjöldin mundu verða.

Jeg vil aðeins víkja nokkrum orðum að tekjum ríkissjóðs af áfengisversluninni. Jeg hefi ekki getað sjeð samkv. landsreikningnum, að inn sje komið til ríkissjóðs 1665000 kr.; og eftir þeim upplýsingum, sem hv. 2. þm. G.-K. gaf mjer áðan, eru sjóðir verslunarinnar 900 þús. kr. En er nú víst, að þessir sjóðir sjeu til — sjeu meira

en á pappírnum — að það sje ekki eitthvað af þeim tapað eða hætt við að tapist? Og það á því að dragast frá þeim tekjum, sem hafa aflast, því að það er lítið gagn að því að taka í hægri hendi það, sem undir eins er látið úti með þeirri vinstri. Með því að taka þessar sjóðseignir, fje það, sem áfengisverslunin hefir dregið saman, eins og þær eru bókfærðar, — sem vitanlega verður aldrei skilað —, þá eru þó meðaltalstekjurnar yfir þessi 6 ár ekki nema 426 þús. kr.; en svo vill hv. þm. koma þeim í 400 þús. kr. á ári, þegar það er sýnt og sannað, að til þess að skila nokkurn veginn tekjuhallalausum fjárl., þurfa tekjurnar að nema 15% meira en í áætlun, til þess að reikningur geti orðið nokkurnveginn jafn. Jeg veit ekki, hvar þessi 15% eiga að fást, ef á að toga hvern einasta lið svo hátt í áætlun, að hann geti ómögulega orðið hærri að lokum.

Jeg þarf ekki að elta ólar við hv. frsm. út af ráðstöfun stjórnarinnar í þessum málum; það var mikið gaman hjá honum, og við getum gert okkur til gamans hvenær sem vera vill, en jeg vil ekki eyða tíma til þess í dag. En hann hefir ekki andæft þeim ástæðum, sem jeg færði fram fyrir því, að líkur væru til þess, að tekjurnar færu minkandi. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. er genginn í stúku, en jeg hefi heyrt, að margir þeir menn, sem hefir þótt gott í staupinu, sjeu komnir það langt að hafa bundið sig þeim böndum að smakka ekki áfengi. Jeg hygg, að ef þessu heldur áfram, jafnframt því, sem stúknastarfsemin í landinu heldur yngra fólkinu frá áfengi, þá trúi jeg ekki öðru en neyslan fari minkandi. Jeg held það sje því með öllu óverjandi að hugsa sjer að hækka þennan tekjulið frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., algerlega á móti því, sem framkvæmdarstjóri áfengisverslunarinnar leggur til.

Alveg nákvæmlega sama er að segja um tekju- og eignarskatt. Það er meira en lítið ógætilegt að ætla sjer að taka meðaltalstölu af undanförnum árum, þegar árið 1925 er með, þar sem það var svo óvenju gott, að ekki er hægt að ætlast til, að önnur komi jöfn. Jeg var áður búinn að benda á það, að þrjú árin, 1923, '24 og '27, gera lítið meira en vega móti þessu eina ári í tekju- og eignarskatti. Nei, jeg held við getum ekki haft rólega samvisku, ef við áætlum tekju- og eignarskattinn öllu hærri en gert er, því að það er hærra en hefir orðið niðurstaða þriggja af þessum sex árum, sem hv. þm. tekur til samanburðar.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði um afkomu ríkissjóðs, vil jeg vona, að það sje hans hjartans meining, að hann vilji ekki, að lausaskuldir vaxi, og að hann hagi starfi sínu í samræmi við það.

Út af brtt., sem hv. 3. þm. Reykv. bar fram, vil jeg segja það, að þótt jeg fyllilega játi, að atvinnuvegirnir hafi þungan bagga að bera, þá er ómögulegt að hugsa sjer að auka svo tekjur ríkissjóðs, að ekki verði íþyngt atvinnuvegum. En eins og nú er búið að ganga frá þessu frv. í hv. Ed., er einmitt allmikið gert til þess að ljetta á þessum atvinnuvegi, þar sem feld var hækkun á salttolli. En ef á að fara enn að nema af þessum tekjuauka,

sem þessu frv. er ætlað að færa, 115 þús., þá fer lítið að verða eftir, og mætti eins vel sleppa því öllu saman.

Jeg held jeg hafi svo ekki meira um þetta að segja; jeg hefi stilt orðum mínum í hóf og vonast eftir, að þau þurfi ekki að vekja neinar deilur, enda mun jeg vera búinn að tala mig dauðan, eða því sem næst. Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú sýnt afstöðu sína til þessa máls; og þó að jeg geti engan veginn viðurkent, að hún sje heilbrigð fyrir afgreiðslu fjárlaga, þá get jeg gjarnan sagt það í sambandi við það, sem jeg sagði áðan, að jeg trúi því ekki, að hans afstaða sje þessi aðeins fyrir það, að hann vilji tekjuhallafjárlög. Jeg held, að afstaða hans miðist við það, að hann geri sjer alt of bjartar vonir um afkomuna og reikni ekki nógu vel með þeim staðreyndum, sem undanfarandi ár hafa leitt í ljós í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. 3. þm. Reykv. mælti hjer fyrir tillögu sinni, og það svo ágætlega vel, að jeg tel mjer ekki fært, þó jeg sje talsvert kunnugur þessum atvinnurekstri, að bæta neinu við. Mjer fanst hann taka einmitt fram það, sem átti að taka fram. Hann tók þá hlið, sem veit að atvinnurekendum sjálfum, en jafnframt hina hliðina, sem veit að ríkissjóði. Hann hitti ágætlega naglann á höfuðið, þegar hann benti hv. þd. á það, að afleiðingin af 30 kr. dagskatti á hvern togara yrði eðlilega sú, að saltfiskveiðar yrðu minna stundaðar, en ísfiskveiðarnar myndu aukast; en þau kol, sem þá eru notuð, eru ekki tollskyld. Er skakt af löggjöfunum að beina þessum atvinnurekstri inn á þá braut, bæði vegna þess, að þá fær ríkissjóður miklu minni tekjur, en jafnframt vegna hins, að það er að flytja atvinnu úr landinu.

En aðalatriðið, sem hv. þm. tók fram, er það, að hjer væri verið að skattleggja þessa vöru með 10—12%. Þetta er önnur mikilsverðasta hlið þessa máls. En sem sagt, þessi háttv. þm. (JÓl) tók svo vel fram það, sem þurfti, en sneiddi fram hjá öðru; jeg vil láta mína ánægju í ljós fyrir það og get slept að fjölyrða um þessi atriði, en snúið mjer að hv. frsm. meiri hl.

Hv. þm. fullyrðir, að tekjur ríkissjóðs 1929 muni ekki verða eins miklar og jeg sagði. Það má um okkur segja, að hvorugur sje spámannlega vaxinn. En jeg hygg, að jeg fari með rjettara í þessu efni. En þar verður að standa fullyrðing gegn fullyrðing; hvor hefir fært fram sín rök og menn verða að dæma milli okkar við atkvgr. Jeg mundi bíða óhikað þess dóms, ef ekki væri búið að segja mjer frá samningum bak við tjöldin milli stjórnarflokkanna um þessi mikilsvarðandi mál, áður en þau voru lögð fram í þinginu.

Hv. þm. sagði á þá leið: Mín skýrsla stendur nokkurn veginn óhrakin um það, hvernig afkoman muni verða. Þetta minnir mig á lítið atvik frá því jeg var strákur. Jeg ætla að segja frá því, þó að það kannske þætti lýsa drembilæti hjá mjer, ef menn taka frásögnina alveg bókstaflega. Jeg horfði á tvo áflogahunda eigast við, sem mjer þótti í bá daga ákaflega gaman. Annar varð undir, og daginn eftir hevrði jeg hann segja svo frá þessu atviki um sjálfan sig: „Altaf

stóð hann, karlinn; aldrei datt hann, karlinn". Svipað virðist mjer um skýrslu hv. frsm.; mjer finst jeg hafa leikið hlutverk hins sterka, þannig að mín rök beri greinilega af hans rökum, þó að hann segi, að skýrsla sín standi óhrakin.

Annars þýðir ekki að endurtaka margt, sem búið er að segja. Jeg vil þó aðeins drepa á tvent, nefnilega, að það er rjett hjá mjer, en ekki hv. frsm., að meðaltalstekjur af áfengisversluninni þessi sex ár eru 450 þús. kr., en ekki 427 þús. Jeg skal segja honum alveg eins og er, að þetta er samkvæmt skýrslu, sem jeg fjekk fyrir fáum dögum hjá forstöðumanni verslunarinnar. (**HJ:** Jeg hefi tekið þetta upp úr landsreikningnum). En jeg verð að álíta, að ef skekkja kemur fram, þá hljóti hún að vera í landsreikningnum; þetta getur ekki verið skakt, sem forstöðumaður hefir tekið upp úr bókunum.

Jeg hafði nú bent á, að ef miðað væri við þrjú síðustu ár, væru þessar tekjur ekki 450 þús., heldur miklu meira, 560 þús. Nú höfum við minnihlutamenn lagt til að áætla þær 400 þús. Hv. þm. spurði, hvaða vit væri í að hækka allar áætlanir, þar sem vitað væri, að áætla þyrfti 15% lægra. til þess að standast reynsluna. Þetta er rjett hjá honum, svo langt sem það nær. En ef hann athugar, að við leggj um til 400 þús. kr. áætlun, en samkv. sex ára reynslu hafa tekjurnar verið 450 þús., þá eru þó eftir 5 þús. kr. í afgang, þótt fullnægt sje þessari kröfu um 15%. (**HJ:** Mjer finst þetta ekki standa heima). Þetta er alveg rjett hjá hv. þm., og tek jeg hans athugasemd með þökkum. Jeg hjelt jeg kynni þó að margfalda lágar tölur sæmilega rjett og kynni það betur en sumt annað. (**Forsrh. TrÞ:** Og stóru töfluna líka?). Já, stóru töfluna líka.

Þetta mundi snúa nokkru við, því að þá þyrfti þessi tekjuliður að verða 460 þús. kr., til þess að standast reynsluna, en hefir ekki verið nema 450 þús. En þetta hygg jeg, að lagfærist þó nokkuð þegar hins er gætt, að ef miðað er við aðeins síðustu þrjú árin, sem er jafnmikil ástæða til eins og að taka til greina þrjú ár fyr, þá eru meðaltekjurnar ekki 450 þús., heldur 560 þús.

Hv. þm. kvað mig ekki hafa mótmælt því, að líkur væru til, að tekjur rýrnuðu af þessum gjaldstofni á næsta ári. En jeg sýndi fram á það, að þessar tekjur hafa ekki rýrnað meira en af ýmsum öðrum gjaldstofnum, sem er afleiðing af árferði. Jeg játa, að það er rjett hjá honum, að bindindisstarfsemi hefir aukist fylgi á undanförnum árum. En þegar svo hinsvegar er aðgætt, að einn af sterkustu stjórnmálamönnum landsins hefir nú lagst á þá sveif að hvetja menn til að drekka í hófi, þá býst jeg við, að það hafi einhverjar afleiðingar. Þessi stjórnmálamaður brá svo skemtilegu ljósi yfir líðan manna, þegar þeir hefðu neytt áfengis, að jeg geri ráð fyrir, að bæði jeg og aðrir muni finna til freistingar, þegar við hugsum til lýsingar hæstv. dómsmrh. á þeirri andlegu lyftingu, sem hver sá verður fyrir, sem kaupir ofurlítið af áfengisversluninni og eykur með því tekjur ríkissjóðs!! Er nú að vísu sumt í spaugi mælt, en að því sleptu hygg jeg, að síst sje óvarlegt að ætla tekjur af áfengisversluninni 400 þús. kr.

Jeg ætla svo aðeins að minnast á

þá fullyrðingu hv. frsm., að það sje ekki eðlilegt að miða framtíðartekjur að neinu leyti við tekjur ársins 1925, vegna þess að árið 1924 hafi verið einstakt í sinni röð. Það er rjett, að það ár var einstakt, en hitt er líka rjett, að fjögur af þessum sex árum, sem er um að ræða, voru sjerstaklega slæm fyrir búskap landsmanna yfirleitt. Og ef jafna mætti nokkru einstöku þeirra ára við horfurnar á komandi árum, þá vildi jeg segja það, að árið 1925 var ekki ósvipað árinu 1927 um afkomu atvinnurekstrarins, að öðru leyti en því, að á árinu 1925 urðu atvinnurekendur fyrir allmiklum halla af hækkuðu gengi. Ef við því viljum vita, hvað tekjuskattur verður 1928, er helst að taka til samanburðar, hvað hann var árið 1926. Þá var hann 1071000 kr. Af því að árferði var líkt 1925 og 1927, eiga tekjur af þessum gjaldstofni að vera ekki ólíkar 1926 og 1928. Við förum fram á, að þær sjeu ekki áætlaðar nema 950 þús. Og jafnvel þótt gert sje ráð fyrir 15% hækkun, sem þurfi til þess að standast umframeyðslu, þá er okkar áætlun ekki fjarri sanni.

Hún er að vísu um 20 þús. kr. of há, en fullvíst er, að sá tekjuauki ríkissjóðs af þessum gjaldstofni, er stafar frá auknum atvinnurekstri landsmanna frá 1925—1927, mun meira en jafngilda þeirri upphæð.

Að því er snertir afkomu atvinnurekstrar landsmanna á þessu ári — en hún skiftir mestu máli þegar talað er um áætlun á tekjum ríkissjóðs árið 1929 — skal jeg að vísu játa, að um það verður ekki sagt með vissu, en að svo miklu leyti, sem sjeð verður, þá er ekki ólíklegt, að verðlag á sjávarafurðum verði talsvert betra á þessu ári en það var síðastliðið ár.

Það gladdi mig að lokum að heyra það, sem háttv. þm. V.-Húnv. sagði í minn garð. Hann hafði nefnilega skotið því fram í ræðu hjer í dag, að jeg myndi hyggja á hefndir við núverandi stjórn, en nú sagði háttv. þm., að þetta hefði ekki verið af alvöru mælt. En það vil jeg segja háttv. þm., að jeg mun fjalla um fjármál ríkissjóðs, að því leyti sem það kemur til minna kasta, af fullri einlægni, hvaða stjórn sem situr við völd.

Jóhann Jósefsson: Jeg get ekki látið hjá líða að mótmæla eindregið þeirri hækkun á vörutollinum, sem hjer er farið fram á, og þó einkum kolatollshækkuninni. Hv. frsm. beggja hluta fjhn. hafa leitt saman hesta sína um þetta mál. En jeg verð að segja, að mig furðar stórlega, að því skuli vera haldið fram af öðrum hluta nefndarinnar, að hækka þurfi kolatollinn upp í það, sem hann var fyrir 1924. Annars virðist það vera stefna hæstv. stjórnar á þessu þingi að reyna að koma tollunum upp í það, sem þeir voru á þeim tímum, er fjárhagur ríkissjóðs var sem erfiðastur, og aðferðin, sem hæstv. stjórn hefir við þetta, er harla kyndug. Hún lætur einstaka þingmenn bera þessi frv. fram, og viðkomandi ráðherrar sjást hvergi í þinginu, þegar þau eru svo til umræðu. Þeir hirða ekkert um að mæta frekar fyrir það, þó að verið sje að ræða um gífurlegar skattaálögur á þjóðina, sem að margra dómi virðast algerlega óþarfar. Jeg get því ekki annað en mótmælt þessari aðferð hæstv. stjórnar, og jafnframt mótmæli

jeg því, hvernig þetta þing beinir sí og æ öllum álögum á sama hluta þjóðarinnar, sem sje á útvegsmenn og þá, sem í kaupstöðum búa, um leið og það stórlyftir undir annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. spáir því, að tekjur ársins 1929 muni ekki ná því, sem þær eru áætlaðar, en jeg þori að fullyrða, að hann heldur ekki á neinum þeim spáspilum, sem hægt er með sanni að spá slíku á. Þvert á móti bendir margt til þess, eins og háttv. 2. þm. G.-K. rjettilega tók fram, að afkoma þessa árs muni síst verða lakari en undangenginna ára, enda þótt ekki sje hægt að segja um það með fullri vissu ennþá, þar sem vertíðarlok eru ekki komin. En þeim mun djarftækara er það af hæstv. stjórn að vera að vega hvað eftir annað í þennan sama knjerunn, þegar ekki er full vissa fengin fyrir því, hvort í raun og veru sje nokkur vegur til þess, að hann þoli slíka blóðtöku sem þessa. Jeg hjelt, að háttv. jafnaðarmönnum ætti að vera það ljóst, að kolatollurinn kemur niður á fleirum en útgerðarmönnum einum; hann kemur líka hart niður á hinum efnaminni kaupstaðabúum, en fyrir þessum einfalda sannleika loka jafnaðarmenn augunum, og er sú framkoma þeirra alveg í samræmi við frv. það, er þeir báru fram snemma á þinginu og nýlega var afgreitt hjeðan, sem gekk í þá átt að auka byrðar manna í kaupstöðunum, sem þó annars eiga fult í fangi með afkomu sína. Annars þykir mjer það undarlegur viðburður, að ráðandi flokkar þingsins skuli í alvöru leyfa sjer að halda því fram, að ástandið núna krefjist sömu ráðstafana og ástandið 1924 krafðist. Slíkt er ekkert sambærilegt. Af því, sem nú hefir fram komið, þykist jeg þess fullviss, að svo framarlega sem þjóðin eða einhver hluti hennar hefir látið sjer detta í hug, að það yrði til bóta, að núverandi stjórn og fylgifiskar hennar rjeðu lögum og lofum í landinu, þá verður hún áreiðanlega fyrir hrapallegum vonbrigðum.

Að sjálfsögðu mætti margt fleira um það segja, hversu mjög hjer er órjettlátlega farið að í skattaálögum þessum, en jeg læt bíða að tala frekar um það þar til síðar.

Brtt. háttv. 3. þm. Reykv. bætir hjer óneitanlega dálítið úr, en jeg tel alla hækkun á kolatollinum óþarfa.

Það hefir óspart kveðið við hjá hæstv. stjórn, að tollalækkanirnar 1926 hafi ekki verið tímabærar, en því er aðeins haldið fram til þess að fóðra þessa skattaherferð stjórnarinnar á hendur landsmönnum.

ATKVGR.

Brtt. 601 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, Ó-Th, PO, SE.

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, MT, SÁÓ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:6 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 622, 637).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 637. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:3 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 637 samþ. með 15:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:7 atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 644).

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið hjer aftur frá hv. Nd. Þar hefir það tekið nokkrum breytingum, sem hafa þær afleiðingar, að tekjur af frv. rýrna til muna. Nú er það svo um meiri hluta fjhn., að hann hyggur, að erfitt muni reynast hjeðan af að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus. Þó vill hann engan fullnaðardóm á það leggja, með því að fjárlögin heyra undir aðra þingnefnd, en það er vafalaust, að þessu er stefnt mjög í tvísýnu. Nefndin hefir þó ekki viljað leggja út í baráttu við hv. Nd. um þetta og mun sætta sig við, að frv. gangi fram óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

---

52. Verðtollur (frv. IP).

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum (þmfrv., A. 213).

Á 28. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Án þess að jeg telji mjer bera nokkra skyldu til þess, get jeg þó, til hægðarauka fyrir hv. 3. landsk., sem virðist hafa tekið að sjer hirðprestsstörf hjer í deildinni, sem teljast má vel gert, þar sem hjer er enginn prestvígður maður, getið þess, að það er eins ástatt með þetta frv. eins og það, er næst var á undan á dagskránni (um breyting á lögum um vörutoll), að það er flutt að beiðni hæstv. stjórnar. (**JÞ:** Það er að segja, margir feður, en einn skrifaður). Um faðernið þarf ekki að deila, en jeg skal þó geta þess, úr því að háttv. þm. gefur mjer tilefni til þess, um það eina frv., sem jeg hefi sjeð með sex flutningsmönnum, að engar sönnur hafa verið færðar fyrir því, að það sje getið í lögmætu hjónabandi.

Um frv. þetta get jeg að mestu látið þau sömu orð nægja, sem jeg ljet fylgja því frv., sem hjer var síðast afgreitt til nefndar (frv. um vörutoll). Frv. er þó nokkuð annars eðlis en hitt. Hjer er að ræða um verðtoll, og að nokkru leyti verðtoll af varningi, sem má teljast lítt nauðsynlegur, en að nokkru leyti um verðtoll á varningi, sem ekki verður neitað, að er nauðsynlegur. Að þessu leyti er frv. nokkuð annars eðlis en hitt, en það má segja,

að orsökin til framkomu þessa frv. sje hin sama, í fyrsta lagi að afla tekna í ríkissjóð, og í öðru lagi, að hjer stendur eins á með bæði frv., að þau hafa verið hjer áður sem lög og eru feld úr gildi á sama tíma. Að vísu er þetta frv. fært í nokkuð annan búning heldur en verðtollslögin voru í, á meðan þau voru í hámarki, en það má segja, að hjer sje tilgangurinn sá, að færa verðtollinn til svipaðs ástands og var fyrir 1926.

Jeg skal geta þess, að tekjuauki sá, sem vænta má, að fáist, ef frv. þetta verður að lögum, mun nema alt að 400000 króna, en þó verð jeg að taka það fram, að það er mjög erfitt að ákveða hann fyrirfram í tölum, vegna þess að það kemur margt undir sömu liði á tollreikningum, svo að mjög erfitt verður um nákvæma sundurgreiningu. Einnig vil jeg taka það fram, að þó að jeg og þeir, sem að frv. standa, telji, að nauðsyn beri til, að þessi tollauki verði í svipuðu formi og hjer er tekið fram í frv., þá er þó ekki útilokað, að eitthvað megi færa til, því að menn getur altaf greint á um það, hvaða vörutegundir eigi að tolla og hve hár tollurinn á ýmsum þeirra eigi að vera.

Annars er óþarft að fjölyrða um þetta frv. Jeg geri ráð fyrir, eftir þeim undirtektum, sem síðasta frv. fjekk, að þetta frv. fái einnig sömu meðferð í hv. deild, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og nefndar, og sje jeg því ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál. Frv. eru svo skyld og runnin af sömu rótum bæði, að það, sem sagt var um hið fyrra, má næstum því segja um hið síðara. Jeg vona, að frv. verði vísað til 2. umr. og til fjhn. Jeg get svo látið þetta nægja, nema því aðeins, að einhver sjerstök ástæða gefist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 7. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 213, n. 371 og 381).

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg get að mestu leyti sparað mjer framsögu í þessu máli, vegna þess, að jeg gerði grein fyrir nauðsyn þess í framsöguræðu minni fyrir frv. um breytingu á vörutollslögunum, sem afgr. var hjeðan í gær. Jeg skal aðeins geta þess, að eins og álit hv. 1. minni hl. ber með sjer, þá gengur hann ekki alveg á móti málinu. Hann vill ganga inn á, að í staðinn fyrir 15% verðtoll komi 12½%. Í þessari lækkunartillögu liggur þó viðurkenning fyrir tekjuaukaþörfinni. Má því segja um háttv. 1. minni hl., að „smátt skamtar faðir vor smjörið", því að hún mun lítið auka tekjur ríkissjóðs, Það kann að vera, að tekjuauki sá, sem ríkissjóður fengi eftir frv. þessu samkvæmt till. 1. minni hl., dygði að miklu leyti fyrir þeim útgjaldaauka, sem t. d. lögin um byggingar- og landnámssjóð koma til með að hafa fyrir ríkissjóð. Enda er það sá eini tekjuauki, sem háttv. 3. landsk. vildi ganga

inn á í nefndinni, að þörf væri á. En betur má, ef duga skal.

Annars er erfitt að segja ákveðið um það, hver tekjuauki muni verða af frv. þessu, en eftir því, sem næst verður komist, er ekki ósennilegt, að hann gæti orðið um 300—400 þús. kr., ef það næði fram að ganga óbreytt.

Þá ljet hv. 1. minni hl. skína í þá skoðun sína, að hann teldi, að hækkun verðtollsins úr 20% upp í 30% mundi verka þannig að draga úr innflutningi á þeim vörum, sem undir þann flokk falla. Það má vel vera, að svo verði, en jeg teldi þá engan skaða skeðan, þó að sú raun yrði á, því að þær vörur, sem hann hvílir á, eru ekki svo bráðnauðsynlegar, að þjóðin líði nokkurn baga við þó að innflutningur þeirra minkaði. Það væri þvert á móti hagur fyrir þjóðfjelagið, að svo yrði, enda þótt tekjuáætlun fjárlaganna kynni eitthvað að raskast.

Jeg tel því síst illa farið, þó að hækkun þessi verki þannig að draga eitthvað úr innflutningi á hinum miður nauðsynlegu vörutegundum, sem þessi tollur hvílir á. Annars kemur mjer ekki til hugar, að hækkun þessi á verðtollinum verki neitt svipað því og innflutningsbann.

Læt jeg svo við þetta sitja að sinni, enda þótt jeg eigi ýmsu ósvarað frá umræðunum í gær, því að vel má vera, að síðar gefist tækifæri til að svara því.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Minni hl. fjhn. ber hjer fram brtt. á þskj. 371 við frv. það, sem hjer er til umræðu, að í staðinn fyrir 15% á almennum verðtollsvörum komi 12½%, og að sá liður, sem samkvæmt núgildandi lögum er 20%, verði látinn standa óbreyttur. Með þessu, að ganga að nokkru leyti inn á frv. þetta, vill minni hl. sýna, að svo framarlega sem þörf sje fyrir tekjuauka, þá sje þó með því borið niður á rjettum stað, því að vörur þær, sem tollur þessi hvílir á, eru þó ekki allar bráðnauðsynlegar.

Háttv. frsm. 2. minni hl. taldi þetta alls ekki nægilegan tekjuauka, eftir því sem nú stæðu sakir, og eftir að hafa heyrt áætlun hans um tekjuauka af frv. þessu, get jeg vel skilið þetta. Hann gerir sem sje ekki ráð fyrir meiri tekjum af því en 300 þús., enda þótt núgildandi verðtollslög hafi gefið 1927, samkvæmt skýrslu fjármálaráðherrans, 926 þús., og þó er tollurinn alt það ár ekki nema 10% á lægri liðnum og 20% á þeim hærri.

Þegar farið er fram á að hækka verðtollinn úr 10% upp í 15% og úr 20% upp í 30%, þá má ætla, að það gefi tekjuaukningu, sem nemi um 460 þús. kr., eða helming þeirrar upphæðar, 926 þús. kr., er hann nam 1927, til viðbótar, eins og hækkun tollsins nemur helmingi þess tolls, sem fyrir var. En það mun þó nær sanni, sem við gerum ráð fyrir í okkar nál., að tekjuaukningin eftir brtt. okkar muni nálgast 300 þús. kr.; að minsta kosti má gera ráð fyrir tekjuvoninni 240 þús. kr., og er það þá nálægt því, sem 2. minni hl. ætlar sjer.

Ástæðan til þess, að við teljum það varhugavert að hækka verðtollinn úr 20% upp í 30%, er ekki sú, sem hv. frsm. 2. minni hl. hjelt, að við gerum ráð fyrir, að innflutningur minkaði að

mun við það, heldur hitt, að þar sem í þessum flokki eru sjerstaklega vörur, sem eru tiltölulega fyrirferðarlitlar, en verðmætar, þá erum við hræddir um, að með okkar ónóga tolleftirliti verði hækkunin ef til vill til þess, að ótollaður innflutningur á þessum vörum aukist.

Margar af vörutegundum í þessum flokki eru ekki fyrirferðarmeiri en það, að ferðamenn og skipverjar geta hæglega haft þær í vösum sínum. Við höldum það ekki heppilegt að tolla þessar vörur með 30%, og enda ekki ástæðu til þess, þar sem það eru yfirleitt fáar vörutegundir, sem undir þennan tollflokk heyra, og við gerum ekki ráð fyrir, að það, sem til skila mundi koma af þessum háa tolli, mundi nema eins miklu og verið hefir. Okkur er þetta að vísu ekki kappsatriði, en okkur þykir það, af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú greint, varhugavert að fara hærra en upp í 20%.

Jeg held, að að öðru leyti hafi verið gerð grein fyrir ástæðum okkar í umræðum og í nál. á þskj. 371, svo og nokkuð í gær við umræðurnar um breytingu á lögum um vörutoll, svo að jeg held, að jeg geti látið hjer staðar numið að sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi ekki mörgu að svara hv. frsm. 1. minni hl. Hann viðurkendi, að ef um það væri að ræða að afla ríkissjóði tekjuauka, þá væri borið niður á rjettum stað með þessu frv. Kann jeg hv. frsm. þakkir fyrir þessi ummæli, og yfirleitt heyrðist mjer á ræðu hans, að nefndarhlutunum bæri ekki mjög á milli, nema hvað 1. minni hl. telur ekki þörf á eins miklum tekjuauka og 2. minni hl. Hinsvegar ber nefndarhlutunum á milli um upphæð þá, sem gera má sjer von um, ef þetta frv. verður samþ. Jeg veit, að það er rjett hjá hv. frsm. 1. minni hl., að verðtollurinn 1927 hafi numið 926 þús. kr., en jeg er ekki viss um, að í þeirri upphæð sje ekki fleira talið með en þetta frv. snertir, og jeg hygg, að svo sje. Jeg hygg það því dálítið varhugavert að reikna tekjuhækkunina af þessu frv. á þann veg, að gera ráð fyrir, að tollurinn verði ⅓ hærri en 1927.

2. minni hl. gerir ráð fyrir því, að tollhækkun hlyti óumflýjanlega að verka eitthvað á innflutninginn, og jeg hjelt, að 1. minni hl. liti einnig svo á. En nú lýsir hv. frsm. 1. minni hl. yfir því, að það sje þeim hv. minnihlutamönnum ekki aðalástæðan fyrir því, að þeir eru á móti verulegri hækkun; aðalástæðan fyrir þá sje sú, auk þess að þeir álíta ekki verulega þörf á tekjuauka, að þeir álíta, að þessi hækkun á tollinum úr 20% upp í 30% mundi verða til þess að auka ótollaðan innflutning á þeim varningi, sem þessi hækkun nær til. Með öðrum orðum, þeir eru hræddir um, að með okkar ónóga tolleftirliti muni hættan á tollsvikum aukast. Það má vel vera, að tilhneigingin til tollsvika aukist að sama skapi sem tollurinn hækkar, en jeg tel, að eins og núgildandi tollalöggjöf er, þá getum við ekki komist hjá því að auka tolleftirlitið töluvert, til þess að það geti talist sæmilegt.

Jeg hefi orðið lítilsháttar var við það, að við þá aukningu á tolleftirlitinu, sem gerð hefir verið síðustu mánuðina, hefir það komið í ljós, að töluverður undandráttur á tollgreiðslum hefir átt sjer stað. Það er því full

þörf á því, þótt ekki sje hækkuð tollupphæðin, að auka tolleftirlitið. Því held jeg, að mjög lítið verði úr þessari ástæðu hv. 1. minni hl., því að bæði fjárhagslega og siðferðislega hvílir á okkur sú skylda að hafa tolleftirlitið betra en það hefir verið á undanförnum árum og er enn.

Jeg veit að vísu, að það hefir nokkurn kostnaðarauka í för með sjer, en hann er ekki svo mikill, að við þurfum að setja hann fyrir okkur, svo að ef það er álitið tiltækilegt að hækka tollinn, þá álít jeg, að hægt sje að gera það af þeim ástæðum.

Jeg hefi ekki ástæðu til þess að hafa þessa aths. lengri; það gleður mig, að það lítur út fyrir, að umr. um þetta mál ætli ekki að taka mjög langan tíma að þessu sinni, enda óþarft, þar eð búið var að ræða forsendur þess allítarlega í gær, og skal jeg því ekki gefa tilefni til frekari umræðna.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg held, að það sje ekki rjett athugað hjá hv. frsm. 2. minni hl., að það falli færri vörur undir tollinn samkv. þessu frv. en var 1927. Jeg hygg það alveg rjett, eftir athugasemdum frv. að dæma, að flokkun sú, sem gilti 1927, haldist óbreytt samkv. þessu frv.

Annars er það rjett athugað hjá hv. frsm., að aðalágreiningurinn er ekki um þetta frv., heldur er skoðanamunur um það, hve mikils tekjuauka sje þörf.

Í samráði við hv. meðnefndarmann minn (BK) og með tilliti til þess, að 3. umr. fjárlaganna stendur fyrir dyrum í Nd., leyfi jeg mjer að fara fram á það við hæstv. forseta að mega taka aftur brtt. okkar þannig, að hún komi ekki til atkv. við þessa umr., en við megum taka hana upp aftur við 3. umr., ef við viljum halda henni áfram þá.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er varla ástæða til þess fyrir mig að taka til máls að þessu sinni, úr því að hv. frsm. 1. minni hl. hefir tekið aftur brtt. minni hl. eða óskað, að atkvgr. um hana sje frestað til 3. umr. En mjer finst ekki rjett að gera mikið úr því, að þessi tollur eins og hann er nú orðinn komi mjög þungt niður á almenning. Það er þegar búið að undanþiggja þessu gjaldi svo afarmargar vörutegundir, að jeg held, að það sje búið að tína til og taka undan allar þær vörutegundir, er geta talist nauðsynlegar. Og í sjálfu sjer er ekkert athugavert við það, þegar þess er gætt, að það var þegar í upphafi gert ráð fyrir því, að þessi tollur kæmi helst niður á þeim vörum, sem ekki gætu talist nauðsynjavörur. Þetta veldur ekki ágreiningi, og er því ekki ástæða til að fjölyrða um það.

En jeg vil lýsa yfir því hjer, að jeg tel stefnu 2. minni hl. í þessu máli alveg eðlilega og rjetta.

Hvað snertir útreikning hv. frsm. 1. minni hl. á tekjuaukaþörf ríkissjóðs, þá tel jeg, ef áætlun hv. frsm. um tekjur og gjöld ríkisins væri rjett, að þá sje síður en svo, að hjer sje óhóflega í sakirnar farið, því að ríkissjóður ætti að þurfa 1 milj. kr. tekjuauka, ef honum ætti að vera vel borgið. Og þótt þetta frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú er, þá er það mjög hæpið,

að þær tekjur náist, sem nauðsynlega þurfa. Það verður að gæta þess, að þetta eru ekki alt nettótekjur, því að það eiga sjer stað talsverðar endurgreiðslur á verðtolli. Auk undanþáganna eru ýmislegar vörutegundir, sem vafi er um, hvort komi undir tollinn, og þótt greiðsla sje heimtuð til bráðabirgða, þá upplýsist það oft eftir á, að nauðsynlegt sje að undanþiggja þær gjaldinu, og kemur það fram sem tekjurýrnun, þegar til reikningsskila kemur.

En hvernig sem menn líta á þetta mál, þá vænti jeg þess, að þetta frv. nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, eins og hv. 2. minni hl. leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 371 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 213, 371, 444).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 444. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Við 2. umr. þessa máls tók 1. minni hl. fjhn. aftur brtt. sína við þetta frv., um að færa verðtollinn úr 15% niður í 12½%, með þeim ummælum, að hann vildi geyma að taka afstöðu til þess, þangað til heyrðist um brtt. fjvn. í Nd. við fjárlagafrv. stj., sem nú er í þann veginn að koma til 3. umr. í Nd.

Nú eru þær brtt. fram komnar og fara fram á allmikla aukningu fjárveitinga til verklegra framkvæmda, og þar sem nefndin stendur óklofin að þessum brtt., má ætla, að þær nái samþykki deildarinnar. Með tilliti til þessarar væntanlegu hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs, þá vill 1. minni hluti nefndarinnar ekki halda brtt. sinni til streitu, og lýsi jeg yfir því fyrir hönd okkar flm., að hún er hjer með tekin aftur.

Hinsvegar hefi jeg ásamt hv. þm. Snæf. flutt brtt. á þskj. 444, um að aftan við 1. gr. verðtollslaganna komi ný málsgrein með ákvæði um það, að heimildin í 2. gr. laga nr. 75, 27. júní 1921, um greiðslu á 2% af andvirði stimpilmerkja til þeirra embættismanna, sem sjá um stimplun skjala, skuli ekki koma til framkvæmda að því er snertir þau stimpilmerki, sem notuð verða samkv. verðtollslögunum, í þeim umdæmum, þar sem ríkissjóður greiðir annars að fullu kostnað við starfrækslu tollheimtunnar. Þetta ákvæði mundi fyrst og fremst vafalaust taka til innheimtu verðtollsins hjer í Reykjavík, en það mundi verða álitamál og á valdi stj., eftir því, hve ríflega hún greiðir skrifstofukostnað sýslumanna úti um land, hvort hún vildi einnig láta ákvæðið koma til framkvæmda annarsstaðar. Við flm. teljum alveg heimilt að gera þessa ráðstöfun og láta hana koma til framkvæmda nú þegar hjer í Reykjavík, af þeirri ástæðu, að ákvæðið í stimpilgjaldslögunum frá 1921 um að greiða innheimtumönnum 2% af andvirði

stimpilmerkja er aðeins orðað sem heimild, þótt því hafi hingað til verið fylgt sem reglu.

Þessi brtt. stendur að vísu í nokkru sambandi við það frv. um skiftingu bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættanna hjer í Reykjavík, sem var til umræðu hjer í hv. deild í gær. En við flm. álítum rjett, að þetta ákvæði verði samþ. í sambandi við sjálf verðtollslögin, án tillits til þess, hvort frv. um embættaskiftinguna nær fram að ganga breytt eða óbreytt.

Jeg álít alveg sjerstaka ástæðu til þess að hnýta þessu ákvæði við þetta frv., þar sem það hækkar verðtollinn, og mundi á tilsvarandi hátt hækka innheimtulaun af honum og þar með aukatekjur þessara embættismanna, ef innheimtulaunin væru látin haldast óbreytt.

Við flm. vonum, að hv. þdm. viðurkenni, að þetta ákvæði eigi heima í verðtollslögunum, og geti því samþykt það, hvernig sem þeir kunna að líta á skiftingu þessara embætta hjer í Reykjavík.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af byrjuninni á ræðu hv. 3. landsk. vil jeg taka það fram, að þegar verið var að undirbúa fjárlagafrv. fyrir jólin, hafði stj. yfirlit yfir það, hve mikill tekjuhallinn mundi verða á síðasta stjórnarári hv. 3. landsk. Þar sem mjög óvíst var um það, hvort þingið mundi samþ. tekjuaukafrv., tók stj. það ráð að miða útgjöld í frv. við sömu tekjulög og verið höfðu, þannig að komist yrði hjá tekjuhalla, jafnvel þó að svo færi, að engir tekjuaukar yrðu samþyktir. Jafnframt undirbjó stj. tekjuaukafrv., og um sum þeirra er líklegt, að þau nái samþykki þingsins, en önnur þeirra ef til vill ekki.

Þegar fjvn. Nd. sá, hvernig þessi hv. deild tók í þessi frv., taldi hún óhætt að hækka útgjöldin. Þó skilst mjer, að meiri hluti hennar hafi gert það með þeim fyrirvara, að ef tekjuaukafrv. fjellu, þá mundi hann skera niður að sama skapi þau útgjöld, sem nú kunna að verða samþ. við 3. umr. fjárlaganna í Nd. Jeg tek þetta fram til þess að það sjáist, að stjórnarflokkurinn ætlar að gæta þess, að ekki verði tekjuhalli. Hann ber fram tekjuaukafrv. til þess að hægt verði að sinna verklegum framkvæmdum. Falli tekjuaukafrv., hlýtur það að koma að meira eða minna leyti niður á hinum verklegu framkvæmdum.

Út af brtt. hv. 3. landsk. vil jeg taka það fram, að jeg hefði talið hana góðra gjalda verða, ef hann hefði komið fram með hana í fyrra. En honum hefir einhvernveginn ekki dottið það í hug fyr en nú, þegar stj. er búin að bera fram frv. í þá átt að fella niður aukatekjurnar hjer í Reykjavík. Ef samræmi væri í till. hans, ætti hann að leggja til, að þetta gjald fjelli alstaðar niður og gera ráð fyrir því, að stj. bætti sýslumönnunum, sem ekki eru oflaunaðir, skaðann. En nú eru allar líkur til þess, að frv. um embættaskiftinguna í Reykjavík, sem sker niður alla bitlinga við þau embætti, verði samþ. Þá er alveg tilgangslaust að bera nú fram slíkar minni háttar breytingar á launakjörum þessara manna. En fari svo, að hin meiri umbót nái ekki fram að ganga, þá er altaf hægurinn hjá að koma viðbótarákvæði inn í þetta frv. í Nd.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg vil, að gefnu tilefni af hæstv. dómsmrh., leiða athygli háttv. þdm. að því, að þetta ákvæði er ekki orðað svo, að það gildi eingöngu fyrir Reykjavík, heldur er það bundið við þau umdæmi, þar sem ríkissjóður greiðir að fullu kostnaðinn við starfrækslu tollheimtunnar. Og stj. getur með úthlutun skrifstofufjár þess, er hún ræður yfir, ráðið því, hvort ákvæði þetta skuli ná til umdæmanna utan Rvíkur. Telji stj. tollheimtukostnaðinn að fullu greiddan, þá nær ákvæðið til þeirra umdæma.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Málið hefir ekki skýrst mikið við síðustu ræðu hv. 3. landsk. Breytingin getur, eins og nú stendur á, ekki náð nema til Reykjavíkur. Jeg sje því, að þessi brtt. hv. 3. landsk. er aðeins fleygur í sparnaðarfrv. það, sem hjer var til umr. í gær.

Stjórnin vill koma fram allsherjar niðurskurði á bitlingunum við þessi embætti. Takist henni það, er till. hv. 3. landsk. algerlega óþörf að því er til þeirra kemur. Hinsvegar er ekki skýrt tekið fram í þessari till., að hún nái til allra innheimtumanna, og er hún því einungis eins og selbiti í vasann. Formlega nær hún aðeins til Reykjavíkur, en líkur eru til, að þar þurfi ekki á henni að halda. Því álít jeg, að rjett sje að fella hana, svo að hún þvælist ekki fyrir öðrum meiri sparnaðartillögum, sem fram koma síðar á þinginu.

ATKVGR.
Brtt. 371 teknar aftur.
— 444 feld með 7:5 atkv.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 213).

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, n. 596).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Hv. dm. hafa auðvitað lesið nál., sem fylgir þessu máli. Það er að vísu ekki stórt, en jeg held þó, að það rúmi alt það, sem fjhn. hefir orðið 'sammála um í þessu máli.

Jeg þarf ekki að rekja sögu verðtollsins. Eins og kunnugt er, var samþykt á þinginu 1924 að leggja bráðabirgðatoll á nokkrar vörutegundir, og samkvæmt þeirri samþykt átti að greiða 20% af innkaupsverði allra varanna. 1. júní 1925 voru lögin endurskoðuð og vöruflokkunum fjölgað upp í þrjá. Í fyrsta flokki voru greiddir 30%, í öðrum flokki 20% og í þriðja flokki 10%. 1. mars 1926 var þetta lækkað niður í 20%, 15% og 5%. Í núgildandi lögum eru flokkarnir tveir. Í hærri flokknum eru greiddir 20%, en í hinum lægri 10%. Frv. þetta fer fram á að hækka aftur hærri flokkinn. Í frv., sem er flutt af

hv. 2. þm. S.-M. (IP), er skýrsla, sem jeg býst við, að hv. dm. hafi kynt sjer, þar sem tekið er fram, hve miklar tekjur ríkissjóður hafi haft af verðtollinum frá 1. apríl 1924. Árið 1924 hefir hann fengið 897 þús. kr., 1925 2085000 kr., 1926 1304000 kr. og 1927 926 þús. kr. Ef þessar tölur væru lagðar til grundvallar, má ætla, að með þeirri hækkun, sem fjhn. leggur til, nemi auknar tekjur ríkissjóðs 450 þús. kr. Þetta er það, sem jeg með góðri samvisku get sagt fyrir hönd fjhn. En mig langar til að bæta þeirri persónulegu athugasemd við, að þó jeg hafi fallist á það, að leggja til, að frv. verði samþ., hefir mjer verið óljúft að gera það. Jeg hefi lýst yfir því í stuttri ræðu, sem jeg hjelt nýlega, að jeg teldi mjög óheppilegt að þurfa nú að íþyngja þjóðinni með nýjum sköttum. Þessi skoðun mín er ekki ný. Jeg tók þetta rækilega fram, þegar jeg bauð mig fram til þings við síðustu kosningar.

Mig langar til að rifja upp nokkrar tölur, sem sýna hlutfallið á milli dýrtíðarinnar í landinu og dýrtíðarinnar í fjárlögum. Jeg ætla fyrst að minnast á útgjöldin í fjárlögunum 1912—1913. Þau námu þá 2887400 kr., eða hvort árið 1443700 kr. Útgjöldin í fjárlögunum 1927 námu 11109646,80 kr. og voru því nálega 8 sinnum hærri en 1912. Dýrtíðarvísitalan er nú 230—250 á móti 100 fyrir stríð. Dýrtíðin í fjárlögunum er 8 sinnum meiri en 1912, en dýrtíðin í landinu er 2½ sinnum meiri en 1912. Þetta sýnir, að dýrtíðin í landinu er altaf að minka, en í fjárlögunum er hún altaf að hækka. Til samanburðar má nefna, að dýrtíðin í Danmörku mun nú vera á milli 150 og 180, en í dönsku fjárl. var dýrtíðin um 230. Þar er mismunurinn ekki meiri en þetta, en þó var hann nógur til þess að koma öllu í bál og brand í Danmörku og stj. var þar mynduð með það fyrir augum að skapa samræmi í þessu efni. En ef dýrtíðin í fjárl. heldur þannig áfram að vaxa — hún hefir enn vaxið síðan 1927 —, þá verður mjög erfitt að minka dýrtíðina í landinu. Út frá þessum hugsunarhætti meðal annars er nauðsynlegt að leitast við að hækka ekki útgjöldin í fjárlögunum. Jeg gagnrýndi á sínum tíma íhaldsstjórnina fyrir það, að henni hafði ekki tekist að lækka dýrtíðina í fjárl., og sú gagnrýni bergmálaði mjög hjá framsóknarmönnum. Nú er komin ný stjórn, en það eru engar horfur á því, að útgjaldaliðirnir í fjárl. eigi að lækka. Jeg vil spyrja: Er það ekki eðlileg pólitík frá mínu sjónarmiði, að jeg gagnrýndi fyrverandi stjórn og gagnrýni nú líka núverandi stjórn? Jeg spyr um þetta af því, að ýmsir menn hafa ekki veitt þessu eftirtekt eins og skyldi. Jeg hefi haldið þessu sama fram áður, og var það þá vel sjeð af þeim sömu mönnum, er nú skipa hæstv. stj. Það er sú heilbrigða pólitíska regla að halda sömu aðstöðu til málanna, þótt stjórnarskifti verði. Og í því, sem maður hefir ekki viljað fylgja þeirri gömlu stjórn, á maður ekki heldur að fylgja þeirri nýju, þegar hún sækir enn dýpra í það horf, sem maður hefir andmælt.

Mig langar einnig í þessu sambandi að minna á, að jeg er í fullu samræmi við alla mína fortíð, er jeg berst nú fast gegn einokunarfrv. Það er öllum kunnugt, hver halli er orðinn á fjárlagafrv., og til að vinna bug á þessu vildi

jeg vera með þessu frv. En jeg held nú, að sagan frá 1919 sje að endurtaka sig. Það þing hefir oft verið vítt fyrir þá miklu bjartsýni, er það sýndi í afgr. fjárl. og ýmsra framkvæmda, er samþ. voru. En jeg hefi þá afsökun, að á því þingi varaði jeg margsinnis við þeirri höllu leið, sem þar væri verið að ganga inn á. Það hafa margir, og það með miklum rjetti, áfelt þingið 1919 fyrir þetta. En hvað er nú verið að gera á þingi 1928? Er ekki einmitt nú hið sama að reka upp höfuðið? Nú er verið að ráðast í ýms stórfyrirtæki og *sum* ríkinu alveg óviðkomandi. Einokun á síld, síldarbræðslustöð, ábyrgð á mótorbátaútgerð, strandferðaskip, sem er eðlilegt ríkisfyrirtæki, en sem á verður rekstrarhalli 200—300 þús. kr. árlega. Þá kemur letigarður, sem sagt er, að þjóðina hungri og þyrsti eftir, þótt slíkt hafi raunar aldrei heyrst fyr. Er ekki sama æðið að grípa menn nú og á þinginu 1919? Og verða ekki afleiðingarnar alveg þær sömu og þá? — Jú, áreiðanlega. Í stað þess, að Alþingi hefði nú átt að sameina sig um að færa gjöldin niður, sem var hið eina sæmilega, þá hillir nú undir stóra útgjaldaliði alstaðar í fjárlögunum.

Jeg þykist þá með framansögðu hafa gert nokkurnveginn glögga grein fyrir aðstöðu minni til þessa máls. Mjer veittist það erfitt að fá mig til að vera með þessu, en jeg sá mjer ekki annað fært, þar sem ekki varð hjá því komist að samþ. einhverjar tekjuhækkanir. En lengra mun jeg heldur ekki ganga á þeirri braut. Jeg vona, að mjer hafi tekist að sýna fram á það með rökum, að hjá mjer er ekki um nein augnabliksáhrif að ræða í þessu efni, heldur er það afleiðing þeirrar stefnu, er jeg hefi haldið fram á undirbúningsfundum kosninganna og sem jeg hygg, að fleiri hafi þá haldið fram, þótt nú virðist, sem þeir hafi gleymt því. En hæstv. stjórn ætti ekki að láta á sjer sannast það, sem sagt var um fyrv. stj., að hún hefði týnt stefnuskránni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 213, 638).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 638. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Hannes Jónsson: Þessi brtt., sem hv. 1. þm. N.-M. og jeg flytjum, fer í þá átt, að lögin öðlist gildi þegar í stað, í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að það verði 1. júlí. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að við viljum gera lögin þannig úr garði, að menn freistist ekki til að flytja inn óhæfilega mikið af vörum, áður en lögin ganga í gildi, til þess að losna við tollhækkunina. En þetta mundi óneitanlega verða, ef lögin gengju í gildi 1. júlí. Allur slíkur óeðlilegur innflutningur, og það jafnvel á miður nauðsynlegum vörum, getur ekki leitt til annars en ófarnaðar í viðskiftamálum þjóðarinnar, auk þess sem það verður til að draga úr tekjuaukanum. Jeg hefi í rauninni ekki meira að segja um þessa brtt.,

en skal samt benda á, að alment er það álitið rjettast, að allar slíkar tollhækkanir eigi að koma með sem minstum fyrirvara.

Ólafur Thors: Um brtt. þá, sem hjer liggur fyrir, vil jeg segja það, að yfirleitt finst mjer sjálfsagt, þegar um slíkar verðtollshækkanir er að ræða, að girt sje fyrir, að menn fái langan fyrirvara til þess að birgja sig upp. Hin almenna regla ætti að vera sú, að slíkar tollhækkanir skelli yfir alt í einu. En eins og málið liggur nú fyrir, þá finst mjer það orka tvímælis, hvort rjett sje að beita þeirri reglu. Frv. hefir gengið í gegnum allar umr. í Ed. og er nú komið til 3. umr. hjer í deildinni, og altaf hefir það ákvæði staðið óhreyft, að lögin gangi í gildi 1. júlí. Jeg er sannfærður um, að fjöldi manna hefir fylgt með athygli gangi þessa máls hjer á þingi. Það eru sjálfsagt margir, sem hafa gert ráðstafanir til að birgja sig upp með hliðsjón af tollhækkuninni. Jeg get hugsað mjer t. d., að kaupmaður hafi tekið lán með erfiðum kjörum til þess eins að geta flutt vörurnar inn, áður en tollhækkunin skylli yfir. Ef undið verður að því að láta þau ganga í gildi strax, þá situr þessi maður uppi með óþægilegt lán og verður auk þess að greiða hinn háa toll. Það er þetta, sem fyrir mjer vakir, þó jeg viðurkenni, að það sje yfirleitt sjálfsagt að lögfesta tolllög án fyrirvara. Jeg mun því greiða atkv. gegn þessari brtt.

Hannes Jónsson: Jeg held, að ekki sje ástæða til að óttast, að menn hafi þegar gert þær ráðstafanir, sem ekki er hægt að kippa til baka. Tíminn er svo rúmur til 1. júlí, að óþarfi væri að gera þær, fyr en eftir að lögin væru fullkomlega afgr. frá þinginu. Þó að þessi brtt. verði samþ., kemur það varla verulega í bága við ráðstafanir innflytjenda, og enn síður hættulega. Það má telja víst, að alment hafi verið litið svo á, að vafasamt væri, hvort þessi tekjuauki næði fram að ganga, því svo mikið hefir það verið útbásúnað, hvað þetta sje hættuleg stefna. Og jeg geri ráð fyrir, að menn hafi ekki lagt út í þessar ráðstafanir fyr en þeir væru vissir um, að frv. gengi fram, enda væri tíminn nægur til þess.

Ólafur Thors: Jeg sje ekki ástæðu til að gera þetta að kappsmáli. Mjer finst þetta vera heldur óviðfeldin aðferð, sem beitt er gegn skattþegnunum. Þeim er gefið í skyn, að hækkunin eigi ekki að ganga í gildi fyr en 1. júlí, en á síðustu stundu er því breytt verulega. Það er þetta, sem vakir fyrir mjer; jeg kann illa við, að löggjafinn sje að reyna að hlunnfara skattþegnana. En jeg er sammála hv. flm. um, að yfirleitt sje rjett að láta tollhækkanir ganga í gildi fyrirvaralaust.

Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að alþjóð manna hafi búist við því, að tekjufrv. stjórnarinnar og stjórnarliðsins mundu verða samþ., og því er full ástæða til að ætla, að margir hafi nú þegar gert kaup með þetta fyrir augum. Gegn þessum mönnum er ekki rjettlátt að breyta lögunum á elleftu stundu, og get jeg því ekki greitt brtt. atkv.

Hannes Jónsson: Jeg vil aðeins

benda á það, að það er ómögulegt að vita um það, þegar frv. eru borin fram, hvernig þau verða afgr. Þótt flm. ætli þeim að komast í gegn óbreyttum, þá er ekki hægt að segja um það, hvort það tekst. Vissulega gátu menn búist við því, að þessi brtt. kæmi fram, og var því skynsamlegra fyrir þá að bíða með ráðstöfun um óvenjulegan vöruinnflutning, þar til þeir væru vissir um, hvernig frv. yrði afgreitt.

ATKVGR.

Brtt. 638 samþ. með 17:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 643).

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

---

53. Bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt:

Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (þmfrv., A. 40).

Á 7. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er samhljóða því, er jeg flutti hjer í háttv. Ed. í fyrra. Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. nú. Um forsendur þess læt jeg mjer nægja að vísa til greinargerðar, er frv. fylgdi á þingi 1926. Hefi jeg nú í hinni örstuttu greinargerð vísað til þess þskj. og mælist til þess, að þeir háttv. deildarmenn, sem ekki hafa setið á þingi fyr, kynni sjer það, svo og umræður þær, er fram hafa farið um frv. á 2 síðustu þingum. Jeg vil aðeins geta þess, að allar ástæður, sem þá voru færðar þessu máli til stuðnings, eru enn í fullu gildi og hafa aukist frekar en hitt.

Horfir nú til vandræða með sveitarstjórn á Norðfirði. Þrátt fyrir kreppu þá, er gengið hefir yfir Austfirði ekki síður en aðra landshluta, hefir kaupstaðurinn stöðugt aukist hröðum skrefum. Oddvitastörf eru því orðin ærið umfangsmikil. Til þess að bæta úr í bili hefir fyrir nokkrum árum fengist leyfi sýslunefndar til þess að hækka laun oddvita nokkuð. En líkur eru til, að er ný kosning á fram að fara að vori komanda, fáist enginn til þess að gegna oddvitastörfum, nema launin verði enn hækkuð að miklum mun. Þessi störf eru orðin svo umsvifamikil, að þau verða ekki leyst af hendi á sama hátt og í sveitum. Má það nokkuð marka af því, að gjaldendatala er komin upp í 400 og árleg reikningsupphæð hreppsins var við síðustu reikningsskil, í fardögum 1926, yfir 60 þús. kr. Má og geta þess, að núverandi oddviti, sem gegnir kennarastörfum á vetrum, hefir undanfarna vetur orðið að kaupa mann á skrifstofuna meiri hluta dags.

Sama sagan er með hreppstjórann í þessum hreppi. Við hreppsbúar höfum verið svo hepnir að hafa mjög duglegan og samviskusaman mann í þeirri stöðu nú undanfarið — höfum sjálfsagt haft það oft áður —, en það er almæli, að hann hefir leyst störf sín óvenjulega vel af hendi. En mjer er óhætt að lýsa því yfir hjer — hann mun votta það hvenær sem er, að hann sjer sjer ekki fært að halda áfram starfinu vegna þess að það er orðið svo dýrt, að það er hreint peningatap fyrir viðkomandi hreppstjóra að hafa það á hendi. Jeg tel ekki rjett að láta menn leysa af hendi störf í þágu þjóðfjelagsins án þess þeir fái þau sæmilega borguð. En ef að því ráði væri hnigið að hækka laun þessa starfsmanns, svo sem hann á fulla rjettlætis- og sanngirniskröfu til, þá fer að verða lítið úr aðalástæðunni gegn þessu frv., sem sje þeirri, að það hafi í för með sjer kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Annars vil jeg ekki þreyta háttv. þingdeildarmenn á því að fara að rekja þær ástæður, sem þeir eiga greiðan aðgang að kynna sjer í þingskjölum frá 1926. Jeg vænti þess, að þeir líti þetta frv. velvildaraugum. Tíminn, sem það hefir verið hjer á ferðinni, er nú orðinn svo langur, að maður getur leyft sjer að vona, að háttv. deild muni nú geta felt um það endanlegan úrskurð, og að sá úrskurður verði rjettlátur.

Jeg legg til, að frv. verði vísað til allshn. til athugunar. Þar hefir það verið til meðferðar á undanförnum þingum, og þar mun það sennilega helst eiga heima.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Af sjerstökum ástæðum vil jeg mælast til þess, að forseti taki málið út af dagskrá. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir því, að málið geti komið á dagskrá á morgun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 11. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 40, n. 107 og 108, 135).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Eins og nál. bera með sjer, hefir allshn. ekki getað orðið sammála um þetta frv. Hinsvegar viðurkennir öll nefndin þó, að það fyrirkomulag, sem nú er um stjórn sveitarmálefna á Norðfirði, sje ekki viðunandi, en nefndarhlutana greinir á um það, hvernig úr því skuli bætt. Jeg ætla ekki að fara út í nál. minni hl. að svo stöddu, en skal nú færa nokkur rök að niðurstöðu meiri hl. Við lítum svo á, að önnur lausn á þessu máli sje ekki fullnægjandi en sú, sem farið er fram á með frv., með öðrum orðum, að svo sje komið í þessu kauptúni, að ekki verði fullkomlega úr bætt á annan hátt.

Jeg verð að álíta, að allflestir hv. þdm. sjeu of lítið kunnugir högum og háttum á þessum stað; fæstir þeirra munu hafa komið þar, en sumir aðeins

í svip, og er sú þekking, sem við það fæst, altaf mjög ófullkomin.

Jeg hygg, að jeg muni vera sá maðurinn, sem mesta þekkingu hefir í þessu efni, og er það enda eðlilegt, þar sem jeg hefi verið búsettur í þessu kauptúni altaf síðan það fór að vaxa. Jeg vil þá með örfáum orðum lýsa vexti þessa kauptúns í stórum dráttum. Skal jeg þá fyrst minnast á mannfjöldann. Í árslok 1890 er íbúatala innan takmarka Neshrepps um 80 manns, og það lítur út fyrir það af skýrslum, að sú íbúatala hafi haldist óbreytt um nokkur ár. Árið 1895 eða 1896 mun Nes hafa verið löggiltur verslunarstaður og árið 1900 er íbúatalan orðin tæp 300, og fer svo stöðugt vaxandi. Í árslok 1910 er hún orðin 480, 1920 rúm 700, 1925 940, 1926 994 og 1927 1040.

Þegar litið er á þessar tölur, er auðsjeð, að vöxtur er orðinn jafn og stöðugur. Þessi mannfjölgun hefir orðið á tvennan hátt, bæði af innflutningi til bæjarins og svo af eðlilegum mismun á tölu fæddra og dáinna. Nú hin síðari árin hafa fæðingar verið um 40, en dauðsföll 4—10 á ári, og skapast þannig fjölgun, sem nemur 30—40 manns árlega, þótt enginn innflutningur ætti sjer stað. Þegar litið er á þetta og þessar tölur lagðar til grundvallar, lætur nærri að ætla, að 1930 verði íbúatalan orðin tvöföld við það, sem hún var 1920.

Með kauptún, sem er í svo hröðum vexti, verður löggjöfin vel að gæta þess að vera ekki alt of langt á eftir tímanum með heimildir til bætts skipulags.

Þá er næst að líta á fjárþörf sveitarfjelagsins til opinberra þarfa. Er þá rjett að athuga í því sambandi fjárhagsreikning þessa hrepps síðan 1913, er Neshreppi var skift úr Norðfjarðarhreppi og hann gerður að sjerstöku sveitarfjelagi. Eins og menn vita, gátu, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum frá 1905, þau kauptún, sem höfðu 300 íbúa, krafist þess að verða sjerstakt hreppsfjelag. Mjer var það þá þegar ljóst, að það væri hin mesta rjettarbót fyrir kauptúnið að losast úr tengslum við hinn hluta hreppsins, og hreyfði jeg því fyrst 1908. En úr því varð ekki þá, vegna þess að í hinum hluta hreppsins var stærsti gjaldandinn í sveitinni, sem sje hvalveiðastöð. En smátt og smátt fóru augu manna að opnast fyrir því, að það mundi fara að styttast í veru þessa gjaldanda, og 1913 varð svo úr skiftingunni, og var hún framkvæmd á þann hátt, að við fjárskifti milli hreppanna var ekkert tillit tekið til þessa gjaldþegns, sem dvalið hafði í hreppnum síðustu 11 ár. Það kom í minn hlut að verða oddviti hreppsins 1913, og get jeg sagt það með nokkrum rjetti, að jeg hefi verið kunnugur fjárreiðum hans síðan og alt til þessa dags. Fyrsta reikningsárið, 1913—'14, var umsetningin 4000 kr., 1920—'21 40000, 1925—'26 70000, og frá fardögum 1926 og til ársloka 1927 140000 kr.

Þetta alt ber að sama brunni; það sannar hinn hraða vöxt kauptúnsins. Þegar reikningsumsetningin er orðin 100 þús. kr. á ári, þá er reikningshald og gjaldheimta orðin svo umfangsmikið starf, að þess er ekki að vænta og það er ekki hægt að ætlast til þess,

að lítt undirbúnir menn með ljelegum launum geti leyst það af hendi svo að vel sje.

Jeg vil bæta því við, að jeg tel það mæla með þessu frv., að árið 1920 var stofnaður sparisjóður í kauptúninu, og hefir hann eflst mjög síðan. Sjóðurinn var stofnaður 1. september 1920, en í árslok það ár voru innlög í hann orðin 11 þúsund kr. Við síðustu áramót voru innlögin orðin 150 þús. Er það að vísu ekki stór peningastofnun, en ákaflega mikið hefir hún bætt viðskiftalíf kauptúnsins nú síðustu árin. Auðvitað væri það mín heitasta ósk, að sjóður þessi væri ekki aðeins 150 þús., heldur 1 miljón og 500 þús. Þá yrði ekki á móti því mælt, að bærinn gæti staðið á eigin fótum fjárhagslega. En alt stendur til bóta, og mín trú er það, að stofnun þessi verði áður mörg ár líða aðalviðskiftastofnun kauptúnsins.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. þdm. á lengra vaxtaryfirliti, en eitt skal jeg minnast á enn, sem í rauninni er mikið atriði í þessu sambandi, sem sje það fjárhagstjón, sem sýslufjelagið bíður við það, að Norðfjörður sje gerður að sjerstöku lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Það er nú fyrst, að það er mikið fje, sem Neshreppur er búinn að gjalda sýslusjóði Suður-Múlasýslu, en hinsvegar stendur þannig á, að hann getur ekki notið neinna fjárframlaga úr sýslusjóði, nema þeirra, sem beint eru ákveðin með lögum, sem eru aðeins útgjöld vegna berklavarnalaganna. En í sýslusjóð hefir hreppurinn greitt 7—9 þús. kr. árlega. Það verður því að líta á það líka, þegar athugaður er sá galli, sem þessu fylgir fyrir sýsluna, að það er eigi síður fjárhagslegt tjón fyrir kauptúnið að vera í tengslum við hana.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þessi atriði að svo stöddu. Jeg hygg, að hver maður, sem hefir af eigin reynslu kynst ástæðum þessa kauptúns, hljóti að viðurkenna, að þau atriði öll, er jeg nú hefi tekið fram, sjeu rjett, og einnig, að þau sanni, að hjer er aðeins um sanngirniskröfu að ræða.

Þá vil jeg ennfremur benda háttv. deild á ummæli landlæknis og skipulagsnefndar, sem dvöldu á Norðfirði nokkurn tíma sumarið 1926, nefndin til að undirbúa skipulagsuppdrátt af kauptúninu og landlæknir í embættiserindum. En þau ummæli eru, að stofnun bæjarfógetaembættis á Norðfirði sje brýn nauðsyn og fylsta sanngirni.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að þeim breytingum, sem meiri hl. allshn. hefir komið fram með við frv. Vil jeg fyrst geta þess, að frv. var borið undir einn af lögfræðingum þessa bæjar, sem jafnframt er prófessor í lögum við háskólann. Hann athugaði frv., aðallega frá formsins hlið, og fann ekkert verulegt við það að athuga. Jeg verð því að líta svo á, að frá þeirri hlið sje ekki ástæða til að gera neinar breytingar. En meiri hl. nefndarinnar hefir þó komið fram með nokkrar breytingar, sem allar skifta litlu máli, að einni undantekinni, er fjallar um launagreiðslu þessa embættismanns, ef til kæmi, að málið næði fram að ganga.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er við 4. gr. frv. og gengur út á að koma fyrir launum væntanlegs bæjarfógeta á Norðfirði á svipaðan hátt og annara embættismanna. Er svo til ætlast, að

byrjunarlaunin verði nokkuð lægri en frv. gerir ráð fyrir, og hækki svo á 10 árum upp í fulla hæð. Er þetta sett með hliðsjón af launum bæjarfógetans á Siglufirði. Í þessu sambandi vil jeg minnast á brtt. á þskj. 135, sem gerir ráð fyrir 1000 króna lægri byrjunarlaunum, og þar með líka 1000 kr. minni lokalaunum. Jeg skal nú viðurkenna, að ekki er ósennilegt, að nægja mundu lægri laun en jeg hefi tiltekið í frv., en þá aðeins með hliðsjón af þeim launum, sem greidd yrðu úr bæjarsjóði. En mjer finst tillagan ganga of langt. Annars vil jeg ekki deila frekar um þetta, en láta deildina skera úr við atkvæðagreiðsluna.

Þá er það brtt. 2, við 7. gr. frv., sem er þess efnis, að í stað „þegar" komi: þá. Þetta þarf lítillar skýringar við, en veldur þó nokkurri efnisbreytingu, því að eins og frv. hljóðar nú má skilja sem svo, að *þegar* skuli fara fram kosningar, er einhver fulltrúi fer frá áður en kjörtímabil hans er út runnið, enda þótt kosningar standi alveg fyrir dyrum.

Þá kem jeg að þriðju breytingunni, sem er við 8. gr. Er það þá fyrst, að niður falli orðin í þriðju málsgrein „ef því verður við komið". Því að ekki er nema sjálfsagt, að oddviti skýri fulltrúunum frá því á undan fundum, hver málefni komi fyrir. Síðari liður þessarar brtt. er leiðrjetting, að í stað „samþykkir" komi: staðfestir. Það á betur við, þegar um stjórnarráðið er að ræða.

Þá er það fjórða breyting, sem sömuleiðis er leiðrjetting. Í frv. stendur, að bæjarstjórnin skuli gera tillögur um „sáttasemjara", en það orð er nú orðið lögfest á alt öðru starfi, og því þykir rjett að nota heldur orðið sáttanefndarmenn.

Kem jeg þá að brtt. við 19. gr., þess efnis, að orðin „með öllum fylgiskjölum" í niðurlagi greinarinnar falli niður. Þessi breyting er gerð samkv. bendingu frá minni hl. nefndarinnar í þá átt, að sending fylgiskjalanna væri í sjálfu sjer þýðingarlítil og gæti haft illar afleiðingar, jafnvel þær, að fylgiskjölin týndust.

Þá er það 6. brtt., við 22. gr. Hún skýrir sig sjálf, því að það er gefið mál, að vera verður stafur fyrir því í lögum, að ákveða megi sektir í reglugerðinni.

Loks er það sjöunda og síðasta brtt., við 23. grein, um það, hvenær lögin gangi í gildi. Það þótti gleggra að taka það fram í sjálfu frumvarpinu. Hinsvegar sjer stjórnin eftir sem áður um það, að lögin komi til framkvæmda. Orðalag frv., eins og það er nú, er hvorki eins viðfeldið nje eins heppilegt og við leggjum til.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, enda hygg jeg, að lengri umræður hafi ekki mikið að þýða. Það hafa verið lögð fram skýr rök og sanngjörn fyrir málinu.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og getið er um í nál., viðurkenni jeg fúslega, að það er óhægt um alla gjaldheimtu fyrir sveitarstjórnina á Norðfirði, meðan enginn er þar sýslumaðurinn eða löglegur innheimtumaður. En jeg vil bæta úr því á eðlilegri hátt en að gera kauptúnið að kaupstað. Jeg er hræddur við þessa leið, að veita sjávarþorpum kaupstaðarrjettindi strax þegar þau eru orðin svo fjölmenn, að störfin verða erfið til

framkvæmda undir núverandi fyrirkomulagi, vegna þess að jeg held, að það verði enginn endir á þessum kaupstaðalöggildingum. Auk þess eru það mikil óþægindi fyrir sýslufjelögin að missa kauptúnin út úr umboði sínu. Jeg held því, að hjer þurfi að finna heppilegri úrlausn á málinu. Mjer skilst, að það sjeu umbætur á framkvæmdavaldi staðarins, sem vantar. Jeg hefi ekki heyrt því haldið fram, að hreppsnefndin á Norðfirði væri ekki fær um að taka eða bær að taka ályktanir í öllum málum sveitarinnar. Það eru framkvæmdirnar, sem er ábótavant, vegna þess að það vantar starfskraft. Auk þess eru önnur kauptún í miklum vexti með yfir 1000 íbúa, og enn önnur, sem ekki hafa þá íbúatölu, í greinilegum vexti.

Mjer finst ekki rjett að velja þessa leið, sem fyrst og fremst leiðir til embættafjölgunar og gefur fordæmi í þá átt, því að það er ekki jafnrjetti í öðru en að halda fjölgununum áfram. Og þó að íbúatala kauptúns nái þúsundinu, rjettlætir það ekki, að ríkið leggi til löglærðan embættismann með dómsvaldi, skrifstofukostnaði o. s. frv. Aðrir sýslumenn og bæjarfógetar hafa meiri fjölda til yfirsjónar í umdæmi sínu. Þetta var nú að vísu gert, þegar Siglufirði voru veitt kaupstaðarrjettindi, en þar var sjerstaklega ástatt. Staðurinn er mjög afskektur og það var illkleift að rækja þar embættisstörf samhliða þeim störfum, sem inna þurfti af hendi í sýslunni og á Akureyri. Norðfjörður er aftur á móti vel settur og liggur á leið sýslumanns, er hann fer milli enda umdæmis síns. **(IP:** Það held jeg sje skrítið). Nei, það er ekkert skrítið; háttv. þm. veit, að Norðfjörður liggur þannig, þegar venjulega leiðin, sjóleiðin, er farin, og því má koma þessu fyrir á viðunandi hátt. Og jeg ber fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um að fela stjórninni að undirbúa málið og leggja það fyrir næsta þing. En mun samþykkja brtt. meiri hl., ef málið á að ná fram að ganga. Og það get jeg sagt strax, að ef þarna á að fara að stofna sjerstaka dómþinghá með bæjarfógeta við vanaleg völd, þá virðist mjer tillaga nefndarinnar um launakjörin sæmileg og ástæðulaust að samþykkja brtt. hæstv. forseta. Því að það væri að leika sama leikinn sem við Siglufjörð — launin yrðu of lág og þyrfti strax að hækka þau.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg verð að gefa nokkrar upplýsingar út af ræðu háttv. 3. landsk. Hann sagði, að jeg vildi ganga vafasama braut í þessu máli, því að mörg væru þau kauptúnin, sem hefðu svipaða íbúatölu og Norðfjörður, t. d. Akranes. Jeg benti áður á, að ekki mundi á löngu líða áður en Norðfjörður færi fram úr Akranesi að höfðatölu, og þarf ekki að gera það aftur. Annars kemur hjer fleira til greina en íbúatalan ein. Jeg hefi borið saman útflutning frá þessum báðum stöðum. Norðfjörður hefir á síðari árum flutt meira út en nokkurt annað kauptún, já, meira að segja meira en Seyðisfjörður og öll Norður-Múlasýsla samanlagt. Samkvæmt Hagtíðindunum hefir Akranes ekki flutt út fyrir eina krónu. — Það er kannske prentvilla, og jeg hefi ekki átt kost á að athuga Hagtíðindin nema til ársins 1922. — Svo eru það tekjur ríkissjóðs. Jeg veit

ekki um þær af Akranesi, en á Norðfirði skifta þær nokkrum tugþúsundum; jeg gæti trúað, að þær næmu í meðalári yfir 100 þús. krónum. Árið 1925 var tekju- og eignarskattur úr allri Suður-Múlasýslu 60 þús. kr., en úr Norðfjarðarhreppi einum nam hann 42 þús. kr. — með öðrum orðum, hann var það ár meira en ⅔ af öllum tekju- og eignarskatti úr sýslunni. Held jeg ekki, að sama verði sagt um Akranes. Auk þess hefir sigling til Norðfjarðar síðustu 10—15 árin verið miklum mun meiri en nokkursstaðar annarsstaðar á Austfjörðum. Norðfjörður dregur frá Seyðisfirði með hverju ári, enda liggur hann vel við. Að vísu koma fleiri millilandaskip til Seyðisfjarðar, en fiskiflotinn siglir meir á Norðfjörð, enda er hann meiri þaðan en frá nokkrum einum stað öðrum á Austfjörðum.

Jeg var búinn að skýra þetta áður, en varð að gera það aftur, af því að háttv. 3. landsk. gerði höfðatöluna að aðalatriði. En eins og jeg hefi sýnt fram á, kemur margt fleira til greina. Og Norðfjörður er að ýmsu leyti ekki sambærilegur við nokkurt kauptún á landinu — hann er meira að segja kominn fram úr Seyðisfirði, eins og jeg hefi sýnt fram á.

Háttv. 3. landsk. var að tala um, að það væri mjög varhugaverð leið að fara að fjölga embættum. Skal jeg ekki mótmæla því. En jeg skil ekki, hvað hann meinar með dagskránni, ef ekki verður nákvæmlega sama uppi á teningnum. Mjer skilst, að af báðum tillögunum leiði embættafjölgun, svo að munurinn ætti þá aðeins að vera í launamismun. Hann vill skipa mann með nokkru lögreglustjóravaldi, og þá kunna launin kannske að verða eitthvað lægri, en ef hann á að inna sömu störf af hendi, sje jeg enga ástæðu til að lækka þau. Annars er dómarastarfið á Norðfirði lítils virði, og jeg legg enga áherslu á, að það fylgi þessu embætti. Auk þess verður þess stutt að bíða, að bæði dómsvaldið og lögreglustjórnin verði endurskoðuð og vafalaust aðskilin.

Háttv. þm. (JÞ) var að tala um, að á Siglufirði hefði staðið sjerstaklega á. Það gerir það alveg eins á Norðfirði. Að vísu er einn hreppur sýslunnar norðar en Norðfjörður — eins og háttvirtur þingmaður rjettilega drap á —, en það er engu minni erfiðleikum bundið að komast frá Eskifirði til Norðfjarðar en frá Akureyri til Siglufjarðar. Landleiðin liggur yfir 2000 feta háan fjallgarð, svo að menn geta gert sjer í hugarlund, hversu greitt er hjer yfirferðar, enda er mjög erfitt að komast til Norðfjarðar öðruvísi en á sjó, og ómögulegt að koma við hestum, nema um hásumarið.

Það mun veitast erfitt að ganga á móti því, að þetta frv. sje fram komið af fullgildum ástæðum. Það er ákaflega erfitt að færa líkur fyrir því, að úr vandkvæðum kauptúnsins verði bætt á annan hátt en þann, er frv. gerir ráð fyrir.

Þá er næst að athuga till. háttv. minni hl. — Í nál. sínu viðurkennir háttv. 3. landsk., að sveitarstjórnarfyrirkomulagið á þessum stað sje orðið óviðunandi. En hann hyggst að bæta úr á annan hátt en þann að veita kauptúninu bæjarrjettindi. En jeg hygg, að það yrði aðeins stundarbót, ef farið væri að hans ráðum. Endanlega lausnin hlýtur að vera bæjarrjettindi. Drátt-

ur á því, að sú lausn fáist, veldur tjóni fyrir kauptúnið og fjárútlátum fyrir ríkissjóð.

Aðferð háttv. 3. landsk. við það að reyna að víkja þessu máli frá finst mjer ekki allskostar viðeigandi. Ef hann hefði komið með till., sem strax kæmi til framkvæmda, þá væri það góðra gjalda vert. En ekki er svo vel, heldur leggur hann til, að þingdeildin víki frv. frá og skori á ríkisstjórnina að ráða fram úr þessu máli með því að undirbúa lög um heimild fyrir tilbrigðum frá sveitarstjórnarlögunum í þeim kauptúnum, er líkt er ástatt um og Norðfjörð. Jeg vil benda á það, að í niðurlagi nál. segir svo: „Tel jeg, að slík úrlausn mundi einnig nægja fyrir Norðfjörð fyrst um sinn". Jeg er hv. þm. þakklátur fyrir það, að hann telur þetta ekki fullnaðarúrlausn. En spurningin er þá, hvort líkur eru til þess, að ríkissjóður geti sparað fje með því fyrirkomulagi, er hann stingur upp á. Jeg fyrir mitt leyti tel, að af því mundi leiða fjárhagslegt tap fyrir ríkissjóð og aukna erfiðleika fyrir kauptúnið.

Jeg vænti þess, að háttv. þingdeild hafi áttað sig svo vel á þessu máli, sem liggur nú fyrir henni til afgreiðslu í 3. sinn, að hún ljái því lið sitt, svo að úrlausn þess falli á þann eina rjetta hátt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á brtt. á þskj. 135, en hafði ekki ætlað mjer að tala fyrir henni, einkum eftir að háttv. frsm. meiri hl. allshn. vjek að henni í ræðu sinni og ljet á sjer skilja, að honum þætti hún ekki óeðlileg. Jeg geri ráð fyrir, að flestir háttv. þingdeildarmenn geti skilið, hvers vegna jeg ber fram till. um lækkun á launum væntanlegs embættismanns á þessum stað um 1000 kr. Jeg hefi til þessa verið andstæðingur þessa máls, en er nú farinn að þreytast á því og held kannske, að þessar óskir sjeu ekki algerlega út í loftið og þessi rjettindi sjeu kauptúninu ekki lítils virði, að minsta kosti að þess eigin áliti. En jeg hefi ekki hingað til verið manna fúsastur á að fjölga opinberum starfsmönnum. Og þegar ekki með öllu verður hjá því komist, vil jeg ekki ausa til þess meira fje en nauðsyn krefur. Mjer komu því undarlega ummæli háttv. 3. landsk., er hann var að tala um leikaraskap í sambandi við mig og till. mína. Jeg held sannast að segja, að háttv. þm. hafi sýnt meiri leikaraskap það sem af eru þessu þingi en jeg.

Jeg álít, að þessum embættismanni sje nóg að hafa laun sýslumanna. Þeir fá ekki nema 4200 kr. byrjunarlaun, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5200 kr. Jeg býst við, að nógir yrðu til þess að sækja um embættið fyrir því, með því að enginn hörgull er á hæfum mönnum í það. Og jeg skammast mín alls ekkert fyrir það, þótt jeg vilji spara, og það þótt sá sparnaður nemi ekki nema 1000 kr. Annars skiftir vitanlega ekki miklu máli, hversu fer um þessa brtt. En úr því að hlutaðeigendur, sem til þekkja, telja þetta nógu há laun, hjelt jeg, að aðrir stæðu sig ekki við að setja sig upp á móti því.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Mjer datt alls ekki í hug að beina neinum aðdróttunum í garð hæstv. for-

seta, háttv. þm. A.-Húnv., og þykir mjer leitt, að hann skuli hafa skilið orð mín svo. Hitt átti jeg við, að það væri leikaraskapur af löggjafarvaldinu í heild að fara að stofna nýtt embætti með launum, sem sjáanlega eru of lág, og sjá sig síðan um hönd og hækka launin upp í það, er þá og síðar hefir þótt sanngjarnt. Jeg veit, að hv. þm. A.-Húnv. er einlægur og álítur þá launaupphæð nóga, sem hann stingur upp á. En jeg vísa aðeins í reynslu liðinna ára. Þá hefir löggjafarvaldið álitið hæfileg laun það, sem stungið er upp á í brtt., en síðan smáfært sig upp á skaftið. Og svo má gera ráð fyrir, að fari einnig hjer.

Þá er ræða háttv. frsm. meiri hl. Jeg hefði alls ekki staðið upp að þessu sinni, ef hann hefði ekki hallað rjettu máli í þessari sömu ræðu, en því tel jeg mjer skylt að svara.

Jeg gerði engan beinan samanburð á Skipaskaga og Norðfirði. Jeg gat þess aðeins, að um fleiri kauptún væri líkt ástatt hvað mannfjölda snerti, og mátti skilja, að þar væri meðal annars Skipaskagi hafður í huga. Nú gerir háttv. frsm. sinn samanburð á útfluttu vörumagni frá þessum tveim kauptúnum. Og niðurstaða þess samanburðar verður sú, að ekki er útflutt fyrir 1 kr. af Akranesi, en af Norðfirði fyrir mikla upphæð.

Jeg tel það nú að vísu ekki rýra á neinn hátt rjettindi kauptúns, þótt framleiðslu þess sje þannig háttað, að hún gangi til neyslu innanlands, svo sem er um Skipaskaga, sem framleiðir og selur okkar ágætu Skagakartöflur. og engum heilvita manni dettur í hug að telja verðlausa þá framleiðslu, þótt ekki komi til greina á útflutningsskýrslum. En auk þess eru líka beinlínis fluttar út af Akranesi sjávarafurðir. En á skipskjölum er sá útflutningur talinn frá Reykjavík. Það orsakast meðal annars af því, að í Reykjavík er hægt að ná til embættismanns til slíks, en það er ómögulegt á Skipaskaga. (**IP:** Það er ekki verra en á Norðfirði). Jú. (**IP:** Jeg neita því).

Um kostnaðarhlið þessa máls hjelt hv. frsm. meiri hl. því fram, að mitt fyrirkomulag, sem jeg drap á í nál., muni reynast fult svo útdráttarsamt fyrir ríkissjóð eins og ef stofnað yrði sjerstakt bæjarfógetaembætti. Hann gerði sem sje ráð fyrir því, að gjalda yrði viðkomandi starfsmanni sama kaup eftir mínum till. og eftir frv., með því að honum væri ætlað sama starf. En svo er ekki. Kauptúnið hjeldi áfram að vera einn hreppur í sýslunni og sýslumaður annaðist ýms þau störf, er embætti hans heyra til og falla mundu að öðrum kosti undir bæjarfógeta á þessum stað. Sá embættismaður, sem fyrir mjer vakir, myndi því hafa mun þrengra starfssvið en bæjarfógeti, og því rjettmætt, að laun hans væru þeim mun lægri.

Mjer er kunnugt um, að hv. frsm. meiri hl. hefir áður fyr getað látið sjer nægja þá úrlausn þessa máls, er jeg sting upp á. Ætti hann því ekki að lá mjer mikið, að jeg stend nú á þeim grundvelli, sem hann sjálfur hefir getað hugsað sjer að standa á.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg vona, að það sje misskilningur en ekki rangfærsla á orðum mínum, er lýsti sjer í ummælum hv. 3. landsk. um samanburð minn á Skipaskaga og

Norðfirði. En hvort heldur sem er, þá verð jeg að leiðrjetta. Hv. 3. landsk. virðist taka samanburð minn á þann hátt, að jeg vildi gera lítið úr framleiðslu Skagabúa. Það hefir mjer aldrei komið til hugar. Enda skiftir það minstu um nauðsyn þess embættismanns, sem frv. fer fram á, hvað framleitt er á hverjum stað. Hitt skiftir meiru, að útflutningurinn nemur að verðgildi annarsvegar nær 2 milj. kr., en hinsvegar ekki 1 kr. Það snertir viðkomandi embættismann ekki svo mikið, þótt þeir Akurnesingar selji kartöflur fyrir 100 þús. kr. árlega, og það enda þótt meira væri. Til þess að sú sala geti gengið fyrir sig, þarf hann ekki að skrifa upp á nein skipsskjöl eða innheimta toll. Það snertir því ekki þetta mál, hvort um er að ræða kartöflur eða annað, sem framleitt er til innanlandsnotkunar. Í samanburði mínum voru engar dylgjur fólgnar í garð Akurnesinga, enda eiga þeir það á engan hátt skilið, að hnjóðað sje í þá sjerstaklega.

Jeg vona sem sagt, að hjer sje um að ræða misskilning hjá hv. 3. landsk., en ekki útúrsnúning. Minn rökstuðningur stendur enn óhrakinn. Tölurnar eru teknar úr Hagtíðindunum, og getur hver flett þeim upp, sem vill.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði gert ráð fyrir, að í báðum tilfellunum, hvort sem fylgt væri till. hv. minni hl. eða frv., mundi launagreiðslan úr ríkissjóði verða sú sama. Jeg get ekki búist við öðru, ef settur er valdsmaður á þessum stað á annað borð, en að hann hafi fult lögregluvald. Annars kemur hann ekki að fullum notum. Og jeg get ekki hugsað mjer, að ríkið geti látið sjer sæma að bjóða slíkum manni lægri laun en till. hæstv. forseta fer fram á, og helst ekki minni en frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. (JÞ) sagði, að sýslumaður hjeldi áfram að gegna einhverju talsverðu af starfinu. Ef hann á að gegna meiru en dómarastörfum, þá hefi jeg misskilið till. minni hl., hv. 3. landsk. Jeg hefi hingað til haldið, að hann vildi þó með sinni till. bæta úr því ástandi, sem er og verður æ óviðunanlegra því lengra sem líður. En ef vald þess manns, sem til kemur, er að engu aukið frá því, sem oddviti og hreppstjóri hafa nú, þá eru umbæturnar sáralitlar. Ef þessu er svo háttað, sem helst er að skilja af orðum háttv. 3. landsk., þá fer jeg að líta svo á, að dagskrártill. hans sje ekki annað en vingjarnlega orðuð tilmæli um að víkja þessu máli frá, án þess að reynt sje að bæta úr þeirri þörf, sem því veldur, að þetta frv. er fram komið.

Þá er loks rúsínan í endanum hjá hv. 3. landsk.: að jeg eigi ekki að taka hart á sjer, af því að samskonar hugmynd og hann gengur nú með hafi einu sinni vakað fyrir mjer.

Síðan 1913 hefi jeg verið að velta þessu máli fyrir mjer, og það er satt, að um eitt skeið var jeg ekki frá því, að ef til vill nægði sú úrlausn, sem hv. minni hl. allshn. leggur nú til. En nú hefi jeg íhugað þetta mál um margra ára skeið og á þeim tíma sannfærst æ betur og betur um, að þessi lausn getur að vísu nægt á ýmsum stöðum, og þar á meðal máske á Skipaskaga, en hún á bara alls ekki við á Norðfirði og kemur ekki að fullu liði þar eins og nú er komið. Hv. 3. landsk., er lítið hefir

um þetta mál hugsað, á eftir að melta það nokkuð betur til þess að komast að sömu niðurstöðu og jeg. Sá er munurinn, að jeg er þetta lengra kominn en hann. Þetta er því ekki til málsbóta eða inntekta fyrir hv. þm.

Málið ætti nú að fara að verða sæmilega vel upplýst. Þótt jeg hafi ekki lagst á móti brtt. hæstv. forseta, vil jeg taka það skýrt fram, að jeg tel þar of langt gengið í lækkun launanna. Það er að vísu nokkuð til í því, sem hæstv. forseti sagði, að 4200 kr. eru sæmileg byrjunarlaun. Jeg kannast við það. Og auk þess veit jeg, að bæjarfjelagið mundi búa svo að þessum embættismanni sínum, að hann sæi sjer fært að una við kjör sín. Auk þeirra 1500 kr., sem hann fengi úr ríkissjóði upp í föst laun, fengi hann líka skrifstofukostnað sem aðrir samskonar starfsmenn, og hreppurinn mundi og greiða skrifstofukostnað í hlutfalli við þau störf, er í hans þágu eru unnin. Jeg skal því kannast við, að það kann að mega una þessum launakjörum fyrst um sinn, þótt mjer hinsvegar þyki þau fulllág.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 108, frá minni hl. allshn., feld með 8:6 atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 135,a—b samþ. með 8:2 atkv.

— 107,1, svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 107,3.b samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,4 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

12.—18. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

20.—21. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,6 samþ. með 9 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 107,7 (ný 23. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 152).

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Með þessu frv. um bæjarstjórn á Norðfirði er farið fram á að skipa þar sjerstakan bæjarfógeta,

launaðan úr ríkissjóði, þó ekki nema að nokkru leyti, því að gert er ráð fyrir, að hann fái nokkurn hluta launa sinna úr bæjarsjóði fyrir þau störf, er hann vinnur í þágu kaupstaðarins. Ástæðurnar til þessa munu vera þær, að þetta þorp hefir vaxið mjög óðfluga nú á síðustu árum og er nú orðið allmannmargt, 1200—1300 manns búandi í kauptúninu. Sökum þessa er það orðið allmiklum vandkvæðum bundið, að hreppstjóri geti int af hendi þau störf, er undir hann heyra, eins og nú er ástatt. — Þetta mun vera ástæðan til þess, að þetta frv. er nú fram komið.

Jeg vil geta þess, að líkar aðstæður og á Norðfirði eru ekkert einsdæmi. Á Akranesi t. d., þar sem jeg þekki mjög vel til, er eins ástatt. Fólkstala er þar svipuð orðin og örðugleikarnir á framkvæmd sveitarmálefna og lögreglustjórn hafa líka sagt til sín þar. Og jeg veit, að víðar muni svo vera.

Nú er um það að ræða, hvernig þessi vandkvæði verði sem best leyst, og þá ber Alþingi og að taka tillit til þess, á hvern hátt þau verði ódýrast leyst fyrir ríkissjóð. Hv. Ed. hefir komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að leysa vandamálið á þann hátt að stofna bæjarfógetaembætti á þessum stað. En jeg vil leyfa mjer að benda á aðra leið, er kom fram í till. í sambandi við þetta mál, um að leysa þetta spursmál á annan hátt en frv. fer fram á. Þessi till. kom frá minni hl. allshn. í Ed., hv. 3. landsk., og er dagskrártill. um að vísa þessu máli frá nú með þeim forsendum, að skora á landsstjórnina að taka til athugunar, hvort ekki sje hægt að leysa vandkvæðin þannig, að sameina störf oddvita og hreppstjóra á hendur einum manni, er og hafi á hendi umboðsstörf sýslumanns, og leggi ríkissjóður fram nokkurn styrk í þessu augnamiði.

Jeg vil segja það sem mína skoðun, að jeg tel vandkvæðin sæmilega leyst á þennan hátt, og þetta fyrirkomulag mun reynast mun ódýrara. Og því meiri ástæða er til þess að athuga það, sem fullvíst má telja, að víðar muni verða farið fram á þetta sama. Það spor, sem stigið er með þessu frv., þótt ekki sje stórt, mundi verða til þess, að fleiri færu í þá slóð á eftir. Því er vert að athuga vendilega þetta mál þegar í byrjun. Í meðferð hv. Ed. á þessu frv. er eitt atriði, sem vert er að vekja athygli á. Og það er það, að launin, sem þessi embættismaður á að fá, voru lækkuð af deildinni um 1000 kr. frá því, sem flm. ætlaðist til. Þau eiga nú að vera í byrjun 1500 kr., en hækka upp í 2500 kr. — Þetta er sá hluti launanna, er greiðist úr ríkissjóði. — Jeg vil nú benda á, að þetta er aðeins byrjunarstig. Þess verður ekki langt að bíða, að laun þessa bæjarfógeta verði gerð hliðstæð launum annara valdsmanna. Til þess að sýna fram á, hvernig farið hefir og farið getur, vil jeg rekja sögu launa bæjarfógetans á Siglufirði. Þar var líkt farið af stað. — Bæjarfógetaembættið á Siglufirði var stofnað með lögum frá Alþingi árið 1918. Var þá gert ráð fyrir, að hann hefði 2000 kr. árslaun. Á þingi 1919, er launalögin voru samin, var hann tekinn upp í ákvæði launalaganna með — að því er jeg ætla — 2500 kr. byrjunarlaunum, hækkandi upp í 3500 kr. Loks árið 1921 er hann gerður hliðstæður öðrum sýslumönnum og laun hans hækk-

uð í samræmi við það, eða með öðrum orðum: byrjunarlaun 4200 kr., en hækkandi upp í 5200 kr.

Þannig er þá ferill þessa máls, og má af líkum ráða, að niðurstaðan yrði sú sama nú.

Jeg vildi með þessum fáu orðum aðeins benda háttv. deild á þessa till., sem kom fram í Ed. frá háttv. 3. landsk., og einkum vil jeg skjóta því til háttv. nefndar, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, hvort hún vilji ekki taka hana til athugunar, því að jeg hjelt, að þannig horfði við nú, að hlutverk þessa þings mundi ekki vera að stofna ný embætti eða stofna til útgjalda á þeim sviðum, þar sem hægt er að komast hjá þeim.

Sveinn Ólafsson: Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu háttv. síðasta ræðumanns, með því að jeg var fjarstaddur, og er mjer því ekki fullkomlega kunnugt um, hverju haldið hefir verið fram gegn þessu frv.

Eins og málið liggur nú fyrir, má segja, að það hafi gengið í gegnum einskonar hreinsunareld. Í þrjú ár hefir það legið fyrir háttv. Ed. og er nú loks komið þetta áleiðis. Það má því gera ráð fyrir, að búið sje að telgja af því smíðalýtin að því er formið snertir. Mjer skildist af því, er jeg heyrði af ræðu háttv. þm. Borgf., að hann jafnvel hvetti til þess að fresta málinu ennþá um sinn. Frestun getur ekki þýtt það, að þetta mál falli niður. Hún getur aðeins tafið framgang þessarar hugmyndar um stuttan tíma, því að svo hlýtur að fara innan tíðar, sem til er stefnt í þessu frv., að bæjarrjettindin verði veitt. Það hefir ekki aðeins fjárhagslega þýðingu fyrir þetta kauptún; jeg vil líka kannast við þær ástæður fyrir framkomu þessa frv., að það hafi menningarlega þýðingu fyrir íbúa kauptúnsins.

En að því er við kemur óttanum við hækkun launa væntanlegs bæjarfógeta á Norðfirði, þá virðist mega geta eins atriðis, sem getur meira en vegið upp á móti henni. Það er tæplega hægt að gera ráð fyrir því eða ætlast til þess, að gjaldheimta og lögregla sje þar í góðu lagi með þeirri skipun, sem nú er á þessum stað, og þar sem jafnmiklar siglingar eru af útlendingum. Engin höfn eystra jafnast við Norðfjörð í því efni.

Þeir, sem til þekkja og eru kunnugir staðháttum á þessum slóðum, vita, að sýslumaður býr svo langt frá og leiðir eru svo torsóttar frá honum til Norðfjarðar, að eftirlits af hans hendi gætir mjög lítið. Þess vegna er fullkomin nauðsyn á yfirvaldi á þessum stað.

Í þessu frv. er grynnra tekið í árinni um launaveitslu úr ríkissjóði en um bæjarfógetann á Siglufirði, því að væntanlegur bæjarfógeti á Norðfirði á að fá ⅖ lægri byrjunarlaun úr ríkissjóði, en aftur hlutfallslega hærra frá sjálfu bæjarfjelaginu. Getur þetta ákvæði komið sjer vel við skipun hliðstæðra mála eftirleiðis, að hafa hliðsjón af þessu fyrirkomulagi. Eftirleiðis hygg jeg, að stefnt verði að því, að launaupphæðin verði að meira leyti krafin af hlutaðeigandi bæjarfjelögum. Þykir mjer það vel við eiga, því að þessir embættismenn eru að svo miklu leyti starfandi í þágu viðkomandi bæjarfjelaga, að það virðist í alla staði sanngjarnlegt, að þau beri bróðurpart kostnaðarins.

Þetta mál hefir nú legið svo lengi fyrir þinginu, að frá formsins hlið eru ekki margar aths. við það nauðsynlegar. Að fara að ræða einstakar greinar frv. á ekki við við þessa umr., og þótt jeg vildi gefa hv. nefnd, sem um þetta mál fær að fjalla, bendingar, þá er jeg ekki undir það búinn. En einstök atriði verða þar að sjálfsögðu tekin til athugunar, og má ætla, að til álita komi þá 12. gr. frv. Nefndin á verkefni fyrir höndum, að athuga, hvort ekki megi þar aðra skipun á gera en sú grein kveður á um. Um sjerstakar till. í því efni frá minni hálfu er ekki að ræða í þetta sinn.

Það liggur í hlutarins eðli, að fleiri kauptún munu á eftir fara, er Norðfjörður hefir öðlast sín bæjarrjettindi og fengið sinn sjerstaka bæjarfógeta. Jeg hygg, að öllum hafi líka verið það ljóst, er samþ. voru lögin um skipun bæjarfógeta á Siglufirði, að þar með væri ekki lokið öllum erindum af því tægi. Skal jeg að vísu engu spá um það, hver verður næstur í röð. En vitanlega verður það eitthvert það kauptúnið, sem líkasta hefir sjerstöðu sem Norðfjörður. Jeg ætla þó, að ekkert kauptún annað hjer á landi standi honum líkt að vígi, og vissulega er engin höfn utan bæjanna jafnfiölsótt af útlendum skipum sem Norðfjörður. Hvergi annarsstaðar hygg jeg jafnbrýna þörf á sjerstökum lögreglustjóra.

Pjetur Ottesen: Það er annaðhvort, að hv. 1. þm. S.-M. hefir ekki heyrt ræðu mína áðan eða hann hefir ekki athugað í því sambandi þau orð mín, að fyrir lægi önnur lausn á þessu máli. Það var þó aðalkjarni ræðu minnar, að beina því til nefndarinnar, hvort ekki væri hægt að leysa málið á þeim grundvelli. Um hitt atriðið, hvernig reynslan hefði orðið um bæjarfógetaembættið á Siglufirði, talaði hv. 1. þm. S.-M. lítið.

Hv. 1. þm. S.-M. talaði um, að með þessu fengist ef til vill grundvöllur til þess að færa kostnaðinn af ríkissjóði yfir á bæjarsjóðina. Þetta er aðeins spádómur hjá hv. þm. En þegar við höfum reynslu í þveröfuga átt við þennan spádóm, þá verð jeg að taka meira tillit til hennar, hversu mikið álit sem jeg kann að hafa á spádómsgáfu þessa hv. þm.

Sveinn Ólafsson: Jeg sje ekki ástæðu til að elta ólar við hv. þm. Borgf. út af því, er hann sagði um spádómshæfileika mína, enda hygg jeg, að við sjeum báðir álíka spámannlega vaxnir.

Um það, hve honum er starsýnt á þetta nýja og óreynda fyrirkomulag með breytingu sveitarstjórnarlaganna, vil jeg aðeins geta þess, að hann hefir þá hugmynd sína frá hv. 3. landsk., sem í Ed. reyndi að fleyga málið með þessu. Og reynslan mun líka sýna, að erfitt verður að koma svona málum fyrir á annan veg en frv. þetta ráðgerir.

Fyrir nokkrum árum var reynt á svipaðan hátt að færa út og auka verksvið hreppstjórans á Norðfirði, og var sú till. borin undir stjórnina og nefndir þings, en alt strandaði á vöntun lagaheimildar. Embætti þetta, sem hlaut að verða launað af því opinbera, hafði alveg sömu skilyrði til launahækkunar, þótt maðurinn, sem því gegndi, væri nefndur hreppstjóri. Jeg sje engan mun á því, hvorn titilinn

þessi starfsmaður ber, þegar hann hefir sömu störfum að gegna og bæjarfógeti. Honum mundi hjer falið miklu stærra verksvið en vanalegum hreppstjóra, og þess vegna er líka víst, að hann gerði líkar kaupkröfur og venjulegir bæjarfógetar.

Nei, jeg geri ekkert úr þessari dagskrártill. hv. 3. landsk. og háttv. þm. Borgf.; jeg lít á hana eins og ljettvæga og fánýta tilraun til þess að eyða málinu.

Pjetur Ottesen: Út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um það, að áður hefði komið til kasta stjórnarinnar að leysa þessi vandkvæði, sem á eru í Norðfirði, á þann hátt, sem háttv. 3. landsk. lagði til í Ed., en ekkert orðið úr framkvæmdum, vil jeg geta þess, að framkvæmdir í þessu máli strönduðu á því, að stjórnin hafði enga heimild til að verja fje í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 41., 43., 52., 53., 55. og 58. fundi í Nd., 7., 9., 20., 21., 23. og 27. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 28. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 152, n. 319 og 373, 409).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Enda þótt hjer sje ekki um smámál að ræða, skal jeg reyna að vera stuttorður, því að ekki þykja mjer kvöldfundir svo skemtilegir, enda hefir málið verið þrautrætt áður, í hv. Ed.

Allshn. hefir klofnað í málinu. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og sjá má á þskj. 319.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir Norðfjörður verið í hröðum vexti og jöfnum um mörg ár, og til glöggvunar vil jeg nefna nokkrar tölur, sem sýna þetta.

Árið 1900 var mannfjöldi á Norðfirði tæp 300. Í árslok 1910 400, 1925 940, 1926 994 og í árslok 1927 1040, og mun mannfjöldinn nú vera nær 1100. Það er mjög erfitt fyrir Norðfirðinga að sækja yfirvald sitt til Eskifjarðar og hafa engan heima á staðnum til að gæta laga og rjettar. Þarna eru skipakomur og siglingar miklar og því samfara mikil störf við innheimtu og þess háttar, sem er skiljanlegt, þar sem allar vörur eru fluttar beint þangað frá útlöndum, bæði það, sem kaupstaðurinn þarfnast og nærliggjandi hjeruð.

Jeg hefi kynt mjer þetta mál eftir föngum í nefndinni og síðan, og virðist mjer ekki gerlegt að neita að verða við bón þessa kaupstaðar. Hjer er svo mikilla tekna og áhugamála að gæta, að eðlilegt er, að einhver útgjöld verði við það. Það má fullyrða, að tollheimta og önnur opinber starfræksla mundi ganga betur, ef þar væri bæjarstjóri. Jeg talaði við landlækni, sem hefir verið þar og kynt sjer alla aðstöðu, og taldi hann til stórbóta, að frv. næði fram að ganga. Norðfjörður hefir verið bygður skipulagslítið, og taldi landlæknir, að því mætti breyta til mikilla bóta, ef duglegur bæjarstjóri starfaði að því.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Að því er snertir brtt. frá hæstv. forsrh. um það að breyta nafni bæjarins og láta hann heita Neskaupstað, þá hefir nefndin ekki tekið afstöðu til þess. En jeg fyrir mitt leyti er ekki trúaður á, að það takist að leggja niður nafnið Norðfjörður, og í því sambandi má benda á það, að ef þetta ætti að verða allsherjarregla, þá ætti t. d. að breyta nafni Ísafjarðarkaupstaðar í Skutilsfjarðareyri o. s. frv. En jeg held, að það muni aldrei takast að breyta þeim nöfnum, sem nú eru orðin föst við þessa kaupstaði. Jeg geri þetta samt ekki að neinu kappsmáli, en mun greiða atkvæði á móti því.

Jeg hefi þá í stórum dráttum skýrt frá því helsta, sem máli skiftir, og sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, og vildi óska, að hv. frsm. minni hl. yrði eins stuttorður og unt er um það.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg mun ekki tefja umr. lengi, svo að hv. frsm. meiri hl. þarf ekki að verða hræddur.

Það, sem menn greindi á um í nefndinni, var, að minni hl. vildi, að málið yrði tekið upp á nokkru breiðari grundvelli. Minni hl. álítur, að um þau kauptún, sem orðin eru fjölmennust, sje ástæða til að athuga það vel, hvort ekki væri rjett að fela þar einum og sama manni að hafa á hendi störf hreppstjóra og oddvita og ennfremur innheimtu fyrir ríkissjóð. Þótt Norðfjörður sje nú allfjölmennur, þá er að minsta kosti eitt annað kauptún fjölmennara, sem sje Akranes. Jeg geri ráð fyrir, að ef þetta frv. verður samþykt nú, þá megi ganga að því vísu, að bráðlega komi beiðni frá Akurnesingum um, að því sjeu gerð sömu skil, og sje jeg ekki, að þá verði hægt að neita þeirri beiðni. Af þessum ástæðum álítur minni hl. nefndarinnar rjett að athuga, hvort ekki sje hægt að finna eitthvert millistig milli kaupstaða og venjulegra hreppa. Jeg held, að það megi áreiðanlega finna eitthvert hagkvæmt fyrirkomulag, sem yrði ríkissjóði talsvert ódýrara en það, sem stungið er upp á í þessu frv. En till. minni hl. koma alls ekki af því, að hann viðurkenni ekki, að á Norðfirði sje þörf á breytingum, og má því ekki skilja afstöðu okkar minnihlutamanna svo, að við viljum neita Norðfirði um rjetting sinna mála. En minni hl. álítur, að fleiri muni koma á eftir, og því er honum áhugamál, að reynt verði að finna fyrirkomulag, sem í framtíðinni verði bæði ódýrt og hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Það er þetta og ekkert annað, sem vakir fyrir minni hl. Hann hengir sig ekki í það, þótt þarna yrði stofnað nýtt embætti, en hann vill aðeins ekki setja hjá önnur kauptún, sem hafa sömu eða svipaða sanngirniskröfu á bættu skipulagi.

Það má vel vera, að orð landlæknis hafi mikið að segja, en í þessu máli held jeg, að ekki sje mikið upp úr þeim að leggja. Hann lítur auðvitað einungis á málið frá heilbrigðisjónarmiði. Jeg veit, að það er verið að semja skipulagsuppdrátt, en jeg held, að það mál gangi sinn gang, hvort sem bæjarfógeti kemur þar eða ekki.

Sveinn Ólafsson: Jeg get tekið undir það með hv. frsm. meiri hl., að það stendur nokkuð sjerstaklega á með

Norðfjörð af þeim kauptúnum, sem til mála gæti komið um, að fengju svipuð rjettindi, sem hjer er stofnað til. Það stendur fyrst og fremst ólíkt á að því leyti, að fullvíst er, að ekkert annað kauptún á landinu hefir eins mikla sigling erlendra skipa og Norðfjörður. Jeg veit, að að undantekinni Reykjavík, Siglufirði og Akureyri um síldveiðatímann eru alstaðar minni siglingar en á Norðfjörð. Þetta kemur fyrst og fremst af því, að höfn er þar góð, en hitt vegur þó meira, að innsigling er örstutt og fiskisæl mið utan við fjörðinn; einnig er leiðin inn greiðfær og auðfarin, jafnvel í dimmviðri. Norðfjörður hefir þess vegna dregið mjög að sjer siglingar erlendra skipa. En hinsvegar eru mikil vandkvæði á því að halda þar uppi góðri skipan og reglu, því að þessir mörgu útlendingar eru, eins og að líkindum lætur, talsvert uppivöðslusamir. Aðstaðan til þess að styðjast við yfirvald sýslunnar er mjög örðug, þar sem hann á setu á Eskifirði. En Norðfjörður er umgirtur fjöllum á alla vegu, og leiðir allar mestan hluta ársins illfærar, þar sem yfir mjög örðuga fjallvegi er að fara. Þetta alt gefur staðnum algerða sjerstöðu, og þótt það, sem felst í rökstuddri dagskrá minni hl., að leita þess ráðs að skipa málum stærstu kauptúnanna á einn og sama hátt, sje út af fyrir sig þess vert, að það sje tekið til athugunar, þá er sjálfsagt að gera nú þegar þessar umbætur á Norðfirði.

Það er víst, að úr engu kauptúni landsins heimtast jafnmiklar tekjur í ríkissjóð sem frá Norðfirði. Þess vegna verður að telja ríkinu skylt að styðja að betri skipun tollheimtu þar og lögreglustjórnar.

Jeg vildi með þessu árjetta það, sem háttv. frsm. meiri hl. sagði, en um leið skal jeg bæta því við, út af brtt. á þskj. 409, að jeg hygg, að vel megi takast að festa nafnið Nes við staðinn, því að málvenjan eystra mun hjálpa nafnbreytingunni; þar er oft enn í dag kveðið svo að orði, að ferð verði farin að Nesi, þótt hitt sje algengara, að nefna Norðfjörð. Það var líka áður orðin föst málvenja að tala um Berufjörð, en ekki Djúpavog, þótt þar væri höfnin. En nú er þetta orðið öfugt; nú hefir málvenjan breytt þessu og kauptúnið er nefnt Djúpivogur, en ekki Berufjörður, og breytingin fjekst með að festa nafn staðarins í áætlunum skipanna. Þessa vildi jeg geta til skýringar og til þess að sýna, að vel mun hægt að festa nafnið Nes í málvenjunni, sem auðvitað er líka rjetta heiti staðarins. Alt öðru máli er að gegna um Seyðisfjörð, því að sá kaupstaður stendur á jörð, sem til forna hjet Seyðisfjörður. Alveg sama máli er að gegna um Eskifjörð. Annars vil jeg benda hv. frsm. meiri hl. á það, að ótrúlega fljótt hefir tekist að breyta nöfnunum á höfuðborgum Rússlands og Noregs, þótt miljónaþjóðir ættu í hlut.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en jeg vildi gefa þessar skýringar um nafnbreytinguna, af því að jeg býst við, að jeg sje kunnugastur allra hv. þdm. á þessum slóðum.

Pjetur Ottesen: Jeg vakti athygli á því við 1. umr., að það hlyti að reka að því víðar annarsstaðar en á Norðfirði, að betra skipulagi og eftirliti þyrfti að koma á í kauptúnum landsins.

Það leiðir vitanlega af sjálfu sjer, að í mannmörgum kauptúnum liggur mjög mikill starfi í oddvita- og hreppstjórnarstörfum, en eins og þau störf eru launuð, er engin von, að menn geti offrað eins miklum tíma í þau og þyrfti, ef vel ætti að vera. Það er því töluvert alment mál að leysa úr því vandamáli, hvernig þeim störfum verði best fyrir komið.

Því hefir verið haldið fram, að það standi alveg sjerstaklega á með Norðfjörð í þessu efni, enda er það altaf vanaviðkvæðið, þegar slík frumvörp sem þetta eru borin fram, þótt færðar sjeu sönnur á, að eins standi á og víða annarsstaðar. Jeg skal strax benda á Akranes, sem jeg held, að sje fyllilega sambærilegt við Norðfjörð. Á Norðfirði eru íbúar um 1000, en um 1200 á Akranesi, og mannfjöldi vex þar hröðum fetum. Sú breyting hefir orðið þar á síðustu árum, að aðstaðan til útgerðar heima fyrir hefir batnað ákaflega mikið, þar sem nú er hægt að stunda útgerð að heiman á öllum tímum árs, vegna brevtinga, sem gerðar hafa verið til mikilla bóta á bryggjum og lendingu.

Jeg held því, að það sje miög lítill munur á þessum tveim stöðum að þessu levti, því að þótt ef til vill komi nokkru fleiri skip til Norðfiarðar, þá er mannfiöldinn meiri á Akranesi.

Það er því fullkomin ástæða til bess að koma hier á ódýru og heppilegu skipulagi þessara mála, og því álít jeg mjög heppilegt að vísa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings, eins og hjer er fram komin till. um.

Jeg veit ekki betur en að kaupstaðirnir vaxi upp á mjög skömmum tíma, eftir því sem skilyrði eru fyrir hendi. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá var til skamms tíma mjög fátt fólk á Norðfirði, en svo hefir þetta breytst á mjög skömmum tíma. Ef það verður nú samþykt, að sett verði á stofn bæjarfógetaembætti á Norðfirði, sem jeg tel nú allar horfur á að verði, þá sýnist mjer því um leið slegið föstu, að þau kauptún, sem svipað stendur á um, eigi einnig að fá sömu úrlausn þegar að þeim kemur. En það yrði vitanlega mjög dýrt, og þótt lág laun sjeu sett í byrjun, þá leitar það undireins jafnvægis, sbr. Siglufjörð. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá er bæjarstjórafyrirkomulagið mjög dýrt, og verður því mikill baggi lagður á bæjarfjelagið og ríkissjóð með þessum nýju embættum.

Því var haldið fram í hv. Ed., að enginn útflutningur væri frá Akranesi, en jeg get bent á, að á síðasta ári voru fluttar út vörur frá Akranesi fyrir um 1 miljón kr., og eftir því sem á horfist um vöxt og viðgang þess kauptúns, þá geri jeg ráð fyrir, að útflutningurinn vaxi einnig hröðum fetum.

Hv. frsm. meiri hl. taldi nauðsvnlegt að láta Norðfjörð fá bæiarstjórn og bæjarstjóra vegna heilbrigðiseftirlits og reglu í byggingum. Þetta út af fvrir sig er ekkert aðalatriði í þessu máli. Hv. frsm. hefir ekki athugað það, að til eru lög um sjerstaka nefnd, sem sjer um skipulag kauptúna um alt land. Og það mun vera búið að ákveða skipulagið á Norðfirði. eins og á Akranesi, og sjerstök heilbrigðisreglugerð mun vera til fyrir Norðfjörð. Og það

er óþarfi að blanda því inn í þetta mál, sem landlæknir segir um þessi atriði, og segja, að það sje þungt á metunum í þessu máli.

Viðvíkjandi hinum miklu skipakomum til Norðfjarðar, sem hjer er lagt mjög mikið upp úr, þá get jeg bent á annað kauptún, sem sje Þingeyri við Dýrafjörð, þar sem eru mjög miklar skipakomur, en þar er aðeins hreppstjóri, og hefir ekki verið kvartað undan, að það starf væri ekki vel af hendi leyst.

Jeg held, sem sagt, að þessi vandkvæði megi leysa með annari og ódýrari skipun. Það er að vísu ekki von, að hreppstjórar geti offrað miklum tíma til þessa eftirlits, með þeim lágu launum, sem þeir hafa. En það hafa komið fram tillögur um að fækka sýslumannaembættum og láta hreppstjóra gegna ýmsum störfum þeirra, öðrum en dómarastörfum, og það hafa engar sönnur verið færðar á það, að þetta sje ekki framkvæmanlegt. Jeg held, að þær tillögur sjeu í fullu samræmi við það tal og þá hugsun, sem verið hefir um það að reyna að fækka opinberum starfsmönnum. En það verð jeg að telja nauðsynlega ráðstöfun til þess að ljetta eitthvað á ríkissjóði.

Jeg held þess vegna, að það sje mjög misráðið að samþykkja þetta frv., því að með því er lögð mjög þung byrði bæði á ríkissjóð og viðkomandi bæjarfjelag, og að það sje gert án þess að sannreynt sje, hvort ekki megi leysa þessi vandkvæði á öðrum og heppilegri grundvelli. Og jeg býst við því, að það geti farið svo hjer, að nauður beri til að ljetta gjöldum af ríkinu. Þá skilst mönnum sennilega, að rjettara hefði verið að hrapa ekki að afgreiðslu þessa máls án þess að athuga aðrar og ódýrari leiðir. Það er augljóst mál, að sá tími kemur, að ekki verður undan komist að athuga leiðir til þess að lækka hin lögboðnu gjöld. Er nú teflt nokkuð djarft í því að reyna á gjaldþol manna, þegar tekið er tillit til þess, hve nauða lítið fer til annars en að halda uppi opinberri starfrækslu. Væri þess þó full þörf að leggja fram ríflegar en nú reynist kleift til verklegra framkvæmda.

Vona jeg að endingu, að hv. deild taki þetta til alvarlegrar íhugunar og gefi frest um úrslit máls þessa til næsta þings, svo hægt sje a. m. k. að gera tilraun til að finna aðra og heppilegri leið.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Hv. frsm. minni hl. er fljótsvarað, því að okkur ber lítið á milli, enda mælti hann af sanngirni. Það, sem skilur meiri hl. og minni hl., er aðeins það, að meiri hl. telur ekki, að það fyrirkomulag, sem hv. frsm. minni hl. talar um, geti átt við um Norðfjörð. En hann felst á, að millistig það, sem um hefir verið rætt, geti komið að notum víða annarsstaðar.

Það, sem einkum gefur Norðfirði sjerstöðu í þessu efni — og vil jeg með því svara hv. þm. Borgf. —, eru hinar miklu siglingar þangað. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi aflað mjer, komu til Norðfjarðar árið 1924 alls 164 skip, en 1925 voru þau 280. Sjest af þessu, að þarna ríður mjög á tvennu, nefnilega, að ríkið eigi þar

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

öruggan trúnaðarmann, sem ekki láti bera rjett þess fyrir borð, og að ávalt sje lögreglustjóri til taks. Er miklu meiri þörf þessa hvorstveggja á Norðfirði en á Akranesi, en að því mun jeg víkja síðar.

Það tek jeg fram, að jeg vil alls ekki gera lítið úr því millistigi, sem hv. þm. Borgf. aðhyllist. Aðeins álít jeg, að það geti ekki átt við á Norðfirði. Það er ekki óeðlilegt, að hv. þm. renni blóðið til skyldunnar, þar sem Akranes er, og þess gæti í afstöðu hans til þessa máls. En jeg tók tillit til Akraness í framsöguræðu minni, þar sem jeg ljet þau orð falla, að þegar íbúar einhvers þorps væru orðnir fleiri en 1000, væri gamla fyrirkomulagið óhafandi — líka á Akranesi. En á Akranesi og Norðfirði er mjög mikill munur, sjerstaklega um siglingar. Að vísu er allmikið flutt út frá Akranesi, en lítið inn. Þá hafa þessi tvö kauptún mjög ólíka aðstöðu til þess að ná til yfirvalds. Hv. þm. gerir meira úr íbúatölu Akraness en er, því að munurinn er eitthvað á annað hundrað. Og þó að því fari fjarri, að jeg óski, að íbúum Akraness fækki, hygg jeg, að fólki muni fjölga meir á Norðfirði en þar í náinni framtíð. Þó að Seyðisfjörður hafi ágæta höfn, hefir íbúum hans fækkað hin síðari ár jafnframt því, sem Norðfjörður hefir aukist. En þetta er af því, að Norðfjörður liggur svo sjerstaklega vel við siglingum. En jeg er sammála hv. þm. Borgf. um að breyta til á Akranesi. Þetta gamla fyrirkomulag með lágt launuðum mönnum, sem eiga að vinna þessi störf í aukavinnu, er gersamlega óhafandi, bæði vegna mannanna sjálfra, sem gegna þeim, og þó öllu fremur vegna staðanna, sem búa við þetta skipulag. En þá kemur til greina sú leið, sem minni hlutinn bendir á. Og geri hv. þm. sig ánægðan með þesshátt rjettarbót handa Akranesi, mun jeg fylgja henni. En á Norðfirði á hún ekki við.

Hv. þm. Borgf. ber saman Þingeyri og Norðfjörð. En það nær engri átt, þar sem Þingeyri hefir ekki nema á 4. hundrað íbúa.

Að fengnum upplýsingum hjá hv. 2. þm. S.-M. veit jeg, að ummæli hv. þm. Borgf. um skipulagsuppdráttinn eru ekki með öllu rjett. Og hann hefir misskilið það, sem jeg sagði um orð landlæknis. Þar var náttúrlega átt við framkvæmdirnar sjálfar. Samþyktir eru að litlu gagni, ef ekkert er gert til að framkvæma þær. Þetta benti landlæknir rjettilega á. Og sjeu engir til að sjá um framkvæmdirnar, fer vitanlega alt í ólestri. Um þetta eru þeir mjer sammála, hv. frsm. minni hl. og hv. þm. Borgf., því að þeir álíta, að þegar þorp eru orðin nokkuð fjölmenn, sje gamla skipulagið úrelt.

Hv. þm. Borgf. endaði ræðu sína á því að telja líklegt, að neyðin muni reka til þess að draga úr starfsmannahaldi ríkisins. Mjer þætti mjög æskilegt að fækka starfsmönnum, ef hægt væri. En jeg vil benda á, að ekki á að byrja á fækkuninni á þeim stöðum, þar sem fólki fer fjölgandi. Á það hefir verið bent, að sumstaðar fari fólki fækkandi. En á Norðfirði er ástæða til að ætla, að því muni fjölga. Annars vil jeg benda á það, að oft hafa verið uppi tillögur um að fjölga sýslumönnum, en ekki tekist, og er jeg í vafa um, að slíkar ráðstafanir sjeu framkvæmanlegar.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er að vísu tilgangslítið að tala nú í þessari hv. deild, svo þunnskipuð sem hún er. Vil jeg þó eigi með öllu láta undir höfuð leggjast að geta þeirrar brtt., sem jeg hefi leyft mjer að flytja við frv. Þykir mjer hlýða, að þess sjáist merki, að fyrir henni hafi verið mælt, og því fremur, sem hún fjallar um mjög merkilegt mál.

Jeg kann því illa, að íslenskir staðir sjeu nefndir röngum nöfnum, þegar ákvæði eru um þá sett í íslenskum lögum. En svo er hjer.

Eitt gleggsta merki kúgunar þeirrar og lítilsvirðingar, sem Íslendingar bjuggu við öldum saman, var það, er sú erlenda þjóð, er hjer hafði forráð, nenti ekki að fara rjett með forn heiti. Ýmsum stöðum gaf hún ný nöfn eða röng, og fjekk stundum íslensku þjóðina sjálfa til að taka þau upp. Er Danir komu á þær slóðir, þar sem mörg voru örnefni, nentu þeir ekki að læra þau öll, en notuðu það sama um fleiri staði en einn. Þannig sigldu þeir í fjörð þann vestra, er nefnist Ísafjörður. En þeir komu líka á þann stað, er Eyri nefndist við Skutulsfjörð. Þennan stað kölluðu þeir líka Ísafjörð, og helst það nafn enn ranglega. Eru mörg dæmi þessu lík um meðferð Dana á nöfnum íslenskra verslunarstaða: Búðir nefndu þeir Fáskrúðsfjörð, Vatneyri Patreksfjörð, Kúvíkur Reykjarfjörð og Djúpavog Berufjörð. Hafa þessi nöfn öll haldist við nema Berufjörður, sem enn er kallaður Djúpivogur, og eru t. d. notuð í áætlunum skipa. Hliðstætt þessu væri, ef t. d. Sauðárkrókur væri kallaður Skagafjörður, Húsavík Skjálfandi, eða Reykjavík Faxaflói. Mjer er ekki kunnugt, hvernig hv. deild lítur á þetta mál. En jeg ætla ekki að ljá því lið mitt að festa í íslensku lagamáli alröng nöfn á stöðum hjer á landi. Ættum við að fara hjer að dæmi Norðmanna, sem tóku upp hið forna heiti höfuðborgar sinnar. Það gleður mig, að hv. 1. þm. S.-M. tók vel í þetta mál, og mjer er kunnugt um, að hv. flm. frv. er breytingunni meðmæltur. Hinsvegar tók hv. frsm. meiri hl. treglega í hana, og þykir mjer það leitt um svo þjóðhollan mann.

Pjetur Ottesen: Mjer skilst, að hv. frsm. meiri hl. vilji algerlega miða við þá sjerstöku staðhætti, sem hann telur vera fyrir hendi á Norðfirði, og draga þá ályktun, að vandkvæðin verði þar ekki leyst á annan hátt en frv. fer fram á. Jeg tek málið á víðara grundvelli, því að jeg vil miða við væntanlegt framtíðarskipulag þessara mála. Mjer finst sjálfsagt að hafa það í huga nú, að samskonar vandkvæði þarf að leysa á mörgum stöðum, og fer best á, að sá grundvöllur sje nú lagður. Því hefir í báðum deildum komið fram tillaga um að vísa málinu til stjórnarinnar, og er sú afgreiðsla langeðlilegust á þessu stigi.

Hv. frsm. heldur því fram, að vandræði Norðfirðinga verði ekki leyst á annan hátt en lagt er til í frv. Þetta er auðvitað staðhæfing, og ekkert annað, og reynslan mælir á móti því. Og þó að hægt kunni að vera að segja, að þetta sje fullkomnara fyrirkomulag, verður að taka tillit til fjárhags-

ins. Menn verða oft að sætta sig við það, þó að ekki fáist það, sem helst væri á kosið.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að mjer mundi renna blóðið til skyldunnar, er til þess kæmi að sjá Akranesi borgið. En við, sem hjer sitjum í umboði þjóðarinnar, höfum fleiri skyldur en að líta á hag einstakra staða. Við höfum skyldur við þjóðina alla.

Þá vildi hv. frsm. draga það í efa, að líkt stæði á um Akranes og Norðfjörð, og benti á, að engar vörur flyttust beint til Akraness. Það er raunar ekki von, að hv. þm., sem mestan sinn aldur hefir verið austur í Rangárvallasýslu, viti um þetta. Það er rjett, að á stríðsárunum fluttust vörur ekki beint til Akraness frá útlöndum, en svo var því háttað þá um fjölmörg kauptún. En nú hefir orðið breyting á þessu, og allar vörur eru fluttar beint til Akraness. (**GunnS**: Með stórskipum?). Já, með þeim stórskipum, sem hjer eru notuð. Raunar skiftir það engu máli, hvort skipin eru stór eða lítil. Svo gaf hann í skyn, að minna flyttist af vörum til Akraness en Norðfjarðar. Jeg geri þó ráð fyrir, að þar, sem fleira fólk er, sjeu meiri þarfir. Þá sló hv. frsm. því föstu — af álíka miklum kunnugleika —, að Norðfjörður mundi vaxa meir í framtíðinni en Akranes, af því að hann lægi betur við samgöngum. Jeg hjelt, að hitt væri aðalvaxtarskilyrði slíkra staða, að þeir liggi vel við fiskiveiðum. Jeg er að vísu ekki nákunnugur aðstöðu Norðfjarðar hvað þetta snertir, en það veit jeg þó, að bátar frá Norðfirði stunda fiskiveiðar frá Hornafirði suma tíma ársins. En nú er svo komið, að Akranesingar geta stundað fiskiveiðina heimanað alt árið. Þar, sem svo stendur á, eru miklu meiri líkur til, að útgerðin aukist heldur en þar, sem bátar verða að flýja í aðrar veiðistöðvar um lengri tíma. Auk þess getur það valdið miklu um vöxt og framtíð slíkra staða, hvernig hagar til um viðskifti við nærliggjandi sveitir. Á Akranesi er útlit fyrir, að sveitaverslun aukist í náinni framtíð. Jeg veit eigi með vissu, hvort svo hagar til á Norðfirði. En jeg held þó, að aðalsveitaverslun sú, sem þarna er um að ræða, sem ekki er á Seyðisfirði, sje rekin á Reyðarfirði.

Jeg hygg því, að sú ástæða, að Norðfjörður muni vaxa mikið af þessum ástæðum, framar Akranesi eða öðrum kauptúnum, sje eigi rjettmæt og eigi rót sína að rekja til einberrar vanþekkingar hv. þm. á báðum stöðunum. (**GunnS**: Slagorð). Jeg þykist hafa fært rík rök fyrir mínu máli, en hv. frsm. meiri hl. hefir engin rök fram að bera. Hann ætti því ekki að tala um slagorð, þegar hann talar um, að Akranes geti vel sætt sig við það, sem hann kallar millistig, en að á Norðfirði sje ekki hægt að komast af án þess að setja þar á stofn bæjarfógetaembætti. En verði þetta mál afgreitt nú eins og hv. frsm. vill, er því slegið föstu, að svo skuli og farið að annarsstaðar, og er ekki mikill sparnaðarbragur á þeirri ráðstöfun.

Álit landlæknis er ekki mikils virði í þessu máli. Það er miðað við það ástand, sem nú er. En á því verður mikil breyting með skipulagi því, sem við hv. frsm. minni hl. stingum upp á. Það kemur heldur ekkert málinu við, hvort skipulagsuppdrátturinn er fullgerður eða ekki. Þegar honum er lok-

ið, verður farið eftir honum, hvort sem bæjarfógeti er skipaður eða annað fyrirkomulag upp tekið. Allir verða að beygja sig undir þá opinberu ráðstöfun.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. um það, að hægra væri að ná til sýslumanns af Akranesi en Norðfirði. Jeg er ekki vel kunnugur vegalengd frá Norðfirði til Eskifjarðar. En jeg vil þó benda hv. frsm. á, að oft er talsverðum erfiðleikum bundið fyrir menn á Akranesi að ná til sýslumanns í Borgarnesi, og er það bagalegt þar, engu síður en á Norðfirði, að þurfa að senda tollreikninga alla til sýslumanns. Held jeg yfirleitt, að hjer sje ekki mikill aðstöðumunur milli þessara tveggja staða.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Mjer skilst það bera á milli, hvort Norðfjörður á að fá sjerstakan dómara og bæjarstjórn. Jeg held, að það sje enginn sjerstakur bagi að því fyrir Norðfirðinga, þó að þeir fái ekki sjerstakan dómara, því að þar mun ekki vera svo mikið um dómsmál. Það hefir ekki heldur mikið að segja, hvort stjórn bæjarins er í höndum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og jeg þekki þess dæmi, að staður, sem fengið hefir bæjarstjórn, mundi mjög gjarnan óska sjer hreppsnefndar aftur í staðinn. Mjer finst því hyggilegra að athuga þetta betur og fela stj. það til frekari rannsóknar.

Jeg skal endurtaka það, að hjer er þörf á að gera breytingu, en það er hægt á ódýrari hátt og hentugri, með því að fela einum og sama manni hreppstjórastöðuna ásamt innheimtu- og oddvitastörfum. Jeg hygg, að fleiri komi á eftir með sömu kröfu, ef sú leið er farin, sem í frv. felst.

Brtt. hæstv. forsrh. mun jeg greiða atkv. mitt. En mjer þótti leiðinlegt, að hann skyldi gleyma einhverju versta uppnefninu á íslenskum stað, en það er Öfjord fyrir Akureyri, og kveður þar svo ramt að, að útlendingar, og sjerstaklega Danir, skilja alls ekki, er Akureyri er nefnd, og jafnvel ekki þótt maður segi Akuræri. **(Forsrh. TrÞ:** Rjett).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Jeg vil byrja á hæstv. forsrh. Mjer fanst hann geta unað vel við mínar undirtektir. Hann sagði, að nefndin hefði ekki gert neinar brtt., sem rjett er. Og hún gerir þær brtt., sem fram hafa komið, að engu kappsmáli.

Mjer þótti leitt að heyra það frá hæstv. forsrh., að mig brysti skilning á þjóðernismálum. Jeg er þjóðrækinn, en hitt er satt, að „humbugs"-hlið þjóðrækninnar liggur mjer fjarri, eins og þegar menn t. d. vilja fara að taka upp fornbúninga. Jeg játa að vísu, að þetta er ekki alveg sambærilegt, en þó er það skylt því að vilja taka upp eldgömul nöfn. **(MG:** Nafnið er lifandi). Jeg vil endurtaka það, að jeg hygg, að það sje mjög erfitt að fá menn til þess að kalla t. d. Ísafjörð Eyri við Skutulsfjörð.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Borgf. Honum þótti það sárt, sem jeg sagði um Akranes, og vildi rökstyðja það með vitnisburði þeirra, sem væru þar kunnugri en jeg. En hann hefir ekki afsannað neitt af

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

því, sem jeg sagði um afstöðumismun þessara tveggja kaupstaða. Eftir sögu og skýrslum ábyggilegra manna er flutt út frá Norðfirði fyrir 2 milj. árlega, en af Akranesi fyrir 1 milj., eftir því, sem hv. þm. Borgf. segir. Mjer er kunnugt um aðflutninga til Akraness. Jeg hefi verið skemstan tíma í Rangárvallasýslu. (**PO:** Þm. er þó bóndi þar). Það er rjett; jeg hefi verið þar bóndi í fjögur ár, en aðeins með annan fótinn, og oft hjer í Reykjavík og á Akranesi, meira að segja heima hjá þm. sjálfum. Og mismunurinn er mikill. Fram á síðustu ár hafa mestallar vörur verið fluttar frá Akranesi til Reykjavíkur, og er svo enn að miklu leyti. Til Norðfjarðar koma árlega um 200 fiskiskip og útgerðin þar stenst fyllilega samanburð við Akranes. Þá þarf ekki að rökstyðja það, að verra sje að ná til yfirvalds á Norðfirði en Akranesi. Það vita allir. (**PO:** Hvað er það langt?). Fjórar stundir. (**PO:** Svipað á Akranesi). Og auk þess er yfir tvær rastir að fara. (**PO:** Milli Akraness og Borgarness er einhver hin versta siglingaleið, sem hugsast getur). Mjer er sama. Annars tók jeg það fram, að jeg vildi ekkert hafa á móti því, að Akranes fengi kaupstaðarrjettindi. En jeg vona, að deildin sjái, að það stendur sjerstaklega á með þetta kauptún og að Norðfjörður verður að sjálfsögðu að vera í fyrstu röð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 152, n. 319 og 373, 409).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 373, frá minni hl. allshn., feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl.

nei: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, BSv.

Brtt. 409,1 samþ. með 20:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv.

Brtt. 409,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

3. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 409,3 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.

5.—10. gr. samþ. með 15:3 atkv.

11.—19. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 409,4 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.

21.—23. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 409,5 samþ. án atkvgr.

Ákvæði um stundarsakir, svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 409,6 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:8 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 635).

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið aftur frá hv. Nd. og hefir þar orðið fyrir dálítilli breytingu. Jeg skal sem flm. lýsa yfir því, að jeg lít svo á, að breyting þessi hafi ekkert verulegt gildi; hún er í því fólgin, eins og kunnugt er, að í stað nafnsins „Norðfjörður" komi: Neskaupstaður. Um þetta atriði geta verið deildar meiningar, en jeg álít, að hv. Nd. hafi tekið máli þessu mjög vinsamlega og vil lýsa ánægju minni yfir því, að málið hefir fengið þessa afgreiðslu. Vil jeg því eindregið leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

54. Síldarbræðslustöðvar.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi (þmfrv., A. 170).

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Það er kunnara en frá þurfi að segja, að meira og víðtækara ólag er á atvinnurekstri þeim, sem nær til síldveiðanna hjer við land, en það, sem um var talað í sambandi við einkasölufrumvarp það, sem hjer var til umræðu áðan.

Það er nefnilega alkunnugt, að meiri hl. þeirrar síldar, sem veidd er hjer við land, er seld útlendingum til bræðslu; fer því hagnaðurinn, sem af bræðslunni er, allur til útlendinga. Til þess að ráða bót á þessu, er hjer farið fram á, að bygðar verði að tilhlutun ríkisstjórnarinnar síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi. En þar sem ekki er farið fram á að verja í þessu skyni nema 1 milj. kr., ræður af líkum, að ekki getur orðið um margar stöðvar að ræða. Hygg jeg, að þessi vísir gæti orðið til þess að auka verð síldarinnar, því að útlendingar þeir, sem síldina kaupa, ráða algerlega verði hennar.

Reynsla undanfarinna ára bendir fyllilega í þá átt, að nauðsyn sje á því að ljetta undir með þeim mönnum, sem þessa atvinnu stunda, með að gera sjer verð úr þeirri miklu síld, sem hjer er við land á sumrum og hægt er að veiða. Síðastliðið sumar kom það fyrir, að sum skip urðu að bíða dögum saman, og það munu jafnvel dæmi til þess, að skip urðu að bíða upp undir viku eftir því að fá sig afgreidd, vegna þess að svo mikið barst að af síld, að bræðslustöðvarnar höfðu ekki við að afgreiða. Þegar mikið berst á land af síld á degi hverjum, þá fyllist fljótlega það rúm, sem stöðvarnar hafa, og það hefir verið svo, að þær, sem flestar eru eign útlendra manna, hafa látið útlend skip ganga fyrir, svo að Íslendingar hafa orðið að knje-

krjúpa þeim til þess að fá sig afgreidda. Þetta ástand þarf að laga, og þetta frv., sem hjer liggur fyrir, gengur í þá átt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál við þessa umr., nema eitthvað það komi fram við umr., sem nauðsyn sje að svara. Jeg óska svo að endingu, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og sjútvn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Vegna þess, að jeg hefi áður haft dálítil afskifti af samskonar máli og þetta er, ætla jeg að segja um það nokkur orð. Það ætti að vísu að vera óþarfi, því að jeg álít, að það geti ekki komið annað til mála en að það fái að fara til 2. umr. og nefndar. Það, sem jeg vildi sjerstaklega taka fram, er í stuttu máli þetta: Frv. það, sem hjer hefir verið til umr. í dag í þessari hv. deild, stendur að mínu áliti í svo nánu sambandi við þetta mál, að það er varla hægt að tala um annað nema menn komi einnig að hinu. Og jeg verð að segja það, að jeg teldi það lítið happ, að frv. um síldareinkasölu kæmist í gegnum þingið, nema þetta frv. væri einnig samþ. Það er kunnugt, að fram að þessu hefir verið svo ástatt um það mál, sem þetta frv. fjallar um, að allar bræðslustöðvar hjer á landi hafa verið eign útlendra manna. Afleiðing þess hefir verið sú, að þeir menn hafa getað skapað það verð á síld til bræðslu, sem þeim hefir þótt við eiga. En það verð hefir verið svo lágt, að menn hafa ekki með nokkru móti sjeð sjer fært að gera út skip til síldveiða með það fyrir augum að selja síld til bræðslu fyrir það verð. Þess vegna hafa menn leiðst út á þá braut að salta meira eða minna af eigin framleiðslu til útflutnings, og það er kunnugt, hversu misjafnlega heppilegt það hefir orðið. Mitt álit er það, að hvort sem stöðvarnar yrðu fleiri eða færri, þá sje það aðalskilyrði, að þær komist upp, til þess að hægt sje að hagnýta það verðmæti, sem á land berst. Því að hitt er stórtjón, að veitt sje og hrúgað á land, kannske vitandi það, að mikill hluti vörunnar verði ekki einasta verðlaus, heldur geti jafnvel bakað framleiðendum stórtjón. Það er því ekki önnur leið fyrir hendi en að breyta þessu svo, að síldin verði hagnýtt á þennan hátt. Þá fyrst getur það orðið áhættulítið að leggja út í síldarsöltun fyrir þá, sem það vildu reyna.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli. Jeg hefi hjer farið út í þá fjárhagslegu hlið málsins, sem að útveginum snýr, sýnt, hvers hann þarfnast, ef hann á ekki að verða þeim til tjóns, sem hann stunda, og landinu í heild. Hin hlið málsins, sem má kalla nokkurskonar sjálfstæðismál, er sú, að við sjeum sjálfir færir um að annast þann hluta starfsins við framleiðsluna, sem erlendir menn hafa hingað til haft á höndum; menn, sem hafa verið svo framtakssamir, að þeir hafa meira að segja flutt sig úr öðru landi til þess að stunda þetta starf, sem þeir hafa álitið svo arðvænlegt. En við, sem höfum haft öll skilyrði betri en þeir, höfum ekki treyst okkur til þess að keppa við þá að nokkru leyti, heldur má tvímælalaust segja, að þeir hafi haft leyfi til þess að vera einir um það að ausa

af þessari óþrjótandi auðsuppsprettu vorri; jeg leyfi mjer að segja óþrjótandi, því að það væri hún, ef hún væri rjettilega notuð.

Það hefir að vísu sjaldan verið kvartað yfir þessu ástandi, enda hefir ef til vill aldrei kveðið eins ramt að ólaginu eins og síðastliðið sumar. Jeg verð að segja það, að mjer rann til rifja, þegar jeg kom til Siglufjarðar í sumar og sá með eigin augum, hvernig þar var ástatt í þessu efni. Það leit í fyrstu út fyrir hið mesta góðæri fyrir sjávarútveginn. Veðurblíða og framúrskarandi aflabrögð virtust ætla að fara saman. En þetta stóð ekki lengi, því að þegar fyrstu dagana kom það í ljós, að þessar bræðslustöðvar, sem til voru, annaðhvort gátu ekki eða vildu ekki taka á móti þeirri síld, sem á land barst, af þeim, sem þær voru bundnar samningum við um bræðslu síldar. Það var því ekki annað að gera fyrir þá, sem samningum voru bundnir, en annaðhvort að bíða eftir afgreiðslu dögum saman, eða kannske heila viku, eins og kom fyrir, eða þá að moka aflanum í sjóinn. Það munu allir viðurkenna, að þetta er alvarlegt ástand. En það, sem kannske er allra tilfinnanlegast í þessu máli, er það, að íslensku skipin urðu að gerast hornrekur fyrir þeim útlendu, sem oft og tíðum virtust njóta einhverskonar forrjettinda um afgreiðslu. En eins og jeg hefi þegar sagt, var oft ekki annað að gera fyrir þá, sem með innlendu skipin höfðu að gera, en annaðhvort að liggja og bíða þangað til síldin var grotnuð niður og orðin úldin, eða kasta henni þegar í sjóinn.

Jeg verð að segja það, að þegar jeg varð þessa var, datt mjer í hug vísa, sem þó kannske þykir ekki eiga við í þessu máli, en ætti kannske betur við um landbúnaðinn, þegar hann er í nauðum staddur. Jeg ætla þó, með leyfi hæstv. forseta, að hafa hana yfir hjer, því að mjer finst þetta tvent a. m. k. hliðstætt. Ungur maður, sem þektur er af fornsögum vorum, — hann hefir verið nefndur Víga-Glúmur — kom heim til átthaga sinna eftir langa fjarveru. Sá hann þá, að nágrannarnir höfðu þröngvað mjög kosti móður hans, meðan hann var burtu. Skáldið lætur honum verða þessi vísa af munni, er hann sá vegsummerki, og mjer datt einmitt sama í hug, þegar jeg sá, hversu ástatt var um okkar hag í þessu efni, sem jeg hefi nú rætt um. Vísan er svona:

„Þokað er grænum garði,
get jeg sjeð það bert,
meira' en mig of varði
minn um hluta skert,
Þverár frjóvri ekru á
þrælar verstu varmenna
Vitazgjafa sá".

Hvort sem þessi lýsing á við eða ekki, þá finst mjer, að hún eigi við þannig, að við höfum verið hornrekur útlendinga á þessu sviði. En það megum við auðvitað ekki vera með nokkru móti, ef við eigum að geta talist menn með mönnum.

Jeg verð því að halda því fram, þótt undarlegt kunni að virðast, að hjer sje um að ræða eitt af okkar meiri háttar sjálfstæðismálum. Þess vegna vona jeg, að þetta frv. fái góðar undirtektir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170 n. 376).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg vil láta þessu frv. fylgja nokkur almenn orð um síldariðnað, nú þegar það liggur fyrir til 2. umr. Eins og kunnugt er, er síldariðnaðurinn yfirleitt ungur á Norðurlöndum og við Íslendingar skamt á veg komnir í þeirri grein. Sennilega eru frændur okkar Norðmenn einna lengst komnir í því efni, og vildi jeg því leyfa mjer að rifja upp aðaldrættina um uppтök og framþróun þess iðnaðar hjá þeim til 1923.

Norðmenn byrja á síldariðnaði rjett fyrir aldamótin síðustu. Árin 1909—1911 kemur þó fyrst skriður á síldariðnaðinn hjá þeim. Á þeim árum eru bygðar í Noregi 16 síldarverksmiðjur. Á þeim tíma er einnig farið að byggja síldarverksmiðjur hjer á landi, en þá eru þær að mestu eign Norðmanna. Á þessum fyrstu árum síldariðnaðarins í Noregi er að mestu notuð dúkpressan. Það er fyrst á árunum 1918—1919, að ameríska skrúfupressan fer að ryðja sjer til rúms í síldariðnaðinum í Noregi, enda vex þá útflutningur Norðmanna á síldarmjöli og síldarolíu mikið upp úr þeim árum, þó úr útflutningnum dragi aftur fljótlega, sem mun hafa stafað sumpart af lakari veiðiárum, en sumpart af því, að minni og lakar útbúnu síldarverksmiðjurnar hafi gefist upp í samkeppninni við hinar stóru nýtísku verksmiðjur.

Útflutningur Norðmanna á síldarolíu var á árunum 1920—1923 samtals 19340 smálestir, en á síldarmjöli 72058 smálestir. Árið 1923 eru 80—90 síldarverksmiðjur í Noregi með 18 milj. kr. höfuðstól í hlutafje. Sjest á útflutningi Norðmanna á síldarafurðum og fjölda síldarverksmiðjanna, þó sumar þeirra hefðu þá ekki starfað frá árinu 1920, að síldariðnaðurinn er orðinn allveruleg atvinnugrein hjá frændum vorum Norðmönnum árið 1923, og hefir að sjálfsögðu aukist síðan. Eins og kunnugt er, hafa Norðmenn numið land í síldariðnaðinum hjer hjá oss, auk síns heimaiðnaðar í þessari grein. Það verður heldur ekki talið óeðlilegt, þótt útlendingar, sem þekkja þennan atvinnurekstur, sækist eftir því að ná tökum á honum hjer á landi, einkum þegar á það er litið, að verðgildi síldarinnar, sem notuð er til þess að vinna úr olíu og mjöl, fer mjög mikið eftir því, hversu fitumikil hún er. Því er líkt háttað með síldina eins og útigangsfjenaðinn. Vetur og vor er hún mögur, eins og jálkurinn, sem settur er á guð og gaddinn, en yfir sumarmánuðina júlí, ágúst og september rær hún í spikinu eins og stóðið í haganum. Þótt tíðum verði misbrestur á síldveiðinni hjer við land, eigum við Íslendingar því láni að fagna, að þegar síldin leitar upp að fiörusteinum okkar lands, er það aðallega á þeim tíma, þegar hún er feitust og verðmest. Norðmenn hafa veitt því eftirtekt, að Íslandssíld, eins og þeir kalla hana, þ. e. síld veidd við strendur Íslands í júlí, ágúst og september, hefir alt að 19% fitu. Ef telja mætti feitimagn síldarinnar 19%, myndi fást úr hverium 1000 málum síldar rúmlega 25½ smál. af olíu.

Síðastliðið sumar reyndist síld sú, er veidd var, magrari en venja er til, en þó kom í ljós við rannsókn á sýn-

ishorni, sem sent var til Reykjavíkur af Norðurlandi, að jeg hygg, að feitimagn hennar var 17%, eða sem svaraði 23 smál. af olíu úr hverjum 1000 málum síldar. Jafnvel þótt jeg telji, að óhætt myndi vera að gera ráð fyrir samkv. framansögðu, að úr hverjum 1000 málum af síld fáist 23—25 smálestir af olíu, tel jeg varlegra að áætla ekki fitumagn síldarinnar meira en 22 smál. úr 1000 málum. En það er líka það fitumagn, sem reynsla undanfarinna ára hefir leitt í ljós, að óhætt er að telja, að fáist úr júlí-, ágúst- og september-veiddri síld hjer við land, jafnvel þótt tæki til þess að vinna olíu úr síldinni sjeu ekki af nýjustu gerð, og safnþrór, sem síldin er geymd í, að meira eða minna leyti ófullkomnar.

Eins og kunnugt er, rjeði hæstv. ríkisstjórn hv. 3. landsk. á síðasta hausti til þess að rannsaka möguleika til byggingar og starfrækslu nýtísku síldarverksmiðju á Norðurlandi. Þinginu hefir fyrir nokkru borist skýrsla hv. 3. landsk. um rannsókn hans ásamt kostnaðaráætlun um byggingu og starfrækslu síldarverksmiðju, sem hann telur, að ætti að verða bygð á Siglufirði, ef út í byggingu hennar yrði lagt. Það, sem stingur mest í augun við lestur þessarar skýrslu hv. 3. landsk., er áætlun hans um tekjur slíkrar verksmiðju, sem eru tekjur af síldarmjöli og síldarolíu.

Jeg tel ekki ástæðu til að gera athugasemd við áætlun hv. 3. landsk. um tekjur verksmiðjunnar af síldarmjöli; þar virðist hann hafa farið eftir þektum fyrirmælum í áætlun sinni um mjölmagn, þar sem hann áætlar 24 smál. úr hverjum 1000 málum síldar. En áætlun hans um fitumagn síldarinnar skýtur allskökku við reynslu þeirra síldarverksmiðja, sem starfað hafa hjer á landi að undanförnu. Mjer er kunnugt um, að þær síldarverksmiðjur, sem telja má, að hafi sæmilegan útbúnað til þess að ná olíunni úr síldinni, reikna ekki með minna en 22 smál. af olíu úr 1000 málum síldar. En hv. 3. landsk. áætlar olíuna aðeins 19 smál. úr hverjum 1000 málum. Verður ekki sjeð, á hverju hann byggir þessa áætlun sína, sem er 3 smál. neðan við það, sem reynsla er fengin fyrir hjer á landi, að telja má meðallag, 4 smál. undir því, sem kom í ljós við rannsókn í sumar sem leið, að fitumagn síldarinnar var þá, og þótti síldin þó magrari þá en oft áður, og 6½ smál. minna, miðað við 1000 mál, en vísindalega er sannað, að fitumagn síldarinnar getur orðið á þeim tíma árs, sem við Íslendingar veiðum hana.

Þótt jeg hafi ýmislegt fleira út á áætlun hv. 3. landsk. að setja, ætla jeg að láta nægja í þetta sinn að leiða athygli að því, hvaða áhrif það hefir á árlegan hagnað verksmiðjunnar, að hv. 3. landsk. er að minsta kosti 3 smál. undir meðalútkomu með áætlun sína um olíumagn í hverjum 1000 málum af síld.

Hv. 3. landsk. telur hverja smál. af síldarolíu 505 kr. virði hjer á staðnum, að frádreginni fragt til útlanda. Þegar annar kostnaður en flutningsgjaldið, svo sem umbúðir og framskipun, er dreginn frá verði þessara 3 smálesta af síldarolíu, verða eftir krónur 1280,00, sem telja má hreinan hagnað af hverjum 1000 málum af síld, því að allur kostnaður við vinslu þessara 1000

mála er áður reiknaður af háttv. 3. landsk. Þessar 3 smál. af olíunni er það, sem jeg tel, að hann reikni of lítið í hverjum 1000 málum síldar.

Hv. 3. landsk. áætlar hagnað af hverjum 60 þús. málum síldar kr. 62-700,00, ef fyrir hvert mál sjeu greiddar 9 kr., eins og hafi verið samningsverð verksmiðjanna við útgerðarmenn 1927. Þegar við þennan hagnað er bætt þessum kr. 1280,00 af hverjum 1000 málum, sem jeg tel, að áætlun hans sje of lág, verður sá rjetti hagnaður kr. 139500,00 á hverjum 60 þús. málum síldar, eða kr. 76800,00 hærri en honum reiknast til.

Af 80 þús. málum áætlar háttv. 3. landsk. hagnað kr. 129600,00. Sje við hann bætt áðurnefndum kr. 1280,00 af hverjum 1000 málum, verður sá raunverulegi hagnaður kr. 232000,00, eða kr. 102400,00 hærri en áætlun hans. Sje dæminu haldið áfram, kemur í ljós, að þegar við hv. 3. landsk. leggjum saman okkar þekkingu í síldarverksmiðjumálinu, má vænta þess, að hagnaður af vinslu 100 þús. mála af síld verði áætlaður kr. 324500,00. Hann hefir sjálfur talið hagnaðinn af vinslu 100 þús. mála kr. 196500,00. Jeg tel, að hann hafi áætlað hagnaðinn of lágt um kr. 128000,00 samkv. framansögðu.

Þegar verið er að yfirvega, hvort ríkið eigi að leggja í byggingu og starfrækslu síldarverksmiðja, er að sjálfsögðu rjett að vera varkár í áætlunum um glæsilega afkomu slíks fyrirtækis. En eins og það getur verið hættulegt að áætla tekjur fyrirtækis eins og þessa of háar og útkomu of glæsilega, eins háskalegt getur það verið að fela fyrir sjer og öðrum líkurnar fyrir góðum árangri. Slíkur skollaleikur getur orðið til þess, að ekki verði lagt út í fyrirtæki, sem þjóðinni og einstaklingum hennar væri til stórhagnaðar. Við þurfum ekki annað en að líta á aðstöðu síldarútvegsins eins og hann nú er hjer á landi til þess að sannfærast um þetta.

Jeg þykist hafa hjer að framan fært sterkar líkur fyrir því, að síldarverksmiðjurnar hjer hafi greitt framleiðendum 2—3 kr. minna fyrir hvert mál síldar en þær hefðu getað, og gengið þó frá með sæmilegum hagnaði í meðalveiðiári. Þótt miðað sje við síðastl. ár, er óhætt að fullyrða, að það, sem sagt hefir verið hjer að framan, getur eins átt við reynslu á undanförnum árum, því að það er á allra vitorði, að síldarverksmiðjurnar hafa á undanförnum árum rakað saman fje á kostnað síldarútgerðarinnar. Hjer er því brýn nauðsyn til þess að hefjast handa.

Vera má, að einhver kunni að segja, að þótt álitleg áætlun liggi fyrir um afkomu slíks fyrirtækis sem síldarverksmiðju, þá sje hjer um að ræða áhættufyrirtæki, sem komið geti landinu á kaldan klaka, ef út í er lagt. Jeg vil svara þeim mönnum því, að áhættan við rekstur síldarverksmiðju liggur algerlega í fyrirkomulagi rekstrarins. Sje síldarframleiðendum greitt hæfilegt áætlunarverð fyrir þá síld, sem þeir leggja inn í síldarverksmiðjuna, þó ekki hærra en það, að ríkinu sje trygður sæmilegur hagnaður, er fyrirtækinu trygð góð afkoma og að öllum líkindum framleiðendum hærra verð fyrir vöru sína en þeir hafa átt að venjast að undanförnu. Reynist áætlunarverðið of lágt, mætti greiða upp-

bót á því við reikningslok hvers árs. — Verði þetta frv. um síldarverksmiðjur samþykt á þessu þingi, sem jeg teldi mjög hyggilega ráðið af þinginu, treysti jeg núverandi ríkisstjórn mjög vel til að láta starfrækja fyrirhugaða verksmiðju á þeim grundvelli, sem jeg hefi hjer bent á.

Jeg vil að endingu leyfa mjer að bera upp tvær spurningar fyrir hv. 3. landsk., sem gert hefir þá áætlun um rekstur síldarverksmiðju, sem jeg hefi gert hjer athugasemdir við:

1. Á hverju byggir hann þá áætlun sína, að ekki fáist nema 19 smál. af olíu úr 1000 málum af síld?
2. Getur hann ekki fallist á, að eins vel megi reikna með, að úr hverjum 1000 málum síldar fáist 22 smál. af olíu?

Jón Þorláksson: Jeg skal með ánægju reyna að svara spurningum hv. þm. Ak., en jeg hefði verið betur viðbúinn að svara þeim, ef hann hefði látið mig vita um þær áður, því að nú hefi jeg ekki annað til að fara eftir en það, sem jeg hafði skrifað mjer til minnis í vasabók, sem jeg af hendingu hefi hjá mjer.

Það er þá fyrst, á hverju jeg byggi áætlun mína um olíumagn síldarinnar. Það er alveg rjett hjá hv. þm. Ak., að fitumagn síldarinnar hafi verið 17% í sumar, en þá var síldin óvenju mögur. Hitt mun venjulegra, að fitumagn hennar sje 19%, en háttv. þm. hefir gleymt því, að öll feitin kemur ekki fram í síldarlýsinu við vinslu síldarinnar. Með þeim aðferðum, sem nú eru hafðar, verða eftir í mjölinu 10—14% af feiti, eða sem jafngildir 10—14% af þyngd mjölsins. En það er kunnugt, að þyngd mjölsins er um 16% af þyngd hrásíldarinnar, og það, sem eftir verður af feiti í mjölinu, nemur þá því, að af 17 til 19% fást ekki nema 14—16% af lýsi, með þeim vinsluaðferðum, sem nú eru notaðar. Jeg bygði samt ekki áætlun mína á þessu. Jeg gat þess í skýrslu minni, að þessi tala, 19 smál. af 1000 málum síldar, er bygð á reynslunni í sumar, en þá var, eins og kunnugt er, síldin venju fremur mögur, sem álíta má, að hafi stafað af því, að mikill hluti þeirrar síldar, sem fór í bræðslu, var mjög snemma veiddur, jafnvel fyrir venjulegan tíma, eða um miðjan júlí.

Þegar jeg gerði þessa áætlun mína, hafði aðeins ein síldarverksmiðja lokið við að vinna úr hráefni sumarsins, en á árangri hennar hefi jeg bygt tölur mínar um það, hve mikill þungi af olíu fæst úr síldinni. Jeg hirði ekki um að gefa annað upp en lokaniðurstöðuna, sem er sú, að verksmiðjan fjekk 18,3 tonn af olíu úr hverjum 1000 málum, en það svarar til 14% eftir stærð málanna, og ef tillit er tekið til feitinnar, sem eftir er í mjölinu kemur það nákvæmlega heim við skýrslu hv. þm. Hv. þm. Ak. sagði, að 17% væri óvenju lágt. Hitt skal jeg játa, að það koma betri ár, og fást þá venjulega 22 tonn úr hverjum 1000 málum, en jeg álít, að ekki megi taka hagstæðustu tölurnar, því þá verður útkoman í reyndinni lakari.

Jeg hefi þá svarað þeim spurningum, sem hv. þm. Ak. lagði fyrir mig. Jeg get ekki sjeð, að fært sje að byggja rekstraráætlun á því, að 22 tonn af olíu fáist úr 1000 málum af síld. (**EF:** Jeg byggi á því). Mjer virðist ófært að byggja á því almenna

útreikninga, þó að jeg hinsvegar játi, að þau ár koma, að þetta getur átt sjer stað.

Jeg hefi ekki meira að segja út af spurningum hv. þm., en jeg get bætt því við, að jeg hefi vikið að því í skýrslu minni til stj., að fram er komin ný aðferð við síldarvinslu, sem er fullkomnari frá teknisku sjónarmiði en hinar gömlu pressunaraðferðir. Með þessari aðferð, sem kalla mætti hina þýsku aðferð, næst svo að segja öll olían úr síldinni. Aðferðin gefur með öðrum orðum hærri olíuprósentu. En hún hefir ekki verið notuð í stórum stíl enn og hjer er ekki tækifæri til að kynnast henni og lítið í Noregi. Í skýrslu minni lagði jeg áherslu á, að þetta yrði rannsakað, og jeg get endurtekið það, að jeg tel hina mestu nauðsyn á, að slík rannsókn fari fram, ef fara á að stofna verksmiðju með atbeina ríkisins, hvort heldur sem er með láni eða framlagi úr ríkissjóði. Það getur verið, að þessi þýska aðferð verði kostnaðarsamari, en hinsvegar nýtast hráefnin betur, og rannsókn þarf að sýna, hvort hjer er hagnaðarvon.

Út af frv. sjálfu vil jeg bera fram þá fyrirspurn, og beina henni til hv. flm. eða hæstv. fjmrh., eftir því hvorum þykir betra að svara, hvort skilja beri 1. gr. frv. þannig, að framlagið úr ríkissjóði, sem tiltekið er í 2. gr., sje bundið við það, að verksmiðjan sje stofnuð sem ríkiseign. Mjer sýnist, að næst liggi að skilja 1. gr. svo, að hún fjalli ekki um stofnun verksmiðju nema sem ríkiseign, þó að hún heimili, að verksmiðjan sje látin í annara hendur til starfrækslu. Jeg óska eftir að fá að vita, hvort ákvæði frv. eigi við verksmiðju sem ríkiseign eða ekki.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg mintist á þetta mál við 1. umr. og hefi litlu við það að bæta, sem jeg sagði þá. Jeg er lítinn gefinn fyrir endurtekningar. En það er sjerstaklega út af fyrirspurn hv. 3. landsk., sem jeg tel rjett að segja nokkur orð, og reyndar út af fleiri atriðum. Jeg vona, að þetta mál fái góðan byr og deildin verði einhuga í að afgreiða það. Mjer finst sjálfsagt, að þm. sje ljóst, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða. Hjer veltur á þeim atvinnuvegi landsmanna, sem gæti gefið drýgstan arð, bæði fyrir einstaka menn og ríkissjóð. Það hefir dregist of lengi að reka þennan atvinnuveg af nokkru viti. Það hefir eingöngu verið hugsað um að moka sem mestum afla upp úr sjónum, en ekkert um að hagnýta veiðina. Það er því mál til komið, að svo sje gert. Það var mjög gott að fá hina miklu fræðslu á þessum málum frá hv. 3. landsk. þm. og hv. þm. Ak. og þeirra góðu bendingar um það, hvernig haga á framkvæmdunum. En jeg vil lýsa með nokkrum orðum, hversu þróun þessa atvinnuvegar er farið, þar sem hann er lengst á veg kominn. Það er ólíku saman að jafna, hvað skilyrðin eru betri hjer en í Noregi. Og úr því Norðmenn hafa ekki beðið tjón við að leggja mikið fje í þennan atvinnuveg, má fullyrða, að hjer sje um stórkostlegan gróða að ræða fyrir okkur, bæði þá, sem stunda veiðina og fara með hagnýtingu afurðanna. Hjer er síldin betri en í Noregi, veiðin er þar stopulli og um skemmri tíma, sem hægt e

að búast við nægilegum hráefnum. Þó er þar mikill áhugi nú fyrir að auka starfræksluna og enn meira kapp en nokkru sinni áður. Á síðasta ári voru t. d. bygðar 15 bræðslustöðvar á örlitlu svæði, lítilli eyju, og sýnir það best, hvaða vonir menn tengja við þetta.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að mæla neitt sjerstaklega með frv. Jeg tel víst, að það verði samþ., enda er sjálfsagt, að Nd. fái að athuga það. Og af því að engin hætta er á ferðum, hliðra jeg mjer hjá að fjölyrða um málið. Hitt er annað mál, að það eru ótal rök til fyrir frv., og fleiri en þau, sem fram hafa komið. Og reynslan sýnir áþreifanlega, að of lengi hefir dregist að hrinda þessu í framkvæmd. Þó að sjálfsagt sje að vanda allan undirbúning í þessu máli sem öðrum, tel jeg hina mestu nauðsyn, að framkvæmdunum sje hraðað svo sem unt er. Með hverju árinu, sem líður, fer mikið verðmæti forgörðum, sem einstakir menn og það opinbera eru í fullri þörf fyrir. Jeg tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frá almennu sjónarmiði, en vil aðeins benda á það, sem hv. 3. landsk. þm. tók fram í sambandi við rannsókn sína, sem jeg álít, að hafi verið prýðilega af hendi leyst, að þótt áætlanirnar væru varlegar, ætti það ekki að koma að sök. Það er gott, ef árangurinn verður betri en við var búist. En ef fara á að stofna til nýrra rannsókna, gæti það haft ársdrátt í för með sjer, en það tel jeg mjög óheppilegt. Um hina þýsku aðferð er það að segja, að hún er óreynd, og því gæti orðið nokkur áhætta af að nota hana, en ameríska aðferðin er trygg og full reynsla fengin fyrir henni. Sumar verksmiðjur hjer eru af vanefnum gerðar og því ekki rjett að byggja á því. Mjer skildist á skýrslu hv. 3. landsk. þm., að hægt væri að fá áhöld og vjelar eftir amerísku aðferðinni miklu betri en hjer hafa verið notaðar áður. Jeg býst við, að þýsku vjelarnar, sem nú er verið að reyna að koma á markaðinn, sjeu góðar, en hingað til hafa þær verið notaðar til vinslu á hvalafurðum, svo sem beini og kjöti, af því að þær eru betur fallnar til að skilja efnin en hinar, og sjerstaklega til að ná fituefnunum úr hráefnunum. Það er fjarri því, að jeg sje á móti, að grenslast sje eftir, hvernig þessar vjelar reynist, en það má ekki taka svo langan tíma, að það tefji málið um eitt ár.

Þá á jeg eftir að svara fyrirspurn hv. 3. landsk. um það, hvernig jeg hefði hugsað mjer starfrækslu og fyrirkomulag verksmiðjunnar. (JÞ: Jeg spurði um það, hvort frv. væri bundið við ríkiseign eða ekki). Það er svo margt, sem stendur í sambandi við það, að því er ekki hægt að svara með já eða nei. Jeg gerði grein fyrir því á síðasta þingi, hvað jeg áliti heppilegt, ef ríkið á annað borð skifti sjer af þessu. Jeg vil, að verksmiðjan komist upp og ríkið taki að sjer að starfrækja hana þannig, að framleiðendurnir kæmu afla sínum til vinslu. Þetta á ekki að vera gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð, heldur gert til þess að ljetta undir með atvinnuvegunum og fyrirbyggja, að afurðirnar ónýtist í höndum framleiðendanna. Hvort þetta er ríkisrekstur, læt jeg ósagt, ef menn eru svo viðkvæmir fyrir þess háttar atriðum. Jeg tel það ekki ríkisrekstur, heldur samtök ríkisþegnanna til eigin

hagsbóta. En svo eru til tvær aðrar hliðar. Önnur er sú, að ríkið reki verksmiðjuna hreint og beint, kaupi hráefnin og vinni þau fyrir eiginn reikning. Hin leiðin er sú, að verksmiðjunni sje komið upp með aðstoð ríkisins, sem afhendi það svo einstökum mönnum eða fjelögum, sem væri þá það sama og þeir hefðu fengið stofnfje að láni. En auðvitað yrðu þeir að greiða allan stofnkostnað upp á hæfilega löngum tíma. Jeg vona, að hv. 3. landsk. sje mjer sammála um, að um þessar þrjár leiðir er að ræða. Það getur verið, að jeg hafi mína skoðun um það, hvaða leið sje heppilegust, en jeg tel ekki nauðsynlegt að ákveða neitt um það á þessu stigi málsins. Jeg býst við, að öllum sje ljóst, að það þarf að greiða fyrir hagnýtingu afurðanna á þessu ári, þó að í smáum stíl sje, en þó svo föstum tökum, að þegar á næsta ári verði reist nýtísku verksmiðja á Siglufirði, hvor aðferðin sem verður höfð.

Ef jeg hefi ekki svarað nógu skýrt, mælist jeg til, að hv. 3. landsk. segi til, svo að jeg þurfi ekki að tala aftur.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg ætla að byrja með því að segja mína skoðun á því, hver eigi að eiga verksmiðjuna. Jeg álít, að ríkið eigi að eiga hana og hafa sinn eðlilega hag af. Það ætti að verða til að hækka verðið á síldinni, sem hefir verið óeðlilega lágt, þegar hún er lögð inn til bræðslu. Hefi jeg bent á þetta áður og skal því ekki fjölyrða um það nú.

Jeg ætla þá að víkja að háttv. 3. landsk. þm., sem hefir gert áætlun fyrir ríkisins hönd um byggingu og rekstur síldarverksmiðju. Hann efast um, að hægt sje að gera ráð fyrir 22 smál. af olíu úr 1000 málum af síld, og vill halda sjer við þær 19 smálestir, sem hann fylgdi í áætlun sinni. Hann segist byggja á síðasta sumri, en viðurkennir, að síldin hafi verið í magrara lagi. Að þessu leyti getum við verið sammála; það fást ekki heldur 22 tonn af olíu úr 1000 málum síldar í öllum árum. Jeg byggi á eigin reynslu og um leið á því, að útgerðarmaður, sem lagt hefir fyrir þingið nú tilboð um að reisa verksmiðju, gengur líka út frá þessu sem meðallagi. En mína reynslu hefi jeg frá því að jeg starfaði við eina síldarverksmiðju, að sönnu með líka aðstöðu til athugunar á þessu atriði eins og óbreyttur verkamaður.

Enn er það eitt atriði, sem styrkir mig í þeirri trú, að hv. 3. landsk. sje óþarflega varkár í áætlun sinni. Síðastliðið haust, þegar útgerðarmenn á Norðurlandi gátu ekki komið síldinni í bræðslu hjer, buðu þeir hana í Noregi, og Norðmenn vildu greiða 14 krónur fyrir málið komið til Noregs. En það varð aldrei úr, að færi nema eitt skip með síld til Noregs. Útbúnaður var illur og vitanlega fór það ekki vel með síldina, að hún var flutt umbúðalaus í lest skipsins. En sem sagt var boðið í síldina 4 kr. meira en hv. 3. landsk. heldur, að gera megi ráð fyrir, ef gengið er út frá því, að kostnaðurinn við bræðsluna sje sá sami í Noregi og hjer. Tvö önnur skip fóru að vísu af stað, en þau fórust bæði, svo að þar fjekkst engin reynsla. Annað fórst við Langanes og hitt kom aldrei fram.

Þetta voru nú athugasemdir við síðustu ræðu hv. 3. landsk. En jeg er

ekki búinn að gera allar mínar athugasemdir við áætlun hans.

Jeg skal þá fyrst nefna það, að hv. 3. landsk. hefir í áætlun sinni um rekstur síldarverksmiðju reiknað 2% umboðslaun af mjöli og olíu, sem verksmiðjan framleiðir. Þessi umboðslaun verða 377 kr. á hver 1000 mál síldar. Jeg sje ekki ástæðu til að reikna umboðslaun af sölu mjöls og olíu, þar sem fyrir framkvæmdarstjórn og skrifstofuhald er reiknað 33 þús. og verð olíunnar og mjölsins er reiknað cif. útlendri höfn. Það verður ekki betur sjeð en að stjórn verksmiðjunnar geti auðveldlega annað því, sem ætlast er til, að umboðslaunin sjeu greidd fyrir.

Þá hefir hv. 3. landsk. einnig reiknað lögákveðið útflutningsgjald. Það er að sönnu rjett, ef um einstaklingsrekstur er að ræða, en fyrir ríkið er útflutningsgjaldið eins og hver annar hagnaður af fyrirtækinu, þar sem við síldarverksmiðjuna mundi aukast framleiðsla á síldinni og útflutningsgjaldið í þessu tilfelli verða nýjar, auknar tekjur fyrir ríkissjóðinn. Jeg get því ekki fallist á að telja útflutningsgjaldið kostnað við rekstur verksmiðjunnar, heldur tekjur af fyrirtækinu.

Jeg sje ekki heldur neina ástæðu til þess að reikna umbúðir, poka og olíuföt með smásöluverði. Að sjálfsögðu er hægt að fá slíkar vörur ódýrari en hv. 3. landsk. áætlar. Jeg ætla þó að ganga framhjá að gera sjerstaka athugasemd við þetta of háa verð á umbúðunum og ýmsu fleiru í áætluninni, nema sjerstakt tilefni gefist til þess.

Þá kem jeg að því atriðinu í áætlun hv. 3. landsk., sem jeg er að sönnu ekki óánægður með að eiga kost á að leiðrjetta fyrir hann, en sem því miður gefur ástæðu til að álíta, að nokkuð mikið hafi verið kastað höndunum að samningu þessarar áætlunar.

Á bls. 27 reiknar hv. 3. landsk. út verð 19 smálesta af síldarolíu á 505 kr. smálestina, og mjer og sennilega öðrum til mikillar undrunar fær hann ekki út nema 8585 kr. — Hvert meðalgreint skólabarn hefði þó að sjálfsögðu fengið 9595 kr. út úr því dæmi, ef það hefði verið spurt, hvað 19 sinnum 505 krónur væru margar krónur.

Jeg gat þess áðan, að jeg væri ekkert óánægður með það, að eiga kost á að leiðrjetta hjá hv. 3. landsk. útkomu þessa dæmis. Jeg skal segja frá því strax, hvers vegna mjer er það sönn ánægja að leiðrjetta þetta mjög svo auðvelda dæmi fyrir hann. Hv. 3. landsk. er að reikna út tekjur af hverjum 1000 málum síldar, og honum reiknast þær, þegar búið er að brevta þessum 1000 málum í olíu og mjöl, 16145 kr., en hann reiknar tekjurnar af olíunni úr þessum 1000 málum 1010 kr. minni en þær eiga að vera, af því að hann hefir reiknað dæmið skakt. Afleiðingin af þessu er sú, að á áætluninni er óeyddur fjársjóður, sem nemur kr. 1.01 á hvert mál síldar, sem inn í verksmiðjuna kemur, og myndast af þessu hreinn hagnaður af rekstri verksmiðjunnar, sem nemur til dæmis á 60 þús. málum 60600 kr. — Hagnaðurinn af síldarverksmiðjunni verður því nálega helmingi hærri, þegar búið er að leiðrjetta reikningsskekkju hv. 3. landsk., en hann hefir fengið út í áætlun sinni.

Jeg hefi því þetta við áætlun hv. 3. landsk. að athuga, og vil jeg biðja

hann að viðurkenna það hjer í hv. deild, svo að með hans góða samþykki sje hægt að skila áætlun hans út úr þinginu, leiðrjettri til mikilla bóta frá því, sem hún var, þegar hún kom inn í þingið:

1. Að hann færir á áætluninni umboðslaun, sem telja má ástæðulaust að reikna.
2. Að hann færir útflutningsgjald af útfluttum vörum verksmiðjunnar henni til gjalda, en þar sem hjer er um ríkiseign að ræða, er útflutningsgjaldið, sem greitt er í ríkissjóð, tekjur af verksmiðjunni.
3. Að hann reiknar skakt einn tekjupóstinn um 1010 kr., en það veldur því, að í stað þess að hann telur hagnað verksmiðjunnar 1 kr. 4½ e. af hverju máli á fyrstu 60 þús. málunum, sem verksmiðjan vinnur úr, verður hagnaðurinn 2 kr. 5½ e.
4. Að hann hefir reiknað 3 smálestum minni olíu í hverjum 1000 málum síldar en viðurkent er af öllum, sem þekkja til og vilja segja satt frá, að er meðal-olíuframleiðsla.

Jeg ætla þá að setja hjer upp dæmi um hagnað af síldarverksmiðju eins og jeg tel, að það eigi að vera, bygt á því, sem sagt er hjer að framan. Ef unnið er úr 60 þús. málum síldar, er hagnaðurinn þessi:

1. Ofreiknuð umboðslaun af 3. landsk. 22620 kr.
2. Ofreiknað útflutningsgjald af sama 21600 kr.
3. Leiðrjetting á reikningi hv. 3. landsk. 60600 kr.
4. Of lágt áætluð olía 76800 kr.

Leiðrjetting alls 181620 kr. Áætlaður hagnaður af hv. 3. landsk. 62700 kr. Áætlaður hagnaður alls 244320 kr., eða rúmlega 4 krónur á hvert mál síldar, sem verksmiðjan vinnur úr.

Hv. 3. landsk. hefir gert áætlun yfir vinslu 100 þúsund mála af síld. Jeg ætla til fróðleiks að leiðrjetta þá áætlun á sama hátt og jeg hefi gert með áætlun 60 þús. málanna.

Ef unnið er úr 100 þús. málum af síld, yrði hagnaðurinn þessi:

1. Ofreiknuð umboðslaun (rúmlega laun allra ráðherranna) 37700 kr.
2. Ofreiknað útflutningsgjald 36000 kr.
3. Leiðrjetting á reikningi háttv. 3. landsk. 101000 kr.
4. Of lágt reiknuð olía 128000 kr.

Leiðrjetting alls 302700 kr.

Áætlaður hagnaður af hv. 3. landsk. 196500 kr.

Hagnaður alls 499200 kr., eða tæpar 5 kr. á hvert mál síldar.

Jeg ætla að láta sitja við þetta í bili og sjá, hvað hv. 3. landsk. vill fallast á marga pósta, sem jeg nú hefi bent honum á.

Jón Þorláksson: Jeg hefi ekki áætlun mína við hendina og hefi ekki litið í hana nokkra daga, svo að jeg stend illa að vígi með að muna einstakar tölur. Jeg skal þó geta þess, að jeg hefi fundið hjá mjer upplýsingar frá annari verksmiðju um það, hve mikil olía var unnin þar síðastl. sumar. Það voru 18,8 smálestir úr hverjum 1000 málum síldar. Jeg hefi þess vegna farið heldur hærra en reynslan hefir sýnt síðastl. sumar, þar sem jeg áætla 19 smálestir, enda var það sumar, eins og kunnugt er, fyrir neðan meðallag um fitumagn síldar. Jeg get ekki annað en glaðst af því, að alt, sem hv.

þm. Ak. hefir við áætlun mína að athuga, er á þann bóginn, að áætlun mín sje óþarflega gætileg. Jeg er frekar vanur hinu, að fá aðfinslur í gagnstæða átt.

Jeg tel þýðingarlaust að vera í þingræðum að þrátta um einstök atriði, eins og til dæmis umboðslaun og milligöngumenn um sölu. En mjer er skylt að upplýsa, að þar sem jeg hefi getað fengið vitneskju um tilhögun á rekstri slíkra verksmiðja, hafa menn orðið að greiða þann kostnað. Það er ekki nema gott, ef hægt er að komast hjá því og fá þó jafngott verð fyrir afurðirnar.

Það, sem háttv. þm. sagði um útflutningsgjaldið, er algerlega rangt. Það má engan veginn reikna svo, að gjöld, sem annars eru lögð á atvinnuvegi landsmanna, beri að reikna fyrirtækinu sem slíku til tekna, en ríkissjóður fái það ekki sem skatttekjur. Ef slík aðferð væri innleidd, hljóta allir að sjá, að samanburður á milli ríkisfyrirtækja annarsvegar og einkafyrirtækja hinsvegar yrði skakkur, ef borin er saman afkoma fyrirtækjanna sjálfra.

Hv. þm. sagðist hafa fundið reikningsvillu í áætlun minni, en það vill svo vel til, að hún fer einnig í þá átt að gera áætlun mína varlega. Ef rjett er með farið, þá er um reikningsvillu að ræða. Jeg vil samt ekkert fullyrða, fyr en jeg hefi athugað þetta í áætluninni sjálfri. En þetta verður þá sú eina af athugasemdum hv. þm., sem jeg get viðurkent, að sje rjettmæt. Jeg vil benda hv. þm. á það, að ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, kemur nýr dómari til sögunnar, og það er reynslan. Jeg vil segja, að svo margt er óvíst um afkomu slíks fyrirtækis, að enginn skyldi ætla sjer að fullyrða fyrirfram, hvernig afkoman verður. Veiðimagn, gæði og verð afurðanna o. fl. er sveiflum og breytingum undirorpið. En enginn ágreiningur er á milli okkar um það höfuðatriði, að það hráefni, sem verksmiðjunni er ætlað að vinna úr — hafsíldin —, er svo gott í samanburði við það, sem er annarsstaðar, og aðstaða okkar það góð, að verksmiðjan ætti að vera samkepnisfær, þegar til lengdar lætur, við samskonar verksmiðjur í öðrum löndum, ef í upphafi er til hennar stofnað með skynsemd og dugnaði.

Jeg hefi borið fram fyrirspurn um frv. það, sem fyrir liggur, en eiginlega ekki fengið svar. Jeg spurði, hvort álitið væri heimilt samkvæmt 1. gr. að fá ríkisfje öðrum í hendur til þess að koma upp verksmiðjunni, eða hvort það væri álitið fastákveðið, að fyrirtækið væri ríkiseign. (**Fjmrh. MK:** Jeg hefi svarað þessu). Nei, jeg er ekki ánægður með svar hæstv. ráðh. Hann sagði, að til væru þrjár leiðir í þessu máli. En jeg spurði ekki um það, heldur um hitt, hvort hann skildi 1. gr. þannig, að eftir henni væru allar þrjár leiðirnar heimilar. Mjer er það ljóst, að fara má þrjár leiðir í rekstri verksmiðjunnar. En mjer er óljóst, hvort heimilt er, að verksmiðjan sje eign nokkurs einstaklings eða fjelagsskapar eða ekki. Eftir orðalagi 1. gr. efast jeg um, að það geti álitist heimilt, en hinsvegar skildist mjer á hæstv. fjmrh., að hann hefði ekkert á móti því, að greinin væri þannig orðuð.

Jeg er alveg ósammála hv. þm. Ak. um það, hvort heppilegt sje, að verksmiðjan sje rekin fyrir ríkisreikning. Jeg held, að ríkið hafi mjög slæma að-

stöðu til góðrar afkomu fyrirtækisins, miklu lakari aðstöðu en síldveiðimennirnir sjálfir. En það liggur ekki fyrir nú að taka ákvörðun um það. Jeg vil aðeins leggja áherslu á, að til þess að jeg geti fylgt frv., verður að vera þannig frá því gengið, að það feli í sjer ótvíræða heimild til að veita fjárstuðning einmitt fjelagi síldveiðimanna til þess að koma verksmiðjunni upp. Jeg geri enganveginn þá kröfu, að stjórnin sje bundin til að fara þá leið, en jeg get sem sagt ekki fylgt frv., nema heimild í þá átt sje ótvíræð.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg var svo óheppinn, að jeg gat ekki verið viðstaddur umræður þær, sem nú hafa farið fram, en eftir því, sem jeg get ráðið af því, sem fram er komið, hygg jeg, að hv. 3. landsk. sje í sjálfu sjer mjög hlyntur því, að hafist verði handa og því fyrirtæki, sem frv. gerir ráð fyrir, verði komið á stofn. Hinsvegar þykir hv. 3. landsk. varhugavert, ef slík stofnun yrði að einhverju leyti rekin á þann hátt, að kalla mætti ríkisrekstur. Mjer þykir þetta óþarflega mikil viðkvæmni hjá hv. þm., því að við vitum allir, að við erum ekki hreinir af því, að hjer eigi sjer stað ýmiskonar ríkisrekstur, og geti orðið framvegis.

Mig furðaði á því, að hv. 3. landsk. skyldi vilja halda því fram, að svör mín við fyrirspurn hans hefðu verið loðin eða óljós. Jeg benti hv. þm. á þrjár leiðir, sem allar væru vel framkvæmanlegar og allar stefndu að sama marki, en það væri aðalatriðið, að markinu yrði náð. Jeg gat þess ennfremur, að jeg mundi sætta mig við hverja leiðina, sem tekin yrði. Jeg þykist því ekki hafa gefið tilefni til, að hv. þm. þurfi að fráfælast það að veita frv. sinn stuðning, enda mundu hans áhrif ná svo langt, að hann gæti komið að brtt. síðar meir, ef honum þætti lífsnauðsyn til bera. En jeg vil taka það skýrt fram, að jeg álít ekki heppilegt að fara að gera þetta atriði að neinu sjerstöku deiluefni eins og nú er ástatt; það gæti leitt til þess, að móti frv. skapaðist andúð, svo að það næði ekki fram að ganga.

Annars get jeg lýst yfir því, háttv. 3. landsk. til geðs, að jeg býst við, að jeg gæti sætt mig við hverja sem væri af þessum leiðum. En jeg myndi verða eindregið á móti tillögu, sem færi í þá átt að binda þetta alveg við rekstur einstakra manna, en þó að gert sje ráð fyrir, að það gæti átt sjer stað, að einstaklingum væri falinn þessi atvinnurekstur, hefi jeg ekkert við að athuga, því að jeg tel alls ekki ómögulegt, að það gæti komið til mála; þó því aðeins, að ríkissjóður fengi upp borinn allan sinn kostnað, ekki aðeins framlag og stofnkostnað, heldur og líka vexti og hvað eina, sem honum bæri með rjettu.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt mál að þessu sinni.

Háttv. 3. landsk. hefir kannast við, að útreikningar hans væru þó a. m. k. ekki rjettir í einu atriði. Um það þarf jeg því ekki að deila við hann frekar. Hinu er jeg alveg á móti, að rjett sje að reikna eins há umboðslaun eins og hann gerir.

Út af reikningsskekkjunni í áætlun háttv. 3. landsk. vil jeg benda honum á, að þó að annað sje ekki tekið til

greina en hún ein, þá verður mismunurinn á hagnaðarvoninni ekki svo lítill. Eftir útreikningi hans verður hagnaðurinn, miðaður við hver 100 þús. mál síldar, 196500 kr. En við það bætist svo samkvæmt leiðrjettingunni 101 þús. krónur. Hagnaðurinn verður því 297500 kr., þegar búið er að leiðrjetta áætlunina. Það skiftir því ekki litlu máli, hvað það er álitlegra að leggja út í fyrirtækið, miðað við þessa útkomu, hvort heldur sem um ríkið eða einstaklinga er að ræða.

Eins og kunnugt er, eru það útlendingar, sem mest ráð hafa á verksmiðjunum eins og nú standa sakir, og það er hætt við, að þeir hafi það áfram, ef ríkið hefst ekki handa til þess að ná tökum á þeim hráefnum, sem koma á markaðinn umfram það, sem nú er notað. Við eigum ennfremur að leggja kapp á að ná úr höndum útlendu verksmiðjanna því, sem þær hafa nú með höndum af íslenskri síld. Til þess yfir höfuð að ráða bót á þessu, álít jeg, að ríkið eigi að byggja nýtísku verksmiðju.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 170, 396).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt 396. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Jeg stend hjer upp til þess að gera grein fyrir brtt. þeirri, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram og útbýtt er nú á fundinum. Jeg hefi borið hana fram vegna ummæla hæstv. fjmrh. við 2. umr. málsins. Hann taldi þá líklegast, að verksmiðjan mundi verða bygð fyrir ríkisfje, vegna þess, að nú sem stendur væri enginn fjelagsskapur til, sem treysta mætti til að gangast fyrir þeim framkvæmdum. Hinsvegar gerði hæstv. ráðh. ráð fyrir, að vel gæti komið til mála að selja verksmiðjuna síðar fjelagi einstakra manna, ef það yrði talið hagkvæmt. Nú stendur svo á, að minni hyggju, að vegna ákvæðis í stjórnarskránni er ekki hægt að gera þetta nema fyrir því sje sjerstök lagaheimild. Brtt. mín fer ekki fram á annað en að veita stjórninni þessa heimild. Jeg vænti þess, að hún fái góðar undirtektir, og sjerstaklega, að hæstv. fjmrh. geti fallist á hana, því að hún gerir stjórninni mögulegt að fara hverja þá leið, sem henni þykir heppilegust þeirra þriggja leiða, sem hjer er um að ræða.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg veit ekki vel, hvað fram hefir farið hjer í deildinni, því að jeg er rjett kominn inn. En mjer skilst, að beint hafi verið til mín fyrirspurn um það, hvort jeg liti svo á, að stjórnin ætti eða mætti láta verksmiðjuna af hendi, ef svo færi, að hún yrði reist fyrir fje ríkisins.

Jeg verð að segja það, að jeg álít, að orðalag 1. gr. frv. þýði það, að ekkert sje ákveðið um það, hvernig rekstrinum skuli hagað, þannig að stjórninni sje í sjálfsvald sett, hvort

hún lætur ríkið annast hann eða selur síðar verksmiðjuna öðrum í hendur.

Í þessu máli verður því um þrjár leiðir að velja: Í fyrsta lagi, að verksmiðjan taki við hráefni af útgerðarmönnum og þeir njóti arðs þess, sem verður af vinslunni, en greiði hinsvegar kostnað við hana. Í öðru lagi, að síldariðnaðurinn verði hreinn ríkisrekstur, þannig að verksmiðjan kaupi hráefnið og ríkið hafi svo hag eða halla þann, sem verða kann af að vinna úr því. Í þriðja lagi álít jeg vel geta komið til mála, að verksmiðjan yrði á sínum tíma afhent fjelagsskap einstakra manna, ef það væri talið hyggilegt.

Nú sem stendur tel jeg alls ekki tímabært að ákveða, hver leiðin verði farin. Og jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort brtt. hv. 3. landsk. verður samþ. eða ekki. Raunar álít jeg hana óþarfa. Jeg sje ekki annað en að samkv. frv. standi allar þær leiðir, sem jeg nefndi, stjórninni opnar. En fyrirfram er ekki gott að segja, hver reynist heppilegust, og því ekki þörf að ákveða um það frekar en frv. gerir.

Jón Þorláksson: Í sjálfu sjer er jeg ánægður með svar hæstv. fjmrh. En jeg held, að ef verksmiðjan verður á annað borð í fyrstu reist og rekin á kostnað ríkissjóðs, sje ekki, vegna stjórnarskrárinnar, hægt að afhenda hana nema um það sje sjerstakt lagaákvæði. Vona jeg því, að hæstv. fjmrh. hafi ekkert á móti brtt. Hún slær engu föstu um, hvað stjórnin eigi að gera, en tryggir aðeins það, að henni verði allar þrjár leiðirnar opnar og jafnheimilar.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Mjer finst tæplega viðeigandi að láta brtt. hv. 3. landsk. fara svo til atkvgr., að ekki sje nánar um hana talað.

Jeg verð þá að segja, að hún kemur nokkuð seint fram. Henni er fyrst útbýtt nú á fundinum, og nefndin hefir ekki átt kost á að kynna sjer hana. En jeg get gefið þá yfirlýsingu sem flm. frv., að jeg tel hana ekki einungis óþarfa, heldur beinlínis hættulega. Jeg mun því greiða atkvæði á móti henni.

Það er harla einkennilegt, ef ríkið á að hjálpa til að koma þessu fyrirtæki á fót með því að bera sjálft alla mestu áhættuna, og svo á að fá það öðrum í hendur. Það er hart, að ríkið eigi að taka á sig allan stofnkostnaðinn, sem getur orðið um 1 milj. kr., en svo eigi það að láta verksmiðjuna af hendi, þegar farin er að verða arðsvon af henni.

Jeg vil því ekki gera tvent í einu: Veita stj. heimild og hvetja hana til að byggja verksmiðjuna fyrir fje ríkisins, og síðan leggja kvöð á hana um að gefa fyrirtækið öðrum á vald, þegar ísinn er brotinn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 3. landsk. sagði. Hann kvað lagaheimild mundu þurfa til að landið gæti látið verksmiðjurnar af höndum, ef brtt. sín yrði ekki samþ. Það álít jeg ekki vera nauðsynlegt, og ef svo reyndist, þá myndi ekki erfitt að fá þá lagaheimild. Háttv. þm. Ak. tók hinsvegar

nokkuð djúpt í árinni, er hann kvað það vera skyldu að selja verksmiðjurnar, ef till. yrði samþ. En það er það enganveginn. Báðir þessir háttv. þm. líta einhliða á málið. Annar telur það lífsnauðsyn, að rekstur verksmiðjanna komist á hendur einstaklinga. Hinn telur það jafnmikla lífsnauðsyn, að ríkið reki þær. Þetta er ekkert aðalatriði fyrir mjer. Heldur er það höfuðatriðið að fá bætt úr því neyðarástandi, sem nú ríkið í síldarútveginum, þannig að þeir, sem hefja útgerð í byrjun vertíðar, þurfi ekki að hætta á miðri vertíð, sjer til stórtjóns, en geti haldið útgerðinni áfram. Annað er það, að með þessu er vonað, að verðið haldist nokkurnveginn nálægt sannvirði. Þetta verður að vísu ekki trygt, þótt ein verksmiðja verði bygð; en vonandi er, að þetta fyrirtæki reynist það vel, að fært verði að fjölga þeim og innan fárra ára verði hættan að mestu horfin og atvinnuvegurinn tryggur orðinn. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta; jeg álít sem sagt, að brtt. sje ofaukið og læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort hún verður samþ. eða feld. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Mjer skilst, að það hafi fengið svo góðar undirtektir, að því sje ekki hætta búin, og get jeg því látið úttalað um það að sinni.

Jóhannes Jóhannesson: Hæstv. fjmrh. leit svo á, að brtt. á þskj. 396 sje óþörf; í orðum frv. sjálfs felist það sama og í brtt. Nú segir í 36. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki megi „láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.“ — Vil jeg nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., í hvaða orðum frv. þessi heimild liggi. Hæstv. fjmrh. hyggur, að þessi heimild liggi í frv. Sje jeg því ekki annað en hann sje sammála flm. brtt. Ágreiningurinn er um það, hvort heimildin liggi í sjálfu frv. eins og það er nú. Ef vafi er á því, tel jeg sjálfsagt, að brtt. verði samþ. Ef heimildin er í frv., er brtt. óþörf.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi ekkert á móti því að vera yfirheyrður dálítið, en verð þó að telja, að jeg sje búinn að svara þessu afdráttarlaust. Jeg álít, að í orðum frv. „eða láta starfrækja“ liggi þessi heimild. (**JóhJóh:** Til að leigja, en ekki selja). En verði þó litið svo á, að frekari heimildar sje nauðsyn, þá skil jeg ekki í öðru en að afarauðvelt verði að fá samþykki þingsins, þegar þar að kemur. Jeg sje enga ástæðu til að tefja tímann með þessum umr., en tel, að málið sje vel farið, hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki.

Páll Hermannsson: Jeg lít svo á, að brtt. á þskj. 396, frá hv. 3. landsk., sje til bóta. Í henni felst skýrara orðalag á því, sem átt var við í frv., eins og það er skýrt af hæstv. fjmrh. Í brtt. felst heimild, sem nauðsynleg er, ef til þarf að taka á sínum tíma. Mun jeg því greiða henni atkv. mitt.

ATKVGR.

Brtt. 396 samþ. með 7:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv.

útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 414).

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 414, n. 539 og 555).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 555. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg greip fram í áðan og gat þess, að jeg væri ekki viðbúinn að halda framsöguræðu nú; þar sem málið er síðast á dagskrá, gat jeg ekki átt þess neina von, að það yrði tekið fyrir á þessum fundi. Verður því framsaga mín öll önnur fyrir það, að jeg hefi ekki búið mig undir hana, svo sem jeg ætlaði mjer.

Mál þetta hefir legið fyrir sjútvn., og eins og sjá má af þskj. 539 og 555, hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Ágreiningurinn er einkum sá, að meiri hl. getur að mestu fallist á frv. eins og það var lagt fyrir Ed., en minni hl. telur heppilegra að reisa verksmiðjurnar með því markmiði, að þær sjeu reknar af einstaklingum, en ríkið styrki þá til að koma þeim upp. Það er því um allmikinn stefnumun að ræða. Um leið og við leggjum til, að frv. verði samþ. ásamt breytingum okkar, þá leggjum við einnig til, að 2. gr. frv. verði feld niður, en sú grein var sett inn við 3. umr. í Ed. og hljóðar um það, að stjórnin hafi heimild til að selja verksmiðjurnar. En í stuttu máli má segja, að nefndin er yfirleitt á þeirri skoðun, að full ástæða sje til, að ríkið hjálpi þessum atvinnuvegi, síldarútveginum, með því, að reistar verði verksmiðjur og starfræktar með hag landsmanna fyrir augum.

Það getur vel komið til mála að reisa verksmiðjur víðar en á Norðurlandi. Síld er veidd fyrir Vestfjörðum og áður fyr var talsverð veiði stunduð frá Austfjörðum, og hafa margir þá trú, að veiði muni verða tekin þar upp á ný í allstórum stíl. Á síðastl. sumri veiddist þar töluverð síld, miðað við hversu útvegur var þar lítill. Virðist ekki rjett að útiloka það, að bygðar verði verksmiðjur annarsstaðar en á Norðurlandi, ef til þess kemur, að fleiri en ein verður bygð. Því leggur nefndin til, að fyrirsögn frv. verði breytt í samræmi við það, enda er gert ráð fyrir því í 1. brtt., að um fleiri en eina verksmiðju sje að ræða.

Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru öllum kunnar. Sú er skoðun kunnugra manna, að einkasala á síld sje lítt gerleg, nema reistar sjeu verksmiðjur til að taka við þeirri síld, sem ekki er hægt að salta. Markaður fyrir saltaða síld er takmarkaður, veiðin oft mikil, svo skip verða jafnvel að hætta veiðum, ef verksmiðjur eru ekki til, sem taka við því af veiðinni, sem ekki er hægt að salta. Þótt allmargar verksmiðjur sjeu að vísu til hjer á landi, þá eru þær í höndum erlendra manna, og reynslan hefir sýnt, að þótt þær

geti tekið við allmiklu af síld, þá sitja landsmenn oftast á hakanum með að geta selt þeim síld. Á síðastl. sumri urðu fjöldamörg innlend skip annaðhvort að moka henni í sjóinn eða láta hana fyrir mjög lágt verð — síldarmálið á þrjár krónur —, svo að ávinningur varð enginn. En þótti betra að selja þessu verði en fleygja síldinni í sjóinn. Slíkt ástand er algerlega óviðunandi.

Á síðasta þingi var samþ. þáltill. um að heimila stjórninni að láta rannsaka stofnkostnað og rekstrarkostnað síldarbræðslustöðvar. Rannsóknin var falin fyrv. forsætisráðherra (JÞ). Komst hann að þeirri niðurstöðu, að ávinningur væri að því að reisa slíka verksmiðju og reka, þó tillaga hans lúti að því, að verksmiðjan sje reist á kostnað ríkisins, en síðan starfrækt af samvinnufjelagi útgerðarmanna.

Hann bendir á, að ef reiknað er með því verði á lýsi og mjöli, sem var á síðastl. sumri, þá muni arðurinn, að frádregnum rekstrarkostnaði, verða um tvær krónur af hverju síldarmáli, miðað við 60 þús. mála vinslu og 9 kr. verð á síldarmáli. Nú þykir Norðmönnum borga sig að flytja óunna síld út til Noregs og vinna úr henni þar. Slík síld er þó ekki nærri eins góð til bræðslu og nýveidd síld; hún rýrist á leiðinni og lýsið, sem úr henni rennur, fer til ónýtis. Auk þess leggst flutningskostnaður á hana, alt að 4 kr. á mál. Þetta bendir á, að hjer sje um allarðsaman atvinnurekstur að ræða.

Allar síldarbræðslustöðvar landsins eru erlendra manna eign, að undantekinni einni, eða jafnvel tveimur, og þeim ekki á sem heppilegustum stöðum. Skipaflotinn, er síldveiði stundar, leggur afla sinn á land á Siglufirði og í Eyjafirði að mestu leyti, og þar þarf að byggja slíkar stöðvar. Þaðan er aðstaðan hægust fyrir skipin að sækja á veiðar. Jeg geri ráð fyrir, að fyrsta síldarbræðslustöðin yrði reist á Siglufirði, því þar er þörfin mest.

Þetta frv. veitir stjórninni aðeins heimild til að reisa síldarbræðslustöðvar. En jeg þykist þess fullviss, að stj. sjái nauðsyn þessa máls og ráðist í framkvæmdir svo fljótt sem við verður komið. Bráðabirgðaákvæði viljum við setja inn í lögin, sem heimilar stjórninni að taka stöð á leigu í sumar, ef fáanleg er. Vegna þeirrar knýjandi nauðsynjar, sem verður á slíkri stöð, samfara einkasölu á síld, þá er þetta nauðsynlegt atriði. En það mun reynast ókleift að byggja bræðslustöð, fullkomnari en þær, sem fyrir eru — því það þarf hún að vera — fyrir síldveiðitímann á næsta sumri. Þess vegna höfum við tekið þetta ákvæði með. Jeg skal ekkert fullyrða um, hvort slíkar stöðvar eru til leigu eða ekki. En það eru tvær stöðvar nyrðra, sem mundu geta komið til mála í sambandi við einkasöluna. Jeg hefi einkum heyrt um eina, sem gæti unnið úr alt að 60 þús. málum síldar. Verksmiðja sú, sem hv. 3. landsk. hefir gert áætlun um, á að geta unnið úr alt að tveim þús. málum á dag. Jeg vil í þessu sambandi drepa á það, að sú hefir verið reynslan, að útlendir menn, sem stunda veiði hjer við land, hafa að mestum hluta haft aðstöðu til þess að geta lagt veiði sína inn í þessar verksmiðjur. Þeir hafa orðið að sækja um heimild til ríkisstjórnarinnar til þess að fá þetta. Svo mikil brögð hafa verið að þessu, að innlendir menn hafa jafnan orðið síðastir í þeim

viðskiftum, og sumir alls ekki komist að. Þetta er ein ástæðan til þess, að hjer verði hafist handa um að tryggja okkar útvegsmönnum slík viðskifti. Jeg vil benda á, að alt veltur á því, hvort þessi leyfi, sem hafa verið veitt í stríðum straumum, verði veitt áfram. Síðasta ár fengu 66 útlend skip slíkt leyfi. Þau áttu þátt í því, að okkar eigin útvegsmenn urðu að fleygja síldinni í sjóinn. Úr þessu verður að bæta, ef unt er. Jeg hygg, að af þeirri litlu reynslu, sem þegar er fengin um rekstur síldarverksmiðja, sje engin veruleg hætta á ferðum. Af þeim vörum, sem heyra undir sjávarafurðir, eru yfirleitt fáar vörur jafntryggar á heimsmarkaðinum og þessar: lýsi, síldarmjöl og fiskimjöl. Að dómi fróðra manna er altaf að aukast eftirspurn að þessum vörum. Menn hafa komist að raun um, að í landbúnaðarlöndunum hafa þessar vörur mikla þýðingu, því að þær eru að verða viðurkendar hið mesta kjarnfóður fyrir nautgripi, hvað mjólið áhrærir. Eina áhættan er sú, að veiðin er misjöfn. Hún stjórnast að langmestu leyti af veðráttunni. Ef veðrátta er hagstæð, má telja víst, að meðalafli fáist. Reynslan er sú, að veðráttan skapar síldveiðina. Það gæti því farið svo, að í illu árferði fengi verksmiðjan lítið verkefni. Við því er ekkert að segja, því að um leið og við viljum opna okkur möguleika til gróða, verðum við að taka áhættuna, sem þeim fylgja. En ef slíkt kæmi fyrir, eru miklar líkur til þess, að það vinnist upp með hærra verði á síldinni og síldarafurðum. Í þessu efni er sjaldan hægt að slá tvær flugur í einu höggi.

Jeg skal örlítið minnast á þá stefnu, sem fram kemur í áliti minni hl., sem mína persónulegu skoðun. Hún er sú, að þessi stöð sje reist af einstökum mönnum og ríkið leggi fram 1 milj. kr. lán sem tryggingu. Jeg verð að láta þá skoðun í ljós, og hún mun engum koma á óvart, að jeg hallast eindregið að því, að það verði ríkið eitt, sem verksmiðjuna reki. Við höfum enga tryggingu fyrir því, að verði á hrásíld verði ekki haldið óeðlilega langt niðri, ef verksmiðjan er í höndum einstakra manna. Það hefir bólað á þessu síðastliðið sumar. Mjög miklar líkur eru til þess, þó að ekki hafi fengist fullar sannanir, að síldarverðið hafi getað verið hærra en verksmiðjurnar gáfu. Við getum tekið til samanburðar það verð, sem Norðmenn gáfu. Það er sterk hvöt fyrir menn, sem við slíkan verksmiðjurekstur fást, að mynda hagsmunahring um síldarverðið, til þess að skapa gróða. Hið almenna verð á hrásíld síðastliðið sumar var um 9 kr. fyrir málið. Önnur íslenska stöðin á Vesturlandi bauð ekki nema 8 kr. (**ÓTh:** Hún keypti fyrir 10 kr., 10,50 kr. og 11 kr.). Jeg hefi fyrir mjer framkvæmdarstjóra Walpole. Mjer er fyllilega kunnugt um það, að falast var eftir mörgum botnvörpuskipum hjer til að veiða í verksmiðjuna, en þau gátu ekki fengið nema 8 krónur fyrir síldarmálið hjá h/f „Kveldúlfi", en fyrir það verð sögðust þeir framkvstj., er hlut áttu að máli, ekki geta látið skipin fara. En stöðin í Önundarfirði, sem Íslandsbanki starfrækti, borgaði 10 kr., enda hafði hún verri aðstöðu til þess að fá síld. Á Norðurlandi var 9 krónur það almenna verð. En ef það er rjett, að Norðmenn hafi haft ávinning af því að borga 14 kr. fyrir málið af verri

síld, má nærri geta, hvaða sanngirni var í því verði, sem hjer var greitt. Síldarútvegsmenn geta tekið gróða af verksmiðjunum, þó að þeir skrifi tap af skipunum, sem hvorttveggja eiga. Það er ekkert, sem tryggir, að þetta eigi sjer ekki stað, nema því aðeins, að ríkið sjálft hafi útispjót með að vera sá eðlilegi hemill gegn slíkum samtökum. Þess vegna vil jeg, að ríkið byggi og starfræki stöð á Norðurlandi, og víðar, eftir því sem þörfin krefur.

Ef jeg hefði verið viðbúinn að taka til máls, mundi jeg hafa reynt að rökstyðja enn betur mitt mál. En málið var tekið svo fljótt á dagskrá, að við því varð ekki gert.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Við athugun þessa máls er fyrst að því að spyrja, hvort sjávarútvegsins vegna sje þörf á, að reistar sjeu í bráðina fleiri bræðslustöðvar hjer á landi. Jeg álít, að ef þær stöðvar, er fyrir eru, væru eign Íslendinga, nægðu þær fyllilega þörfum landsmanna, en með því að flestar þeirra eru eign erlendra manna, sem til þessa hafa einungis gætt eigin hagsmuna, höfum við minnihl.menn getað aðhylst, að frv. þetta næði fram að ganga, ef brtt. okkar verða samþ.

Tillögur okkar eru þær, að í stað þess, að stöðvarnar verði stofnaðar og starfræktar fyrir reikning ríkissjóðs, þá hafi ríkissjóður þau ein afskifti af málinu, að hann útvegi útvegsmönnum fje til slíks starfa, ef þeir mynda með sjer samlag í því augnamiði og geta sett nægar tryggingar fyrir lánunum.

Teljum við fullvíst, að ekki standi á útgerðarmönnum um fjelagsmyndun, en geti þeir ekki sett tilsettar tryggingar, getum við sætt okkur við þá bráðabirgðaráðstöfun, að ríkið stofni og starfræki stöðvarnar, en þó því aðeins, að starfrækslan verði með alveg sjerstökum hætti, þeim, að ríkið kaupi ekki síldina, en taki hana aðeins til bræðslu af útgerðarmönnum fyrir þeirra reikning og á þeirra áhættu.

Rekstur slíkra stöðva getur verið mjög áhættusamur, og það er sjálfsagt, að sá, sem nýtur góðs af stofnun þessara stöðva, beri einnig áhættuna af þeim, eigi síst þegar svo er sem hjer er, að með þeim hætti er sjálfu fyrirtækinu alveg tvímælalaust best borgið.

Við minnihl.menn erum nú yfirleitt þeirrar skoðunar, að flestri starfrækslu sje betur borgið í höndum einstaklingsins en ríkisins, en þótt þessum grundvallarstefnumun sje slept, er hitt auðsannað, að þessi sjerstöku fyrirtæki standa alt öðruvísi og miklu betur að vígi, ef sjálfir framleiðendurnir — viðskiftavinirnir — eiga þau, heldur en í eign ríkisins og starfrækt fyrir þess reikning. En það er vegna þess, að aðaláhætta slíkra fyrirtækja er sú, að eigi fáist hæfilegt síldarmagn til vinslu við hæfilegu verði. Eigi ríkið stöðvarnar og starfræki þær með sama hætti og einstaklingarnir, er hjer eiga slíkar stöðvar, hvílir áhættan á ríkinu með alveg sama þunga. Eigi hinsvegar útvegsmenn stöðvarnar sjálfir, dregur mjög úr þessari áhættu.

Það er staðreynd og viðurkent af öllum, sem nokkra þekkingu hafa á þessu máli, að aflabrögð eru afar misjöfn frá ári til árs einmitt um þessa veiði, og miklu meiri aflamunur en t. d. á þorskafla. Reynslan hefir sýnt,

að þegar vel aflast, berst mjög mikið af síld til bræðslustöðvanna, enda verður síldin þá verðminni til söltunar. En þegar illa aflast, er hún verðmikil til söltunar og menn reyna þá að komast í kringum gerða samninga við síldarbræðslustöðvarnar. Mætti gera ráð fyrir því, að ætti ríkið stöðvarnar, hefðu útgerðarmenn sömu freistinguna til þess að reyna eins að hlíðra sjer hjá óhagstæðum samningum við þetta fyrirtæki eins og ef skift er við einstaka menn. Hinsvegar, ef tillaga minni hl. er samþ. og útgerðarmenn eru sjálfir eigendur fyrirtækisins, hafa þeir meira aðhald og áhuga á því að sjá fyrirtækinu borgið, og eru þá líkurnar miklu meiri til þess, að fyrirtækið gæti borið sig. Með þessu vil jeg leiða athygli hv. þm. að því, að í fyrsta lagi er hjer um áhættufyrirtæki að ræða, og í öðru lagi, þótt slept sje grundvallarstefnumun hjá meiri og minni hluta, þá er sjálft fyrirtækið öruggara, ef það er eign viðskiftavinanna sjálfra en ef það er eign ríkisins.

Alt ætti betta að vera hv. deildarmönnum ljósara, ef þeir hafa veitt athygli framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. Aðalrök í ræðu hans voru þau, að ríkið ætti að kaupa síld útgerðarmanna hærra verði en aðrir vildu greiða og þannig hækka gangverð síldarinnar til bræðslustöðvanna. Á síðasta ári var hagur bræðslustöðvanna yfirleitt góður, og höfðu flestar þeirra tekjuafgang. Var hvert mál af síld keypt á 8—11 kr. í bræðslu. Eins og kunnugt er, hefir hv. 3. landsk. gert nákvæma rannsókn á þessu máli að tilhlutun hæstv. stjórnar, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hvert mál síldar sje 11—12 kr. virði, eða frá kr. 11.04 til kr. 12.19, eftir því hve verksmiðjunum berst mikið af síld og ef miðað er við bestu tæki. Ef það verðfall á síldarmjöli hefði þá verið komið á, sem nú er, ber að lækka þessa tölu um kr. 2.50, og er þá málið kr. 8.50—9.50 virði, en yfirleitt var hærra verð greitt á síðastliðnu sumri fyrir hvert mál. Með öðrum orðum, ef það verðfall hefði verið skollið yfir, sem nú er, hefði þessi atvinnuvegur ekki orðið arðvænlegur. Jeg vil leiða athygli hv. deildarmanna að því, að þetta er ekki áhættulaust fyrirtæki, og sjerstaklega ef hlutverk þess á að vera að hækka verð síldarinnar til bræðslu. Það er ekki nóg að líta á hag annars aðiljans í þessu máli.

Ríkið á ekki aðeins að leggja fram 1 milj. króna til þess að stofna þetta fyrirtæki, heldur einnig að reka það með slíkri óvissu, sem hlýtur að verða eftir tillögum meiri hl. Jeg veit ekki, hvort það er stefna bændaflokksins að eyða fje ríkissjóðs til þarfa sjávarútvegsins, en þó mjer beri ekki að mæla á móti því, að sú atvinnugrein sje styrkt, vil jeg þó ekki hætta fje ríkissjóðs að nauðsynjalausu.

Jeg hygg, að jeg hafi nú aðeins drepið á nokkur höfuðatriðin, sem mæla með því, að tillaga okkar minnihlutamanna nái fram að ganga. Auk þeirrar megintillögu, að fyrirtækið verði eign einstakra manna og starfrækt af útgerðarmönnum sjálfum, fremur en af ríkinu, hefir minni hl. borið fram tvær aðrar brtt. Hin fyrri er brtt. við 3. gr. frv., að ríkisstjórninni sje heimilað að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta er að vísu aðeins orðabreyting, en mjer finst hugsunin skýrari eftir brtt. minni hl. Minni hl. hefir

einnig lagt til að breyta fyrirsögn frv., hvort sem frv. verður samþ. eða aðaltillagan, þá heiti frv. ekki frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi, heldur frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva, þar sem gert er ráð fyrir, að heimilt sje að byggja bræðslustöðvarnar víðar en á Norðurlandi.

Sje jeg ekki ástæðu til að fara ítarlegar út í þetta mál, en mun að sjálfsögðu athuga þau gögn, sem frsm. meiri hl. kann að bera fram.

Sveinn Ólafsson: Mjer kom satt að segja á óvart, að þetta 15. og síðasta mál á dagskrá skyldi verða tekið til umræðu á undan 14. máli, sem er einkasala á útfluttri síld. Það er nú svo, að líta má á slíkt frv. sem þetta, eða ráðstöfun þá, sem það víkur að, eins og eðlilega afleiðingu af einkasölu á síld. Jeg álít, að það stappi nærri skyldu fyrir ríkið að tryggja það, þegar einkasalan er komin á, að síldarverksmiðjur komi upp jafnframt. Þegar einkasalan er komin á og menn geta ekki lengur flutt út síld eftir því sem þeir afla, þá er í voða stefnt, ef menn geta ekki gert sjer fje úr síldinni á annan hátt. Þegar jeg minnist á þetta mál, þá geri jeg það með þeirri hugsun, að einkasalan verði lögleidd fyrst, þótt hún gangi ekki á undan hjer, og lít jeg á þetta mál sem eðlilega afleiðingu af þeirri samþykt.

Eins og þingskjöl bera með sjer, náðist ekki samkomulag um þetta mál í sjútvn., og ber þar margt á milli. Báðum stefnum hefir verið lýst hjer af framsögumönnum, og þarf jeg ekki að skýra þann mun frekar. En jeg vil fyrir mitt leyti taka það fram, að þegar svo er komið, að einkasölufyrirkomulag er í uppsiglingu og auðsjeð er, að því muni verða komið á, þá virðist ekki geta verið um annað að ræða en að ríkið annist þessa framkvæmd, sem hjer um ræðir. Mjer virðist, sem tilviljun ein muni ráða framkvæmd þessa máls, ef ríkið fer að leggja fje af mörkum til einstakra manna í þessu efni eða til stofnunar síldarbræðslu. Minni hl. vill sem sje veita stjórninni heimild til þess að útvega þetta fje handa fjesýslumönnum, hafa það á reiðum höndum, bíða með framboðið fje, þar til einstakir menn vilja reisa bræðslustöðvarnar, og þá fyrst að reisa þessar stöðvar, ef þeir gefast upp eða geta ekki sett nægilega tryggingu fyrir því láni, sem þeir kynnu að fá. Þetta er því hreint Lokaráð, sem minni hl. bendir á, svo óvíst og reikult sem mest má verða. Það virðist harla undarlegt hjá minni hl. að vilja byggja svo á atvikum og tilviljun um það, hversu einkasölufyrirkomulagið gefst, að koma því á án þeirrar nauðsynlegu tryggingar, sem bræðslustöðvarnar eru því. Frsm. minni hl. hyggur, að fyrirtækinu muni betur borgið í höndum útgerðarmanna en í höndum ríkisvaldsins. Þetta er meira en vafasöm tilgáta, og jeg tók ekki eftir því, að hv. frsm. styddi þessa skoðun með nokkrum frambærilegum rökum, og verð jeg því að álíta þetta fullyrðingar einar, og þær hafa margar heyrst áður. Það fer auðvitað alt eftir mönnunum, sem fyrir fyrirtækinu standa, hversu til tekst um árangurinn (**ÓTh:** Jeg leiddi þá hlið málsins alveg hjá mjer og færði alt önnur rök fyrir máli mínu.), en altaf

getur svo við borið, að misjafnlega hæfir menn veljist til starfans. Jeg get því ekki lagt mikið upp úr þessum fullyrðingum hv. frsm. Mjer finst einmitt, að byggja eigi á því um leið og einkasalan kemst á, að ríkið geri svo ábyggilegar og vissar ráðstafanir um það atriði, að einkasalan þurfi ekki að eiga undir tilviljun eða dutlungum einstakra manna, sem með það fyrirtæki ættu að fara. Það þarf ekki að ræða þá spurningu, hvort fyrirtækið sje arðvænlegt eða ekki. Það er upplýst af sjerfróðum mönnum, að svo er, ef vel er á haldið, meðal annars af hv. frsm. minni hl., að á síðustu árum hefir afkoma bræðslustöðvanna verið góð. **(ÓTh:** Jeg sagði aðeins á síðasta sumri).

Hv. frsm. minni hl. benti rjettilega á það, að ef veiðin væri svo lítil, að stöðvarnar hefðu ekkert að gera, þá leiddi af því tjón fyrir fyrirtækið, en jeg get ekki sjeð, að áhættan verði minni fyrir því, þótt um sje að ræða fyrirtæki einstakra manna, en ríkisins, nema síður sje.

Hv. frsm. minni hl. benti á, að afurðir bræðslustöðvanna væru fallandi í verði á síðustu tímum og því væri ekki eins álitlegt að ráðast í þetta fyrirtæki nú og verið hefði. Það er líklega eitthvað til í þessu, en jeg hygg, að ennþá megi líta á afurðir síldarbræðslustöðvanna sem auðselda og trygga vöru. Þess vegna má ekki aftra því, ef einkasala kemst á, að þessi sjálfsagða og nauðsynlega ráðstöfun um bræðslustöðvar verði framkvæmd. Jeg sje ekki ástæðu til þess að skifta mjer af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði um stefnumun framsóknarmanna og jafnaðarmanna annarsvegar og íhaldsmanna hinsvegar; það skiftir ekki miklu máli og er margendurtekinn hjegómi; læt jeg það alveg liggja milli hluta. En jeg endurtek, að þar sem telja má víst, að einkasöluráðstöfunin verði gerð, þá sje ekkert undanfæri að samþ. þetta frv., eins og meiri hl. hefir lagt til. En jafnalvarlega verð jeg að leggja á móti því, að fyrirtæki þessu verði gloprað í hendur einstakra manna. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, enda hygg jeg, að hjer fari eins og oft vill verða, að langar umr. geri lítið til þess að ákveða úrslit málsins.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg ætla aðeins að svara hv. frsm. minni hl. fáum orðum. Jeg ætla ekki að fara út í áhættuna. Eins og jeg gat um í framsöguræðu minni, byggist áhættan fyrst og fremst á síldveiðinni og að nokkru á verði afurðanna, en á því er minni hætta eins og horfur eru nú, og get jeg ekki annað sjeð en að áhættan sje jafnmikil, þótt fyrirtækið sje eign einstakra manna eða ríkisins. Að verðið hafi fallið, hygg jeg, að sje nokkuð úr lausu lofti gripið hjá hv. frsm. minni hl. Verð á síldarmjöli hefir lækkað um £ 1 á tonni, eða úr £ 16 í £ 15. En hv. frsm. gleymdi, að um leið hefir lýsið stigið um £ 2 á tonni. Verð á síldarlýsi mun vera sem næst £ 27 tonnið, og það þýðir ekki að halda því fram, að verð á afurðum síldarbræðslunnar fari hríðfallandi, því að alt bendir til þess, að eftirspurnin aukist. Í „Ægi" segir, að í Ameríku vanti nú um 200 þús. smál. af síldarmjöli, og ennfremur, að annað stórveldi

— hjer í álfu, Þýskaland — vanti 450 þús. smál. til þess að fullnægja sínum landbúnaðarþörfum. „Ægir“ hefir tekið þetta upp úr erlendu tímariti, sem ritar um þessi mál.

Jeg ætla ekki að svara þeirri fjarstæðu, að öryggi fyrirtækisins sje meira, ef útgerðarmenn hafi það með höndum. Jeg vil í þessu sambandi benda á, að norskir útgerðarmenn hafa einnig sínar bræðslustöðvar og kaupa af þeim fiskimönnum, sem best bjóða, og geri jeg ráð fyrir því, að íslenskum fiski- og útvegsmönnum væri ekki ókærara að selja ríkinu, ef þeir hefðu meira upp úr því.

En það var annað að heyra á háttv. frsm. minni hl. Hann flutti það eins og nokkurskonar ógnun frá útgerðarmönnum, að aðeins örlítill hluti íslenskra útgerðarmanna mundi skifta við þetta fyrirtæki, ef það væri eign ríkisins. Háttv. frsm. þarf auðvitað ekki að skifta við þetta fyrirtæki, því að hann á sjálfur síldarbræðslustöð, en jeg hygg, að hann ráði aðeins fyrir sig, og hinir allir mundu taka því feginshendi að selja verksmiðju ríkisins og fá þannig tryggingu fyrir sanngjörnu verði.

Jeg hefi ekki sagt, að það ætti að vera hlutverk bræðslustöðvarinnar að hækka síldina í verði, heldur að tryggja framleiðendum sanngjarnt verð fyrir vöru sína, að frádregnum rekstrarkostnaði og hæfilegum hagnaði verksmiðjunnar. En þetta þýddi hærra verð á hrásíld en síðastl. sumar, miðað við sama verð á afurðum síldarinnar. Fyrir því er engin trygging, að verksmiðjur útgerðarmanna gefi sanngjarnt verð fyrir síldina, og mundi það þá koma fram á öllum þeim fjölda skipa, sem hafa þessa grein sjávarútvegsins að atvinnuvegi.

Hv. frsm. minni hl. gaf upp tölu þeirra skipa, sem stunduðu síldveiði síðastl. sumar, og taldi þau 171 skip. Jeg skal ekki segja, hvað mikið má byggja á þessari skýrslu, sem mun vera dálítið lauslega gefin, en vitna þó í hana samt sem áður, og eftir því hafa 184 skip, að togurum meðtöldum, stundað þessa veiði, og það er ekki alllítill fjöldi. Hann benti einnig á það, hve mikil áhætta gæti fylgt þessu fyrirtæki. Jeg hefi minst á þessa áhættu áður og skal ekki fjölyrða um hana nú. En það er efni, sem hægt er að deila um, hve mikið verksmiðjurnar geti tekið við af síld, en hitt er ljóst, að ríkisverksmiðja til stuðnings einkasölu má ekki binda sig við fyrirfram gerða samninga nema að litlu leyti, svo að hún geti tekið við síld af þeim skipum, sem hafa bundið nokkurn hluta veiði sinnar við einkasöluna.

Hann var að tala um, að útgerðin myndi hliðra sjer hjá því að skifta við þetta fyrirtæki. Þetta er nú sama hótunin og áður hefir komið fram, og býst jeg ekki við, að mikið sje leggjandi upp úr þessari hótun.

Hv. frsm. minni hl. vildi nú ekki segja nema undan og ofan af um hag þessara bræðslustöðva. En hann þarf engum að gefa í skyn, að hagur þeirra sje ekki sæmilegur. Norðmenn myndu ekki leggja svo mikið kapp á starfrækslu þeirra hjer sem raun ber vitni, ef ekki væri arður af þeim í flestum árum, þótt auðvitað geti þau ár komið fyrir, að afli bregðist svo mjög, að halli verði á þeim. Þá er arðurinn þeim mun meiri í aflaárunum. Og það er áreiðanlegt, að niðurstaða síðasta árs

hefir verið svo glæsileg, að ef menn vissu um hana til hlítar, myndu menn ekki hika við að leggja út í þetta fyrirtæki. Jeg skal ekki fara út í það, hve gróði bræðslustöðvar hv. þm. sjálfs hefir orðið mikill síðastl. ár, en sögur ganga um það, að hann hafi orðið allverulegur.

Um verð það, er bræðslustöðvarnar greiddu fyrir síld í sumar, er það að segja, að það mun hafa verið 8—10 kr. fyrir málið, og stundum enn lægra. (**ÓTh:** Jeg hefi borgað 11 kr. fyrir málið). Það er ekki samningsverð. Í upphafi síldveiðitímans var ekki hægt að fá meira en 8 kr. fyrir málið, og jeg veit dæmi til þess, að fiskimenn, sem áttu ekki annars úrkosti, hafi verið píndir til að láta málið á 3—4 kr.

Útlendingar sátu yfirleitt einir að bræðslustöðvunum. Það er ein afleiðingin af gerðum fyrverandi stjórnar. Hún hafði gefið útlendingum leyfi á leyfi ofan, t. d. við Krossanes. Það var ekki svo vel, að leyfi þetta væri aðeins bundið við eitt ár, heldur gildir það einnig fyrir hið yfirstandandi. Fyrv. stj. hafði aukið skipafjölda útlendinga hjer við land ár frá ári og á þann hátt útilokað Íslendinga frá verksmiðjunum. Þetta er einn ávöxturinn af afrekum þeirrar stjórnar.

Jeg vildi taka það fram út af ummælum hv. frsm. minni hl. um stjórnarstefnu bænda, að það hefir sýnt sig bæði nú og áður, að Framsóknarflokkurinn hefir engu síður skilning á þörfum og kröfum fiskimanna heldur en Íhaldsflokkurinn. Með stofnun þeirrar verksmiðju, er hjer um ræðir, líta þeir fyrst og fremst á hag fiskimanna og smáútgerðarmanna, því þær stjettir eiga fyrst og fremst að hafa hag af þessari stofnun, fremur öðrum. Hitt get jeg skilið, að hv. frsm. minni hl. líti fyrst og fremst á hag stórútgerðarmanna og óski, að arðurinn af þessum rekstri falli þeim í skaut, jafnvel þótt í þeim arði felist nokkur hluti þess arðs, er fiskimenn sjálfir eiga með rjettu. Þetta er hagsmunastefna, sem ekkert er við að segja frá þeirra sjónarmiði. Það er eðlilegt, að menn vilji fara eins langt og þeir komast, en hitt er líka eðlilegt, að þjóðfjelagið setji við þessu nokkrar skorður, til varnar þeim, sem minni máttar eru.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Þegar hvalafrv. var á ferðinni hjer í deildinni, var vegið svo að einum stórfiskinum hjer, að búast hefði mátt við, að honum yrði það minnisstætt, í nokkra daga að minsta kosti. Svo rækilega skrúfaði hv. þm. V.-Ísf. niður í hv. 4. þm. Reykv., sem þá eins og oftar talaði af meiri hávaða en þekkingu. Jeg sá, að þetta hafði haft einhver áhrif tvo fyrstu dagana, en því miður hefir sýnt sig, að þau áhrif eru ekki deildinni til blessunar lengur. Jeg verð að kvarta yfir því í fullri alvöru, að mjer finst óskemtilegt að verða að hafa framsögu á hendi, þegar þessi hv. þm. er annarsvegar. Jeg skal játa það, að mjer þykir skemtilegra að deila við marga aðra, og þar á meðal flokksbræður hans hjer í deildinni.

Jeg þarf ekki að svara hv. 1. þm. S.-M. mörgu. Hann benti á, að ef lítið veiddist af síld, væri jafnan nokkur áhætta á rekstri slíkra fyrirtækja, en sú áhætta væri ekki meiri, þótt verksmiðjan væri eign ríkisins en við-

skiftavinanna. Við skulum nú hugsa okkur, að þetta sje rjett. En ef svo er, að hjer sje um áhættu að ræða, virðist liggja miklu nær, að hún lendi á viðskiftamönnum fyrirtækisins, en vegna þeirra er fyrirtækið stofnsett, heldur en landsmönnum í heild, úr því að viðskiftamennirnir vilja taka hana á sig.

Auk þess er það ekki rjett, að áhættan sje jöfn, hvor leiðin sem farin er. Jeg hefi sýnt fram á það áður, að miklu minni líkindi eru til, að verksmiðjan verði hart úti í aflaleysisárum, ef viðskiftamennirnir eiga hana sjálfir. Jeg þarf ekki að endurtaka fyrri ummæli mín um þetta atriði. En jeg vil benda á það, að síðustu 14 ár hefir síldaraflinn verið um 110 þús. mál að jafnaði, en síðastl. sumar fór nær sexfalt meiri síld í bræðslustöðvarnar. Hjer var um einstakt aflaár að ræða. Þetta sýnir, að aðalástæðan til að reisa þessa fyrirhuguðu bræðslustöð er ekki sú, að bræðslustöðvar vanti hjer á landi, heldur hin, að bræðslustöðvar þær, sem nú eru, eru að mestu í höndum útlendinga, og þeir gæta aðeins eigin hagsmuna. Þetta er ástæðan til þess, að jeg er því fylgjandi, að ný bræðslustöð verði sett upp.

Jeg hefi áður sýnt fram á það, hve mikið veltur á því, að bræðslustöð sem þessi hafi næga síld til vinslu. Í álitinu því, sem hv. 3. landsk. hefir sent frá sjer, sannar hann, að ef stöðin fái aðeins 60 þús. mál til vinslu, verði hvert mál einnar krónu minna virði heldur en ef hún fær 120 þús. mál. Svo mikið veltur á því, að nægilegt síldarmagn sje fyrir hendi, þótt það megi hinsvegar ekki vera of mikið, því að þá er hætt við, að síldin spillist í þrónum, áður en hún getur komist í bræðslu.

Þá vil jeg víkja lítið eitt að staðleysum hv. 4. þm. Reykv. Hann sagði, að það væri gripið úr lausu lofti, að síldarmjöl hefði fallið niður í 11 £ smálestin. Mjer er kunnugt um þetta, því að sjálfur átti jeg 100 smálestir óseldar af síldarmjöli, og fjekk tilboð um þetta verð, en neitaði að selja, og get nú fengið 12 £ fyrir smálestina. (**SÁÓ:** Jeg hefi skeyti, sem sannar þetta). Frá hverjum er það skeyti? — Þá var hann eitthvað að tala um „Ameríku og önnur stórveldi hjer í álfu". Hann talaði um, að 200 þús. smál. af síldarmjöli vantaði í Ameríku. Óskiljanlegt er, að verðfall ætti sjer stað, ef svo væri, því að venjulega hækkar mikil eftirspurn verðið.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði haft hótanir í frammi fyrir hönd útgerðarmanna í garð verksmiðjunnar, ef hún yrði ríkiseign. Þetta er með öllu rangt. En jeg benti á það, að ef verð hækkaði á saltsíld um veiðitímann, væri meiri hætta á, að menn hefðu tilhneigingu til að smeygja fram af sjer samningum við verksmiðjuna, ef þeir ættu hana ekki sjálfir.

Hv. þm. sagði, að afkoma þessara fyrirtækja hefði verið góð undanfarið. Jeg skal viðurkenna, að afkoma þess fyrirtækis, sem jeg er kunnugastur, var mjög góð síðastl. sumar, enda var síldarmagn það, er sú verksmiðja fjekk til vinslu, hæfilegt. Hitt er ekki rjett, að hagur þessara fyrirtækja sje góður yfirleitt. Hv. þm. vill sanna það með því að benda á, að útlendingar hafi ráðist í þennan atvinnurekstur hjer. Auðvitað hafa þeir gert það af því, að þeir hafa gert sjer von

um gróða, en það er nú ekki ávalt, að reynslan staðfesti vonir manna, enda hafa mörgum brugðist ágóðavonir í sambandi við þennan atvinnurekstur. Hitt dettur mjer ekki í hug að segja, að atvinnurekstur þessi sje svo hættulegur, að frágangssök sje að stunda hann. Þetta er heilbrigður atvinnurekstur, sjerstaklega ef þeir, sem eiga framleiðslutækin, eru eigendur bræðslustöðvanna.

Það var rjett hjá hv. þm., en þó ekki nema að nokkru leyti, að menn neyddust til að selja síld mjög lágu verði í verksmiðjurnar í nokkra daga í sumar á Siglufirði. Slíkt getur auðvitað altaf komið fyrir, því að ekki er hægt að búast við því, að verksmiðjurnar geti verið við því búnar að taka á móti því mesta magni, sem að getur borist, því að þá yrðu meðalárin þungbær. Jeg vil einnig benda á, að innlendu verksmiðjurnar guldu ekki lægra en 8 kr. fyrir málið.

Hv. þm. var að tala um, að hjer væri um stórgróðafyrirtæki að ræða, og væri því eðlilegt, að jeg vildi fremur láta útgerðarmenn hirða arðinn en hið opinbera, eins og hann sjálfur kveðst kjósa. Jeg lít nú svo á, að stofnun þessarar bræðslustöðvar sje fremur gerð sem öryggisráðstöfun en í gróðaskyni. En væri um stórgróða að ræða, ætti hann ekki að vera því mótfallinn, að viðskiftavinir verksmiðjunnar ættu hana sjálfir. Honum ætti að vera umhugað, að sjómenn sjálfir nytu góðs af þessum gróða. Það er nú orðið allalment og tíðkast meir og meir, að sjómenn sjeu ráðnir upp á hlut af afla, og togaraeigendur hafa boðið þeim slík ráðningarkjör. Ef sjómenn eru alment ráðnir á þann hátt, væru þeir þar með orðnir að hluthöfum í framleiðslunni. Hv. þm. er því að hafa hag af sjómönnum með þessu, ef um gróða er ræða.

Jeg vil taka það fram að endingu, að eins og nál. minni hl. ber með sjer, tel jeg rjett, að bræðslustöð þessi verði stofnuð, en jeg vil um leið benda á, að hjer er um áhættufyrirtæki að ræða, og úr því að ríkissjóður getur bætt úr þessari nauðsyn án þess að leggja á sig áhættu, þá tel jeg sjálfsagt að fara þá leið.

Útgerðarmenn eiga sjálfir að eiga fyrirtækið. Með því losnar ríkissjóður við áhættu af framlagi stofnfjár að mestu, og um leið við þá áhættuna, sem verst er, sem sje áhættu af starfrækslu. Hún getur orðið mjög mikil, ef þær leiðir eru farnar, sem meiri hl. sjútvn. ætlast til.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg þarf ekki að svara hv. frsm. minni hl. mörgu. Jeg vil þó nokkuð víkja að því, er hann sagði síðast. Rök hv. þm. eru þessi: þekkingarleysi, vont að svara o. s. frv. Jeg skal ekki deila við hann um þessi atriði. En eitt er víst, að við skiljum hvor annan. Hann berst á móti því, að ríkið eða nokkur fjelagsskapur, sem samvinna nefnist, ráðist í síldarverksmiðjurekstur. **(ÓTh:** Jeg ber fram till. um, að ríkið hjálpi samvinnufjelagi útgerðarmanna. Er þm. ruglaður?). En mjer er fyllilega ljóst, að síldarverksmiðjuhringurinn h/f Kveldúlfur og útlendingarnir vilja einir sitja að krásinni. Allir vafningar hv. þm. utan um þetta eru svo augljósir, að allir eru nú farnir að sjá, fyrir hverju hann berst.

Jeg skil það vel, að hv. þm. vilji

sem minst við mig tala um þessi mál, því hann veit það af langri reynslu, að fáir hjer í þessum sal sjá hann jafnvel í gegn í þessu máli. (**ÓTh:** Heyr á endemi!). Mig getur hann aldrei blekt. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að halda þeirri fjarstæðu fram, að meiri hætta sje fyrir ríkið en einstaka menn að bræða síld. Áhættan er fyrir báða jafnt í aflaleysisárum. (**ÓTh:** Hefir þm. ekki heyrt rök mín? Vill hann ekki hrekja þau?). En arður góðæranna á að geta dregið úr þeirri áhættu hjá ríkinu, en það verður ávalt eyðslufje hjá einstaklingunum samkvæmt reynslunni. Þá vill hv. þm. rökstyðja þessa áhættu með meðalsíldarfeng undanfarandi 14 ára. En þetta segir aðeins hálfan sannleikann, því ekkert segir hann, hve skipafjöldinn var mikill. Það eina rjetta er að taka meðalafla skips eftir tegund og bera það saman frá ári til árs. Skipafjöldinn eykst með ári hverju, eins við síldveiðar sem annan veiðiskap, og það hefir ekki hvað síst áhrif á síldarfenginn í heild.

Um verðfallið á síldarmjölinu skal jeg ekki þrátta við hann. Jeg vil ekki rengja hann um, að honum hafi boðist það, sem hann segir. En hitt er jafnvíst, að núverandi markaðsverð í Hamborg er á 1. fl. mjöli 15 sterlpd. smálest. En þess lætur hann ógetið, að verð á síldarlýsi er nú 27 sterlpd. smál., eða 1 sterlpd. hærra en hann hefir tilnefnt.

Jeg tilnefndi Ameríku og stórveldi í Evrópu sem dæmi um markaðshorfur í framtíðinni fyrir síldarmjöl. Hann gerði tilraun til að snúa út úr þessum orðum mínum. En veit hann þá ekki, að fróðir menn í þessum efnum erlendis halda því fram, að til þess að fullnægja eftirspurninni í Ameríku vanti 200 þús. smál. og í Þýskalandi er mögulegt að auka markað? Gert er ráð fyrir, að þýskur landbúnaður geti tekið á móti 450 þús. smál. Það er talin full vissa fyrir því, að síldarmjöl og lýsi muni verða mjög eftirspurð vara næst ár og verðlag stöðugt.

Þá kem jeg að síldarverðinu síðastl. sumar. Hv. þm. gerir lítið úr því, að menn hafi selt lágu verði. Það gildir hið sama um þetta sem margt annað; hv. þm. ber höfðinu við steininn og vill ekki kannast við staðreyndir. Fjöldi skipa varð að láta síldina fyrir 3 kr. síldarmálið, og fjöldi skipa fleygði henni í sjóinn, þegar hvergi varð losað og enginn vildi kaupa. Jafnvel samningsbundin skip urðu að sætta sig við óhæfilegar tafir og biðu eftir afgreiðslu útlendra skipa. Um hið samningsbundna verð hefi jeg áður getið. Þá talaði háttv. þm. um ráðningu háseta og sagði, að þeir væru oftast ráðnir fyrir hlut. Hann veit nú best sjálfur, hve mikill sannleikur er í þessu fólginn. Allir togarar, sem á síld hafa farið, guldu kaup og aukaþóknun, að undanteknum 2 á síðastl. sumri. Enda veit hv. þm., að hann hefir manna mest barist á móti því, að öðruvísi væri. (**ÓTh:** Þetta eru bein og vísvitandi ósannindi. Jeg bauð þessi kjör, en þm., sem er form. Sjómannafjelagsins, þverneitaði). Á öðrum skipum hefir sjaldnar verið hlutur, heldur hin svonefnda „premía". En það er rjett, að að því ber að stefna við síldveiðina, að skipverjar eigi rjettlátan hluta úr veiðinni. En það er með engu móti betur trygt, að þeir fái rjettlátt verð fyrir aflann en með því, að ríkið hafi

verksmiðju, sem altaf getur gefið upp hið rjetta verð síldarinnar. Því það ástand, sem ríkt hefir, um sumpart lágt verð og falið verð, hefir fyrst og fremst komið niður á fiskimönnunum.

Fleiri atriðum í ræðu hv. þm. hirði jeg ekki um að svara. Hann hefir upplýst nóg til þess að sjá, hvar fiskur liggur undir steini. Jeg skal ekki orðlengja um þetta frekar. En málið stendur í nánu sambandi við annað mál, sem hjer er á dagskrá, frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld. Verksmiðjan er ekki annað en trygging fyrir þá, sem háðir verða því sölufyrirkomulagi, sem þar er gert ráð fyrir. Þarf hún því helst að komast á jafnhliða. Einkasalan er varhugaverð án hennar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hafði ekki ætlað mjer að halda fleiri ræður, og veit, að allir virða mjer til vorkunnar, þótt jeg þykist ekki þurfa að svara síðustu ræðu hv. 4. þm. Reykv. En jeg heyrði, að hv. þm. Ísaf. lofaði að halda klukkutíma ræðu, ef jeg stæði upp, og vil jeg hvorki láta hv. deild verða af þeirri skemtun nje heldur þeirri fræðslu, er slík ræða mætti verða hv. þdm. Fleira hefi jeg ekki að segja, en vona, að hv. þm. standi við loforð sitt.

ATKVGR.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leiða athygli hæstv. forseta að því, að marga þm. vantar í deildina, og bið hann að athuga, hvort ekki mundi rjett að fresta atkvgr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ef hv. þm. vill ekki, að brtt. sínar komi nú til atkv., sökum mannfæðar í deildinni, getur hann tekið þær aftur til 3. umr. Jeg mótmæli því, að málið sje tekið af dagskrá.

Sigurður Eggerz: Jeg sje ekki, að neitt sje í hættu, þótt atkvgr. sje frestað. En mjer finst viðfeldnara, að eitthvað af hv. þdm. sje viðstatt, þegar greidd eru atkv. um mál, sem velta á miljónum.

Forseti (JörB): Að vísu er það rjett, að óviðfeldið er, að fáir þm. sjeu við atkvgr. sem þessa. En fundur er löglega boðaður og öllum kunnugt, að hjer mundu greidd atkv. um þau mál, er á dagskrá eru. Verða þeir háttv. þdm., er ekki hafa boðað forföll, því sjálfum sjer um að kenna, ef þeir missa atkvæðis í þessu máli. — Því verður nú gengið til atkvæða.

Brtt. 539,1 feld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, MJ, ÓTh, PO.

nei: SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, BSv.

Fjórir þm. (ÁÁ, GunnS, HK, MG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 555,1 feld með 16:8 atkv.

2. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 539,2 samþ. með 14:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 555,2 (ákvæði um stundarsakir) samþ. með 14:5 atkv.

— 555,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 16:1 atkv.

— 539,3 kom ekki til atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um stofnun síldarbræðslustöðva.

Á 57. fundi í Nd., 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 575, 581).

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Við 2. umr. þessa máls bar minni hl. sjútvn. fram brtt. á þskj. 539, þess efnis, að ef stofnaður yrði fjelagsskapur útvegsmanna í þeim tilgangi að reka síldarverksmiðjur, þá yrðu afskifti ríkisstjórnarinnar þau ein að veita slíku fjelagi lán til rekstrarins, ef það setti þær tryggingar, er stjórnin tæki gildar. Þessar till. voru feldar. Við í minni hl. sjútvn. höfðum þó talið þörfina fyrir bræðslustöðvar svo mikla, að við vildum fallast á, að ef útgerðarmenn gætu ekki sett þær á stofn, þá yrðu þær stofnaðar af ríkinu, en um reksturinn vildum við hafa sjerstaka tilhögun til að firra ríkissjóð áhættu. Þetta var við 2. umr. málsins. En nú eftir þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál, skal jeg lýsa yfir því, að jeg mun ekki geta fylgt frv., nema sú leið verði farin um starfrækslu, sem við stungum upp á. — Jeg veit ekki, hvort hv. þdm. hafa tekið eftir því, að hv. frsm. meiri hl. gaf þá skýringu á málinu, að til þess væri ætlast, að starfrækslan yrði á þá leið, að ríkið keypti síldina af útvegsmönnum og kepti um hana við aðra kaupendur; sem sagt, að ríkið reki áhættuverslun með síldina. Eins og jeg benti á við 2. umr., er hjer um mjög mikla áhættu að ræða fyrir ríkissjóðinn, og hana tel jeg, að skylt sje að varast, enda þótt jeg viðurkenni þörfina á nýrri bræðslustöð, vegna nauðsynja sjávarútvegsins. Úr því að nú á að leggja fram fje úr ríkissjóði, ekki aðeins takmarkað við stofnkostnað, heldur líka rekstrarfje, sem lagt er í hættu, þá hefi jeg fundið ástæðu til að marka mína afstöðu til málsins ákveðið á þann hátt, að jeg get nú ekki lengur átt neina samleið með þeim, sem vilja samþ. frv. — Nú hefir komið fram brtt. frá hv. jafnaðarmönnum um það, að ekki megi selja stöðina nema samþykki beggja deilda Alþingis komi til. Tilefnið er það, að hv. Ed. skaut inn í frv. heimild fyrir stj. til að selja bræðslustöð samlagsfjelagi útvegsmanna, ef það æskti kaupanna. Í Ed. báru jafnaðarmenn fram brtt. um, að þessi heimild fjelli niður, en hún var feld. Við 2. umr. málsins í Nd. báru jafnaðarmenn hjer í deildinni fram samskonar till., sem einnig var feld. Nú bera þeir aftur fram hjer brtt. um, að ekki megi selja stöðina, nema báðar þingdeildir, hvor í sínu lagi, leyfi söluna. Jeg sje ekki betur en að hjer sje farið fram á, að deildin kyngi yfirlýstum vilja sínum, og jeg get vel skilið, að farið er nú fram á slíkt eftir það, sem gerðist hjer í deildinni, þegar þessir sömu hv. þm. neyddu stjórnarliðið til að ganga frá atkv. sínum í merku tollmáli. Þetta eru aðeins nokkrir þættir úr píslarsögu Framsóknarflokksins. Jeg veit ekki, hvers má vænta eftir það, sem á undan er gengið, en jeg ætla þó að vona í lengstu lög, að það verði ekki daglegur viðburður hjer á Alþingi, að hv. þm. skifti svo fljótt um skoðun og stefnu í mikilsverðum málum. Jeg geri mjer vonir um, að till. verði feld. Eig-

inlega ætti að vísa henni frá, en það mun ekki hægt eftir forminu, og vil jeg því skora á hv. þdm. að fylgja mjer að málum og fella hana. Það er móðgun við hv. deild, að hún skuli vera borin fram.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að ræða mikið um efni frv., en mjer þykir bera heldur nýrra við hjer á þingi. Í máli því, sem afgreitt var hjer áðan, fjellu menn frá orðinu. Háttv. frsm. fjell frá orðinu, líklega til þess eins að láta umr. falla niður. Nú er borin hjer fram brtt. og ekkert mælt fyrir henni. Hvernig er þessu varið; á að hætta að ræða málin á þingi? Hjer er um stórþýðingarmikið atriði að ræða, það, hvort á að vera heimilt að selja stöðina samvinnufjelagi, sem kynni að vilja kaupa hana og reka. Með þessari brtt. sýnist mjer vera gerð grímuklædd tilraun til að spilla þessu máli. Annars finst mjer, að annaðhvort ætti að heimila þetta skilmálalaust eða ekki í frv., en ekki að fara þessar fáheyrðu krókaleiðir. Jeg ætla svo ekki að ræða frekar um málið, en undrast, að ekki skuli vera mælt fyrir till.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. skal jeg taka það fram, að þeir tveir hv. þm., sem höfðu kvatt sjer hljóðs, fjellu ótilkvaddir frá orðinu, og get jeg ekki tekið til mín orð hv. þm., þótt jeg stjórnaði umr. Þessir hv. þm., sem hann ámælti, að mjer skildist, fyrir að hafa fallið frá orðinu, svara fyrir sig, ef þeim sýnist, en væntanlega eru þeir sjálfráðir um það, hvort þeir tala eða ekki.

Sigurður Eggerz: Það reyndist svo, sem jeg vissi fyrir, að það varð lítið um rök hjá einokunarmönnunum. Jeg er ekki í minsta vafa um, að hjer er um að ræða fyrirtæki, sem hefir mikla fjárhagslega áhættu í för með sjer fyrir ríkið. Við skulum dálítið íhuga þá leið, sem hv. þm. Ak., sem er flm. málsins, vill fara. Hann vill, að þeir, sem síldina veiða, afhendi hana í verksmiðjurnar gegn fyrirframgreiðslu, er nemi hjer um bil 5 kr. fyrir málið, en síðar greiðist svo uppbót, sem fer eftir því, hvernig fyrirtækið hefir gengið. Ef nú aðrar verksmiðjur bjóða framleiðendum endanlega greiðslu 10 kr. fyrir málið, gæti vel farið svo, að því boði yrði fremur tekið. Sjerstaklega gætu þeir smærri vegna framleiðslukostnaðarins verið neyddir til þess að taka þessu endanlega boði, en svo gæti og verið, að hinir taki heldur endanlegu greiðsluna en að taka nokkra áhættu. Þannig gæti ríkisstöðin orðið neydd til að fara inn í samkepnina. Að öðrum kosti fengi hún ekki hráefni. En þá er áhættan komin í allri sinni dýrð. Á þeim árum, þegar lítil síld veiðist, getur svo farið, að verksmiðjurnar fái mjög litla síld, vegna þess að það borgar sig betur að salta hana, meðan markaðurinn fyrir saltsíld er rúmur og eftirspurn næg, og geta þær þá alls ekki borið sig.

Þetta vita menn ekki fyrirfram, og birgir verksmiðjan sig því upp með salt, tunnur, starfsfólk og annað, og þegar svo fer, að lítil síld fæst, hlýtur óhjákvæmilega að verða halli á rekstrinum. Óhöppin geta líka komið fyrir, þótt næg síld fáist. Ef til dæmis síld skemmist, getur það haft áhrif á alla

framleiðsluna. Jeg sje ekki annað, hvernig sem á málið er litið, en að verksmiðjan hljóti að verða að haga sjer eins og hinar. Hún verður að keppa um síldina og kaupa hana fyrir vist, ákveðið verð. Af því er auðsætt, að hún verður að fá starfsfje, og þá væntanlega frá ríkissjóði. Og hversu mikið þarf það starfsfje að vera? Það skiftir hundruðum þúsunda. Jeg kem þá að því aftur — og jeg stóð aðeins upp til þess að slá því greinilega föstu —, að hjer er um að ræða stórkostlegt áhættufyrirtæki fyrir ríkissjóðinn. Jeg veit, að það þýðir ekki neitt að tala hjer gegn þessu máli; svo harðvítugan meiri hluta hefir það að baki sjer, sem ætlar að taka á sig ábyrgðina á því að setja ríkissjóðinn út í áhættu. Hinsvegar vil jeg, að þjóðin fái í tíma að sjá, hvað hjer er að gerast. Það kemur dagur eftir þennan dag, tímarnir breytast óðar en varir, meiri hlutar verða að minni hlutum áður en þeir vita af því, sjerstaklega ef þeir fara illa með ríkissjóðinn. Sá meiri hluti, sem nú hefir ekki tíma til að ræða málin, af því að hann er svo viss um sigur, kemst í minni hluta. En þjóðin vill, að hin rjettu rök sjeu dregin fram í málinu, og þegar það hefir verið gert, er jeg sannfærður um, að hún leggur ekki blessun sína yfir það, að sópað sje miljónum af ríkisfje út í áhættufyrirtæki. Jeg öfunda ekki þann þingmeirihluta, sem nú ætlar að taka á sig ábyrgðina á því.

Magnús Guðmundsson: Jeg minnist ekki, að heyrst hafi við umr. um þetta mál nein rödd frá hæstv. stj. Mjer sýnist hjer vera farið fram á að heimila stj. að stofna og starfrækja eins margar síldarbræðslustöðvar eins og henni gott þykir. Þetta er svo stórt mál, að það væri æskilegt að heyra eitthvað frá hæstv. stj. um það. Þess vegna vil jeg beina nokkrum spurningum til hennar. — Hversu mikið ætlar hún að gera að þessu, og ætlar hún að vinda bráðan bug að framkvæmdum? Ætlar hún að taka lán? Hefir hún hugsað sjer að leggja kapp á að fá þessa verksmiðju á leigu? — Það stendur hjer svo fallega í 3. gr. frv., að heimilt sje stj. að taka lán, sem greiðist af tekjum stofnunarinnar, o. s. frv. Nú gæti komið fyrir ár, sem gæfi engar tekjur af stofnuninni, og yrði þá ríkissjóður væntanlega að hlaupa undir bagga. Það hefir komið fyrir, að 2—3 ár hafa liðið svo, að síldarútvegurinn hefir ekki gefið neinn tekjuafgang. Þannig er ekki útilokað, að ríkissjóður verði að borga alt fje, sem fram er lagt í þessu skyni. Það virðist af ýmsu mega ráða, að þetta sje eitt af því, sem hæstv. forsrh. hefir samið um við jafnaðarmenn bak við tjöldin. Það er svo sem ekki mikið að taka eina miljón að láni og setja í síld, þó að það þætti ábyrgðarleysi að vilja veita 300 þús. kr. til samgöngubóta á landinu(!!!) Þetta er ágætt; það á að fara í síld! Það er ekki ástæðulaust, að hv. þm. Borgf. kallaði þetta þing síldarþing. Þau eru ekki mörg lagaákvæðin um síld, sem ekki á nú að breyta. Það á að gera breytingu á matinu og tollinum, auðvitað ríkissjóði til tjóns, taka upp einkasölu á síld og loks á að byggja yfir hana!

Jeg vona, að hæstv. forsrh. geri grein fyrir, hvað hann hugsar sjer að

gera í þessu efni, ef frv. verður samþ., sem víst má telja, svo og, hversu bráðan bug hann hugsar sjer að vinda að því.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. bar fram nokkrar spurningar til stjórnarinnar út af þessu máli og ljet fylgja þeim nokkur vel valin almenn ummæli. Skal jeg ekkert að ummælunum víkja, en mun svara spurningum hans, eftir því sem jeg get.

Jeg geri ráð fyrir því, að hv. 1. þm. Skagf. sje kunn forsaga þessa máls. Manni einum, mjög nákomnum í stjórnmálum hv. 1. þm. Skagf., var falið á síðastliðnu hausti að rannsaka þetta mál. Hann hefir nú framkvæmt þá rannsókn og skilað áliti sínu til stjórnarinnar, en síðan er tiltölulega stuttur tími og stjórnin síðan þá svo störfum hlaðin, að enginn getur með sanngirni ásakað hana, þótt hún hafi ekki tekið endanlegar ákvarðanir í þessu efni. — Fyrir því getur stjórnin ekkert um það sagt, hve mikið verður ráðist í eða hversu bráður bugur verður undinn að framkvæmdum þessa máls. Viðvíkjandi því, hvort eigi að taka verksmiðjuna á leigu, vil jeg geta þess, að það er rjett, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að stjórninni hefir boðist verksmiðja, en sá maður, sem gert hefir stjórninni tilboðið, er ekki hjer, en mun bráðlega koma hingað til þess að ræða það mál.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. ráðh. vildi engu svara hinum almennu athugasemdum, er jeg bar fram í þessu máli. Aftur á móti fór hann að rifja upp fyrir mjer forsögu þessa máls, en það var óþarfi, því að hana þekti jeg vel. Annars sje jeg ekki, að hún komi honum að neinu haldi; hv. 3. landsk. var aðeins falið að rannsaka kostnaðarhliðina á þessu máli, og það hefir hann gert. Svar hæstv. atvmrh. var það sama og vant er, þegar lagðar eru spurningar fyrir stjórnina: hún hefir engar ákvarðanir tekið og enginn tími hefir verið til þess að ákveða neitt. Jeg fæ ekki skilið, hvernig á því getur staðið, að stjórnin hugsar um að fá leigða verksmiðju. Jeg veit ekki annað en að allar verksmiðjurnar hafi verið reknar undanfarið, og jeg sje ekki, að það hafi mikla þýðingu, hvort ríkið rekur eina þeirra eða einhver annar. — Ef það er ætlunin, að ríkið hlaupi í kapp við aðra og fari að „spekulera“ í síld, þá fæ jeg skilið það, en að öðrum kosti er mjer það alveg óskiljanlegt. Jeg áleit, að frv. væri borið fram vegna þess, að þörf væri á einni bræðslustöð í viðbót, og jeg er því mjög meðmæltur, að fjelagi útgerðarmanna væri veittur nokkur styrkur, t. d. með ábyrgð, til þess að koma sjer upp verksmiðju, ef það má verða án þess að ríkissjóður taki á sig fjárhættu. Jeg sje ekki, hvers vegna ríkissjóður þarf að taka lán til þess að koma þeirri stöð á fót, þar sem það er miklu ljettara að greiða fyrir útgerðarmönnum á annan hátt.

Þegar verksmiðjan er komin upp, dettur útgerðarmönnum ekki í hug að fara að reka hana; þeir vilja heldur láta ríkissjóð reka bræðslustöðina og láta hann halda uppi verði á síld í bræðslu. En nú finst mjer til nokkuð mikils mælst, að þm. eigi að greiða

atkv. með því, að stjórnin fái ótakmarkaða heimild til þess að stofna og starfrækja síldarbræðslustöðvar, án þess að stjórnin geti nokkurn hlut um það sagt, hve margar stöðvarnar muni verða.

En það er ekki hægt að toga út úr stjórninni neinar upplýsingar um þetta mál, og eftir svari hæstv. ráðh. að dæma, má alveg eins gera ráð fyrir því, að stöðvarnar verði 20 og að aðeins verði um eina að ræða.

Hæstv. forsrh. heldur víst, að allir beri óbilandi traust til stjórnarinnar, úr því að hann vill engu svara því, sem hann er spurður, en þó fá frv. samþykt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. verður að sætta sig við það, þótt stjórnin geti ekki gefið honum ákveðin svör, þegar aðeins eru fáar vikur síðan stjórnin fjekk upplýsingar um þetta mál, og nú er mesti annatími þingsins.

Það er dálítið ósamræmi í því, þegar háttv. þm. Dal. heimtar hina mestu varfærni í máli þessu, að þá um leið heimtar hv. 1. þm. Skagf., að allar ákvarðanir sjeu þegar gerðar um alt fyrirkomulag og rekstur bræðslustöðvarinnar. Jeg neita því algerlega að taka slíkar ákvarðanir, en háttv. þm. þarf ekki að óttast það, að ríkið stofni 20 bræðslustöðvar. (**MG:** En 10?). Heldur ekki. Jeg skil ekki, að ráðist verði í fleiri en eina bræðslustöð fyrir næsta þing, ef þá verður í nokkuð ráðist. En annars hafa engar endanlegar ákvarðanir verið teknar. Og hvernig er hægt að taka endanlegar ákvarðanir um leigu, þegar alls ekki er víst, hvort fært er að taka stöð á leigu? (**MG:** Ef það er ákveðið að vilja alls *ekki* taka bræðslustöð á leigu, er það hægt). Jeg er alls ekki viss um fyrirfram, að það sje nein frágangssök að leigja verksmiðjuna. En hv. 1. þm. Skagf. getur á engan hátt sætt sig við, að ríkið taki þetta mál í sínar hendur, en hann er til með að lána fjelagi útgerðarmanna rekstrarfje, jafnvel þótt þeir væru *allir* útlendir! (**MG:** Nei, þetta er rangt).

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hefði heldur kosið að vita, hvort hv. frsm. meiri hl. ætlar að taka til máls, áður en jeg tala aftur, því að mjer kæmi ver, ef hann rís upp, þegar jeg er dauður.

Það, sem mjer liggur á hjarta, er það, að hæstv. atvmrh., sem sýnir deildinni þann sóma að vera viðstaddur, fái skýrt og greinilega að vita, að hv. frsm. meiri hl. leggur þann skilning í lögin, að átt sje við, að ríkissjóður kaupi síldina fyrir ákveðið verð í samkepni við aðrar síldarbræðslustöðvar. Fyrir honum vakir það, að þetta verði til þess að hækka verðið á vörunni.

Jeg hefi við 2. umr. þessa máls leitt rök að því, að hjer er um allverulegt áhættufyrirtæki að ræða, og vil jeg ekki láta hjá líða að bókfesta, að þessum skilningi, sem hv. frsm. meiri hl. leggur í lögin, fylgi mikil áhætta.

Eftir að aðaltill. minni hl. hafa verið feldar, vakir það fyrir mjer, að ríkissjóður legði út fyrir starfrækslu stöðvarinnar, svo sem mannahaldi, kaupum á kolum og koksi o. s. frv. Hinsvegar verði hlutur útgerðarmanna þannig, að sá, sem vildi afhenda stöðinni síld til bræðslu, fengi útborgaðan

þegar í stað nokkurn hluta andvirðisins. Endanlegt verð af allri þeirri síld, sem til bræðslu væri sett, væri síðan reiknað þannig, að frádreginn væri beinn kostnaður, vextir og stofnfje og í þriðja lagi nokkurt fje fyrir eðlilegri fyrning. Ef hinsvegar aðaltill. minni hl. hefði náð fram að ganga, myndi starfræksla slíkrar stöðvar áhættulaus fyrir ríkissjóð, en auk þess væru miklar líkur fyrir því, að útgerðarmenn bæru meira úr býtum en ella. En jafnvel þótt þær hafi verið feldar, mundi áhætta fyrir ríkissjóð ekki mikil, ef starfrækslan yrði með þeim hætti, er við leggjum til.

Aðaláhætta við þetta fyrirtæki er sú, að ekki berist hæfilegt magn til vinslu, við hóflegu verði. Ef nú útgerðarmenn, sem skifta við verksmiðjurnar, eiga að engu leyti hag sinn undir rekstri þeirrar verksmiðju frekar en annara, þá vofir mikil áhætta yfir þessu fyrirtæki. Viti útgerðarmenn hinsvegar, að allur þeirra hagur sje undir því kominn, að nægilegt magn berist verksmiðjunni til vinslu, þá horfir málið alt öðruvísi við, vegna þess að þá eru líkur til þess, að útgerðarmenn í eiginhagsmunaskyni bindist samtökum um að skifta við þessa verksmiðju. Ef jeg vildi skifta við slíka bræðslustöð á hagkvæman hátt, myndi jeg snúa mjer til hæfilega margra útgerðarmanna og fá þá til að skifta við þessa bræðslustöð. Með því móti gætum við afstýrt mestri áhættunni, ef við værum hæfilega margir um skiftin.

Ef till. minni hl. um tilhögun starfrækslunnar hefðu þannig náð fram að ganga, hefði ríkissjóður orðið laus við áhættuna af fyrirtækinu, en hagur útgerðarmanna samt tvímælalaust orðið betri.

Hæstv. atvmrh. svaraði fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. á þann veg, að hann teldi ekki líklegt, að reist yrði nema ein bræðslustöð fyrir næsta þing. Nú vil jeg leiða athygli hæstv. ráðh. að því, að ef stjórnin hygst að reisa eina bræðslustöð, mun stofnkostnaður af því fyrirtæki verða 800 þús. kr. samkv. áætlun hv. 3. landsk. Ef hæstv. ráðh. gengur út frá því, að reist verði ein bræðslustöð, er sama og að hann segi, að stjórnin ætli að nota heimildina, því að þær 200 þús. kr., sem eftir verða, munu þá skamt ná til rekstrarkostnaðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg tek hv. 2. þm. G.-K. það mjög vel upp, að hann leggur áherslu á að benda á það, að hjer geti verið um áhættufyrirtæki að ræða, því að jeg mun telja það mína fyrstu skyldu að hafa augun opin fyrir þeirri hlið málsins. Hitt er alveg misskilningur hjá hv. þm., að stjórnin sje á neinn hátt bundin við skilning meiri hl. á þessu máli.

Hjer er um heimildarlög að ræða og jeg lít svo á, að þær kröfur, sem frv. setur, sjeu aðeins lágmarkskröfur, enda geri jeg ráð fyrir því, ef í þetta verður ráðist, að margt fleira þurfi að athuga áður en lagt er inn á þá braut að binda fje ríkissjóðs í þessu fyrirtæki.

Eins og hv. þm. benti á, er aðaláhættan í því fólgin, að stöðinni berist of lítið af síld til bræðslu, og hefi jeg því hugsað mjer, án þess að taka þar um nokkra ákvörðun, hvort ekki verði að heimta það af útgerðarmönnum,

að þeir sjái verksmiðjunni fyrir nægilegum forða til vinslu, ef ríkið ræðst í svo mikið fyrirtæki.

Jeg tel mig ekki bundinn af neinum skilningi, sem lagður hefir verið í lögin, enda tel jeg ákvæði þeirra lágmarksákvæði, en hámarksákvæðin ætla jeg mjer sjálfur að setja.

Sveinn Ólafsson: Jeg ætla aðeins að leiðrjetta dálítinn misskilning, sem kom fram hjá hv. 2. þm. G.-K. Mjer skildist hann halda því fram, að meiri hl. sjútvn. hefði lagt eitthvað ákveðið til um fyrirkomulag á rekstri væntanlegrar síldarbræðslustöðvar. Það gerði meiri hl. alls ekki, og í áliti hans er ekki eitt orð, sem lýtur að því. Hv. þm. hafði það eftir hv. frsm. meiri hl., að rekstri bræðslustöðvarinnar yrði þannig hagað, að ríkið keypti síld hærra verði en aðrir og trygði þannig framleiðendunum hærra verð fyrir vöruna. Jeg heyrði hv. frsm. aldrei viðhafa þessi orð, og þótt hann kunni að hafa látið í ljós einhverja von í þessu efni, þá hefir það ekkert bindandi gildi fyrir nefndina, enda hennar vegna ekkert um það talað við 2. umr. málsins. Jeg get í þessu efni skírskotað til þess, er hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að stjórnin myndi í þessu efni hafa vaðið fyrir neðan sig, og ekkert er eðlilegra en að hún velti áhættunni af sjer um kaupin og láti hana lenda þar, sem vera ber, hjá veiðimönnunum.

Magnús Guðmundsson: Það gleður mig að hæstv. atvmrh. finnur, að hjer er um áhættufyrirtæki að ræða, og jeg vil beina þeirri ósk til hans, að hann fari mjög varlega í þessu efni, því að af því getur leitt stórskaða fyrir ríkissjóð, ef ekki er gætt allrar varfærni, og jeg leyfi mjer að efast um, að hægt sje að búa svo um þetta fyrirtæki, að ekki sje hætta á ferðum.

Hæstv. atvmrh. sagði, að jeg myndi ekki hika við að lána útgerðarmönnum fje til þess að koma upp síldarverksmiðju, og það jafnvel þótt þeir væru allir útlendir. — Þetta eru ekkert annað en staðlausar getsakir í minn garð, og neita jeg þeim gersamlega. Mjer hefir virst síldin reynast þannig, að þeir, sem reynt hafa að auðgast á henni, hafi ekki riðið feitum hesti frá þeim skiftum, og mjer er annara um ríkissjóð en útgerðarmenn, jafnvel þótt erlendir sjeu(!!).

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það gleður mig, að hæstv. ráðherra hefir augun opin fyrir þeirri hlið málsins, er að áhættunni veit. Hinsvegar get jeg ekki verið sammála hæstv. ráðh. um það, að umr. hafi ekkert bindandi gildi, þótt aðeins sje um heimildarlög að ræða. Það hefir verið ófrávíkjanleg venja um öll lög, og heimildarlög líka, að það, sem ekki kemur skýrt fram í fyrirmælum laganna sjálfra, hefir verið skýrt út frá umræðunum. Annars er það frá mínu sjónarmiði aðalatriðið, og sem jeg vona, að hæstv. ráðh. muni svara, hvort stj. ætlar sjer að fara að till. minni hl. eða meiri hl. um starfrækslu verksmiðjunnar. Skal jeg, ef hæstv. ráðh. óskar þess, færa frekari sönnur á það, að eftir till. minni hl. er áhætta ríkisins hverfandi og hlutur útgerðarmanna þó betri, en ef farið er að till. meiri hl. er áhættan altaf mikil.

Annars vil jeg benda á, að áhætta

fyrirtækisins liggur ekki einungis í því, að of lítið af síld berist að, heldur einnig of mikið af síld. Það vita þeir best, sem kunnugir eru þessu máli, að ef berst of mikið af síld í einu til bræðslu, er ekki hægt að vinna úr síldinni fyr en rotnun er komin á það stig, að ekki verður unnin sæmileg vara. Svo að ef tilhögun meiri hl. er fylgt og bræðslustöðinni er ætlað að kaupa síld af útgerðarmönnum, þá er það ekki nægilegt, sem hæstv. atvmrh. stakk upp á, að krefjast þess, að útgerðarmenn skifti við bræðslustöðvar ríkisins, því ef þær eiga að kaupa síldina ákveðnu verði, er áhættan einnig sú, að of mikið berist að fyrir of hátt verð.

Ef hin starfrækslan er viðhöfð, sem við minnihlutamenn leggjum til, eiga útgerðarmenn þetta alt við sig sjálfa, þegar þeir bindast samtökum um að sjá bræðslustöðinni fyrir nægilegri síld, og ef of mikið berst að til þess að góð vara verði unnin úr síldinni, er ástæða til að halda, að útgerðin þyldi það, því slíkt mundi aðeins henda í miklu aflaári.

Í tilefni af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, vil jeg benda honum á, með allri kurteisi, — og er það þó undarlegt, þegar eggið fer að kenna hænunni, eða jeg þeim gamla þingskörungi —, að þingvenja er, að ef frsm. nefndar segir eitthvað fyrir nefndarinnar hönd, og því er ekki í móti mælt af þeim hluta nefndarinnar, sem hann talar fyrir, að það er þá skoðað sem bindandi fyrir þann hluta nefndarinnar. Frsm. meiri hl., hv. 4. þm. Reykv., ljet í ljós, að ríkið ætti að starfrækja stöðvarnar á þann hátt að kaupa síld í samkepni við aðra, en vel má vera, að hv. þm. hafi ekki heyrt orð hv. frsm., og undrar það mig ekki, því að þessum hv. þm. mun margt annað betur gefið en heyrnin, og þegar hann þar á ofan býr svo að segja á öðru landshorni, þá er ekkert undarlegt, þó hv. þm. heyri ekki alt, sem hv. frsm. segir. Mig rak í rogastans, þegar hv. frsm. meiri hl. sagði, að ríkið ætti að keppa við aðrar verksmiðjur. (**SvÓ:** Hv. frsm. hefir ekki kannast við þetta). Hv. frsm. hefir aldrei mælt á móti þessu, enda heyrðu allir þdm., að hann sagði það oft í ræðu sinni og dró ýmsar ályktanir af því, og varð jeg því að álíta, að þetta væri bindandi fyrir meiri hl. nefndarinnar, alt til þess, ef jeg með mínum gæfusamlegu ummælum hjer í deildinni í kvöld hefi getað orðið til þess að reisa rönd við þessu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil svara hv. 2. þm. G.-K. fyrst. Jeg mun telja mjer skylt, áður en ráðist verður í það að stofna þessa verksmiðju, að afla mjer mjög víðtækra upplýsinga um það, hvernig þessu máli skuli ráðið til lykta, og jeg mun gjarnan vilja ræða það við formann fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda hjer í bænum. Jeg þarfnast margra upplýsinga og mun sækja þær í sem flesta staði. En hvað snertir skilning stjórnarinnar á þessu frv., vil jeg aðeins minna á það, að þar sem um heimildarlög er að ræða, er stjórnin ekkert bundin. (**ÓTh:** Ef á að framkvæma þau?). Já, hún getur meira að segja farið svo langt að nota ekki heimildina. Jeg ætla, að það hafi verið á þinginu 1925, að veitt var með lögum heimild fyrir stj. til að stofn-

setja „lotterí“, með ýmsum skilyrðum, og jeg hygg, að af hálfu þeirra manna, sem sóttu um leyfið, hafi ekki staðið á því að uppfylla skilyrðin. Samt sem áður veitti fyrv. stj. ekki leyfið, og núv. stj. ekki heldur; m. ö. o., stj. er ekki bundin af neinum heimildarlögum, og jeg er heldur ekki bundinn af neinu að því er þetta frv. snertir, nema af því einu, að jeg má auðvitað ekki vera eftirgefanlegri en lögin segja.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt aths. Mjer skilst, að umr. hafi snúist þannig hjer í kvöld, að allir sjeu sammála um það, að hjer sje um áhættufyrirtæki að ræða, enda liggur það í hlutarins eðli fyrir alla þá, sem nokkuð þekkja til slíkra mála.

Hv. 2. þm. G.-K. taldi hægt að fara þá leið, að síldin væri lögð inn í verksmiðjuna, og væri þá greitt nokkuð af verði hennar um leið, en það, sem eftir væri, ekki fyr en allir reikningar hefðu verið gerðir upp. Við þessu er það að segja, að óvíst er, að menn fengjust til að leggja síld í verksmiðjuna með þessum skilyrðum; vildu heldur taka þeim kosti að fá alt borgað út fyrir síldina í einu og hafa enga áhættu. Sumir mundu vera neyddir til þess að taka þessum kosti, gætu annars ekki gert út.

Hinsvegar væri það mikill kostur fyrir verksmiðjuna, ef hringur togara stæði að henni um útvegun hráefnis. Eitt er rjett að taka fram, sem eykur á áhættu slíkrar verksmiðju, að nú er farið að búa til fiskimjöl, t. d. í Japan, sem hefir náð mikilli útbreiðslu og hefir orðið til þess, að síldarmjöl hefir mjög lækkað í verði. En áður hefir verið litið svo á, að takmarkalaus markaður væri fyrir þessa vöru.

Þetta voru þær fáu aths., sem jeg vildi gera í viðbót við það, sem jeg sagði áður. Jeg vil leggja áherslu á það, að hjer er um verulegt áhættufyrirtæki að ræða, og eftir þeim upplýsingum, sem hjer koma fram úr öllum áttum, má mönnum vera það ljóst, að þeir, sem greiða atkv. með þessu frv., eru að draga ríkissjóð inn í áhættufyrirtæki. Eftir orðum hæstv. forsrh. að dæma segist hann vilja reyna að draga úr þessari áhættu, en ekki er það á valdi neinnar stjórnar að taka áhættuna frá hinum eiginlegu áhættufyrirtækjum, þegar búið er að ákveða að leggja út í þau.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Mjer þætti nokkurs um vert, ef hæstv. forsrh. sæi sjer fært að skýra deildinni frá því, hvort hann hugsar sjer, að bræðslustöðin verði starfrækt með því fyrirkomulagi, sem minni hl. hefir stungið upp á. Undir því svari hæstv. ráðh. er atkv. mitt komið. Jeg veit, að það liggur nokkur áhætta fyrir ríkissjóð í stofnun þessa fyrirtækis, en þó ekki meiri en svo, að jeg mun með atkv. mínu samþykkja þá áhættu. En ef hæstv. forsrh. getur ekki sagt um það, hvora starfræksluaðferðina hann muni aðhyllast, þá, sem minni hl. nefndarinnar leggur til, eða hina sem hv. frsm. meiri hl. hefir talað um, þá ætla jeg að greiða atkvæði á móti frv., því að þá tel jeg áhættu ríkissjóðs gerða of mikla að óþörfu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil segja hv. 2. þm. G.-K. það, að jeg hefi ekki haft aðstöðu til

þess að setja mig svo inn í þetta mál, að jeg geti svarað þessu endanlega. En jeg get sagt hv. þm. hitt, að ef hann getur sannfært mig um, að þetta, sem hann stingur upp á, gefi minni áhættu fyrir ríkissjóð og meiri hagsmuni fyrir útgerðarmenn, mun jeg alveg hiklaust fylgja því.

Jörundur Brynjólfsson:* Hv. 2. þm. G.-K. hefir nokkrum sinnum vikið að því, að hv. frsm. meiri hl. í þessu máli hafi sagt, að það væri meining hans, að starfræksla á síldarbræðslustöðinni færi þannig fram, að hún kepti við aðrar síldarbræðslustöðvar og keypti síld háu verði. Jeg var nú ekki svo við þær umr., að jeg geti fullyrt, að þetta kunni ekki að hafa átt sjer stað, og jeg efast ekkert um, að þetta sje rjett hermt, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir sagt. En hafi ummæli fallið á þessa lund hjá hv. frsm. meiri hl., þá lýsi jeg yfir því, að það er ekki í umboði mínu gert, því að jeg fyrir mitt leyti vil, að þessum atvinnurekstri sje hagað þannig, að hann verði sem allra áhættuminstur fyrir ríkissjóð. Jeg get um leið lýst yfir þeirri skoðun minni, að jeg lít á þetta sem óumflýjanlega ráðstöfun til að hjálpa útgerðarmönnum þessa lands, bæði með því að byggja síldarbræðslustöðvar og jafnframt að stofna síldareinkasölu. Þesskonar ráðstafanir skoða jeg sem óyndisúrræði að vissu leyti, er þannig þarf að grípa inn í atvinnulíf manna í landinu, og skyldi það því verða með sem minstri áhættu fyrir ríkissjóð. Hafi þess vegna fallið ummæli í þá átt, að keppa ætti við aðra framleiðendur, þá er það ekki sagt í umboði mínu, því að jeg vil, að starfstilhögunin verði sem hyggilegust og gætilegust.

ATKVGR.

Brtt. 581 feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, HG, HjV, IngB, LH, MT, SÁÓ.

nei: ÁÁ, BÁ, EJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

Fjórir þm. (BSt, GunnS, HJ, HK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HG, IngB, JÓl, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BSv.

nei: EJ, HjV, JJós[1]), JAJ[2]), JS, MG, MJ[3]), ÓTh[4]), PO, SE.

Fjórir þm. (BSt, GunnS, HJ, HK) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

1) Með svofeldri greinargerð: Með því að brtt. mín og háttv. 2. þm. G.-K. var feld, og með því að ekki hefir fengist skýr yfirlýsing um það, að þetta fyrirtæki verði rekið eins og við höfum helst hugsað okkur, segi jeg nei.

2) Með svofeldri greinargerð: Jeg tel það nauðsynlegt, að þetta fyrirtæki verði rekið á líkum grundvelli eins og hv. minni hl. hefir lagt til, þannig að útvegsmenn fengju raunverulegt verð fyrir síldina, þegar frá er dreginn tollur, sölu- og vinslukostnaður, en hinsvegar ekki lagt út í spákaupmensku. En með því að ekki hafa fengist nein ákveðin svör hjá hæstv. stjórn um það, hvora leiðina hún myndi velja, sem þó er sjálfsagt að segja ákveðið um, greiði jeg atkv. á móti frv. og segi nei.

3) Með svofeldri greinargerð: Með sömu greinargerð og þeir tveir háttv. þm., er síðast hafa talað, segi jeg nei.

4) Með svofeldri greinargerð: Með sömu forsendum eins og hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf. greiði jeg atkv. á móti frv. og segi nei.

Á 58. fundi í Ed., 27. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 575).

Á 60. fundi í Ed., 29. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 575, 626).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 626. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Við höfum leyft okkur, jeg og hv. 2. þm. S.-M., að bera fram brtt. á þskj. 575, viðaukatill. við 2. gr. frv. Í Nd. var borin fram líkt orðuð till. við greinina, en var þar ekki samþ. Við teljum það nauðsynlegt og eðlilegt, að annað eins stórmál og það, að afhenda verksmiðjuna, sem gert er ráð fyrir, að kosti um 1 milj. kr., sje borið undir Alþingi, áður en því verður ráðið til lykta. Þó það sje algengt, að stjórninni sje veitt heimild til að ábyrgjast lán og ráða sjálf tryggingum, eða ráðstafa eignum ríkisins, þá er hjer að ræða um bæði meira og stærra fyrirtæki en áður hefir þekst, að ríkisstjórninni væri gefið svo mikið vald yfir, og fæ jeg ekki betur sjeð en bæði sje eðlilegt og sjálfsagt, að vilji beggja þingdeilda komi til, ef á að fara að láta það af höndum. Mjer þykir ekki ósennilegt, að hv. þdm. þyki þessi brtt. sjálfsögð, því að jeg geri ráð fyrir, að varfærni sje svo ofarlega í huga þeirra, að þeir sjái nauðsyn þess að setja slíkar hömlur. Meðan ekki koma fram nein mótmæli, sje jeg ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þessa brtt.

Jón Þorláksson: Þessi viðaukatill. fer fram á að tryggja í reyndinni, að fyrirtæki þetta verði rekið af ríkinu, þar til Alþingi ákveður annað. Það er neyðarúrræði að láta ríkið koma fyrirtækinu á stofn, en við það má þó una, ef sæmileg trygging er fyrir því, að það verði afhent í hendur rjettra hlutaðeigenda strax og kostur er. En rjetta hlutaðeigendur tel jeg þá, sem þennan atvinnuveg reka. Í höndum þeirra sem eigenda tel jeg fyrirtækinu munu farnast vel, en er hræddur um, að ver fari, ef ríkið rekur það. Þá gerast öndverðir hagsmunir fyrirtækisins og þeirra, er leggja til hráefnið. Jeg get því ekki fallist á brtt., og ef hún verður samþ., get jeg ekki greitt frv. atkv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg er hræddur um, að hv. 3. landsk. hafi ekki á rjettu að standa í þessu máli. Það verður að gæta þess, að síldarframleiðendur hafa ekki staðið svo fast í ístaðinu, að þeir geti gert kröfur. Það er ljóst, að þeir mörgu menn, sem við síldarútgerð hafa fengist, hafa bæði skaðað sjálfa sig og bankana. Þeir eru nú svo fjelausir, að einn samherji hv. 3. landsk. sagði við mig á Akureyri í vetur, að hann byggist ekki við, að nokkur íslenskur útgerðarmaður gæti rekið síldveiðar í sumar sem sjálfstæður atvinnurekandi, ef einkasölu væri ekki komið á fót. Þessum mönnum hefir ekki tekist betur að gæta síns eigin fjár og bankanna en svo, að nú verður Alþingi að bjarga þeim frá sjálfum sjer. Alþingi verður að setja lög til að skylda þá til að ganga í þann fjelagsskap, sem þeir hafa ekki verið menn til að ganga í sjálfir. Alþingi verður að byggja fyrir þá verksmiðju. Það er ljóst, að ekki er hægt að meðhöndla þessa menn öðru-

vísi en sem strandmenn. Þetta eru mestu strandmennirnir í okkar þjóðfjelagi. Þeir hafa ekki einungis siglt sínum eigin skipum í strand, heldur og komist nærri því að strandsigla fjármálaskútu þjóðarinnar. Það, sem vakir fyrir hv. 3. landsk., er að hjálpa þeim til að mynda þau samtök, sem þeir hafa ekki verið sjálfir megnugir að mynda. En það er ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir, að þessir menn verði nú alt í einu þeir englar, að þeim sje trúandi til að fara með verksmiðjuna.

Jeg býst ekki við, að sú gr. frv., sem hv. 3. landsk. smeygði inn í það við 3. umr. hjer í deildinni, verði notuð í tíð núverandi stjórnar. En taki samherjar hans einhverntíma við völdum, þá eru þeir vissir með að nota þessa heimild strax, og er því brtt. aðeins til þess að tryggja það, að stjórnin fari ekki á bak við þingið, geti ekki svikist aftan að þinginu og gert þær ráðstafanir, sem þingið vill ekki samþ. Ef meiri hl. þingsins vill selja, þá er ekkert við því að segja. En stjórn, sem elskar síldarútvegsmenn meira en þjóðina, er viss með að glopra verksmiðjunni úr höndum sjer, og það ef til vill svo, að landinu verði ekki tryggðir þeir peningar, sem í hana hafa farið.

Jón Þorláksson: Það er varla von, að hæstv. dómsmrh. sje kunnugur þessu máli, enda liggur það allfjarri sviði mentamálanna, en þar mun hann helst hafa þekkingu. Jeg skal því gera nánari grein fyrir því, hvers vegna jeg álít það vera öllum fyrir bestu, að verksmiðjan verði í eign útgerðarmanna og ríkissjóði verði haldið fyrir utan þennan atvinnurekstur.

Líf og tilvera slíkrar verksmiðju er fyrst og fremst undir því komin, að hún fái næga síld til að vinna úr. Nú eru engin vandkvæði á að fá síld í góðum veiðiárum, og má segja, að ekki skifti máli, hver hefir eignarráðin þá, þegar kostur er á nægu hráefni. En þegar síldveiðin gengur treglega, verður harðsótt að fá næga síld. Það þarf því að tryggja fyrirtækinu þá aðstöðu, að það geti vænst þess að fá nóga síld, þó tregt aflist. Það verður best trygt með því, að útgerðarmenn eigi sjálfir verksmiðjuna. Hennar tap er þá þeirra tap og hennar gróði þeirra gróði. Það er aðhald fyrir útgerðarmenn að hlaupa ekki frá verksmiðjunni í litlum veiðiárum, þótt aðrar verksmiðjur bjóðist til að borga síldina yfir sannvirði, því að það getur verið minni skaði að kaupa síldina svo dýrt heldur en að starfa ekki. Ef ríkið ræki verksmiðjuna, þá mundu útgerðarmenn ávalt fyrst sjá sínum hag borgið og setja þá síldina í aðrar bræðslur strax og þær byðu hærra verð. Þær verksmiðjur, sem eru í eigu einstakra manna, hafa og margfalt hægari aðstöðu til að bjóða hátt verð. Jeg er sannfærður um, að á þessu fyrirkomulagsatriði veltur afkoma þessa fyrirtækis. Í erindi, sem jeg flutti á fjölmennum fundi, stakk jeg upp á, að verksmiðjan verði rekin af samvinnufjelagi síldarútgerðarmanna. Það tryggir góða afkomu fyrirtækisins. Það byggist hvorki á trausti eða vantrausti á einstökum mönnum, heldur á almennu viðskiftalögmáli. Menn standa saman um eign sína, hennar

tap er þeirra tap, hennar gróði þeirra gróði.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir — og telur sig væntanlega hafa umboð til þess fyrir stjórnarinnar hönd sem nokkurskonar yfirráðherra —, að núverandi stjórn mundi ekki nota heimildina til að afhenda verksmiðjuna. Ef á að taka þetta sem yfirlýsingu frá stjórninni, þá er það nóg til þess, að jeg neyðist til að greiða atkv. móti frv. Jeg álít það hreina fjeglæfra að leggja út í þetta fyrirtæki án þess að tryggja það, að útgerðarmenn standi fast um það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg kippi mjer ekki upp við það, þótt hv. 3. landsk. efist um þekkingu mína á síldarmálefnum. Jeg get þó sagt mjer til varnar, að jeg hefi ekki margfaldað eins rangt og hann í sambandi við þessi mál.

Jeg vil nú spyrja hv. 3. landsk.: Hvaða vit er í því, að landið taki 1 milj. kr. lán til að byggja bræðslustöð og selji hana síðan í hendur þeim mönnum, sem hafa gert þessa djörfu ráðstöfun nauðsynlega, með því að gera alt að engu, sem þeir hafa haft handa á milli af sínu fje og annara? Er ekki skömmin og skaðinn nægur af því, sem þeir hafa látið grotna niður fyrir sinn andlega og menningarlega vanmátt? Síldarmannastjettin hefir ekki getað notað sjer heimildina í síldarsamlagslögunum frá 1926 til að bjarga sjer sjálf. Það væru því hreinir og beinir fjárglæfrar að afhenda þessum mönnum, sem svo skemmilega hafa misnotað traust bankanna, þetta fyrirtæki. Háttv. 3. landsk. afsannaði ekki hið minsta af því, sem jeg hafði sagt. Hinsvegar eru síldarútvegsmenn við Eyjafjörð orðnir vonlausir um að bjarga sjer sjálfir. Og samt heimtar hv. 3. landsk., að verksmiðjunni sje kastað undir yfirráð þessara manna.

Ástæðan til, að jeg fylgi þessu frv., er sú, að með þessu er verið að gera vit úr þessum atvinnurekstri. Það er fullkominn misskilningur, að hægt sje að taka hóp af venjul. spekúlöntum og gera þá að samvinnumönnum. Það er kunnugt, hvernig samtök smákaupmanna erlendis hafa jafnan farið út um þúfur. Hver hefir svikið annan og reynt að skara eld að sinni köku. Ef samkepnismenn vilja hafa samvinnufjelagsskap með sjer, eiga þeir að stofna til hans sjálfir, eftir því sem þeir hafa kjark og dug til.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg er hissa á því, að þessi till. skuli valda slíkum umræðum. Það virðist, sem hjer sjeu uppi tvær mismunandi stefnur um það, hvort Alþingi eða ríkisstjórnin eigi að hafa hið æðsta vald. Jeg verð að segja, að mjer fanst skoðun hv. 3. landsk. hneigjast nokkuð mikið í einveldisáttina. Það er bæði eðlilegast og fer best á því, að þingið leggi fult samþykki sitt á, þegar um slíkar ákvarðanir er að ræða.

Jeg skildi ekki þau ummæli hv. 3. landsk., að það væri sjer næg ástæða að vera á móti frv., ef heimildin væri feld. Þetta finst mjer allundarlegt, og mjer þykir ástæða til að efast um, að áhugi hans á þessum málum sje eins mikill og hann hefir látið, ef hann telur þetta næga ástæðu til að vera á móti frv. Hann reyndi að bera fram ástæður, og þær voru, að illkleift yrði

að útvega hráefni, svo að fyrirtækið gæti haldið áfram, ef ríkisrekstur væri á því. Þessi skoðun ber ekki vott um mikla þekkingu, því ef úr því verður, að frv. um einkasölu á síld nái fram að ganga, þá er vissa fyrir, að í flestum tilfellum kemur slíkur skortur ekki til greina. Auk þess verður að taka til greina, að búast má við, að þessu fyrirtæki veitist ljettara að ná viðskiftum við framleiðendur en verksmiðjum einstakra manna, einkum útlendinga, því að þeir leggja meiri áherslu á að sjá sjer og sínum hag borgið heldur en hvort útgerðin ber sig yfirleitt.

Aðalhlutverk þessa fyrirtækis á að vera að útvega mönnum sannvirði fyrir síldina. Því er líklegt, að verksmiðjan sitji fyrir hráefnum. Þessi ástæða er því á veikum grundvelli bygð.

Jeg tel illa farið, ef þetta mál þarf að dragast lengi hjeðan af. Tími til hins nauðsynlegasta undirbúnings fremur stuttur, og því má ekki deila um aukaatriði og tefja fyrir málinu á þann hátt. Jeg tel líklegt, að frv. nái samþykki þessarar hv. deildar, en hitt skal látið ósagt, hvort Nd. verður búin að átta sig á því, þegar málið kemur þangað.

Jón Þorláksson: Það er fullkominn misskilningur, að um það sje deilt, hvort þing eða stjórn eigi að hafa æðstu völdin. Það, sem um er deilt, er hvort þetta þing eigi að taka fullnaðarvald í þessu máli, eða hvort skjóta megi því undir úrskurð síðari þinga. Þetta er það, sem um er að ræða, og annað ekki.

Páll Hermannsson: Þegar þetta frv. var til 3. umr. í þessari deild, var samþykt brtt., sem heimilaði ríkisstjórninni að selja hina væntanlegu síldarverksmiðju. Jeg var einn af þeim, sem þá greiddu þessari brtt. atkv. með hliðsjón af því, að mjer virtist koma fram í umr., að yrði slíkt gert, yrði það gert með ráðum meiri hl. þings. Virtist mjer, að ekki gæti komið til sölu að öðrum kosti, því að engin stjórn myndi taka slíkar ákvarðanir án þess að meiri hluti samþykti. Nú hafa umræður þær, er hjer hafa farið fram, gefið ástæðu til að ætla, að söluheimild þessi kynni að verða notuð í trássi við meiri hl., og ljet háttv. 3. landsk. nokkur ummæli falla, sem bentu til þess. Svo getur staðið á, að stjórn gefist færi á að selja án þess að meiri hl. samþykki. Með hliðsjón af þessum bendingum lýsi jeg yfir því, að eins og jeg var áður fús til að greiða till. hv. 3. landsk. atkv. mitt með þeim skilningi, sem jeg þá lagði í hana, svo greiði jeg viðaukatillögu þeirri, er hjer liggur fyrir, atkv. mitt eftir þeim skilningi, sem lagður er í brtt. nú.

ATKVGR.

Brtt. 626 samþ. með 8:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og endursent Nd.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 630).

Á 63. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., næsta dag, var

frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 630, 650, 683).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 683. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leyfa mjer að beina til hæstv. forseta nokkrum orðum vegna þess, sem gerðist hjer í deildinni í gær og þeg þykist sjá, að ætli að endurtaka sig í dag. Jeg skal játa það, að jeg er ekki mjög fróður í þingsköpum. En þeg hjelt þó, að þm. mættu ekki vera langvistum frá þingi án þess að spyrja forseta leyfis. Ætla jeg því, að forseti muni hafa veitt þeim þm. heimfararleyfi, sem nú eru horfnir úr bænum. En sje svo, vænti jeg, að hann veiti mjer þá bæn að fresta því að láta deildina taka ákvörðun um þetta mál, þangað til þeir eru komnir aftur. Tel jeg mjög óviðeigandi að greiða atkv. um merk mál, þegar margir hv. þdm. eru fjarverandi. Í gær stóð svo á um eitt mál, að þm. þeir, sem ekki voru viðstaddir, hefðu með atkv. sínum ráðið öðrum úrslitum málsins. Vil jeg nú beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að hann láti ekki greiða atkv. um málið í dag, enda þótt það yrði rætt. Vænti jeg, að hæstv. forseti verði við þessari áskorun, og það því fremur, sem hann hefir áður frestað atkvgr., þegar svipað hefir staðið á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ef talið væri saman, hve oft hv. 2. þm. G.-K. hefir staðið upp hjer í deildinni til að fá frest á málum, býst jeg við, að það reyndist ósjaldan. En um þetta mál er það að segja, að það hefir nú verið tvisvar áður á dagskrá og ætti því að vera sæmilega rætt. Hinsvegar væri mjög bagalegt að fresta afgreiðslu málsins nú, og eru til þess ástæður, sem hv. þm. eru kunnar eigi síður en mjer. Til þess að sýna, að frestunin skiftir engu um úrslit málsins, skal jeg benda á það, að af þeim 3 þm., sem nú eru fjarverandi, eru 2 framsóknarmenn, en aðeins einn íhaldsmaður.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg mótmæli því sem algerlega ósönnu, að jeg hafi lagt það í vana minn að tefja þingmál. Og jeg legg það undir dóm heilbrigðrar skynsemi, hvort það muni seinka nokkuð störfum þingsins, þó að atkvgr. yrði frestað um þetta mál, þar sem á dagskrá er fjöldi annara mála, sem sjálfsagt vinst ekki tími til að afgreiða þau öll á þessum fundi.

Hæstv. forsrh. segir, að það mundi verða mjög bagalegt, ef ákvörðun yrði frestað. Jeg veit, hvað hann á við, en sje ekki, að það hafi við nein rök að styðjast. Hæstv. forsrh. ber fram þau rök gegn rjettmæti frestunarinnar, að tveir framsóknarmenn sjeu fjarverandi, en aðeins 1 íhaldsmaður. Þetta er óframbærileg ástæða, því að það ætla jeg, að svo rjettlátir menn finnist innan stjórnarflokksins, að þeir sjeu ekki fyrirfram ákveðnir í því að skella skolleyrunum við rökum. Og því betur mættu þeir finna til ábyrgðar sinnar, sem nú liggur væntanlega fyrir atkvgr. með nafnakalli um mál, er þeir áður hafa úrskurðað með nafnakalli. Hæstv. forsrh. þarf að færa betri ástæður en þessa fyrir sínu máli, ætli hann að sanna órjettmæti orða minna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er til lítils fyrir hv. 2. þm. G.-K. að stökkva upp á nef sjer og mótmæla því, að hann hafi oft staðið upp til að fá málum frestað; það er á allra vitorði, að þessi hv. þm. hefir sett met í því á þessu þingi að tefja fyrir málum. Nú vil jeg benda á, að þetta mál var á dagskrá í gær. Þá var einn þeirra þm. viðstaddur, sem nú eru fjarverandi. Hefði hv. 2. þm. G.-K. verið umhugað um, að sá þm. greiddi atkvæði, og jafnframt viljað flýta störfum þingsins, var honum innan handar að óska þá atkvgr. um málið. Þetta gerði hann ekki, og er það ljósastur vottur um tilgang hans nú.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er ekki rjett hjá hæstv. forsrh., að það hafi verið á mínu valdi að fá úrskurð þessa máls í gær. Þá stóð atkvgr. um annað mál fram til kl. 2 um nóttina. En mjer þótti sýnt, að um þetta mál mundu verða nokkrar umræður, og því engar líkur til að það yrði útkljáð þá á fundinum, þó að það yrði tekið fyrir, nema því aðeins, að fundi hefði verið haldið áfram til morguns. En hv. þdm. hafa nú þegar fengið nóg af næturfundum. Annars þykir mjer illa sitja á hæstv. forsrh. að kenna mjer um, að jeg tefji mál. Vona jeg, að flestir hv. þdm. viðurkenni, að jeg hafi ekki talað um skör fram á þessu þingi. Mjer er þó kunnugt, að einstaka hv. þdm. hefir fengið þá flugu í höfuðið, að jeg tefji mál, því að einn hv. þm. úr stjórnarflokknum sagði nýlega við mig, að jeg talaði nú eins og hæstv. forsrh. hefði talað á undanförnum þingum, en jeg svaraði því, sem jeg vissi rjettast, að sá væri þó munurinn á mjer og hæstv. forsrh., að jeg talaði aldrei ótilneyddur, en tæplega mundu allir á eitt sáttir um ræðuhöld hans á fyrri þingum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var sagt í spaugi fyrir nokkru, að jeg hefði farið í spjarir fyrirrennara míns í ráðherrastóli. Nú þykist hv. 2. þm. G.-K. hafa farið í mínar spjarir.

Forseti (BSv): Óskar hv. 2. þm. G.-K., að málið sje tekið út af dagskrá? **(ÓTh:** Nei, en jeg æski þess, að atkvgr. um það verði frestað). Hv. þm. óskar ekki eftir því, að málið sje tekið út af dagskrá. — Vegna ummæla hans skal jeg geta þess, að tveir hv. þdm. hafa fengið leyfi forseta til fjarvistar, og eru því löglega forfallaðir. — Þá skal jeg taka það fram, að gefnu tilefni, að jeg hefi aldrei sjálfur á þessu þingi látið ræða mál án þess að gengið væri til atkv. um það að umræðu lokinni. En það mun rjett vera, að hæstv. varaforseti Nd. hafi gert þetta, og að minni hyggju af þeirri ástæðu, að deildin var ekki ályktunarfær. Mjer skilst, að mál það, sem hjer er um að ræða, þurfi skjótrar afgreiðslu, en eftir atvikum ætla jeg, að úrslit málsins velti ekki á atkv. þeirra hv. þdm., sem fjarverandi eru. Mun jeg því ekki taka það af dagskrá, og liggur það nú fyrir deildinni til umr. og atkvgr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 650, við 2. gr. frv. eins og

það kom frá 1. umr. í Ed. Brtt. mín er þess efnis, að ekki þurfi samþykki beggja deilda Alþingis til þess að selja stöðvarnar. Jeg þarf ekki að færa fram rök fyrir henni, því að hún er þrautrædd áður, en skal í þess stað leyfa mjer að rifja lítið eitt upp sögu þessa máls á Alþingi.

Frv. er stjfrv. og var borið fram í Ed. Sú hv. deild samþ. brtt. þess efnis, að ríkið mætti selja stöðvarnar samlagi útgerðarmanna, ef slíkt fjelag yrði stofnað. Þegar málið kom hingað til Nd., var borin fram brtt. um, að þessi heimild til ríkisstjórnarinnar skyldi falla niður. En sú till. var feld, og með því lýsti þessi hv. deild yfir því, að hún teldi rjett, að stjórninni skyldi heimilt að selja. Við 3. umr. báru svo hv. jafnaðarmenn fram brtt. eins og það, sem nú er farið fram á, að deildin samþ., ef frv. er samþykt óbreytt eins og Ed. hefir nú gengið frá því, nefnil. um það, að deildin rifti sinni fyrri afstöðu. Höfðu þeir þá nýlega unnið mikinn sigur, þar sem þeir höfðu neytt Framsóknarflokkinn til að víkja frá sínu máli. Ætluðu hv. jafnaðarmenn nú að ganga aftur á sama lagið og báru fram brtt. um, að til sölunnar skyldi þurfa samþykki beggja deilda Alþingis. Þetta ákvæði var vitanlega mjög svipað því, að salan væri að engu orðin, og að bera það fram var að fara fram á, að deildin tæki aftur sinn fyrri dóm. En reyndin varð sú, að hv. Nd. stóð við sinn dóm. Jafnaðarmenn urðu fyrir vonbrigðum. Ákvæði 2. gr. stóðu óbreytt. Annars var frv. ofurlítið breytt að öðru leyti og fór því til einnar umr. í Ed. En þegar þangað kom á ný, sýnist „kjóinn", sem oft hefir verið nefndur undanfarið, hafa verið kominn á flug. Ed. vjek frá sinni stefnu. Einstaka framsóknarmaður, sem áður hafði verið með heimildarákvæðinu, sneri nú við blaðinu, og endirinn varð sá, að hv. Ed. beygði sig undir þessa till. sósíalista-kjóans.

Nú á að reyna þolrifin í Nd. Nú á að spyrja okkur, hvort við viljum í þriðja sinn kveða upp úrskurð í þessu máli. Tvisvar áður höfum við sagt álit okkar ótvíræðlega. Nú veltur á því, hvort hv. Nd. stendur við það, sem hún er búin að segja tvisvar sinnum, eða ætlar að láta jafnaðarmenn kúga sig eins og hv. Ed. Með atkvgr. um þetta mál verður úrskurðað um það, hvort þessi hv. deild á að teljast merk orða sinna eða ómerk og hvort jafnaðarmenn í Nd. eiga að heita húsbændur beggja deilda Alþingis.

Brtt. er fram komin frá hv. þm. V.-Ísf. Mjer hefir ekki unnist tími til að athuga hana gaumgæfilega, og er því ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til hennar. Þó ætla jeg, að mjer muni ekki fjarri skapi að samþykkja hana.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú haldið uppi umræðum hjer í deildinni næstum heila klukkustund, og má óhætt segja, að hann hafi talað meir af striti en viti, því að hann hefir ekki vikið einu orði að kjarna málsins.

Þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu, var ekkert um það talað, hvort rjett væri að selja samlagi stöðvarnar. Og jeg skal minna á það, að frá okkar hálfu, sem till. bárum fram, var engin ræða flutt. Var það að sumu leyti tilviljun, en hitt rjeð og nokkru um, að við töldum breytinguna

svo sjálfsagða, að ekki þyrfti fyrir henni að mæla. Það er harla undarlegt, ef hjer á hinu háa Alþingi á að taka upp þann sið að láta stjórnina byggja verksmiðjur og selja þær svo í hendur einstökum mönnum, þegar einhver arðsvon fer að verða af þeim.

Það er að vísu rjett, að till., sem borin var fram í Ed. um að fella niður heimildina, var feld. En hitt er rangt, að Ed. hafi með því að fella hana lýst yfir því, að hún vildi ekki, að þingið hefði hönd í bagga um sölúna. En hún vildi sjálfsagt fremur þingsályktunarform en lagaform. Annars er gaman að bera þessa heimild saman við það, sem tíðkast erlendis um sölu opinberra eigna. Jeg skal geta þess t. d., að Reykjavíkurbær hefir lengi reynt að fá keypta litla lóð, sem franska ríkið átti hjer í bænum, Margra ára þref þurfti, uns hún loks fjekst. Svo fast binda Frakkar um, að ríkiseignir sjeu ekki seldar. En háttv. 2. þm. G.-K. vill gefa stj. ótakmarkaða heimild til að afsala ríkiseignum. Að lokum vil jeg benda á, að það gæti haft talsverð áhrif á framgang þessa máls, ef breytingar yrðu samþ. nú. Þá yrði það að fara í sameinað þing, og er þá óvíst um úrslitin. Jeg get sagt, að jeg hefi orðið að sætta mig við brtt., sem jeg tel valda skemdum, til þess að fá málinu framgengt. Og jeg held, að hv. 2. þm. G.-K. geri oft hið sama, svo að hann ætti að sætta sig við tillögu okkar.

Ásgeir Ásgeirsson: Tilgangur brtt. þeirrar, sem jeg flyt ásamt hv. þm. Mýr., liggur í augum uppi. Við viljum búa svo um, að það fjelag, sem kynni að taka við verksmiðjunni, sje og haldi áfram að vera opið öllum útgerðarmönnum. Ella er hætt við, að til lítilla bóta yrði breytt frá því, sem nú er, því að öll yfirráð í fjelaginu gætu þá safnast á hendur örfárra manna, uns landslýðurinn í heild sinni væri litlu eða engu bættari. Jeg játa, að brtt. þessi er nokkuð seint fram komin. En hún sýnir stefnu okkar flm. um þetta atriði. Og ef hæstv. stjórn gæfi einhverja yfirlýsingu um, að hún mundi taka tillit til þeirrar stefnu, sem tillagan veit í, mundi jeg geta sætt mig við það og tekið till. aftur til að hætta ekki málinu að öðru leyti.

Í rauninni er aðeins eitt ákvæði í þessu frv., sem nauðsynlegt er, að gangi fram nú. Það er ákvæðið um heimild fyrir stj. til að taka síldarverksmiðju á leigu. Jeg sje þess enga von, að bygging verksmiðju geti komist í framkvæmd, áður en við komum hjer saman aftur. Þess vegna ætti ekki að gera mikið til, þó að eitthvað yrði óákveðið í frv., eins og þetta þing afgreiðir það. Annars er jeg óánægður með, hve lítið er ákveðið um rekstur verksmiðjunnar, og sætti mig aðeins við það af þeim ástæðum, sem jeg hefi nefnt, og ef stjórnin telur sig fylgjandi þeirri stefnu, er við hv. þm. Mýr. höfum lýst yfir með till. okkar. Samvinnuskipulag er sjálfsagt hjer, en ekki ríkisrekstur.

Ef ríkisrekstur væri hafður og lágt verð gefið fyrir síldina, mundu dynja skammirnar til ríkisins fyrir að gefa of lítið fyrir hrávöruna og láta útlendinga græða í skjóli ríkisverslunar. Ef verðið væri hátt, þá er áhætta ríkissjóðs mikil. Eitt af því, sem jeg vil

láta felast í tillögu minni og hv. þm. Mýr., er það, að þetta fyrirtæki verði rekið með samvinnusniði þegar á þessu sumri, þannig að ríkið beri ekki áhættuna, heldur þeir, sem skifta við verksmiðjuna. En vegna síldarmálanna yfirleitt ber nauðsyn til þess, að varaákvæðið um heimild ríkisstjórnarinnar til að leigja verksmiðju á þessu ári gangi í gildi, og mun jeg því fallast á, að hæstv. stjórn lýsi yfir því, að hún sje því samþykk, að síldarverksmiðja, ef reist verður, verði aldrei seld í hendur öðru fjelagi en því, sem ræki fyrirtækið eftir lögunum um samvinnufjelög frá 1921.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg er alveg samþykkur brtt. á þskj. 683 og get lýst yfir því af hálfu stjórnarinnar, að meðan jeg fer með þessi mál, mun slík verksmiðja aldrei verða afhent öðru fjelagi en því, sem starfar samkvæmt samvinnulögunum.

Eins og hv. þm. V.-Ísf. benti á, stendur svo á um þetta frv., að það hefir verið 4 sinnum til umræðu í hv. Ed. og 4 sinnum hjer. Ef því er breytt nú, verður það að fara til sameinaðs þings. En það þýðir ekki eingöngu töf, heldur líka, að ⅔ hluta atkvæða þarf til þess að það nái fram að ganga. Jeg vænti þess því, þar sem jeg þykist hafa látið í ljós það, sem hv. þm. V.-Ísf. óskaði, að hann fresti brtt. sinni. Á næsta þingi gefst væntanlega nægur tími til að athuga þetta mál og þá skal jeg heita hv. þm. fylgi mínu.

Jeg ætla ekkert að fara út í brtt. á þskj. 650. En af þeirri ástæðu, sem jeg hefi nefnt, að breytingar yrðu til þess að tefja málið og stofna því í hættu, vil jeg leggja til, að sú brtt. verði feld.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að jeg væri að gera leik að því að tefja umræðurnar með því að tala hjer í klukkustund. Þegar hv. þm. gaf þessa yfirlýsingu, hafði fundurinn staðið í 25 mínútur, og á þessum 25 mín. hafði hæstv. forsrh. talað 4 sinnum. Þetta dæmi er góð lýsing á sannsögli hv. 2. þm. Reykv. En það er ekki altaf eins stærðfræðilega hægt að sanna hans innræti og nú.

Hv. þm. vildi leiða rök að því, að hv. Ed. hefði engan úrskurð felt um aðstöðu sína til þessa deiluefnis. Þetta er rangt. Þar sem hv. Ed. samþykti 2. gr. án brtt., verður að ætla, að deildin vilji hafa 2. gr. eins og hún er. En hvað sem hv. Ed. líður, er það bert, að hv. Nd. er búin að kveða upp sinn ákveðna úrskurð.

Hv. þm. leiddi það inn í umræðurnar, hversu varlega Frakkar færu að um sölu á ríkiseignum. Hann nefndi til dæmis, að það hefir staðið til í ein 2—3 ár, að Reykjavíkurbær keypti lóðarspildu af franska ríkinu. En hv. þm. veit ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta annað en það, að ákveðið svar hefir ekki fengist í 2—3 ár. Jeg býst satt að segja við því, að franska stjórnin hafi um annað að hugsa en þessa lóðarspildu hjer í Reykjavík. Jeg sje ekki, að það sje til annars en að lengja umr. að óþörfu að vera að blanda inn í þær alveg óskyldum smáatriðum. Það, sem hjer liggur fyrir, er í fyrsta lagi það, hvort við Nd.-menn viljum láta beygja okkur af jafnað-

armönnum hjer í deildinni. Það eru þeir, sem hafa leitt asnann inn í herbúðirnar. Við þurfum að gera okkur ljóst, hvort það er rjett, að hið sama þing, sem ákveður, að reistar sjeu bræðslustöðvar, setji um leið reglur um sölu bræðslustöðva eða hvort á að láta bíða að setja þær.

Í tilefni af brtt. hv. þm. V.-Ísf. skal jeg geta þess, að eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm., get jeg felt mig við brtt. Hann tók ákveðið í strenginn með mjer um starfrækslu ríkissjóðs með þeim hætti, er jeg benti á, og lagði þannig á móti skoðun hv. meiri hl. sjútvn., sem um leið er einkaskoðun hv. frsm. Ef á að reka verksmiðjuna á þann hátt, sem hv. frsm. meiri hl. benti á, er um stórkostlega áhættu að ræða. Hæstv. forsrh. hefir ekki enn gefið yfirlýsingu um það, hvernig hann ætli sjer, að verksmiðjan sje rekin; hvort ríkið eigi að kaupa síldina eða leggja fram fje til nauðsynlegs kostnaðar við starfrækslu þá, er minni hl. stingur upp á.

Aðaláhættan er sú, að vinslumagnið verði ekki nógu mikið. Meðalsíldarafli er liðug 100 þúsund mál, en bræðslustöð eins og sú, sem skýrt er frá í greinargerð hv. 3. landsk., getur unnið úr 120 þús. málum síldar. Jeg vil, að mönnum sje ljóst, í fyrsta lagi það, að aðaláhættan er í því fólgin, að vinslumagnið verði ekki nógu mikið, og í öðru lagi, að þar sem það er sannað, að ekki er ástæða til að ætla, að næstu ára framleiðslumagn verði svo mikið, að það nægi þeim verksmiðjum, sem fyrir eru, er nauðsynlegt, að útgerðarmenn skifti við ríkisverslun fremur en við aðra, og þá er öruggasta leiðin sú, sem jeg benti á, að reka verslunina svo, að útgerðarmenn eigi við sjálfa sig um andvirði aflans.

Jeg man ekki nákvæmlega, hvernig atkvgr. fjell um þetta mál við 3. umr. Jeg var á móti því, en jeg lýsti yfir því, að ef hæstv. forsrh. vildi úrskurða, að hann ætlaðist til, að starfræksla færi fram eins og jeg óskaði eftir, mundi jeg greiða atkv. með málinu. Ef hæstv. ráðh. gerir það, hugsa jeg, að margir íhaldsmenn greiði málinu atkv. sitt, og þá er engin ástæða til að ætla, að málið dagi uppi, og engin áhætta þó það þurfi að fara til sameinaðs þings. Það er bara tylliástæða, sem búin er til til þess að þóknast jafnaðarmönnum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. veit vel, að það er mikil nauðsyn fyrir stjórnina að fá afgreiðslu þessa máls nú, til þess að hún geti staðið að vígi eins og hún þarf til þess að undirbúa þá samninga, sem eru að byrja. Jeg hefi lýst yfir því, að jeg væri sammála þeim anda, sem kemur fram í brtt. hv. þm. V.-Ísf., en jeg verð að segja það, að það er mikil áhætta fyrir hv. 2. þm. G.-K. að eiga það undir yfirlýsingu manns, sem af tilviljun situr í sæti atvmrh., hvernig hann greiðir atkv. um þetta mál. Jeg get hrokkið upp af á morgun, — og hvaða gagn hefir hv. þm. þá af minni yfirlýsingu?

Það er ómögulegt að verða við því, að gefa endanlega yfirlýsingu um rekstur fyrirtækisins, þar sem skýrsla hv. 3. landsk. kom ekki fyr en eftir að þing var byrjað, og jeg hefi haft mjög mikið að gera síðan.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst hv. 2. þm. G.-K. gerast nokkuð uppivöðslusamur hjer á Alþingi. Hann heldur langar tölur um það, hvenær eigi að taka mál af dagskrá, og hann skorar á forseta deildarinnar að fara ekki sinna ferða, af því að hann vilji ekki hlíta úrskurði annars manns, þótt hann sitji á löglegan hátt í forsetastóli. Hv. þm. lætur eins og hann eigi þingdeildina og geti hagað sjer hjer eins og í hlutafjelagi, sem hann er framkvæmdarstjóri fyrir.

Jeg sagði, að hv. þm. hefði haldið uppi umr. um þetta mál í klukkutíma. Jeg hygg, að þetta sje satt, því að með útúrsnúningum tókst honum að tefja umr. um klukkutíma eða meira.

Hv. þm. gerði sig mjög breiðan yfir því, að jeg vissi ekkert um sölu lóðarspildunnar, sem Reykjavíkurbær vill kaupa af Frökkum. Það eru samt fáir menn kunnugri því máli en jeg, þar sem jeg átti sæti í þeirri nefnd, sem samdi við franska ræðismanninn. Hinsvegar veit hv. 2. þm. G.-K. ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta mál, svo að hann talar gersamlega út í bláinn, eins og hans er vandi. Franska stjórnin heimtar, að til þess að salan geti farið fram, þurfi að koma sjerstök lagaheimild. Hjer liggur fyrir lagafrv. um í fyrsta lagi að kaupa og koma upp síldarbræðslustöð og í öðru lagi heimild til þess að selja hana hvenær sem er og hverjum sem er án vilja þingsins. (**MJ:** Já, það liggur fyrir lagaheimild. Hvað vill þm. meira?). Almenn heimild en ekki sjerstök, er að sölu kemur, svo að þingið geti áttað sig á öllum aðstæðum. Það er eins og hv. þm. sje orðinn svo þjáður af samvinnunni við okkur jafnaðarmenn, að hann vilji fallast á flesta hluti með andstæðingum sínum, ef hann með því getur felt eitthvað fyrir okkur. Jeg vil benda á, að till., sem við bárum fram í Nd., er ekki aðeins jafnaðarmannatillaga, því að hún var samþ. í hv. Ed., og þar eru bara tveir jafnaðarmenn.

Jeg hygg, að óþarfi sje að deila um rekstur þessa fyrirtækis, því að það eru engar horfur á, að það verði komið upp fyrir næsta þing. Jeg vil taka það fram, að þó að háttv. 2. þm. G.-K., hv. þm. V.-Ísf. og fleiri sjeu sammála um, að best sje að hafa fyrirkomulagið þannig, að sem minst áhætta hvíli á verksmiðjunni og útgerðarmennirnir fái alt nema umboðslaun fyrir vinsluna, álít jeg þetta mjög varhugavert. Jeg held, að best sje, að ríkið reki sjálft verksmiðjuna á eigin áhættu og ábyrgð. Þetta atriði mun jeg þó ekki láta fæla mig frá að greiða frv. atkv. í þetta sinn, og er jeg þó sáróánægður með það.

Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. V.-Ísf., af því að jeg heyrði, að hann bað um orðið, hvort það sje ekki rjett skilið hjá mjer, að meining brtt. hans sje sú, að ef um samlag eða samvinnufjelagsskap sje að ræða, þurfi þau að standa á grundvelli samvinnulaganna, þannig að þau geti ekki selt öðrum fyrirtækjum en þeim, sem eru stofnuð á grundvelli samvinnulaganna. Jeg verð þó að segja, að eins og áliðið er þings, get jeg ekki greitt þeirri tillögu atkvæði.

Sigurður Eggerz: Jeg gæti að mestu leyti látið nægja það, sem jeg hefi sagt áður um þetta mál. En jeg verð að bæta því við, að mjer finst mjög

broslegt, ef á að fara að ákveða með lögum, hvernig þetta fyrirtæki skuli rekið. Þó að samþ. yrðu lög um, að rekstrinum ætti að haga svo, að útgerðarmenn legðu síld í verksmiðjuna og fengju svo útborgað á eftir, eftir því hvernig reksturinn gengi, er jeg ekki viss um, að það fengist næg síld. Þetta er vottur þess, hversu litla hugmynd menn hafa um slíkan rekstur. Ef það stæði í lögum, að ekki mætti reka verksmiðjuna á annan hátt, yrði hún að vinna með engum krafti eða hálfum krafti. Og þá er með öllu girt fyrir það, að hinir smærri útgerðarmenn geti haft nokkur viðskifti við verksmiðjuna. Hvernig eiga þeir, sem stunda bátaútveg, að láta sína síld í verksmiðjuna, ef þeir fá ekkert borgað fyr en seint og síðar meir? Alt þetta sýnir ljóslega, að hjer er verið að setja á stofn fyrirtæki, sem menn vita í raun og veru alls ekkert um. Hæstv. atvmrh. sagðist eiga bágt með að svara fyrirspurnum í þessu efni og enga bindandi yfirlýsingu geta gefið þar að lútandi. Jeg get sannarlega skilið það.

Sannleikurinn er sá, að háttv. þm. hafa yfirleitt mjög litla hugmynd um rekstur slíkrar verksmiðju. Þeir þekkja ekki þá áhættu, sem honum fylgir. Annars væri ómögulegt, að þetta mál fengi svo mikinn byr, sem raun er á orðin. Hæstv. atvmrh. sagði, að ef breytingar væru gerðar á frv. nú, þyrfti það að fara til Sþ. og þyrfti þá ⅔ atkv. til þess að ná samþykki. En jeg held, að skaðlaust sje, þó að annað eins áhættufyrirtæki og þetta færi ekki í gegn, ef það hefði ekki ⅔ atkv. Jeg held, að þjóðina taki það ekki sárt, þó að annað eins áhættufyrirtæki og þetta færi til Sþ. og væri athugað betur en orðið er.

Ástæðan til þess, að Íslandsbanki studdi þessa verksmiðju, var, að þarna var um það að ræða að bjarga talsvert miklu fje, sem Íslandsbanki átti úti þarna vestur frá. Þar hafði árið áður verið rekin gamaldags síldarbræðslustöð, sem hafði gefið sæmilegan ágóða. Þarna var stofnað hlutafjelag með 100 þús. kr. framlagi. Í stjórnina var svo reynt að fá hina hæfustu framkvæmdarstjóra fyrir verksmiðjuna, t. d. menn frá Alliance og Defensor. Var það von Íslandsbanka, að með því að „modernisera" þá gömlu verksmiðju mundi takast að vinna upp töpin og tryggja atvinnurekstrinn. Bankinn lofaði engu nema rekstrarfje til verksmiðjunnar. En vonirnar brugðust að því leyti, að fyrsta árið varð mikið tap á rekstrinum. Stafaði það aðallega af því, að varan, sem þar var framleidd, var 4. flokks vara. En einmitt vegna þeirrar miklu reynslu, sem jeg hefi fengið í gegnum þetta, get jeg um þetta mál talað af sjerþekkingu og veit því, vegna reynslu bankans, að um stórt áhættufyrirtæki er að ræða, og getur aldrei orðið öðruvísi. Hv. deild þarf að sjá það og sannfærast um, að ríkissjóðnum er stofnað hjer í afarmikla áhættu. Öll þau ár síðan 1912, að undanteknu einu ári, sem jeg hefi átt sæti á Alþingi, hefir það verið sú ráðandi grundvallarskoðun, að ekki ætti að draga ríkissjóðinn í áhættufyrirtæki. En nú er verið að snúa frá þessari stefnu. Nú er á ýmsan hátt verið að draga ríkissjóðinn inn í hættulegasta atvinnuveginn, síldina. Og þótt þetta verði samþ. af miklum meiri hl.

þess flokks, sem telur sig vera fulltrúa bændanna, þá er jeg viss um, að bændur þessa lands fallast aldrei á þetta. Bændastjettin vill, að farið sje varlega með fjármál þjóðarinnar. — Bændastjettin á að vera kjölfesta þjóðarinnar, ekki síst í fjármálum. En er sá bændaflokkur, sem nú skipar stjórnarliðið hjer á hinu háa Alþingi, sú kjölfesta? Jeg er hræddur um ekki. Og jeg er hræddur um, að þegar þeir koma fram fyrir sína kjósendur, þá segi bændur landsins þeim það, að þeir hafi ekki gert þetta í sínu umboði. Hjer er verið að leggja ríkissjóðinn í stórkostlega hættu vegna síldveiðanna, meðan óvíst er um, hvort hægt verði að styrkja bændur til sinna mála. Og þessu fylgja bændur þingsins flestir. Já, samviskan sefur núna, og sefur fast. En hún skal vakna!

Ásgeir Ásgeirsson: Eftir ræðu hæstv. forsrh. skal jeg lýsa yfir því, að jeg tek aftur brtt. mína. En jeg tek það fram, að það er vegna orða hans, en ekki vegna röksemda háttv. þm. Dal. Hv. þm. sagði, að bændastjettin ætti að vera kjölfesta þjóðfjelagsins. Hún verður það, ef hún kemur kjölfestu í síldarmálin. Hvergi annarsstaðar í okkar atvinnurekstri er því svo farið, að tap á atvinnurekstrinum geti orðið þeim mun meira, sem meiri verður afli þeirra. Í frjálsri samkeppni er það venjulega svo, að ágóði og framleiðslumagn fylgjast að. En þar sem því er öfugt farið með þennan atvinnuveg, þá getur ekkert annað hjálpað en það, að skipuleggja hann. Og skipulagningin er sú kjölfesta, sem nauðsynleg er þessu máli. Finst hv. þm. Dal. síldin hafa verið sú kjölfesta fyrir þjóðfjelagið hingað til, að alt muni kollvarpast, ef salan er skipulögð? Jeg held varla, að hv. þm. treystist til að halda því fram. Nei, hv. þm. veit, að síldin hefir ekki verið nein kjölfesta, heldur þvert á móti hefir stórfeld áhætta fylgt henni alla tíð. Og einmitt þess vegna eru þau frv., er skipulagsbinda síldveiðina, komin fram. Sem dæmi líks eðlis og þetta mætti nefna kaffiframleiðsluna í Brasilíu. Þar var ástandið þannig, að því meiri sem uppskeran varð, því meiru töpuðu framleiðendurnir á henni. Þetta lagaðist ekki fyr en ríkið hafði komið skipulagi á verslunina með hjálp stórlána, er það tók til þess. Þarna er nú ríki, sem ekki hefir notið mikils álits fyrir pólitíska þroska og hefir þó komið þeirri framleiðslu sinni, sem líkt er ástatt um og síldveiðina, í sæmilegt horf. Hjer þarf að gera hið sama til þess að tryggja það, að síldin missi ekki verðmæti sitt, þótt mikið veiðist. Hv. þm. fanst það stór áhætta fyrir ríkið að skifta sjer af síld. En afskiftaleysið varðveitir áhættu þjóðfjelagsins, sem er ekki óskylt ríkinu. Hvers vegna snýst hann þá móti því að skipuleggja þessi mál á samvinnugrundvelli? Jeg skil það ekki. Mjer finst, að hann ætti þvert á móti að leggjast á sömu sveif og við, sem líka viljum takmarka áhættu þjóðarbúsins af þessari framleiðslu. (**MJ:** ekki byggingarkostnaði!). Vilja háttv. þm. halda því fram, að hjer eigi ekki að vera neinar síldarverksmiðjur? (**SE:** Nei, alls ekki!). Þá er ekkert vit í þessu hjá hv. þm., því ef síldarverksmiðja borgar sig, þá gerir hún það eins fyrir því, þótt ríkissjóður láti byggja hana.

Um leið og jeg lýsi fylgi mínu við þetta frv., vil jeg taka það fram, að mjer þykir ekki nógu vel sjeð fyrir skipulagi rekstrarins í frv. En jeg hygg þó, að það komi ekki að sök, vegna þess að jeg tel víst, að koma muni til kasta næsta þings að ákveða skipulagið. Af sömu ástæðu tek jeg þá líka brtt. mína aftur nú. Það, sem nú er gert, hygg jeg, að hafi ekki þýðingu fyrir næsta sumar, nema þá til þess að leigja verksmiðju.

Að lokum vil jeg beina þeirri ósk til hæstv. stjórnar, að um leið og hún undirbýr byggingu á síldarverksmiðju, ef hún gerir það í ár, þá undirbúi hún líka frv. um rekstur og skipulag verksmiðjunnar og það samband, sem hagkvæmt teldist, að vera ætti milli hennar og síldareinkasölunnar. Þetta er svo stórt og þýðingarmikið atriði, að það ætti ekki að verða dregið undan löggjafarvaldinu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil taka undir það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði. Það er einmitt verkefni bænda að skipulagsbinda með löggjöf þennan atvinnuveg. Ef skýrsla sú, sem samin var um þetta mál, hefði ekki komið svona seint fram, þá hefði stjórninni máske unnist tími til að undirbúa málið betur. Þá hefði hún talið sjer skylt að bera fram ásamt þessu frv. annað frv., er nánar hefði kveðið á um skipulag þessara mála. Jeg er því alveg sammála hv. þm. um, að það beri að leggja fyrir næsta þing.

Þá vildi jeg, í eitt skifti fyrir öll, segja fáein orð til hv. þm. Dal. Jeg hefi oft í vetur hlustað með mikilli þolinmæði á álíka ræður og þá, er hann hjelt nú, án þess að svara þeim einu orði. Það hefir oft hrygt mig, að maður í jafnábyrgðarmikilli stöðu og hv. þm. er skuli hafa haldið í mörgum stórmálum, sem hjer hafa verið til meðferðar, svo óþolandi glamurkendar ræður og fullar af leikaraskap, sem þessi ræða hv. þm. var. Það hefir hrygt mig, að hv. þm. telur sig færan um að kenna öðrum varfærni, sem sjálfur á einhverja hina mestu glappaskotasögu að baki sjer. Þarf ekki annað að nefna því til sönnunar en það, að hv. þm. hefir sem bankastjóri veitt lán til fyrirtækis, sem á hefir tapast hundruð þúsunda króna á einu ári, því fyrsta.

Þá er annað atriði, sem bendir á, hve innihaldslaust glamur þessar ræður hv. þm. eru. Hann er að draga dár að þeim flokki hjer í þinginu, sem hefir stuðning jafnaðarmanna, og fer algerlega óviðeigandi orðum um flokkinn vegna þess. En það sýnir best, hver hugur fylgir máli hv. þm., þegar þess er gætt, að enginn hefir legið eins flatur á hnjánum fyrir jafnaðarmönnum sem einmitt þessi háttv. þm. Einu sinni langaði hv. þm. til að verða borgarstjóri hjer í Reykjavík og bað þá um og fjekk fylgi jafnaðarmanna, og tvisvar, er hann vildi ná þingmensku, var það sem hv. þm. skreið flatur á hnjánum fyrir jafnaðarmönnum og bað þá fulltingis. Þá var það ekki hættulegt í augum hv. þm. að þiggja stuðning jafnaðarmanna. —

Jeg hefi nú beðið með þolinmæði undir hinum mörgu samskonar ræðum þessa hv. þm. í allan vetur. Mjer fanst rjett að kvitta einu sinni lítillega fyrir það, sem er aðalefni allra ræðna hans. Jeg hefi nú gert það og mun

sennilega ekki gera það oftar á þessu þingi.

Jón Sigurðsson: Jeg vildi segja nokkur orð um þetta mál, þótt ekki hafi jeg neina sjerþekkingu á því. — Það sagði einhver hjer í hv. deild á dögunum, að þetta þing væri sannnefnt síldarþing, og mun það ekki vera fjarri rjettu lagi. Mjer telst svo til, að 7 frv. hafi verið borin fram, er á einhvern hátt lúta að síldarútveginum og honum til hagsbóta á einhvern hátt. Aftur hafa ekki verið borin fram nema 9 frv., er snerta landbúnaðinn. Ef litið er aftur á móti á fjárhagshlið þessara frv., kemur í ljós, að stjórnarflokkarnir leita heimildar fyrir stj. til þess að verja um 1100 þús. kr. til síldarbræðslustöðvar og annara síldarmála. En til landbúnaðarmála leitar stjórnarflokkurinn heimildar til að verja aðeins 335 þús. kr., hvorttveggja utan fjárlaga. Það er freistandi að leggja nokkuð út af þessum tölum, en jeg mun þó ekki gera það í þetta sinn; tölurnar tala sínu máli. En hitt er umtalsefni, sem ekki verður komist hjá að minnast á, afstaða sumra hv. þdm. úr stjórnarflokkunum og hæstv. forsrh. til þessa frv., og þá einkum til till. um að reka síldarverksmiðjuna á samvinnufjelagsgrundvelli. Það er t. d. ekki langt síðan fulltrúar Framsóknar og jafnaðarmanna í sjútvn. báru fram þá till. að fella niður úr 2. gr. ákvæðið um, að stjórnin mætti selja síldarbræðslustöðina samvinnufjelagi útgerðarmanna. Jeg er undrandi yfir, að þessi till. skyldi koma fram. Mjer finst það koma úr hörðustu átt, að stjórnarflokkurinn, sem hefir talið samvinnustefnuna sem sitt höfuðstefnumál, legst á móti því, að þetta verði gert að samvinnufyrirtæki og er kominn það langt að meta meira ríkisrekstur sósíalistanna. Jeg tel, að það sje skylda okkar samvinnumanna að fella þetta úr frv. og að taka upp till. hv. þm. V.-Ísf. Og þótt hann sje ánægður með svör hæstv. forsrh., þá er jeg það ekki, og meðal annars af þeirri ástæðu, sem hæstv. forsrh. sjálfur hefir fært fram, að hann getur fallið frá áður en til framkvæmda kemur um lagfæringu þessa máls. Þetta er mín skoðun, og hefi jeg lýst henni til þess að það sjáist, hvers vegna jeg tek till. hv. þm. V.-Ísf. upp. — Það getur líka orðið nógu gaman að sjá samvinnumennina hjer í hv. deild drepa hana.

Sigurður Eggerz: Jeg vil fyrst svara hv. þm. V.-Ísf. nokkrum orðum. Hann talaði um, að hann vildi, að verksmiðjan yrði rekin á samvinnugrundvelli. En eru nú líkur til þess, að samvinnufjelag fengist til að reka verksmiðjuna? Reynt hefir áreiðanlega verið að fá samvinnu milli útgerðarmanna um síldarstöð, en hún tókst ekki; að vísu var ekki samvinnusnið á þeim fjelagsskap. Mjer er ekki ljóst, hvort þetta fjelag átti einnig að kaupa verksmiðjuna. Jeg þykist því hafa rjett til að halda mjer við frv. og gera ráð fyrir því, að svo framarlega, sem stjórnin byggir, þá verði þar um ríkisrekstur að ræða, þar sem engar líkur eru færðar fyrir neinu öðru.

Þá var það hæstv. forsrh., sem rjeðst fast að mjer. Jeg hafði framið þá goðgá að vara við hættu, sem ríkissjóði gæti stafað af þessu frv. Hæstv. forsrh. þótti það ekki sitja vel á mjer, þar sem Íslandsbanki hefði komið verk-

smiðjunni á Önundarfirði á fót. — En mjer er spurn: Er það ekki eðlilegt, að jeg einmitt eftir þá reynslu, sem jeg hefi fengið, varaði þingið við áhættunni? Hæstv. ráðh. talaði þungum orðum um verksmiðjuna. Jeg hefi að gefnu tilefni áður skýrt frá ástæðum fyrir því, að verksmiðjan var sett á stofn. En jeg get endurtekið það, að Íslandsbanki átti þarna útistandandi mikið fje, sem hann vildi reyna að bjarga. Rekstur lítillar verksmiðju hafði gengið sæmilega á þessum stöðvum árið á undan, en verksmiðjan var að öllu leyti mjög aftur úr að öllu fyrirkomulagi. Nýtt hlutafjelag var myndað með 100 þús. kr., að mig minnir, og í stjórn þess voru teknir menn úr jafnvelmetnum fjelögum eins og Alliance og Sleipni.

Gamla síldarverksmiðjan var umsköpuð í nýtt snið, og vonaði bankinn, að hann gæti með þessu náð inn gömlu skuldinni, er jeg skýrði frá. Bankinn lofaði fjelaginu aðeins rekstrarfje. Fyrsta árið fór svo hörmulega; framleiðslan varð 3. eða 4. flokks, og varð því mjög mikið tap á fyrsta árinu, svo rekstrarfjeð fjekst ekki endurborgað, eins og gert hafði verið ráð fyrir; mörg fleiri óhöpp komu. Síðan hefir fyrirtækið gengið betur, en áhættan í þessum fyrirtækjum er ekki lítil, þegar stórfje getur tapast á ekki ári. Hæstv. forsrh. var að víta mig fyrir þetta. En ef um vanrækslu er að ræða frá bankans hálfu, þá getur hæstv. ráðh. vitt það annarsstaðar en í þingsölunum. Og jeg hygg, að hæstv. ráðherra myndi ekki gráta það, þótt hann fengi tækifæri til þess að ýta mjer burt, því hæstv. stjórn mun vilja, að þeir, sem skipa stöðurnar í þjóðfjelaginu, sjeu góðu börnin. En hún má vita það, að í stjórnmálunum mun jeg ekki taka tillit til annars en samvisku minnar.

Það var sem komið væri við hjarta hæstv. forsrh., þegar jeg benti á, að það væri ekki í anda bændastjettarinnar í landinu, að ríkissjóður væri dreginn inn í þá áhættu, sem þessum málum er samfara. Jeg veit, að hæstv. ráðh. er reiður yfir því, að jeg benti fast á það, að úti um sveitir landsins mundu menn hafa búist við einhverju öðru en að ríkissjóðurinn væri dreginn inn í síldina.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði skriðið fyrir jafnaðarmönnum. Hjer er farið með hin mestu ósannindi. Aldrei hefi jeg gengið eftir eða beðið jafnaðarmenn um nokkurn stuðning. Hitt er annað mál, að jafnaðarmenn báðu mig að bjóða mig fram sem borgarstjóra hjer í Reykjavík. Og sagði jeg tvisvar nei við því, en ljet þó loks til leiðast. En auðvitað var jeg beðinn um þetta sama úr öðrum flokkum. Síst mundi þetta verða talið mjer til ámælis — fremur finst mjer það vera vottur um traust. Mjer þykir það hart, að sjálfur hæstv. forsrh. skuli beita öðrum eins ósannindum gegn mjer og þetta eru.

Hann sagðist vera hissa á því, að maður, sem hefði verið og væri í jafnábyrgðarmikilli stöðu og jeg, talaði á þá leið, sem jeg gerði. En hvað hefi jeg þá sagt? Jeg sagði, að verksmiðjurnar, eins og málið lægi hjer fyrir, væru áhættufyrirtæki. Eru þetta glamuryrði? Eða hver eru þau glamuryrði, sem hæstv. forsrh. talar um? Eða er

hægt að segja, að einn af fulltrúum þjóðarinnar fari með glamur, þegar hann heldur sjer að því, sem hann getur undirbygt með rökum, og stendur þannig fullkomlega föstum fótum í veruleikanum?

Jeg veit, að hæstv. forsrh. muni sjá það, þegar hann hefir fengið sömu þekking á þessum málum, sem jeg hefi, að hjer er um miklu alvarlegra mál að ræða en hann heldur.

Jeg er ekki neitt hræddur við framkomu mína hjer á þessu þingi. Jeg hefi að vísu staðið einn, en jeg hefi þorað að standa fast við mína eigin skoðun á málunum. En jeg er alveg sannfærður um, að best væri, að sem flestir myndi sjer sjálfstæða og fasta skoðun á málunum. Jeg er alveg viss um, að slík mál, sem við höfum rætt hjer síðustu dagana, eru þess eðlis, að þjóðin krefur fulltrúa sína reikningsskapar í þeim. Jeg er viss um, að það er að verða stefnubrevting í landinu. Ýmsar þær grundvallarreglur, ekki einungis í fjármálum, heldur yfirleitt í þjóðmálum, sem hingað til hafa verið hafðar í heiðri, er nú verið að brjóta. Og jeg held, að hæstv. forsætisráðherra væri meiri þörf á því að nota páskafríið til þess að athuga í kyrð og ró, hvar hann stendur í stjórnmálunum, heldur en að hlaða ósannindum yfir mig hjer í hv. deild. Jeg er viss um, að nú er verið að hrinda honum út í ýmislegt, sem hann mun síðar sjá, að ekki er rjett, og jeg held, að hann hefði betra af því að nota páskana til þess að rifja upp sín fornu fræði og halda sjer við hið góða og gamla, sem hann hefir hingað til bygt á, í stað þess að gera ýmislegt, sem hann má frekar án vera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, skal jeg taka það fram, að mjer þykir vitanlega gott að hugsa til þess, að hann vill verða hjálplegur til þess að láta reka þessa verksmiðju á samvinnugrundvelli. Annars vil jeg benda hv. þm. á það, að í 40. gr. þingskapa stendur, að frv., till. til þál. og brtt. megi kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill, en heimilt sje hverjum þm. að taka þær *jafnskjótt* upp aftur. Nú liðu 3—4 ræður frá því að hv. þm. V.-Ísf. tók brtt. sína aftur og þangað til hv. 2. þm. Skagf. tók hana upp. Sýnist mjer því a. m. k. nokkurt vafamál, hvort till. megi koma til atkv., en skýt því annars undir úrskurð hæstv. forseta.

Jeg vil ekki fara í neitt orðaskak við hv. þm. Dal., en jeg vildi sýna honum þann sóma, þegar jeg hafði hlustað á 20—30 ræður, sem mjer líkaði *illa*, að segja honum þá einu sinni, hvernig mjer þættu ræðuhöld hans. En í illdeilur við hann ætla jeg ekki. Jeg held, að hv. þm. hafi sagt 4 sinnum í ræðu sinni, að hann væri ekki hræddur. **(SE:** Jeg get sagt það í 5. skiftið). Jeg er hissa á þessu, því að mjer sýndist á tilburðum hv. þm., að hann væri einmitt hræddur. En annars var það ekki tilgangurinn að hræða hv. þm., og jeg held, að hann þurfi ekki að vera neitt hræddur, því að það ætlar víst enginn að gera honum neitt ilt. Annars held jeg, að það, sem hv. þm. sagði um sambúð sína við jafnaðarmenn, verði fróðlegt fyrir seinni tíma sagnaritara, þar sem hann hefir einu sinni verið frambjóðandi þeirra og tvisvar vonbiðill. Jeg held þó, að því fari fjarri, að hv. þm. hafi verið

eins ófús til upphefðarinnar og hann ljet, og jeg verð að segja, að mjer datt í því sambandi í hug sagan um refinn og vínberin.

Hv. þm. sagði, að jeg þyrfti nú um páskana að athuga, hvar jeg stæði. (**ÓTh:** Einkum á föstudaginn langa). Það má vel vera, að jeg gangi einhverntíma inn fyrir bæinn, eins og jeg geri stundum, og jeg býst við, að þá muni blasa við mjer, sem minnismerki um hv. þm., vegagerð, sem hann stofnaði einu sinni til. Og jeg býst við, að jeg láti mjer það verða til viðvörunar um það, að standa aldrei nálægt eða að halla mjer að slíkum mönnum sem hv. þm. Dal.

Lárus Helgason: Það var ræða hv. þm. Dal., sem gaf mjer ástæðu til þess að standa upp. Það er ekki í fyrsta skifti, sem við bændur hjer á þingi erum látnir heyra það af þessum hv. þm. og sumum öðrum, að við látum leiða okkur eins og sauði, og einkanlega af jafnaðarmönnum. Hv. þm. hefir í þessum tveimur ræðum sínum sagt, að sá mikli áhugi á síldarmálum, sem fram kæmi hjá stjórnarflokknum, gæti ekki verið í anda bænda. Jeg veit nú ekki betur en að við bændur hjer á þingi eigum að vinna að sjávarútvegsmálum sem öðrum málum, því að það er skylda okkar að vinna sem best að hverju því máli, sem fyrir kemur. Að því er þessi síldarmál snertir, þá er það öllum vitanlegt, að síldarverslunin hefir ekki verið í svo góðu lagi undanfarið, að vanþörf sje á að bæta hana.

Þá minti hv. þm. á, að hver þm. verður að mynda sjer sjálfstæða skoðun á hverju máli. Hv. þm. heldur altaf, að við bændur sjeum leiddir hjer eins og önnur viljalaus verkfæri. Jeg mótmæli þessu harðlega; jeg veit ekki annað en að við bændur vinnum að öllum málum og greiðum um þau atkvæði eftir okkar eigin geðþótta.

Það, sem mjer þótti allra leiðinlegast við ræðu hv. þm., var það, að hann sagði, að enginn vafi væri á því, að samviska okkar bænda mundi vakna. Í þessi orð má leggja tvenskonar meiningu. Þau gefa fyllilega í skyn, að við bændur höfum gert eitthvað, sem samviska okkar muni síðar ásaka okkur fyrir. Þessu mótmæli jeg harðlega. Ef við greiðum atkvæði með einkasölu, þá er það vegna þess, að við trúum á það, að hún muni ganga vel, og er því engin hætta á, að mig nje aðra iðri þess, að hafa farið þessa leið. Og í þessum orðum lá einnig illur spádómur um fyrirtækið.

Jeg tel, að við bændur eigum ekki að taka því þegjandi, að okkur sje nú að því um nasir, að við sjeum leiddir eins og leiðitamir hestar hjer í þinginu.

Sigurður Eggerz: Hæstv. forsrh. fór enn að tala um samband mitt við jafnaðarmenn. Jeg get vísað til þess, sem jeg hefi sagt áður um þetta mál, að jeg hefi aldrei verið vonbiðill þeirra, og eru því þessi ummæli hans ósönn. En jeg býst við því, að hæstv. ráðh. mundi ekki drepa hendi við því, ef menn úr einhverju kjördæmi kæmu til hans og byðu honum þar stuðning sinn. Annars bauð jeg mig aldrei fram í G.-K., jafnvel þótt hæstv. ráðh. bvði mjer mjög ákveðið fylgi síns flokks

þar. (**ÓTh:** Það er nú ekki stórt). En það má ekki tala um snöruna í hengds manns húsi, — því að hver er aðstaða hæstv. ráðh. til jafnaðarmanna? Hann getur ekkert gert nema með hjálp jafnaðarmanna. Þeir halda honum í klóm sínum, svo að hann getur ekki hreyft sig; alt hans mikla og stórkostlega veldi, sem hann hefir lýst með svo mörgum orðum, er hrunið á sama augnabliki, sem jafnaðarmenn hrukka svolítið upp á nefið. Það má með sanni segja, að alt er fallvalt í veröldinni, þar sem þetta mikla veldi getur fallið við það eitt, að jafnaðarmenn hrukka svolítið upp á nefið. Hæstv. forsrh. veit það eflaust úr sínu gamla starfi sem sálusorgari, hve alt er fallvalt, en hann mun læra það ennþá betur af þessari samvinnu. Því að mjer virðist svo, sem jafnaðarmenn ætli að halda ákaflega fast á sínu máli. Mjer sýnist hæstv. forsrh. vera alveg í gapastokknum hjá þeim. Og jeg verð að segja það, að jeg kenni bókstaflega í brjósti um hann. Þjóðnýtingin, sem áður var fjarlæg, er altaf að koma nær og nær. Á þessu þingi verða líklega samþ. eitt síldareinokunarfrumvarp, ríkisrekstur á síld og eitt einokunarfrumvarp snertandi landbúnaðinn.

Jeg sje, að hæstv. fjmrh. ber í borðið. Það sýnir, að hæstv. stj. er nú farin að veita Frjálslynda flokknum eftirtekt, og það er líka riett, því að þótt hann sie lítill, þá hefir hann þó þau mál meðferðis, sem hæstv. stj. hlýtur að beygja sig fyrir á sínum tíma.

Út af hinum fáu orðum míns góða vinar, háttv. þm. V.-Sk., hefi jeg fátt eitt að segja. En jeg held, að það sje ekki hægt að bregða mjer um það, að jeg fjandskapist við hina íslensku bændastjett. Jeg sýni henni þvert á móti þann mikla velvilja nú, að vara hana við að fara inn á þá braut, sem jeg er sannfærður um, að liggur til óhamingju. Jeg er sannfærður um, að sá andi, sem ræður gerðum núverandi hæstv. stj., er ekki andi hinnar íslensku bændastjettar. Því að sanngirnin er andi hinnar íslensku bændastjettar; jeg er viss um, að allir eru sammála um það. En það er ekki sanngirni, sem ræður aðgerðum hæstv. stj., heldur miklu fremur ósanngirnin. Þótt hjer eigi að heita bændastjórn, þá er landinu ekki stjórnað í anda hinnar íslensku bændastjettar, því að jeg er viss um, að ef svo væri, þá mundum við fá meiri frið og meiri ró í þessu landi. (**Dómsmrh. JJ:** Í hvaða anda er Íslandsbanka stjórnað? — **ÓTh:** Nei, nei, er nú hæstv. dómsmrh. kominn?). Honum er stjórnað í þeim anda, að reyna að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar og gera þeim jafnhátt undir höfði, eftir því sem hægt er.

Þetta er einungis stutt aths., en jeg held, að í ræðu minni áðan hafi jeg sagt hæstv. stjórn meiri sannleika en hún hefir fengið að heyra nokkurntíma fyr á þessu þingi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er aðeins örstutt kvittun til hv. þm. Dal. Hann gaf svo ákaflega skáldlega og heimspekilega lýsingu á afstöðu stj. til jafnaðarmanna, hvernig stj. hrykki við, þegar jafnaðarmenn hrukkuðu nefið, að jeg fór að athuga, hvort ekki væri alveg sjerstök ástæða til þess, að hann lýsti þessu svo nákvæmlega. Jú, jeg fann, að það var oftar en í þessi 3 skifti,

sem jeg gat um áðan, að hv. þm. Dal. hafði orðið að knjekrjúpa fyrir jafnaðarmönnum. Þegar hann myndaði stj. 1922, þá kom hann á fjórum fótum til fulltrúa jafnaðarmanna hjer á Alþingi og bað hann um stuðning. (**SE:** Jeg man ekkert eftir þessu; jeg held, að hann hafi aldrei stutt mig). Hv. þm. bað um þetta skriflegt, og jeg veit, jeg má fullyrða að hann hafi fengið það skriflegt. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert að athuga við þetta, en hv. þm. Dal. hefir víst verið afskaplega ófús að taka við þessum stuðningi 1922. (**SE:** Jeg fjekk hann aldrei). Það er hægt að sýna það svart á hvítu, að hann fjekk hann.

Hv. þm. Dal. var að áminna okkur um að veita hinum *litla* frjálslynda flokki athygli. En jeg vil einungis beina þessu til hans: Hann á sjálfur að athuga, hvað flokkur hans er orðinn lítill. Hv. þm. var fyrir nokkrum árum í stærsta flokki þingsins, en nú stendur hann hjer einn eins og ýlustrá á eyðimörku. Hv. þm. þarf að athuga, af hverju þjóðin hefir snúið baki við honum. Hann þarf sjálfur allra manna helst að athuga sinn *litla* flokk.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Vegna þess að jeg tel þetta mál eitthvert allra merkasta málið, sem fyrir þinginu liggur, þá get jeg ekki neitað því, að mjer fellur illa það alvöruleysi, sem hefir komið fram hjá sumum hv. þm. í því. Jeg skal ekki nafngreina þessa hv. þm. að svo komnu, en jeg sje ekki betur en að margar tilraunir hafi verið gerðar til þess að tefja málið og spilla fyrir því. Mjer sýnist, að ef þessir hv. þm. hefðu haft áhuga á því að bæta frv., þá hefðu þeir átt að koma fram með till. sínar fyr. En það stendur nú svo einkennilega á, að það verður að samþykkja þetta frv. í dag, ef það á að koma að verulegu haldi.

Mjer finst það einkennilegt hjá hv. þm. Dal. og öðrum, sem altaf eru að reyna að gera þetta mál tortryggilegt og reyna að koma því inn hjá bændum með lævíslegum dylgjum, að með því sje verið að svíkjast að bændastjettinni. Jeg skil ekki, á hverju þetta er bygt. Og jeg treysti því, að bændur alstaðar á landinu sjeu svo víðsýnir, að þeir sjái, að það verður að sinna öðru en eingöngu þeirra málum. Jeg veit, að þeir eru svo víðsýnir, að þeir sjá, að það verður að sinna fleirum atvinnuvegum en landbúnaðinum einum. Og það leit líka út fyrir það fyrst á þessu þingi, að hv. þm. hefðu fullan skilning á þessu máli. En nú koma fram raddir frá hv. þm. Dal., hv. 2. þm. Skagf., hv. 2. þm. G.-K. og fleirum, sem allar ganga í þá átt að reyna að drepa þetta einna merkasta mál, sem fyrir þinginu liggur.

Jeg skal nú ekki leiða neinum getum að því, hvort bak við þessa andstöðu liggja sjerstakar ástæður, eins og þær, að frv. brjóti bág við hagsmuni sjerstakra manna eða stofnana, en jeg áliti það mjög afsakanlegt, þótt mönnum hvarflaði slíkt í hug.

Vegna þess að hjer er um að ræða þetta nauðsynjamál, þá held jeg, að jeg verði að fara ofurlítið út í ummæli hv. þm. Dal., og það því fremur, sem þessi hv. þm. hefir um langan tíma reynt að gera sig stóran sem hinn eina frjálslynda mann í þessu landi.

Jeg held helst, að hv. þm. vilji engar lagasetningar atvinnuvegunum til hagsbóta; að minsta kosti vill hann

enga skerðingu á einstaklingsframtakinu nje að nokkur atvinnugrein sje rekin með ríkisrekstri. Þetta hefir hann talið hið mesta ódæði og verið með ýmsar dylgjur í garð þeirra manna, sem hafa talið það hagkvæmt. Sama skoðunin kemur fram í þessu máli, þar sem hann gortar að vanda af frjálslyndi og víðfaðma skilningi á málunum. Allir vita, að þetta er ekki annað en hinn argvítugasti leikaraskapur. Svo ógnar hann með flokki sínum, sem hann ætlar að knjesetja með alla flokka, sem nú eru í landinu, og þá, sem á eftir kunna að koma. Þetta ætlar hann einn að gera, — því flokkurinn er hann sjálfur, og annað ekki.

Það væri efni í langa ræðu, að lýsa ferli þessa hv. þm. Jeg skal nefna eitt dæmi af mörgum um þjóðhollustu hans og landsföðurlega umhyggju.

Þegar lá fyrir þinginu frv. um, að ríkið tæki að sjer eldsvoðatryggingar að nokkru leyti, tókst hv. þm. Dal. og fleiri „frjálslyndum“ að setja þann fleyg í frv., að fjelagið mætti ekki taka til starfa fyr en trygt væri, að útlend fjelög tækju ábyrgð á því að nokkru leyti. Jeg var þegar á móti þessu ákvæði, enda varð afleiðingin af því sú, að málið dróst á langinn í nokkur ár, uns jeg tók það upp aftur, og þá var gengið framhjá erlendu fjelögunum. Þá barðist hv. þm. Dal. með hnúum og hnefum gegn þessu sjálfstæðismáli. En þegar erlendu vátryggingarfjelögin sáu alvöru í athöfnum okkar, slógu þau af kröfum sínum og gerðust þjálli viðskiftis en áður.

Hjer stendur líkt á og þá. Þetta frv. er borið fram gegn útlendingum, sem hafa sýnt okkur lítilsvirðingu og fjeflett okkur á ýmsar lundir. Þegar þessu er hreyft, ræðst þessi flokksforingi, eða sjálfsforingi, því að hann er nú ekki nema einn í flokknum (**ÓTh:** Sá, sem stjórnar sjálfum sjer, stjórnar miklu.), gegn þessu með hinum mestu býsnum, eins og verið væri að fremja eitthvert ódæðisverk.

Við 3. umr. í Ed. lýsti jeg nauðsyn þessa máls og heillavænlegum afleiðingum þess, ef það kæmist í framkvæmd, og þarf jeg ekki að endurtaka það. En jeg skora á hv. þdm. að láta sig ekki henda það að fara nú að koma fram með brtt. við frv., til að tefja fyrir því, eða eyðileggja það máske alveg. Jeg virði það við hv. þm. V.-Ísf., að hann hefir sjeð, hvað hlotist gæti af því að vera nú að koma með brtt., og hefir því tekið till. sína aftur. En hv. 2. þm. Skagf. hefir einhvernveginn fundið sig knúðan til að taka þessa till. upp, þótt jeg geti ekki skilið, að honum ætti að vera hún neitt sjerstakt áhugamál. Manni gæti legið við að draga þá ályktun af ummælum hans, að hann væri einlægur samvinnumaður. Það er rjett, að hann var samvinnumaður í orði kveðnu fyrst, þegar hann komst á þing, en það hefir rokið svo af honum síðan, að jeg held, að hann verði ekki talinn samvinnumaður nema svona í meðallagi. (**MG:** Það sjest á atkvgr., hverjir eru samvinnumenn). Annars get jeg ekki skilið, að háttv. þm. geti fengið kröfu sinni framgengt, því að hún stríðir á móti þingsköpunum, en þótt svo færi, að afbrigði yrðu leyfð, þykist jeg vita, að ekki sje hætta á, að till. hans verði samþ. Hún virðist vera tekin upp í þeim tilgangi einum að tefja málið, eða jafnvel að fella það, og því mætti

hún að skaðlausu eiga sjer skamman aldur.

Hv. 2. þm. Skagf. var að tala um hina ægilega háu fjárhæð, sem stjórninni væri heimilað að taka að láni til að reisa bræðslustöðina. Jeg skil varla í, að hv. þm. hafi meint þetta alvarlega. Þessu fje er ekki á glæ kastað, og það hefir ætíð þótt búmannlegt að leggja fje í fyrirtæki, sem gefa góðan arð beinlínis eða óbeinlínis. Mjer finst ekki sitja á hv. 2. þm. Skagf. að láta sjer vaxa í augum, þótt þessu fje sje varið til styrktar öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, sem að minsta kosti gefur þó mestar tekjur í ríkissjóð, og því meiri, sem betur er að honum hlynt. Fyrst er að sá og svo er að uppskera, og uppskeran getur orðið mikil, ef þetta er gert. Þetta þing hefir veitt mikið fje landbúnaðinum til eflingar og viðreisnar. Það er ekki vert að fara út í jöfnuð um það, hvað veitt hefir verið til hvors atvinnuvegar fyrir sig, en ef það yrði gert, hygg jeg, að hv. 2. þm. Skagf. stæði ekki betur að vígi.

Þessi mótspyrna hans hefir því ekki við rök að styðjast. Það hlýtur að vera jafnsjálfsagt að styðja sjávarútveg og landbúnað, þegar þess er þörf. Þetta er sá mesti og besti stuðningur, sem hægt er að veita honum, eins og nú er ástatt, og á því veltur mikið, hvort nokkuð er hægt að gera fyrir þessa sjerstöku grein sjávarútvegsins.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg hefi tekið aftur brtt. mína. Ástæðan til þess er skýr; það er gert af ótta við andstæðinga málsins og þá, sem eru ótryggir, ef til sameinaðs Alþingis kæmi. Háttv. þm. Dal. hefir notað hvert tækifæri til að vinna málinu ógagn. Hann og hv. 2. þm. Skagf., sem tekið hefir upp till. mína, og fleiri hafa nú tekið að sjer hlutverk kjóans margumtalaða.

Allir, sem hjer hafa talað, hafa lýst yfir fylgi við till. mína, einn jafnaðarmaður, hv. 2. þm. Skagf., hv. 2. þm. G.-K. og hæstv. forsrh. Þegar um heimildartill. er að ræða, þá er nóg að fá yfirlýsingu stjórnarinnar um, að hún taki fult tillit til hennar, og því óþarft að fá hana borna undir atkvæði, ef stjórnin ein felst á hana, hvað þá heldur þegar allir flokkar styðja þann málstað. Jeg hefi því náð tilgangi mínum og get tekið till. mína aftur. Jeg tek hana aftur af „taktiskum" ástæðum, án þess að hafa afsalað nokkru af stefnu minni í þessu efni.

Jeg veit, að hv. 2. þm. Skagf. sjer, að hann er ekki að bjarga neinu með því að taka tillöguna upp. Hæstv. fjmrh. sagði, að till. væri borin fram til að tefja fyrir málinu eða fella það. Jeg veit, að hann hefir þar ekki átt við mig, heldur það, að hún væri tekin upp í þessu skyni. Jeg er þó ekki viss um, að svo sje. Jeg held, að þetta sje einn þáttur þeirrar baráttu, sem háð er í blöðum og á mannfundum um það, hverjir sjeu mestir bændavinir og samvinnumenn. Það virðist stundum aðaldeiluefnið í ísl. stjórnmálum, og er ekki furða, þótt ekki hafi verið hægt að komast hjá þeirri baráttu hjer. Hv. 2. þm. Skagf. greip sílið úr munni mínum, sbr. líkinguna af kjóanum, vafalaust í þeim tilgangi, að fóðra hina pólitísku unga Íhaldsflokksins úti um landið, þótt jeg vonist til, að enginn verði feitur af hinni pólitísku fóðursíld. Till. er ekki tekin upp af nauðsyn málsins sjálfs, því að

hún hefir þegar náð tilgangi sínum. Jeg vona, að hæstv. fjmrh. sjái nú, að mjer gekk ekki nema gott til með tillögu minni, og að hann viðurkenni, að jeg hafi ekki lagt nafn Hennar Hátignar Síldarinnar við hjegóma.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta væri aðalmálið, er fyrir þinginu lægi, eða eitthvert hið stærsta. Jeg verð því að lýsa undrun minni yfir því að hafa ekki sjeð hann við umr. hjer í deildinni fyr en nú, að ein umr. fer fram um málið. Þá rennur fyrst upp sá hamingjudagur hjer í deildinni, að hæstv. fjmrh. berst fyrir stærsta máli þingsins.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þeir, sem kæmu nú með brtt. við frv., væru að reyna að eyða því. Þessu var stefnt að mjer og flokksbróður hans, hv. þm. V.-Ísf. Hann fjekk þó örlítið brot af syndafyrirgefningu, af því að hann hafði tekið till. sína aftur, en þó sótti aftur í sama horfið og vöndurinn skall aftur, og hlýtur höggið að vera þeim mun þyngra á hv. þm. V.-Ísf. en mjer, sem því munar, að hann flytur brtt. sína nú í fyrsta skifti, en jeg flyt brtt. um, að málið fari í sama búning og hv. Ed. ætlaðist fyrst til, að það væri í og það fór í frá Nd. við 3. umr.

Hæstv. fjmrh. segir, að bræðslustöðina eigi að reisa sjávarútveginum til hagsbóta, og get jeg fallist á, að svo sje. Hjer er heldur ekki verið að deila um, hvort reisa skuli bræðslustöðina eða ekki, heldur hvernig hún verði rekin. Við 3. umr. lýsti jeg yfir því, að ef jeg gæti fengið yfirlýsingu þess ráðherra, sem þá var í deildinni, um, að verksmiðjan yrði starfrækt án áhættu fyrir ríkissjóð, þá myndi jeg greiða frv. atkv. mitt. — Hæstv. fjmrh. hristir höfuðið. Jeg skal skýra fyrir honum, hvað á milli ber. **(Fjmrh. MK:** Það er óþarfi). Jeg ætla að gera það samt. Nokkur hluti hv. þdm. vill láta starfrækja bræðslustöðina þannig, að hún kaupi síld í samkepni við aðrar síldarbræðslustöðvar, og af því muni hljótast hækkað verð. Jeg legg hinsvegar til, að útgerðarmenn megi leggja síld til vinslu inn í verksmiðjuna á þann hátt, að þeir fái þegar nokkurn hluta andvirðisins, en afganginn síðar, að frádregnum kostnaði. Ef þetta væri gert, hvíldi engin önnur áhætta á ríkissjóði en að stofna fyrirtækið. En annars gæti áhættan orðið mikil, eins og jeg mun sýna fram á.

Ein aðaláhættan er sú, að bræðslustöðinni verði ekki trygt hæfilegt síldarmagn með hæfilegu verði. Meðaltalsafli síðustu ára hefir verið 110 þús. mál í salt og bræðslu. Ef bygð verður bræðslustöð í samræmi við rannsókn hv. 3. landsk., á að reisa bræðslustöð, sem getur unnið úr 120 þús. málum, en þarf minst 60 þús. Jeg fullyrði, að þegar sjeu fyrir nægar bræðslustöðvar fyrir þá síld, sem að berst í venjulegum árum. Eina ástæðan fyrir því að reisa nýja bræðslustöð er sú, að bræðslustöðvar þær, sem fyrir eru, eru í höndum útlendra manna. Til að bæta úr því án áhættu fyrir ríkissjóð hefi jeg lagt til, að starfrækslu verði hagað á þann hátt, sem jeg hefi lýst. Um þetta hefir verið deilt, en jeg tel með öllu ómaklegt að ásaka okkur fyrir það, að við berum landbúnaðinn einan fyrir brjósti, en leggjumst á móti hagsmunum sjávarútvegsins. Jeg býst við, að jeg beri sjávarútveginn fyrir

brjósti engu síður en hæstv. fjmrh. En jeg ber líka hag ríkissjóðs fyrir brjósti og jeg vil ekki, að hann beri áhættuna að nauðsynjalausu. Starfrækslunni verður að haga svo, að bræðslustöðinni sje trygt hæfilegt magn til vinslu. Það verður best trygt á þann hátt, að útgerðarmenn fái þar sannvirði fyrir alla síld, er þeir leggja inn, er hún hefir verið brædd. Þá væri það beint hagsmunaatriði fyrir þá, að stöðin fái hæfilegt magn á hverjum tíma, og því líklegt, að þeir skiftu við hana fremur en aðrar verksmiðjur. Við höfum leitt líkur að því, að á þennan hátt sje hag útgerðarmanna betur borgið en áður, en þó minni áhætta fyrir ríkissjóð.

Mjer fanst ástæða til að skýra þetta fyrir hæstv. fjmrh., svo að hann hefði okkur ekki fyrir þeirri röngu sök, að við vildum ekki hlynna að sjávarútveginum. Hæstv. ráðh. sagði, að undarlegt væri, að við vildum tefja málið. Kvaðst hann ekki vilja fullyrða, að þetta væri í eigin hagsmunaskyni gert, en mönnum gæti dottið það í hug. (**Fjmrh. MK:** Það var ekki hægt að komast vægar að orði). Hjer skaut upp höfðinu sú illkvitni, sem oft ber á í ræðum þessa hæstv. ráðh., enda þótt hún sje ekki honum í hug, eftir því sem honum er lýst. Ráðherrann er hjer að drótta því að mjer sem framkvæmdarstjóra í Kveldúlfi og hv. þm. Dal. sem bankastjóra í Íslandsbanka, að við tökum afstöðu til þessa máls með eigin hagsmuni fyrir augum, en bæði Kveldúlfur og Íslandsbanki reka bræðslustöð. Mjer þykir þessi illgirnislega aðdróttun leiðinleg hans vegna. Aðdróttun þessi er vitanlega ósönn og ósæmileg, en lýsir auk þess mestu vanþekkingu.

Um tvenskonar áhættu gæti sýnst vera að ræða fyrir þær stöðvar, sem fyrir eru hjer á landi, af stofnun nýrrar verksmiðju. Önnur er sú hætta, sem stafaði af verðlækkun, af því að framleiðslumagn ykist. En heimsmarkaðurinn er svo rúmur fyrir þessa vöru, að þessi áhætta ætti engin að vera. Enda er ekki víst, að framleiðsla ykist, þótt ný verksmiðja verði sett á stofn.

Hin áhættan gæti verið sú, að verksmiðjurnar yrðu að kaupa síldina dýrara verði heldur en nú. En það snertir að sáralitlu leyti þá verksmiðju, sem jeg er við riðinn, og eins hina, sem hv. þm. Dal. kann að hafa afskifti af fyrir hönd Íslandsbanka. Við bræðum að mestu síld af eigin skipum. Svo að jafnvel þótt hæstv. fjmrh. ætli okkur að vera þeir ódrengir og bjánar að flytja eigin hagsmuni okkar inn í Alþingi, þá getur hann ekki fært nein frambærileg rök fyrir því, að við höfum þarna hagsmuna að gæta. Jeg veit, að inni fyrir ætlar hæstv. ráðh. okkur það ekki, að við viljum rjúfa þingmannseið okkar af svo lágum hvötum, og jeg tel það mikinn ljóð á ráði svo mæts manns að bera fram jafnlubbalegar ásakanir.

Jeg þarf ekki að segja meira við hæstv. fjmrh., en ætla að svara nokkrum öðrum eilitlu.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri undarlegt, er jeg kvað það mundu ráða atkvæði mínu í þessu máli, hverjar yfirlýsingar hann gæfi um það, hvernig hann hugsaði sjer að haga rekstri bræðslustöðvarinnar. Hann sagðist vera dauðlegur maður og geta hæglega

hrokkið upp af á morgun. Jeg vona, að það komi nú ekki fyrir, — nema pólitíska dauðdaga má hæstv. forsrh. bíða fyrir mjer, og það strax í dag. Að öðru leyti óska jeg honum sem lengstra lífdaga. En þótt svo ætti nú að fara, að hann dæi nú á næstunni, vil jeg minna hann á, að yfirlýsingar hans sem stjórnarformanns eru tvímælalaust bindandi, nema því aðeins, að hæstv. stjórn hrykki öll upp af — þ. e. a. s. hröklaðist frá völdum. **(Fjmrh. MK:** Það er nú ekki hætt við því í bráðina). Jeg er nú svo bjartsýnn, að jeg vona, að þessari plágu ljetti bráðlega af þjóðinni, hvað sem hæstv. fjmrh. segir. — En ef svo haminjusamlega tekst til, að við losnum við þessa stjórn, þá eru allar líkur til, að það verði Íhaldsflokkurinn, sem við stjórnartaumunum tekur. Um stefnu þess flokks í þeim málum, er hjer um ræðir, veit jeg vissu mína. Fyrir því er mjer alveg nóg að fá yfirlýsingu hæstv. forsrh. til að vita, hvort mjer er óhætt að greiða þessu atkvæði. — Annars verð jeg að benda hæstv. forsrh. á það, að ef ekkert er að marka yfirlýsingu hans um þetta efni, þá er ekki heldur að marka þá yfirlýsingu, er hann gaf út af brtt. hv. þm. V.-Ísf. Eftir hans eigin röksemdaleiðslu er það eintóm markleysa, sem hann sagði um brtt. þessa merka flokksbróður síns.

Hv. 2. þm. Reykv. var að víta mig fyrir uppivöðslusemi í deildinni. Hann er altaf jafnuppfullur af því, að það sjeu „við meirihlutamenn", eins og hann segir, sem eigi að ráða. En þótt þeir eigi að ráða, vil jeg benda háttv. þm. á það, að af því leiðir engan veginn, að minni hl. megi ekki einu sinni tala. — Hv. þm. kvað mig hafa verið með uppivöðslu og „frekju" gagnvart hæstv. forseta. En meðan hann sjer ekki ástæðu til að víta mig, ætti hv. 2. þm. Reykv. ekki að vera þar með neinn slettirekuskap. Það er hann sjálfur, sem sýnir uppivöðslusemi gagnvart hæstv. forseta með því að ætla að taka til sín vald hans til að gæta þingskapa.

Einu rökin, sem hæstv. forsrh. færði fyrir því, að hraða þyrfti málinu, voru þau, að hingað væri væntanlegur í dag þýski verksmiðjueigandinn dr. Paul, sem á bræðslustöð á Siglufirði. Hann mun fáanlegur til að leigja bræðslustöð sína, og því taldi hæstv. ráðherra nauðsynlegt að ákveða þegar í stað, hvað gera ætti. Nú hefir hv. 2. þm. Reykv. lýst sig andstæðan mjer og hv. þm. V.-Ísf. um það, hvernig á að reka síldarverksmiðjuna. Ekki hefir tekist að fá neitt upp úr hæstv. forsrh. um það, hvaða leið hann hugsar sjer að velja. En jeg vil minna hv. deild á það, að nú eru alsíðustu forvöð að ræða það, hvernig á að haga starfrækslu fyrirtækisins. Er því ekki seinna vænna fyrir hv. þd. að láta sitt álit í ljós, ef hún óskar að hafa á það einhver áhrif.

Hjer hafa aðallega verið færð fram þau rök gegn brtt. minni, að með henni væri málinu stefnt í háska, því að ekki væri víst, að það fengi nóg fylgi til að komast fram í Sþ. Jeg hefi nú fært líkur fyrir hinu gagnstæða, og skal ekki farið frekar út í það. En hjer er um það að ræða, hvort deildin á að víkja frá þeim dómi, sem tvisvar hefir verið kveðinn upp. Það á að ákveða, hvort ráðh. og flokkur þeirra eða hinir ráðandi herrar Alþingis, hv.

jafnaðarmenn, eiga að skera úr um sölu bræðslustöðvanna, ef til kemur.

Jón Sigurðsson: Jeg þarf að svara lítilsháttar þeim hv. þm., sem vikið hafa að því, sem jeg sagði. Jeg gerði þá í ræðu minni grein fyrir því meðal annars, hvers vegna jeg tæki upp þá till., sem um hefir verið deilt nú, og sje ekki ástæðu til að endurtaka það. Annars var það auðheyrt á hv. þm. V.-Ísf., að honum var ekki ljúft að hverfa frá sinni eigin till., eftir að hann hafði lýst svo ágætlega fyrir hv. deild mikilvægi hennar. Jeg skil líka aðstöðu hans; þó að hann sje ekki venjulega eitt af hlýðnustu börnum hæstv. stjórnar, hefir hann samt viljað vera góða barnið í þetta skifti.

Um það, sem hæstv. forsrh. ljet um mælt, skal jeg aðeins geta þess, að jeg veit ekki betur en það sje samkv. þeirri venju, sem hefir átt sjer stað bæði viðvíkjandi fjárlögum og öðrum frv., að nægilegt sje að taka till. upp á undan atkvgr. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg neita því alls ekki). Í fjárlögum er oft lýst yfir af hinum og þessum, að hann taki upp till. í atkvgr.

Hæstv. fjmrh. virðist hafa fylst mikilli gremju yfir þessum fáu orðum, sem jeg sagði; og sjerstaklega var honum illa við þann samanburð á framlagi hæstv. stjórnar og stjórnarliðs til landbúnaðarmála og til síldarmála á hina hlið. Hann færði það helst til, að því fje væri ekki á glæ kastað. Jeg geri nú heldur ekki ráð fyrir, að fjenu, sem varið verður til síldarverksmiðju, sje á glæ kastað, en hinu vil jeg halda fram, að það sjeu mörg og mikil verkefni óleyst, sem eru miklum mun meira aðkallandi heldur en bygging síldarverksmiðju.

Í þessu sambandi er vert að minna á það, að hæstv. stjórn hefir nú í raun og veru tekið upp alveg nýja stefnu. Á undanförnum árum hafa atvinnuvegir — sjerstaklega landbúnaður — verið studdir á ýmsa lund, og þeirri meginstefnu ætið fylgt að styðja sjálfa atvinnurekendurna til framkvæmda. Þeim hafa ýmist verið veittir styrkir eða lán. Í því efni má benda á frystihúsin; þar eru það fjelög bænda, sem er veitt lán; og jeg get nefnt mörg önnur fyrirtæki, sem ríkissjóður hefir á eina eða aðra lund stutt til að koma fyrir sig fótunum.

Hjer er aftur á móti öðru máli að gegna. Það á ekki að fara að veita atvinnurekendum stuðning, þegar þeir hafa myndað með sjer fjelagsskap; nei, heldur er farin sú leið, að ríkið byggi sjálft þetta fyrirtæki, og ekki nóg með það, heldur reki það líka. Jeg held, að hæstv. ráðh. þurfi sannarlega ekki að undra sig á því, þótt slíkri nýbreytni sje ekki tekið tveim höndum, — og það því fremur, sem umsögn forystumannanna er svo ósamhljóða um það, hvernig öllu skuli hagað, að það er næstum eins ólíkt sem hvítt og svart. Fyrir nokkrum dögum var jeg staddur uppi í hv. Ed., er hæstv. dómsmrh. sagði meðal annars í ræðu, að það ætti eftir sinni skoðun að reka verksmiðjuna sem gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð. En ef það mishepnast, þá mætti selja hana einhverjum gróðamanni. Jeg vil nú leggja það undir dóm hv. deildar, hversu líklegt væri, að gróðamenn myndu kaupa, eftir að ríkið væri búið að stórskaðast,

t. d. um nokkur hundruð þúsund, á verksmiðjurekstrinum. Hjer kemur fram sama stefnan og hjá frsm. meiri hl., hv. 4. þm. Reykv., sem þó hefir verið mótmælt af ýmsum síðan, að ríkið eigi að reka þetta sem áhættufyrirtæki, — taki þá vitanlega gróðann, en líka skakkaföllin, þegar þau verða. Eru því sósíalistar og dómsmrh. alveg sammála, sem vænta mátti. — Um hæstv. forsrh. er það að segja, að ekkert ákveðið hefir verið hægt að toga út úr honum, hverja leið hann vildi fara; þó hefir mjer skilist hann vilja halla sjer yfir á samvinnugrundvöll, en því hefir hann lýst ótvírætt yfir, að hann teldi þetta stórfelt áhættufyrirtæki, en samt fylgir hann því af kappi.

Hv. þm. V.-Ísf. hefir aftur á móti tekið skýrt og greinilega fram sína aðstöðu í þessu máli. Það er sú aðstaða, sem jeg felli mig langbest við. En þegar alt er svona í pottinn búið, og þegar helstu forráðamönnum stjórnarflokkanna ber ekki saman um nokkurn skapaðan hlut, hvernig fyrirkomulagi skuli háttað, þá vaknar sú spurning: Hvað verður ofan á? Samkvæmt fenginni reynslu er jeg sannfærður um, að það verður ofan á, er verst gegnir, till. sósíalista og dómsmrh. Það er því ekki furða, þó að menn fari að verða meir en smeykir við þetta fyrirtæki. En fyrst því fæst ekki framgengt, að verksmiðjan verði fjelagsfyrirtæki, eins og minni hl. lagði til, þá má þó ekki minna vera undir slíkum kringumstæðum en að hv. deild láti alveg ótvírætt í ljós þann vilja sinn, að fyrirtækið verði sem allra fyrst fjelagseign og fært yfir á samvinnugrundvöll. Og háttv. deild sýnir best þann vilja með því einmitt að samþ. till. hv. þm. V.-Ísf. í þessu máli.

Jeg skal svo ekki fara út í fleira að sinni, þó að ræða hæstv. fjmrh. gæfi raunar tilefni til að segja ýmislegt. Mjer skildist hann jafnvel telja eftir styrkinn til landbúnaðarins, en framhjá því get jeg gengið. — En það var eitt atriði í ræðu hans, sem jeg get ekki gengið framhjá, en það voru dylgjur hans til mín um það, að jeg væri verri samvinnumaður en jeg hefi verið. Mjer er ekki kunnugt um, að nokkur breyting sje á því orðin; og ef hæstv. ráðh. getur ekki fært nein rök fyrir þessu, þá verð jeg að skoða það sem hvert annað rakalaust slúður, sem flutt er hjer í hv. deild. (Forseti hringir).

Sigurður Eggerz: Það er aðeins stutt aths. til þess að bera af mjer sakir. Hæstv. forsrh. sagði, að ástæða væri fyrir mig að athuga það, að jeg hefði verið einu sinni í fjölmennum flokki, en stæði nú í mjög litlum flokki. — Hæstv. ráðh. er nú vel kunnugt um það, hvernig flokkar riðluðust eftir að sambandslögin voru samþ. En út af þessum orðum hæstv. ráðh. langar mig að taka það aðeins fram, að mjer skilst það aðalatriðið fyrir hvern stjórnmálamann, að hann standi í þeim flokki, sem heldur fram þeim málum, sem hann trúir, að sjeu rjett og góð. En jeg fæ ekki sjeð, að það út af fyrir sig stækki neinn mann, að hann sje í fjölmennum flokki, ef sá fjölmenni flokkur stendur fyrir þeim málum, sem óheppileg eru fyrir þjóðina. Og það vill oft verða svo, þegar sagan fer að fella sinn dóm um stjórnmála-

menn, þá er það vanalega þeirra eigin framkoma, en flokkarnir gleymast frekar. Jeg ætla ekki að fara nú að gera samanburð á þeim litla flokki sem jeg er í, og þeim stóra flokki hæstv. forsrh., en jeg veit, að dómur sögunnar úrskurðar stefnuskrá þess flokksins, sem minni er að vöxtum, ekki síðri en stefnuskrá flokks hæstv. ráðh.

Eitt verð jeg að leiðrjetta. Jeg tók fram í fyrir hæstv. forsrh., þegar hann talaði um, að Jón Baldvinsson hefði veitt mjer hlutleysi. Jeg mótmælti þessu; en nú hefir þessi hv. þm. sagt mjer, að hann hafi 1922 lofað mjer hlutleysi. En hvernig í ósköpunum átti jeg að muna þetta; því að jeg veit ekki annað en að sá hv. þm. hafi jafnan verið í andstöðu við mig. Og það er víst, að hann hafði ekki nokkur minstu áhrif á stjórnina; hún þurfti ekkert til hans að sækja. Og það er aðalatriðið.

Um aðstöðu hæstv. forsrh. til jafnaðarmanna nú er öðru máli að gegna, þar sem hann má til að fara mikið eftir því, sem þeir heimta. Jeg fór ekki eftir því, heldur aðallega eftir því, sem jeg og minn litli flokkur áleit rjettast vera.

Annars þýðir ógnarlítið, þó að jeg fari að tala um aðstöðu jafnaðarmanna til mín. En þegar skorað var á mig að gefa kost á mjer við borgarstjórakosningar, voru það ekki einungis jafnaðarmenn, sem studdu mig, heldur menn úr öllum flokkum. Enda sýndi kosningin þetta, þar sem litlu munaði, að jeg yrði kosinn. En þó að það komi auðvitað ekki þessu máli við, get jeg ekki stilt mig um að segja það, að jeg hefi aldrei orðið yfir neinu eins glaður og því, að jeg hlaut ekki kosningu.

Þá voru það nokkur orð til hæstv. fjmrh.; mjer skildist eins og hann væri að bregða okkur, er staðið höfum öndverðir máli þessu, um alvöruleysi. Jeg veit að vísu, að það er ekki hægt að hindra hæstv. fjmrh. í að nota þau orð í ræðum sínum, er hann vill viðhafa, en mín aðstaða til málsins byggist ekki á alvöruleysi, heldur á hreinni og beinni alvöru. Hvaða ánægju ætti jeg að hafa af því að hefja andstöðu gegn hæstv. stj. í þessu máli? Mótmæli mín eru bygð á þeim rökum, sem jeg hefi aflað mjer í málinu. Og eftir allri minni aðstöðu til frjálsrar verslunar hefi jeg staðið mjög undrandi í þessu máli og vil því láta mjer nægja nú að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt.

Hæstv. fjmrh. vildi gefa í skyn, að hagsmunir þeirrar stofnunar, sem jeg er ráðandi í, rjeðu aðstöðu minni til þessa máls. En jeg fæ ekki sjeð, að þessi verksmiðja verði hættulegur keppinautur þeirrar verksmiðju, sem Íslandsbanki hefir komið á fót. Þessa nýju verksmiðju á að stofna á Norðurlandi, en hin er á Vesturlandi, og því ekkert til fyrirstöðu, að þær starfi samtímis. Annars skal jeg taka fram, að mjer hefir aldrei dottið í hug að bera neinum hv. þm. það á brýn, að þeir af slíkum ástæðum taki afstöðu til mála. Og því síður er ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að drótta þessu að mjer nú, þar sem afstaða mín er í fullu samræmi við þá skoðun, sem jeg hefi jafnan haldið fram síðan jeg kom á þing. Hæstv. ráðh. sagði, að jeg væri jafnan að stæra mig af því, að jeg væri frjálslyndur. Jeg man nú ekki

eftir, að jeg hafi sjerstaklega gert það, en hitt get jeg sagt, að jeg gleðst yfir því að geta talið mig í hópi frjálslyndra manna. Hann sagði líka, að það væri broslegt, að jeg þættist vilja knjesetja alt og alla. Mjer finst nú dálítið skrítið, að sá litli flokkur, sem jeg stend í hjer á þingi, ætti að geta knjesett alla aðra flokka. (**HStef:** Það fanst okkur nú!). En þessar tilfinningar eru mjög skiljanlegar, af því að þau mál, sem frjálslyndi flokkurinn berst fyrir, finna bergmál í hjörtum þjóðarinnar, og þau rök, sem hann notar, koma óþægilega við í bili og láta illa í eyrum þeirra manna, sem bundnir eru á klafa stærri flokkanna.

Þá kom hæstv. fjmrh. að aðstöðu minni til Brunabótafjelags Íslands. Jeg var nú satt að segja búinn að gleyma því, en jeg sje, að jeg hefi hjer í hv. deild á þinginu 1915 borið fram rökst. dagskrá í málinu, sem jeg ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp, og er hún á þessa leið:

„Í trausti til þess, að stjórnin útvegi sjer sjerfróða aðstoð til að íhuga skilyrði fyrir innlendri ábyrgðarstarfsemi, þar á meðal brunabótastarfsemi, og leggi frumvarp þar að lútandi fyrir næsta Alþingi, ef fært verður, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Jeg sje satt að segja ekki, að jeg þurfi að bera neinn kinnroða fyrir þessa dagskrártill. Jeg vildi, að framkvæmd yrði rannsókn áður en þessi innlenda ábyrgðarstofnun yrði sett á stofn. Jeg vildi fá endurtryggingu, en að ríkissjóður væri laus við ábyrgðina. Og það er alveg sami rauði þráðurinn, sem vakir fyrir mjer enn, að jeg vil ekki draga ríkissjóð inn í nein áhættufyrirtæki. Og ef það þykir nauðsynlegt að ráðast á mig úr öllum áttum fyrir þetta, þá er með því verið að reisa nýja öldu, sem ræðst á þá skoðun, er ríkjandi hefir verið áður, bæði hjá þjóðinni og Alþingi: að halda ríkissjóði utan við alla áhættu atvinnuveganna. Það hefir verið það boðorð, sem allir stjórnmálamenn hafa talið sig fylgja, og mjer er nær að halda, að það hefðu ekki verið ýkjamargir þm., sem náð hefðu kosningu, ef þeir hefðu á framboðsfundum sínum lýst sig andvíga þessu boðorði.

Hæstv. fjmrh. vildi fara að tala um minn stjórnmálaferil. Hann um það; jeg ætla ekki að tala um hann, en jeg gleðst yfir því, sem jeg hefi lagt til þeirra mála. Mjer finst það hálfbroslegt, þegar hann er að gefa í skyn, að jeg hafi ekki staðið gegn ágangi útlendinga. Jeg vil vísa í alla aðstöðu mína í slíkum málum og læt hana tala. (**Fjmrh. MK:** Bara í orði). Já, það er nú svona um hæstv. fjmrh., að þegar hann er kominn út í deilu, þá gætir hann sín ekki og grípur þá til þess í einhverju röksemdaþroti að gera lítið úr andstæðingum sínum. Hann var að tala um mig sem flokksforingja. Jeg minnist þess ekki, að jeg hafi nokkru sinni talað um það hjer, að jeg væri flokksforingi. En allur sá stormur, sem reistur hefir verið gegn mjer og mínum litla flokki af báðum flokkum hæstv. stj., sýnir betur en nokkuð annað, að þeir eru hræddir við frjálslyndu stefnuna, vegna þess að þau mál, sem sá flokkur berst fyrir, eru mál þjóðarinnar, og þau munu finna bergmál hjá henni áður en hina varir. — Jeg sje, að hæstv. fjmrh. brosir. Það er hægt að hlæja á meðan hæstv. ráðh. stendur í skjóli

meiri hlutans. En það koma aðrir tímar og nýjar kosningar eftir fáein ár, og er ekki ósennilegt, að þá geti brosið farið af hæstv. fjmrh. Þess eru dæmin, að stórir flokkar hafa fallið og þeir, sem byrjuðu smáir, orðið sterkir. Enda hefir það sjaldnast reynst sigurvænlegt til lengdar fyrir hvaða meiri hl. sem er að nota vald sitt til að kveða niður öll rök, hversu góð og rjettmæt sem þau eru, aðeins af þeim ástæðum, að þau eru fram borin af mönnum úr andstöðuflokki stjórnarinnar.

Jeg get þá lokið þessari aths., sem hæstv. forseti hefir leyft mjer að gera, en vil þá enda mál mitt með því að segja, að jeg er alveg viss um, að ýms ógætni þessa þings í ýmsum fjármálum er þegar farin að vekja eftirtekt hjá þjóðinni.

Jeg veit ekki, hvort jeg mætti spyrja hæstv. fjmrh., áður en jeg sest niður, einnar spurningar, en hún er sú, hvort það sje rjett, að fjelag það, sem verið er að stofna í Norðurlandi, eigi að fá 350 þús. kr. Þetta hefir flogið niður núna síðustu dagana, en hæstv. ráðh. er vitanlega sjálfráður, hvort hann svarar þessari fyrirspurn eða ekki. En um hitt get jeg fullvissað hæstv. fjmrh., að það er í fullri alvöru og með góðri samvisku, að jeg greiði atkv. móti því að flækja ríkissjóði inn í áhættufyrirtæki.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg geri nú ráð fyrir, að orðaskiftum milli mín og hv. þm. Dal. geti farið að verða lokið, enda hafa þau verið bæði í gamni og alvöru. En út af þeim samanburði, sem hann gerði á stefnumálum flokkanna, þá vildi jeg segja nokkur orð, og þá sjerstaklega um okkar pólitísku aðstöðu.

Hv. þm. Dal. var enn að tala um flokkinn sinn og lagði mikla áherslu á, að lífsskilyrði stjórnmálaflokkanna væru undir því komin, hverjir hefðu betri og hollari mál að berjast fyrir. Jeg er alveg á sama máli, að það sje ekki mannfjöldi flokkanna, sem ræður því, hvort þeir eiga langt líf fyrir höndum, heldur málin sjálf, sem barist er fyrir. Og þetta vildi hann heimfæra til þess málsins, sem honum verður tíðast að vitna í, en það er sjálfstæðismálið. En það er ekki nóg að tala um það í tíma og ótíma, að við sjeum sjálfstæð þjóð, heldur verðum við að sýna það í verkinu, að við sjeum það.

Jeg álít, að fyrir þessu þingi hafi legið þrjú sjálfstæðismál, — og hverjir eru það, sem beitt hafa sjer fyrir því, að þau næðu fram að ganga?

Í fyrsta lagi skal jeg nefna einkasölu á tilbúnum áburði. Þar var um að ræða, hvort erlendu firma ætti að haldast uppi að skattleggja íslenska bændastjett með óhæfilegri álagningu á vöru, sem nota þarf mikið af til aukinnar ræktunar landsins. Samfara því að keppa að því marki að gera þessa vöru ódýrari fyrir bændur, þá er það orðið þeirra sjálfstæðismál. Þetta sjálfstæðismál hefi jeg borið inn í þingið, en hv. þm. Dal. hefir beitt sjer mjög á móti því.

Annað sjálfstæðismál, sem jeg vildi nefna, eru siglingamál þjóðarinnar. Á því sviði erum við mjög háðir útlendingum. Við höfum orðið að þola að sjá erlend skip svo tugum skiftir færa okkur varninginn heim, og Íslendingar hafa orðið að sigla undir erlendum

fána hafna milli í sínu eigin landi. Við framsóknarmenn höfum viljað bæta úr þessu. Við höfum barist fyrir því, að Íslendingar gætu framvegis siglt undir íslenskum fána með ströndum fram. Þetta sjálfstæðismál hefi jeg einnig borið hjer fram á þessu þingi. En hverju hefir hv. þm. Dal. svarað? Móti þessu sjálfstæðismáli þjóðarinnar hefir hann lagst og reynt alt, sem hann gat, til þess að ónýta það.

Og þriðja sjálfstæðismálið, sem jeg vildi nefna, er það, sem hjer liggur fyrir og verið er að ræða. Hjer er verið að reyna að bæta úr því sleifarlagi, sem verið hefir á síldarútvegi Íslendinga. Við erum að reyna að losa okkur úr klóm erlendra spekúlanta. Og svo að jeg noti orð hv. þm. Dal., þá er með þessu verið að vinna að því að láta Ísland vera fyrir Íslendinga fyrst og fremst og gera þá sjálfstæða á þessu sviði. Að þessu hefi jeg stutt, eftir því sem jeg hefi orkað, en hv. þm. Dal. barist með hnúum og hnefum gegn þessu mikla sjálfstæðismáli þjóðarinnar.

Það er rjett hjá hv. þm. Dal., að það ræður mestu um framtíð stjórnmálaflokkanna, hverjir hafa betri eða hollari mál að berjast fyrir. Og jeg bið a. m. k. óhræddur að horfa framan í kjósendur landsins við næstu kosningar. (SE: Jeg er nú dauður; annars skyldi jeg andmæla). Hafi hv. þm. einhverju að svara, vænti jeg, að hæstv. forseti levfi honum einu sinni enn örstutta athugasemd.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst það sitja síst á hv. þm. Dal. að vera að sneiða hæstv. sti. fyrir þá samvinnu, sem hún hefir haft við okkur jafnaðarmenn. (SE: O, sei-sei!). Enginn hefir lengra gengið en hann í því að flaðra upp við jafnaðarmenn og sníkja eftir stuðningi þeirra, eins og jeg er margbúinn að sýna honum fram á með rökum, sem hann getur ekki hrakið. Nú skal jeg til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt, minna hann á, að það var hann sjálfur, sem kom til Jakobs Möllers og hv. 5. landsk. og bað um hlutleysi þeirra, svo að hann gæti komið til mála við útnefningu ráðherra. Og þetta hreif. Hann varð ráðherra. Og það reið á þessum tveim þm. Nú segir hann þetta einskis virði; hann hafi aldrei þurft á stuðningi jafnaðarmanna að halda og þeir yfirleitt veitst á móti sjer í öllum málum. En það þarf ekki annað en að lesa Alþt. frá þeim tíma, og þar sjest, að hv. þm. Dal. fór eftir till. jafnaðarmanna í einhverju því mesta hitamáli, sem þá var uppi í landinu. (SE: Þetta eru tilhæfulaus ósannindi). Jeg ætla ekki að vrðast frekar við þennan hv. þm. Það er búið að reka svo oft ofan í hann þann ósannindavaðal, er hann hefir verið að slá um sig með, enda eru svo mörg vitni að því, hvernig hann hefir kropið á knjánum fyrir jafnaðarmönnum, ýmist að biðja um stuðning þeirra eða hlutleysi. (SE (slær í borðið): Stutt aths. til þess að bera af mjer sakir). Hv. þm. fær eflaust levfi til þess að bera af sjer sakir, en hann getur ekki hrakið neitt af því, sem jeg hefi sagt.

Að endingu vil jeg aðeins benda á það, að ef þessi brtt. verður samþ., eru miklar líkur til, að frv. verði að fara í Sþ. En eftir þingsköpunum þarf ⅔ þingheims til þess að samþ. frv., svo að með þessu getur frv. verið

stofnað í hættu. Því að eftir annari framkomu hv. íhaldsmanna og undirtektum þeirra í þessu máli má búast við, að þeir greiði atkv. á móti frv. í Sþ., og er það þá þar með fallið.

Jón Auðunn Jónsson: Það má ofbjóða svo þolinmæði okkar þdm., að við getum ekki setið lengur þegjandi og hlustað. Hæstv. forsrh. hefir með þessum fróðuummælum sínum orðið þess valdandi, að jeg get ekki setið lengur og tel ekki sætt, þegar hann leyfir sjer að leggja heilagt nafn, eins og sjálfstæði landsins er, við hjegóma. Því hvaða sjálfstæðismál er það, hvort ríkið kaupir áburð af þýskum verksmiðjum eða einstökum mönnum eða firmum, þegar söluverðið er hið sama hjá þeim öllum?

Þá talaði ráðherrann um strandferðir okkar og taldi þær sjálfstæðismál. Það væri vitanlega æskilegt og gott, ef við gætum fjölgað strandferðaskipum, en það hefir enn ekki verið hægt vegna fjárhagsörðugleika ríkisins. Ef hæstv. forsrh. meinti nokkuð með þessu sjálfstæðisglamri sínu, þá hefði hann hallast að mínum till. í strandferðamálinu. Því vissulega verðum við að sjá fjárhagslegu sjálfstæði ríkisins borgið í hvívetna, því á því grundvallast hið stjórnarfarslega sjálfstæði.

Annars vil jeg minna hæstv. forsrh. á, að aldrei hefir úr því sæti, sem hann nú skipar, að allra dómi, verið eins lítið lagt til málanna hjer á þingi eins og einmitt nú. Fyrirspurnum svarar ráðh. nálega altaf með sömu orðum: „Veit það ekki, hefi ekki athugað það".

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Öðruvísi mjer áður brá! Sú var tíðin, að Ísfirðingar sendu Jón Sigurðsson forseta á þing. Sú var tíð, að Ísfirðingar sendu Skúla Thoroddsen eldra á þing. Sú var tíð, að Skúli Thoroddsen yngri skildi þennan hv. þm. eftir norður við Ísafjarðardjúp, er hann hjelt suður á þing.

Nú hafa Norður-Ísfirðingar sent þann mann á þing, sem ekki skilur, að það er sjálfstæðismál, að Íslendingar sjálfir taki strandferðirnar í sínar hendur.

Sigurður Eggerz: Jeg má víst ekki eyða miklu af mínum dýrmæta tíma til þess að svara hæstv. forsrh. En þó verð jeg að segja það, að mjer finst það næsta hlægilegt að kalla það sjálfstæðismál, þó að ríkið hafi einokun á áburðarverslun bænda. — Sama er um strandferðaskipið að segja; það er ekki heldur sjálfstæðismál. Um síldarbræðsluna ætla jeg alls ekki að tala. (**Forsrh. TrÞ:** Af því það er á dagskrá!). Jeg vil minna hæstv. forsrh. á það, að það er eitt af allra mestu sjálfstæðismálum þjóðarinnar að hugsa vel um fjárhag hennar, og sjálfstæðinu er stefnt í voða, ef þess er ekki gætt. En það var annað, sem hæstv. forsrh. mátti telja sjer til gildis, og það er, hvernig hann svaraði fyrirspurn minni í sjálfstæðismálinu, og vegna þess, hvernig hann svaraði henni, hefi jeg fundið miklu minna að við hann en jeg hefði ella gert.

Hv. 2. þm. Revkv. var ennþá einu sinni að minnast á náðun Ólafs Friðrikssonar, og hann sýndi þann dæmalausa ódrengskap að drótta því að

mjer, að jeg hefði orðið að náða hann af pólitískum ástæðum. Það var þá helst ástæða til þess að gera það af pólitískum ástæðum! Ólafur Friðriksson var og er pólitískur andstæðingur minn, en hinsvegar mátti jeg vera viss um að baka mjer miklar óvinsældir með þessari náðun. Enda var það svo, að um tíma á eftir mátti jeg ekki ganga milli húsa hjer í bænum án þess að á mig væri ráðist fyrir þetta verk. Jeg gerði þetta því alls ekki af pólitískum ástæðum, heldur einungis af því, að jeg áleit það rjett. Jeg vissi, að Ólafur Friðriksson var maður, sem hefir ekkert af því glæpsamlega í hugarfari sínu. Hann hafði tekið ástfóstri við þennan dreng, og hann hegðaði sjer eins og hann gerði af misskildum „idealisma". Annars hefi jeg í ræðu á þinginu 1923 gert grein fyrir framkomu minni í þessu máli, og get hjer vísað í hana. Jeg endurtek það, að hv. 2. þm. Reykv. hefir með aðdróttunum sínum sýnt ódrengskap á háu stigi, en það er svo sem ekki í fyrsta skifti, sem mjer er sýndur ódrengskapur úr þeirri átt. Sem ráðherra bakaði jeg mjer oft óvinsældir vegna þess að jeg gerði ýmislegt fyrir þá, sem máttarminstir eru og versta hafa aðstöðu í þjóðfjelaginu. Enda held jeg, að það sje skylda hvers ráðherra að styðja einkum þá, sem bágast eiga.

En ódrengskapurinn skal sitja fastur á hv. sessunaut mínum (HjV). (Forseti hringir).

Jón Auðunn Jónsson: Það var lán Ísfirðinga, að þeir áttu þá mætu þingmenn, er hæstv. forsrh. taldi upp. En jeg skora á hæstv. forsrh. að færa sönnur á það, að jeg hafi nokkurntíma verið á móti sjálfstæðismálum þjóðarinnar hjer á þingi. Hver var það, sem fyrstur hóf andmæli, þegar fiskiveiðalöggjöfin var brotin á mjög viðsjárverðan hátt? Og hver vildi standa fastast gegn því, að á rjett landsins væri gengið með kjöttolls-samningunum? En það, hvort tilbúinn áburður er keyptur beint eða hvort hann er keyptur af kaupfjelagi eða kaupmanni, það held jeg, að skifti sjálfstæði þjóðarinnar ekki miklu máli. Og hvort ríkið tekur einkasölu á áburði eða ekki, er út af fyrir sig ekki sjálfstæðismál. En á það má þó minna, að fyrirrennari minn, forsetinn mikli, barðist manna mest gegn einkasölu.

Hæstv. forsrh. sagði, að Skúli yngri Thoroddsen hefði „skilið mig eftir" norður við Ísafjarðardjúp. Jeg man sannast sagt ekki, hvort jeg ætlaði nokkuð suður, þegar Skúli fór til þings, en jeg held þó, að það hafi ekki verið. En hæstv. forsætisráðherra hefir ef til vill átt við það, að jeg hafi boðið mig fram á móti honum, en það var ekki, og hjelt jeg, að hæstv. ráðh. væri það kunnugt.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg veit satt að segja ekki, hvernig hægt er að svara öðrum eins manni og hv. þm. Dal. Það væri ef til vill hægt, ef leyfilegt væri að leiða vitni á móti honum í þessari hv. deild. En það er hægt að leiða ótal vitni um framkomu hans gagnvart jafnaðarmönnum, og mundi það þá sjást í hverju einstöku tilfelli, hvernig hann hefir reynt að vingast við og skríða fyrir þessum flokki, sem hann nú reynir að svívirða, vegna þess að hann heldur, að það falli í góðan

jarðveg hjá öðrum flokki, sem hann heldur nú einna vænlegastan til þess að koma sjer upp í valdasessinn.

Hv. þm. Dal. sagði, að það hefði verið af rjettlætistilfinningu, að hann náðaði Ólaf Friðriksson. Jeg vona vegna hv. þm. sjálfs, að þetta sje satt, en hitt er víst, að hann ætlaði ekki altaf að fara eftir þessari sannfæringu sinni. Jeg get leitt ótal vitni að því, hvernig við jafnaðarmenn áttum tal við hann um málið um það leyti og að hrært var í honum eins og grautarpotti af mönnum af öllum flokkum — jafnvel af hæstarjettardómurunum — út af þessu máli. Enda kvað svo ramt að, að hann hvað eftir annað skifti um skoðun á klukkutíma fresti, og máttum við aldrei af honum líta. Endirinn varð reyndar sá, að hann náðaði Ólaf Friðriksson, en hv. þm. Dal. var samt ekki ákveðnari en svo í málinu, að eftir að hann var kominn til Danmerkur, urðum við jafnaðarmenn að senda þangað sjerstakan mann frá Englandi, sem þar var staddur, til þess að herða á honum, og fyrst er tveir *danskir* stjórnmálamenn, þeir Borgbjerg og I. C. Christensen, höfðu lagt að honum að náða Ólaf Friðriksson, tók hann endanlega ójrjúfanlega ákvörðun um að gera það. Jeg skal ekki segja, hvort þetta er drengskapur eða ódrengskapur hjá hv. þm., en mikilmannlegt er það ekki.

En sem dæmi um drengskap hans í stjórnmálum vil jeg nefna, að þegar skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hann hafði altaf fylgt og lofað hafnfirskum jafnaðarmönnum að fylgja, ef þeir kysu hann á þing (sem þeir þó voru svo vitrir að trúa ekki og gera ekki), kom hjer til umræðu, þá reyndi hann að festa vináttu sína við Íhaldsflokkinn með því að snúast gegn þessu rjettlætismáli, og tók það til bragðs til að gera grein fyrir atkvæði sínu að bera upplognar sakir á jafnaðarmenn. (Forseti hringir).

Jeg krefst þess að fá að segja sannleikann!

Forseti (BSv): Hv. þm. (HjV) er ekki meinað að segja sannleikann, en hann hefir svo gott vald á tungunni, að óþarft er fyrir hann að nota til þess óþingleg orð. En það, að segja, að annar þm. fari með „upplognar sakir", er óþinglegt orðbragð og vítavert.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er sannleikur samt. Hv. þm. Dal. kallaði mig ódreng, en *það* vítti hæstv. forseti ekki, og hafði hv. þm. þó enga ástæðu til slíks.

Forseti (BSv): Háttv. þm. Dal. lauk ræðu sinni með þeim orðum, sem jeg taldi ekki sæmandi, og hringdi jeg því um leið og hann settist niður.

Hjeðinn Valdimarsson: Háttv. þm. Dal. talaði um ódrengskap af minni hálfu þegar í upphafi ræðu sinnar og var síðan öll ræðan um það efni. Hæstv. forseti vítti það ekki. Jeg krefst úrskurðar forseta um, hvort orðbragð hv. þm. Dal. um mig hafi ekki alt verið vítavert. **(Forsrh. TrÞ:** Forseti hringdi).

Forseti (BSv): Jeg hefi þegar lagt minn dóm á það, en ummæli þau, er hv. 2. þm. Reykv. viðhafði, voru miklu

harðvítugri og óþinghæfari en hin. (SE kveður sjer hljóðs).

„Trautt mák enn fyrir annan
enda sjá hvar lendir“,

er hv. þingmenn gerast til þess að kveðja sjer hljóðs „til þess að bera *af* sjer sakir“, en nota síðan málfrelsi til þess eins að bera sakir *hver á annan* með óviðurkvæmilegum orðum. Þó vil jeg ekki synja hv. þm. Dal. máls, þar sem allþungar sakir hafa verið á hann bornar.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að skýrsla sú, sem hv. 2. þm. Reykv. gaf um náðun Ólafs Friðrikssonar, var hrein og bein ósannindi frá upphafi til enda, og mundi jeg, ef það væri heimilt samkvæmt þingsköpum, endurtaka þau orð, er jeg viðhafði um þennan hv. þm. áðan.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hafði beðið um orðið, en skal falla frá því, þar sem allir þeir hv. þm., er jeg átti orðastað við, eru nú dauðir og geta því ekki svarað.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá nú og fresti atkvgr. Færi jeg þessi rök fyrir beiðni minni: Hv. deild hefir þegar áður felt dóm um stefnu þá, sem felst í brtt. mínum við þetta frv., en ef atkvgr. færi nú fram um málið, þá hefi jeg ástæðu til að ætla, að úrskurður deildarinnar verði annar. Þegar deildin feldi hinn fyrri dóm sinn, þá guldu 14 þm. honum jáyrði, en 10 andmæltu. Af þessum 14 mönnum eru nú 3 fjarverandi með leyfi hæstv. forseta. En af þeim 4 þm., sem voru fjarverandi við hina fyrri atkvgr., mun einn verða með mínum till., en 3 á móti. Og yrði því niðurstaðan sú, ef allir hv. þdm. væru viðstaddir og enginn hefði breytt um skoðun, sem jeg hefi ekki ástæðu til að ætla, að brtt. mínar mundu verða *samþyktar* með 15 atkv. gegn 13, en líkindi eru til, að þær *falli* með 13 atkv. gegn 12, ef þær verða bornar undir atkvæði nú.

Þar sem hæstv. forseti hefir oft áður frestað atkvgr. vegna þess að þm. hafa verið fjarstaddir í leyfisleysi, þá virðist mjer því meiri ástæða til þess að fresta atkvgr. nú, þar sem þeir eru fjarstaddir með leyfi hæstv. forseta. Umræðum er nú lokið, og getur það því ekki skift neinu um tafir á störfum þingsins, þótt þessi tilmæli mín verði tekin til greina. Jeg vænti þess, að full sanngirni felist í beiðni minni, og geti því hæstv. forseti orðið við henni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil benda mönnum á, að málið horfir nú alt öðruvísi við en þegar það var áður til umr. hjer í hv. deild. Því að ef breytingar verða nú samþyktar á því, þá þarf málið að koma fyrir Sþ., og til þess að það verði samþ. þar þarf ⅔ atkv. með því.

Í öðru lagi eru þessar till. þess eðlis, að þær geta ekki haft nein áhrif á gang málsins fyrir næsta þing, þar sem sú hlið málsins kemur ekki til framkvæmda fyr, og er því nógu snemt að koma þeim inn þá, ef meiri hl. þingsins er með þeim.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er alveg rjett, að þessi ákvæði munu ekki hafa raunverulega þýðingu

fyrir næsta þing, en hitt er og rjett, að nú eru hjer í deildinni næg atkvæði til, að brtt. mín verði nú samþ., ef þm. eru allir viðstaddir, en mjer er ekki unt að segja með vissu, hvað kann að verða á næsta þingi. Auk þess sem stöðugar lagabreytingar eru óviðunandi. Jeg held því, að krafa mín sje á fullri sanngirni bygð. En hæstv. stj. væri nær að athuga það, að þegar málið var til einnar umr. í hv. Ed., þá breytti sú deild sinni fyrri afstöðu eingöngu vegna krafna jafnaðarmanna, og finst mjer það fulllangt gengið að krefjast þess, að þessi hv. deild geri slíkt hið sama. Til þess að sjá málinu borgið, þurfti hv. Ed. ekki annað en að standa við sína fyrri stefnu í því, en nú á að neyða þessa hv. deild til að hverfa frá sinni fyrri skoðun. Held jeg því fast við ósk mína.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins minna hv. 2. þm. G.-K. á það, að það, sem til mála getur komið að gera á næsta þingi, er að setja nýtt ákvæði inn í lögin, en til þess þarf nákvæmlega sama atkvæðafjölda sem til þess þarf nú að koma þessu ákvæði inn í frv. En annars tel jeg víst, að fyrir næsta þing verði lagt frv. um rekstur bræðslustöðvanna, og þar á þetta ákvæði einmitt heima.

Magnús Torfason: Jeg vil skjóta því til hæstv. forseta, að hann fresti ekki atkvæðagreiðslunni, nema meiri hluti hv. deildar mæli með því.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ekki virðist mjer þessi tillaga hv. 2. þm. Árn. bera vitni um skarpskygni lögfræðingsins, því að vitanlega væri jeg ekki hræddur við atkvgr., ef jeg vissi, að meiri hl. hv. þdm., þeirra sem viðstaddir eru, væri með till. mínum, en hinsvegar ástæða til að halda, að menn greiði atkvæði um frestunina eftir því, hvort þeir vilja samþ. eða fella brtt. mína.

Magnús Torfason: Jeg ætla ekki að fara að rífast við hv. 2. þm. G.-K. um þær gáfur, sem Guð hefir gefið okkur. En forseti hefir oft borið slík tilmæli undir deildina, þegar hann hefir ekki viljað úrskurða þau sjálfur. Og þar sem hjer er um mjög mikilsvert mál að ræða, þá held jeg, að ekki sje rjett að fresta því, nema með samþykki hv. deildar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Svo gæti staðið á, að jeg kysi heldur að eiga mál mitt undir gervöllum þingheimi en forseta. En til þess hæstv. forseta, sem nú situr, ber jeg það traust, að jeg tel hann einfæran að úrskurða um beiðni mína. Og hvernig sem sá úrskurður fellur, mun jeg fullkomlega sætta mig við hann. Jeg ætla heldur ekki að fara að rífast um gáfur okkar hv. 2. þm. Árn. Jeg tala sjaldan um sjálfan mig, og þá er þetta lítið að rífast um.

Forseti (BSv): Fram hafa komið tilmæli um það, að atkvgr. verði frestað, og það fært til, að nokkra hv. þdm. vanti í deildina. Er það og oft, þegar fundir eru langir, að fáir þm. eru viðstaddir, er til atkvæða kemur, og verður því að fresta atkvgr. vegna þess, að deildin er ekki ályktunarfær, en jafnvel þótt viðstaddir sjeu í deildinni nokkru fleiri þm. en þeir mega fæstir vera samkvæmt þingsköpum, til

þess að ályktanir megi gera, þá kann forseta að virðast þau málsmeðferðarmikið að ganga til atkvæða.

En hinsvegar er jeg mjög trauður til að fresta atkvgr., þótt nokkrir þm. sjeu fjarstaddir, því að það eru oftast sjálfskaparvíti. Hjer stendur svo á, að 3 hv. þdm. hafa fengið heimfararleyfi, og virðist mjer þeir með því hafa viljandi afsalað sjer atkvæðisrjetti um þau mál, sem fyrir kunna að koma, meðan þeir eru fjarstaddir.

Hjer er um mikilvægt mál að ræða, sem þarfnast bráðrar úrlausnar, en það er auðsætt, að málið hlýtur að dragast fram yfir páska, ef það er nú tekið út af dagskrá.

Annars mundi vaxa mjög vandi um afgreiðslu mála, ef sá háttur væri upp tekinn, að fresta atkvgr. um sum, en önnur eigi, — fæ jeg ekki sjeð, hvernig hægt væri að vinsa úr þau mál, sem hæft þætti að greiða um atkvæði þegar í stað, ef sumum á að fresta af þessum sökum. Jeg hygg, að nokkur rök megi að því leiða um flest mál, af hálfu annarhvors aðilja, að óheppilegt sje að leita atkvæða um þau, ef ekki eru allir viðstaddir. En það mundi vitanlega hafa í för með sjer óhæfilegar tafir á störfum þingsins, ef alla þingdeildarmenn þyrfti við hverja atkvæðagreiðslu.

Get jeg því eigi orðið við þessari beiðni og úrskurða, að atkvgr. skuli fara fram nú þegar.

Þá hefir hv. þm. V.-Ísf. tekið aftur brtt. sína, en hv. 2. þm. Skagf. hefir tekið hana upp aftur. Raddir hafa komið fram um það, að brtt. hafi verið tekin upp of seint til þess að hún megi koma til atkvæða, og hefir því verið skotið undir úrskurð forseta.

Um þetta atriði segir svo í 40. gr. þingskapa: „Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og till. til þál. og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi". Hafa nú sumir skilið þetta svo, að þetta yrði að gera samstundis. En sá skilningur brýtur fyrst og fremst bág við þingvenju, því að þótt menn hafi lýst yfir því í ræðum, að þeir taki till. sínar aftur, þá eru þær oft ekki teknar upp aftur af öðrum fyr en við atkvgr. Og við umr. um fjárlög kemur það jafnvel fyrir, að brtt. eru teknar upp aftur og koma til atkvæða, þótt ekki sje á sama fundi, en þó við sömu umræðu.

Af því að hjer er um merkilegt atriði að ræða, vil jeg gera nokkuð nánari grein fyrir úrskurði mínum.

Jeg tel þá reglu mjög nauðsynlega, að eigi þurfi að taka tillögur upp alveg samstundis og þær eru teknar aftur, því að ella gæti það komið fyrir, að þm. tæki tillögur sínar aftur öðrum að óvörum, og væri þannig fyrir það girt, að þeir, sem af hendingu væru ekki viðstaddir í þann svipinn, gætu tekið tillögurnar upp.

Að öðru leyti þarf ekki að fara í neinar grafgötur eftir því rjetta í þessu efni, því að ef lesin er 40. gr. þingskapanna, kemur það ljóst fram. Þar stendur: „... En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur *á sama fundi*".

Tímatakmörkunin liggur þarna í gr. sjálfri; hún ákveður, að þetta skuli gert á sama fundi. Hinsvegar er ekki hægt að „taka upp" við 3. umr. till., sem tekin hefir verið aftur við 2. umr.

Þessi umrædda grein þingskapanna kveður því skýrt á um það, að heimilt sje að taka till. upp aftur á sama fundi, þótt nokkur stund hafi liðið frá því, er hún var tekin aftur. Það er því minn úrskurður, að svo skuli vera, og kemur till. því til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 683 feld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JÓl, JS, MG, MJ, PO.

nei: ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, HJ[1]), HG, HjV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.

BSv, ÁÁ[2]), JJós, JAJ, ÓTh, SE greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BÁ, EJ, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 650 feld með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

nei: HG, HjV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, HJ.

BSv, ÁÁ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BÁ, EJ, JörB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JÓl, LH, MT, BSv.

nei: PO, SE, HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh.

Þrír þm. (BÁ, EJ, JörB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

1) Með svofeldri greinargerð: Ef ekki hefði staðið svo á, að afleiðingin af samþykt þessarar till. yrði sú, að frv. yrði að ganga til Sþ., þar sem það vitanlega yrði felt, hefði jeg greitt atkv. með henni, en til að forða málinu frá þeirri hættu, greiði jeg nú atkv. gegn till. og segi því nei.

2) Með svofeldri greinargerð: Jeg hefi áður gert grein fyrir, hvers vegna jeg tók þessa till. aftur. Það var af þeirri ástæðu, að hæstv. stjórn hafði lýst yfir því, að hún mundi taka till. jafnt til greina við framkvæmd fyrirtækisins, þótt hún væri ekki samþ. nú. Jeg læt mjer því lynda að sitja hjá, til þess að málinu verði ekki stofnað í hættu í Sþ., og greiði því ekki atkv., með því að jeg tel mínum tilgangi náð eigi að síður.

55. Strandarkirkja og sandgræðsla í Strandarlandi.

Á 21. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi (þmfrv., A. 149).

Á 23. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. við þessa umr. Get að mestu látið nægja að vísa til greinargerðarinnar.

Eins og sjá má af greinargerðinni, hefir Strandarkirkju safnast talsvert fje á síðustu árum, og var sjóður hennar yfir 40 þús. kr. við síðustu áramót. En eins og menn líka vita, stendur kirkjan á sandi langt frá öllum mannabústöðum, og þykir það ekki hæfa. Á þinginu 1926 flutti jeg tillögu um það, að græða upp þennan sand, en sú till. var feld og því borið við, að kirkjan væri svo vel fjáð, að hún gæti sjálf staðið straum af því að græða landið í kringum hana. Samkvæmt þeirri bendingu sneri jeg mjer til sandgræðslustjóra og stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, og liggur nú fyrir erindi frá báðum þeim aðiljum. Leggja

þeir til, að landið verði grætt upp, en eru að því leyti sama sinnis og 1926, að þeir álíta, að Strandarkirkja eigi eðlilega sjálf að leggja fje af mörkum til þess. En nú er það svo, að Strandarkirkja á ekki landið sjálf, en ef hún ætti að leggja fje af mörkum til græðslunnar, þá er það ekki nema eðlilegt, að hún eignist landið í kring, það sem grætt yrði. Lengra var ekki hugsað að ganga í fyrstu.

Strendur finna mjög til þess, að þeir sjeu einangraðir, einkum síðan þeir mistu prest sinn, er Selvogssókn var lögð undir Arnarbæli. En þaðan er 6—7 tíma leið út í Selvog og ilt að komast að vetrarlagi, svo að þess vegna fá þeir Strendur ekki nema 2—3 þjónustur á vetri hverjum. Ennfremur er prestur í Arnarbæli nú tekinn að eldast, og þótt hann sje, sem kunnugt er, hinn mesti dugnaðarmaður, þá er hann nú farinn að verða miður fær til erfiðra ferðalaga.

Alt þetta hefir orðið til þess, að það hefir orðið að ráði með góðum mönnum þar eystra að gera tilraun til þess að kippa þessu í lag, þannig að Strandarkirkja fái landið til eignar og sjerstakan kirkjuprest.

Þar yrði þá eina sveitaprestakallið á landinu, sem hefði sjerstakan kirkjuprest, og teldi jeg það mjög vel til fallið, að sú kirkja, sem á svo merkilega sögu sem Strandarkirkja, yrði til þess fyrst að verða sjerstök kirkja með sjerstökum rjettindum, sem lifði einungis á sjálfri sjer og væri sjálfri sjer nóg, eins og var til forna.

Þetta mál er dálítið tvískift, og veit annarsvegar að landbúnaðarmálum, en hinsvegar að kirkjumálum. Þar sem málið er fyrst og fremst landbúnaðarmál, er eðlilegt, að það fari til landbn., og vil jeg leggja til, að svo verði að umr. lokinni, og það því fremur, sem þetta mál er miklu merkilegra og víðtækara en menn munu geta gert sjer ljóst í fljótu bragði.

Á því svæði, sem frv. getur um, var áður ágætis land. Þessa fyrstu tilraun þarf að gera bæði til þess að sýna mönnum þar, hvern árangur sandgræðsla getur borið, og til þess að kenna þeim, hvernig þeir eigi að fara að við sandgræðslu. Nú vill svo heppilega til, að í vor flytur merkisbóndi með uppkomnum sonum sínum á stærstu jörðina þar í nágrenni kirkjunnar, og má búast við, að þeir kraftar yrðu notaðir einmitt til þess að koma græðslutilraununum á rekspöl.

En þetta mál snertir ekki aðeins landbúnaðinn, heldur hefir það einnig, þótt merkilegt megi virðast í fyrstu, afarmikla þýðingu fyrir sjávarútveginn. En sú er ástæða til þess, að með þurkum fýkur allur sandur ofan af landinu og út á sjó, svo að fiskur legst frá ströndunum, og oft svo, að menn verða þar ekki fiskjar varir í 2—3 daga eftir sandfok, þótt áður væri þar nógur. Það er því ekki ofsögum sagt, að þetta mál er þýðingarmikið sjávarútvegsmál. Og það er ekki aðeins mín skoðun, heldur einnig skoðun fjölda manna þar eystra og margra merkra útgerðarmanna, að það þyrfti að gera miklu meira en gert hefir verið til þess að teppa þetta sandfok, af því að það mundi hafa stórkostlega þýðingu fyrir sjávarútveginn, ef tækist að verja Selvogsbanka fyrir því. Þetta vil jeg biðja menn að athuga vel í þessu máli.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala frekar fyrir þessu máli nú, en mælist

til þess, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

Magnús Jónsson: Þetta mál kom svo snögglega til umr., að jeg er ekki allskostar við því búinn að taka til máls í því, með því að jeg hjelt, að jeg mundi hafa lengri tíma til stefnu, og líka af því, að jeg bjóst við, að hæstv. dómsmálaráðherra, sem líka er kirkjumálaráðh., mundi fyrst óska að láta í ljós álit sitt á því. En hann er sennilega bundinn við umr. í háttv. Ed. sem stendur.

Jeg er nú ekki svo mikill lögfræðingur, að jeg treysti mjer til að dæma um þetta mál til fullnustu. En mjer sýnist ýmislegt við þetta frv. vera talsvert athugavert og ástæða til þess fyrir landbn., sem væntanlega fær það til meðferðar, að athuga hitt og þetta í sambandi við frv.

1. gr. frv., sem líka er aðalatriðið í þessu frv., kveður svo á, að taka skuli fje úr sjóði Strandarkirkju. Jeg er ekki viss um, hvort þetta er hægt. Hvers eign er kirkjan? Hún er í vörslum safnaðarins, og jeg tel það því mjög vafasamt, hvort Alþ. getur tekið peninga hennar og ráðstafað þeim eftir sinni vild. Þetta þarf að athuga, því að það er skýlaust stjórnarskrárbrot að taka eignir manna og ráðstafa þeim með lögum. Það þarf að vita með vissu, í hvers eign landið er, áður en því verður ráðstafað. Því að þótt það sje nú sandauðn og eignarrjettur á því lítils virði, þá getur hann þó orðið nokkurs virði, ef landið yrði grætt.

Þá er mjer ekki vel ljóst, hvernig það má verða, sem gert er ráð fyrir í frv., að teknar sjeu 10 þús. kr. í einu og síðan 1000 kr. á ári úr sjóðnum til viðhalds og græðslu, og samt ákveðið að ala prest á fje kirkjunnar. Mjer skilst, að það muni líða langur tími áður en til þess geti komið.

Ennfremur sýnist mjer varhugavert að setja fje þessarar einu kirkju undir aðra umsjón en önnur kirknafje heyra undir. Jeg hefði haldið, að sú umsjón væri ákveðin með lögum um almennan kirknasjóð, en í þann sjóð á að renna það fje, sem kirkjum áskotnast umfram þarfir þeirra. Undan þeirri umsjón virðist nú eiga að taka fje þessarar einu kirkju og ráðstafa því á annan hátt.

Það er að vísu sagt í greinargerð þessa frv., að íbúarnir þarna í kringum kirkjuna hafi samþykt stuðning við þetta mál. Mjer skilst, að það verði að koma miklu nánari greinargerð frá þeim og þeir eigi að gera þessar ráðstafanir, en ekki Alþingi.

Sem sagt bjóst jeg ekki við þessu máli svo fljótt, svo að jeg læt mjer nægja að þessu sinni að benda landbn. á, að þörf er á að athuga vel ýms atriði frv. Og auðvitað mega hv. þm. ekki gleyma því, við hvern þeir eiga hjer, að það er Strandarkirkja sjálf, sem sagt er, að kunni að borga fyrir sig, hvort sem henni er gert betur eða ver. Reyndar er þetta sagt að nokkru leyti í spaugi, en jeg veit ekki, hvort það er svo mjög úr vegi að biðja nefndina að athuga líka þá hlið málsins.

Flm. (Magnús Torfason): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. verð jeg að svara honum nokkrum orðum. Jeg bjóst við, að hv. þm. mundi tala af held-

ur meiri hlýju til þessa máls en hann gerði. Jeg hefði haldið, að honum mundi þykja sjerstaklega vænt um það, að þessi kirkja fengi sjerstakan prest og grætt yrði landið í kringum hana. Jeg get ekki sagt um hug kirkjunnar í því efni og býst ekki við, að hann muni geta það, enda er það líklega erfitt. En jeg veit ekki nema það kunni að vera til rök fyrir því óbeint, að kirkjan óski þess, að landið verði grætt. Að minsta kosti er það víst, að öllum þeim mönnum, sem stutt hafa þetta mál, hefir farnast vel. Og það er alveg eins og kirkjan hafi lagt blessun sína yfir þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til græðslu í hinu forna landi hennar. Það hefir verið haldinn safnaðarfundur um þetta mál, og var þar samþykt einum rómi að styðja það; er það mjög mikið áhugamál allra sóknarmanna, og alveg víst, að þar er ekki einn maður á móti. Og jeg held, að vilji sóknarmanna geti ekki komið greinilegar fram en á þeim safnaðarfundi.

Hvað það atriði snertir, hver væri eigandi landsins, þá skal jeg upplýsa það, að jeg hefi spurt herra biskupinn um það, og hann svarað, að ríkið eigi það; svo að þar er við sjálfa okkur að eiga.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. hræddur um, að ef teknar væru 10 þús. kr. úr sjóði kirkjunnar, þá mundi langur tími líða þangað til kirkjan gæti fengið sjerstakan prest. Jeg er nú ekki viss um það. Samskotin eru altaf að aukast. Útlendingum, sem heita á Strandarkirkju, er altaf að fjölga. Hún er að verða fræg erlendis eins og hjer, eins og sjá hefir mátt af blöðunum. Svo að það er ekki víst, að það líði mörg ár til þess að kirkjan geti fengið prest, ef hún fengi löndin aftur. Það þarf ekki vexti af stærri upphæð en 50 þús. kr. til þess að svo geti orðið.

Þá þótti hv. þm. óviðkunnanlegt, að þessi kirkja væri tekin undan reglunum um alm. kirkjusjóð og sjerstakar reglur settar um sjóð hennar. Þessu er því að svara, að þessi kirkja hefir nokkra sjerstöðu meðal kirkna landsins. Mjer vitanlega hefir ekki runnið annað eins fje til neinnar kirkju á landinu eins og til Strandarkirkju. Og engin önnur kirkja á landinu hefir von um að geta kostað prest sinn af eigin ramleik.

Hv. 1. þm. Reykv. þótti eigi viðeigandi að setja reglur um þetta. En um það er ekkert tekið fram, hversu víðtækar þessar reglur eigi að vera. Það getur vel verið, að biskupi og dómsmrh. komi saman um að láta alt vera eins og það er fyrst um sinn. Getur vel verið, að settar verði nýjar reglur, þegar til framkvæmda kemur. Frv. fer einungis fram á heimild.

Það er ekkert undur, þó að söfnuður, sem ekki telur nema 100 menn, hafi ekki mönnum á að skipa til að stýra öllum sínum kirkjufjám, þegar þau eru eins mikil og hjer. En mörg eru dæmi þess, að fje týnist og hefir týnst, af því að ekki var fylgt nógu ströngum reglum um stjórn þess.

Hv. þm. sagði, að Strandarkirkja mundi borga fyrir sig, ef ætti að beita hana órjettlæti. En jeg er viss um, að hún mun borga þeim mönnum vel, sem þetta mál styðja. Og því til stuðnings skal jeg geta þess, að þegar jeg var á ferðinni í vetur til þess að undirbúa þá till., sem nú er fram komin, fjekk jeg ávalt besta veður, og var

þetta þó í miðjum jólafösturosunum fyrir jólin.

Magnús Jónsson: Það er misskilningur, að jeg sje á móti því, að einhverju af fje Strandarkirkju verði varið til þess að græða upp sandinn. Hugmyndin er falleg og rjett að verja fje til þess að framkvæma hana á sínum tíma. Jeg vildi aðeins vekja athygli á ýmsu, sem athugavert kynni að vera í þessu máli, t. d. að hve miklu leyti Alþingi hefir rjett til að ráðstafa fje kirkna. Jeg veit ekki með vissu, hve mikið einstaklingseignarhald, ef svo mætti að orði kveða, Strandarkirkja hefir á því fje, sem hjer er um að ræða.

Hv. flm. segir, að sóknarnefndin hafi verið með því að verja fje kirkjunnar á þennan þátt. Nefnd sú, sem væntanlega fjallar um málið, fær sjálfsagt öll plögg þess til meðferðar, þar á meðal álit biskups og forráðamanna kirkjunnar, og verður að rannsaka þau vandlega.

Það mundi gleðja mig, ef þetta mál fengi heppilega lausn. Og eigi er það mjer síður ánægjuefni, að kirkjan skuli launa hv. flm. fyrirhöfn sína með góðu veðri. En þess ber að minnast, að öllum þeim, sem ætlað hafa að vinna kirkjunni tjón, hefir hún launað grimmilega, svo að þeir hafa jafnvel látið líf, æru og efni — og það þótt í hlut hafi átt stiftamtmaður, biskup, prófastur og prestur.

Jeg skal ekki bera á móti því, að kirkjan geti launað prest sinn. En jeg vil leyfa mjer að benda á orð hv. flm. sjálfra í greinargerð frv., að „svo dýran guðsdóm ber vislega að byggja með hinni mestu prýði, eftir því sem gerist hjer á landi, og þarf til þess ófa fje". Vil jeg benda á, að ekki mega menn gerast mjög djarftækir til kirkjusjóðsins, ef nægilegt fje á að vera fyrir hendi til þess að reisa það veglega guðshús, sem verið er að tala um.

Jeg vil nú láta rannsaka vel, hvort þörf er á að setja lög um fje kirkjunnar og að hve miklu leyti Alþingi er heimilt að ráðstafa því.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg veit ekki betur en að kirkjueignir hafi verið lagðar undir ríkið með einföldum lögum. Og yfirleitt hafa söfnuðirnir ekki meira vald yfir kirkjufjám en að hægt sje að taka það af þeim með lögum. Og síst er nokkuð því til fyrirstöðu, þegar það er áhugamál safnaðarmanna sjálfra.

Um kirkjuna á Strönd er það að segja, að henni hefir verið prýðilega vel haldið við. Getur hún sjálfsagt staðið 20—30 ár ennþá. Það var vakið máls á því fyrir nokkrum árum, að stöpullinn væri ljelegur. Samt lak hann ekki, og það er þó einn aðalkostur. Það var þó talað um að byggja hann upp, en safnaðarmenn vildu það ekki. Þeir vildu ekki byggja neitt, fyr en hægt yrði að byggja vandlega.

Um sandgræðsluna vil jeg fyrst geta þess í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að stiftamtmaður, prófastur og prestur hefðu nærri mist líf og æru, að það var einmitt af því, að þeir ætluðu að flytja kirkjuna burt. Þeir ætluðu að taka hana upp af sandinum, þar sem hún stendur, og færa hana til. En með frv. er einmitt verið að hlynna að því, að hún geti verið

kyr á sandinum. Til þess þarf að græða upp sandinn. Og það þarf að hlaða sjógarð til þess að verja landið. Söfnuðurinn vill með engu móti, að hún sje flutt burt, enda hefir hún verið heilladrjúg þar, sem hún nú er. Fyrir framan kirkjuna er innsigling inn úr skerjunum. Og hún er víst sjálf eitt af innsiglingarmerkjunum. Og af því m. a. má ekki færa hana til.

Sú ráðstöfun, sem frv. fer fram á, verður ekki gerð án laga. Jeg hefi nú verið að baxa við það í 2 ár, að það gæti orðið, en árangurslaust. Og menn hafa ekki viljað, að ríkið gerði þetta á eiginn kostnað. Það er heldur ekki meira, þó að Strandarkirkja leggi fram fje til að græða upp land, heldur en að kirkjur kaupi land.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 405).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi eiginlega ósköp lítið um þetta mál að segja. Jeg vænti þess, að hv. deild hafi kynt sjer efni frv., en það er aðalefni þess að heimila notkun á dálitlum hluta af fje kirkjunnar til uppgræðslu á landinu. Á þetta felst landbn., en vill, að Strandarland alt verði eign kirkjunnar undir eins og hún leggur fram fje til að græða upp landið. Nefndin sjer ekki ástæðu til, að kirkjan aðeins fái það land, sem hún græðir upp, heldur fái hún alt land jarðarinnar til eignar og umráða, og hefir leyft sjer að bera fram brtt. í þessu skyni, sem er á þskj. 405. Önnur brtt. er aðeins smávægileg, um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi.

Jeg hygg, að það geti ekki verið neinum efa undirorpið, að ekki verði betur varið fje kirkjunnar heldur en til að græða upp þá eyðimörk umhverfis kirkjuna, sem áður var blómlegt land, en er nú sandauðn, og sem fróðum mönnum kemur saman um, að lítið meira þurfi að gera við en að friða, því að þá muni landið gróa upp. Jeg held, að það sje alveg sjálfsagt, að ekki verði betur varið fjenu en til að gera þarna grösugan reit, sem áður var sandauðn.

Jeg vona, að hv. deild taki málinu vel og leyfi því að ganga fram hindrunarlaust.

Einar Jónsson: Það hefir að vísu ekki verið mikið talað um þetta mál í landbn., og er með orðum hv. frsm. að mestu leyti rjett frá skýrt. En jeg er ekki samþykkur meðnefndarmönnum mínum um það, að þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, hafi nokkurn rjett til að ganga fram, og sjerstaklega er jeg á móti því, að hjer er verið að veita heimild til að stofna nýtt prestakall. Jeg get ekki sjeð, að það sje þörf á því, þegar ríkið einmitt gerir mikið til að sameina kirkjusóknir og fækka prestum. En hvað frv. sjálft snertir, þá er jeg samþykkur því, að sú sandgræðsluheimild, sem þar er talað um, sje mjög nauðsynleg, en jeg skal ekki fullyrða neitt um, hvort sú leið sje rjett, sem hjer er farin, með að verja fje kirkjunnar til þess. Mjer fróðari menn hafa efast um, að þingið hefði

vald til að ákveða, að fje kirkjunnar skuli verja þannig, en þegar það er tilskilið, að land Strandar skuli falla til kirkjunnar, þá kemur að vísu nokkuð í móti.

Hvernig sem jeg nú hugsa um þetta mál, þá finst mjer, að hjer sje nokkuð hratt á stað farið, og kannske ekki sem hyggilegast. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig orðum er hagað í greinargerð frv., þótt mjer þyki tilgerðarlega talað, svo sem „gróið upp árförum", „ófa fje" og fleira þessu líkt; en þar sem það er sá hinn fróði íslenskumaður, sem þessum orðum hefir fyrir komið, þá býst jeg við, að það hafi ekki mikið að þýða, þótt jeg geri einhverjar aths. við þau.

Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það er af því, að jeg er á móti 4. gr. frv. Jeg efast um, að það sje rjett, að alt það land, sem áður heyrði Strandarkirkju til, verði hennar eign, þótt sandgirðing sje sett um það, en það er náttúrlega rjett að girða landið, og ef það er með fje kirkjunnar gert, þá er máske rjettara, að hún eignist það land alt, sem er innan þeirrar girðingar.

Magnús Jónsson: Jeg gerði við 1. umr. nokkrar aths. við þetta frv., og jeg verð að segja, að mjer urðu það mikil vonbrigði, þegar jeg sá, að hv. landbn. skyldi geta óskift fallist á það og afgreitt frv., enda þótt einn nefndarmaður hafi skrifað undir það með fyrirvara. Sá hv. þm. hefir nú gert grein fyrir þeim fyrirvara þannig, að vel má skilja það svo, sem hann klofni frá hinum nefndarmönnunum.

Jeg er hissa á því, að þessi nefnd þingsins skyldi geta fallist á að fara þannig að gagnvart hinni fornu, og jeg vil segja heilögu Strandarkirkju, því að eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, get jeg ekki sjeð annað en að hjer sje farið býsna hranalega að kirkjunni. Jeg vil ekki segja, að það sje beinlínis gerð ránsferð á hendur henni, en það er að minsta kosti farið að henni með miklum hranaskap og fje hennar tekið í það, sem hana varðar í rauninni ekkert um. Það hefir verið ætlast til, að kirkjusjóður væri notaður til alls annars en sjóður kirkjunnar er ætlaður til, og þeir, sem hafa gefið henni, hafa haldið, að fjenu myndi varið til þess að kaupa muni handa henni og til að fegra hana á allan hátt, en þá hefir naumast órað fyrir því, að kirkjan yrði látin ráðast í að leggja fje í landrækt, sem auk þess er mjög áhættusöm.

Jeg vil aðeins viðvíkjandi nál. minnast á það, að þar sem nefndin segist álíta, að það fje, sem kirkjan hafi í sjóði á hverjum tíma, skuli standa áfram í hinum almenna kirkjusjóði, þá þykir mjer ákaflega undarlegt, að hv. nefnd skuli ekki hafa flutt brtt. um það atriði, sem getur í 5. gr., þar sem gerð er sjerstaða um stjórn á fje hennar. Mjer skilst, að það yrði að fella þessa grein niður, eða breyta henni, ef fje hennar á að halda áfram að vera í kirkjusjóði, og vil jeg hjer með beina þessu til formanns nefndarinnar.

Viðvíkjandi undirbúningi málsins heima í hjeraði segist nefndin hafa spurt háttv. 1. flm. málsins, og segir hann, að undirbúningur málsins hafi verið lögum samkvæmt. Jeg veit nú ekki, samkvæmt hvaða lögum það hef-

ir verið, en jeg býst við, að fundurinn, sem hefir samþykt þetta, hafi átt að hanga í því að vera lögmætur. Nú er það svo, að þessi fundur mun vera sá, sem haldinn var 16. des. síðastl., en þar voru saman komnir 14 búendur í Selvogshreppi af 17. En jeg vil benda á, að þar eru 60 atkvæðisbærir safnaðarmenn, og af þeim greiða einir 14 atkv. með þessari till. Það má kannske hanga í því, að ef löglega hefir verið boðað til fundarins, þá megi hann teljast lögmætur, hvað fáir sem mæta, en þá er þó óhætt að segja, að hjer er um ákaflega fámennan fund að ræða, þegar af 60 atkvæðisbærum sóknarmönnum skuli vera 14 einir, er samþykkja tillöguna.

Svo vil jeg leyfa mjer að minnast á, hvað samþ. er á þessum fundi. Jeg sje ekki, að það styðji nema að mjög litlu leyti frv. það, sem hjer liggur fyrir. Það er sagt, fyrir það fyrsta, að þar hafi verið mættur Magnús Torfason sýslumaður, er hefir sennilega eitthvað verið að vinna að þessu máli, og er ekkert að því, úr því að hann telur betta þarft og gott mál. Er sagt, að málið hafi verið rætt frá ýmsum hliðum og borin upp þessi till. (með leyfi hæstv. forseta):

„Fundurinn mælir með því að gerðar verði ráðstafanir til að Strandarkirkjusandur verði græddur.

Tillagan var samþykt með öllum atkvæðum".

Nú veit jeg ekki, hvernig þetta örnefni er til komið, hvort það byggist á því einu, að Strandarkirkja eigi sandinn, eða sandurinn er aðeins kendur við hana. Jeg er ekki svo kunnugur þar, að jeg geti sagt um, hvernig þetta örnefni er til komið.

Þarna er ekkert sagt um, hvernig skuli unnið að þessu, en þá er samþykt önnur till. (með leyfi hæstv. forseta):

„Fundurinn samþykkir fyrir sitt leyti, að varið verði alt að 10000 kr. á næsta eða tveim næstu árum til girðinga um sandsvæðið og annars stofnkostnaðar, en þar á eftir alt að 1000 kr. til græðslu árlega.

Tillagan samþykt með öllum atkvæðum".

Það er nú fyrir það fyrsta, að fundurinn hefir það fororð, sem sjálfsagt er, að hann samþykkir þetta fyrir sitt leyti, vegna þess að það er alveg tvímælalaust, að safnaðarfundur hefir ekki heimild til að ráðstafa fje kirkjunnar á þennan hátt. Þá er ekkert getið um, hvaðan á að taka þessar 10000 kr., ekki sagt, að því skuli varið af sjóði Strandarkirkju, heldur aðeins, að varið verði 10000 kr. til girðingar og sandgræðslu, og það er mjög einkennilegt, að það skuli ekki vera nefnt, úr hvaða pyngju það skuli tekið. **(JörB:** Það á auðvitað að taka það af fje Strandarkirkju). Jæja, en þá væri viðkunnanlegra, að það væri tekið fram. En nú er það svo um þetta fje, að það er að mínu viti alls ekki þess eðlis, að fundurinn geti ráðstafað því. Jeg hefi talað við biskup um þetta atriði, og hann hefir látið það álit í ljós við mig, að það væri alls ekki heimilt að verja kirkjufje til eins og annars, heldur eigi að verja því til að bæta hana og halda henni við og til að kaupa grini handa henni, en alls ekki til að rækta upp land. Eftir kirkjurjetti Einars Arnórssonar er ekki álitið, að kirkjufje sje eign safnaðar: maður getur sagt, að kirkjan eigi það sjálf, og líklega er það þá ríkið, sem myndi sitja uppi með þetta

fje, ef kirkjan legðist með öllu niður, en ekki söfnuðurinn, og hann hefir ekkert leyfi til að ráðstafa því sem sinni eign. Einar Arnórsson prófessor segir á bls. 178 í kirkjurjetti sínum (með leyfi hæstv. forseta):

„Söfnuður verður ekki fremur eigandi kirkju en prestur var það áður. Ef t. d. þjóðkirkjan væri lögð niður, ætti landið óefað kirkjuna með sjóði hennar og öðrum eignum. Eða ef menn hugsa sjer, að allir í einni sókn segðu sig úr þjóðkirkju landsins og myndu utanþjóðkirkjusöfnuð, þá mundi varla litið svo á, sem sá söfnuður ætti kirkjuna".

Um eignarrjett að bændakirkjum, sem fengnar eru söfnuðunum í hendur, segir hann svo, að söfnuðunum eru fengin umráð kirknanna, umsjón með því, hvernig kirkjusjóði er varið, hvernig hann er notaður til þess að byggja upp kirkjuna eða halda henni við eða annað slíkt. En söfnuður hefir ekkert vald til að segja, að 10000 kr. af kirkjusjóði skuli varið til hins eða þessa: þar er verið að seilast í vald, sem alls ekki er hjá safnaðarfundum.

Þá finst mjer liggja miög nærri, að hjeraðsfundur hefði átt að fjalla um þetta mál. Í Kirkjurjetti Einars Arnórssonar, bls. 96, eru talin upp þau mál, sem hevra undir hjeraðsfund, og eru það meðal annara þessi: Till. um breyting á skipun sókna, takmörkun prestakalla o. s. frv., till. um afhending kirkju í hendur söfnuði til forræðis. Og meira að segja þarf samþykki hjeraðsfundar til hlöðfærakaupa og til þess að forráðamaður liens- eða bændakirkju kosti kirkjusöng af fje hennar. Það er svo nákvæmlega farið út í þetta, að söfnuðir geta aðeins ráðstafað fje kirkju að því er snertir byggingu hennar eða viðhald. Og nú þegar farið er fram á að ráðstafa svo miklu fje sem hjer um ræðir til alt annars, þá virðist sjálfsagt, að minsta kosti eftir „analogi", að samþykki hjeraðsfundar og biskups hefði legið fyrir. Svo er verið að tala um, að þetta mál hafi fengið löglegan undirbúning. Þetta er bara hreinn og beinn hjegómi með þennan undirbúning.

Þá kem jeg að því atriði í frv., þar sem verið er að tala um Strandarland og svo sagt, að landið skuli vera eign kirkjunnar. En hvaða land er þetta? Og hvað á kirkjan að gera við það? Hún hefir ekkert að gera við það, annað en að eyða fje sínu í að rækta það upp. Þeir, sem með þessi mál fóru í fyrstu, hafa ekki varað sig á því, að kirkjan átti ekki landið; hefir hinsvegar þótt óviðkunnanlegt að láta hana kosta græðslu á annara landi og því fundið upp það snjallræði að gefa henni það til ræktunar. En hver von er nú, að græðsla takist? Það er ekki fengin slík reynsla í þessu, að þetta verði ekki að teljast hæpin jarðabót. Og eins líklegt er, að þessu fje væri sama sem hent í sjóinn. Jeg held það sje miklu betra, að kirkjan eigi sjóðinn, en sje laus við þetta land, sem á að gefa henni til þess að rækta upp. Hún hefir aldrei beðið um það. Sama er að segja um endurreisn Selvogsprestakalls. Þetta er hvorttveggja ósæmileg beita, sem sett er á öngulinn til þess að ná í þetta fje. Það má heita í meira lagi undarlegt, að nú, þegar alt gengur út á það að leggja niður og sameina prestaköll, og margra ára stríð kostar að fá sjerstakt

prestakall stofnað þar, sem um fjölmenn kauptún er að ræða, að þá skuli eiga að búa til sjerstakt prestakall með 80—90 sálum. Auk þess mun annexíuvegurinn ekki erfiðari en svo, að þangað mun vera þriggja tíma ferð frá Arnarbæli. Jeg er annars ekki mótfallinn fjölgun prestakalla, en mjer finst, að einhversstaðar sje hennar meiri þörf en hjer. Það væri beinlínis hróplegt, ef byrjað væri hjer. Þá á og að kosta prestinn af fje kirkjunnar, og er þá hætt við, að það verði ekki lengi að fara með þessum aðgerðum.

Það er eins og mönnum hafi blætt í augum að sjá alt þetta fje safnast þarna hjá þessum „dýra guðsdómi", eins og hún er nefnd í greinargerð frv. Nú er þessi kirkja líka orðin gömul; mun vera bygð 1886, eftir því sem biskup hefir sagt mjer. Og eftir vanalegri endingu húsa hjer á Suðurlandi, sem ekki er meira í borið, er mjög sennilegt, að bráðlega þurfi að byggja hana upp, og þá sjálfsagt að nota sjóð hennar til þess, með því líka, að flestar gjafir, sem hún fær, munu einmitt vera gefnar með það fyrir augum. Þessa kirkju á líka að byggja veglega upp, og sennilega mundi það ekki kosta minna en 80—90 þús. kr. En svo þegar búið væri að byggja hana upp og hún hjeldi þá áfram að fá fje, eins og miklar líkur eru til, þá fyrst gæti komið til mála að taka peninga úr sjóði hennar, sem hún kynni þá að eiga, en hefði ekkert að gera við sjálfri sjer til viðhalds og skreytingar, til þess að rækta upp landið.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, fæ jeg ekki sjeð, að löglegur undirbúningur hafi farið fram í þessu máli, og get ekki skilið, að slíkur undirbúningur hafi átt sjer stað, þó nokkrum sóknarbörnum hafi verið hóað saman. — Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta; vona aðeins, að þó svo slysalega tækist til, að landbn. skyldi samþykkja þetta frv., þá vona jeg samt. að hv. deild unni sjer þeirrar sæmdar að fella þetta frv., en láti ekki hv. Ed. hafa heiðurinn af því. Fyrst verður sjóðurinn að gera það, sem honum er sjerstaklega ætlað. Að því loknu og eftir löglegan undirbúning kemur til mála að hlusta á það, að honum sje varið til annara þarfa. Þetta er guðsþakkafje, sem á að verja til guðsþakka, sem sje til þess að byggja upp og prýða kirkjuna. Samkv. Persatrú er það að vísu guðsþakkarverk að græða upp landið, en það er áreiðanlegt, að þeir, sem hafa gefið þetta fje, ætlast til, að það verði notað til kirkjunnar og einskis annars.

Vona jeg svo að lokum, að hv. deild beri gæfu til þess að hrinda þessu frv. af höndum sjer.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að vera fjölorður, þó að hv. 1. þm. Revkv. hafi talað langt mál, því þær ástæður, sem hann ber nú fram gegn frv., eru að mestu leyti þær sömu og hann kom með við 1. umr. þessa máls.

Það, sem virðist vaka fyrir hv. þm., er það, að hvorki söfnuður nje Alþ., og yfirleitt enginn, hafi ráð á þessu fje. Þó hjelt hann, að einhver ráð væru ef til vill til þess að byggia upp kirkjuna með því, en allskostar óheimilt að ráðstafa því til annara framkvæmda. Máli sínu til stuðnings las

hann upp kafla úr Kirkjurjetti Einars Arnórssonar og komst út frá því að þeirri niðurstöðu, að ef þjóðkirkja legðist niður, fjelli sjóður hennar til ríkisins. Samt fanst honum ómögulegt, að þingið gæti sett lög um það, að eign þjóðkirkju — því líklega neitar hann því ekki, að Strandarkirkja sje þjóðkirkja — skyldi verða eign ríkisins. Yfirleitt var öll röksemdafærsla hans mjög losaraleg og á sandi bygð. (**MJ**: Já, á Strandarkirkju-sandi). Jeg er hræddur um, að hún sje á ennþá lausari sandi bygð.

Þá dró hv. þm. í efa, hvort sá löglegi undirbúningur, sem hjer þarf, hefði farið fram. Um það efast jeg alls ekki, því að það er fullvíst. Hitt er rjett hjá hv. þm., að óheppilega er að orði komist í till., og hefði jeg gjarnan kosið, að greinilegar hefði verið komist að orði. En eigi að síður vita allir, við hvað er átt, svo þetta er í rauninni bara orðhengilsháttur hjá hv. þm. Og þó meiri hl. safnaðarmanna samþ. ekki þessa till., þá gerði það ekkert til, fyrst löglega var boðað til fundarins, enda greiddu allir, er á fundinum voru, atkv. með till., að 3 undanskildum. Og hvað afskifti hjeraðsfundar af þessu máli snertir, þá væri það máske æskilegt, að hann ljeti álit sitt í ljós, en hinsvegar er það alls ekki áskilið. Þó ekki hafi verið nógu skýrt ákveðið um þetta frá löggjafans hálfu, þá er ekki hægt að sakast um það og er ekki því til fyrirstöðu, að löglegur undirbúningur hafi farið fram, eins og líka var. Hefði söfnuðurinn haft vald til þess að ráðstafa þessu fje svona, þá hefði hann gert það, og ósk hans er aðeins yfirlýsing þess, að hann telji sig ekki hafa vald til þess nema samþ. Alþ. komi til.

Hvað stofnun nýs prestakalls þarna viðvíkur skal jeg geta þess, að jeg býst við, að á því verði löng bið, enda þótt gefin sje heimild til þess með þessu frumvarpi.

Þá fann hv. þm. að því, að með þessu frv. væri fje þetta tekið úr kirkjusjóði, en við það er ekkert að athuga, því að kirkjumálaráðherra hefir umsjón með fjenu hvort heldur er. Annars fæ jeg ekki sjeð, að þrátt fyrir ákvæði þessa frv. sje neitt því til fyrirstöðu, að fjeð verði áfram í kirkjusjóði. Og þó að kirkjumálaráðherra eigi að hafa yfirumsjón með kirkjujörðunum, segja fyrir um byggingarskilyrði og annað þess háttar, í stað þess að prestur geri það, þá sje jeg ekkert athugavert við það og tel það heldur til bóta. Hv. þm. spurði, hvar ætti að taka þessar 10 þús. kr. Úr sjóði kirkjunnar auðvitað, enda er það greinilega tekið fram.

Viðvíkjandi yfirráðum safnaðanna skal jeg taka það fram — og það veit hv. þm. —, að þegar söfnuði er afhent kirkja, eru um leið lagðar ekki svo litlar skyldur á herðar hans með fjárframlög til hennar, auk ýmislegs annars. Það er því alveg órjettmætt að saka söfnuðinn um, að gengið sje feti framar en sæmilegt var, með því að bera fram þessar óskir, sem Alþingi hefir vafalaust rjett til að veita, ef því sýnist svo.

Þá spurði hv. þm., hvað kirkjan ætti að gera við þetta land, og virtist jafnframt vera mjög vantrúaður á, að hægt væri að græða það upp. Mátti meira að segja skilja það á honum,

að hann teldi þetta sama sem að kasta peningunum í sjóinn. Þetta þótti mjer mjög leiðinlegt að heyra, því nú hefir undanfarandi ár ætíð verið ætluð verulega upphæð til sandgræðslu, og hefir aldrei komið fram nein till. um að leggja hana niður. Hv. þm. hefði átt að bera fram till. um að fella niður fjárveitingu til sandgræðslu, ef hann hefir enga trú á að hún lánist. Og ef hv. þm. getur haft litla trú á því, að ræktun takist þarna, þá yrði það að vera af því, að annaðhvort væri landið þarna sjerstaklega illa fallið til ræktunar, eða að undanfarandi reynsla hefði sýnt, að sandgræðsla mislukkaðist yfirleitt. En það er öðru nær en að svo sje. Ef þetta land væri friðað, eru miklar líkur til þess, að takast mætti að græða það upp á fáum árum, því reynslan hefir sýnt, að tekist hefir að græða upp þar, sem öll aðstaða er miklu verri en þar, sem hjer um ræðir. Það er því ekki hægt að standa á móti þessu máli af þessari ástæðu, og þó að fje sje á þennan hátt ekki beinlínis notað til þess að byggja upp kirkjuna sjálfa, þá er ekki hægt að mótmæla því, að þá væri meira og betra verk unnið, ef hægt væri að gera Strandarland að grænum grasvöllum, heldur en þó að þar væri reist skrautleg kirkja á svörtum eyðisandi. Og jeg efast um, að hægt væri að verja þessu guðsbakkafje betur en einmitt á þennan hátt.

Jeg skil ekki í öðru en að hv. 1. þm. Reykv., svo mikill smekkmaður sem hann er og svo glögt auga sem hann hefir fyrir allri náttúrufegurð, hljóti að sjá, hvílíkur munur það væri að sjá þarna grænar grundir í staðinn fyrir svartan eyðisand. Og fyrir mitt leyti held jeg, að þetta væri fegursti minnisvarðinn, sem hægt væri að reisa fyrir þetta fje. Ekki er jeg heldur hræddur um, að það mundi verða til þess að draga úr áheitum, þó þetta frv. yrði samþ., heldur þvert á móti. Því að þeir, sem kæmu þangað austur og sæju, hvað gert væri, mundu verða því fúsari til að gefa.

Þá fanst hv. þm. óþarfi að fara að stofna sjerstakt prestakall austur þar, frekar en víða annarsstaðar. Jeg skal játa, að mjer er þetta ekkert sjerstakt kappsmál, enda er þetta aðeins heimild, sem sennilega yrði seint notuð. Jeg skal líka í þessu sambandi geta þess, að mjer láðist að taka það fram, að hv. 1. þm. Rang. skrifaði með fyrirvara undir nál. hvað þetta atriði snerti, en var að öðru leyti samþykkur frumvarpinu.

Mörgum hefir blætt í augum, hvað mikið fje hefir runnið í sjóð þessarar kirkju, en ósennilegt er, að sóknarbörnunum hafi þótt hann svo stór, að sjálfsagt væri að eyða honum með einhverju móti. En það er víst, að fyrir þeim vakir það eitt að prýða staðinn. En það eru aðrir, sem hafa sjeð ofsjónum yfir fje því, er runnið hefir til Strandarkirkju. Sjerstaklega minnist jeg þess, að sjálfur biskupinn ritaði grein, þar sem hann taldi menn frá því að heita á hana. Og ef hv. þm. hefir sótt allan vísdóm sinn til hans, þá skal mig ekki undra, þó hann snúist svona í þessu máli. En jeg vona, að hylli Strandarkirkju sje svo mikil, að hún megi sín meira en það, sem sagt er henni til skemdar, og að hún geti orðið við áheitum manna hjer eftir

eins og hingað til, og jeg efast reyndar alls ekki um, að sú verður reyndin á.

Hv. þm. drap á það í lok ræðu sinnar, að kirkjan væri orðin gömul og því nauðsynlegt að gera bráðlega við hana. Jeg býst við, að þetta verði gert strax og þess er þörf, og jeg er þess fullviss, að Strandarkirkja verður orðin það rík aftur, þegar á þarf að halda, að hún getur þá sjálf bygt sig veglega upp, enda þótt þetta fje sje tekið nú.

Hv. þm. sagði að lokum, að það væri þessari hv. deild mestur sómi að fella frv., og gaf fyllilega í skyn, að ef Nd. gerði það ekki, mundi Ed. gera það. Jeg hefi ekkert verið að „agitera" í þessu máli, svo að jeg veit það ekki, en vera má, að hann hafi gengið fyrir hv. þm. Ed. til þess að fá vitneskju um skoðun þeirra. En jeg vona, að þessi hv. deild samþ. frv. og geti þá unnað hv. Ed. að fella það, ef henni finst vegur sinn vaxa við það. En jeg er ekki jafnsannfærður um það og hv. 1. þm. Reykv., að Ed. líti eins á málið og hann. Mjer þykir ekki ólíklegt, að svo fari, að gifta Strandarkirkju megi sín meira, því að fyrir hana og henni til vegs er þetta frv. flutt.

Magnús Guðmundsson: Örfá orð. Jeg vildi aðeins gera þá fyrirspurn til háttv. landbn. út af þeim orðum, sem standa í 4. gr. frv., að Strandarkirkju skuli skilað fornum eignum sínum, hvort ekki hafi verið selt eitthvað af þessum eignum. Mjer er sagt, að seldar hafi verið jarðir, sem kirkjan átti áður, og þá þykir mjer tvísýnt, hvort hægt sje að afhenda aftur þær eignir. Það má nú vera, að þetta sje ekki rjett, en ef svo er, að jarðir hafi verið þannig seldar, getur erfitt orðið að ná þeim aftur. Það mætti náttúrlega hugsa sjer, að andvirði þeirra yrði endurgreitt, en það liggur næst að skilja orðalag greinarinnar þannig, að það eigi að skila aftur eignunum sjálfum. Ef hv. nefnd hefir ekki athugað þetta, liggur ekki á svari fyr en við 3. umr.

Jón Ólafsson: Hv. 1. þm. Reykv. gaf mjer tilefni til að segja nokkur orð. Hann varð alveg gapandi hissa á því, að við hefðum leiðst út á þessa voðabraut að leggja þessu máli lið í nefndinni. Hann kallaði þetta að ganga svo nærri hinni heilögu kirkju — og hann talaði um skollaleik og ránsferð á hendur kirkjunni. Jeg hefði kunnað betur við, að hv. þm. hefði talað af minni guðhræðslu og dálítið meiri þekkingu á staðháttum þarna eystra; því að ef hann væri þarna kunnugur og hefði til dæmis staðið undir kirkjuveggnum einhvern góðan norðaustan rokdag, þá held jeg, að hann mundi segja, að þar færi voðagestur á hendur kirkjunni, byggingunni sjálfri og öllu nágrenni. Hefði hann viljað athuga málið frá þessari hlið, þá held jeg, að hann mundi ekki segja, að verið væri að fara með fjeð út í bláinn eða í annara þágu en sjálfrar kirkjunnar. Jeg hygg þessum hv. þm. geti ekki verið fyrirmunað að sjá það, hversu óveglegt það er fyrir hina heilögu kirkju að standa á þessum sandi, venjulega í sandfoki og moldroki.

Þá var hann að tala um undirbúning á þessari löggjöf. Jeg verð að

segja, að það mundi yfirleitt talið nægilegt, þegar húsbændur eða ráðamenn á 14 heimilum af 17 mæta, og má gera ráð fyrir, að það sje líkt hljóðið í þeim, sem á heimilunum búa, um það mál, sem húsbóndinn fer með. Hv. þm. áleit, að formsins vegna mætti hafa að engu þessa samþykt, þar sem ekki voru mættir menn nema frá 14 heimilum af 17; en hv. þm. þekkir kosningar og allar slíkar atkvgr., og hjer hefði samþ. fallið á líka leið, þó að öll heimili hefðu tekið þátt í atkvgr.

Um annan undirbúning málsins get jeg sagt hv. þm. það, að jeg hefi farið til eins ekki ómerks lögfræðings og spurt hann ráða um málið í heild sinni; því að þótt hv. flm. sje lagamaður, þótti mjer álitlegra að leita til lagamanns, sem var málinu algerlega óviðkomandi. Hann kvað málið á allan hátt löglega undirbúið, nema ef vera kynni, að hægt væri að vjefengja atkvgr., en taldi það í sjálfu sjer ekkert atriði. Söfnuðurinn hefir aðeins tilkynt í þessu máli, en ekki ákvörðunarvald, og hefir látið þá ósk sína í ljós, að hann geti ekki annað gert en mælt með þessu, er Selvogsmenn telja algert nauðsynjamál fyrir hjeraðið.

Þá spurði hv. 1. þm. Revkv. að því, hvort þetta mundi heppnast. Hann efaðist um, að það mundi hafa hina minstu þýðingu. En fróðir menn í þeim efnum segja mjer, svo sem Sigurður búnaðarmálastjóri, sem jeg leitaði álits til um það, hvort þetta fje mundi koma að tilætluðum notum, að þetta mundi vera hið albesta land til þess að græða upp og mundi þurfa sáralítið fyrir því að hafa annað en girða það, og til þess er í raun og veru þetta fje ætlað.

Það eru ýms atriði, sem hv. frsm. er búinn að svara svo rækilega, að jeg þarf ekki við að bæta. Hvað því viðvíkur, að söfnuður verði þarna stofnaður, þá sje jeg ekki betur en að þótt það yrði ekki, hafi kirkjan gott af að eiga þetta land, sem við förum fram á, að verði lagt við land kirkjunnar, sem sje það land, sem ekki er ennþá látið af hendi af Strandarlandi ásamt því, sem yrði grætt upp.

Það hefði að vísu mátt orða eitthvað skýrar viðvíkjandi kirknasjóðnum, en við höfum tekið það nógu vel fram, að ekki mætti taka fje úr honum. Við vitum, að ríku kirkjurnar hafa orðið að lána þeim fátækari og þær þannig getað fengið lán af sjóðnum í skjóli auðugu kirknanna, sem ekki þurftu á fjenu að halda til endurbyggingar. En jeg verð að segja, að meðan Strandarland er svo sandfokið eins og það er nú, þá er mjög hæpið, hvort ætti að byggja þetta 80—100 þús. kr. hús, sem háttv. þm. mintist á, fyr en landið væri það grætt, að sandurinn argaði ekki og sargaði á kirkjunni nótt og dag. Mjer finst byrjað á öfugum enda að byggja þetta 100 þús. kr. hús áður en hafist er handa að bæta landið í kring svo, að hæfði jafndýru húsi að standa þar.

Þótt hv. 1. þm. Revkv. heiti nú á Strandarkirkju um, að þetta frv. falli, þá held jeg það nægi ekki: hvað þá heldur ummæli hans um málið í heild sinni, sem voru kannske meir frá kristilegu sjónarmiði heldur en því verklega og virkilega sjónarmiði, sem hjer liggur til grundvallar.

Magnús Jónsson: Það geta náttúrlega verið margar ljótari ástæður til að mæla með einhverju máli en að

gera það frá kristilegu sjónarmiði, og jeg er mjög ánægður, ef jeg berst í kristindómsins þágu; það er samboðið minni stöðu og fer enda vel á því fyrir hvern mann.

Annars harma jeg mjög, að háttv. samþm. minn (JÓl) hefir látið leiðast svo illa afvega í þessu máli, og hefði óskað, að hann hefði klofið nefndina og að við hefðum getað staðið hjer saman með hinni gömlu kirkju á sandinum (**JörB:** Á sandinum!), svo að ekki væri verið að ráðstafa hennar fje á þann hátt, sem óheyrt er. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði talað af miklum guðmóði, en minni þekkingu á staðháttum þarna eystra; og þekkingarleysið var þá helst í því fólgið, að hann hjelt jeg vissi ekki, að sandurinn rýkur. Jeg veit, að sandfokið er gífurlegt þarna austur á söndunum, þó að jeg hafi ekki sjeð það nema tilsýndar. En þó að sandhríðin sje ekki fögur, þá er samt efamál, hvort fegurra er að græða sandinn upp með hálfgerðu ránsfje frá kirkjunni. Hvað myndi þessi hv. þm. t. d. segja um það, að leggja þá kvöð á það togarafjelag, sem hann stendur fyrir, að það græddi upp land einhversstaðar og einhversstaðar, sem það varðaði ekkert um?

Það má satt vera, að það sje ekki veglegt fyrir kirkjuna að standa á þessum sandi; en jeg býst þó við, að einmitt það, að þessi kirkja er það eina, sem hefir staðið þarna eftir, þegar öll bygð fór þarna í auðn, einmitt þessi einmana kirkja á svörtum sandinum og í sandhríðinni, það sje það, sem mest hefir dregið huga fólksins. Menn heita ekki á þær kirkjur, sem standa á blómlegum og fögrum túnum; menn hugsa með lotningu til þess æðri kraftar, sem hefir hafið upp petta guðsnus, þegar sandurinn hækkaði og alt annað sökk. Jeg er ekki svo viss um, að sandgræðslan mundi auka á dýrð og veg kirkjunnar út af fyrir sig, þó að það sje kannske fallegt verk að græða sandinn. Jónasi Hallgrímssyni þótti hulinn verndarkraftur hafa hlíft Gunnarsnólma, einmitt vegna auðnanna alt umnverfis; eins finst almenningi um þessa kirkju, þegar öll bygð fjell í auðn. Þó að sandurinn sje ekki fallegur, þá vekur hann þessa hlýju kend í hugum manna til kirkjunnar einmana.

Hv. samþm. minn benti á atriði, sem jeg hafði ekki tekið fram, en er til stuðnings mínu máli, nefnilega hvernig hinum almenna kirkjusjóði er varið til að lána fátækum kirkjum, sem þarf að byggja upp. Þetta er ein ástæðan gegn því að taka fje úr þessum sjóði til búskaparfyrirtækja, sem kirkjunni koma ekkert við. Þetta fje er ekki einungis tekið frá Strandarkirkju, en lánamöguleiki fátækra kirkna úr þessum sjóði er skertur. Og jeg þakka hv. þm. fyrir þessa nýju röksemd á móti frv.

Hv. þm. þótti byrjað á öfugum enda, að fara að byggja húsið áður en græddur yrði sandurinn. Þetta er sá hugsunarháttur, sem jeg ekki skil í þessu máli. Jeg gat um, að þegar búið væri að reisa húsið, væri sök sjer að fara að athuga, hvort hægt væri að fá til láns eða á annan hátt eitthvað af fje Strandarkirkju, ef henni heldur áfram að safnast mikið fje. En að byrjað sje á öfugum enda með því að byrja á því eina, sem hægt er að verja fjenu til samkv. lögum, er mjer óskilj-

anlegt, og að það eina rjetta sje að verja því gagnstætt því, sem það er ákvarðað til, og ekki fyr en slíkum framkvæmdum sje lokið megi taka eitthvað til þeirra hluta, sem sjóðurinn er ætlaður til. Það vita allir, að kirknasjóður er fyrst og fremst ætlaður til þess að byggja upp kirkjurnar og halda þeim við, en ekki til sandgræðslu og túnræktar. Það hafa komið fram ýmsar uppástungur um það, til hvers nota mætti fje Strandarkirkju, svo sem til Hallgrímskirkju og jafnvel til að gefa eitt eða tvö herbergi í stúdentagarðinum. Þetta eru nú ljómandi fögur verkefni og mundu halda uppi hennar hróðri, en sjóðurinn er bara ekki ætlaður til þess arna, heldur til þess að byggja kirkjuna. Að byggja kirkjuna er því að byrja á rjettum enda.

Háttv. frsm. hafði ekki rjett eftir mjer í byrjun ræðu sinnar, er hann sagði mig hafa gefið í skyn, að hvorki söfnuðurinn nje þingið hefðu neitt að segja um þetta. Jeg hefi alls ekki nefnt þingið í þessu sambandi, og jeg efast ekki um það, að þingið hefir vald til þess að löggefa um þetta mál, — enda þótt jeg ljeti í ljós við 1. umr., að athugunarmál væri fyrir nefndina, hvort ekki væri fullnærri gengið stjórnarskránni, sem jeg þó ekki vil halda fram. Alþingi hefir yfirleitt afskaplega víðtækt vald. En einmitt af því að það hefir svo mikið vald, þá hvílir þessi brýna skylda á þm., að nota ekki sitt vald nema heppilega. Við vitum, að Alþingi *getur* látið greipar sópa um eignir manna og seilst djúpt ofan í pyngjur manna. Alþingi *verður* því að halda gætilega á sínu valdi.

Hvað söfnuðinum viðvíkur, þá hefir hann vitanlega ekkert vald; aðeins getur hann farið fram á við þingið að gera eitthvað og eitthvað viðvíkjandi kirknasjóðnum. Um „löglegan undirbúning“ er hjer hreint ekki að tala fremur en það t. d. væri kallaður löglegur undirbúningur, þegar sótt er um styrk, að styrkbeiðni er send. En þar að auki hefi jeg sýnt fram á, að undirbúningi þessum var mjög ábótavant; bæði voru atkvæði með þessu mjög fá og enginn hjeraðsfundur um þetta spurður, þó að jafnvel þurfi að spyrja hjeraðsfund, ef á t. d. að kaupa hljóðfæri í kirkju. Sýnist meiri ástæða að leita álits slíks fundar um það, hvort verja ætti þúsundum úr þessum sjóði gagnstætt tilgangi sjóðsins.

Hv. þm. sagði, að ekkert sjerstakt væri að athuga við það, þótt sjóðurinn yrði lagður undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Það er skýrt tekið fram í lögum frá 1890, að slíkt fje standi undir umsjón biskups, og sje sjóðurinn lagður undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, þýðir það ekkert annað en það, að fjeð eigi að ávaxtast í einhverjum sjerstökum sjóði, sem það ráðuneyti sjái um. Nú hefir nefndin horfið frá þessu, og þykist jeg vita, að hún beri fram brtt. um að fella þá grein úr frv.; en það er tvímælalaust, að þessi síðasta grein frv. kveður svo á, að fjeð skuli ekki geymt í hinum almenna kirknasjóði. (**JörB:** Þetta er alveg skakt). Það er undarlegt að heyra þetta hjá hv. þingmönnum, þegar lögin um almenna kirknasjóðinn mæla svo fyrir, að slíkt fje sje undir umsjón biskups, en hjer er tekið fram, að stjórnin skuli hafa umsjón

með því. Með því er ætlast til, að fje þessarar kirkju sje alveg sjerstaklega geymt.

Jeg ljet í ljós, að efasamt væri, að sandgræðslan mundi lánast; jeg er ekki fagmaður á því sviði, en efast ekki um, að mörg skynsamleg rök mæli með, að þetta gæti tekist. En jeg segi: Þetta er þó alls ekki víst; það er áhættuspil, sem peningarnir eru lagðir í.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði enga till. gert í þá átt að fella niður styrk til sandgræðslu. Nei, fjarri því; jeg hefi altaf greitt atkv. með slíkum framkvæmdum til þess að verja bygð fyrir sandfoki. Og það er nokkuð annað en að taka fyrir einn eyðisand, sem ekki eyðileggur annað en sjálfan sig áframhaldandi. En þrátt fyrir það hefi jeg ekki á móti því, að fje sje lagt frá ríkinu til sandgræðslu á þessum stað. En að fara að gefa kirkjunni landið til þess eins að spila fje sínu í áhættufyrirtæki, það minnir nokkuð mikið á það, þegar Vermundur mjóvi ætlaði að gera Styr bróður sínum þann greiða að gefa honum berserkina og gylti það fyrir honum, hve mikið brautargengi honum gæti orðið að slíkum mönnum. Yrði það álíka hefndargjöf að gefa kirkjunni sandinn til að fleygja fje sínu í. Hitt er annað mál, að þegar ríkið hefir tekið að sjer að græða upp sandinn og kirkjan hefir verið vel bygð á ný, hvort hún gæti þá rjett hjálparhönd til sandgræðslunnar, líkt og þegar Styr bauð Vermundi að leysa vandræði hans með því að taka að sjer berserkina.

Þá vildi hv. þm. gera mikið úr því, að jeg sagði, að menn hefðu kannske ekki þolað að sjá þessa peninga, og tók það sem heljar-hnútukast til sóknarbarna í Selvogi. Jeg skal ekkert um þetta segja, því að jeg er alveg ókunnugur því, en mjer virðist, að einhver hafi verið þarna á fundinum, sem myndi þá eiga þessa hnútu, og hvorki var sóknarmaður nje heldur neitt barn; jeg á við sýslumann Árnesinga.

Þá sagði hv. frsm., að biskup hefði skrifað móti þessum áheitum á kirkjuna fyrir nokkrum árum. Jeg man ekkert eftir þessu, en rengi þó ekki hv. þm. En annars varðar mig ekkert um það, því að þó að jeg leiti upplýsinga biskups á þessu máli, þá er mjer að öðru leyti sama um skoðun hans yfirleitt á því. Að hann er mótfallinn þessu frv., er af sömu ástæðu og hjá mjer, að hjer er verið að fara með hæpið mál. En hafi hann hinsvegar skrifað móti áheitunum, hefir það verið út frá þeim forsendum, að eitthvað væri hjátrúarkent við þau.

Það er dálítið deilt um, hvort rjett sje að ala upp hjá mönnum trúna á áheitin, og skal jeg ekkert um það segja. Jeg hefi heitið tvisvar eða þrisvar á Strandarkirkju og aldrei orðið við. (**JörB:** Þessu get jeg trúað!). Jeg býst við, að áheitin sjeu gerð eins og svo margt annað, sem menn gera sjer til gamans. Að vísu skal jeg játa, að jeg hefi heyrt getið um margar og merkilegar jarteiknir í sambandi við Strandarkirkju, og efast heldur ekki um, að margt af því er satt. En það er um þetta að segja eins og ýmsa trú, sem bundin er við viss örnefni; hún getur haldist árum saman.

Hv. frsm. talaði um, að hann treysti því, að gifta kirkjunnar væri svo mikil, að málið mundi ná fram að ganga. Það vilja allir hafa giftu kirkj-

unnar með sjer. Og jeg tel svo, að gifta kirkjunnar hljóti fremur að fylgja þeim, sem hjer eru að reyna að verja eignir hennar fyrir ásælni. En kannske best sje að halda giftu kirkjunnar alveg utan við málið og fara með það eins og venjulegt þingmál.

Mjer finst farið út á hættulega braut að taka kirknafje og verja því til framkvæmda, sem ríkið á að kosta, og þess vegna er jeg á móti stefnu frv. um fjárframlagið. Hinsvegar hefi jeg ekkert á móti því, að landið umhverfis Strandarkirkju verði grætt upp. En jeg vil, að ríkið sem landeigandi beri kostnaðinn af þeirri græðslu.

Í sambandi við þetta, sem jeg hefi nú sagt, leyfi jeg mjer að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár, er hljóðar svo:

„Í því trausti, að stjórnin láti rannsaka, hvort ekki væri rjett, að ríkið ljeti græða upp nokkuð af landi sínu umhverfis Strandarkirkju, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Þessa dagskrártill. leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta. Með henni hefi jeg sýnt, að jeg er ekki á móti því, að landið sje grætt upp, sem hv. frsm. hefir upplýst um, að sje ekki áhættusamt, en jeg lít svo á, að það sje skylda ríkisins að gera það.

Magnús Torfason: Jeg vil byrja með að leyfa mjer að þakka háttv. landbn. fyrir góðar undirtektir þessa máls, eins og hennar var von og vísa.

Annars hafði jeg ekki hugsað mjer að taka til máls að þessu sinni, en vegna þess að bornar hafa verið fram svo rakalausar staðhæfingar í sambandi við þetta mál, neyddist jeg til að kveðja mjer hljóðs.

Jeg var ekki fyr kominn til sýslunnar, en Strendur byrjuðu að tala við mig um þetta sitt stóra mál. Jeg hefi aldrei stigið eitt einasta fótmál í þessu máli nema að þeirra vilja og fyrirlagi. Hitt er satt, að jeg hefi borið áður fram óskir um, að Strendum væri hjálpað í þessu skyni, en enga áheyrn fengið. Á fundinn í vetur kom jeg eftir umtali, en kallaði hann ekki saman sjálfur.

Til skýringar skal jeg geta þess, að Búnaðarfjelag Íslands hefir látið þá Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra og Gunnlaug sandgræðsluvörð Kristmundsson rannsaka sandsvæðið í Selvogi, og minnist jeg ekki að hafa sjeð fastari röksemdir færðar fyrir nauðsyn nokkurs máls en finna má í hinni glöggu og ítarlegu skýrslu, er menn þessir hafa birt um málið.

Þá skal jeg svara hv. 1. þm. Skagf. því, að mjer vitanlega hafa engar af jörðum Strandarkirkju verið seldar undan henni. Jeg hefi látið spyrja um þetta hjá skrifstofustjóranum í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og fengið það svar, að jarðir kirkjunnar hefðu um langt skeið verið þrjár, og væru það enn, en það er Stakkavík með hjáleigunni Hlíð og Vogshús.

Þá vil jeg benda á, að það er alls ekki meiningin að leita neitt til kirkjusjóðs um fjárframlög til sandgræðslu í Strandarlandi, heldur verja til hennar eingöngu af tekjum kirkjunnar, og mín er spá, að þær muni lengi hrökkva til. Nú hefir það einmitt atvikast þannig, að síðan þetta sandgræðslumál kom á dagskrá hafa áheitin á Strandar-

kirkju aldrei verið meiri. Slíkar eru vinsældir kirkjunnar, og munu þær vart fara þverrandi.

Að það standi kirkjunni fyrir þrifum að verja nokkru af sjóði hennar og árlegum tekjum til sandgræðslu, er hinn mesti misskilningur. Kirkjan sjálf er í ágætu standi, og þeir, sem hafa skoðað hana, fullyrða, að hún geti staðið enn 20—30 ár, ef henni er vel við haldið.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að engin tilmæli hefðu komið fram um það frá Strandarkirkju að græða upp sandinn. Þetta er að vísu rjett, sem væntanlega stafar af því, að kirkjan er mállaus. Að minsta kosti lítur þm. svo á, að hjer sje um dauðan stein eða timburkumbalda að ræða. En jeg lít svo á, að með kirkjunni felist mikið líf, sem haldið hafi vörð um hana frá ómuna tíð. Og hún talar sínu máli.

Síðan frv. kom fram, og þó sjerstaklega eftir að eitt dagblaðið birti mjög óvingjarnlega grein um þetta mál, sem haft er fyrir satt, að rituð sje af einum höfuðpresti landsins, hefi jeg fundið svo mörg vináttumerki og svo mikla samúð hjá velunnendum Strandarkirkju, að jeg hefi aldrei fundið meiri eða dýpri áður.

Nú láta andófsmenn sem þeir beri fyrir brjósti hagsmuni kirkjunnar, að þeirra verði að gæta, og væri ekkert um það að segja, ef það kæmi frá vinum kirkjunnar. En þegar það kemur frá hatursmönnum kirkjunnar og sannreynt um suma þeirra, að þeir hafa horn í síðu Strandarkirkju, þá er minna mark takandi á ráðleggingum þeirra.

Þá er sagt, að jeg væri að þjappa að Strendum og vildi ráða fyrir þá. Þessu þarf jeg lítlu að svara. Hvað ætti mjer svo sem að ganga til? En frjett hefi jeg, að legið hafi verið í símanum undanfarið af mönnum hjer syðra til þess að fá Strendur til að hverfa frá þeim óskum, sem fram eru bornar í frv. þessu. En það hefir ekkert stoðað; vilji Strenda í þessu máli er stöðugur.

Annars veit jeg, að hv. 1. þm. Reykv. er svo góður maður, að óneyddur er hann ekki á móti þessu máli. En hann talar ekki af sjálfum sjer: Óvinurinn er í honum og fyrir hans munn talar hann. Það, sem skilur milli mín og hans, þótt merkilegt sje, er, að hann vantar alla trú á þetta mál. Því skulum við báðir biðja: Auk þú oss trúna!

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. feld með 18:7 atkv.

1. gr. samþ. með 17:3 atkv.

2. gr. samþ. með 16:1. atkv.

Brtt. 405,1 (ný 3. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

4. gr. feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HG, IngB, JÓl, JörB, LH, MT.

nei: PO, SE, ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HK, HjV, JJós, JAJ, JS, MG, ÓTh, BSv.

MJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BÁ, EJ) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17:7 atkv.

Brtt. 405,2 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:7 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 440, 459).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 459. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Af því að jeg samdi brtt. á þskj. 459 nokkuð fljótlega og hún fór snögglega í prentsmiðjuna, þá hefir hún ekki komist alveg rjett á pappírinn. Síðari brtt. á að eiga við bæði 3. og 4. gr. frv., að þær falli báðar niður. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki megi laga þetta með skriflegri brtt. — Annars býst jeg ekki við, að jeg þurfi að tefja lengi umr. með því að mæla fyrir þessum brtt., því að þær eru afleiðing af því, sem jeg sagði við 2. umr. málsins.

Jeg er því mótfallinn að verja sjóði kirkjunnar til annars en hann er ætlaður, sem sje til viðhalds og endurbóta á kirkjunni og til kaupa á munum til hennar, og jeg tel það óviðeigandi að gefa kirkjunni sandauðn, aðeins til þess að hún verji sínum peningum til þess að rækta auðnina upp. Því að kirkjan hefir ekkert við hana að gera, og óvíst, hvort hún verður nokkurntíma arðberandi fyrir kirkjuna.

Ummæli mín við 2. umr. og nú má ekki skilja svo, að jeg sje á móti því að græða þessa sandauðn upp. Til þess er Selvogur of frægt og ágætt land. Áður var Strönd í Selvogi metin á hundruð hundraða og var þá í tölu mestu höfuðbóla landsins, þangað til Selvogur varð fyrir þessari voðalegu hremmingu, að hann legst í auðn á eitthvað 30 árum.

Menn vita ekki með vissu, hvernig á því hefir staðið, en þess hefir meðal annars verið getið til, að brostið hafi á það, að hinum fræga vörslugarði, sem þar var, hafi verið haldið við með sama dugnaði og áður. Þá eyðilögðust og hin ágætu selalátur, sem þarna voru, og Strandarsund, sem var eitthvert besta og öruggasta útræðið á allri Suðurlandsströndinni, fyltist og ónýttist.

Jeg álít það sjálfsagt, að nokkru fje verði varið til þess að rannsaka, hvort hægt sje að græða upp þetta land. En jeg tel það Strandarkirkju alveg óviðkomandi; jeg álít, að landið ætti að gera það. En til málamiðlunar hefi jeg borið fram þá brtt. við 1. gr. frv., að í stað orðsins „verja“ komi: lána ríkissjóði.

Það, sem felst í þessari brtt., er, að í stað þess, að kirkjan ávaxti fje sitt í hinum alm. kirknasjóði, eins og undanfarið, þá ávaxti hún nú nokkurn hluta þess í ríkisskuldabrjefum. Þetta verður að vísu til nokkurs tjóns fyrir fátækari kirkjur, sem þá verða af þeim hagsmunum að geta fengið jafnmikið fje að láni úr sjóðnum, en eftir minni brtt. á þetta einungis að verða um nokkra hríð, þar sem frv. fer aftur á móti fram á að svifta sjóðinn þessu fje fyrir fult og alt.

Jeg vil segja, að það sje mikill styrkur fyrir ríkið, ef það vill ráðast í þessar framkvæmdir, að fá þetta fje til umráða. Þegar hjeruð hafa farið fram á styrk til verklegra framkvæmda, eins og brúa- og símalagninga, þá hefir því stundum verið svarað, að ef hjeraðið vildi kaupa ríkisskuldabrjef, sem sagt leggja fram fjeð, þá væri það sjálfsagt.

Þá ber jeg fram brtt. um að fella

4. gr. frv. niður. Jeg held, að sú breyting á frv. sje sjálfsögð, þótt frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti. Og jeg er satt að segja hissa á því, að hv. nefnd skuli ekki hafa orðið til að leiðrjetta þetta.

Till. um að fella niður 3. gr. er í fullu samræmi við brtt. mína við 1. gr., því að engin meining er í því að ætla að gera landið að eign Strandarkirkju, þegar hún einungis lánar fjeð. Jeg mun því bera fram skriflega brtt. við 3. gr., sem verður á þessa leið: „Við 3. gr. Greinin fellur niður".

Vona jeg, að hv. deild samþykki afbrigði um till., hversu sem atkv. kunna að falla um hana síðar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer þykir leiðinlegt að verða stöðugt að eiga í höggi við hv. 1. þm. Reykv. út af þessu máli. Mjer finst það sjerstaklega einkennilegt, hvílíkt kappsmál honum það er, að kirkjan eignist ekki landið. Ef kirkjan á nú ekki að græða upp landið, nema hún fái fje það, er hún hefir lagt fram, endurgreitt að fullu, þá mætti ætla, að honum væri það ekki ógeðfelt, að kirkjan eignaðist landið, sem auðvitað verður mikils virði, þegar búið er að græða það upp. En hann hefir nú einu sinni bitið það í sig, að kirkjan megi ekki eignast landið, og þar við situr.

Þó verður að viðurkenna það, að hv. þm. hefir töluvert nálgast oss fylgismenn málsins, síðan við síðustu umr. Nú er hann þó kominn svo langt, að hann vill heimila fje að láni fyrir ríkið í þessu skyni, og er ekki fjarri því, að hepnast muni að græða landið upp. Þetta má sannarlega kalla frambför frá 2. umræðu, því að þá kvaðst hann enga trú hafa á því, að það mætti takast. En jeg get fullvissað hann um, að takast muni að græða landið upp, svo framarlega sem það verður friðað.

Fari svo, að till. hans verði samþ., verður ekkert eftir af hinu upprunalega frv. I stað þess kemur heimild til að lána ríkissjóði fje úr sjóði kirkjunnar, sem ríkissjóður á að greiða aftur. Jeg lít öðrum augum á þetta mál. Jeg er þess fullviss, að kirkjunni er mikill gróði í því að eignast landið og láta fje af mörkum til að græða það upp. Það fje myndi hún fá margborgað, áður en langt um liður. Auk þess verður að líta á það, að eins og sakir standa, er kirkjan í beinni hættu stödd. Haldi sjórinn áfram að brjóta af landinu, verður þess ef til vill ekki langt að bíða, að kirkjan geti ekki staðið lengur þar, sem hún nú er. En ef hrest verður upp á sjóvarnargarðinn og grætt upp landið, verður henni tryggður staður um aldur og æfi, eða a. m. k. um ófyrirsjáanlegan tíma. Þeir, sem vilja hlynna að kirkjunni, geta ekki fallist á brtt. hv. 1. þm. Reykv. Vona jeg því, að háttv. deild haldi fast við atkvgr. sína við 2. umr. fyrir nokkrum dögum.

Hv. þm. taldi uppgræðslu landsins kirkjunni óviðkomandi. Eins og jeg hefi þegar tekið fram, er þetta hinn mesti misskilningur, því að kirkjan sjálf er alls ekki örugg, nema varnað sje því, að sjórinn brjóti landið og þeir fáu gróðurblettir, sem eftir eru, hverfi í sand. En til þess að kirkjan beri ekki skarðan hlut frá borði við það að leggja fram fjármuni sína, vill meiri

hl. hv. deildar tryggja kirkjunni, að hún eignist landið og að hún megi auðgast á því að leggja fjármuni sína fram til að græða það upp. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að hún getur ekki varið fje sínu betur á annan hátt. Jeg vænti þess því, að hv. deild felli allar till. hv. 1. þm. Reykv.

Um 4. gr. er það að segja, að jeg er þess fullviss, að fje kirkjunnar muni standa í hinum almenna kirknasjóði sem nú og því sje þarflaust að fella greinina niður.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist skrifleg brtt. frá háttv. 1. þm. Reykv. og vil hjer með leita afbrigða frá þingsköpum, um það, hvort hún megi koma til umr. og atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (hlaut aldrei þingskjalsnúmer) leyfð og samþykt með 15 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Jeg vil taka það fram út af ræðu hv. frsm., að það er ekki rjett, að jeg hafi sagt við 2. umr., að jeg hefði enga trú á, að takast mætti að græða upp landið. Jeg sagði, að það væri óvíst, en skal ganga inn á, að sennilegt sje, að það muni takast.

En það hefir verið regla — og það er heilbrigð regla — að ávaxta ekki fje opinberra sjóða í þeim fyrirtækjum, sem nokkur áhætta fylgir, og um það atriði eru settar strangar reglur. Það má í öllu falli telja óvíst, hvort þessir peningar skila sjer aftur. Hitt er annað mál, hvort landeigandi vill gera tilraun um, hvort fyrirtækið hepnast.

Misskilningur er það hjá hv. frsm., að jeg sje eindregið á móti því, að kirkjan eignist landið. Hitt hefi jeg sagt, að mjer finst það skrítin gjöf, að gefa henni landið eingöngu í þeim tilgangi, að hún leggi fje í það. Jeg sagði, að það væri gjöf, sem minti nokkuð mikið á Styr og berserkina.

Hv. frsm. taldi, að verulegur gróði myndi verða að því að græða landið upp. Ef svo er, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða er fyrir landið að afsala sjer þessum gróða, jafnvel þótt til kirkju sje, og það jafnágætrar kirkju og Strandarkirkju. En jeg er nú fyrir mitt leyti viss um, að þessi gróði verður a. m. k. ákaflega seintekinn. Og satt að segja held jeg, að fjarstæða sje, að hjer sje um gróðafyrirtæki að ræða. Mjer hefir heyrst á mönnum, að erfitt sje að fá jarðabætur þær, sem þó bera fyrst ávöxt, svo sem plæging moldarmóa og túnasljettur, til að borga sig, hafi þurft að taka lán til þeirra. Það getur verið, að fyrirtæki þetta borgi sig óbeinlínis á afarlöngum tíma. En hví vill ríkið ekki leggja fje í þetta, ef það er svo mikið gróðafyrirtæki sem hv. frsm. lætur?

Jeg er ekki svo kunnugur í Selvogi, að jeg geti sagt um, hvort kirkjunni er hætta búin eða ekki. En ef svo er, ber ríkinu að koma hjer til hjálpar, eins og það hefir hjálpað þorpum og kauptúnum til að byggja sjávargarða, þar sem hætta hefir verið á ferðum af völdum sjávargangs. Með því að lána nokkuð af fje kirkjunnar finst mjer, að drengilega sje hlaupið undir bagga með ríkinu og að meira sje ekki hægt að krefjast af Strandarkirkju.

Jeg er hissa á því, að nefndin skuli ekki geta fallist á að fella 4. gr. niður, úr því að hún er á þeirri skoðun, að

þennan sjóð eigi að ávaxta eins og aðra kirkjusjóði. Ef svo á að vera, hví á þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið að hafa umráð yfir honum? Brtt. mín við 4. gr. og greinin sjálf koma í rauninni ekki sjálfu málinu við. En jeg hefi hjer aðeins viljað leiðrjetta ósamræmi.

Hv flm. ætlaðist upphaflega ekki til, að sjóðurinn yrði ávaxtaður í kirknasjóði, því að hann taldi, að hjer væri um svo stóran sjóð að ræða, að gera þyrfti sjerstakar ráðstafanir um umsjón með honum. En úr því að hv. nefnd hefir ekki litið svo á, get jeg ekki sjeð annað en að 4. gr. sje með öllu óþörf og eigi að falla niður.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer fer nú að þykja þetta karp hálfleiðinlegt, ekki síst þar sem ekki eitt einasta nýtt atriði hefir komið fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Það er óþarfi fyrir hann að bera á móti því, að hann hafi sagt, að hann hefði ekki trú á uppgræðslu landsins. Svo margir heyrðu til hans við 2. umr., og ræðu hans var ekki hægt að skilja á annan hátt. En úr því að hann vill nú draga yfir fyrri ummæli sín, er ekki ástæða til annars en að gleðjast yfir því, því að það sýnir, að hann er farinn að sjá villu síns vegar og er kominn nær okkur en við 2. umr.

Hann var að tala um, að það væri regla og nauðsyn að ávaxta opinbera sjóði á tryggan hátt. Var hann því enn að gefa í skyn, að sandgræðslan kynni að mishepnast, þrátt fyrir afslátt þann, er hann hafði rjett áður gefið á fyrri ummælum sínum. Eins og jeg hefi þegar sagt, er það með öllu víst, að sandgræðslan hepnast, einkum ef sjóvarnargarður verður bygður. En nú er það hið upphaflega ætlunarverk sjóðsins að halda kirkjunni við. Getur það þá talist að ávaxta sjóðinn í áhættulausum fyrirtækjum, ef ekkert má gera til að tryggja, að kirkjan geti staðið framvegis sakir landbrots og sandfoks? Hjer er um fullkomið ósamræmi að ræða hjá hv. þm. Það þarf einmitt að græða upp landið til að tryggja tilveru kirkjunnar. Og því ætti hv. þm. fremur að ganga í lið með okkur en að spyrna á móti öllum tilraunum okkar í þessa átt.

Þá segist hv. þm. ekki hafa á móti því, að kirkjan eignist landið, og sje ánægður með, að svo verði, ef 1. brtt. sín verði samþ. Samt gengur önnur brtt., sem hann flytur, út á það, að kirkjan eignist ekki landið. Hvaða samræmi er nú í þessu? Brtt. hv. þm. stangast beinlínis eins og hrútar. Þegar hann spyr, hvaða ástæða sje fyrir landið að gefa kirkjunni land, ef mikill gróði verði að uppgræðslu þess, þá er hann að vísu í meira samræmi við sjálfan sig. En hví er hann ávalt að spyrna á móti því, að kirkjan eignist nokkurn skika? Ríkið leggur að sjálfsögðu fram ⅔ kostnaðar við sandgræðsluna hjer eins að annarsstaðar. Því betra sem landið er, því meiri vinningur er fyrir kirkjuna að eignast það.

Ef hv. þm. hefði kynt sjer, hversu miklar sandauðnir er búið að græða upp á ýmsum stöðum, þá myndi hann ekki efast um, að sandgræðslan í Selvogi megi takast. Þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi, tekur hún ekki ýkja langan tíma. Eftir 5—10 ár er býsna mikill gróður kominn, ef landið er vel friðað. **(MJ:** Jeg hefi nú sjeð sand-

græðsluna í Bolungarvík). Það er rjett, að gróði af sandgræðslu er seintekinn, ef miðað er við örstuttan tíma. En jeg hjelt, að enginn liti svo á þetta mál, að hjer væri um augnablikshagnað að ræða. Hjer er verið að vinna fyrir óbornar kynslóðir, en fyrirtækið getur verið eins arðsamt, þarft og nauðsynlegt fyrir því.

Jeg held, að þessum hv. þm. hafi farið nú eins og oftar, að hann hafi hugsað of skamt og íhugað málið of lítið. Jeg er viss um, að jafngáfaður maður og hv. þm. er hefði komist að annari niðurstöðu, ef hann hefði hugsað sig um.

Hv. þm. sagði, að ef landinu stæði hætta af sjávargangi og uppblæstri, væri skylda ríkisins að ráða bót á því. En eins og allir vita, hefir ríkið í mörg horn að líta, og eins og sýnt hefir verið fram á, er með þessu frv. farið fram á heppilegustu úrlausn málsins.

Þá er það 4. gr. Verði þetta frv. samþ., eins og jeg býst við, verður það fleira en peningar kirkjunnar einir, sem þarf að hafa umsjón með, þar sem kirkjan eignast þá land það, sem frv. ákveður. Og ef gert er ráð fyrir, að eignir kirkjunnar haldi áfram að aukast í stórum stíl, getur verið nauðsynlegt að gera sjerstakar varúðarráðstafanir um umsjón með þeim.

ATKVGR.

Brtt. 459,1.a feld með 18:7 atkv.

— 459,1.b tekin aftur.

Skrifl. brtt. frá 1. þm. Reykv. tekin aftur.

Brtt. 459,2 feld með 15:3 atkv.

Frv. samþ. með 18:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., 13. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 440).

Á 48. fundi í Ed., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 440, n. 627 og 653).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er hingað komið frá hv. Nd. Tildrög þess eru þau, að Strandarkirkju hefir safnast mikið fje fyrir áheit ýmsra góðra manna. Sjóður hennar er nú orðinn yfir 40 þús. kr., og henni heldur stöðugt áfram að safnast fje. Því hefir mönnum dottið í hug að nota þessa peninga til að græða upp landið umhverfis kirkjuna. Þar hagar svo til, að örfoka má kalla af sandi, og þar sem áður voru blómlegar jarðir, er nú sandauðn. — Víða á landinu, einkum þó í Rangárvallasýslu, hafa á síðustu árum verið grædd upp stór svæði, þar sem áður var varla stingandi strá. Í fjárlögum eru árlega allháar upphæðir til sandgræðslu, er ríkissjóður leggur fram á móti sveitum þeim, er gera sandgræðslugirðingar. Hier er auðvitað ætlast til, að ríkissjóður leggi sinn skerf á móti kirkjunni til sandgræðslu

í Strandarlandi. — Samkv. 1. gr. frv. á hvort áranna 1928 og 1929 að leggja fram úr sjóði kirkjunnar 10 þús. kr. til girðinga og græðslu, og síðan alt að 1 þús. kr. á ári hverju til viðhalds. En landið umhverfis kirkjuna, sem grætt verður upp, á að verða hennar eign. Sú breyting er einnig í frv. gerð á núv. ástandi, að umsjón kirkjufjánna — eins og í frv. segir —, sem nú er hjá biskupi, á að falla undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Jeg sje, að hv. minni hl. hefir nú lagt fram nál., og vill hann eigi fallast á, að Strandarkirkju beri nein skylda til að leggja fje sitt í að græða upp jörðina. En mjer virðist fjenu mjög vel varið á þann hátt, og það er enginn efi, að það er heimilt, ef Alþingi samþykkir. Mjer virðist það eiga vel við, að því fje, sem gefið er í guðsþakkarskyni, sje varið til þess að gera grænar grundir úr svörtum sandauðnum. Og þótt kirkjan hafi útgjöld við þetta í bili, þá hefi jeg þá trú á sandgræðslunni, að hún gefi góðan arð, þegar stundir líða og kominn er gróður á auðnirnar. Hitt kemur ekki til nokkurra mála, að safna endalaust í sjóð kirkjunnar án þess að láta fjeð starfa nokkurn hlut.

Í frv. eins og það var í fyrstu var ákveðið að endurreisa Selvogsþing hin fornu sem nýtt prestakall. En það var felt niður í hv. Nd., og er breytingin því ekki önnur en sú, sem jeg hefi þegar lýst.

Frsm. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Þetta frv. til laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi miðar til þess að láta kirkjuna sem slíka leggja fje til að græða upp auðnirnar í Strandarlandi á móti því fje, sem lagt er til þess, nefnil. af því fje, sem veitt er til sandgræðslu. Til þess að gera þetta girnilegt frá hálfu kirkjunnar sjeð, er henni gefið Strandarland, og þá sennilega sjerstaklega hinar uppblásnu auðnir í landinu, sem kirkjan á að verja fje sínu til þess að græða upp.

Nú er það svo, að Strandarkirkja er safnaðarkirkja. Söfnuðurinn tók við henni 1909 á löglegan hátt til umsjónar og fjárhalds, með bindandi samningi af hálfu hins opinbera. Síðan er kirkjan sjálfseign, undir yfirumsjón kirkjustjórnar. Söfnuðurinn er ekki eigandi kirkjunnar, en hefir á hendi fjárhald hennar. Hann hefir þó ekki heimild til neinna ráðstafana á fje hennar, nema í þarfir kirkjunnar sjálfrar. Sem safnaðarkirkja hefir kirkjan slept öllum fasteignum til hins opinbera. Hún hefir þess vegna enga þörf fyrir annað land en það, sem hún stendur á. „Portion“ eða peningaeign kirknanna er ætlað að ávaxtast í kirkjusjóði, sem settur er á stofn með lögum til þess að vernda hag kirknanna og til þess að sjá fyrir fje til þess að byggja þær upp, þegar þess er þörf. Þess vegna verður ekki annað sagt en að Strandarkirkja hafi haft hið veglegasta starf með höndum innan kristinna kirkna hjer á landi, því að fje það, sem henni hefir áskotnast með áheitum, er á sama hátt varið til eflingar kirkjutrúnni í landinu. Það er því næsta harðleikið, ef kirkjan verður nú ómyndug ger og ekki fjár síns ráðandi. Ef til vill mun einhver segja, að vel sje fyrir því fje sjeð og því varið hið besta, sem varið er til ræktunar á grængresi, þar sem ekkert

gras er fyrir, og þar beri fjeð því bestan ávöxt.

Það er auðvitað góðra gjalda vert að rækta upp auðnir landsins, en fjeð, sem til þess er notað, verður að vera fengið á sæmilegan og eðlilegan hátt, en ekki með kirkjuráni, sem framið er undir yfirskini greiða og gjafa, eins og á sjer stað í þessu Strandarkirkjufrv. Hjer er kirkjunni gefin upp blásin sandauðn og henni um leið lögð á herðar sú skylda að leggja fram stóran hluta af eignum sínum til þess að græða upp þessa sandauðn, og það margfalt meiri upphæð en líkindi eru til, að landið mundi geta kostað, þótt uppgræðsla tækist, sem er vafasamt, og alt fje Strandarkirkju fari til. — Þannig á því að grafa í sand það fje, sem kirkjunni er gefið í guðsþakkarskyni af trúuðu fólki. Sjálf er kirkjan, eftir myndum að dæma, fornfáleg, og veitir því ekki af fje sínu til þess að standa straum af sjálfri sjer. Þessi meðferð á fjármunum kirkjunnar er spegilmynd af því, hvernig fara mætti með fje landsins til minstrar fyrirmyndar. En þetta er alveg ófært. Strandarkirkja hefir hingað til frekar verið veitandi en þiggjandi. Hún hefir varið því fje, sem hún hefir fengið í guðsþakkaskyni, til þess að styrkja fátækar systur hennar, þær kirkjur, sem vantað hefir fje til þess að standa straum af byggingarkostnaði sínum. Þessi styrkur hverfur alveg, ef þing og stjórn nær fjenu í sínar hendur og grefur það í sandauðnunum í Strandarlandi.

Jeg er hræddur um, að þessi meðferð á fje kirkjunnar verði til þess, að áheitin og átrúnaðurinn á Strandarkirkju hverfi; að minsta kosti er ekki hægt að segja um, hve lengi hann helst úr því.

Þó að söfnuður Strandarkirkju samþykki með meiri hl. allra atkvæðisbærra manna, að veitt verði af fúlgu kirkjunnar til þess að hefta sandfok í Strandarlandi, þá er það auðsætt, að það er ekki gert fyrir hönd kirkjunnar eða í hennar þágu, heldur fyrir sveitina. Ef nú svo færi, að söfnuðurinn samþykti þetta, þá verður hjeraðsfundur fyrst og fremst að fallast á það, og svo biskup landsins, til þess að heimilt sje að nota fje kirkjunnar í þessum tilgangi. Að fengnu slíku leyfi tel jeg, að Alþingi hafi fyrst heimild til þess að verja fje kirkjunnar eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, og þó því aðeins, að þetta sje gert fyrir kirkjuna sjálfa.

Nú er auðsætt, að kirkja þessi muni hafa stórkostlega mikið peningalegt tjón, ef Alþingi þvingar hana til að þiggja Strandarauðn að gjöf, til þess að eyða fje sínu til uppgræðslu á því landi. Nú er spurningin sú: Hefir kirkjan heimild til þess að þiggja að gjöf Strandarland, þegar því fylgir þessi kvöð, og kirkjan sem slík hefir ekkert með landið að gera, nema til þess að eyða fje sínu í það og verða ef til vill öreiga sjálf og efnalega ósjálfstæð? — Mjer þykir það næsta ósennilegt.

Jeg get ekki neitað því, að mjer finst eitthvað óhreint vera hjer á seiði og að hjer sje verið að fremja eitthvað, sem Alþingi ætti að varast að gera. Það má vel vera, að hjer ráði hreinar hvatir hjá þeim, sem leggja þetta til, en mjer finst málið vera lítt undirbúið, þar sem yfirstjórn kirkjunnar hefir ekki einu sinni verið

kvödd til ráða, og hefði það þó verið það minsta, sem hægt hefði verið að gera. Að minsta kosti hefði það þó verið kurteisisskylda, sem ekki hefði kostað mikið fje. Jeg lít því svo á, að eins og frv. þetta er undirbúið, þá sje það í fullu heimildarleysi, að frv. þetta er lagt fyrir þingið til þess að samþ. það sem lög, því að jeg verð að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að jeg tel þetta ekki gert í þágu þeirrar kirkju, sem á að leggja fjeð fram, og ætti kirkja þessi, sem líklega er einhver frægasta kirkja landsins, aðra meðferð skilið af þinginu. Jeg lít því svo á, að Alþingi hafi ekki frekar heimild til þess að taka fje Strandarkirkju og fyrirskipa, hvernig því skuli varið, heldur en það hefir heimild til þess að taka fje einstaklinga, hvers eignarrjett stjórnarskráin telur skylt að varðveita. Þegar svo er komið, virðist mjer svo nærri gengið eignarrjetti þegnanna, að það liggi við broti gegn stjórnarskránni. Jeg er líka viss um, að margir líta svo á, að fje það, sem kirkjan hefir tekið á móti í áheitum, hafi að minsta kosti jafnmikinn rjett á sjer og jafnvel meiri helgi en eignir einstaklinga, svo jeg tel, að þingið ætti ekki að gera sjer leik að því að óhörfu að taka það fjárnámi. Jeg segi fjárnámi, af því að jeg fæ ekki betur sjeð en það sje sama og fjárnám að skipa svo fyrir, að fje Strandarkirkju skuli verja til þeirra hluta eða framkvæmda, sem eru kirkjunni alveg óviðkomandi.

Tilgangur frv. þessa er auðsær, sem sje sá, að taka fje kirkju þessarar með hálfgerðu ofbeldi og verja því til þess, sem aðrir aðiljar eiga að leggja fje til, en það eru eigendur Strandarlands, ásamt styrk úr ríkissjóði samkv. lögum um sandgræðslu. Þá verður ekki sjeð, að nein alþjóðarheill krefjist eignarnáms á fje því, sem Strandarkirkju hefir áskotnast með áheitum. Það, að verja eigi fjenu til þess að græða upp sandauðnir, er ekki nægileg ástæða til slíks ofbeldisverks. Fari nú svo, að þingið leyfi sjer að skipa svo fyrir, að verja skuli fje kirkjunnar til þess að græða upp sandauðnirnar í Strandarlandi og til þess að hefta sandfok þar, fæ jeg ekki annað sjeð en að þingið geti alveg á sama hátt tekið hvern sem er af hinum opinberu sjóðum, og það jafnt sjóðum, sem hafa sjerstakt ákveðið markmið og eru undir eftirliti sti., og skipað svo fyrir, að þeim skuli verja á einn eða annan hátt. En þá er hrun eignarrjettarins nærri, og þá hefir „sósíalisminn“ náð hámarki sínu.

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, get jeg ekki varist þeirri hugsun, að þingið sje með þessu að fara út fyrir sitt löggjafarsvið og inn á það svið, sem einstaklingum og þjóðarheildinni verður að teljast uggvænlegt, ef ekki hættulegt.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það væri mjög alvarlegt, ef full rök væru fyrir öllu því, sem hv. frsm. minni hl. talaði um í ræðu sinni. Það var ekki aðeins, að hann teldi með frv. þessu vera um kirkjurán að ræða, heldur taldi hann líka, að hjer væri á ferðinni stjórnarskrárbrot, tilraun til þess að grafa fje kirkjunnar í sand.

Það er alkunnugt, að biskup hefir lagst á móti áheitum til þessarar fá-

tæku kirkju þarna austur á sandauðnunum. En sem betur fer, hafa þau mótmæli ekki borið tilætlaðan árangur. Þau höfðu þvert á móti þau áhrif, að eftir það var talsvert alment farið að heita á kirkju þessa, svo að henni áskotnaðist af áheitum margar þúsundir króna árlega. Þó að svona færi nú í þetta sinn um till. biskups, að þær verkuðu öfugt við það, sem þeim var ætlað, þá verður maður samt að vona, að svo fari ekki um allar till. hans í kirkjumálum landsins. Annars skal jeg aðeins svara hv. frsm. minni hl. í fáum orðum. Er það þá fyrst, að jeg tel löggjafarvaldið hafa fullan rjett til þess að fyrirskipa með lögum, að verja skuli fje Strandarkirkju eins og hjer er farið fram á. Getur því ekki verið um neitt kirkjurán eða stjórnarskrárbrot að ræða í því sambandi. Alt slíkt er hreinasti misskilningur. Annars er alls ekki verið að tala um það hjer, hvað eigi að gera við allan sjóð kirkjunnar, sem er nú fullar 41 þús. kr. Það er aðeins lagt til, að á næstu tveimur árum verði farið 10 þús. kr. hvort árið til sandgræðslu o. fl. í Strandarlandi, og síðan megi verja alt að 1000 krónum árlega til viðhalds og græðslu. Það er því síður en svo, að hjer sje farið fram á að eyða öllum sjóði kirkjunnar, þegar líka þess er gætt, að hún fær í áheitum og gjöfum margar þúsundir á hverju ári. Og jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þessu fje sje ekki betur varið á annan hátt en til þess að græða upp landið í kringum kirkjuna. Það tekur að vísu töluverðan tíma að gera það land að blómlegu graslendi, sem er sandauðn nú, en í það er ekki horfandi.

Hv. frsm. minni hl. segir í nál. sínu meðal annars: „Þó að kirkjunni væri gefin uppblásin auðn, verður sú gjöf aðeins til kostnaðar og byrði fyrir kirkjuna“. — Mjer finst þetta, að taka að sjer til uppgræðslu sandorpið land, líkt því, þegar góðhjartaður maður tekur til uppfósturs munaðarlaust, heilsulítið og óefnilegt barn, sem aðrir ekki vilja taka til uppfósturs. Því það sýnir gott hjartalag. En hitt er minna þakkarvert, að taka við hraustu og efnilegu barni. Og það er ekkert sjerstaklega þakkarvert að taka við vel grónu landi til yrkingar, heldur hitt, að taka við uppblásnum sandauðnum eins og hjer er ætlast til. Og jeg tel fjármunum kirkjunnar vel varið á þennan hátt.

Jón Þorláksson: Það er vitanlega mjög lofsamlegt verk að græða upp sandauðnir í Strandarlandi í Selvogi eins og annarsstaðar, en jeg tel ekki rjett að taka af gjafafje Strandarkirkju til þess, af því að samkvæmt landslögum eru aðrir skyldir til að leggja fram fje til þess. Og hjer er það ríkið, sem er skylt til að leggja fram þetta fje, því að hvort sem það er kirkjujarðasjóður eða prestlaunasjóður, sem telst landeigandi, þá er það sama, því að þeir sjóðir eru báðir ríkiseign. En eins og kunnugt er, á landeigandi samkv. sandgræðslulögunum að leggja fram fje til slíkra hluta, gegn tillagi úr ríkissjóði. Hjer er því með frv. þessu verið að skjóta landeigandanum, sem í þessu tilfelli er ríkið, undan þessari lagalegu skyldu og velta þeirri byrði yfir á kirkjuna, sem hún á alls ekki að bera, með því í orði kveðnu að gefa kirkjunni land það, sem á að græða

upp. Hjer er einungis verið að slá því fram til málamynda, að landið skuli verða eign kirkjunnar, af því að um eign í þessu tilfelli getur ekki verið að ræða, þar sem ríkisvaldið er löngu búið að slá því föstu, að fasteignir kirkna skuli vera rjettlausar gagnvart ríkinu, falla ríkinu til eignar án endurgjalds. Frv. þetta er því aðeins borið fram til þess að komast í sjóð Strandarkirkju og ná úr honum fje, sem ríkinu er skylt að greiða. Jeg get ekki greitt atkv. með þessu. Mjer finst það minna alt of mikið á það athæfi, sem nefnt er í 231. gr. hinna alm. hegningarlaga og talið þar með stórþjófnaði, sem sje að brjóta upp gjafastokk kirkna í því augnamiði að auðga sig á því. Og þó að í þessu tilfelli eigi ekki að auðga einstaka menn með því að brjóta upp gjafastokk Strandarkirkju, þá er það þó gert til þess að spara ríkissjóði útgjöld, sem honum samkvæmt lögum ber að greiða. En jeg vil ekki eiga neinn þátt í slíku athæfi til sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Háttv. 3. landsk. verður að athuga það, að frv. þetta breytir sandgræðslulögunum að engu leyti, þótt í staðinn fyrir framlag landeiganda komi tillag úr gjafasjóði Strandarkirkju, og eins er ætlast til, að ríkissjóður greiði sitt tillag samkv. sandgræðslulögunum. Hjer er því ekki verið að skjóta neinum undan riettmætum greiðslum.

Þá talaði háttv. þm. mjög hátíðlega um það, að með þessu frv. væri verið að brjóta upp gjafastokk kirkjunnar, og vitnaði til hegningarlaganna í því sambandi. En þessi ástæða háttv. þm. finst mjer hreint og beint hlægileg, því jeg veit ekki betur en löggjafarvaldið hafi fullan rjett til þess að ráðstafa fje þessu á hvern þann hátt, sem því finst best við eiga í þarfir kirkjunnar. Og hjer er beinlínis ætlast til þess að hressa upp á Strandarkirkju, þar sem það á að notast til þess að græða upp landið í kringum hana, og það verður að teljast fullforsvaranleg ráðstöfun, þar sem jafnframt er sjeð fyrir því, að meira en nægilegt fje verði samt eftir í sjóðnum til þess að byggja hana sjálfa upp að nýju síðar. Nei, andstaðan gegn frv. þessu er ekki vegna ákvæða 1. gr., um að veita 10 þús. kr. af fje kirkjunnar til sandgræðslu, eða gegn 2. grein, að framkvæmd sandgræðslunnar fari eftir sandgræðslulögunum, og þá því síður gegn ákvæðum 3. og 4. gr. frv. Heldur er andstaðan gegn 5. gr. frv., sem er um það, að dómsmálaráðuneytið hafi umsjón með stjórn kirkjufjánna og setji reglur um framkvæmdir. — Gegn þessu ákvæði er andstaðan, og hún er vitanlega komin frá biskupi landsins, sem altaf hefir haft horn í síðu áheita til þessarar kirkju, og jeg veit hreint ekki, hvort það er vert að taka svo mjög mikið tillit til þessara till. hans gagnvart Strandarkirkju, og það af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar tekið fram.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Mjer þykir næsta undarleg sú andstaða, sem komið hefir fram gegn frv. þessu, því að jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta sje ágæt ráðstöfun gagnvart hinni merku kirkju, sem hjer á í hlut,

að gera hið gróðurlausa umhverfi hennar svo, að hægt sje fyrir menn og skepnur að hafast þar við í nánd; því jeg get ekki skilið, að það þyki betri málalok að láta hana hverfa í sand. Mjer fyndist þvert á móti eðlilegt, að þeir, sem bera hag kirkju þessarar svo mjög fyrir brjósti, teldu sjer það bæði ljúft og skylt að styðja að því, að þessi umbót verði gerð. Að hjer sje verið að svifta kirkjuna eignum, er fjarri öllum sanni. Það er sanni nær, að með þessari gjöf til kirkjunnar sje verið að auka álit hennar og veg í alla staði. Því að jeg get vel ímyndað mjer, að þegar ár líða og samgöngur batna þangað austur, verði farið að fara nokkurskonar pílagrímsferðir til þessa staðar. Væri þá óneitanlega viðkunnanlegra, að þarna væri eitthvert stingandi strá og að menn viltust ekki á sandauðnunum í kringum kirkjuna.

Annars þýðir ekki að orðlengja mikið um þetta mál. Jeg fyrir mitt leyti tel þau rök, sem fram hafa verið færð gegn því, svo lítilvæg, að ekki sje hægt að taka tillit til þeirra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 440).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 707).

---

56. Tekju- og eignarskattur.

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (þmfrv., A. 219).

Á 27. og 31. fundi í Nd., 20. og 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það eru þegar fram komin á þessu þingi nokkur tekjuaukafrv., einkum í háttv. Ed., með því að augsýnt hefir þótt, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs, ef verklegar framkvæmdir eiga að halda áfram í landinu, og auk þess liggja fyrir þingi ýms frv. til samþyktar, sem hafa útgjöld í för með sjer.

Þessi tekjuaukafrv. voru fyrst eingöngu í því fólgin að auka við tollum, verðtolli, vörutolli á kolum, salti, kornvörum og tunnum, stimpilgjaldi o. s. frv. Okkur jafnaðarmönnum þykir rjettara að sneiða nokkuð af tollunum, en að leita í þess stað til hækkunar beinu skattanna, og er þá næst hendi að hækka tekju- og eignarskatt. Þetta frv. er á þá einföldu leið, að tekju- og eignarskattur hækki um 25%. Eftir því sem þessi skattur er áætlaður í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar, mundi sá viðauki, er fengist á tekjur ríkissjóðs með þessu móti, nema 200 þús. kr.

Það er vitanlegt, að tekju- og eignarskatturinn eins og nú er kemur ekki rjettlátlega niður á einstökum landshlutum, því að svo má segja, að hann leggist nær eingöngu á bæina. Nokkuð svipað má segja um tollana. En aðalmunurinn er sá, að skatturinn fer hækkandi eftir tekjum og eignum manna, en tollarnir koma því harðar niður á mönnum, sem þeir eru fátækari.

Þess vegna er það skoðun mín, ef þarf að auka á tekjur ríkissjóðs, þá eigi að auka beinu skattana. Fjárlög hafa undanfarið verið svo úr garði gerð, að ¼—⅓ af tekjum ríkissjóðs hefir verið tekinn í beinum sköttum, en hitt alt með tollum, og eru því freklegri tollaálögur hjer en munu þekkjast í nokkrum nágrannalandanna.

Jeg vil geta þess, að jeg ætlast ekki til, að þetta fyrirkomulag á tekju- og eignarskattinum verði mjög langlíft, þótt frv. verði samþ. nú. Jeg ætlast til, að það standi til ársloka 1930. En jeg vonast til, að önnur og betri skipun verði komin á skattamálin fyrir þann tíma, og verði milliþinganefnd látin starfa að því.

Í fjhn. mun jeg koma fram með brtt. um, að lágtekjur verði undanþegnar þessum viðauka tekjuskattsins. Þeir menn, sem lægstu tekjurnar hafa, eru nægilega skattlagðir eins og nú er.

Að svo mæltu óska jeg þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Ólafur Thors: Mjer þykir rjett þegar á þessu stigi málsins að hreyfa andmælum gegn frv. hv. 2. þm. Reykv. En með því að jeg tel líklegt, að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem jeg á sæti í, ef á að láta það á annað borð ná til nefndar, þá get jeg verið stuttorðari en ella.

Jeg ætla að leiða hjá mjer að ræða um þann stefnumun, sem er á skoðunum okkar, hv. 2. þm. Reykv. og mínum, um það, hvaða leiðir ríkinu beri að fara í fjáröflun. En jeg vil aðeins benda á til athugunar, að tekjuskattstiginn er þegar svo hár, að fásinna er að ætla sjer að hækka hann. Það er fásinna vegna þess, að úr slíku yrði aldrei annað en bókstafslög; þótt þeim væri stranglega framfylgt, þá mundu þau aldrei verða til þess að auka tekjur ríkissjóðs.

Tekju- og eignarskattslögin voru samþykt á þingi 1922, og skattstiginn, sem þá var lagður til grundvallar, var sami og hjá Dönum. Síðan hafa Danir lækkað sinn skattstiga, en okkar var hækkaður 1923, svo að hann er nú 50% hærri en þeirra. Það mætti virðast, sem einhver leið væri til þess að rísa undir þeim bagga, ef ekki væri annað athugaverðara, sem mjög kemur til greina í þessu sambandi, og það er sú staðreynd, að jafnhár skattstigi kemur tiltölulega miklu þyngra niður á íslenskum skattborgurum heldur en skattgreiðendum annara ríkja, vegna þess hve afkoma atvinnuveganna hjer er misjöfn frá ári til árs.

Á þingi 1925, þegar rætt var um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, minnist jeg þess, að fjhn. tilfærði dæmi, sem sýnir ljóslega, hver óskaplegur munur er á skattþunganum, þótt til grundvallar liggi sami skattstigi, eftir því hvort hagur skattgreiðanda er jafn og viss frá ári til árs eða sveiflum háður. Jeg ætla að

nefna þetta dæmi, máli mínu til skýringar: Fjhn. valdi til athugunar tvö hlutafjelog, sem hvort um sig hefði 100 þús. kr. hlutafje, og leit á afkomu þeirra um 4 ára skeið, sem hún hugsar sjer, að þau reki atvinnu með jöfnum heildargróða, en að öðru leyti við mjög ólíka aðstöðu.

Annað fjelagið er hugsað hafa jafna afkomu eins og gerist með nagrannaþjóðunum, en hitt samskonar áhættu og sveiflur í atvinnurekstrinum og hjer. Það fjelagið, sem jafna hefir afkomuna, er látið græða fyrsta árið 18 þús. kr., annað árið sömu upphæð, þriðja árið 14 þús. og síðasta ár þessa fjögurra ára tímabils 10 þús. kr., eða samtals 60 þús. kr. ágóði öll árin. En hitt fjelagið tapar fyrsta árið 75 þús. kr., græðir síðan tvö ár í röð 80 þús. kr. hvort árið og tapar fjórða árið 25 þús. kr. Heildarútkoman er sú sama: 60 þús. kr. hagnaður í 4 ár.

Þegar nú farið er að athuga, hvert skattgjald hvoru þessara fjelaga beri að greiða, kemur það í ljós, að fjelagið, sem hafði jafnan gróðann, átti að borga 8000 kr. í tekjuskatt, en hitt, sem bæði græddi og tapaði, átti að gjalda 39 þús. kr., eða nærfelt fimmfaldan skatt á við hið fyrra.

Nú er síðarnefnda fjelagið í dæminu einmitt spegilmynd af íslenskum atvinnurekstri, eins og hann gerist venjulega. Þegar svo þess er gætt jafnframt, að skattstiginn er hærri en tíðkast með öðrum þjóðum, þá er bert, að sú leið, er frv. gengur inn á, er til þess eins að venja menn á skattsvik eða þá hvatning til þess að hafa sem hægast um sig í atvinnulífinu, og helst leggja árar í bát, þegar sagt er við þá, er berjast við að stunda áhættusaman atvinnuveg, að beri þeir sigur úr býtum í þeirri baráttu, skuli þeir skila helmingi ágóða í ríkissjóð, en bera sjálfir hallann, ef illa fer. En þetta er dómur löggjafans, að framkvæmdamaðurinn skuli í góðærinu skila svo stórum hluta ágóðans, enda þótt atvinnurekstri hans sje svo háttað, að mögru árin eta í langflestum tilfellum upp þau feitu, skyldi engan furða, þótt dragi úr framtaki manna og framkvæmdahug í þessum efnum. En eins og efnahag okkar Íslendinga er farið, er ekkert nauðsynlegra en það, að ekki dragi úr framtakssemi manna, einmitt af því að við erum svo fátækir, að þjóðinni er lífsnauðsyn, að hver kynslóð skili meiru en hún tók við af feðrum sínum.

Þetta ráð háttv. 2. þm. Reykv. er því næsta óviturlegt, ekki aðeins miðað við þá ósanngirni, er í því felst í garð skattgreiðenda, heldur og vegna þess, að hag ríkissjóðs mun ver borgið með því heldur en ef það er látið niður falla.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er ekki svo einfalt mál að bera saman skattþunga í ýmsum löndum sem hv. 2. þm. G.-K. vill vera láta. Meðal ótal margs annars kemur við þann samanburð til greina, hvernig sveitarsköttum er háttað. Það er vitanlegt, að þeir eru meiri í Kaupmannahöfn heldur en t. d. hjer í Reykjavík. En jeg fullyrði, að einnig þegar tekjuskattur Dana og Íslendinga er saman borinn, muni fást alt önnur niðurstaða en hv. þm. heldur fram, og mun jeg sýna það við 2. umr.

Með skattprósentunni er heldur ekki sagt, hvort skattabyrðin sje of

mikil. Þar koma önnur atriði til greina, hvað almenningur fær í aðra hönd fyrir skattana og að hvaða marki er hagkvæmt að safna þessu fje skattþegnanna í sameiginlegan sjóð þeirra, ríkissjóðinn, fremur en að láta þá sjálfa einráða um, hvernig því verður varið. Jeg er þeirrar skoðunar, að hagkvæmt geti verið að ganga lengra en gert hefir verið um það að safna þeim hluta af tekjum manna, sem ekki ganga til nauðsynlegrar framfærslu manna, í ríkissjóð, því að honum yrði meira úr fjenu en einstaklingnum. Alþýðan fengi meira í aðra hönd.

Það, sem vakað hefir fyrir þeim hv. þm., sem flutt hafa fjáraukafrumvörp á þessu þingi, er, að fjárlögin yrðu ekki viðunandi eins og þau eru afgreidd frá hv. fjvn. Bæði væri æskilegt að ráðast í margvíslegar frekari framkvæmdir, svo sem vegagerðir og brúa og símalagningar, og eins mundu önnur lög frá þinginu hafa í för með sjer allmikil útgjöld til ýmissa umbóta, svo sem sundhöll og landnámssjóður. Til þess að standast slík aukin gjöld þarf auknar tekjur, — og þá er spurningin: hvar á að taka þær tekjur? Jeg skal játa, að tekjuskatturinn er nokkuð þungur, svo að mörgum mun veitast örðugt að greiða hann. En þegar til álita kemur, hvort menn vilji heldur meiri tolla eða aukna skatta, þá er tvímælalaust, að öllum fjölda manna er hagkvæmara, að aukið sje á beinu skattana, því að þeir eru lagðir á menn eftir efnum, en það, sem lagt er á í óbeinum sköttum eða tollum, er lagt á menn eftir ómegð þeirra, á brauðið handa börnunum og fötin handa heimilisfólkinu.

Hv. 2. þm. G.-K. virðist ætíð hugsa í hlutafjelögum. Öll ræða hans gekk út á að sýna fram á, hvernig færi fyrir hlutafjelögum, og þá aðallega togarafjelögum, ef frv. mitt yrði samþykt. Jeg hefi viðurkent, að tekjuskattslögunum sje í ýmsu áfátt og þurfi nauðsynlega lagfæringar við, en jeg held því fram, að hlutafjelögin, og sjerstaklega togarafjelögin, hafi síst allra ástæðu til að bera sig upp undan of þungum sköttum í ríkissjóð eða bæjarsjóð, með öllum þeim skattafrádrætti, sem þeim er heimilaður. Stærsta togarafjelagið, sem hefir mikla fisksölu, hefir undanfarin ár ekki borgað einn einasta eyri í tekju- og eignarskatt. Virðast mjer því kveinstafir yfir skattabyrðinni úr þeirri átt fáránlegir. Kæmi nú loks það gróðaár, að fjelagið yrði skattskylt þrátt fyrir alla frádrætti, er ekki nema rjettmætt, að ríkissjóður fengi loksins hlutdeild í hagnaði þess. En hv. 2. þm. G.-K. vill ekki aðeins láta hlífa þeim í meðalárunum, heldur líka í góðærinu.

Jóhann Jósefsson: Mjer þykir líklegt, að hæstv. landsstjórn sje ánægð við þá hv. þm., sem hver af öðrum taka sig út úr hópi og bera fram tekjuaukafrv., en það er alment álitið verkefni, sem heyri undir fjármálastjórnina sjálfa, að efla fjárhag ríkisins og sjá honum borgið, eftir því sem hún sjer sjer fært. Hún má því vera þakklát, að tekið er af henni ómakið að hugsa fyrir auknum tekjum í ríkissjóð.

Nú fer hv. 2. þm. Reykv. fram á nýja íþyngingu á tekju- og eignarskatti á þann veg, að ríkisstjórninni sje heimilað að innheimta þennan skatt með 25% viðauka. Jeg vil mótmæla þessu

frv. af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að það miðar að því að auka enn á þann órjett, er kaupstöðunum var gerður með tekjuskattslögunum. Það er alment vitað, að tekjuskatturinn eins og honum hefir verið fyrir komið undanfarin ár kemur aðallega og nær eingöngu niður á kauptúnum og kaupstöðum, en sveitirnar sleppa mikið til. Lögin eru þannig útbúin, að skatturinn hlýtur óhjákvæmilega að lenda á þeim.

Sennilega mundi það verða til þess, eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði, að eftirtekjan yrði minni, þegar boginn væri spentur svo hátt, sem hv. flm. vill vera láta. Jeg er hræddur um, að það kynni að skorta eitthvað á þessa tekjuviðbót, 200 þús. kr., sem hv. þm. ætlar að leggja ríkissjóði til með þessum viðauka, einkum þar sem hann hefir boðað, að hann ætli sjer að bera fram brtt. við sitt eigið frv. til þess að draga úr því að nokkru.

Í öðru lagi vil jeg mótmæla þessu frv. vegna þess, að skattur er óhæfilega hár á eignum manna hjer á landi, og jafnvel tekjum líka, en þó einkum eignum. Það dregur úr hvöt þjóðarinnar til þess að spara, draga saman og eignast, þegar skattur er svo hár, sem hjer er stefnt að. Þar sem skattur er lagður á munaðarvörur og neysluvörur, hvetur það til sparsemi. Þjóðin sparar við sig þær vörur, sem hún getur án verið og hátt eru tollaðar. Og hjer hafa einkum verið tollaðar munaðarvörur.

Þótt jeg byggi mótmæli mín á þessum tveimur ástæðum, er ekki svo að skilja, að jeg telji, að ekki sjeu aðrar ástæður en þær, er þegar eru taldar, til þess að vera á móti þessu frv. Jeg býst við, að þær sjeu fleiri og vonast eftir, að þær verði teknar til athugunar í hv. fjhn., sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, og verði til þess að sannfæra menn um, hve varhugavert er að fara út á þessa braut, að hækka tekju- og eignarskattinn frá því, sem er. Bæði kemur hann órjettlátlega niður á landsmönnum og dregur úr hvöt þjóðarinnar til þess að spara og eignast.

Ólafur Thors: Jeg skal ekki hefja almennar umr. um það, í hve ríkum mæli heppilegt er, að ríkissjóður sje fjárhaldsmaður okkar landsmanna, eða hve langt megi ganga í álögum á borgarana; frv. gefur ekki sjerstakt tilefni til þess. Enda skildist mjer á hv. flm., að það mætti ræða síðar. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki svo einfalt mál að bera saman tekjuskattslöggjöf ýmsra þjóða og jeg hefði haldið. Það var mjer þegar ljóst áður, og það af grundvallarástæðum, sem hv. flm. tók ekki fram. En hitt er þó víst, hvað sem því líður, að tekjuskattur er hærri hjer á landi en í nágrannalöndunum.

Það er alveg rangt, sem hv. flm. sagði, að tekjuskattur væri ekki greiddur af öðru en því, sem menn hefðu afgangs. Það eru aðeins örlitlar eignir og smávægilegar tekjur, sem eru undanþegnar skatti. Háttv. þm. sagði, að jeg hugsaði í hlutafjelögum, en hann virðist altaf hugsa í kjósendum, þó honum farist það ekki vel úr hendi. Jeg held, að það sje nú sanni nær, að með þessu ræðst hann harðast á sína eigin umbjóðendur. Þessar till. hans, ef samþ. verða, munu koma harðast við pyngju Reykvíkinga, og

þá einkum millistjettanna. Hv. flm. sagði, að það væri síst ástæða til að hlífa hlutafjelögum. Úr því að þau greiddu ekkert, þegar þau tapa, þá væri ekki ástæða til að hlífa þeim, þegar vel gengur. Auðvitað hafa hlutafjelögin enga sjerstöðu. Hjer ræðir um íslenska atvinnurekendur yfirleitt. og það er staðreynd, að atvinnuvegur þeirra er mjög áhættusamur, svo að víst er, að allmikill hluti arðsins annað árið gengur í venjulegan halla hitt árið. Hitt er og staðreynd, að þetta er ekki svo í öðrum löndum. Þess vegna eiga íslenskir atvinnurekendur erfiðara með að greiða háan skatt en hliðstæð fyrirtæki erlendis.

Það er alveg rjett, að ýms stærri hlutafjelög hjer hafa ekki greitt tekju- og eignarskatt síðustu árin. En ástæðurnar til þess þekkja allir, ástæðurnar til hinnar slæmu afkomu atvinnuveganna yfirleitt. Þær eru fyrst og fremst hin mikla og öra gengishækkun, einkum á árinu 1925. Það þekkja allir drápsklyfjar gengishækkunarinnar, sem þjakað hafa framleiðslufyrirtækin svo, að það má kallast gott, ef þau hafa getað forðast stórtöp og í besta lagi staðið í stað.

Jeg gæti til dæmis spurt hv. flm., hvernig stæði á því, að gróðafyrirtæki eins og Alþýðubrauðgerðin hefði ekki greitt neinn skatt. Ekki hefir hún átt við örðugleika gengishækkunarinnar að stríða. Ekki hefir henni heldur verið íþyngt með mannahaldi, því að fyrst varð hún til af öllum brauðgerðum bæjarins að segja upp starfsmönnum. Jeg játa, að þetta snertir ekki málið, en jeg segi þetta af því, að hann fór að ráðast á útgerðarfjelögin. Þau greiða þó altaf mikið til almenningsþarfa, og það er dæmi til, að eitt einstakt fjelag hefir greitt nokkuð á 3. hundrað þúsund kr. í útsvar og tekjuskatt á einu ári.

Magnús Jónsson: Eftir því að dæma, hve miklu hefir rignt niður af tekjuaukafrv., skyldu menn halda, að verið væri að stofna til stórkostlegs tekjuhalla á fjárl. Það lítur út eins og einhver hætta vofi yfir, svo að grípa þurfi til örþrifaráða til að afstýra henni. Fjárlagafrv. var þó með ofurlitlum tekjuafgangi eins og það var lagt fyrir þingið af hæstv. stj., og nú hefir fjvn. skilað áliti sínu og brtt., og er útkoman sú, að áætlaður tekjuafgangur hefir heldur aukist en hitt. Jeg skal nú ekki fara lengra út í þetta, en tek þetta aðeins fram sem inngang að umr. um þetta mál, sem hjer liggur fyrir.

Jeg held nú, að ef nauðsyn er á því að afla meiri tekna fyrir ríkissjóðinn, þá sje tæplega hægt að bera öllu óheppilegar niður en hjer er gert með þessu frv. Það er með tekjuskattinn eins og fleira hjá hv. jafnaðarmönnum, að þeir eru miklir í hugmyndum og kenningum, en minni í veruleikanum. Það lítur fagurlega út, að það sje rjettast og sanngjarnast, að menn greiði gjöld sín til opinberra þarfa í rjettu hlutfalli við þær tekjur, sem þeir hafa.

Það hefir nú verið leiðrjett af hv. 2. þm. G.-K., að tekjuskattur væri greiddur aðeins af þeim tekjum, sem menn hafa afgangs nauðsynjum sínum. Því fer mjög fjarri, að það sje rjett. Sömuleiðis er ákaflega fjarri því, að tekjuskatturinn komi rjett

niður. Til þess að það verði, þarf að endurbæta stórkostlega grundvöllinn undir þeim lögum, sjálft tekjuframtalið.

Eins og nú er, verða þeir, sem lifa á handafla sínum, langverst úti. Jeg skal benda á það sem dæmi til athugunar fyrir hv. þdm., að það kom fyrir einu sinni, að maður, sem vann í búð hjer í bænum og vann fyrir frekar litlu kaupi, greiddi hærri tekjuskatt en heill hreppur einn hjer austanfjalls. Það má vera, að bændur í þessum hreppi hafi yfirleitt verið illa stæðir, en jeg hygg þó, að þeir hafi allir til samans verið færir um að greiða drjúgum hærri tekjuskatt en þessi eini búðarmaður. Jeg ætla ekki að skýra þetta frá mínu sjónarmiði, en frá sjónarmiði hv. flm. ætti þetta að vera ákaflega sterk sönnun þess, að tekjuskatturinn komi ekki rjett niður. Annars er það svo, ef út í þetta mál er farið, að á margt er að líta. Minst hefir verið á togarafjelög hjer í bænum og þá staðreynd, að þau greiða sum árin engan tekjuskatt. Í því sambandi er þess að geta, að þessi umræddu fjelög bera venjulega mjög há útsvör og þau dragast frá. Jeg veit nú reyndar, að hv. flm. muni halda því fram, að þau greiði heldur ekki nógu hátt útsvar, og er ekki til neins að þræta um slíkt. Ef nú ætti að hækka tekjuskattinn mikið, þyrfti að breyta alveg grundvellinum undir honum. En það hefir ekki enn tekist að finna þá aðferð, sem einhlít sje í því efni. Lögin um tekjuskatt hafa verið til meðferðar á þingi hvað eftir annað, og jeg held, að yfirleitt hafi frekar þótt þörf á að lækka hann heldur en hitt.

Jeg skildi ekki vel, hvað hv. flm. átti við, þegar hann sagði, að tekjuskatturinn hækkaði eftir því, sem menn væru fátækari. (**HjV**: Hlutfallslega). Það er nú svo, að það er ómögulegt að komast hjá því, að hinir fátækari eiga altaf erfiðara með allar greiðslur, og þar á meðal að greiða skatta, en hinir, sem efnaðri eru.Tollar af munaðarvöru eru líka að nokkru leyti tekjuskattur, því að það fer eftir tekjum manna, hvað þeir leyfa sjer mikla eyðslu á óþarfavarningi. Verðtollurinn er á sama hátt að nokkru leyti tekjuskattur. (**HjV**: Er tekjuskattur þá góður?). Þar á er sá munur, að verðtollurinn er tekjuskattur, sem menn greiða að miklu leyti eftir því, hvað miklu þeir vilja eyða. Það er áreiðanlegt, eins og hv. þm. Vestm. benti á, að hjer er ekki meiri þörf á neinu en því, að fá uppsparað fje hjá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum, og við það þurfa skattarnir að miðast.

Jeg vil svo að lokum endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að jeg sje ekki þörfina á þessum tekjuauka, og mjer finst hjer auk þess mjög óheppilega borið niður og greiði því atkv. á móti því, að þetta mál gangi lengra.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. Vestm. virtist leggja aðaláhersluna á það, að þegar tollaálögur væru, þá stuðluðu þær að því, að menn spöruðu við sig. Jeg verð nú að segja, að jeg veit ekki, hvort sparnaður á kaffi og sykri og fatnaði getur talist heppilegur eða æskilegur. Þetta, sem jeg nefndi, er alment talið til nauðsynja, þar sem mjólkurmatur er ófáanlegur eða dýr, og menn ættu yfirleitt ekki að þurfa að spara það nauðsynlegasta. En það, sem menn greiða í tekju- og

eignarskatt, greiða þeir mestmegnis af þeim tekjum, sem þeir hafa fram yfir nauðsynlega eyðslu.

Hjá tollunum getur hinsvegar enginn komist eins og löggjöfin er. Það getur enginn lifað og andað í landinu án þess að greiða tolla. Þeir koma mjög órjett niður, og þyngst á þeim fátækustu oft og tíðum, nefnilega á þeim, sem eiga flestum börnum eða stærstum fjölskyldum fyrir að sjá. Hv. 1. þm. Reykv., og reyndar hinir aðrir andmælendur mínir líka, ljetu í ljós, að þeir teldu enga þörf á neinum tekjuauka. En nú vilja tveir flokksmenn þeirra í hv. fjvn. láta verja 350 þús. kr. til verklegra framkvæmda á fjárl. næsta árs, án þess að nokkrar tekjur komi á móti. Eftir því, sem skilja má af grein, sem formaður Íhaldsflokksins, hv. 3. landsk., hefir nýlega skrifað, má ætla, að það sje stefnumál þess flokks að skiljast við fjárl. með tekjuhalla. Nú erum við jafnaðarmenn hinsvegar ekki sama sinnis. Auk þeirra 350 þús., sem íhaldsmenn vilja verja til verklegra framkvæmda fram yfir fjárlagatekjur, eru nokkurnveginn fastráðnar aðrar stærri fjárveitingar, svo sem til byggingar- og landnámssjóðs og sundhallar í Reykjavík. Þetta þrent gerir samtals um 600 þús. kr. fram yfir væntanlegar fjárlagatekjur. Fyrir þá, sem ekki eru algerlega ljettúðarfullir og ábyrgðarlausir í þessu máli, er þessi stefna næsta óskiljanleg. (**MG:** Hverjum er þm. að svara? — **ÓTh:** Samviskunni). Jeg svara hjer því, sem svara þarf, og tala um málið eins og það liggur fyrir án þess að biðja hv. 1. þm. Skagf. um leyfi til þess. En flokkssamviska hans virðist hafa stungið hann illilega, er á þetta er minst. Jeg verð að segja það, að þar sem skattstiginn fer hækkandi, er mjer alveg óskiljanlegt, að hækkun tekjuskattsins komi harðast niður á millistjettunum, eins og hv. 2. þm. G.-K. hjelt fram, nema þá því aðeins, að um stórkostleg skattsvik væri að ræða hjá hinum, sem meiri tekjur hafa. Skil jeg varla, að sá hv. þm. haldi því fram. Er það nú ekki alveg auðsætt af allri framkomu íhaldsmanna, að flokkur þeirra hefir fullan hug á því að reyna að velta byrðunum af auknum framkvæmdum í landinu yfir á hinn fátækari helming þjóðarinnar, sem sje alþýðuna í landinu?

Hv. 2. þm. G.-K. blandaði Alþýðubrauðgerðinni inn í þessar umr. Út af því skal jeg aðeins taka það fram, að jeg er ekki í stjórn hennar og ekkert kunnugur rekstri hennar. Veit jeg og, að hv. þm. er ókunnugur því fyrirtæki með öllu og ætti því sem minst um það að tala.

Hv. 2. þm. G.-K. vildi verja það, að hlutafjel. íslensku ættu að greiða lága skatta, með því að sjávarútvegur væri stopull atvinnuvegur með stórbreytingum frá ári til árs. Sjávarútvegur er að minni hyggju gullnáma landsins og hefir ávalt verið það. Gangi atvinnurekendur til lengdar með skarðan hlut frá borði, þeir er við útveg sýsla, tel jeg það stafa af skipulagsleysi, og er síldveiðin gott dæmi þess, þótt einnig megi nefna þorskveiðarnar. Virðist og hv. þm. hafa sjeð, að á þessari staðhæfing sinni væri ekki byggjandi, því að hann sneri skjótt frá því.

Þá var ekki lengur um það að ræða, að þetta væri venjulegt fyrirbrigði, heldur var það alt í einu orðið með öllu óvenjulegt fyrirbrigði, sem stafaði af gengishækkuninni. En slík mótbára, þó að hún væri rjett, gæti ekki gilt til langframa. Annars álít jeg, að það þyrfti á ýmsan hátt að lagfæra tekjuskattslögin, þó að ekki sje tækifæri til þess nú. Meðal annars væri rjett að afnema þá undanþágu, að draga megi frá 4% sem skattfrjálst, eins og nú er hjá hlutafjelögum, og nauðsynlegt væri og að hækka lágmark skattskyldra tekna æðimikið vegna alls tekjuskatts, hins almenna og viðaukans.

Hv. 1. þm. Reykv. fór eitthvað að tala um það, að þótt togarafjelögin greiddu ekki mikið í ríkissjóð, þá greiddu þau þeim mun meira í bæjarsjóð. Þetta kemur nú reyndar þessu máli ekki mikið við, en annars getur hv. þm. sjeð, að þau borga sama og ekkert í bæjarsjóð heldur; þau borga minna en ýmsir miðlungsstjettarmenn. Þúsund króna útsvar þykir venjulegt á togara, sem veltir á ári ½—1 milj. króna. Jeg held, að yfirleitt sjeu heldur litlar tekjur af þessum fjelögum til hins opinbera.

Þá virtist hv. 1. þm. Reykv. halda því fram, að það væri aldrei hægt að komast hjá því, að það yrði erfiðara fyrir fátæklingana að greiða skatta sína heldur en ríka menn. Jeg sje ekki, hvers vegna ekki er hægt að komast hjá því, ef fylgt er þeirri reglu að leggja á menn eftir gjaldþoli, því að þá borgar hver eftir sinni getu hlutfallslega jafnt. Að því miða einmitt öll skattavísindi.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að mikið af þessum tollum, sem væru af munaðarvörum, lenti á efnaðri stjettunum, en jeg veit, að ef hv. þm. lítur á fjárlögin, og þá sjerstaklega verðtollinn og lögin um hann, þá mun hv. þm. sjá, að það er mjög lítið af öðrum vörum en nauðsynjavörum, sem gefa tekjur í ríkissjóð. Yfirleitt hvílir allur meginhluti skattanna á nauðsynjavörum. Bak alþýðunnar þykir breitt hjer á landi.

Jeg ætla þá að enda mál mitt á því að telja slegið föstu, að fyrst og fremst þurfi meiri tekjur í ríkissjóð, ef menn ekki vilja fara að eins og íhaldsmenn virðast telja stefnuskráratriði sitt, að skilja fjárlögin eftir með tekjuhalla, og í öðru lagi, að ef eigi að auka tekjur ríkissjóðs, þá sje rjettara að leita til beinu skattanna heldur en þeirra óbeinu.

Jóhann Jósefsson: Hv. flm. frv. sagði nú í sinni síðustu ræðu, að allur meiri hluti af sköttunum væri af nauðsynjavörum. Jeg held, að þetta sje nokkuð hæpin fullyrðing og vil benda hv. þm. á, að hann hefir sjálfsagt fyrir framan sig á borðinu, eins og jeg, síðasta landsreikning, sem útbýtt hefir verið nýlega, og getur hv. þm. þar sjeð skiftingu á tollum eftir vörutegundum. Hv. þm., flm. þessa frv., bar okkur það á brýn, og tók þar sjerstaklega til íhaldsmenn, að við bærum ekki þá umhyggju fyrir ríkissjóði, sem vera ætti. Hjer er nú ekki verið að ræða um afgreiðslu fjárlaganna, heldur er þetta sjerstakt tekjuaukafrv., sem hjer er til umr. Jeg held, að slíkt sje alveg ómaklegur áburður á Íhaldsflokkinn, og mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir nú úr þessari átt, að

það sje verið að bregða okkar flokki um það, að við viljum ekki afla ríkissjóði tekna. Jeg held, að það málgagn, sem stendur að þessum hv. þm., hafi kveðið við annan tón til íhaldsmanna að undanförnu, því að það hefir síst verið sparað að koma alþýðu manna á þá skoðun, að íhaldsmenn stæðu að öllum ónauðsynlegum tollum, hvað þá að hinum. En það er annað, sem hv. þm. hljóp yfir; hann gleymdi að bera í bætifláka fyrir það, sem jeg benti á, að hann væri að gera með sínu frv., sem sje það, að þyngja byrði alþýðunnar í kaupstöðunum, þ. e. a. s. þeirra manna, sem jeg kalla alþýðumenn, en það getur náttúrlega vel verið, að það sje einhver þrengri merking á því orði, sem hv. þm. hefir sjerstaklega fyrir augum. En mjer er það fullkomlega ljóst, að með þessu frv. eru nýir baggar bundnir fjölda manna í kaupstöðum landsins, mönnum, sem eru að reyna að bjargast upp á eigin spýtur. Það verður sjálfsagt ekki togað alt þetta fje út úr þeim hlutafjelögum, sem hv. þm. er að minnast á, og býst jeg við, að hann eigi þar við togarafjelögin í heild.

Það er annars dálítið einkennilegt fyrirbrigði, að hjer kemur varla nokkurt mál svo til umræðu, eða að minsta kosti ekkert mál, sem hv. flm. þessa frv. og flokksbræður hans taka þátt í, án þess að á einn eða annan hátt sje togaraútgerðin dregin inn í það. Manni er farið að verða það talsvert áhyggju- og undrunarefni, hve mikið er farið að bera á því, að vissir menn setji einlægt hnífla í þennan atvinnurekstur. Það má líka í því sambandi benda á ýms frv., sem beinlínis miða að því að íþyngja og hnekkja þessum atvinnurekstri. Jeg held, að það geti enginn maður gengið þess dulinn, að það er dálítið varhugavert, þegar þessi tilhneiging fer að verða mjög ríkjandi á Alþingi. Það er öllum mönnum vitanlegt, að þjóðfjelag vort Íslendinga er eitthvert hið minsta í heimi og að við erum bæði „fáir, fátækir og smáir", eins og prestarnir mundu hafa sagt, og hitt er líka vitanlegt, að þjóðin hefir á undanförnum öldum eiginlega hvergi getað fylgst með í verklegum framkvæmdum á móts við aðrar þjóðir, já, maður getur sagt, að það sje ekki nema mannsaldurs gömul, og jafnvel varla það, sú viðleitni, að reyna að reka einhvern atvinnuveg líkt því, sem tíðkast hjá stærri þjóðum. En á nokkrum síðustu áratugum hefir þjóðin sýnt af sjer ákaflega mikið framtak á vissu sviði, og þetta framtak hefir altaf átt rót sína að rekja í framtakssemi einstakra manna. Af þessu hafa svo risið upp atvinnufyrirtæki, og maður getur sagt það, að togaraútgerðin er eitt hið veigamesta af því tægi. Hvernig stendur nú eiginlega á því, að þessi atvinnuvegur virðist vera eltur á röndum af ákveðnum mönnum, og jafnvel af ákveðnum stjórnmálaflokki, eða forkólfum hans? Í sambandi við tal hv. jafnaðarmanna um þessa stórútgerð, sem þeir kalla, og annað, er að henni lýtur, vil jeg benda á það, að brandur þeirra beinist altaf meira og meira að því að hnekkja framtaki einstaklingsins. Mjer finst, að eftir því sem þessar raddir taka að gerast háværari og eftir því sem þær fá meira fylgi, t. d. hjá bændum, innan þings og utan, og öðrum mönnum, þeim mun meira vex uggur um það, að það fari að verða mjög varhugavert að ráðast

í atvinnufyrirtæki innan þessa þjóðfjelags, vegna þess að það er ljóst, að þó að kenningar og stefna þeirra manna, sem hjer á Íslandi kalla sig jafnaðarmenn, geri ekki svo mikið af sjer utanlands, í stærri þjóðfjelögum, þar sem menning og atvinnurekstur stendur á margra alda merg, þá verður ómögulegt að komast hjá því að kannast við, að í okkar fátæka og fámenna þjóðfjelagi er þessu alt annan veg farið. Það er miklu hættulegra á þessu landi að draga úr framtaki manna heldur en í stærri og sterkari þjóðfjelögum. Það er miklu hættuminna að bera þessar kenningar til landslýðsins annarsstaðar en hjer, þar sem veðrátta er blíðari og skilyrði betri til að komast áfram. Við stöndum gagnvart þeirri sögulegu sannreynd í þessu landi, að óðara en þjóðin er farin að rjetta sig úr þeirri kreppu, sem hún var í um margar aldir, þá rís þessi stefna upp í landinu, að reyna með öllu móti að draga atvinnurekstur inn, svo sem unt er, undir hið opinbera, og draga úr framkvæmdum þeirra dugmestu meðal borgaranna við að ráðast í þau atvinnufyrirtæki, sem einstakir menn alment reka hjá öðrum þjóðum og sem veita fjölda fólks atvinnu. Mjer virðist það vera vel ljóst, að sjerstaklega í þessu þjóðfjelagi, þar sem hver er nákunnugur annars högum, hlýtur afleiðingin af þessari stefnu og hin naægslega framkoma á móti öllu framtaki, sem nokkuð kveður að, að leiða til þess, að hugir fólksins smitast, og ennfremur til þess, að hinn dugmeiri hluti þjóðarinnar fær ugg við það að starfa upp á eigin spýtur. Jeg held, að þetta muni verða til þess, að menn fari þá að hugsa sem svo, að það sje miklu arðvænlegra að ná sjer í einhverja stöðu, komast að landssjóðsjötunni eða einhverju því líku, gera eitthvað annað en reyna að bjargast upp á eigin spýtur.

Það getur nú verið, að þetta verði ekki álitið koma þessu frv. beinlínis við, sem hjer er um að ræða, en af því að hv. flm. fór inn á þetta svið í sinni ræðu, og af því að það kemur varla sá dagur fyrir á hinu háa Alþingi, að ekki sje þar vegið í hinn sama knjerunn, þá hefi jeg haft þau ummæli, sem nú hafa orðið, um afstöðu þessara hv. þingmanna til atvinnuveganna. Um það bil, sem þessi kenning jafnaðarmanna og fylgismanna þeirra hefir náð nægilega miklum tökum á hugum borgara þjóðar vorrar, þá munum við standa gagnvart þeirri sannreynd, það er jeg viss um, að þeim mönnum, sem bæði með þessari þjóð og öðrum þjóðum bera uppi atvinnulífið með einstaklingsframtaki, þeim, sem vilja leggja sig og sitt í að reka áhættusöm fyrirtæki, þeim mun fækka. En hinn hópurinn, sem vill snúast í kringum ríkissjóðinn og narta í þá, sem atvinnufyrirtækin reka, vex stórum. Og þegar svo er komið, þá tel jeg vísast, að öll alþýða Íslands muni sjá, að ver var af stað farið en heima setið með stefnumál þessa stjórnmálaflokks og þá bardagaaðferð, sem forsprakkar hans leyfa sjer að viðhafa.

Haraldur Guðmundsson: Það er ekki undarlegt, þótt þingmenn greini á um frv. það, sem hjer liggur fyrir; það er algert stefnumál, og því næsta eðlilegt, að menn leiði saman hesta sína. Hjer er um það að ræða, hvort

breyta skuli skattalögunum þannig, að hækkaðir sjeu beinu skattarnir og tollarnir lækkaðir að sama skapi.

Í þessu sambandi þykir mjer rjett að minna hv. þdm. á það, að hv. flm. flytur hjer í hv. deild till. um að fella niður gengisviðaukann, 25%, á kaffi- og sykurtolli. Þegar þetta frv. er rætt, er því rjett jafnframt að taka til athugunar þessa tillögu, því að hún stendur í órjúfandi sambandi við frv. Og atkvæði hv. þdm. um þetta frv. veltur á því, hvort þeir yfirleitt álíta rjettara og eðlilegra að afla ríkissjóði tekna með beinum sköttum á tekjur og eignir eða með tollum á vörur, meira og minna nauðsynlegar.

Mjer virðist rjett að gera sjer það ljóst, að hvort heldur ríkissjóði er aflað tekna með beinum sköttum eða óbeinum, þá verði hann æfinlega að taka þessa skatta af því, sem afgangs er, þegar landslýður er búinn að uppfylla sínar brýnustu þarfir. Ef tekjur fólksins eru einhvern tíma svo rýrar, að þær hrökkva ekki fyrir brýnustu þörfum og sköttum í viðbót, verður það annaðhvort að taka lán til að greiða skattana eða það verður að klípa af nauðsynjum sínum. En sem sagt, skattar eru teknir yfirleitt af því, sem umfram er, þegar brýnustu nauðsynjar þjóðarinnar sem heildar eru uppfyltar, þótt því verði eigi neitað, að allmargir einstaklingar eru skattlagðir freklega með tollum, þótt tekjur þeirra hrökkvi ekki til lífsframdráttar, og biggi af sveit eða líði skort af þeim sökum. Mjer virðist því, að það sje tryggara með því að taka beina skatta en tolla, að skattarnir greiðist jafnan af því, sem umfram er brýnustu nauðþurftir þess, sem skattinn greiðir. En það er frumskilyrði þess, að skattarnir komi rjettilega niður. Það er algerlega fjarri sanni, sem hv. þm. Vestm. sagði, að tollarnir hvíli mestmegnis á munaðarvöru. Ef hann vill líta á fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, og breytingar fjvn., þá er þar kaffi- og sykurtollur 1050000 króna, vörutollur 1050000, verðtollur 825 þús. Þessir tollar eru að langmestu leyti á vörum, sem eru nauðsynlegar. Það er tiltölulega lítill hluti vörutollsins, sem hvílir á vörum, sem ekki er hægt að telja nauðsynlegar. Sama gildir um verðtollinn. Það er ekki nema lítið brot af verð- og vörutolli, sem legst á óhófsvöru.

Jeg veit ekki betur en að það hafi altaf verið viðurkent, og það af sjálfum höfundi vörutollslaganna, að þau væru bráðabirgðaráðstöfun og alls ekki tilætlunin, að þau giltu til frambúðar. En það hefir atvikast svo, að Alþingi hefir aldrei sjeð sjer fært að leiðrjetta lögin frá því, sem var í upphafi. Síðan var verðtollinum bætt ofan á vörutollinn, án þess lagfærð væri flokkaskifting vörutollslaganna. Langmestur hluti verðtolls er af vörum, sem eru tollaðar með 10%, þ. e. þurftarvörum allskonar, miklu minna af ónauðsynlegum vörum með 20% verðtolli.

Jeg ætla þetta sje nægilegt til þess að sýna hv. þm. fram á, að hann fer mjög villur vegar í þessari staðhæfingu. Hann þarf ekki annað en líta á sykurtollinn. Það lætur nærri um sykurverðið, að tollur með álagning kaupmanna á hann sje ⅓ útsöluverðs. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. telur sykur óhófsvöru; jeg geri það ekki.

Jeg ætla það væri hv. 1. þm. Reykv.,

sem sagði það firru eina, að tollar kæmu harðast niður á fátæklingum. Þetta er þó margsannað og vitað af öllum. Fátæklingarnir geta ekki látið vera að kaupa þessar vörur. Tökum til dæmis tilbúinn fatnað; hann er þrátt fyrir tollinn ódýrari en fatnaður, sem er saumaður hjer. Af því leiðir, að fátæka fólkið kaupir hann mest. Fyrst er lagður á fötin með umbúðum vörutollur og svo 10% verðtollur. Dósamjólk er vara, sem fátæka fólkið, sem ekki hefir ráð á að kaupa nýmjólk, kaupir mikið. Tolluð er hún. Sama er að segja um kaffi og sykur; fátæklingarnir og þurrabúðarmennirnir, sem ekki eiga kost mjólkur við því verði, sem þeir geta greitt, verða beinlínis að kaupa meira af þeim vörum en hinir, sem gnægð hafa mjólkur. Þessar vörur eru hátt tollaðar, svo að úr hófi keyrir. Því fleiri ómaga, sem heimilisfaðirinn hefir fram að færa, því meira þarf hann að greiða í tollum, þessum og öðrum, en þess erfiðara er honum um það oftast nær.

Hv. þm. Vestm. hjelt því fram, að ef frv. það, sem hjer um ræðir, næði fram að ganga, þá yrði mjög þyngd skattabyrði á allri alþýðu í kaupstöðum. En hv. flm. hefir nú getið þess, að hann muni við næstu umræðu bera fram brtt. þessu viðvíkjandi. En þó að það yrði ekki gert, þá er það svo, að sá hluti þessarar skatthækkunar, sem lenti á skattlægstu mönnunum, er svo lítill, að hans hefði ekkert gætt í samanburði við það, sem tekið er með óbeinum sköttum.

Hv. þm. Vestm. talaði annars lítið um þetta frv. í síðari ræðu sinni. Meiri hlutinn af hans sniöllu ræðu var einskonar skriftamál, þar sem hann skýrði hv. þdm. frá því, hversu áhyggjufullur hann væri orðinn út af þeim veðrabrigðum, sem væru að gerast á þeim pólitíska himni. Jeg veit ekki, hvort það er rjett að hrella þennan áhyggjufulla og hugsjúka þingmann, og af því að jeg er brjóstgóður, vil jeg heldur reyna að ljetta þessum áhyggjum dálítið af honum.

Hann viðhafði þau ómaklegu orð um okkur jafnaðarmenn, að við værum sí og æ að hnífla togaraútgerðina. Yfirleitt skildist mjer hann álíta, að við værum fjandmenn hennar. Hann sagði það ekki berum orðum, en mjer fanst það liggja í orðum hans. Jeg get fullvissað hann um, að þetta er mjög fjarri sanni. Við álítum einmitt, að togaraútgerðin sje sönnun þess, að við lítum rjettum augum á þróun atvinnuveganna, — að það borgi sig betur að reka flesta atvinnuvegi í stórum stíl undir einni stjórn heldur en í smærri stíl og stjórnlítið eða stjórnlaust. Þess vegna er það mjög fjarri sanni, að við höfum nokkuð á móti því, að togaraútgerð sje stunduð á landi hjer. Við viðurkennum þvert á móti, að það sje eðlilegt og æskilegt í alla staði. Og þó að okkur gefist ekki kostur á að rannsaka reikninga togarafjelaganna, jafnaðarmönnum, hygg jeg, að þeir muni sýna, að fjárhagsleg afkoma útgerðarinnar yfirleitt hafi verið góð. Það sannar líka hinn öri vöxtur togaraflotans.

Þessi hv. þm. og aðrir, sem þykjast mjög bera hag stórútgerðarmanna fyrir brjósti, nota hvert tækifæri til þess að benda alþjóð á, hversu veigamikill þáttur í lífi þjóðarinnar þessi útgerð er; og þetta er alveg rjett. Nú vil jeg spyrja hv. þm.: Finst honum það óeðli-

legt, þar sem því er svo mjög haldið á lofti, hversu afkoma útgerðarinnar varðar þjóðina miklu, að þeir, sem skifta sjer af þjóðmálum, vilji um þetta tala? Mjer finst eina eðlilega afleiðingin af því, hvað mikill þáttur atvinnulífsins togaraútgerðin er, vera sú, að hana beri að skoða sem einskonar opinbert mál. Það er misskilningur, að það sje einkamál togaraútgerðarmanna, hvernig þessi atvinnuvegur er rekinn og hvernig afkoma hans er. Þetta er svo stór liður í búskap þjóðarinnar, að hana varðar alla um þetta mál. Það er annars mjög leitt, að ekki skuli hjer í hv. deild vera hægt að tala um slík mál sem þessi, t. d. ýmislegt, sem viðkemur útgerð og sölu afurða og öðru slíku, án þess að upp rísi þeir menn, sem næst standa þeim fyrirtækjum, og kalli slíkt persónulega áleitni og fjandskap við útgerðina. Jeg er flm. að frv. um einkasölu á saltfiski; jeg mótmæli því, að það sje flutt til þess að narta í þessa útgerðarmenn, sem hv. þm. talaði um. Jeg álít skipulag þessara mála betra eftir frv. Hitt kann vel að vera, að af því kunni að leiða minni gróðamöguleika einhverra þessara manna, sem hagnast af núverandi fyrirkomulagi á kostnað keppinauta sinna, og oft allrar þjóðarinnar. En mjer finst ekki hægt að setja það fyrir sig, þegar litið er á almennings heill. Ekki skal jeg neita því, að framtakssamir menn hafi margir hverjir unnið stórmikið gagn á þessu sviði; þeir hafa unnið að mikilsverðum umbótum á atvinnuvegum okkar, sem skylt er og sjálfsagt að viðurkenna. En þar fyrir eiga menn ekki að skoða sig skylda til að horfa á allar aðgerðir atvinnurekenda með undirgefni og aðdáun og forðast að finna að misfellunum og afglöpum þessara manna, sem því miður eru mörg og býsna stórfeld. Það nær ekki nokkurri átt.

Þá hefir þeirri mótbáru verið haldið á lofti, að af hækkun á beinum sköttum hlyti að leiða, að menn mistu tilhneiginguna til að spara, og dugnaðar- og framtaksmenn hættu að neyta síns dugnaðar; þeir muni ekki ráðast í fyrirtæki, af því að þeim þyki ríkissjóður heimta of mikið af arðinum í sinn vasa. Þessar tvær viðbárur hafa altaf verið hafðar á lofti nokkurn veginn jöfnum höndum, þegar rætt hefir verið um beina skatta. En það hefir altaf sýnt sig og sannast eftir á, að þetta er rangt. Það er ekki hægt ennþá — það jeg veit — að benda nokkursstaðar á dæmi þess, að hækkun tekju- og eignarskatts hafi orðið til þess að draga úr framkvæmdum og löngun til þess að spara. Í þessu tilfelli sjer það hver heilvita maður, að hækkun skatta, sem nemur í meðalári 200 þús. kr., gerir hvorki til nje frá um það.

Þá ætla jeg að svara háttv. 1. þm. Reykv., sem fann aðallega beinum sköttum til foráttu, að skattaframtöl væru mjög óábyggileg. Menn, margir hverjir, sumpart gæfu beinlínis rangt skattaframtal og sumpart væri framtalið ekki svo glögt og greinilegt sem skyldi. Jeg skal ekki neita því, að þetta er á nokkrum rökum bygt. En stjórnarvöldin hafa að ákaflega miklu leyti í hendi sjer, hversu strangt gengið er eftir, að framfylgt sje ákvæðum laganna um þessi efni. Jeg skal líka játa, að það sje ástæða til

að breyta ýmsum ákvæðum í lögum, sem að þessu lúta, og má að sjálfsögðu gera það á sínum tíma. En viðurkenni menn á annað borð rjettmæti þess að miða skatta við eignir og tekjur, þá er ómannlegt að gefast upp við að fara þá leið einungis fyrir þá sök, að hingað til hafi orðið einhverjar misfellur á framkvæmdum. Það á að bæta úr misfellunum.

Eitt af því, sem menn hafa borið fram til málsbóta fyrir tolla, er það, að þeir verði til þess að hvetja almenning til sparnaðar. Jeg skal viðurkenna, að ef ekki væri um tolla að tala af öðrum vörum en ónauðsynlegum, væru þetta sæmileg rök; en eins og jeg hefi áður bent á, þá eru tollar hjer undantekningarlaust á öllum vörum, sem nokkru nema og til landsins flytjast, nema kornvöru. Og nú liggur fyrir deildinni frv. um að leggja aftur tolla á þá vöru. Ætli þeir, sem halda því fram hjer í hv. deild, að allur sparnaður sje nauðsynlegur og blessunarríkur, ætlist til, að tollarnir leiði til þess, að almenningur spari við sig fatnað, húsnæði, matvöru og þess háttar? Jeg verð að segja, að sá sparnaður er háskalegur. Hvað sem gildi peninganna líður yfirleitt, þá er það víst, að ennþá meira virði er þroski og heilbrigði þjóðarinnar.

Það er alveg rjett, sem háttv. flm. sagði í fyrstu ræðu sinni um tekjuskatt hlutafjelaga. Hann er eingöngu lagður á það, sem afgangs verður eftir að allur kostnaður þeirra hefir verið dreginn frá tekjunum. Meira að segja, tillag til varasjóðs og 4% af hlutafjenu er einnig dregið frá sem kostnaður.

Jeg man ekki betur en að háttv. 2. þm. G.-K. hafi eitt sinn í blaðagrein upplýst um það, að h/f Kveldúlfur gæti haft nettótekjur, er nema hundruðum þúsunda króna án þess þó að gjalda nokkurn eyri í skatt. Lögheimilaður frádráttur auk rekstrarkostnaðar, eða skattfrjálsar nettótekjur þessa hlutafjelags, ættu þá að geta numið hundruðum þúsunda á ári. Þeim mun hærri skatt getur fjelagið auðvitað greitt af þeim hlutanum, sem skattskyldur er.

Sami hv. þm. var að tala um, að skatturinn kæmi ójafnt niður. Virtist mjer hann harma það, er meðaltalsregla hv. 3. landsk. var ekki samþ. á þinginu 1925. Hann tilfærði sem dæmi tvö fjelög, er hefðu jafnar skattskyldar tekjur um þriggja ára bil. Annað fjelagið hefði jafnar tekjur öll árin, en hitt mjög misháar. Segir hann, að hið síðartalda greiði 4—5 sinnum hærri skatt en hitt, sem jafnar tekjur hafði. Jeg vil nú ekki beinlínis bera brigður á þessa útreikninga. En sjeu þeir rjettir, liggur í augum uppi, að stórgróði hefði orðið fyrir útgerðarfjelögin, ef meðaltalsreglan hefði náð lögfestingu.

Jeg man ekki betur en að þessi hv. þm. og aðrir þeir, sem fylgjandi voru því, að meðaltalsreglan væri upp tekin, hafi fært það fram 1925 og síðar, máli sínu til stuðnings og varnar, að tekjur ríkissjóðs mundu sáralítið rýrna af tekjuskatti, þótt hún yrði lögfest.

Nú reiknast þessum hv. þm. svo til, að fjelög með ójafnar tekjur mundu ekki greiða nema 1/5 eða 1/4 hess skatts, sem þau nú greiða, ef meðaltalsreglan væri upp tekin. Liggur þá í augum uppi, að ríkissjóður hlyti að tapa sömu upphæð, — en hvað verður þá um

fyrri staðhæfingu þessa hv. þm. um, að ríkissjóður hefði ekki tapað neinu verulegu, þótt skatturinn hefði verið reiknaður af meðaltekjum þriggja ára? Gróði útgerðarmanna hlyti auðvitað í þessu tilfelli að verða ríkissjóði tekjumissir.

Meðaltalsreglan er hjer ekki til umr., en jeg get sagt það sem mína skoðun, að eðlilegra sje að taka skattinn fyrir þau ár ein, sem tekjuafgang gefa. Jeg er svo sanngjarn við þessi útgerðarfjelög, sem greiða ríkissjóði tolla af kolum og salti, oft svo þúsundum króna skiftir, jafnvel þau ár, sem þau tapa, að mjer þætti óeðlilegt að leggja í viðbót á þau tekjuskatt fyrir tapár.

Jeg gæti líka trúað því, að þeim yrði erfitt um að greiða á þeim árum, sem þau tapa, skatt af stórgróða fyrri ára, og ríkissjóði yrði þá erfið innheimtan. Gróði fyrri ára er ekki geymdur í sjóði til þess að borga með honum skatta síðar; hann er yfirleitt bundinn í fasteignum og rekstri fyrirtækjanna.

Þetta læt jeg mjer nægja að sinni, en vænti fastlega, að hv. þdm. sjái kosti frv. og greiði götu þess áfram.

Ólafur Thors: Mjer er því miður ekki eftir skilin, nema örlítil stund til stuttrar aths. Hefði jeg þó gjarnan kosið að mega skifta nokkrum orðum við hv. þm. Ísaf., til þess að svara ýmsum staðleysum, er hann í ræðu sinni nú var að bera á borð fyrir hv. þdm.

Hv. flm. talaði um afskaplegt ábyrgðarleysi hjá íhaldsmönnum, sem lýsti sjer í því, að þeir væru á móti að afla ríkissjóði tekna, og taldi ástæður íhaldsmanna engar aðrar en þær, að hæstv. stj. ráðstafaði ekki tekjum ríkissjóðs á þann hátt, sem þeir telja heppilegast. En eru ekki þetta nægar ástæður frá okkar bæjardyrum sjeð? Hvernig er hægt að ætlast til, að íhaldsmenn vilji rjetta þeirri stj. nýja tekjuauka, sem þeir treysta ekki til að hafa fjárreiður ríkisins með höndum?

Annars kom mjer það undarlega fyrir sjónir, að hv. 2. þm. Reykv. skyldi verða til þess að fitja upp á slíkum tekjuauka sem þessum. Það hefir nú verið svo á undanförnum þingum, að það hefir ekki skort stóryrðin hjá jafnaðarmönnum, þegar íhaldsmenn hafa verið neyddir til að bera fram frv. um tekjuauka. Þá hefir jafnan kveðið við sama tón: að það væri lítils virði að sýna afkomu ríkisins sæmilega, þegar vitanlegt væri, að alt, sem í ríkissjóðinn drypi, væri tekið úr vösum fátækra manna. Þess vegna þótti mjer undarlegt að hevra nú kveða við annan tón, og ennbá einkennilegra þó vegna þess, að mjer hefir virst annað kveða við í fjhn., þar sem við eigum báðir sæti, þegar rætt hefir verið um, hverja afstöðu nefndin tæki til þeirra ýmsu tekjuauka, sem væru á ferðinni í þinginu, — a. m. k. hefir mjer skilist svo á hv. 2. þm. Revkv., að hann mundi varla fyrstur manna verða til þess að leggja slíkum frv. liðsyrði. Hann taldi sig þá ekki dómbæran um að segja, hver tekjuhalli fjárlaganna mundi verða. Nú kveður hann upp úr með, að tekjuhallinn muni verða um 600 þús. kr. Og á þeim tekjuhalla vill hann ráða bót að nokkru

leyti með þessu frv., er hjer er nú til umr.

En sje nú þörf á þessum tekjuauka að dómi jafnaðarmanna, þá er mjer lítt skiljanlegt skraf hv. þm. Ísaf. um nauðsynina á að fella niður ýmsa tolla. Sá hv. þm. hefir t. d. alveg nýlega lýst því yfir, að hann mundi bera fram frv. um að fella niður kaffi- og sykurtoll, og jafnvel fleiri tolla að mjer skildist. Það, sem hv. flm. gefur með annari hendinni, tekur hv. þm. Ísaf. með hinni, og verður þá ekki auðvelt að glöggva sig á fjármálaspeki þessara manna.

Hv. flm. sagði, að jeg hefði sagt, að tekjuskatturinn kæmi þyngst niður á millistjettunum. En þetta er útúrsnúningur hans og misskilningur, sem hann notaði þó sier í vil til þess að ályktа, að þeir ríkari og tekjuhærri svikju skatt. Jeg skal ekkert deila við hann um skattsvik. Sjálfur mun hann falla undir þá tekjuhærri, sem skatta eiga að greiða þjóðfjelaginu, og svarar því þá fyrir sig, hvort hann gerir það eða ekki. En mín orð voru þau, að af þeim tekjuaukafrv., er fyrir Alþingi lægju, mundi ekkert jafnþungbært millistjettunum sem hækkun tekjuskattsins.

Jeg staðhæfði í fyrstu ræðu minni, að tekjuskatturinn kæmi tiltölulega þyngra niður á íslenska atvinnurekendur en erlenda vegna mismunandi árferðis, sem við væri að stríða. Ennfremur benti jeg á, að nýr og þungur baggi hefði bætst á atvinnurekendur með gengishækkuninni. Jeg veit, að hv. flm. getur vel skilið, að þetta tvent, er jeg nú nefndi, geti farið saman, en þó virðist betta flókið mál í hans huga, og má það undarlegt heita um mann með þeirri mentun, sem hann hefir fengið.

Jeg hefi víst tæplega leyfi hæstv. forseta til þess að víkja mikið að því, sem hv. þm. Ísaf. sagði. En rjett var það hjá honum, að afkoma alþjóðar veltur á því, hvernig fer um stórútveginn. Hitt er einnig satt, að okkur sumum hverjum þykir ekki eðlilegt, hve kalt andar oftast frá jafnaðarmönnum í garð þessa atvinnuvegar. Er því gleðilegt að heyra nú viðurkenning hv. þm. Ísaf., þegar hann er að tala um, að margir duglegir og áhugasamir menn sjeu í hópi þessara atvinnurekenda, sem unnið hafi mikið og gott starf, sem alþjóð beri að þakka. Þessi orð er sjaldgæft að heyra úr þeim herbúðum, sem hann heldur sig í. Við erum vanari að heyra þaðan talað um stórlaxa, sem ekki sjeu of góðir að borga í ríkissjóðinn — og það svo um muni.

Jeg má ekki misnota þolinmæði hæstv. forseta með því að fara að ræða þær tvær stefnur í skattamálum, sem við hv. þm. Ísaf. hvor í sínu lagi berum fyrir brjósti. Við höfum haft tækifæri til að leiða þar saman hesta okkar, og gerum það væntanlega betur, enda stöndum við gersamlega á öndverðum meiði í þessu efni. Aðeins vil jeg endurtaka hjer það, sem jeg hefi svo oft sagt áður, að það er mín fulla sannfæring, að hækkun á tekjuskattinum muni draga ákaflega mikið úr framleiðslunni og að þess vegna beri þinginu skylda til að fara varlega í þessu efni.

Hv. þm. Ísaf. hafði það eftir mjer, að jeg hefði einhvern tíma sagt, að hlutafjelag gæti haft mikinn tekjuafgang, en slyppi þó við að greiða tekju-

skatt. Þetta er rjett og ekki rjett eftir núgildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Lögin mæla nefnilega svo fyrir, að draga megi frá 4% af innborguðu hlutafje. En hlutafjeð er lán, eða skuld fjelagsins við einstaka menn, sem lagt hafa fram fje í fyrirtækið. Hluthafarnir greiða svo aftur ríkissjóði fullan skatt af þessari eign sinni.

Hitt er rjett, að með lögunum frá 1926 er hlutafjelögum veitt allrífleg ívilnun með því að undanþiggja skatti ⅓ teknanna, sem lagðar eru í varasjóð. Þetta þótti nauðsynleg ráðstöfun til þess að hvetja fjelögin til að tryggja sem best fjárhag sinn. Jeg sje, að hæstv. dómsmrh. er kominn hingað í sæti sitt og brosir, enda mun hann hafa átt sinn þátt í því, að þessi ívilnun var veitt, þótt hitt sje ef til vill rjett, að honum hafi ekki verið fyllilega ljóst, hver fríðindi í þessu fólust.

Jeg hefi fengið orðsendingu frá hæstv. forseta um, að aths. sje farin að verða nokkuð löng, og er það ekki ófyrirsynju gert að minna mig á það. En áður en jeg sest niður vildi jeg mega leyfa mjer að benda á, að með lögum 1923 er svo ákveðið, að draga megi frá skattskyldum tekjum hlutafjelaga tekjuskatt og útsvar.

Með því nú að miða við hlutafjelag, sem greiddi nokkuð á þriðja hundrað þús. kr. á einu ári í útsvar og tekjuskatt, hefir opinberlega verið sannað, að hlutafjelagið getur haft mikinn tekjuafgang á pappírnum, en þó verið skattlaust.

Jeg hefi ekki sagt nema lítið eitt af öllu því, er jeg vildi segja, en finn þó ástæðu til að þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæði þá, er hann hefir sýnt mjer að þessu sinni.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það skal ekki verða löng athugasemd hjá mjer og aðallega til þess að bera af mjer sakir.

Hv. 2. þm. G.-K. fanst það sómasamlegt fyrir sig að draga hjer inn í umr. það, sem gerðist á fundi í fjhn. fyrir nokkru. Þetta er nú kannske út af fyrir sig ekki stórt atriði, en hann skýrir algerlega rangt frá afstöðu minni til tekjuaukans, sem þá var verið að ræða um. Enda mun það sýna sig á sínum tíma, hvernig við jafnaðarmenn tökum í þessi tekjuaukafrv.

Jeg skal játa, að jeg var þess fýsandi, að rannsakað væri, hvort þörf mundi á tekjuauka, og ef svo reyndist, mundi jeg verða með því, að gerð yrði einhver tilraun með að afla ríkissjóði tekna í viðbót. En hv. 2. þm. G.-K. vildi enga rannsókn. (**ÓTh:** Þetta er vísvitandi rangfærsla). Nei, þetta er sannleikur, eins og aðrir hv. samnefndarmenn okkar gætu borið vitni um.

En nú horfir þetta mál öðruvísi við en það gerði þá. Nú liggur fyrir álit hv. fjvn., þar sem íhaldsmennirnir í nefndinni taka það fram, að þeir muni ekki horfa í að bera fram 350 þús. króna útgjaldatill. við 3. umr. fjárlaganna, þó að tekjuhalli verði á frv. eftir 2. umr. Er því auðsætt, að full þörf verður fyrir þann tekjuauka, sem hjer er um að ræða, og jafnvel fleiri.

Jeg sje ekki það ósamræmi, sem hv. þm. talar um, að sje hjá mjer og hv. þm. Ísaf. Ef þau frv., sem við höfum borið fram til tekjuauka, verða samþ.,

þá nemur sú hækkun margfalt hærri upphæð en sú lækkun á kaffi- og sykurtolli, sem minst hefir verið á. Það er því ekki um neina mótsögn að ræða hjá okkur.

Þá mintist hv. 2. þm. G.-K. á tekjuskatt minn. Mjer er engin launung á því, að jeg greiddi síðastliðið ár 270 kr. í tekjuskatt og kannast ekki við, að jeg sje stórkostlegur skattsvikari. En af því mun hv. 2. þm. G.-K. geta reiknað út, hvort jeg muni vera í flokki tekjuhæstu mannanna eða millistjettar.

Jóhann Jósefsson: Jeg skal ekki tefja umr. lengi úr þessu.

Hv. þm. Ísaf. hefir nú flutt snjalla og skörulega ræðu, þar sem hann, vegna ummæla, sem frá mjer fjellu, hefir kannast við, að það sje rjett, að atvinnufyrirtæki landsins sjeu látin í friði, en vill þó ekki viðurkenna, að á þetta hafi skort. Þingræðurnar munu samt bera það með sjer, að það er ekki í fyrsta sinn á þessu þingi í dag, að andað hefir kalt í garð vissra atvinnufyrirtækja, og vanalega því kaldara, sem atvinnufyrirtækin eru stærri.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að reynslan hefði sýnt það hvarvetna, að hækkun tekju- og eignarskatts hefði ekki orðið til þess að draga úr framtaki einstaklinganna. En mjer þætti gaman, ef hann skýrði þetta nánar. Það, sem jeg sagði um þetta, stendur jafnóhaggað fyrir þessari reynslu, sem hv. þm. var að vitna í, en jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að sú reynsla er ekki til.

Jeg skal ekki lengja umræðurnar meira í þetta skifti, en jeg vil endurtaka það, að það fjekk mjer sjerstakrar ánægju, að hv. þm. (HG) vildi ekki vita af þessum ummælum í garð atvinnurekstrarins hjer á landi, sem jeg verð að álíta hættuleg, ekki aðeins fyrir atvinnufyrirtæki þjóðarinnar nú, heldur líka í framtíðinni.

Haraldur Guðmundsson: Jeg get ekki svarað hv. þm. Vestm. öðru en því, að hann hefir engin ummæli tiltært frá mjer eða mínum flokksbræðrum, sem sýni, að köldu andi frá okkur til útgerðarinnar. Hann hefir aðeins fullyrt, að við vildum koma útgerðinni á knje, án þess að færa nokkur dæmi því til sönnunar, sem ekki er heldur von, því þau eru engin til. Þetta er því aðeins hugsmíð hans, draugur, sem hann hefir vakið upp. Síðan berst hann gegn þessum draug, sem hann sjálfur hefir vakið upp, þessari hugsmíð sinni, af venjulegri mælsku, skörungskap og síðast en ekki síst rökfimi.

Hv. þm. lagði mjer þau orð í munn, að jeg vilji, að atvinnufyrirtækin sjeu látin í friði. Ekki var það nú alveg rjett eftir mjer haft, sem ekki var heldur við að búast. Jeg sje enga ástæðu til þess, að atvinnufyrirtæki, sem eru öðruvísi rekin en holt er fyrir þjóðina, sjeu látin í friði, þ. e. a. s. að ekki sje bent á gallana á rekstri þeirra. Jeg tel það sjálfsagt, að bent sje á þá ágalla, sem á eru fyrirkomulagi þeirra og rekstri, og gerðar sjeu tilraunir til þess að fá þá lagaða.

Hv. þm. Vestm. þóttist undrandi yfir því, að hv. 2. þm. Reykv. og við flokksbræður hans berum fram till. um lækkun kaffi- og sykurtolls á þessu þingi. Leit helst út fyrir, að hann hefði ekki fyr heyrt þeirrar till. getið, enn síður sjeð hana. Þessari till.

var útbýtt 22. þ. m. og jeg tel víst, að hv. þm. hafi fengið hana í hendur, svo sem aðrir hv. þm. Jeg geri því ráð fyrir, að hv. þm. hafi lesið till., þótt hún sje honum nú úr minni liðin, því að ekki vil jeg geta þess til, að hann nenni ekki að lesa þingskjölin.

Umræður eru þegar orðnar fulllangar, og skal jeg ekki lengja þær mjög úr þessu, en út af ummælum hv. 2. þm. G.-K. um hinn skattfrjálsa hluta af nettótekjum hlutafjelaga verð jeg að geta þess, að jeg var alls ekki að lasta það svo mjög, en þegar þess er gætt, að einnig eru skattfrjálsir 4% af hlutafjenu, þá finst mjer, að óþarft sje að kvarta fyrir hlutafjelögin. (**ÓTh:** Þessi 4% miðast aðeins við *innborgað* hlutafje á árinu). „Innborgað hlutafje" getur líka verið *gróði*, sem lagður er við hlutafjeð, stundum sama árs, oftast þó fyrri ára gróði.

Hv. 2. þm. G.-K. kom með sömu fullyrðinguna og hv. þm. Vestm., að frá mjer og mínum flokksbræðrum andaði köldu í garð útgerðarinnar. Slíkum fullyrðingum vísa jeg alveg heim til föðurhúsanna. Útgerð og einstakir útgerðarmenn er sitthvað. Ólafur Thors og Jón Ólafsson eru engin útgerð. En það er eins og sýki á þessum hv. þm., eins og reyndar fleirum stjettarbræðrum þeirra, að í hvert sinn, sem talað er opinberlega um stórhlutafjelögin, halda þeir, að talað sje til sín og verið sje að hnýta í sig. Þetta er að vísu meinlítil sýki, en hún er, að því er mjer finst, heldur leiðinlegt afbrigði af móðursýki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:6 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 50., 52., 53., 56. og 57. fundi í Nd., 17., 20., 21., 24. og 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 27. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 219, n. 401 og 423).

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Eins og hv. þdm. sjá, þá hefir nefndin klofnað í málinu. Er meiri hl. sammála um það, að rjett sje að veita ríkisstjórninni heimild til að innheimta tekju- og eignarskattinn með 25% viðauka, þó með þeirri breytingu, að árstekjur einstaklinga, sem ekki nema 4000 kr., skuli undanþegnar þessum viðauka við tekjuskattinn. Hafði jeg sem flm. í upphafi bent á þá leið. Minni hl. nefndarinnar sjer sjer ekki fært að leggja með því, að frv. verði samþykt, og gerir ráð fyrir því að koma með nánari greinargerð á skoðun sinni í framsögu.

Þegar fjárlögin voru afgreidd hjeðan til Ed., nam tekjuhalli á þeim 670 þús. kr. Síðan hefir verið gefinn eftir tollur á kaffi og sykri, er nema mun 190 þús. kr. Ef strandferðaskip verður bygt, þá má gera ráð fyrir 140 þús. kr. rekstrarhalla á því árlega. Er þá kominn 1 milj. kr. tekjuhalli við fjárlögin, og þarf því að auka tekjurnar sem því svarar, ef þingið vill skila tekjuhallalausum fjárlögum. Upp í það kemur aukning á verðtolli og vörutolli, sem ætla má að nemi 400 þús. kr. tekjuauka. Eru þá eftir 600 þús. kr., sem afla verður á annan hátt. Meiri hl. fjhn. telur heppilegra að afla nokkurs hluta þessa fjár með því að hækka nokkuð tekju- og eignarskattinn heldur en afla þess alls með toll-

um. Taldi hann einmitt heppilegt að hækka þennan skatt um 25%. Nefndin hefir þó flutt þá breytingartillögu, að tekjur, sem ekki nema 4 þús. kr., sjeu undanþegnar þessari hækkun á skattinum. Þessar tekjur eru svo lágar, að nefndinni þótti ekki vert að hækka skattinn á þeim. Það má með nokkrum rjetti segja, að þetta sje töluverð hækkun, en við því er ekki hægt að gera, ef menn vilja hafa þær framkvæmdir, sem samþyktar verða hjer á þinginu.

Minni hl. mun nú halda því fram, að tekju- og eignarskatturinn verði með þessu óeðlilega hár. En jeg fyrir mitt leyti álít, að hann þurfi að hækka enn meira á hærri gjaldendum. Það er mitt álit, að þegar um háar tekjur fer að verða að ræða, þá sje miklu af því fje betur varið hjá ríkissjóði heldur en í höndum einstakra manna, í sameign heldur en í sjereign. Það verði meira unnið fyrir það fje til almenningsheilla, ef ríkið hefir það til ráðstöfunar. Sama virðist og vera þingvilji nú, þegar samþyktir eru gjaldliðir, sem gera nauðsynlegt að afla ríkissjóði nýs fjár. Þingið kýs að því leyti heldur, að ríkið verji því fje heldur en einstaklingarnir, þar á meðal, að þessar 200 þús. kr., sem ætlast er til, að tekjuskattsviðaukinn gefi, sjeu í sameign heldur en í sjereign. Því hefir verið haldið fram, að þessir skattar væru hærri hjer en í Danmörku og Englandi. Jeg hefi nú ekki haft tækifæri til að bera þetta saman við samskonar skatta á Englandi. En jeg hefi borið þetta saman við Danmörku og hefi komist að alt annari niðurstöðu. Á hæstu tekjum mun þessi skattur að vísu vera nokkru hærri í Danmörku en hjer, en hjá miðflokkunum er hann lægri hjer. Og þótt þessi 25% hækkun verði samþykt nú, þá verður hann samt lægri hjer. Er því ekki hægt að taka miðlungsstjettirnar í Danmörku til samanburðar um þetta, þegar afsanna á rjettmæti þessarar hækkunar. Þá er eignarskatturinn líka miklu hærri í Danmörku. Á sumum skattstigum alt að helmingi hærri. Hlutafjelagaskatturinn er hærri hjer, en meiri frádráttur, svo að niðurstaðan mun verða svipuð, þegar tekjuskattsviðaukinn hefir verið samþyktur fyrir þessi fjelög jafnt og aðra. Að öllu þessu athuguðu og samanlögðu geri jeg ráð fyrir því, að tekjuskatturinn sje ekki hærri hjer en í Danmörku, þegar tekjuskattsviðaukinn er orðinn að lögum. En þótt hann væri hærri hjer, borið saman við kjósendatölu, þá væri það ekkert óeðlilegt, því við búum hjer, ef svo má segja, í óbygðu landi, þar sem flest er enn ógert af þeim framkvæmdum, er gera þarf. Þess ber líka að gæta, að ef þetta verður ekki samþykt, þá þarf að afla ríkissjóði þessara tekna á annan hátt. Þá er ekki nema um tvær leiðir að ræða: Fasteignaskatta eða þá aukna tolla.

Þegar það nú er athugað, hvernig ríkissjóður fær tekjur sínar, þá verður niðurstaðan sú, þegar frá eru skildar póst- og símatekjur, sem ganga að mestu aftur til sinnar eigin starfrækslu, að beinir skattar eru 15%, en tollar eða óbeinir skattar 85%. Þessi 85% eru ekki lögð á eftir efnum og ástæðum, heldur eftir fjölskylduþunga, ómegð. Ef lengra væri gengið en þetta, þá væri áreiðanlega lengra gengið en heiðarlegt þykir annarsstaðar. Í Dan-

mörku eru þessi hlutföll þau, að beinir skattar eru 37% móti 15% hjer.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Við, sem í minni hl. urðum í nefndinni, höfum lagt til, að þetta frv. verði felt. — Ber margt til þess, en þó fyrst og fremst það, að jafnvel þótt allir væru á eitt sáttir um tekjuaukaþörf ríkissjóðs, er sú leið, er frv. bendir á, að okkar dómi ófær.

Hv. frsm. meiri hl. telur sig hafa rannsakað skattgjald manna í Danmörku og kemst að þeirri niðurstöðu, að tekjuskattur sje lítið hærri hjer en þar. Jeg hefi líka nokkuð rannsakað þetta og komist að alt annari niðurstöðu, en vegna þess, hve slíkur samanburður er erfiður, og þar eð jeg get vel rökstutt mitt mál, þótt staðhæfingar hv. frsm. meiri hl. væru rjettar, ætla jeg til hægðarauka að ganga út frá, að svo sje.

Hv. frsm. meiri hl. taldi tekjuskattinn vera hærri hjer en í Danmörku á hærri gjaldendum. En aftur lægri hjer en í Danmörku á miðlungstekjum. En þegar þetta er athugað, þá er fleira, sem þarf að taka til samanburðar. Það þarf t. d. líka að líta á útsvörin. Hjer eru þau mjög þung, og þarf að taka þau til samanburðar í báðum stöðunum. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hefir gert það. — Þá er hagur manna miklu betri í Danmörku en hjer. Meðaltalseign einstaklingsins er þar fjórföld við það, sem hjer er. Afleiðing þess er, að þeir þola þyngri skatta. Þá sagði hv. þm., að þótt svo væri, að tekjuskattur væri hærri hjer en í Danmörku, þá væri ekkert athugavert við það, þar sem hjer væri ónumið land og mikið, sem þyrfti að gera. Hjer kemur einmitt fram höfuðaðstöðumunurinn milli mín og hans um afstöðu okkar til þessa máls. Sú staðreynd, að við búum hjer í ónumdu landi, er í mínum augum sjerstök hvöt til að hafa tekjuskattinn lágan. Vegna þess að svo er, þá varðar það mestu að hvetja til framtaks. En löggjafinn gerir það best með því að hlífa frekar framtaksmanninum við að greiða ríkissjóðsgjöldin, en skattleggja eyðslu. Með öðrum orðum, að þótt algert rjettlæti náist ekki, þá er þó betra að haga löggjöfinni svo, að menn sjeu hvattir til sparsemi og að ýtt sje undir framtakssemi manna. Jeg álít því rjettara að leggja gjöldin á neysluvörurnar heldur en arðinn af starfrækslu manna. Þetta er sá höfuðaðstöðumunur, sem okkur skilur.

Þá er sú spurning, hvort hjer sje hætta á ferðum. Hvort þessi gjaldstofn sje ekki svo lágur, að óhæft sje að hækka hann án þess að framtak einstaklingsins sje heft með því.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að tekjuskatturinn væri þyngri hjer en í Danmörku. Að vísu ekki miklu þyngri, en þó þyngri. Er þó Danmörk miklu ríkara land. Skattgreiðendur þar eiga því miklu hægra með að gjalda háan tekju- og eignarskatt. Við minnihl.-menn teljum, að þessi skattur sje nú svo hár, að ekki sje viðlit að hækka hann nje vit að gera það, vegna þess að það mundi stórlega draga úr framtakssemi manna. Viðureign manna hjer við náttúruöflin er svo hörð, að ekki má veikja þá í þeirri baráttu. Og það er líka staðreynd hjer á landi, að þó sæmilega blessist með atvinnuveg-

ina annað árið, þá jetur næsta ár það upp. Árferði er svo misjafnt hjer, eins og menn vita.

Ef farið er að tala um það, hvað Danir geri í þessum efnum, má benda á það, að jafnaðarmennirnir dönsku stungu upp á því, að hækka tekju- og eignarskattinn þar, en þó nam sú hækkun ekki svo miklu, að tekjuskatturinn yrði eins hár og hann nú er hjer, án breytinga, og náði þessi hækkun ekki lögfestu.

Undanfarið hefir bændastjórnin danska haft það á döfinni að lækka tekjuskattinn. — Sökum þess, hve mál þetta er þrautrætt orðið að því er snertir höfuðstefnurnar, vil jeg ekki þreyta hv. deildarmenn með „teoretiskum" fyrirlestri um það efni. Geri jeg ráð fyrir því, að þeim sje kunnugt um, hvað á milli ber um stefnu jafnaðarmanna og íhaldsmanna, en að síðustu vil jeg með nokkrum almennum athugasemdum leiða athygli að helstu göllunum á tekju- og eignarskattslöggjöfinni.

Vil jeg þá benda á það, að skattgreiðendum þykir ilt að þurfa að greiða svo háan skatt í einni heild. Ennfremur er mjög erfitt að fyrirbyggja það, að tekju- og eignaframtöl sjeu svikin, en afleiðingin er sú, að fyrir svik annara verður hinn ráðvandi að gjalda. Þetta er annar afarveigamikill galli á skattalöggjöfinni. Loks vil jeg benda á það, hve þessi tekjustofn er geysilega stopull, sem sjá má á því, að tekjuskattur nemur aðeins ⅓ eitt árið af því, sem hann er annað árið.

Ef byggja á útgjöld ríkissjóðs á slíkum tekjustofni, verð jeg að álíta, að mjög sje í voða stefnt. Heldur þykir mjer það köld svör til embættismanna landsins, er þeir hafa sent þinginu málaleitun um nokkra launabót, og þingið svarar þeirri beiðni neitandi, þótt það hafi um leið viðurkent, að þess væri full þörf, en látið hitt vega þyngra, sem og rjett er, að ríkissjóður rís ekki undir þeirri launahækkun, — að í stað þess svars, er þeir óska, er þeim send þessi breyting á tekjuskattslöggjöf ríkisins, sem auðsjeð er, að hlýtur að koma þyngst niður á þessum mönnum og íþyngja þeim talsvert.

Magnús Jónsson: Eins og jeg benti á við 1. umr. þessa máls, þá er það alviðurkent, að af öllu, sem menn gjalda til hins opinbera, finna menn langþyngst til hinna beinu skatta — tekju- og eignarskatts og aukaútsvars.

Það þýðir ekkert að halda því fram, að þessir skattar sjeu rjettlátari. Þeir menn, sem fá goldnar svo lágar tekjur viku- og mánaðarlega, að þær hrökkva ekki til brýnustu þarfa, finna langþyngst til þess að eiga að gjalda þessi háu gjöld einu sinni til tvisvar á ári. Tekjuskatturinn kemur langónotalegast við, sökum þess að hann einangrast, en önnur gjöld, tollar og því um líkt, festast í verðlagi á vörum, og er tekið tillit til þeirra, þegar ákveðið er kaupgjald manna. Jeg vil benda á það, eins og hv. 2. þm. G.-K. hefir einnig tekið fram, að það myndi bæta mikið úr, ef þessir beinu skattar kæmu ótvírætt rjettlátt niður, en öllum kemur saman um það, að fjarri sje því, að svo sje, enda ekki hægt við að gera.

Það er viðurkent hjer og annarsstaðar, að þeir, sem fá ákveðna borgun fyrir vinnu sína, svo sem opinberir starfsmenn, skrifstofufólk og banka-

menn, gjaldi mikinn hluta þessara gjalda og í langhæstu hlutfalli, miðað við tekjur þeirra.

Jeg benti á það við 1. umr., að til þess eru dæmi, að einstakur maður, sem vinnur á skrifstofu hjer í Reykjavík, greiði eins mikið í tekjuskatt og heilir hreppar, enda þótt í þeim hreppum finnist vel efnaðir bændur. — Þetta vita allir, og er ekki hægt í móti því að mæla.

Jeg hefi fengið dálitla sundurliðun á því, hve mikill tekjuskattur hvíli á þeim mönnum hjer í Reykjavík, sem eru á föstum launum. Mjer hefir verið gefið upp, að þessir menn greiði liðlega 180 þús. kr., og einmitt á þessa menn, sem berjast í bökkum eða komast ekki af, á nú að leggja með þessu frv. hækkun, sem nemur um 45 þús. kr. Þeim fyndist sennilega flestum, að þeim væri meiri þörf á dálítilli launabót heldur en á þessum tilfinnanlega aukaskatti.

Jeg vil um leið benda á viðvíkjandi brtt. á þskj. 401, þar sem gert er ráð fyrir því, að tekjur, sem ekki nema 4000 kr., skuli undanþegnar, að jeg er ekki viss um, að þetta sje nægilega skýrt fram tekið í till.

Hvernig eru þessar 4000 kr. reiknaðar? Eru það tekjur áður en lögmætur frádráttur er gerður? Það hefði mikið að segja, ef svo væri. Þá mundi tekjuskattur af 4000 kr. nema 72 kr. að jeg held. Ef um hjón er að ræða, má draga frá 1000 kr., og er þá tekjuskattur af 3000 kr. kr. 42.00, og er þá skattívilnunin kr. 10.50. Ef þessi hjón eiga tvö börn, má enn draga frá 1000 kr.; er þá tekjuskatturinn kr. 22.00 og skattívilnun kr. 5.50. Þetta er þá svo óveruleg upphæð, að hún hefir ekkert að segja.

Alt öðru máli er að gegna, ef átt er við 4000 kr. skattskyldar tekjur. Yfirleitt er tekjuskattslöggjöf vor ákaflega ófullkomin á ýmsan hátt, enda ekki óeðlilegt, þar eð hún er flutt inn frá öðrum löndum, þar sem ástæður eru alt aðrar en hjer.

Sjerstaklega er skattalöggjöfin ófullkomin, ef þess er gætt, hve framkvæmdir á tekjuskattslöggjöfinni eru misjafnar til sveita. Sama er að segja um hlutafjelögin, sem hafa mjög mismunandi tekjur. Á því getur enginn vafi leikið, að hið fyrsta verkefni þeirrar skattanefndar, sem í ráði er að skipa, verður það, að taka þessi atriði til gagngerðrar athugunar.

Því finst mjer, að þar sem ekki er hægt að benda á aðkallandi þörf til þessarar hækkunar á tekjuskatti, þá mætti slíkt bíða, þar til nefndin hefir komist að niðurstöðu um þessi atriði.

Eins og skattstiginn er nú hækkunarlaust, með þeim misfellum, sem á honum eru, kemur skatturinn mjög órjettlátlega niður, eins og allir vita. Með frv. þessu er ekkert bætt úr göllum löggjafarinnar, misfellurnar stækka aðeins í sama hlutfalli og skatturinn hækkar, en frv. fer fram á að hækka skattstigann. Og viðvíkjandi því, að þessi hækkun nái til 1930, þá álít jeg óþarft að setja ákvæðið til svo langs tíma.

Það voru ýms atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem jeg hefði viljað minnast á, en hv. frsm. minni hl. hefir nú drepið á flest þeirra. Vil jeg þó minnast á eitt þeirra, en það er sú almenna regla, sem hv. frsm. meiri hl.

hjelt fram, að það væri meira gagn að því, að peningarnir væru í höndum ríkisins en í höndum einstakra manna. (HjV: Þessar 200 þús. kr.). Skil jeg ekki, að það eigi við um þá, sem ekkert hafa umfram beinar lífsþarfir, nema út frá þeirri almennu reglu, að peningarnir sjeu best komnir hjá ríkinu. Mun það og mjög nálægt þeirri stefnu, sem hv. frsm. sem jafnaðarmaður heldur fram, þar sem eignarrjetturinn er yfirleitt talinn skaðlegur og álitinn þröskuldur í vegi allra framfara. Út frá öðru skil jeg ekki, að hægt sje að setja fram þessa skoðun.

Við verðum að meta það í hvert skifti, hvort ríkið geti gert meira gagn einstaklingum þjóðarinnar með þeim tekjum, er það fær, en einstaklingarnir sjálfir.

Þá hjelt háttv. frsm. meiri hl. því fram, að hjer gætu menn sætt sig við hærri tekjuskatt en í nágrannalöndunum, þar sem hjer þyrfti meiri framkvæmda en í „eldri" löndunum, sem lengra eru komin áleiðis; en jeg verð að álíta, að það sje einmitt þvert á móti. England t. d. getur staðið sig við að taka megnið af sínum tekjum með tekjusköttum. Hvers vegna? Það er ekki vegna þess, að þar sje ónumið land og framkvæmdir skamt á veg komnar, heldur vegna þess, að þetta er gömul og forrík þjóð, svo að peningarnir verða að leita að fyrirtækjunum, en ekki eins og hjer, þar sem fyrirtækin verða að leita fjárins. Þar, sem fjárhagurinn er mjög þröngur, eins og hjer, er ekkert eins nauðsynlegt og að spara eitthvað saman, sem getur gengið til peningastofnananna og þaðan til fyrirtækjanna, og því held jeg, að verði að fara varlega í það að íþyngja þeim um of, sem einhvers afla.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vildi aðeins fyrir mitt leyti leggja það til, að hv. deild sæi sjer fært að láta frv. þetta ekki ná fram að ganga. Hitt er annað mál, þar sem á leiðinni er nefnd til þess að rannsaka alla skattalöggjöfina, að hún athugaði í sambandi við önnur skattamál, hvort hægt muni vera að hækka tekjuskattinn án þess að íþyngja þeim um of, sem nú verða harðast úti með þessi gjöld.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Þegar jeg bar þetta frv. fram af hálfu okkar jafnaðarmanna, var það að nokkru leyti vegna þess, að frá fjhn. kom frv. um að innheimta vörutoll með 25% gengisviðauka. Fyrir því er hækkun í þessu frv. miðuð við 25% og til sama tíma, 1930, eins og í gengisviðaukafrv. Þetta var gert með það fyrir augum, að gera má ráð fyrir því, að kosin verði nefnd á þessu þingi, er fjalli um skattamál landsins. Þá má vænta þess, að afleiðingin af starfi þeirrar nefndar verði sú, að settur verði nýr grundvöllur undir tekjuskatts- og tollalöggjöf landsins.

Það er athyglisvert að bera saman afstöðu hv. 1. þm. Reykv. til þessara tveggja frv., frv., sem fór fram á hækkun kaffi- og sykurtolls um 25%, og þess frv., sem hjer um ræðir. Hv. þm. barðist mjög fyrir hækkun sykurtollsins, enda þótt sú hækkun lenti langharðast á heimilum verkamanna og sjómanna, þar sem börnin eru oft mörg og fátækt mikil. Kemur þessi hækkun tollsins þyngst niður á þeim,

er búa við sjávarsíðuna, og því þyngra, sem heimilin eru fátækari.

En með þessu frv. um tekjuskattsviðauka eru þeir í fyrsta lagi undanþegnir, er ekki hafa hærri tekjur en 4000 kr., og í öðru lagi kemur þessi hækkun jafnt niður, þannig að efnamennirnir greiða því meira, sem tekjur þeirra eru hærri, svo framarlega sem það eru heiðarlegir menn, sem skattinn greiða, og skattanefndin er rjettlát í gerðum sínum.

Þessi framkoma lýsir svo greinilega hugsunarhætti hv. 1. þm. Reykv., að berjast á móti hækkun á tekju- og eignarskatti efnamannanna, en berjast með hækkun tolla, sem kemur harðast niður á fátækustu heimilunum, einkum þó við sjóinn, og þá fyrst og fremst hjer í Reykjavík.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að jeg hefði ekki tekið nægilegt tillit til útsvaranna hjer, sem væru miög þung, í samanburði við tekjuskattinn í Danmörku. Jeg hefi einnig athugað þetta og virðist tekjuskatturinn til bæjarins í Kaupmannahöfn, sem svarar til útsvarsins hjer, vera miög líkur útsvörunum hjer.

Við niðurjöfnun hjer nema útsvör aldrei meira en 15% af tekjum manna, en í Kaupmannahöfn nemur tekjuskattur til bæjarins þó oft alt að 21% af tekjunum. Þá gat hann þess, að Danir þyldu betur háan tekjuskatt, sökum þess að þeir væru ríkari þjóð.

Það get jeg ekki skilið, — því að einstaklingar með sömu tekjur í báðum löndum hljóta að þola sama skattstiga, jafnháan tekjuskatt. Finst mjer það einnig miög kynleg röksemdaleiðsla hjá þessum tveim hv. þm. (Ó-Th, MJ), að rík þjóð þoli betur háa skatta, en ríkur maður þoli þá ver, eins og virtist koma fram við umræður þeirra, sem altaf eru að berjast á móti hærri tekjuskatti á efnuðu stjettirnar en með tollum á fátæklingana.

Það kann að vera, að oft sje deilt um stefnu íhaldsmanna og jafnaðarmanna í skattamálum, enda eru þær stefnur mjög mismunandi, eins og víða greinir á með jafnaðarmönnum og framsóknarmönnum. En um frv. það, sem hjer um ræðir, voru bæði framsóknarmennirnir og jafnaðarmaðurinn í nefndinni sammála, svo að óþarfi er í sambandi við þetta mál að taka upp slík deiluefni. Háttv. 2. þm. G.-K. gat þess, að tekjuskattslöggjöfin hefði ýmsa galla, t. d. þann, að skattgreiðendur yrðu að greiða gjald þetta einu sinni á ári, og kæmi það því tilfinnanlega við menn. Veit jeg ekki, hvernig þessu er háttað um sveitirnar, en hitt veit jeg, að hjer ganga innheimtumenn um, svo að menn geta jafnvel greitt af tekjuskatti sínum vikulega, ef þeir fara fram á það. Hv. þm. gat þess einnig, að skattsvik væru miög farin að tíðkast; jeg er alveg sömu skoðunar, að mikil brögð eru að skattsvikum, og mun minst af þeim komast upp. Þetta er auðvitað stór galli á löggjöfinni, en jeg vænti þess, að hæstv. núv. stj. geri ítarlega gangskör að því að láta skattanefndir athuga svo framtöl manna, að þetta geti ekki viðgengist.

En í þessu sambandi vil jeg geta þess, að jeg er þess óviss, hvort skattsvikin eru meiri en tollsvikin, því að það er alkunna, að tollsviknar vörur eru jafnvel seldar í búðum, og það vörur eins og tóbak, sem allir geta sjeð, að er skattsvikið, þegar tollmerki

vantar á það; og árlega komast upp stórkostleg tollsvik. Hygg jeg, að lítill munur muni á sviksemi gjaldenda, hvort sem um skatta eða tolla er að ræða, svo að þar sje ekki hægt að halda fram tollum umfram beina skatta. En eftirlit fyrverandi ríkisstjórna hefir verið skammarlega ljelegt með þessum málum. Þá hjelt hv. þm. því fram, hve beinu skattarnir væru stopull tekjustofn fyrir ríkið, — en alveg hið sama má segja um tollana. Þeir minka og hækka eftir árferði, svo að engu minni munur er á þeim frá ári til árs en tekjuskattinum. Hv. 2. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Reykv. tóku það fram, að þessi hækkun tekju- og eignarskatts kæmi þyngst niður á millistjett manna og embættismönnum, og þykir þeim það heldur köld svör þingsins gagnvart launabeiðni þeirra.

Jeg verð að efast um það, að tekjuskattur liggi svo sjerstaklega þungt á embættismönnum, ef það er rjett, sem háttv. 1. þm. Reykv. sagði, að þeir greiddu 180 þús. kr. á ári í tekjuskatt.

Auk þess finst mjer, ef sagt er, að það sje of mikið að leggja ¼ meiri skatt á embættismennina, að það sje enn ranglátara, ef þessar 200 þús. kr. eru lagðar á þá, sem eru neðar embættismönnunum að launum, eins og gert yrði með hækkun kaffi- og sykurtolls, því að þá mundi þunginn mestmegnis lenda á fátækasta fólkinu við sjóinn. Þegar menn eru komnir upp í 5000—7000 kr. árstekjur, er þeim vorkent, að á þá sje lagður skattur, en ef árstekjurnar nema ekki meiru en 2000—3000 kr., þá má ómögulega ljetta skatti af þeim.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hver tilgangurinn væri með 4000 kr. frádrættinum, hvort þær tekjur ættu ekki að vera skattskyldar. Frv. ber með sjer, að svo er sem fyr, því að gert er ráð fyrir auknum skatti einungis á hærri tekjum. Að vísu munar ekki mikið um skatt af svo lágum tekjum, og er tvísýnt, hvort það borgi sig að hafa tekjuskatt á lágtekjum. Vil jeg í því sambandi geta þess, að oft hefir komið til mála í bæjarstjórn Reykjavíkur að fella niður hin lægstu útsvör, af því að þau svara ekki kostnaði.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að langur tími væri til 1930. Jeg skal játa, að æskilegt væri, að undirbúningur skattalöggjafarinnar gæti gengið svo fljótt, að þessi sjerstaki tekjuauki gæti gengið úr gildi fyrir þann tíma, en eftir því, hvernig gengið hefir til þessa um undirbúning þennan, er varla þess að vænta, að gengið verði frá skattalöggjöfinni fyr. En færi svo, að svo miklar tekjur fengjust á þennan hátt, að hægt væri að afnema tekjuaukalög þessi fyr, mætti fella þau úr gildi á þinginu 1929 frá næstu áramótum.

Háttv. 1. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði sagt, að peningarnir væru betur komnir hjá ríkissjóði en einstaklingum. Þetta er auðvitað haft gersamlega rangt eftir mjer, og vona jeg, að það stafi af misskilningi, en ekki öðru. Jeg sagði, að þær 200 þús. kr., sem hjer er um að ræða, væru betur komnar hjá ríkinu, með því að búið væri að samþykkja þau gjöld, að þeirra þyrfti með. Þingið er nú komið svo langt með fjárlögin, að ekki er þess að vænta, að neinar verulegar breytingar verði á gjaldahlið þeirra hjeðan af,

og verður því að afla þess fjár, er með þarf, með tekjuaukafrv.

Loks tók hv. þm. undir það með hv. 2. þm. G.-K., að í þessu landi ætti að auka auðsöfnun einstakra manna, með því að hlífa þeim, er mest fje hefðu dregið saman. Gröndal segir einhversstaðar: „Þá var stolið öllu frá þeim, sem ekkert áttu". Það er það, sem þeir og þeirra flokksmenn vilja. En jeg tel rjettara, að fje safnist hjá fátækari hluta þjóðarinnar, svo að honum gefist kostur á að bæta lífskjör sín, eða safna sjer varasjóði fyrir veikindum, elli og uppfóstrun barna, heldur en að hlífa auðugasta fólkinu. Þetta frv., sem hjer er um að ræða, kemur hvorki við verkalýð nje bændur, og ekki við millistjettina nema að litlu leyti. En jeg álít, að stóratvinnurekendur landsins sjeu ekki of góðir til þess að greiða þá skatta, sem þeir eru færir um, í ríkissjóð, þegar hann þarf þess með.

Sigurður Eggerz: Mig langar til að byrja með því, sem hv. 2. þm. Reykv. endaði á: „Þá var öllu stolið frá þeim, sem ekkert áttu", eins og Gröndal sagði forðum. Mjer finst einmitt, þegar jeg lít á þessi tekjuskattslög, sem hjer liggja fyrir, að „principið" í þeim sje það, að stela frá þeim, sem ekkert eiga. Þessi tekjuskattshækkun kemur langharðast niður á embættismönnum landsins og launamönnum yfirleitt, og þetta brjef, sem jeg held á hjer í hendinni, sýnir best, hve hart embættismenn þykjast leiknir. Jeg held, að Alþingi ætti að setja sjer það að sýna sanngirni á allar hliðar og athuga það, að þótt einhver stjett sje fámenn, má ekki troða á henni. Það er viðurkent af öllum, að embættismenn vorir sjeu illa launaðir og að í dýrtíðaruppbót þeirri, er þeir fá, sje ekki gætt þeirrar sanngirni sem skyldi, enda þótt kröfur um bætt kjör sjeu ekki teknar til greina, vegna örðugs fjárhags ríkissjóðs, og það er af þeirri ástæðu, að jeg hefi haft sömu aðstöðu og aðrir um að gera ekkert nú í málinu. En við verðum að viðurkenna, að verður er verkamaðurinn launanna, og að þessum mönnum beri að sýna þá hjálp og þann skilning, sem hægt er, í stað þess að svara rjettlætiskröfum þeirra með því að bæta nú á þá þungbærum sköttum. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr brjefi því frá starfsmannasambandi ríkisins, sem jeg gat um áðan. Þar segir svo, eftir að að því hefir verið vikið, að dýrtíðaruppbótin ætti að vera 54⅔% í stað 40%:

„Nú virðist svo, sem hið háa Alþingi ætli ekki að sinna rjettmætum kröfum vorum í þessu efni, en að það á hinn bóginn ætli að auka dýrtíðina í landinu með auknum tollum og sköttum, tollum á matvöru, kolum og salti og 25% hækkun á tekjuskatti.

Sjerstaklega mun hið síðastnefnda koma hart niður á starfsmönnum ríkisins, því að nokkuð mun það vera alment, að þeir greiði 300—400 kr. og þaðan af meira í tekjuskatt. Er því hjer um talsverða íþyngingu að ræða".

Nú hefi jeg ekki reiknað út þessa upphæð í brjefi embættismannanna, og veit því ekki, hvort hún er rjett.

Samkv. greinargerð frá hagstofunni nemur skatturinn 1927 í Reykjavík, sem kemur niður á embættismönnum og starfsmönnum, um 185 þús. króna. Það virðist vera hin mesta harka að svara bænum hinna opinberu starfs-

manna um betri kjör, sem skatturinn kemur svo mjög við, með því að hækka skattinn svo mjög, en það er sama og launalækkun.

Jeg skal hjer ekki ræða um sjálft „principið", tekjuskatt eða tekjuskatt ekki. Jeg hefi ávalt álitið, að beinn skattur af tekjum manna væri rjettlátur skattagrundvöllur, þótt auðvitað sjeu takmörk fyrir því, hve langt megi ganga í þeirri álagningu.

Jeg vil að lokum biðja hv. sessunaut minn (HjV) að minnast orða skáldsins: „Þá var öllu stolið frá þeim, sem ekkert áttu". Jeg vil biðja hann að lesa skáldið með athygli og leggja sjer þessi orð á hjarta. (**ÓTh**: Tilvitnunin er vitlaus hjá báðum).

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. flm. gaf ekki mikið tilefni til nýrra andsvara. Hann taldi það undarlegt, að jeg og hv. 1. þm. Reykv. vildum ekki láta afnema gengisviðauka á tolli á kaffi og sykri, en vildum hinsvegar hlífa mönnum við auknum tekjuskatti. Honum þurfti ekki að koma þetta á óvart, því að hjer er um hreinan stefnumun að ræða. Við viljum haga löggjöfinni þannig, að dregið sje úr nautn ónauðsynlegrar vöru með tollum. Að vísu má segja, að sykur sje ekki ónauðsynleg vara, enda þótt hann sje notaður langt yfir þarfir fram, en kaffi má hinsvegar telja með öllu ónauðsynlegt. Slíkar vörur álítum við rjett að tolla hátt, en hlífa hinsvegar framleiðslunni og framtakinu með sem lægstum tekjuskatti. Þetta er hreinn og beinn stefnumunur á milli íhaldsmanna og jafnaðarmanna.

Hv. flm. sagði, að mjer hefði yfirsjest um hlutfallið á milli útsvara í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Hann sagði, að í Reykjavík næmu útsvörin hæst 15% af tekjum manna, en 21% í Kaupmannahöfn. Þó er það alkunnugt, að oft eru lögð verulega þung útsvör á einstaka menn og fjelög hjer í bænum, jafnvel þótt þau hafi stórtapað það árið. Þetta er gert vegna þess, að álitið er, að bæjarsjóður þurfi á þessum tekjum að halda og megi ekki missa þær, og að farið er eftir þeirri reglu að leggja ávalt há útsvör á þá menn eða þau fjelög, er atvinnu reka í stórum stíl.

Hv. flm., sem er hagfræðingur, vel mentaður maður og ekki heimskur, þótti það undarlegt, að jeg skyldi halda því fram, að þær þjóðir, sem væru ríkar, gætu betur risið undir háum tekjuskatti en fátækar þjóðir. Þetta stafar vitanlega af því, að þjóðir, sem eru orðnar ríkar, þurfa síður á fjársöfnum einstaklinganna að halda til nauðsynlegra framkvæmda en hinar, sem fátækar eru. Jeg skal ekki spyrna á móti því, þegar búið er að hrinda í framkvæmd því, sem þarf hjer á landi, að greiddur verði hár tekjuskattur, en á meðan svo er ekki, verður fremur að hvetja menn til framtaks en draga úr þeim með þungum álögum. Það er vegna þessa, að ríkar þjóðir eiga hægra með að greiða hærri prósentur af tekjum sínum í skatt en fátæk þjóð. Honum þótti ósamræmi í því, að jeg teldi, að rík þjóð ætti hægt með að greiða háan tekjuskatt, en hinsvegar ekki ríkir einstaklingar. Það má nú auðvitað alveg eins snúa dæminu við og spyrja:

Hvers vegna eiga fátækar þjóðir að greiða háan tekjuskatt, en ekki fátækir einstaklingar?

Jeg hafði vikið að því áður, að einn af ágöllum við tekjuskattskerfið væri, hve gjaldþegnunum væri auðvelt að hafa undanbrögð um framtal til skatts. Hv. flm. viðurkendi, að svo væri, en taldi, að úr því mætti bæta með bættu eftirliti. Nú er það víst, að eftirlit í þessum efnum er betra í Reykjavík en nokkursstaðar annarsstaðar hjer á landi. Þó hefir þetta eftirlit reynst afar erfitt jafnvel þar, og enda þótt mönnum sje gert að skyldu að telja fram til skatts og sje að öðrum kosti áætlaðar 25% hærri tekjur en líklegt er, að þeir hafi, eru þó margir, sem kjósa þann kostinn heldur. Þetta sýnir, hve erfitt er að fá menn til að telja fram og hve þessi skattur er óvinsæll.

Jeg skal ekki neita því, að nokkur vanhöld kunni að vera á tollgreiðslu manna. En hitt liggur í augum uppi, að langtum auðveldara er að hafa eftirlit með tollgreiðslum manna en tekjum hvers einstaks gjaldþegns.

Hv. flm. gat þess, að þessir peningar væru betur komnir hjá ríkissjóði en einstaklingum, eins og hv. 1. þm. Reykv. hafði eftir honum. Í fyrri ræðu sinni sagði hann, að þetta væri sín skoðun, en í seinni ræðunni, að þetta væri skoðun þingsins. Það er sem sagt ein frjettin af bræðralagi Framsóknar og jafnaðarmanna, sem við höfum hjer fengið, þótt óviljandi væri. Hv. flm. var hjer að uppljóstra smálevndarmáli, sem hefði nú sjálfsagt komið á daginn hvort sem var, en hefir þó víst ekki átt að vitnast svona fljótt.

Hv. flm. taldi skatt þennan rjettlátan, af því að hann lenti á „stórlöxunum", sem oft eru nefndir hjer í deildinni. Það er rjett, að ef vel lætur í ári, eins og nú lítur út fyrir, sem betur fer, þá lendir skattur þessi á þeim að talsverðu leyti, en verði ilt árferði og tap á atvinnurekstrinum, gjalda þeir hinsvegar ekki neitt. Árið 1927 hefði skattur þessi orðið sama og enginn, og ef árferði yrði svipað 1928 eins og 1926, yrði auðvitað sama útkoma.

Mjer þykir undarlegt, að hv. flm. skuli hvað eftir annað láta í ljós vanþóknun sína á því, að einhver haldi uppi hlífiskildi fyrir embættismennina, sem hann telur hafa 5000—7000 kr. árstekjur. Jeg vil nú spyrja hann, hvort hann muni sjálfur treysta sjer til að komast af með þessar tekjur. Jeg býst við, að hvorki hann nje jeg kæmist betur af með þær en verkamaður með sínar 2000—3000 kr. á ári. Hv. flm. verður að haga lífi sínu þannig og leggja í ýmsan kostnað, sem verkamaðurinn veit ekki af, og tekjur hans þurfa því að vera meiri. Jeg held því, að hv. flm. tali ekki af heilum hug, ef hann þykist ekki skilja líf embættismannastjettarinnar svo, að hann sjái, að embættismaður getur ekki lifað á sömu launum og verkamaður. Það er því hin mesta nauðsyn á að hlífa þessum mönnum við þungum álögum.

Hitt er rjett, að enginn er öfundsverður af því að lifa á 2—3 þús. kr. á ári, en launakjör verkamanna hljóta jafnan að vera undir því komin, hvað sá atvinnurekstur, sem um er að ræða, getur borgað þeim, sem vinna við hann.

Magnús Guðmundsson: Jeg verð að játa, að mjer er heldur illa við þetta frv., enda þótt jeg sje ekki óvinveittur þeim skattstofni, sem hjer er um að ræða. Þvert á móti tel jeg hann rjettlátan að vissu marki. Árið 1921 var hann fyrst settur í lög í svipaðri mynd og nú er. Að vísu voru til lög um tekju- og eignarskatt frá 1877, en þau voru ófullkomin og skatturinn ekki stighækkandi. Gaf hann ríkissjóði og litlar tekjur. En síðan 1921 hafa tekjurnar af honum verið nokkuð á aðra miljón króna að meðaltali á ári. Stundum hefir hann og verið hærri, á þriðju miljón kr. — Þegar þessum skatti var komið á, var dýrtíðin á hápunkti sínum, og var skattstiginn miðaður við hið háa verðlag. Jeg og núv. hv. 2. þm. Reykv. unnum þá einmitt saman að þessu máli, og veit jeg, að hann minnist þess, að okkur þótti fært að hafa skattstigann svo háan vegna þess verðlags, er þá var hjer í landi. Síðan hefir skatturinn ekki verið lækkaður. Þvert á móti hefir hann verið hækkaður á hinum hærri tekjum á Alþingi 1923. Jeg held því, að hann verði of hár, ef hann á nú að hækka um fjórða hluta. Því má ekki gleyma, að þótt þessi tekjustofn sje góður, hefir hann sína galla. Hinn stærsti mun líklega vera sá, að þeim mun hærri sem hann er, þeim mun ver innheimtist hann.

Um það hefir verið talað, að þessi skattur komi misjafnt niður á ýmsum stöðum á landinu. En það hlýtur þá að vera framkvæmdinni á lögunum að kenna, því að í þeim er enginn greinarmunur gerður á skattinum eftir því, hvar í landinu menn eiga heima.

Ef skatturinn verður hækkaður nú, verður það til þess að auka óvinsældir hans; það verður einkum óheppilegt um sveitirnar, því að jeg er hræddur um, að margir álíti, að þessi skattur eigi þar alls ekki við. En jeg álít, að hann eigi eins vel við þar eins og annarsstaðar, þótt hann eigi eftir að ná þar fullkominni festu. Þess vegna er ekki laust við, að jeg óttist, að farið verði að leita að nýjum skattstofnum til sveita, ef óvinsældir tekju- og eignarskattsins fara vaxandi. En jeg veit, að ekki finnast aðrir, sem koma ljettar niður á sveitabúum. Það er því ilt, ef þetta verður til þess að draga fram þá galla, sem geta verið á þessum góða stofni, svo að kostirnir kæmust í skugga fyrir þeim. Því að kostirnir eru margir. Jeg hygg, að engin skattalög sjeu rjettlátari, ef þau eru rjett framkvæmd.

Því hefir verið haldið fram, að tekjuskattslögin frá 1921 væru ófullkomin. Jeg vil ekki neita, að svo kunni að vera í ýmsum einstökum atriðum, en þótt þau verði endurskoðuð, fullyrði jeg, að aðalreglum þeirra laga verður fylgt framvegis. Hinsvegar veit jeg, að skort hefir nægilegt eftirlit með þeim hingað til, en það er ekki löggjöfinni að kenna. — Eitt vil jeg undirstrika: að síðan þessi lög voru sett, hefir yfirleitt verið erfitt árferði til sveita, og því hefir ekki mátt búast við miklum skatti þaðan. Menn hljóta líka að viðurkenna, að erfitt er að hafa þannig búreikninga, að þeir geti talist tryggir. En það er ekki aðeins hjer á landi, sem kvartað er undan því, að skatturinn sje minni úr sveitum en bæjum. Það er alstaðar gert. En jeg er ekki viss um, að þær kvartanir sjeu á rökum bygðar. Skal jeg þó ekki neita, að vegna fyrirkomulagsins sje meira

undir framkvæmd laganna komið í sveitum en bæjum.

Jeg hefi það fyrir satt, að eins og stendur sje þessi skattur hvergi hærri í nágrannalöndunum heldur en hjer. Ef hann er hækkaður um ¼ hluta, erum við þar með komnir langt fram úr öðrum. Jeg get bætt því við orð hv. 2. þm. G.-K., að danska bændastjórnin hefir nú þegar á þessu ári lækkað skattinn, af því að hún áleit, að hann ætti að lækka í hlutfalli við hækkun krónunnar.

Jeg mintist þess, að í umræðunum um byggingar- og landnámssjóð í hitteðfyrra var stungið upp á að afla honum tekna með viðauka við tekju- og eignarskattinn, sem þó skyldi ekki verða hærri en í Englandi. En það var upplýst við rannsókn, að ekkert mundi koma í sjóðinn, því að okkar tekju- og eignarskattur væri þegar eins hár og Englendinga. Veit jeg ekki til, að síðan hafi verið hróflað við þessum skatti í Englandi.

En það, sem aðallega gerir það að verkum, að jeg get ekki samþykt frv., er það, að jeg óttast, að hækkunin muni auka óvinsældir skattsins og máske leiða til þess, að þessi skattstofn þyki ekki nýtilegur fyrir suma hluta landsins. En það teldi jeg illa farið.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer í hina almennu röksemdaleiðslu með og móti frv. Vil aðeins benda á, að þegar þyngja skal álögurnar alment, er sennilegt, að best sje, að það komi niður á sem flestum tekjustofnum ríkissjóðs. Hjer á þó að gæta hófs um þennan skatt, því að eftir brtt. meiri hl. á að fella hinar lægri tekjur undan viðaukanum. — Í öðru lagi virðist mjer, að í samanburðinum við tekju- og eignarskatt annarsstaðar gleymi menn verulegu atriði, sem sje útsvörunum. En þau eru samskonar í eðli sínu og síst minni víðast á landinu, heldur þvert á móti hærri.

Það, sem olli því, að jeg stóð upp, var þó ekki þetta, heldur ummæli frá hv. þm. Dal. Þau fjellu á þá leið, að embættismenn hjer á landi væru mjög illa launaðir, og það væri alment viðurkent. Jeg vil ekki láta þessi ummæli fara svo um garð, að ekki sje að þeim vikið. Fyrst og fremst er það við þetta að athuga, að laun embættismanna hjer á landi eru svo misjöfn, að ein umsögn getur ekki átt við um þau alment. Í öðru lagi fer það, hvort þau eiga að teljast há eða lág, eftir því, við hvað er miðað; alla hluti þarf að viðmiða, til þess að þeir skiljist. Ef miðað er við embættislaun í öðrum auðugri löndum, er þetta kannske satt hjá hv. þm. Dal., og eins, ef miðað er við tekjur þeirra, er þær hafa mestar hjer á landi. Það skiftir miklu máli, hvort miðað er við þetta fyrsagða eða við smáframleiðendur, verkafólk og annan almenning, sem þó verður að borga sinn skerf til launagreiðslunnar. Ef við tekjur þessa fólks er miðað, er ekki hægt að segja skilyrðislaust, að laun embættismanna sjeu lág. — Þetta fer og eftir því, hvort miðað er við hófsamlegt líferni eða eyðslulíf. En því má ekki gleyma, að íbúarnir verða að miða kröfur sínar við náttúrugæði landsins, en ekki við það, hvað huguinn kann að girnast. — Til eru tvær leiðir fyrir embættismenn til að bæta

kjör sín. Önnur, sem hjer er mjög kunn, er að krefjast meiri launa. Hin er að lækka kröfurnar til þæginda og miða þær við hin eðlilegu náttúrugæði lands vors og hvað það getur af mörkum látið. Enn gætu þeir reynt að hafa áhrif á dýrtíðina í landinu. Ef hægt væri að lækka hana, væri það sama eins og kjör embættismanna bötnuðu að mun. Ef til vill má segja, að embættismenn hafi lítil skilyrði til þess að hlutast til um að draga úr dýrtíðinni, en þeir ættu þó að geta sjeð leiðir til þess, ekki síður en aðrir.

Það er t. d. eitt mikilsvert atriði í þessu sambandi, sem oft er bent á, og það er hin óhæfilega háa húsaleiga, sem verður að greiða hjer í Reykjavík. Það gæti verið mikilsvert atriði til þess að bæta kjör embættismanna, ef fundin væri leið til að lækka þennan stóra lið í útgjöldum þeirra.

Jeg fjölyrði ekki um þetta meira og býst ekki við að fást um það, þótt einhver andmæli: það er ekki minn háttur að munnhöggvast um alt, sem jeg er ósamþykkur því, sem sagt er.

Jón Auðunn Jónsson: Það hefir löngum verið svo, að menn greinir á um það, á hvern hátt sje rjettlátast að taka tekjur af skattborgurunum; og það verður áreiðanlega ekki hætt að deila um það, þótt eitthvað verði breytt því skatta- og tollafyrirkomulagi, sem nú er.

Mjer skildist á hv. 1. þm. N.-M., sem nú settist niður, að hann hyggðist að ná öllum sköttum til ríkissjóðs af þeim, sem hafa meiri tekjur en svo, að nægi til lífsframfæris þeim með hóflegri eyðslu. En það hygg jeg, að með tekjuskatti einum, og þá auðvitað af þessum flokki manna, og engum öðrum tollum eða sköttum verði ekki náð nauðsynlegum tekjum handa ríkissjóði. Jeg hygg, að í okkar fátæka þjóðfjelagi verðum við sem mest að fara hina leiðina, að ná skatti af óhófsvörum. Ef taka ætti allar þarfir ríkissjóðs með tekjuskatti eingöngu, sem annars er ómögulegt, mundi það leiða til þess, að þegar menn, sem annars eru mjög hófsamir, sjá, að stór fúlga af tekjum þeirra verður að fara í beinan skatt, þá leiðist þeir til að eyða meiru en þeir annars mundu gera, ef tekju- og eignarskatti væri sæmilega í hóf stilt. Það hefir að minsta kosti sumstaðar komið fyrir, þar sem þessi skattur varð óhæfilega hár, að menn hafa haft ýmiskonar undanbrögð, bæði eytt meiru en annars, til þess að færa skattinn niður, og jafnframt reynt að hafa bein undanbrögð í frammi um framtal. Það er álitið, að þegar Englendingar lögleiddu sinn háa aukaskatt, „supertax", hafi þetta komið mjög greinilega í ljós.

Annars er það svo, að það væri áreiðanlega heppilegast fyrir þjóðfjelagið, að lagður væri sem þyngstur skattur á alla óhófseyðslu, bæði til þess að draga úr þeim nautnum, sem telja má óhófsnautnir, og til þess að þurfa ekki að ganga nærri þeim mönnum, sem vilja spara, og munu þá leggja sinn skerf fram til þjóðfjelagsins. Hvar fær þjóðin starfsfje, ef enginn fær leyfi til þess að eignast fje? Þeir, sem safna fje, eru að vissu leyti lánveitendur atvinnuveganna. Jeg hygg óhætt að fullyrða, að ef þetta frv. verður samþ., þá sje alls ekki gætt hófs í kröfunni um þennan skatt,

— langt frá því. Mönnum hættir sem sje við að gleyma því, að það er nokkuð öðruvísi ástatt um tekjur manna hjer á landi en annarsstaðar, einkum hærri tekjur, eins og útgerðarfjelaga. Jeg skal ekki neita því, að eftir minni skoðun nú hefir okkur yfirsjest í upphafi, eða 1921, þá er núgildandi tekjuskattslög voru samþykt. Reynslan hefir að mínu viti sýnt það, að við höfum byrjað með of háan skattstiga. Það var tekið fordæmi nágranna okkar á Norðurlöndum, en þess þá ekki gætt, að þær þjóðir höfðu haft þetta skattafyrirkomulag lengi. En það mátti heita, að tekjuskattur væri nýr hjá okkur sem nokkur verulegur tekjustofn fyrir ríkissjóð, þegar hann var settur 1921. Því að á undanförnum árum — eftir lögunum frá 1877 — var þessi skattur svo lágur, að hann gat ekki talist neinn tekjustofn; þetta sjest af því, að árið 1916, sem var sjerstaklega gott ár fyrir atvinnurekstur inn, var tekjuskatturinn ekki nema 161 þús. króna.

Það er altaf athugavert, þegar byrjað er á nýju kerfi, að spenna bogann of hátt.

Nú er hins að gæta, að þessar þjóðir, sem lengi hafa hlítt þessu skattafyrirkomulagi, þær sáu ástæðu til að draga úr skattinum frá því, sem hann var 1921, eins og Danir og Svíar að því er snertir tekjuskatt hlutafjelaga, sem var lækkaður í báðum þessum löndum frá því árið 1921. Hámarksskattur þar er ekki meira en 25% af tekjum, en hjer er hann 30%. Auk þess er skattur á hærri tekjum mun hærri hjer en í þessum löndum. Hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni í dag, að beinir skattar hjá okkur væru 15% af tekjum ríkissjóðs, en aðrir skattar 85%. En þetta er fjarri öllum sanni. Mjer brá satt að segja, þegar hann bar þetta fram. Maður þarf ekki annað en að líta í fjárlagafrv. fyrir 1929 til þess að sjá, að fasteignaskattur, erfðafjárskattur og tekju- og eignarskattur eru áætlaðir um 1100 þús. En auk þess eru fjölda margir aðrir skattar, sem ekki er hægt að segja annað um en að sjeu beinir skattar; svo er um notendagjöld í ríkissjóð. Bæði póst- og símatekjur eru borgaðar aðeins þar, sem við njótum þeirra hlunninda, sem ríkisvaldið leggur borgurunum til. Þessir skattar geta því alls ekki talist óbeinir skattar. Og þeir nema nær 2 milj. króna. Ennfremur er ekki hægt að segja um mikinn hluta af aukatekjum ríkissjóðs annað en að það sje borgun fyrir verk, sem ríkisvaldið lætur vinna sjerstaklega fyrir þá ríkisborgara, sem verða þeirra verka aðnjótandi, eins og t. d. þinglýsingar, fógetagerðir, uppboð og margt annað. Þetta getur því eftir eðli sínu ómögulega talist annað en beinir skattar. Vitagjald getur heldur ekki talist annað en beinn skattur. Leyfisbrjefagjöld eru og beinn skattur. Tekjur af bönkum á ekki að telja með óbeinum sköttum.

Það er þess vegna fjarri öllum sanni, að óbeinu skattarnir sjeu 85%, en beinu skattarnir 15%. Sannleikurinn er sá, að beinu skattarnir ásamt notendagjöldum, en þau verða að teljast með sköttum, eru samkv. fjárl.frv. 1929 4½ milj. króna. En óbeinu skattarnir, nefnilega tollarnir, hvað nema þeir miklu í fjárlagafrv.? Þeir eru um 3 milj. króna af almennum neysluvörum, eða tæplega það. Tollar af tóbaki

og annari óhófsvöru eru ekki þar með taldir; enda þótt slíkir tollar sjeu að vísu beinir skattar, þá er nú svo um þessa skatta, að þeir eru að minni hyggju allra skatta rjettlátastir. Og ef við ætluðum að byggja að mestu leyti á tekju- og eignarskatti, en láta sleppa undan óhófseyðsluna í landinu, þá erum við áreiðanlega komnir inn á mjög skakka braut.

Eftir fljótlegan yfirlestur fjárlagafrv. Dana og Svía er mjer óhætt að fullyrða, að beinu skattarnir eru hjer síst lægri — ásamt notendagjöldum — en í þeim löndum. Því hefir verið haldið fram, að eins auðvelt væri að ná tekju- og eignarskatti af landbúnaði eins og sjávarútvegi. En reynslan hefir sýnt það í öðrum löndum, að það er erfitt að ná tilsvarandi sköttum hjá landb. eins og t. d. iðnaði og sjávarútv., nema þar, sem tekjurnar eru orðnar mjög háar. Af öllum smærri landbúskap hefir reynst mjög erfitt að ná rjettlátum skatti, samanborið við aðrar atvinnustjettir. Og jeg hygg það sje óhætt að segja, að landbúnaðurinn beri nú með þessum skatti minni byrði heldur en áður með ábúðar- og lausafjárskattinum, sem orðinn var um 96 þús. kr. á ári.

Það verður vel að gæta þess, að þeim atvinnuvegi, sem að stórmiklu leyti á að greiða þennan skatt — og hefir greitt hann þegar vel hefir árað —, honum er alt öðruvísi háttað en atvinnuvegum flestra annara þjóða. Þessi annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, er svo misbrestasamur, að það má segja, að tapast geti á einu ári það, sem græðist á fjórum. Jeg veit þess dæmi um eitt togarafjelag, að þegar frá var dregið það tap, sem varð á fjórum árum, en lagðar við tekjur á því ágæta ári 1924, þá hafði það 40 þús. króna afgang. Tekjurnar hjá þessu fjelagi voru mjög miklar 1924. Tekjuskatturinn, sem þetta fjelag bar — er jeg þó ekki alveg viss um, að það hafi enst til þess að borga hann allan — var 58370 kr. Dæmi þessa munu varla finnast annarsstaðar en á Íslandi. Það er iðnaður og landbúnaður og verslun, sem munu gefa líkastar tekjur frá ári til árs. En hjer er það svo, að sjávarútvegurinn gefur stórtap og stórtekjur. Við þessu órjettmæti í skatti er erfitt að gera með venjulegu skattafyrirkomulagi; það skal jeg játa. En þetta sýnir það, að maður verður að fara gætilega í þessum skattaálögum, ef ekki á að stofna til vandræða hjá þessum skattgreiðendum.

En hvað snertir tekjur þær, sem ríkissjóði er ætlað að fá með þessu frv., þá er það þegar sýnt, að það er ekki nauðsyn á þeim nú sem stendur, því að það er vitanlegt fyrirfram, að ríkissjóður fær meiri tekjur heldur en hægt er að sjá, að þörf verði fyrir til þess að skila tekjuhallalausum fjárlögum 1929, þó með sje talið það, sem þarf að áætla til útgjalda samkv. sjerstökum lögum. Eins og árað hefir undanfarið hjá atvinnuvegunum, þá held jeg, að það sje lítt forsvaranlegt að leggja á skatta til þess eins annaðhvort að safna upp fje í ríkishirsluna eða að vinda til sjerstakra stórframkvæmda.

Jeg veit, að mikill fjöldi hv. þm. hefir látið það í ljós á kosningafundum á síðastl. sumri, að það væri ótækt að þyngja álögur til ríkissjóðs. Við mína kjósendur sagði jeg nú ekki

þetta; jeg áleit, að ef knýjandi nauðsyn væri fyrir hendi, yrði að auka tekjur ríkissjóðs að einhverju leyti, en varlega yrði í það að fara. Og þegar á að fara að hækka skatta og tolla um fullkomlega 10%, og það að nokkuð miklu leyti með beinum sköttum eins og hjer er gert ráð fyrir, þá held jeg, að komið sje í óefni. Það er vitanlegt, að framkvæmdamenn verða daufari til framkvæmda, ef beinn skattur er þyngdur á þeim. Jeg veit um menn, sem hafa ætlað að stækka atvinnufyrirtæki sín, en alveg gugnað, einmitt af því að þeim finst Alþingi nú ætla að grípa of djúpt ofan í vasa þeirra. En það verður maður að játa, að ef kipt er mjög úr verklegum framkvæmdum einstaklinganna og þeir hafa minni áhuga á að auka framleiðsluna, þá er það að draga úr því auðsafni, sem þjóðin þarf að fá, og draga úr því, að verkafólk í landinu geti fengið sæmilega nóg að starfa.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. N.-Ísf. gerði mig mjög undrandi, þegar hann fór að útlista sundurskiftingu á tekjum ríkissjóðs, og sjerstaklega þegar hann var að aðskilja beina skatta og óbeina. Jeg hefi hingað til haldið það, að þeir skattar, sem hvíldu endanlega á þeim, sem þeir eru lagðir á, væru beinir skattar, en hinir skattarnir óbeinir, sem goldnir eru af öðrum en þeir hvíla á að lokum. En hjá hv. þm. N.-Ísf. er línan dregin þannig, að hann tekur skatta eins og vitagjald — sem allir vita, að er óbeinn skattur á siglingar og tollur á farmgjöld, — og telur með beinum sköttum. Fleira þvílíkt nefndi hann, sem jeg hirði ekki upp að telja. Og loks, til þess að fá þessar tölur til að standa heima, dregur hann sjerstaklega undan tóbakstoll og telur annars eðlis en annan toll, og því beri ekki að telja hann undir toll, en undir sjerstakan flokk, sem háttv. þm. þar til tekur.

Jeg verð nú að segja, að sá, sem á venjulegan skattfræðilegan hátt hefði athugað þessa skatta, sem fyrir liggja í fjárlagafrv., hefði gert það nokkuð öðruvísi; að minsta kosti gerði jeg það, og jeg hygg jeg þori að treysta þeirri skiftingu á móti skiftingu hv. þm. N.-Ísf. Eftir því eru beinu skattarnir — persónu- og eignarskattar — 1125 þús., skattur af viðskiftum, neyslu og aukatekjur 6349000 kr. Þetta gerir samanlagt 7474000 kr. Þá eru eftir tekjur af ýmiskonar ríkisrekstri og eignum ríkissjóðs. Sumt af þessu er alls ekki tekið í fjárlög, heldur haft á sjerstökum reikningum; er í raun og veru engin ástæða til að taka það, þegar verið er að tala um skatta, því að hvort heldur sem ríkissjóður hefir vaxtatekjur af eignum sínum, sem hann leigir, eða hann tekur til sín hagnað af verslun, þá er ekki hægt að kalla það skatt, heldur atvinnu- og eignatekjur ríkisins. Þess vegna verður af þeim skattaálögum, sem í fjárlagafrv. eru nú, eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í Nd., 15%, sem tilheyra beinum sköttum, en 85% óbeinir skattar.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi segja, að í Danmörku væru beinu skattarnir ennþá minni en hjá okkur. Jeg hefi nú athugað ríkisreikning Dana frá 1926—1927, og útkoman er þessi: Persónu- og eignarskattur 140 miljónir, viðskiftaskattur 20 milj., neysluskattur

209 milj., aukatekjur 15 milj. Þetta er samtals 384 milj. Ef maður tekur svo hundraðstölu, eru beinu skattarnir, persónu- og eignarskattur, 37%, viðskifta- og neysluskattur og aukatekjur 63%.

Jeg hygg, að hvernig sem hv. þm. N.-Ísf. reynir að vinda sig úr þessu, muni honum ekki takast það, því að þessar tölur standa óhrekjanlegar. Það væri þá helst, að hann reyndi að segja, að póst- og símagjöld væru sjerstök notendagjöld og að því leyti beinir skattar. En það þarf ekki annað en líta á gjaldahlið fjárlaganna til þess að sjá, að hve miklu leyti þau eru skattur og að hve miklu leyti endurgjald á útlögðum kostnaði ríkissjóðs. Áætlun yfir póstmálin eru 450 þús. í tekjur, en 481 þús. kr. gjöld; með öðrum orðum: Það er gert ráð fyrir, að notendur borgi ekki einu sinni kostnað, hvað þá heldur meira, — það vantar 31 þús. til. Fyrir símatekjum er áætlað 1500 þús., en gjöldin 1418000 kr. Þar er gert ráð fyrir 82 þús. í hagnað. Ef dreginn er frá þessari upphæð hallinn af póstinum, þá sjest, að tekjurnar af pósti og síma gera lítið meira en greiða ríkissjóði þann kostnað, sem hann hefir af þessum fyrirtækjum.

Þá vil jeg segja fáein orð við sessunaut minn, háttv. þm. Dal. (SE) Hann taldi sig vera riddara fyrir starfsmenn hins opinbera og fanst það undarlegt af mjer að vilja leggja stein í götu þeirra. Og meðal annars las hann upp skjal frá form. starfsmannasambands ríkisins. Þar segir svo:

„Nú virðist svo, sem hið háa Alþingi ætli ekki að sinna rjettmætum kröfum vorum í þessu efni, en að það á hinn bóginn ætli að auka dýrtíðina í landinu með auknum tollum og sköttum, tollum á matvöru, kolum og salti, og 25% hækkun á tekjuskatti.

Sjerstaklega mun hið síðastnefnda koma hart niður á starfsmönnum ríkisins, því að nokkuð mun það vera alment, að þeir greiði 300—400 kr. og þaðan af meira í tekjuskatt. Er því hjer um talsverða íþyngingu að ræða".

Þarna segir því form. starfsmannasambandsins, að embættismenn hafi 10500—12500 kr. í árslaun, þegar búið er að draga frá fyrir konu og 3 börnum, því að 300—400 kr. tekjuskattur svarar til slíkra tekna. Þetta geta tæplega kallast sultarlaun, og ef þetta er rjett, sem ekki er ástæða til að rengja, þá tel jeg ekki eftir þessum mönnum að borga tekju- og eignarskatt. Því að auðvitað kemur í sama stað niður, hvort þetta eru alt embættistekjur eða ríkið lætur þá hafa svo stuttan vinnutíma, að þeir geta haft tíma til að afla sjer verulegra aukatekna. En embættismennirnir líta nú öðruvísi á þetta. Þeir gera ekki aðeins kröfu til þess að losna undan þessum 25% viðauka, heldur líka undan öllum tekju- og eignarskatti. Svo bíræfin hefir engin stjett manna í landinu gerst enn, að beiðast undan öllum beinum opinberum gjöldum. Það er meira en lítil heimtufrekja af þeim, sem fyrir þessu standa, að fara fram á skattfrelsi fyrir eina stjett í landinu, og það fyrir þá stjett, sem er vel launuð, að eigin sögusögn. Það er því von, að háttv. sessunautur minn segi, að það sje stolið frá þeim, sem ekkert eiga, með því að láta þessa menn, sem margir hafa frá 10500 til 12500 kr. árslaun, borga tekjuskatt. Jeg held, að það hefði mátt segja með

meiri rjetti, ef gengisviðaukinn af kaffi- og sykurtollinum hefði ekki verið numinn burtu, að þá hefði verið stolið frá þeim, sem ekkert áttu, eins og jeg sagði í fyrstu.

Hv. 2. þm. G.-K. vildi láta mig fallast á það, að það væri erfiðara fyrir mig að lifa á 7 þús. kr. árstekjum en verkamennina á 2000—3000 kr. og að embættismennirnir væru brjóstumkennanlegir samanborið við verkamennina. Þessu hefi jeg að nokkru leyti svarað, með því að bera fram frv. það, sem hjer er til umræðu, og jeg mun möglunarlaust greiða þann skattauka, sem á mínum tekjum lendir vegna þessarar hækkunar, því að jeg tel hann fyllilega rjettmætan. Og jeg fæ ekki skilið, að nein sjerstök ástæða sje til þess, að verkamenn sjeu hamingjusamari með 2—3 þús. kr. en við með margfalt meira. Eftir kenningu hv. 2. þm. G.-K. ættu allir menn að sækjast eftir sem minstum tekjum og eignum, en hann virðist ekki sjálfur fylgja þessari gullvægu reglu, sem kannske gildir í öðrum heimi, en áreiðanlega ekki hjer á jörðu. Jeg tel okkur, sem hærri tekjur hafa en verkamenn, ekki heldur eiga neina siðferðislega kröfu til hærri launa en þá, meiri vellíðanar nje meiri hamingju í lífinu á neinn hátt.

Einar Jónsson:* Jeg hefi svo oft orðið var við það, þegar um lík mál og þetta hefir verið að ræða hjer á Alþingi, að bændum hafi verið borin á brýn þröngsýni. Hvað snertir mál það, sem hjer er til umræðu, að hækka tekju- og eignarskatt á embættismönnum um 25% frá því, sem hann er nú, vil jeg taka það fram, að jeg get alls ekki fylgt því. Þessi skattur, eins og hann er nú, er þessum mönnum mjög erfiður, og því get jeg ekki fallist á að fara að íþyngja þeim ennþá meir með því að fara að hækka hann að miklum mun.

Sömuleiðis finst mjer engin aðkallandi nauðsyn vegna tekjuaukaþarfar ríkissjóðs að fara að samþykkja þessa hækkun nú, og það því síður, þegar fram er komin í þinginu till. um skipun milliþinganefndar til þess að athuga tolla- og skattamálin yfirleitt. Mjer hefði því fundist, að þessi breyting á skattalögunum hefði mátt bíða, þar til nefnd þessi hefði athugað málin. Mál þetta hefir verið sótt og varið hjer í dag frá báðum hliðum, en einna best virtist mjer það koma fram í ræðu hv. þm. Dal. (SE), hversu feiknamiklum órjetti embættismenn landsins væru beittir með skatthækkun þessari. Vil jeg því ekki, enda þótt jeg sje efnalaus bóndi ofan úr sveit, láta bera mjer það á brýn, að jeg sýni skilningsleysi í þessu máli, sem bersýnilega er stefnt að ákveðinni stjett manna í landinu, sem þó eins og margar aðrar stjettir á við erfið kjör að búa. Mun jeg því greiða atkvæði á móti frumvarpinu. Það hefir að vísu komið fram brtt. um það, að undanþiggja frá skatthækkuninni tekjur undir 4000 kr., og má því segja, að þeir, sem minstar tekjur hafa, sjeu fyrir utan þetta mál, eins og t. d. bændur yfirleitt, en þar sem skatturinn fer altaf stighækkandi, verður hækkunin nær óbærileg fyrir þá, sem

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Prentað upp.

eru fyrir ofan þetta 4 þús. kr. takmark, og á það finst mjer beri að líta.

Einn hv. þm., sem hjer talaði í dag, taldi þetta miklu sanngjarnari leið en að hafa áfram 25% gengisviðaukann á kaffi- og sykurtollinum, en þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg hefði talið miklu rjettara og sanngjarnara að hafa hann áfram óbreyttan heldur en að slengja þessari skatthækkun á. Þessi hv. þm. reyndi að villa mönnum sýn, eins og „Tíminn" hefir gert í mörg ár, með því að halda því fram, að þessi 25% gengisviðauki orsakaði ¼ hækkun á verði varanna. En hjer er vitanlega um alt annað að ræða; það er aðeins viðbót á tolli þeim, sem á vörunum hvílir. Þetta skilja sveitakarlarnir, því að sem betur fer lesa þeir fleiri blöð en „Tímann".

Mjer þótti gaman að, þegar háttv. þm. voru að spreyta sig með fyndni Gröndals, og hygg jeg, að hæstv. forsrh. hafi farið þar rjettast með, að Gröndal hafi sagt, „að þá hafi öllu verið stolið frá þeim, sem ekkert áttu". Og mjer finst einmitt, ef við förum að viðhafa þjösnaskap í þessu máli, þá stelum við frá þeim, sem ekkert eiga.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg vildi helst, að þeir menn, sem beita sjer fyrir verkföllum og hverskonar pólitískum þrælabrögðum, kæmu sem minst nálægt tollmálum og skattamálum yfirleitt, því að þær till., sem frá þeim koma í þeim efnum sem öðrum, munu síst verða þjóðinni til hagsbóta.

Jeg þykist nú hafa sýnt, að ekki sje með fullum rjetti hægt að bera öllum bændum á brýn þröngsýni í þessum málum.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram út af ræðu háttv. 1. þm. Rang., að jeg hefi ekki með einu orði minst á þröngsýni bænda í þessum málum. **(EJ:** Jeg játa, að það hafi ekki verið gert undir þessum umræðum, heldur áður).

Mjer hefir skilist það, að beint hafi verið andmælum gegn mjer fyrir það, að jeg benti á, hvar tekjuskatturinn kæmi harðast niður. Því eins og jeg tók fram áðan, þá sýnir það sig, ef miðað er við árið 1927, að enginn tekjuskattur kemur á útgerðina, en allríflegur hluti af honum á embættismenn og ýmsa starfsmenn.

Þá hneykslaði það hv. 1. þm. N.-M., að jeg fór nokkrum orðum um kröfur embættismanna um að fá nokkra aukning á dýrtíðaruppbót þeirra. En jeg tók það jafnframt fram, að jeg væri einn í þeirra hópi, sem treystust ekki til að taka þá kröfu til greina nú, enda þótt hún ætti fullan rjett á sjer, ef hagur ríkissjóðs væri betri en hann er nú. Þá sagði þessi hv. þm. einnig, að þegar dæma ætti um kröfur þessara manna, þá yrði að miða þær við hófsamlegt líferni. Þetta er alveg rjett hjá hv. þm., því að það er hvorttveggja, að þjóðin hefir ekki ráð á meiru, og í öðru lagi væri það hrein fjarstæða að miða launin við annað. Laun flestra opinberra starfsmanna eru nú frá 3500 til 6000 kr., en þeir sem eru í hærri launaflokki, hafa frá 6—8 þús., og þegar svo litið er á það, að þessir menn verða að greiða í húsaleigu 1500—2000 kr. á ári, og það jafnvel upp í 3000 kr., þá er það ljóst, að slík laun leyfa ekki nema mjög nægjusamt líf. Enn augljósara verður þetta, þegar þess er gætt, að margir

þeirra hafa ótal skuldir á baki sjer, sem fyrst og fremst stafa frá erfiðleikum stríðsáranna, og í öðru lagi frá námsárunum. Þegar menn athuga þetta, þá hlýtur öllum að verða það ljóst, að þeir tímar eru liðnir, sem það þótti vel við eigandi að skamma embættismennina, því að nú eru þeir ekki lengur í hópi þeirra, sem vel eru stæðir fjárhagslega; nú eru aðrir, sem betur eru settir og betur launaðir. Það er því óhætt að segja, að í híbýlum þeirra manna að minsta kosti, sem hafa 3—6 þús. kr. árslaun, er ekki óhófið, heldur býr fátæktin á mörgum þeim stöðum. Þess vegna hjelt jeg, að hv. 2. þm. Reykv. myndi finna samúð með þessum mönnum, því að það er sama baráttan, sem þeir verða að berjast, og margir í hópi hans stuðningsmanna. Það eru ekki margir embættismenn, sem hafa 10—12 þús. króna laun. Langflestir hafa mun lægri laun. Og ef þingið svarar nú bænum þessara manna um launabætur með þungum tekjuskatti, þá býst jeg við, að almenningur líti svo á, að í því svari liggi alt of mikill kuldi til embættismanna þjóðarinnar.

Í landi eins og okkar verður það altaf spurningin, hvaða lausn verði heppilegust á launamálinu. Jeg hefi reynt sem ráðherra að fækka embættum; kom með mjög miklar sparnaðartillögur í þá átt, en Alþingi hefir ekki fallist á þær. Jeg er þeirrar trúar, að fyrir þjóðina sje það hollast, að embættismönnum hennar sje svo vel launað, að þeir geti gefið sig óskiftir við starfinu. En jeg hefi sjeð alt of margar sorglegar afleiðingar þess, að embættismenn þjóðarinnar hafa orðið að búa við sultarlaun; jeg þekki menn, sem aldrei hafa notið sín í starfi sínu vegna nagandi fjárhagsörðugleika, og því aldrei orðið að því gagni, sem hefði þó mátt vænta af þeim í starfinu, ef þeir hefðu verið betur launaðir. Þetta er sannleiki, sem alstaðar er viðurkendur af þeim, sem til þekkja. Þess vegna vona jeg, þegar hv. sessunautur minn (HjV) hefir glöggvað sig á þessari mynd, sem jeg hefi dregið hjer upp og sýnir, hvaða kjör embættismenn þjóðarinnar hafi við að búa, að hann tali um þá næst með minni kulda en hann hefir gert.

Hann sagði — og mjer fanst liggja þykkja í röddinni —, að jeg kæmi fram sem riddari fyrir starfsmenn hins opinbera. Satt að segja veit jeg ekki, hvað hann hefir meint með þessu. Ef hann heldur, að jeg hafi gert það af stjórnmálalegum hagsmunum, þá skjátlast honum. Sem stjórnmálamaður á jeg embættismannastjett landsins ekkert að þakka. Jeg veit ekki betur en sú stjett hafi jafnan verið mjer andstæð í stjórnmálum og vænti heldur ekki neins stuðnings af henni framvegis. Það er aðeins sanngirniskrafa þessara manna, sem hefir valdið því, að jeg hefi ekki viljað mæta henni með þeim kulda, sem felst í því að hækka tekjuskattinn og lækka með því launin. Enda veit jeg, að það kemur til með að hefna sín, ef stj. og þing heldur áfram að taka alt of lítið tillit til óska þessara manna. Þessir menn eru fyrir löngu hættir að vera „privilegeruð“ stjett. Það mætti miklu fremur segja um mikinn þorra hennar, að fátæktin væri hennar „privilegium“.

Jeg veit, að það er satt, að ef Al-

þingi samþykkir nú þessa hækkun á tekjuskattinum, þá kemur það harðast niður á þessum mönnum og sýnir alt of mikinn kulda í þeirra garð.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. 1. þm. N.-M., sem vill láta samþykkja þessa hækkun á tekjuskattinum, gat þess, að útsvörin væru mjög há og engu lægri en tekju- og eignarskatturinn. Þetta get jeg fúslega viðurkent, en af því leiðir þá, að því síður er ástæða til að íþyngja gjaldendunum með því að hækka tekjuskattinn. Þess vegna finst mjer eðlilegast, að þeir, sem finna þunga útsvaranna, vildu ljetta hinn baggann. Þessi rök eru því mjer í vil og ganga á móti þeim, sem harðast mæla fram með frv. þessu.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. frsm. meiri hl. Hann skýrði frá því, að stefna mín í skattamálum væri sú, að vinna að fjársöfnun einstaklinganna. Þetta er að vísu rjett, en svo rangfærði hann orð mín, er hann vildi fullyrða, að mín stefna væri sú, að fjársöfnunin væri aðeins í fárra manna höndum. Jeg álít þvert á móti, að fjársöfnunin ætti að vera á sem flestra höndum, enda er það stefna Íhaldsflokksins í skattamálum að vernda smærri atvinnurekendur með því að beita hóflega beinu sköttunum, en afla ríkissjóði tekna með tollum. Stærri atvinnurekendur, sem hafa marga menn í þjónustu sinni, gjalda kaup eftir dýrtíð, en tollhækkun kemur að sjálfsögðu fram í dýrtíðarvísitölum, og lendir því á slíkum atvinnurekendum. En minni framleiðendur, sem kaupa fárra manna vinnu, verða lítt varir við tollhækkun, en beinir skattar lenda miklu þyngra á þeim. Að svo miklu leyti, sem það er stefna Íhaldsflokksins að ljetta undir með fjársöfnun, þá er það fyrst og fremst með hliðsjón af smærri atvinnurekstri landsmanna.

Hv. frsm. meiri hl. vildi skopast að því, að jeg hefði verið að tala um, að honum mundi ekki frekar kleift að lifa á 6—7 þús. króna árstekjum heldur en verkamönnum á 2—3 þúsundum, og taldi sig sýna viljann í verkinu með því að hann bæri fram frv., er legði nýjan skatt á sjálfan hann, um leið og ljett væri gjöldum af þeim, sem lægri laun hefðu. Jeg skal nú ekkert segja um þessa fórnfýsi hans, en þegar hann jafnframt slær því fram, að hvorugur okkar eigi siðferðiskröfu til hærri launa en verkamenn, þá kemur það ekkert málinu við, því að um það spurði jeg alls ekki. En hinsvegar benti jeg á, að okkar þurftarlaun væru hærri en verkamanna. Og jeg skal rökstyðja þetta ofurlítið betur. Hv. 2. þm. Reykv. er fjesýslumaður og verður vegna starfs síns, og blátt áfram til þess að afla sjer tekna, að viðhafa þá risnu, sem ekki verður krafist af neinum verkamanni. Við skulum segja, að til hans komi erlendir kaupsýslumenn, og verður hann þá að hafa þau híbýli, að hann geti boðið þeim inn. M. ö. o. aðstaða okkar beggja krefst þess að hafa hærri laun en verkamenn geta látið sjer nægja, en siðferðiskrafa er það ekki.

Hv. frsm. meiri hl. játaði, að skattur þessi væri hærri hjer en í Danmörku, enda er það svo, og auk þess er útsvar hjer hærra. Alt til 1922 höfðu Danir sama skattstiga og við lögfestum hjer 1921, er við höfum

hækkað síðan. En 1922 töldu Danir, að reynslan hefði kveðið upp þann dóm, að skattstigi þeirra væri of hár, og var hann þá lækkaður að stórum mun, og enn eru þeir að lækka hann. Þó eru í Danmörku sömu tekjur drýgri en hjer. Þess vegna mætti þeirra skattstigi vera hærri en okkar, en er miklu lægri.

Svo sem margsinnis hefir verið sýnt og sannað, og síðast af mjer við 1. umr. þessa máls hjer í hv. deild, er sami skattstigi hjer margfalt þungbærari en í Danmörku, sakir misjafns árferðis. Skattstigi okkar ætti því að vera miklu lægri, en er miklu hærri. Danir eru miklu ríkari þjóð, og er því síður ástæða til að hlynna að fjársöfnun þar en hjer í landi, þar sem alt er ógert enn. Danir þyldu því hærri skatt, en búa við lægri. Þó er bændastjórnin í Danmörku að lækka sinn skattstiga á sama tíma og bændastjórnin hjer leggur til að hækka hann. Um það mætti segja: „Ólíkt höfumst vjer að!“

Hv. frsm. meiri hl. taldi eðlilegt, að við greiddum hærri skatt, því að hjer væri ónumið land. En hjer kemur fram höfuðstefnumunur okkar. Eins og jeg þegar hefi bent á, álít jeg einmitt, að af því að hjer er ónumið land sje höfuðverkefni komandi kynslóða með sparnaði og framtaki að rækta landið. Skattalöggjöfinni verður að haga með hliðsjón af þessu, en af því leiðir, að tolla verður ónauðsynlega neytslu manna, en hlífa þeim tekjum, sem aflað er með framtaki, þ. e. a. s. að tolla sem hæst munaðarvöru, en hafa tekjuskattinn sem lægstan.

Jeg tel svo ekki nauðsynlegt að svara fleiru í ræðu hv. frsm. meiri hl. og nenni heldur ekki að endurtaka það, sem jeg hefi sagt áður í dag.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skildi ekki betur en að hv. 2. þm. Reykv. miðaði við allar ríkistekjurnar í fjárlögum, og þess vegna tók jeg ræðu hans eins og jeg tók hana. En nú virtist hann vilja miða aðeins við skatta og tolla, en sleppa öðrum tekjum ríkissjóðs, og get jeg því gert reikninginn upp á þann hátt.

Þessir eru þá beinir skattar:

Fasteignaskattur, tekju- og eignarskattur og lestagjald, alls 1330 þús. kr. Aukatekjur, erfðafjárskattur og leyfisbrjefagjöld, alls 445 þús. kr. Bifreiðaskattur 30 þús. kr. Skólagjöld 15 þús. kr. Það af vitagjaldinu, sem ekki er viðskiftagjald, áætlað 250 þús. kr. Stimpilgjald, að svo miklu leyti, sem það ekki er viðskiftagj., áætlað 200 þús. kr. Útflutningsgjald, sem er beinn skattur á atvinnuvegina, 950 þús. kr. Gjald af brjóstsykri og konfektgerð 25 þús. kr. Þessar tekjur alls 3245 þús. kr.

Óbeinu skattarnir eru taldir 4760 þús. kr. Við þá er það að athuga, að 1175 þús. kr. eru af munaðarvöru, sem allir telja alóþarfa, sem er áfengi og tóbak. Notendagjöld eru: Pósttekjur 450 þús. kr. Símatekjur 1500 þús. kr. Alls 1950 þús. kr.

Þá eru viðskiftagjöld af vitagjaldi áætluð 70 þús. kr., og af stimpilgjaldi 100 þúsund krónur. Verslunartekjur, víneinkasalan 375 þús. kr.

Annars er það mikill misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv., ef hann heldur því fram í alvöru, að tekju- og eignarskatturinn lendi hjá þeim einum, sem borga hann, því vitanlega kemur það

niður á atvinnurekendum á þann hátt, að þeir verða ekki eins færir að greiða hátt kaupgjald, og lendir því nokkuð af honum óbeint á verkafólki, einkum við sjávarsíðuna.

Jeg hefi þá sýnt hv. 2. þm. Reykv. fram á, hversu staðhæfing hans var óundirbygð og rakalaus með öllu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 401,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 24:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JJós, JÓl, JS, JörB, LH, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ.

nei: HK, MG.

JAJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 401,2 samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:11 atkv.

Á 60. fundi í Nd., 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 612).

Magnús Jónsson: Það stóð svo á við 2. umr., að jeg vildi ekki lengja umræðurnar, og svaraði jeg því ekki einstökum atriðum, sem fram komu í ræðum hv. þdm. Það er einkum ræða hv. 2. þm. Reykv., sem jeg vil nú víkja ofurlítið að.

Yfirleitt fanst mjer nærri því of mikið talað um embættismenn og þeirra laun í sambandi við þetta mál. Þetta mál snertir þá að vísu mikið, og þeir eru meðal þeirra manna, sem hin fyrirhugaða skattaaukning kæmi verst niður á, en það má ekki gleyma því, að í Reykjavík eru embættismenn minni hluti þeirra manna, sem lifir á föstum launum. Verslunarmenn, skrifstofumenn og bankamenn hafa samtals meiri tekjur en embættismenn og greiða því meiri skatt en þeir. Þess vegna er ekki rjett að einstrengja þetta mál algerlega við starfsmenn ríkisins.

Jeg var mjög hissa á því, hve hv. þm. talaði kuldalega í garð embættismanna. Hann fór næstum því háðulegum orðum um brjef þeirra, þar sem þeir eru að kvaka í ríkisvaldið um að svelta sig nú ekki alveg í hel. Jeg hjelt, að hv. þm. hefði meiri samúð með vinnuseljendum en þetta. Hv. þm. veit, að það eiga embættismenn sameiginlegt við hinn vinnandi lýð í landinu, að þeir lifa á því að selja sína vinnu. Það er mjög órjettmætt, þó að svo hafi atvikast, að embættismenn eru yfirleitt ekki jafnaðarmenn, að vera að hreyta í þá hálfgerðum ónotum í sambandi við þetta mál.

Hv. þm. virðist hneykslast ákaflega mikið á því, að í brjefi embættismannanna til Alþingis fóru þeir fram á, að þeir yrðu undanþegnir tekjuskatti, og til vara, að þeir yrðu að minsta kosti lausir við hina fyrirhug-

uðu aukningu skattsins. Jeg skal fyrst taka það fram, að það er iðulega, að menn setja fram sem aðalkröfu fult eins mikið og það, sem þeir búast við að fá framgengt. En þegar hv. þm. dró af þessu þá ályktun, að embættismennirnir vildu vera eins og aðallinn og kirkjan forðum, var það mjög órjettmætt. Það kemur ekki heldur alveg heim við það, sem þessi háttv. þm. var að sýna fram á, hversu lítill hluti tekjuskatturinn væri af ríkistekjunum. Jeg skal nú sýna fram á, hversu lítið það er í raun og veru, sem hjer er um að ræða.

Það, sem embættismenn fóru fram á, var það, að þeim yrði greidd launauppbót eftir búreikningsvísitölu hagstofunnar. Við skulum segja, að þetta ár mundi uppbótin nema 50%, í stað þess að hún er 40%. Embættismaður, sem hefir 4000 kr. laun, fær 1600 krónur í uppbót, en myndi fá 2000 kr. uppbót, ef hún væri 50%. Hækkunin myndi því nema 400 krónum. — Lítum því næst á þá ívilnun, sem farið er fram á í brjefi embættismanna. Tekjuskattur af 5600 krónum er 76 krónur, ef við gerum ráð fyrir, að gjaldþegn væri kvæntur maður, sem ætti eitt barn, svo að 1500 krónur drægjust frá launanum. Ódæðið, sem hjer er verið að fara fram á, er þá það, að ef þingið sjer sjer ekki fært að samþykkja 400 króna uppbót, þá samþykki það 76 króna uppbót. En ef aðeins er tekinn skattaukinn 25%, þá nemur hann sem næst 20 krónum af þessum tekjum. Þetta á svo að heita, að verið sje að „privilegiera" heila stjett manna, sem væri látin vaða uppi, undanþegin skatti og skyldum, líkt og aðallinn á miðöldunum!

Vitanlega er þetta bara form fyrir kauphækkun. Það er sannarlega hart, að rjett eftir að búið er að ákveða, hvað starfsmenn ríkisins þurfi minst til þess að lifa af, eru sett lög, sem taka af launanum aftur. Það gæti komið til mála, að ríkið borgaði embættismönnum sínum laun með því að láta þá vera lausa við beina skatta. Hitt nær vitanlega engri átt, að láta þá vera undanþegna tollum. En það er langt frá því, að jeg sje hrifinn af þessu fyrirkomulagi. Hitt álít jeg miklu betra, sem embættismenn fóru fram á fyrst. Jeg vildi aðeins sýna fram á, að þetta er ekki eins stórkostlegt ódæði að hv. þm. vill vera láta.

Þá kem jeg að því atriði, sem eiginlega kom hv. 2. þm. Reykv. af stað. Í brjefi embættismannanna stendur, að margir embættismenn borgi 300—400 krónur í tekjuskatt. Jeg er hræddur um, að það sje of mikið sagt. En af því er ekki hægt að reikna út, hve mikil laun þeir hafa. Ef þeir hafa svo miklu meiri árstekjur en laun þeirra nema, sýnir það þann sorglega sannleika, að fjöldi embættismanna verður að hafa allar klær úti til þess að leita sjer að aukastörfum. Það þarf að rannsaka og laga. Hitt þarf enginn að ætla sjer, að setja heila stjett manna niður í alveg nýja lífnaðarhætti. Að einstaka embættismaður komist svo hátt, er þá af því, að hann hefir orðið að leita eftir aukatekjum út um hvippinn og hvappinn. En að þeir sjeu margir, sem svo háar tekjur hafa, er ofsagt í brjefinu. Sjálfur hefi jeg aukatekjur og hefi fundið til þess, að embættið líður við það. Hefi þó aldrei komist svona hátt,

(HjV: Aldrei!), að undanteknu einu ári, eins og jeg skýrði hv. þm. frá í einkasamtali nú nýlega, og var á leiðinni að segja nú, ef háttv. þingmaður hefði lofað mjer að lúka við setninguna. Mínar tekjur eru þó ekki duldar neinum, svo um undandrátt getur ekki verið að ræða.

Þá vildi hv. þm. hrekja mig mjög upp að veggnum, þegar hann var að lýsa því, hve illa jeg sæi fyrir hag míns kjördæmis, með því að vilja halda við gríðarmiklum tolli á kaffi og sykri, en mótfallinn hækkun á tekjuskattinum. Án þess að slíkur samanburður komi nú eiginlega þessu máli við, þá get jeg þó sagt það, að jeg tel mig nú fyrst og fremst skyldan til, þegar um þingmál er að ræða, að líta á þau með hag alls landsins fyrir augum. En sje farið út í það, að líta á þetta frá sjónarmiði því, er hv. þm. talaði um, þá er jeg ekki viss um, að hann græði á þeim samanburði, því jeg er hræddur um, að hann hafi misreiknað þar. Hann sagði, að kaffi og sykur væri mest notað í kaupstöðum. En jeg veit, að það er víða engu minna notað í sveitum. Á því heimili, er jeg ólst upp á, var sú mesta kaffi- og sykurnotkun, sem jeg hefi þekt á nokkru heimili, og var það í sveit. Jeg er hræddur um, að enn sje víða hitaður kaffisopi í sveitunum. — Mun þetta stafa af ókunnugleika hv. þm. Þá er að gæta þess, að kaffi- og sykurtollurinn kemur jafnt niður um land alt. En hækkun á tekju- og eignarskattinum kemur aðallega niður á Reykvíkingum. Landsreikningarnir fyrir 1926 sýna, að helmingur kaffi- og sykurtollsins hefir verið greiddur hjer í Reykjavík, en þess ber að gæta, að þó þessi tollur sje innheimtur hjer, þá er það aðeins af því, að vörunni hefir verið skipað hjer fyrst á land, þótt hennar hafi verið neytt víðsvegar annarsstaðar á landinu og tollurinn raunverulega greiddur þaðan. Það er því hátt áætlað, að hjer hafi verið neytt ⅓ af þessari vöru, eða með öðrum orðum, að ⅓ kaffi- og sykurtollsins hafi verið greiddur af Reykjavík. Er þá að vísu eyðsluhlutfallið hærra hjer en annarsstaðar. En jeg skal þó ganga út frá því, að svo sje. En ⅔ af tekju- og eignarskattinum kemur hjeðan úr Reykjavík. — Dæmið snýst því alveg við, þvert á móti því, sem ætlan hv. þm. var. En hjer við bætist það svo, að um grundvallarskoðunarmun er að ræða hjá mjer og hv. þm. um eðli þessara skatta, að því leyti sem þeir grípa inn í háttu manna og líferni. Annar tollurinn hvetur til sparnaðar, hinn dregur úr sparnaðarhugsun manna. Jeg fyrir mitt leyti er reyndar ekki viss um, að þetta hafi svo mikið að segja. Jeg held, að menn spari lítið við sig kaffi eða sykur, þótt tollurinn sje nokkuð hár. En geri það nokkuð að verkum, þá er það þó í sparnaðaráttina.

Þá er það alger misskilningur hv. þm., að nokkur hætta sje á því, að hjer komi upp „kapitalistar“. En það þýðir víst ekki að deila við hv. þm. um það, þar sem það er eitt af grundvallaratriðum jafnaðarstefnunnar að koma í veg fyrir það, að einstaklingum geti safnast fje til muna. En jeg held þó, að okkur væri betra að eiga nokkuð af efnuðum mönnum, svo við þyrftum ekki að sækja fje til útlendinga ávalt þegar um einhverjar framkvæmdir er að ræða hjer á landi.

Altaf er hjer þörf fyrir miljónir á miljónir ofan árlega til allskonar nytsamra framkvæmda. Ef þetta fje væri innlent, þá mundu líka atvinnuvegirnir standast betur við að borga sæmileg verkalaun. Hjer er ekki um að ræða annað peningasafn en smáspárendur. Stærra fjármagnið situr alt fast í ýmsum atvinnufyrirtækjum. Jeg held, að menn megi vera óhræddir nokkur árin enn fyrir kapitalistum hjer á landi, þótt þessi tollhækkun sje ekki samþykt. Og það væri alveg óhætt, þótt einstaka manni væri gefinn tími og tækifæri til að skríða út úr mestu kreppunni. Þeir, sem hjer eru efnaðastir nú, eru þó ekki ríkari en það, að þeir myndu varla vera taldir efnaðir menn annarsstaðar.

Þá sagði hv. þm., að alt að 4 þús. kr. tekjum væri slept, af því að það borgaði sig ekki að vera að eltast við innheimtu á svo smáum upphæðum. En þetta er hugsunarvilla eða athugunarleysi, því það er ekki eins og skatturinn falli alveg niður af þessum lágu tekjum, þótt hækkuninni sje slept, og verður því jafnt eftir sem áður að eltast við þá alla. Það væri þó sönnu nær, að frekar borgaði sig að elta þessar smáupphæðir, ef skatturinn væri hækkaður á þeim lægri tekjum líka. En að jeg greiddi atkvæði með því, að hækkunin næði ekki til lægstu tekna, var af því, að jeg taldi alla hækkun rangláta, og vildi því bjarga því, sem hægt var að bjarga.

Það svar, sem jeg fjekk við þeirri spurningu minni, við hvað bæri að miða, þegar ákveða skyldi þessar 4 þús. kr. tekjur, sem undanþegnar eru hækkuninni, var æðióljóst. Jeg vil í fullu bróðerni benda hv. frsm. á, hvort ekki væri hægt að skilgreina þetta betur, svo ekki geti valdið ágreiningi við hvað er átt. Jeg býst varla við því, að þarna sje átt við brúttótekjur manna. En sje það ekki, — hvað má þá draga frá þeim? — Má draga fyrningu á eign, t. d. húsi, sem maður á, frá brúttótekjunum? Eða opinber gjöld? Eða hvað er það, sem draga má frá? Eða eru það eftir alt saman brúttótekjurnar, sem við er átt? Það þarf að tiltaka nánar, á hvaða stigi þessar 4 þús. kr. eru, sem eiga að vera undanþegnar hækkuninni.

Jeg er nú satt að segja hálfhræddur um, að þessi skattauki etist upp á þann hátt, að ver verði talið fram til skatts. Óánægjan með tekju- og eignarskattinn eykst við þetta, og vegna þess hve erfitt er að hafa eftirlit með framtali manna, sem atvinnu reka, þá er hætt við, að þetta leiði til frekari undanbragða. Hjá þeim, sem lifa á föstum launum, er þetta ekki hægt. Þeim er ekki undankomu auðið. Löngun flestra er nú sú, að komast sem mest hjá útgjöldum. Og eftir því sem þessir skattar verða meira hækkaðir, eftir því vex löngun manna að koma sjer undan að greiða þá. Enda er nú svo, að hvorki hv. þm. nje aðrir munu vera trúaðir á það, að góð framtöl náist. — En máske ætti nú hv. þm., sem er hagfræðingur, að vita og geta sagt, hvað langt er óhætt að ganga á þessu sviði. En mjer kæmi það ekki á óvart, þótt skattur þessi, þegar búið er að hækka hann, lendi að mestu leyti á þeim, sem af föstu kaupi lifa. Jeg er hræddur um, að það verði kapp hjá

kaupmönnum, handverksmönnum o. fl. að koma tekjum sínum niður í þessi 4 þúsund. Jeg tel því mjög vafasamt, að þetta nái þeim tilgangi sínum að auka tekjur ríkissjóðs. Verst af öllu er þó, að ekki verður hægt að sjá það eftir á, hvort þetta lánast eða ekki, svo ekki verður hjer um neina reynslu að ræða, sem hægt væri að byggja á í framtíðinni.

Haraldur Guðmundsson: Jeg hefi lítið lagt til þessara mála hingað til, en tel þó ekki rjett að þegja alveg við ræðum hv. 1. þm. Reykv. Þeir, sem móti frv. þessu hafa lagst, hafa látið í veðri vaka, að með samþykt þess væri einkum og aðallega veitst að embættismönnunum. Einkum hefir hv. 1. þm. Reykv. lýst með dökkum litum hinni illu meðferð, sem þeir yrðu fyrir. — (**MJ:** Og aðrir starfsmenn og launamenn!). Hv. þm. talaði aðeins um embættismennina. En þótt hinir sjeu teknir með, breytir það engu. Flestir þessara manna starfa fyrir laun, sem eru lægri en 4000 kr. á ári. T. d. eru það aðeins elstu prestar, sem hafa yfir 4000 króna árslaun, en prestastjettin er fjölmennasta embættismannastjettin, að undanteknum barnakennurum. Símamenn, póstmenn og barnakennarar eru allir fyrir neðan þetta lágmark, 4 þús. kr. árstekjur, nema þá örfáir yfirmenn. Sama er að segja um skrifstofufólk og verslunarfólk. Þar er ekki um svo háar árstekjur að ræða, nema þá örfárra yfirmanna, sem lengi eru búnir að starfa og hafa þá venjulega talsvert hærri laun.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, og hefir oft sagt áður, að launakjör embættismanna margra væru óhæfilega lág. Þetta er alveg satt. Það er til dæmis óhæfilega lágt að borga prestum sem byrjunarlaun 2000 kr., eða með dýrtíðaruppbót um 2800 kr. Þessir menn eru búnir að stunda nám í mörg ár og eru því einatt illa staddir fjárhagslega. — En vitanlega nær ekki hækkun tekjuskattsins til þessara nje annara lágt launaðra manna. En launamálið er hjer ekki til umr. nú, og skal því ekki farið lengra út í það.

Í þessum umr. um þetta mál, hækkun á tekju- og eignarskatti, hefir verið gerður samanburður á því og lækkun kaffi- og sykurtollsins, sem samþ. var nú fyrir skemstu. Jeg skal nú athuga þennan samanburð og byggja á þeim tölum, sem hv. andmælendur þessa frv., sem hjer liggur fyrir til umr., hafa haldið fram, að væru rjettar.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að skattur af 4000 kr. árstekjum væri 72 kr. Sami hv. þm. taldi, að Reykvíkingar mundu neyta ⅓ af því kaffi og sykri, er til landsins flytst, eða borga ⅓ af kaffi- og sykurtollinum, en það verða þá 350 þús. kr. Jeg held nú að vísu, að þeir greiði meira en þetta af þeim tolli, en skal þó reikna með þessari upphæð. — 20% lækkun á kaffi- og sykurtollinum nemur því fyrir Reykjavík kr. 70000.00. Álagning kaupmanna á þá upphæð nemur minst kr. 15000.00, eða samtals kr. 85000.00. Sje gert ráð fyrir því, að hjer í Reykjavík sjeu 4000 heimili, þá kemur á hvert heimili kr. 21.00 lækkun. Nú er skattur samkvæmt framansögðu af 4000 kr. 72 kr. 25% hækkun á þá upphæð verða 18 kr., eða með öðrum orðum 3 kr. minna en lækkun kaffi- og sykurtollsins. Ef gert er ráð fyrir fimm manna heimili með 6500

kr. tekjum og 2000 kr. í frádrátt, þá verða eftir 4500 kr., og þá stendur þetta í járnum. Fjölskyldumenn, sem hafa undir 5000 kr. skattskyldar tekjur, tapa því engu við þetta. Það er þá fyrst, þegar tekjurnar fara að verða háar og ekki minni en 8—10 þús. kr., sem útgjöldin aukast verulega vegna þessara breytinga. Og svo vitanlega á einhleypum mönnum, úr því kemur yfir 4000 kr. lágmarkið. Það verður því, ef þessi frv. verða samþykt, lækkun á þeim tekjuminni, en hækkun á þeim, sem hafa miklar tekjur, og það tel jeg rjettmætt. Jeg vildi benda á þetta, af því að andstæðingar frv. hjeldu því fram, að verið væri að þyngja skatta á embættismannastjettinni yfirleitt.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að ef þetta frv. yrði samþykt, þá mundi það leiða til þess, að skattaframtal mundi versna að stórum mun. En jeg vil nú hreint ekki trúa því, að þetta verði svo. Mjer finst alveg ósæmilegt að bera landsmönnum slík skattsvik á brýn. Í öðru lagi bera slík ummæli vott um lítið traust til skattanefndanna, sem eiga að sjá um, að rjett sje talið fram. Og í þriðja lagi sje jeg ekki annað en að ef menn hafa tilhneigingu til að svíkja þennan skatt, þá verði sú tilhneiging og möguleikinn til að framfylgja henni nákvæmlega sá sami eftir sem áður. Jeg sje ekki, að neinir nýir möguleikar sjeu skapaðir fyrir menn til að svíkja skattinn, þótt hann verði hækkaður um 25%.

Það er rjett, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það stendur ómótmælt, að þótt þessi skattur verði hækkaður um 25%, þá verða þó beinu skattarnir þrátt fyrir það aðeins lítill hluti af tekjum ríkissjóðs, en það er spor í rjetta átt, að hækka skatta á einhleypingum, þeim sem háar tekjur hafa, og gróðafjelögum.

Hv. þm. sagði, að um það yrði ekki deilt, að gott væri að hafa meira af kapitalistum en hjer væri. Jeg skal ekki deila við hann um það nú. Enginn mælir því í gegn, að gott væri, að íslenska þjóðin hefði yfir að ráða meiru fjármagni en hún nú hefir. En því fje væri áreiðanlega best, að þjóðin sem heild hefði umráð yfir og eignarhald á, en ekki örfáir einstaklingar. Víst er gott, að menn safni sjer varasjóðum með sparnaði, en þó má minna á það, að slíkt sparifje má kaupa of dýru verði. Þegar sparnaðurinn stendur í vegi fyrir því, að ríkið geti lagt í arðsöm þjóðþrifafyrirtæki, þá er hann til ógagns, en þetta verður þegar fjeð er lagt í geymslu, eða þá vafasamar spekulationir, í stað þess að nokkur hluti þess renni til nytsamra framkvæmda ríkisins. Hitt er þó enn verra, ef svo mikil áhersla er lögð á að spara, að sparað er það, sem ómögulegt er án að vera án þess að bíða tjón á heilsu og þroska sálar eða líkama. Gildir þetta jafnt um þjóðina alla og hvern einstakling. Mín skoðun er sú, að besta geymsla fjárins sje sú, að leggja það í arðsöm fyrirtæki, sem skapa nýtt fje og nýja framfaramöguleika, að verklegar framkvæmdir og menningarbætur þjóðarheildarinnar sjeu besti sparisjóðurinn, sem landsmenn geta ávaxtað fje sitt í.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki

lengja umr. mikið. Hv. þm. Ísaf. sagði, að minni hluti embættis- og starfsmanna ríkisins kæmist undir ákvæði þessa frv. um hækkun á tekjuskattinum, vegna þess hve flestir þessara manna væru lágt launaðir. En þetta er mesta fjarstæða. Hv. þm. þarf ekki annað en að fara upp í bæjarskrifstofu og athuga skattaskrárnar, til að sannfærast um, að þetta er ekki rjett. Háttv. þm. talaði í þessu sambandi um ýmsar stjettir manna. Hann talaði meðal annars um laun prestanna, en hann gleymdi því, að þeim er bætt upp með því að láta þá hafa góða bújörð, og getur búskapur á henni orðið til þess að koma þeim upp fyrir lágmarkið. Símalaunin eru að vísu lág, en mörgum þessara manna er borgað sjerstaklega fyrir ýmsa aukavinnu. Þótt því launin sjeu lág, þá komast þó flestir þessara manna upp fyrir lágmarkið með allskonar aukavinnu. Hv. þm. hefir brent sig á því, að hann hefir athugað launaskrána eina saman, en ekki raunverulegar tekjur manna samtals.

Þá reiknaði hv. þm. Ísaf., að niðurfelling kaffi- og sykurtollsins mundi nema meiru fyrir meðalheimili en hækkun tekju- og eignarskatts. Hv. þm. bar svo ört á, að jeg gat ekki fylgst með í reikningnum, en jeg skal trúa því, að hann hafi reiknað rjett.

Nú er sá munur á þessu tvennu, að annan gjaldstofninn má spara, en hinn ekki. Sá, sem vill spara, getur komist hjá því að greiða kaffi- og sykurtoll úr hófi fram, og það er ekki nema rjett að leyfa mönnum að komast hjá að greiða gjöld, ef þeir vilja leggja nokkuð á sig til þess. Hinn gjaldstofninn kemur jafnt niður á sparsömum og ósparsömum. Þar að auki er annað atriði, sem jeg hygg rjett vera, að kaffi og sykur er meðal þeirra vara, sem tekið er tillit til, þegar ákveðin er dýrtíðaruppbót, og þannig verður kaffi- og sykurtollur til þess að hækka dýrtíðaruppbótina, og yfirleitt er það svo með verðlag á slíkum vörum, að tekið er tillit til þess, þegar ákveðið er kaupgjald manna. Annars var það dálítið annað, sem við vorum að deila um samþingismennirnir, og það var, hvernig þessir gjaldstofnar kæmu niður á Reykjavíkurbúum. Skoðun mín er sú, að hækkun tekju- og eignarskatts komi harðar niður á Reykvíkingum en kaffi- og sykurtollurinn. Ef þessir gjaldstofnar nema 200 þús. kr. hvor um sig, þá greiðir Reykjavík 67 þús. kr., eða ⅓ þeirrar upphæðar, í kaffi- og sykurtolli, en í hækkun tekjuskatts 133 þús. kr., eða ⅔. — Það er ekki til neins að drótta skattsvikum að mönnum. Það mun afarerfitt verk að leitast við að fá gefnar upp rjettar tekjur, og eftir því mun löngun manna vaxa til þess að hliðra sjer hjá að greiða skattinn, sem skatturinn hækkar og menn eiga erfiðara með að greiða **hann.**

Það hlýtur altaf að verða svo, að meira og minna af tekjunum kemst undan skatti, og verður við þetta að kannast í fullri hreinskilni.

Jeg get slept því að fara út í hinar almennu athugasemdir hv. þm. Ísaf. um það, hve æskilegt væri að fá fjármagn inn í landið. Það yrði svo langur „teoretiskur" fyrirlestur að sýna muninn á skoðun jafnaðarmanna, sem vilja sem mestar opinberar framkvæmdir, og hinna, sem byggja mest á einstaklingsframtakinu, að hann mundi end-

ast í allan dag. Jeg var að bíða eftir því, að hv. frsm. meiri hl. tæki til máls, til þess að geta svarað honum um leið, en honum þóknaðist ekki að biðja um orðið fyr en nú, að jeg er dauður, svo að jeg get ekki svarað honum.

Frsm. meiri hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg ætla að svara þessu hjali hv. 1. þm. Reykv. með örfáum orðum, svo að hann geti svarað þeim með þeirri athugasemd, sem hann á ráð á að gera. (**MJ:** Við 4. umr.?). Hæstv. forseti hefir verið svo frjálslyndur að leyfa mönnum að gera eina aths., og vona jeg, að hann veiti leyfi sitt einnig nú.

Það virðist hafa komið óþægilega við þá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Dal., að farið var að athuga nánar þau plögg, sem þeir hafa mest notað til að færa sönnur á mál sitt, brjefið frá form. starfsmannasambands ríkisins. Nú gekk hin síðari ræða hv. 1. þm. Reykv. út á það að sanna, að í raun og veru væri meint alt annað í þessu brjefi, sem fyrir liggur og sem undirritað er af prófessor Ág. H. Bjarnason. Jeg verð að segja, að það er undarlegt, ef á að skilja það brjef á annan veg en það hljóðar, og þá fer að verða spurning, hvernig yfirleitt eigi að skilja það, er menn bæru fram einmitt það, sem þeir meintu ekki. Annars er það einkennilegt, að þegar embættismenn tala um launakjör sín, þá vitna þeir í launalögin, en ef minst er á tekjuskatt, þá er bætt ofan á launalögin öllum þeim aukatekjum, sem þeir kunna að hafa.

Hv. þm. sagði, að ekki væri óvanalegt, að þessir starfsmenn ríkisins greiddu 200—300 kr. í tekjuskatt, en ef litið er á skattstigann og ef menn þessir eiga 2—3 börn, þá eiga þeir að svara þeirri upphæð af 10500 til 12500 kr. árstekjum. Eru tekjur þeirra þá svo miklar, hvort sem það eru embættistekjur eða lögákveðnar tekjur, að viðbættum aukatekjum, að engin ástæða er til þess að vorkenna þeim það að greiða þennan viðauka á tekjuskatti, sem hjer er farið fram á.

Það er ekki bæði hægt að skírskota til þess, hve þessir embættismenn hafa lág laun samkv. launalögunum, og svo hins, hve ákaflega háan tekjuskatt þeir greiði, því að hann er reiknaður af hinum lögákveðnu launum og þeim aukatekjum, er þeir hafa. Það er ekki nóg með það, að þessi stjett manna fari fram á ríflega uppbót á launum sínum, heldur gerir hún einnig kröfu til þess að verða nær því skattfrjáls, eða að minsta kosti undanþegin persónuskatti.

Jeg verð að segja, að það er furðuleg krafa af þessari stjett að búast við því, að við sjeum svo langt á eftir tímanum og við lítum svo upp til hennar, að við veitum henni undanþágu frá þeim sköttum, sem aðrar stjettir verða að greiða.

Jeg vona, að meiri hl. hv. deildar líti svo á, að tekjuskatturinn eigi að ganga jafnt yfir allar stjettir, er hann nær til, sje almennur, sem er fyrsta regla allra góðra skatta. Þá reiknaði hv. 1. þm. Reykv., að Reykjavík greiddi ⅔ af tekjuskattinum, og geri jeg ráð fyrir, að það muni vera rjett.

Ennfremur giskaði hann á, að Reykvíkingar greiddu aðeins ⅓ af kaffi- og sykurtolli. Það þykir mjer ólíklegt, og þykir mjer nær sanni, að það muni

vera ½. Jeg get ekki fallist á það, að kaffi- og sykurneytsla sje jafnmikil í sveitum og kaupstöðum, þar sem mjólk er mikið notuð til sveita með öllu þurmeti í stað þessarar vöru.

En ef það er rjett, sem jeg hygg vera, að Reykjavík greiði helming kaffi- og sykurtolls, er ekki mikill munur á fjárhæðunum. Þó er það ekki aðalatriðið, hve mikill hluti er greiddur úr þessu kjördæmi, heldur hitt, af hverjum hann er greiddur og hvort það eru hinir ríku eða fátæku, sem skattinn og tollinn greiða.

Hv. 1. þm. Reykv. er svo sem ekki að verja hina fátæku kjósendur sína, heldur þá, sem ríkir eru, því að við nákvæmari sundurliðun á tekjuskatti í Reykjavík mundi hv. þm. sjá, að meiri hluti alls skattsins er goldinn af þeim, sem hafa yfir 10 þús. kr. tekjur. Það eru þessir menn, sem hann er að verja, og fyrir ríkustu mennina er hann að vinna, en jeg sje enga ástæðu til að hlífa þeim mönnum við tekjuskatti, sem nógar tekjur hafa, hvort sem þeir eru búsettir í Reykjavík eða annarsstaðar.

Jeg hjelt satt að segja, að hv. þm. væri svo ljóst, hver munur væri á árstekjum og skatttekjum, að hann gæti ekki vilst á þeim. Jeg veit, að hv. þm. færir árstekjur sínar mjög gaumgæfilega á hverju ári, en skatttekjurnar koma fyrst til greina eftir að skattstjórn hefir dregið frá lögmætan frádrátt. Alveg sama máli er að gegna um atvinnurekendur. Hygg jeg því, að öllum muni ljóst, að hjer er átt við 4000 kr. árstekjur. Jeg hefi enga trú á því, að tekjuframtal verði lakara, þótt þessi hækkun á tekjuskatti verði samþ., og jeg geri mjer að minsta kosti góðar vonir um það, að hæstv. stjórn gangi betur eftir því, að tekjuframtal manna verði betur af hendi leyst, en fráfarandi stjórn hefir gert.

Vona jeg, að önnur eins hneykslismál og komið hafa upp í sambandi við skattana komi ekki eftir að hæstv. stjórn hefir starfað að þessum málum.

Hv. þm. lauk svo máli sínu, að hann vildi vinna að því að koma „kapitalisma“ og „kapitalistum“ inn í landið. Hv. þm. Ísaf. skýrði frá skoðun okkar jafnaðarmanna á því atriði, en jeg vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að vilji hann koma þeim upp með ívilnun á skattgreiðslum, þá getur hann það ekki nema með því að láta það koma niður á öðrum, það er að segja, alþýðunni. En á móti því berjumst við jafnaðarmenn og alþýðan öll.

Magnús Jónsson: Það er mest vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. mælti svo vel með mjer, að jeg fengi að tala, að jeg ætla að taka til máls.

Það er mjög gott, ef það er sannað, að embættismenn hvorki tapi eða græði á þessari breytingu, því að þá er ekki hægt að segja, að jeg berjist gegn henni í eiginhagsmunaskyni.

Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. Ísaf. hafi reiknað rjett hvað snertir lægri embættismennina, en hv. 2. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði kannast við, að embættismenn hefðu 200—300 kr. tekjuskatt. Það er alls ekki rjett; jeg var að andmæla þessu. Jeg hygg, að það muni undantekning, ef embættismenn komast svo hátt; en sje svo, þá sýnir það aðeins, hve mörg störf þeir verða að hafa utan embættis til þess að komast af. — Það er alkunna, að svo mjög sverfur að embættismönnum

í Reykjavík, að bæði þeir og þeirra konur verða að leggja á sig mjög mikla aukavinnu til þess að geta sjeð fyrir brýnustu þörfum heimilanna, og þessi aukavinna tekur mjög mikinn tíma frá embættisstörfunum.

Hv. þm. sagði, að þegar embættismenn færu fram á launabót, væri vitnað í launalögin, en ef minst væri á tekjuskatt, væri bent á það, hve ákaflega háan tekjuskatt þeir greiddu nú þegar.

Þetta má maður manni segja, og það er ekki nema eðlilegt, að menn reyni að færa sem mest rök fyrir máli sínu. Það er ekki til neins að vera að þrátta um það, hve mikill kaffi- og sykurtollur sje greiddur í Reykjavík. Landsreikningurinn 1926 sýnir, að þá hefir verið greitt í kaffi- og sykurtoll á öllu landinu 1159 þús. kr., en í Reykjavík 591 þús. kr., með öðrum orðum liðlega helmingur.

Nú er það vitanlegt, að af þessum vörum er mikið flutt aftur frá Reykjavík, þótt þær sjeu tollaðar hjer. Þetta leiðir af aðstöðu Reykjavíkur og því, hvernig samgöngunum er háttað. Jeg áætlaði, að ⅓ kaffi og sykurs væri notaður í Reykjavík, og er þá kaffi- og sykurneytsla áætluð nokkuð hærri en annarsstaðar, þar sem ¼ allra landsmanna býr í Reykjavík. Af þessu er það sannað, að helmingi minna af kaffi- og sykurtolli lendir á Reykjavík en hækkun tekjuskattsins.

Jeg skal nú ekki nota málfrelsi mitt öllu lengur, en þar sem hv. 2. þm. Reykv. hjelt, að alt mundi blessast og blómgast undir verndarvæng hinnar nýju stjórnar, vil jeg beina þeirri spurningu til hans, hvort þessara tekjuauka sje þörf. Mun ekki hin ágæta framkvæmd laganna koma í þeirra stað? Jeg vil skora á hv. þm. að taka frv. sitt aftur og varpa öllum sínum áhyggjum yfir á hina nýju stjórn, ef hún tekur fyrv. stjórnum svo mjög fram. Það hefir líka verið mikið um það talað, hve hin aukna tollgæsla hafi margborgað sig, en af því hlýtur að leiða auknar tekjur fyrir ríkissjóð. En það finst mjer harla undarlegt, að í öllum áætlunum stjórnarliðsins er ekki tekið hið minsta tillit til neins þessa. Eitt er þó víst, að það er mjög misráðið að hækka þennan tekjuskatt, sem kemur svo misjafnlega rjettlátt niður á mönnum og íþyngir sumum þeim um megn.

ATKVGR.

Frv. samþykt með 15:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 612).

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 612, n. 652 og 664).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):* Eins og sjá má á nál. á þskj. 652 og 664, hefir fjhn. ekki getað orðið sammála um þetta frv.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er eins og öllum háttv. deildarmönnum er kunnugt sú, að þegar á öndverðu þingi kom það í ljós, að ef ekki ætti að draga stórlega úr verklegum framkvæmdum af hendi ríkissjóðs, yrði að leita frekari tekjuauka en heimild er fyrir í gildandi lögum. Jeg þarf ekki að lýsa, hvað ofan á hefir orðið í þessu efni. Það hefir sem sje orðið ofan á að leita ríkissjóði nýrra tekna, en stöðva ekki verklegar framkvæmdir. Ein af þeim leiðum, sem fært þykir að fara til öflunar tekna, er sú, er frv. bendir á. Jeg ætla ekki að fara út í mótbárur háttv. minni hl. fjhn. gegn frv. Þær munu að sjálfsögðu koma fram frá rjettum aðiljum í umræðunum, og gefst tækifæri til andsvara síðar, ef þurfa þykir. En þar sem nú með lögum, sem þegar eru afgreidd frá þinginu, hafa verið hækkaðir að nokkru ýmsir tollar og skattar, sem á öllum almenningi hvíla hlutfallslega eftir höfðatölu, eða því sem næst, hefir þótt tiltækilegt að hækka einnig skatta, sem lagðir eru á tekjur manna og eigur, með öðrum orðum þá skatta, sem taldir eru beinir skattar.

Það hafa sem kunnugt er verið uppi tvær ólíkar stefnur um það, á hvern veg beri að afla ríkissjóði tekna. Önnur er sú, að það beri að taka tekjur ríkissjóðs að töluvert miklu leyti með beinum sköttum, en hin vill halda sem mest við tollana, eða óbeinu skattana. Þessar tvær stefnur hljóta altaf að vera meira og minna andstæðar, og um slíkt frv. sem þetta hljóta þær að rekast á. Jeg ætla ekki að þessu sinni að rökræða um þessar stefnur og það, sem þeim ber á milli. En á hitt vildi jeg benda, að ekki er óeðlilegt, þótt leitað sje fyrir sjer einnig á þessu sviði, þegar búið er að þyngja alla skatta og tolla aðra, er á almenningi hvíla.

Sú mun hafa verið tilætlunin í fyrstu, að ákvæði þessa frv. næði til allra, er greiða tekju- og eignarskatt. En á því var gerð breyting í háttv. Nd., svo að nú er ekki ætlast til, að 25% viðauki á tekjuskatti taki til nema þeirra, er hafa tekjur yfir 4000 kr. á ári. Að sjálfsögðu virðist það hafa við gild rök að styðjast, að ekki sje vert að hækka skatta af þurftarlaunum eða þaðan af minni. Hinsvegar er vert að taka það til athugunar, hvort ekki sje rjett að breyta skattstiganum einnig. Jeg er ekki frá því, að þess væri full þörf. En til þess þarf meiri tíma en komið yrði við á þessu þingi. Og á það ber að líta, að verði þessi leið ekki farin, er ekki hægt að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaust. En þó virðist mjer af brtt. þeim, sem liggja fyrir frá háttv. deild til 3. umr., sem fer fram á morgun, að enn hafi háttv. deildarmönnum ekki fundist svo hlaðið á fjárlögin, að ekki mætti þar nokkru við bæta. Mjer virðist það hljóti að vera gert með það fyrir augum, að tekjuaukafrv. verði samþykt. Annars hlýtur það að vera gert í því trausti, að ekki saki, að fjárlögin sjeu afgreidd með tekjuhalla. Að óreyndu vil jeg ekki trúa því um neinn háttv. þingmann, að hann

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

líti svo á. Jeg vil því mega vænta þess, að þótt menn sjeu kannske ekki ánægðir með stefnu þá, er lýsir sjer í frv., þá viðurkenni þeir þó að minsta kosti nauðsynina á því að afla ríkissjóði tekna, og þótt þeir telji þessa ráðstöfun ekki allskostar rjettmæta, þá samþykki þeir frv. að þessu sinni, með því að líkur eru til, að skipuð verði millilinganefnd til þess að taka til alvarlegrar yfirvegunar skatta- og tollalöggjöf landsins. Skattamál landsins eru komin það á ringulreið, að jeg tel sjálfsagt að vinna að því ósleitilega að komast sem fyrst á fastan grundvöll. Jeg held það verði tæplega sagt, að þessi breyting á tekju- og eignarskatti geri það mikinn glundroða, að ekki sje fyrir þær sakir forsvaranlegt að gera þessa ráðstöfun til bráðabirgða. Jeg sje ekki, að hjá því verði komist, úr því sem komið er.

Jeg ætla ekki, eins og jeg tók fram áðan, að andmæla þeim skoðunum, er jeg býst við, að komi fram hjá háttv. minni hl. Geymi jeg mjer það þangað til síðar, ef tilefni gefst. Þeir, sem leggjast á móti frv., hljóta að viðurkenna, að afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að fjárlögin verða ekki afgreidd án tekjuhalla að þessu sinni, ef það verður felt. En jeg geri þá kröfu til þeirra, að þótt eitthvað beri á milli um skoðanir, viðurkenni þeir samt og sýni í verki, að það verði þó að ganga fyrir öllu að sjá fjárhag ríkisins sæmilega borgið.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það mun vera æðitilgangslítið að fara mörgum orðum um þetta mál. Forlög þess munu vera ákveðin fyrirfram, eins og í flestum öðrum málum. Það ætti þó ekki að vera ámælisvert, þótt mismunandi skoðanir komi fram um þetta mál, sem grípur svo djarflega inn í hag atvinnuveganna við sjóinn og hag embættis- og sýslunarmanna landsins. Bændur snertir lagabreyting þessi ekki, eða sáralítið.

Minni hl. telur óráðlegt að halda stöðugt áfram að hækka eignar- og tekjuskattinn, sem er þegar alt of hár í fátæku og veltufjárlausu landi eins og þetta land er. Það, sem atvinnuvegir okkar hafa einkum að berjast við, er veltufjárleysið. Lánsstofnanirnar freistast því til — og það oft meira en holt er fyrir þjóðfjelagið — að lána atvinnufyrirtækjunum fje til rekstrar þeirra, án nauðsynlegrar tryggingar. Ef haldið er áfram að íþyngja atvinnuvegunum með háum beinum sköttum, þá þýðir það, að þau eignast lítið og komast seint eða aldrei úr kútnum. Og alt gengur þetta út yfir aðallánstofnanirnar, lífæð þjóðarinnar, sem halda áfram að vera í dauðateygjunum eins og þær hafa verið nú síðustu 7—8 árin. Að þessu er stefnt með frv. þessu.

Það var stefnt að því hjer áður, meðan þekking á fjármálum fjekk að ráða og njóta sín á Alþingi og á meðan menn litu á ríkissjóð sem sjóð, sem ekkert mætti granda, að taka tekjurnar þar, sem þær voru tryggastar fyrir ríkissjóðinn. Þá datt engum í hug að *braska* með ríkissjóðinn, að láta hann „spekúlera“ eins og *spákaupmenn*. Þess vegna tóku menn skattana í landssjóð með tollum, en að litlu leyti með beinum skatti af atvinnu. Samkvæmt skattalögunum 1877 gat at-

vinnutekjuskatturinn komist hæst upp í 4%. Nú vita menn, hversu hár hann er. Menn treystu því þá, að svo lágur beinn skattur kæmi undandráttarlaust í landssjóð, af því að hann var ekki hærri en þetta.

Nú er það hvorttveggja, að atvinnutekjuskatturinn er mjög óáreiðanlegur tekjustofn, því að þær tekjur fara eftir árferði, og svo er allmikil hætta á undandrætti á greiðslu skattsins, þegar hann er orðinn svo hár, að menn viðurkenna ekki rjettmæti hans, og þegar hann bætist þá líka ofan á sveitarútsvör, sem eru miklu hærri en svo, að þau standi í rjettu hlutfalli við árstekjur manna.

Jeg vil benda á, að atvinnutekjur voru undanfarin ár sem hjer segir: 1922 1224000, 1923 781000, 1924 841000, 1925 2108000 og 1926 1071000 krónur.

Menn sjá af þessu, að miklu getur munað frá ári til árs. Embættis- og sýslunarmenn landsins verða hjer langharðast úti, þeir sem meiri tekjur hafa en 4000 kr.

Þegar launalögin voru sett síðast, gengu menn út frá því, að tekjuskatturinn, eins og hann þá var, mundi eiga að vera aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Að minsta kosti bjuggust menn þá ekki við, að sá skattur mundi hækka. Skattahækkun þessi verkar því sem beinn frádráttur á lögmæltum launum þeirra. Og hver veit nema þinginu þóknist næsta ár að hækka skatt þennan upp í 50% og árið þar eftir upp í 75%, o. s. frv., án þess að hækka laun embættismanna að sama skapi. Jeg treysti því ekki, þó að hv. frsm. meiri hl. (IP) bendi á nýja milliþinganefnd, að hún bæti neitt úr þessu. Jeg sje ekki betur en að skattastefna þessi miði að því að gera þá menn, sem helst bera þjóðfjelagið uppi, að öreigum og að hnekkja því, að aðallánsstofnanir okkar geti einhverntíma komist á rjettan kjöl. Alt á að jafna við jörðu, sem er undanfari hins eftirþráða kommúnistaríkis. Alt stefnir að því að gera bjargálnamennina að öreigum — ríkismenn eigum við enga, — í staðinn fyrir að draga öreigana nær bjargálnamönnum, að hefja þá upp um leið og bjargálnamönnum fjölgar.

Samhjálpin virðist hollari stefna, þar sem þeir efnaðri hjálpa þeim minni máttar, ef eitthvert óhapp ber að höndum. Sú stefna er að ryðja sjer til rúms hjer á landi og ætti að sigra.

Jeg hefi rekið mig á hana hjer og þar á ferðum mínum um landið. Í Lóni, til dæmis, má það heita föst regla, að ef fátækur maður missir kú, eða verður fyrir öðrum óhöppum, þá skjóta efnaðri mennirnir saman til að bæta honum skaðann. Sama má segja um til dæmis Keflavík syðra. Þar eru efnamennirnir búnir að taka upp sama siðinn. Ef útgerðarmaður þar verður fyrir sjerstökum óhöppum, þá skjóta efnamennirnir saman til að hjálpa honum. Hið sama má segja um Reykjavík. Beri óhapp að höndum, eru menn, sem það geta, boðnir og búnir til að bæta úr því, og það jafnvel þó óhappið snerti aðeins utanbæjarmenn. Fjöldi er hjer af fjelögum, sem vinna að því, að þeir, sem geta, beri annara byrðar, sem eru ver settir en þeir. Þessi stefna eykur því drengskap manna, göfuglyndi og kærleikann til annara. Þveröfug áhrif hefir

niðurrifsstefnan, sem alt vill jafna við jörðu og sem notar öll meðul til þess. Hún skapar aðeins úlfúð og hatur milli manna, og er því ekki þess að vænta, að neitt göfugt eða holt spretti upp af því sæði. Og þetta frv. er einn liðurinn í niðurrifsstefnu þessa þings.

Þetta voru þá almennar athugasemdir út af þeirri stefnu, sem ríkt hefir á þessu þingi.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að tvær stefnur væru uppi í skattamálum, að ná tekjunum sem mest með beinum sköttum annarsvegar og hinsvegar með tollum. Hann taldi, að hjer væru þurftarlaun undanskilin, 4000 krónur. Jeg verð hinsvegar að álíta, að þarfir margra heimila sjeu miklu meiri en 4000 kr.

Þá hjelt hv. frsm. meiri hl. því ennfremur fram, að fjárl. yrðu ekki afgreidd án tekjuhalla nema þetta frv. yrði samþ. Það er nú búið að margreikna það og sanna, að þessara tekna þurfi ekki við til þess að jafna fjárl., og jafnvel þótt smávegis tekjuhalli yrði á þeim, þá hefir það oft komið fyrir og ekki reynst stórhættulegt. Það mun mjög sjaldan hafa verið svo, að enginn tekjuhalli væri á fjárl., og stundum hefir hann verið mjög mikill, upp undir hálfa miljón króna. Jeg hefi heldur enga trú á því, þótt sett væri milliþinganefnd í skattamálin, að hún finni grundvöll, sem ekki verði breytt. Meðan þessi reikula ráðleysisstefna ríkir, sem nú er uppi, getur enginn fastur grundvöllur skapast. Það er því alls ekki hægt að rjettlæta þetta hringl með því að skipa milliþinganefnd í þessi mál, því að útkoman mundi verða hin sama. Sá meiri hluti, sem nú ber ábyrgð á gerðum þingsins, mundi einnig þar hafa völdin.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):* Jeg hefi í rauninni ekki miklu að svara. Mikill hluti af ræðu hv. frsm. minni hl. gekk út á að minna á hina gömlu og góðu tíma, þegar skattar voru lágir og umsetning ríkissjóðs lítil. En tímarnir breytast og jeg held, að ekki væri til neins, þótt við vildum taka höndum saman um að taka upp aftur hið gamla og góða ástand. Slíkt er ekki annað en að berja höfðinu við steininn.

Hv. frsm. minni hl. taldi almenna dýrtíð undangengna og samfara henni þungar álögur. Ennfremur talaði hann um, að hætta væri á undandrætti á greiðslu, vegna þess að menn ekki viðurkendu rjettmæti skattanna. Jeg verð að segja það, að jeg hefi aldrei komist upp á það að sleppa við greiðslu á lögmætum sköttum og skyldum, og mjer er ekki kunnugt um dæmi þess. Það má vel vera, að hv. minni hl. þekki það betur, en jeg verð að telja slíkt sprottið af alt öðrum hvötum en hv. þm. (BK) vill tileinka efnaðri mönnunum í landinu.

Hv. þm. trúði ekki á árangur af starfi milliþinganefndar, vegna þess að sú aðferð, sem hún benti á, mundi ekki standa stundinni lengur. Jeg byggi hinsvegar mikið á því, að þetta verði rannsakað til hlítar, og tel það rjetta aðferð til að finna heppilega lausn á þessu máli, og það tel jeg mjög mikilsvert, ef það tækist. Það

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

má vel vera, að okkur takist ekki að finna öruggan grundvöll, en jeg byggi von mína á því. Hv. þm. sagði, að þetta frv. mundi hnekkja lánsstofnunum landsins. Jeg veit nú ekki vel, hvað hann á við með þessu, en líklega það, að bankarnir eigi fje hjá þeim, sem skatturinn lendir þyngst á. Ef hann hinsvegar óttast, að sparifjárinnstæður manna muni minka, þá held jeg, að þær sjeu yfirleitt ekki mest frá þeim, sem hafa yfir 4000 króna tekjur, heldur hinum, sem minni tekjur hafa, enda eru þeir fleiri. (**BK**: Jeg talaði ekki um sparifje). Nei, jeg er aðeins að velta fyrir mjer, hvað hv. þm. á við.

Þá talaði hann um, að þessar álögur drægi úr viðleitni efnamannanna til að styðja hina. Hann minti á örlæti efnamannanna, svo sem í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu og í Keflavík syðra. Já, þessa starfsemi þekkjum við allir um alt land og viðurkennum hana, en hún liggur alveg utan við það mál, sem hjer er til umr., enda er það svo, að þó að oft sje hlaupið undir bagga með bágstöddum mönnum, þá koma menn ekki og hlaupa undir bagga með ríkissjóði, þó að hann sje í kröggum.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að margbúið væri að reikna út, að ekki væri þörf á þeim tekjum, sem þessu frv. væri ætlað að veita, til þess að jafna fjárl. Jeg get sagt nákvæmlega það gagnstæða, að það hefir margsinnis verið sýnt fram á, að ef ekki fást á næsta ári meiri tekjur, þá er óumflýjanlegur halli á ríkisbúskapnum. En munurinn er sá, að hv. þm. telur það ekki neitt athugavert, þó að einhver tekjuhalli verði á fjárl. Jeg verð nú að segja, að mjer kemur einkennilega fyrir að heyra þessa skoðun hv. þm. Hann mun alment álitinn varfærinn maður í fjármálum og mig minnir, að hann hafi hingað til ekki talið það heppilegt að afgreiða fjárl. með tekjuhalla. Það mun heldur ekki vera viðurkent af þjóðinni sem heppileg fjármálastefna. Auðvitað geta ófyrirsjáanleg höpp og hvalreki bætt úr því að nokkru, en slíku geta menn ekki reiknað með.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í hugleiðingar hv. þm. um stefnur í skattamálum, en jeg gæti búist við, að eftir að milliþinganefnd væri búin að rannsaka þetta yrði hægra að rökræða það mál. Hitt getum við deilt um út í það óendanlega, hvort beinir eða óbeinir skattar sjeu heppilegir eða óheppilegir, og ef ekki má hlíta úrskurði þeirra, sem starfa að rannsókn málsins milli þinga, eða vænta þess, að nýtilegar till. komi fram frá þeim, þá er þó enn síður mikils að vænta af deilum okkar tveggja um það hjer í dag.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Jeg get verið þakklátur háttv. frsm. meiri hl. fyrir það, hve lítið hann hefir hróflað við því, sem jeg sagði. Jeg þarf þeim mun minnu að svara. Jeg trúi honum vel til þess, að hann hafi enga hvöt til að komast hjá lögmæltum sköttum og skyldum; jeg þekki hann svo vel, að jeg veit, að slíkt þarf ekki að ætla honum. En ef hann kynnir sjer vel, hvernig ástatt er hjer í Reykjavík, þá hygg jeg, að hann sjái, að mín orð voru ekki töluð út í bláinn. Svo margar kærur yfir skattsvikum munu liggja fyrir stj., og það án þess hún hafi talið fært að gera nokkuð í því máli.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að sparifjeð kæmi frá almenningi, og gæti þetta því ekki haft áhrif á bankana. En hann verður að gá að því, að það er ekki nóg, þó bankarnir fái nóg sparifje, ef enginn getur sett nægilega tryggingu fyrir lánum út úr bönkunum, svo að hægt sje að ávaxta þetta fje í atvinnuvegunum.

Hv. þm. sagði, að menn hlypu ekki undir bagga með ríkissjóði, en viðurkendi þá starfsemi, sem jeg lýsti, samhjálpina. Jeg vildi aðeins sýna fram á, að það væri heppilegri aðferð en sú, sem kemur fram í þessu frv., að elta uppi þá menn, sem eitthvað geta, með sköttum og álögum. Gera alla fátæka, svo að enginn geti neitt.

Milliþinganefnd getur auðvitað skorið úr um stefnurnar í skattamálum fyrir sitt leyti, og auðvitað verður stefna sósíalista ofan á eins og nú standa sakir. En heldur mun jeg fylgja hinni stefnunni, að draga ör-eigana upp á við, svo að þeir nálgist bjargálnamennina og verði sjálfbjarga.

Jeg vil svo aðeins bæta því við, að mig furðar á því, ef þetta er svo nauðsynlegt sem menn vilja vera láta, að enginn hæstv. ráðh. skuli sjá ástæðu til að vera hjer viðstaddur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:5 atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins láta örfá ummæli fylgja þessu frv., þegar hv. deild nú afgreiðir það, sem gera má ráð fyrir.

Það er aðeins tvent, sem jeg vil segja af því marga, sem annars mætti taka fram til andmæla þessari lagasetningu. Hið fyrra, sem jeg vil taka fram, er það, að það er afarvarhugaverð stefna í skattamálum, sem þetta þing hefir tekið upp, þar sem það annarsvegar skerðir tekjur ríkissjóðs með því að lækka tolla á munaðarvörum, en hinsvegar fer fram á að bæta upp þann halla, og þó nokkuð meira, með því að hækka toll á afarnauðsynlegum vörum og með því að hækka tekju- og eignarskattinn. Þetta síðara, sem hjer liggur fyrir, tel jeg varasamt, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að eins og hún er fram borin í þessu frv., er ráðist á bann hluta af eignum og arði þjóðarinnar og þjóðarheildarinnar, sem hún síst má án vera. Það er ráðist einkum á þann hluta af þjóðararðinum, sem ætla má, að ekki mundi verða eyðslufje. En hessi arður af starfsemi borgaranna í þjóðfjelaginu er það fyrst og fremst, sem allur vöxtur og framfarir atvinnuveganna byggjast á, og í öðru lagi allar atvinnuvonir fyrir þá nýju borgara, sem vegna fólksfjölgunarinnar bætast í hópinn árlega og þurfa að fá atvinnutæki, hús og annað, sem keypt verður fyrir sparifje þjóðarinnar, til þess að geta komist áfram.

Jeg álít, að þetta sje afarvarhugaverð braut að fara inn á, beinlínis að höggva skarð í fjársöfnun þjóðarinnar, með því að þyngja beinu skattana. En hjer við vil jeg bæta því, að eins og þetta frv. kemur fyrir sjónir og

eins og afstaða þess verður til skattalöggjafarinnar yfir höfuð, þá mun tæplega verða litið öðruvísi á en að breytingin sje ranglát. Það hafa einu sinni verið sett lög um það, hvernig stighækkun tekju- og eignarskatts skuli vera, smáhækkandi skattstigi eftir því sem meira er til að gjalda af, hvort heldur eru eignir eða tekjur. Þegar einu sinni er búið að ákveða þetta, þá er það nú sú niðurröðun, sem verður að skoða sem rjettlæta, eins og það nú er skoðað rjettlæti, að allir gjaldi jafnháan toll af sömu vörutegundum. Við þessu er nú haggað, með því að taka nokkurn hluta gjaldenda út úr hópnum og segja við þá: Þið skuluð greiða hærra en ákveðið er eftir gildandi skattstiga, en hinir skulu sleppa. Þetta er alveg eins og ef skipað væri í tolllögum, að sumar stjettir manna skyldu borga hærri toll af einhverjum vörutegundum heldur en öðrum væri sagt að gera.

Fleira mun jeg ekki segja um þetta frv. að sinni, en hvor af þessum ástæðum er næg fyrir mig til að greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 730).

57. Einkasala á síld (frv. IP og EF).

Á 16. fundi í Ed., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (þmfrv., A. 113).

Á 18. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Jeg hygg, að tæplega sjeu deildar meiningar manna um, að fyrirkomulag það, sem er á sölu síldar hjer á landi, sje algerlega óviðunandi. Sjerstaklega munu þeir, sem við veiðarnar fást, finna til þess, og eins verkafólk þeirra. — 1926 voru samin heimildarlög, þar sem útgerðarmönnum var gefinn kostur á að mynda fjelag um söluna. En þessi heimildarlög hafa ekki komið til framkvæmda ennþá, eftir næstum 2 ár, og því ekki orðið að því gagni, sem ætlast var til, vegna þess að samtök hefir vantað. Við umr. 1926 gat jeg þess hjer, að jeg hefði ekki mikla trú á, að sú aðferð hepnaðist, en taldi þó rjett að reyna hana.

Reynslan hefir nú sannað þetta álit mitt, og taldi jeg því rjett að koma fram með þetta frv., ásamt hv. þm. Ak.

Jeg tel nú ekki þörf á að ræða einstök atriði frv. við 1. umr., heldur aðeins minnast á grundvallaratriðin. Jeg tel tæplega forsvaranlegt af löggjöfinni að gera ekkert í þessu máli. Og þar sem ein leið hefir verið reynd án þess að koma að notum, þá vildum við flm. reyna, hvort þessi leið, sem hjer er gert ráð fyrir, reynist ekki heillavænlegri til framkvæmda heldur en sú, er farin var 1926.

Jeg hygg, að mönnum sje svo ljós nauðsyn þessa máls, að ekki sje þörf á að lengja umr. að sinni. Jeg mun, ef mótmæli koma fram, áskilja mjer rjett til andsvara. Það er ósk mín, að frv. þetta verði að lokinni umr. látið ganga til sjútvn.

Jón Baldvinsson: Af því að jeg hefi nýlega flutt frv. um einkasölu á útfluttri síld, þá vildi jeg segja nokkur orð um þetta mál.

Í athugasemdum við frv. er sagt, að vonlaust sje um afgreiðslu þessa máls á þeim grundvelli, að ríkið taki að sjer einkasölu á síldinni. Mjer þykir leitt, að sú úrlausn þessa máls er ekki talin hafa fylgi, því mjer blandast ekki hugur um, að þar er um heppilegustu úrlausnina að ræða.

Þetta frv. er heldur ekki eins víðtækt og mitt frv., þar sem hjer er aðeins um ráðstafanir að ræða á þeim hluta síldarinnar, sem fluttur er úr landi. En til mála gæti komið að auka þetta frv. síðar, einkum þegar álit þess manns kemur, sem sendur var til Siglufjarðar til að rannsaka þar möguleikana fyrir því, að landið setti þar á fót síldarverksmiðju.

En þrátt fyrir það, þó jeg telji frv. þetta ekki eins heppilegt og mitt, þykir mjer þó ekki rjett að leggja stein í götu þess, þó jeg játi þann ágalla þess. Og erfiðleika hlýtur það að hafa í för með sjer að geta ekki samstundis komið upp síldarverksmiðju, er tekið gæti við síldinni í bræðslu fyrir rjettlátt og sanngjarnt verð. Jeg hygg líka, að það muni sýna sig, að það verður altaf erfiðleikum bundið að framkvæma slík lög svo vel fari, nema ríkið reki fyrirtækið eða verslunina sjálft, því það mundi vera minni mótspyrna erlendis á móti málinu í því formi, að ríkið sjálft færi með verslunina, heldur en ef fjelagsskapur einstakra manna á að sjá um söluna.

En þar sem þetta frv. er þó betra en lögin frá 1926, mun jeg ekki ráðast á móti því, þó jeg sje ekki ánægður með það. En máske er þetta milliliður eða hliðarspor, sem þessu máli er nauðsynlegt að stíga, áður en það kemst í hina einu rjettu höfn. — Það kann að vera, að það sje að einhverju leyti líkt og með járnbrautina og Titanfjelagið. Þetta Titansjerleyfi var talið ef sumum nauðsynlegt sem millispor, áður en ríkið sjálft tæki málið í sínar hendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 154 og 190).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 190. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Eins og sjá má af þskj. þeim, sem fyrir liggja, hefir sjútvn. ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykt með allverulegum breytingum. Brtt. meiri hl. við það er að finna á þskj. 154, og eru í sjö liðum.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. og er þess efnis að bæta við því ákvæði, sem í þskj. stendur. Er það til þess að tryggja það, að ætíð sje víst, að svo miklu leyti sem hægt er, að útnefning formanns hafi að baki sjer meiri hluta.

2. brtt. er við 4. gr., og eru þar gerð skýrari ákvæði greinarinnar um verkefni eða störf stjórnar fyrirtækisins. Við athugun virtist nefndinni

ástæða til að gera þessi ákvæði skýrari, og höfðu borist um það tillögur að norðan frá útgerðarmönnum, sem mikið hafa starfað að undirbúningi málsins.

3. brtt. er aðeins skýring. Þar er tekið fram, að ef útflutningsnefnd veðsetur óselda síld, þá megi ekki hvíla á henni nein önnur veðbönd.

4. brtt., við 7. gr., er efnismest. Greinin er algerlega orðuð um, og er þar aðallega farið eftir tillögum útgerðarmanna norðanlands.

5. brtt., við 8. gr., gerir skýrari ákvæðin um varasjóð og markaðsleitarsjóð. Hún þarf annars engrar útskýringar við.

6. brtt. er tímabreyting á reikningsári einkasölunnar, sem nefndinni þótti rjett að gera.

7. brtt. er nauðsynlegt bráðabirgðaákvæði. Ef frv. verður að lögum, er nauðsynlegur nokkru lengri frestur að þessu sinni fyrir útgerðarmenn að ákvarða sig.

Að öðru leyti sýnist mjer ekki ástæða til að fara langt út í málið á þessu stigi. Jeg geri ráð fyrir, að hv. minni hl. geri grein fyrir sinni afstöðu, og gefst þá sennilega tækifæri og tilefni að ræða það nánar. Jeg vil aðeins geta þess að endingu, að fyrir nefndinni lágu skýr gögn um það, að að baki frv. stendur meginþorri síldarútvegsmanna við Eyjafjörð og Siglufjörð. Jeg hugsa, að hv. meðflm. og meðnefndarmaður minn, hv. þm. Ak., muni skýra málið nánar, en hann hefir til þess miklu betri þekkingu.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Til þess liggja tvær aðalástæður, að jeg hefi ekki getað orðið hv. meðnefndarmönnum mínum sammála um þetta frv. Fyrri ástæðan er sú, að til eru lög um sölu á síld frá 1926. Þar er það ákveðið, að ef 20 útgerðarmenn eða fleiri mynda fjelagsskap í því skyni, geta þeir fengið heimild ríkisstjórnarinnar til einkasölu á síld. Veit jeg ekki betur en að þegar fyrir löngu sjeu hafin samtök meðal útgerðarmanna um undirbúning slíks fjelagsskapar. Þegar á árinu 1926 samþyktu 39 útgerðarmenn að stofna síldarsamlag. Það, að enn hefir ekki orðið af framkvæmdum, stafar sjálfsagt meðfram af því, að ríkisstjórnin hefir ekki hvatt til samtakanna og af framkvæmdarleysi útgerðarmanna sjálfra. En mjer er sagt, að nú sje þeim mikil alvara að hefjast handa í þessu máli. Og meðan fult útlit er fyrir, að lögin frá 1926 komi til framkvæmda, álít jeg algerlega ótímabært að bera fram ný einkasölufrv.

Hin ástæðan, sem jeg hefi á móti þessu frv., er stjórnarfyrirkomulag það, sem gert er ráð fyrir, að verði á einkasölunni. Ætlast er til, að 5 manna nefnd veiti fyrirtækinu forstöðu, og sjeu 3 nefndarmenn kosnir af sameinuðu Alþingi, en 1 af verkalýðssambandi Norðurlands og 1 af útgerðarmannafjelagi Akureyrar. Mjer finst þetta stjórnarfyrirkomulag að ýmsu leyti fráleitt, fyrst og fremst af því, að þarna er verið að draga þennan stóra útveg inn í pólitíska reipdrátt. Alþingi ætti, að minni hyggju, ekki að skifta sjer neitt af kosningu nefndarinnar. Miklu nær liggur, að ríkisstjórnin skipi nefndina, eða þá rjettir aðiljar, útgerðarmenn og verkamenn við síldarútveginn. — Í þessari grein frumvarpsins er ákveðið, að útgerðar-

mannafjelag Akureyrar skuli kjósa einn af stjórnarmönnum síldareinkasölunnar. Í þessum fjelagsskap er mjer sagt, að ekki sjeu nema 5 eða 6 menn, og sýnist það a. m. k. undarlega ákveðið, ef þeir eiga að kjósa fulltrúa fyrir alla útgerðarmenn landsins. Þá er einnig tekið fram, að allir nefndarmenn skuli búsettir á Akureyri, Siglufirði eða við Eyjafjörð. Allir aðrir útgerðarmenn eru þannig útilokaðir frá nokkurri þátttöku í stjórn einkasölunnar. Get jeg ekki notað um þetta vægari orð en það, að hjer sje beitt hróplegum þrælatökum. Þá verð jeg þó að segja, að ríkiseinkasölufrv. hv. 5. landsk. er mun aðgengilegra en þetta. Með því er ekki verið að reyna að draga síldarútgerðina inn í pólitískar æsingar, nema að því leyti, sem segja má, að einkasala sje fremur stefnumál eins flokks en annars. Lögin frá 1926 eru einnig miklu aðgengilegri. Þar er það ríkisstjórnin ein, sem fyrst í stað á að skipa stjórnendurna, og þótt jeg beri ekki mikið traust til núv. hæstv. stjórnar, þá treysti jeg henni til að skipa menninа betur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Af þessum ástæðum legg jeg til, að frv. sje felt.

Erlingur Friðjónsson: Ekki er nema eðlilegt, að litið sje í stuttum dráttum yfir aðalástæðurnar til þess, að meiri og minni hluti sjútvn. eru sammála um höfuðatriði þessa máls, það, að koma þurfi skipulagi á síldarsöluna. Jeg bið háttv. deild vel að athuga, að hv. minni hl. fer ekki fram á, að látið sje haldast það ástand, sem nú er í síldarútveginum, heldur vill hann, að Alþingi haldi sjer við þær samþyktir, er það hefir þegar gert, er það samþykti heimildina til stofnunar síldarsamlags 1926. Hvernig stendur nú á því, að hv. minni hl., sem ekki getur fylgt þeim till., sem hjer eru á ferð, getur verið fylgjandi lögunum frá 1926? Þau hafa þó vissulega hinn sama tilgang, að skipulagsbinda síldarútveginn. Ástæðan mun vera sú, að öllum almenningi er orðið kunnugt, að einhverra ráða verður að leita til að bæta ástandið í þessum atvinnuvegi. En nú er svo komið, að útlendingar ráða yfir söltun og útflutningi síldar að tveim þriðju hlutum. Af 240 þús. tunnum, sem verkaðar voru til útflutnings á síðasta ári, höfðu útlendingar full ráð yfir a. m. k. 165 þús. tunnum. Fyrir þessu mega teljast óyggjandi sannanir.

Útlendingar, sem náð hafa tökum á þessum atvinnuvegi, hafa gert það á þann hátt, að þeir senda hingað til lands umboðsmenn sína, skrifstofuþjóna eða aðra, og þeir kaupa tíðum Íslendinga til að reka erindi þeirra hjer á landi. Það eru þessir menn, sem almenningur hefir leyft sjer að kalla leppa. Það skiftir ekki máli, hvort það eru skrifstofuþjónarnir sjálfir eða leigumenn þeirra, sem um er rætt, en aðalatriðið er það, að þetta eru oftast menn, sem ekkert er af að hafa, ef til einhverrar ábyrgðar kemur. Þess eru alls ekki fá dæmi, að þessir menn hafa orðið til að hrekkja Íslendinga í viðskiftum, bæði þá, er unnið hafa hjá þeim, og hina, er selt hafa þeim síldina nýja. Einnig hafa þeir stundum skotið sjer undan að greiða hjer lögmælt gjöld. Þeir,

sem í raun og veru hafa haginn af þessum viðskiftum, skjóta ábyrgðinni yfir á aðra, sem ekkert er af að hafa og ekki er hægt að taka þeim tökum, sem þörf er á til þess að hlutur Íslendinga verði rjettur í viðskiftunum við þá. Um þessa hlið málsins þarf ekki að fara fleiri orðum, því að allir eru orðnir sammála um, að þetta þarf lagfæringar við.

Þá kemur til álita, hvor leiðin er betri, sú, sem í frv. er talað um, eða hin, sem samþykt var á Alþingi 1926. Af því að ástandið er svona, að ⅔ af útflutningi síldarinnar eru í útlendinga höndum, þá er sú leið, að láta útflytjendurna kjósa stjórnina, áreiðlega ekki besta ráðið til að losna við leppmenskuna. Þvert á móti eru leppunum og útlendingunum með því fengin tökin á atvinnuveginum. Meiri hl. leggur mikla áherslu á, að þetta frv. girðir fyrir það með stjórnarfyrirkomulagi einkasölunnar, að þetta þurfi að óttast. — Að sönnu er gert ráð fyrir því í lögunum frá 1926, að landsstjórnin skipi fyrstu stjórn síldarsamlagsins til fjögurra ára, þó svo, að eftir 2 ár gangi einn þessara manna úr stjórninni og eftir 3 ár annar. Síldarseljendur eiga að kjósa aðra í sæti þessara manna, og geta þannig náð meiri hluta í stjórn samlagsins eftir 3 ár. Og með því ástandi, sem nú er, sýnist enginn vafi leika á, að þá hafi hinir útlendu strámenn náð tökunum á stjórn samlagsins, þar sem þeir hafa í sínum höndum ⅔ hluta af síldarútflutningnum og kosningunni er þannig hagað samkv. samlagslögunum, að atkv. eru miðuð við útflutta tunnutölu. Þess vegna var háski að lögunum um síldarsamlagið og gæfa, að þau komu ekki til framkvæmda. Enda mun það eingöngu stafa af þessari hættu, að þeir, sem kunnugastir eru málinu, hafa eindregið mótmælt síldarsamlaginu. Þannig bárust þinginu 1926 þegar í stað mótmæli frá Útgerðarmannafjelagi Akureyrar og Verkalýðssambandi Norðurlands, þegar samlagslögin voru á döfinni. Á mjög fjölmennum þingmálafundi á Akureyri 2. jan. síðastl. var ennfremur samþykt áskorun til Alþingis um að samþykkja lög um einkasölu á síld. Þar talaði ekki nokkur maður í þá átt, að vert væri að nota lögin um síldarsamlag, eða láta þau komast til framkvæmda. Þó var Björn Líndal, sem á sínum tíma var ötulasti fylgismaður laganna, staddur á fundinum; en hann mintist ekki á þessi lög einu orði, hvorki á þessum fundi nje nokkrum öðrum á Akureyri, jafnvel ekki á leiðarþingi sínu 1926. Svona er aðstaðan gagnvart þessu máli hjá þeim, sem best þekkja til hættunnar, sem yfir vofir, ef samlagslögin kæmu til framkvæmda.

Hv. minni hl. taldi ófært, að svo fámennur fjelagsskapur sem Útgerðarmannafjelag Akureyrar kysi fulltrúa í stjórn einkasölunnar. Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta það, sem hann sagði, að ekki væru nema 5 meðlimir í fjelaginu. Þótt fjelagið sje ekki fjölment, þá hygg jeg, að þar sjeu þó a. m. k. 15 menn.

Í annan stað talaði hv. þm. um, að það væri óheilbrigt að gera einkasöluna pólitíska, með því að láta sameinað Alþingi kjósa stjórnina að nokkru leyti. En eftir síldarsamlagslögunum átti ríkisstjórnin að skipa alla stjórn þess fyrstu árin. Sýnist

mjer það ekki síður pólitískt. — Jeg sje, að hv. 3. landsk. hristir höfuðið og setur upp gleraugun. Vona jeg, að hann færi bráðlega rök fyrir ástæðunum til þessara umbrota, sem urðu í hugskoti þingmannsins af orðum mínum.

Jeg man ekki eftir, að háttv. þm. Snæf. fyndi neitt að því, þótt Verkalýðssambandi Norðurlands væri ætlað að kjósa fulltrúa í stjórn einkasölunnar. Skil jeg það sem viðurkenningu frá hans hálfu á þeim fjölmenna fjelagsskap.

En það er ekki aðalatriðið, hvernig stjórn einkasölunnar er skipuð. Aðalatriðið er það, að hún verði nógu sterk til þess að geta komið einhverju í framkvæmd. Í þessu frv. er gert ráð fyrir 5 manna stjórn og 2 framkvæmdarstjórum —, mjer fyndist þeir þó eins vel mættu vera 3, — þar sem í síldarsamlagslögunum var aðeins gert ráð fyrir 3 manna stjórn. Þess vegna er það ljóst, að stjórn einkasölunnar er gerð miklu sterkari í frv. heldur en í lögunum frá 1926.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Hv. síðasti ræðumaður taldi lögin um sölu á síld frá 1926 hafa verið hættuleg, vegna þess að leppmenskan hefði getað blómgast nyrðra í skjóli þeirra. Þetta er misskilningur, því að í lögunum er gert ráð fyrir, að fyrstu árin skipi ríkisstjórnin alla stjórn samlagsins. Lögin miða þannig að því að útiloka leppmenskuna, og jeg vænti, að full trygging megi teljast fyrir því, að ríkisstjórnin fari ekki eftir hagsmunum leppanna í mannavali sínu. Ef menn eru hræddir við, að lepparnir geti náð of miklum tökum, eftir að stjórnarkosningin er komin í útflytjenda hendur, þá er hægurinn hjá að lengja tímann, sem ríkisstjórnin skipar mennina. En vafalaust má gera ráð fyrir, að lepparnir hverfi þegar á fyrstu árum einkasölunnar, og er þetta þá óþörf gryla.

Þá mintist háttv. þm. á Útgerðarmannafjelag Akureyrar og kvað mig ekki hafa farið rjett með meðlimafjölda þess. Jeg þóttist hafa haft þessar upplýsingar úr áreiðanlegustu átt, sem sje frá hv. þm. Ak. sjálfum. Jeg heyrði ekki betur en hann segði á nefndarfundi, að fjelagsmenn væru 5 eða 6, og hefir mjer þá misheyrst hraparlega, ef hann hefir nefnt aðra tölu. — Þetta verð jeg að taka fram mjer til afsökunar, enda þótt það sje ekki vandi minn að hlaupa með það, sem gerist á nefndarfundum; og þetta bar saman við fregn frá öðrum manni þar nyrðra, og þegar svo var, að fregnunum bar saman, þá taldi jeg mjer óhætt að koma fram með þetta hjer. En jeg mun að sjálfsögðu trúa háttv. frsm. meiri hl., að hjer sje um misskilning að ræða.

Þá hjelt hv. þm. Ak. því fram, að með frv. þessu væri fengin meiri trygging fyrir því, að mál þetta yrði ekki pólitískt, en með lögunum frá 1926. En þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg tel minni ástæðu til þess, að mál þetta sogist inn í pólitískan flokkadrátt, ef ríkisstjórnin skipar stjórn þess, heldur en ef hún er skipuð af einstökum flokkum þingsins, því að jeg hygg, að flestir sjeu sammála um það, að hvaða stjórn sem

sæti við völd, myndi telja það siðferðislega skyldu sína að láta ekki alt of mikinn flokkslit sjást á skipun slíkrar stjórnar.

Jón Þorláksson: Aðeins örfá orð, af því að háttv. þm. Ak. var að kalla á mig. Jeg er öldungis sammála hv. frsm. minni hl. um það, að meiri trygging sje í því, að landsstjórnin skipi stjórn þessa fjelags, heldur en að hún sje skipuð af pólitískum flokkum, því að hvaða landsstjórn sem væri myndi áreiðanlega reyna að gæta skyldu sinnar í því að gera það eitt, sem hún teldi málinu fyrir bestu. Auk þess hefir hún betri tök á að afla sjer nauðsynlegra upplýsinga um menn og annað það, sem máli skiftir, en þingflokkar geta haft. Ef nú á annað borð frv. þetta á fram að ganga og verða að lögum, þá vil jeg fara fram á við stuðningsmenn þess, að þeir breyti þessu ákvæði um útnefningu stjórnarinnar í þessa átt, sem við frsm. minni hl. höfum bent á.

Erlingur Friðjónsson: Jeg skal ekki halda langa ræðu, aðeins svara með fáum orðum þeim andmælum gegn frv. þessu, sem fram hafa komið frá hv. frsm. minni hl. og hv. 3. landsk. Það, sem okkur frsm. minni hl. og mig deilir á um, er það, hvort heppilegra sje, að stjórn þessarar einkasölu sje skipuð af ríkisstjórninni eða af þinginu að einhverju leyti og öðrum aðiljum að nokkru leyti. Hv. frsm. minni hl. hallast að því, að heppilegra myndi verða að láta ríkisstjórnina skipa menn í stjórn þessa fyrirtækis, og í sama strenginn tók hv. 3. landsk. Hann taldi, að það myndi verða minni pólitískur blær á útnefningu þessara manna, ef ríkisstjórnin útnefndi þá. Þessum hv. þm. vil jeg segja það, að vel gæti verið, að jeg bæri það traust til ríkisstjórnarinnar, að jeg vildi frekar, að hún útnefndi þessa menn heldur en aðrir aðiljar, ef jeg væri sjálfur búinn að sitja í stjórn í nokkur ár. En nú er jeg ekki búinn að því, og þess vegna ber jeg líkt traust til beggja, ríkisstjórnarinnar og þingsins, og tel því ekki, að að nokkru leyti sje bætt um til hins betra, þó frv. sje breytt hvað þetta snertir.

Hitt er mjer ljóst og þar er jeg alveg samdóma hv. frsm. minni hl., að nauðsyn beri til þess, að stjórn þessa fyrirtækis sje skipuð öðrum en síldarseljendum. Þetta taldi hv. frsm. minni hl. að mætti laga, ef þörf yrði á, eftir 1—2 ár, enda þótt heimildarlögin frá 1926 yrðu notuð. En jeg vil spyrja: Hvað á að gera með að draga það? Hví þá ekki að breyta lögunum strax, svo bygt sje fyrir það í tíma, að síldarseljendurnir nái tökum á stjórn þessa fyrirtækis, fyrst háttv. frsm. minni hl. er sammála mjer um, að þeir megi ekki ná þeim?

Þá virtist hv. frsm. minni hl. líta svo á, að ólagið á síldarsölunni myndi læknast á tveimur árum. En jeg fyrir mitt leyti er ekki sannfærður um það. Jeg þykist sjá það í hendi minni, að útlendingar, sem selja síld, geti með síldarsamlagslögunum náð aftur tökum á síldarsölunni, gegnum leppa, eftir 2—3 ár, og bíði því rólegir þangað til. Það, sem því hv. frsm. minni hl. hefir haldið fram í þessu máli, verður ekki skilið á annan veg en að nauðsyn sje á að hafa stjórn þessa

fyrirtækis svo sterka, að útlendingar sjeu alveg útilokaðir. En jeg sem kunnugur maður geri mjer enga von um, að það gangi svo greiðlega að losna við útlendingana, að við getum það með lausatökum á þessum málum, eins og jeg tel, að gert sje með lögunum frá 1926.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 154,1 samþ. með 8:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 154,2.a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 154,2.b samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 154,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 154,4 (ný 7. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 154,5 (ný 8. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 154,6 samþ. með 8 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

10.—17. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 154,7 (ákvæði um stundarsakir) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 222, 232).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 232. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Einar Árnason: Jeg hefi flutt hjer brtt. á þskj. 232, sem jeg vona, að verði ekki mikill ágreiningur um. Hún er aðeins til þess að rýmka dálítið um ákvæði í 3. gr., sem er þess efnis, að útflutningsnefnd eða framkvæmdastjórar skuli hafa skrifstofu á Siglufirði um síldveiðitímann. Mjer virðist þetta ákvæði helsti þröngt, því að það gæti þótt ástæða til að hafa þar opna skrifstofu um lengri eða skemri tíma af árinu, og vildi jeg því heldur láta þetta vera óbundið. Vænti jeg, að hv. flm. þessa frv. hafi ekkert við þessa brtt. mína að athuga.

ATKVGR.

Brtt. 232 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 234).

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta mál hefir þegar gengið gegnum hv. Ed., allar þrjár umr., og er því óþarfi að láta því fylgja langan formála hjer.

Jeg geri ráð fyrir, að svo stóru máli sem þessu verði vísað til nefndar, og vil jeg þá mælast til þess, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 234, n. 456 og 494, 474).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það mun víst engum koma á óvart, þótt togni úr umræðum um slíkt mál sem þetta. Smærri mál hafa orðið tímafrek og tafsöm hjer í hv. deild. Með þessu vil jeg samt ekki segja, að jeg ætli að leggja stund á að teygja umræðurnar; jeg tel þess ekki þörf. En svo mikið hefir verið rætt um þetta mál utan þings og innan, að viðbúið er, að það verði ekki útkljáð á fáum mínútum.

Nú munu vera 60 ár síðan síldarútvegur byrjaði hjer við land, þ. e. a. s. söltun síldar til útflutnings. Jeg hygg, að það hafi verið árið 1868, er fyrst var veidd síld með kastnótum á Seyðisfirði, en þar byrjuðu veiðarnar. Framan af voru það eingöngu útlendingar, Norðmenn, sem veiðina stunduðu, og það var ekki fyr en eftir 1880, að innlendir menn fóru að taka þátt í henni. Á þeim tíma var litið svo á hina fornu fiskiveiðalöggjöf, að hver, sem ætti hjer rjúkandi reykháf og dúk og disk í landi, mætti stunda veiðar í landhelgi. Samkvæmt því var auðvelt fyrir Norðmenn að stunda hjer veiðina. En eftir 1880 tók síldveiðin að gerast almennari og innlendir menn að taka þátt í henni. Þessu fór fram fram undir aldamót, að útlendingar áttu meiri hlutann, en Íslendingar þó nokkurn þátt í síldveiðinni. Um aldamótin hófust hvalveiðar á Austfjörðum, og hurfu þá síldveiðarnar þaðan. En samkvæmt gamalli hjátrú veiðimanna gat þessi tvennskonar veiði ekki lánast á sömu slóðum. Var því talið ómögulegt að stunda síldveiðarnar lengur. Frá þeim tíma hefir svo síldveiðin aukist margfaldlega fyrir Norðurlandi, en síðustu ár hefir hún þó verið stunduð bæði norðan, austan og vestan. Sem stendur er hún talin mest fyrir Norðurlandi. Jeg hygg þó, að ekkert sje um það sannað, að síldargengd sje meiri norðanlands en annarsstaðar, og býst jeg við, að ganga síldar að hinum tveim landshlutunum reynist álíka viss. Má ætla, að framvegis, eins og hingað til, verði mikil stund lögð á þessa veiði.

Eitt er sjerstaklega athugavert um þessa grein veiðiskapar, bæði hjer við land og í nágrannalöndunum; það er sú staðreynd, að hún virðist hafa gert marga menn öreiga fyrir hvern einn, er auðgast hefir. Hún sýnist hafa verið stopulli en flestar aðrar eða jafnvel allar aðrar atvinnugreinar. Svo hefir það jafnan verið, síðan jeg hafði fyrst kynni af þessum veiðum, en þau hefi jeg haft í 60 ár. Því er það ekki undarlegt, þótt leitað hafi verið ýmissa ráða til þess að gera þennan atvinnurekstur tryggari. En torvelt hefir reynst að finna ráðin. Á stríðstímanum var leitað til ríkisstjórnarinnar, og hún átti stundum þátt í að reyna að gera síldina útgengilega og selja hana. Hrakfarir síldarsölunnar skipulagslausu 1919 eru öllum í minni.

Auk þessa annmarka, hve áhættusöm síldarútgerð hefir reynst, hefir líka ýmislegt annað óhagræði fylgt

þessum veiðiskap, svo sem það, að aðrir atvinnuvegir, sem stundaðir eru um sama leyti árs, hafa oft farið á mis við nauðsynlegan vinnukraft. En margvíslegt sukk og svall hefir átt sjer stað á veiðistöðvunum, þar sem fjöldi útlendra og innlendra manna hefir verið saman kominn. Hafa gengið af þessu ófrægilegar og misjafnar sögur. Nú á síðustu tímum hefir og verið mjög undan því kvartað, að þótt þessi atvinnuvegur sje að nafni til mest á höndum innlendra manna, hafi útlendingar þó náð þar tökunum gegnum leppmensku. Má með sanni segja, að engir atvinnuhættir hjer á landi sjeu eins skipulagslausir, áhættusamir og óábyggilegir sem síldarútgerð.

Langt er síðan byrjað var að leita fyrir sjer um möguleika til að skipulagsbinda síldarverslunina. Jeg hygg, að 20 ár sjeu síðan fyrst var um það ritað og byrjað að ræða það alvarlega í blöðum landsins. En það hefir aldrei komist lengra en í ráðagerðir, fyr en samþykt voru á Alþingi 1926 lög um síldarsölu o. fl. (stofnun síldarsamlagsins margumtalaða). Þótt þau lög hafi síðan verið í gildi, hafa þau ekki komist til framkvæmda enn. Og líkurnar eru ekki sem bestar fyrir því, að þau komist í framkvæmd. Liggur það sumpart í því, að þau eru ekki nema að nokkru leyti bygð á hreinni einkasölu, og sumpart í því, að þau hafa ekki orðið vinsæl. Hjer liggur því enn fyrir önnur tilraun í þá átt að skipulagsbinda þetta betur en þá var hægt. En eins og ástatt var 1926, var ekki um annað fyrirkomulag að ræða en þá var lögfest.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er þá að því leyti frábrugðið þessu eldra skipulagi, að hjer er gert ráð fyrir, þó ekki beinni ríkiseinkasölu, þá einkasölu, sem er að meira leyti undir stjórn þess opinbera og því svo háð, að ekki ætti að þurfa að óttast, að einstakir menn verði svo ráðríkir, að þeir geti haft áhrif á söluna. (**ÓTh:** Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hæstv. forseta á því, að nú erum við aðeins tveir í deildinni auk ræðumanns, en jeg álít, að framsöguræða hins gáfaða frsm. verðskuldi meiri athygli en það, að aðeins tveir þingmenn hlýði á hana). — Jeg held, að þetta sje óþarfa umhyggjusemi hjá hv. 2. þm. G.-K. Við erum báðir svo vanir að tala fyrir tómum stólum, að við ættum að geta sætt okkur við það svona um miðnættið. (**ÓTh:** Jeg hefi aldrei átt slíku að venjast, og tel ólíklegt, að það sje oft hlutskifti hv. 1. þm. S.-M.). En af því svona er ástatt, að fáir eru við, sem fylgja umræðum, mun jeg stytta mál mitt, eftir því sem föng eru til.

Það er þá skjótast af frv. þessu að segja, sem gengið hefir gegnum hv. Ed., að sjútvn. þessarar deildar hefir klofnað um málið, og er að nokkru leyti áður sagt, hvað leiðum skifti. Minni hl. vill halda sjer við það skipulag, sem vjer meirihlutamenn teljum lakara, skipulagið frá 1926, það skipulag, sem meira nálgast einræði einstaklinganna, og hefi jeg áður bent á, hvað jeg sjerstaklega hefi við það að athuga.

Hv. minni hl. viðurkennir það hreinskilnislega í áliti sínu, að verslun með síld sje ein af þeim greinum verslunarinnar, sem nauðsyn beri til, að sje undir opinberu eftirliti. Með öðr-

um orðum, að þar komi best í ljós þeir gallar, sem sjeu á skipulagi frjálsrar verslunar. Hinsvegar er trú minni hl. á frjálsri verslun svo mikil, að hann vill samt halda versluninni á þessari vörutegund nær því fyrirkomulagi, sem gefur lausari tauminn fyrir fjáraflavonir stórútgerðarmanna.

Skal jeg svo ekki gagnrýna nál. hv. minni hl. frekar, en snúa mjer að þeim brtt., sem meiri hl. vill gera á frv. — Fyrsta brtt. hans er við 3. gr. frv. Þar leggjum vjer til, að í staðinn fyrir tvo framkvæmdarstjóra, sem einkasalan skipar, komi þrír. Þetta er bygt á því, að verkun og útskipun síldarinnar sje undir eftirliti þessara manna. Verður starf þeirra að þessu leyti því svipað og störf yfirsíldarmatsmannanna eru nú. Þeir þurfa að ferðast um til eftirlits. Í sambandi við þetta leggur því meiri hl. til, að bætt sje inn í greinina, þar sem talað er um skyldustörf þessara manna, ákvæði um ferðalög þeirra. — Þá hugsar meiri hl. sjer, að bætt sje við þessa grein stuttri setningu um það, hvernig haga skuli vali þessara manna, ef þeir fá ekki þann atkvæðafjölda, sem ákveðinn er í frv.

Þá flytur meiri hl. brtt. við 2. tölul. 4. gr., að kostnaður af starfi undirmatsmanna verði lagður á síldarútflytjendur. Í frv. er ekkert um þetta talað, og þess vegna þótti meiri hl. sjálfsagt að taka ákvæði um þetta upp í sambandi við 4. gr. frv. Ennfremur hefir meiri hl. lagt til lítilfjörlega orðabreytingu við 3. lið 4. gr. til skýringar, þar sem oss þótti ekki nægilega ljóst til orða tekið um úthlutun andvirðis síldar. — Þá leggur meiri hl. til, að gerð verði breyting á 5. gr., og fer breyting sú í þá átt að heimila framkvæmdarstjórum einkasölunnar að styðja að því, að þeir, sem við hana skifta, geti með hægara móti eignast tunnur og salt, en án þess þó, að fjárhætta geti stafað af því fyrir einkasöluna sjálfa. Þetta getur gefið viðskiftamönnum færi á að fá þessar vörur með aðgengilegri kjörum en ella, án þess það kosti einkasöluna nokkuð.

Jeg hefi þá talið helstu brtt. meiri hl. En auk þeirra hefir hann gert lítilsháttar orðabreyting við 11. gr., til þess að skýra nánar efni hennar. Að öðru leyti skiftir brtt. þessi ekki máli. Hún lýtur að því að undanþiggja einkasöluna tekjuskatti og aukaútsvari, að því tilskildu, að viðskiftamennirnir fái óskertan ágóðann af sölunni.

Þá leggjum vjer til, að sektarákvæðin fyrir brot á lögunum verði færð úr 100 þús. kr. niður í 50 þús. Meiri hl. lítur nefnilega svo á, að þessi sektarákvæði, eins og þau eru í frv., sjeu ekki í samræmi við önnur sektarákvæði skyldra laga og of há.

Þessar brtt. meiri hl. hygg jeg, að geti ekki valdið ágreiningi; hitt mun nær liggja, að stefnumunurinn — einkasala eða einstaklingssala — sje það, sem um verður deilt, og mun það koma skýrara í ljós, þegar hv. minni hl. hefir talað fyrir till. sínum.

Þá vil jeg að lokum minnast á brtt. á þskj. 474. Meiri hl. hefir að vísu ekki tekið þær sjerstaklega fyrir, aðeins litið á þær í svip og telur þær ekki óaðgengilegar. En um þær hefir meiri hl. óbundin atkvæði. Að svo mæltu mun jeg bíða átekta og hlusta

á minn ágæta samverkamann, hv. 2. þm. G.-K., ef það þá dregst ekki alveg fram undir morgun.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Mjer finst ekki geta komið til mála, að þessi umr. fari svo hjá, að ekki sje talað um þetta mál frá hálfu beggja nefndarhlutanna, og þar sem hv. frsm. minni hl. er ekki viðstaddur, vil jeg nota tækifærið til þess að láta í ljós mína skoðun á þessu máli.

Það er ómögulegt að neita því, að ólag hefir verið á síldarsölunni undanfarið, og er engin furða, þótt ýmsar raddir hafi heyrst um breytingar á fyrirkomulagi hennar. Þetta ólag á síldarsölunni stafar nokkuð af eðli þessa atvinnuvegar. Hann er óvissari og gengur skrykkjóttar en flestir aðrir atvinnuvegir. Það liggur í augum uppi, að þar sem markaður fyrir saltaða síld er mjög takmarkaður, en veiðin á hinn bóginn er mjög mismunandi, þar sem stundum geta borist á land reiðinnar ósköp og framleiðslan þar af leiðandi geysimikil, en svo koma ár, þegar mjög lítið veiðist, að þá er ekki að furða, þótt menn verði fyrir ljótum fleiðrum af slíkum atvinnurekstri. Og þá er líka von, að menn leiti einhverra ráða til þess að komast hjá þeim.

Samt virðist hafa vakað fyrir mönnum annað ólag en það, sem leiðir af eðli þessa atvinnuvegar, sem sje fyrirkomulag sölunnar. Svíar, sem eru aðalneytendur þessarar vöru, fiskuðu áður sjálfir mikið af síld hjer við land, en nú leikur orð á því, að þeir hafi aðra aðferð, sem sje þá, að hafa hjer hina svokölluðu „leppa“, og hafa þessir umboðsmenn nú náð miklu af framleiðslunni í sínar hendur. Menn láta illa yfir þessum „leppum“; þeir þykja uppivöðslusamir og ósanngjarnir. Það er sagt, að þeir gangi frá gerðum samningum o. s. frv., og er því ekki að undra, þótt menn vilji losna við þá. En það má vera, að þetta eigi ekki einungis við umboðsmenn útlendinga, heldur fari einnig ilt orð af innlendum mönnum, þar sem þeir standi stundum ekki sem best við samninga sína.

En þetta eru tvö ólík mál. Annarsvegar er að sjá gallana, hinsvegar er það, hvort einhverjar ákveðnar leiðir dugi til þess að bæta úr þeim. Og jeg sje ekki, að það frv., sem hjer liggur fyrir, bæti úr göllum þeim, sem verið hafa á þessum atvinnuvegi. Menn segja, að einkasalan muni útrýma „leppunum“, og verði Svíar þá að kaupa af einkasölunni. En svo getur farið, að betra sje að veifa röngu trje en engu. Minni háttar útgerðarmenn, sem ekki hafa sjálfir nægilegt fjármagn til þess að halda úti bátum sínum, hafa selt þessum umboðsmönnum útlendinga, sem nóg fje hafa, og hafa því getað greitt þeim við móttöku, og hefir þetta gert þeim mögulegt að stunda þennan atvinnuveg. En nú virðist mörgum ástæða til að óttast það, að þessir menn verði að hætta útgerð sinni, þegar þeir eru neyddir til að skifta við alveg fjármagnslausa einkasölu, sem ekki getur greitt þeim fyr en seint og síðar meir. Það er ómögu-

legt að neita því, að „lepparnir", þótt illir hafi verið, hafa „finansierað" síldarútveginn í þessu efni. Það liggur því mjög nærri að álíta, að þessi einkasala verði einungis fyrir þá, sem eru svo efnum búnir, að þeir geti beðið eftir greiðslum von úr viti. Jeg tel það megingalla á þessu frv. og lögunum frá 1926, að einkasalan hefir ekki krafta til að kaupa síld beint. Jeg hafði orð á þessu við mann, sem er mjög mikið með einkasölu, og áleit hann, að til mála gæti komið að nota fje frá Svíum, en jeg held, að það sje að fara úr öskunni í eldinn, ef reka á burt þá einka-leppa, sem nú starfa, en setja í þeirra stað á stofn allsherjar ríkis-leppmensku. Hefi jeg nú sýnt, að þessi aðaltilgangur frv., að bægja leppunum burtu, geti orðið tvíeggjað sverð. Annar tilgangur með einkasölu er að halda uppi síldarverðinu. Það er alment álitið, að fyrsta síldin, sem veiðist, sje verðmest. En þegar mikið berst á land, bjóða allir fram í einu og hver niður fyrir hinn, svo að verðið getur fallið gífurlega á nokkrum dögum. Menn halda því fram, að einkasala, þar sem salan sje á einni hendi, geti bætt úr þessu.

Nú berast þær fregnir, að Svíar ætli að fiska mikið fyrir utan landhelgi í sumar. Jeg er nú orðinn svo gamall, að jeg legg ekki of mikið upp úr svona hótunum, en þetta er þó ekki ómögulegt. Það er kunnugt, að Norðmenn hafa fiskað nokkuð utan landhelgi, og þótt öll aðstaða sje auðvitað erfið hjá þeim, þá er þó ekki ómögulegt, að þeir geti gert einkasölunni þá glennu að gera henni ómögulegt að halda verðinu uppi.

Ef einkasalan fær á sig pólitískan lit, eða ef hún með klaufaskap brýtur af sjer sænsku síldarkaupmennina, þá er hugsanlegt, að þeir vilji mikið til þess vinna að koma henni á knje. Það er hægt að hugsa sjer, að ef einkasalan er rekin án þeirrar lipurðar og kunnáttu, sem nauðsynlegt er, þá kunni Svíar að taka til þess ráðs að kaupa lakari síld, saltaða á sjó, til þess að ríða einkasölunni að fullu. Meðan kjöttollurinn bindur okkur í báða skó og meðan þessi „vingjarnlega framkvæmd" á fiskveiðalöggjöfinni er viðhöfð gagnvart Norðmönnum við síldveiðarnar, þá er jeg mjög hræddur um, að hæpið sje, að einkasalan geti staðið svo vel að vígi, að hún ráði verðinu með því að ráða yfir allri þeirri síld, sem markaðurinn krefst.

Þá er 3. atriðið, að einkasölunni er veitt heimild til að stöðva söltun síldar, þegar nóg þykir komið. Getur þetta þó varla komið til mála fyr en þeim, sem kostað hafa til þess að gera út til síldveiða, er bent á, hvernig þeir geti selt síldina, þegar söltun er bönnuð. Þetta er því óframkvæmanlegt fyr en fullkomnar bræðslur eru komnar upp. Auk þess sje jeg ekki, hvernig það þarf að standa í sambandi við einkasölu, að menn vilja gera ráðstafanir til að stöðva söltun síldar, þegar nauðsyn krefur. Menn geta alveg eins skipað nefnd í þessu skyni, sem fylgist með því, hve mikið er veitt, og hefir vald til að banna söltun, þegar nóg er komið.

Jeg verð að segja það alment um málið, að ef hægt væri, t. d. með stofnun verksmiðju, að tryggja eitthvert lágmarksverð á síld, þá væri það áreiðanlega best fyrir okkur Íslendinga

að geta látið sitja við það eitt að fiska síldina, því að reynslan hefir sýnt, að það er einmitt síldar*verslunin*, sem setur menn á hausinn og veldur skaðanum.

Fyrir þessu þingi liggja 2 skyld mál, sem bæði eiga að verða til þess að koma lagi á síldveiðarnar, sem sje stofnun síldarbræðslustöðva og síldareinkasalan. Þótt jeg sje ákaflega hræddur við þessar fyrirhuguðu verksmiðjur, sökum þess, hve geysimikið þær hljóta að kosta og hve áhættusamar þær eru, þá vil jeg þær þó heldur, ef þeim er skynsamlega fyrir komið, en einkasöluna. Hún er alveg gagnslaus, meðan ekki er með einhverjum ráðum hægt að bægja Norðmönnum burtu, og í öðru lagi gerir hún öllum öðrum en vel fjáðum mönnum ómögulegt að stunda síldveiðar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg sje ekki ástæðu til þess að svara hv. 1. þm. Reykv., vegna þess að ræða hans var mestmegnis andmæli gegn einkasölu yfirleitt, en minni hl. vill einmitt fella þetta frv. og að lögin um síldarsamlag frá 1926 komi ekki til framkvæmda á þessu ári. Ef sá vilji nær fram að ganga, þá verður tækifæri til að ræða síldarmál aftur á næsta þingi, því að jeg býst þá við, að þetta frv. yrði aftur lagt fyrir þingið.

Annars er afstaða minni hl. sú, að hann viðurkennir, að það er óumflýjanlegt að gera óvenjulegar ráðstafanir til þess að bæta síldarverslunina. Ennfremur viðurkennir hann, að hvergi beri jafnlítið á kostum og jafnmikið á göllum frjálsrar verslunar sem í þessari verslunargrein. Þetta viðurkendi jeg með því að ljá lögunum frá 1926 atkvæði mitt, og þegar minni hl. mælir í gegn þessu frv., þá er það fyrst og fremst vegna þess, að hann telur þetta frv. standa að baki lögunum frá 1926.

Samkvæmt lögunum er það svo, eins og menn ef til vill hafa áttað sig á, að atvmrh. hefir heimild til að veita fjelagi atvinnurekenda leyfi til einkasölu á útfluttri síld. Slíkt fjelag hefir verið stofnað fyrir alllöngu; það er búið að semja lög fyrir þennan fjelagsskap, þau hafa verið gaumgæfilega athuguð, og jeg get sagt frá því, að fjelagið hefir í hyggju innan skamms að sækja um þessa heimild til atvinnumálaráðuneytisins. Það er þess vegna ráðherranum í sjálfsvald sett, hvort þau lög koma til framkvæmda, svo ef menn geta á annað borð fallist á það, að lögin sjeu ekki verri en það frv., sem hjer liggur fyrir, þá finst mjer, að sá flokkur, sem nú styður hæstv. ráðh., geti eins vel sætt sig við þá heimild, sem í lögunum er, eins og þá skyldu, sem frv. fer fram á. Þegar jeg tala hjer um frv., þá á jeg þar með við frv. á þskj. 234, og þegar jeg tala um lögin, þá á jeg þar með við lög, mig minnir nr. 54 frá 1926.

Það, sem okkur minnihlutamönnum þykir skifta aðalmáli um mismuninn á frv. og lögunum, er stjórnarfyrirkomulagið. Eftir lögunum er ætlast til, að atvmrh. útnefni stjórnina í fyrsta skifti til fjögurra ára. Ef jeg man rjett, þá er það samt svo, að eftir tvö ár gengur fyrsti maðurinn úr stjórninni, og síðan einn maður árlega, en eftir að þeir hafa gengið úr stjórninni, kjósa fjelagsmenn sjálfir stjórnina.

Eftir frv. aftur á móti, þá á 5 manna útflutningsnefnd að hafa yfirstjórn fyrirtækisins, og þessi útflutningsnefnd á svo að kjósa tvo framkvæmdarstjóra. Í hópi þeirra manna, sem fylgdu lögunum frá 1926, voru allmargir íhaldsmenn, en það er kunnugt um þá menn, að þeir fylgja yfirleitt frjálsri verslun. Með stuðningi við þetta mál munu þeir hafa lýst yfir því, eins og raunar er rjett, að margt fer miður en skyldi við síldarsöluna. Hinsvegar er það fullvíst, að þessir menn munu hafa álitið það langheppilegustu leiðina út úr þeim ógöngum, sem Íslendingar eru komnir í um þennan atvinnurekstur, að sjálfir atvinnurekendurnir hefðu bundist samtökum, án afskifta löggjafarvaldsins. Hinsvegar er það kunnugt, að ýmsir þeir menn, sem reka þessa atvinnu í eigin nafni, eru aðeins verkfæri í höndum útlendra manna, sem hafa annara hagsmuna að gæta en þeir innlendir menn, sem reka atvinnuna fyrir eiginn reikning, og því er það sjeð, að ekki nást samtök, og þess vegna gengu íhaldsmenn, sem annars ekki vilja afskifti stjórnarvaldsins af atvinnurekstri einstaklinganna, inn á þá braut að veita atvmrh. heimild til að gefa fjelagi atvinnurekenda rjett til einkasölu á síld; en vegna þeirra manna, sem í raun og veru reka þennan atvinnuveg fyrir fje erlendra manna, þótti nauðsynlegt að gera einhverja sjerstaka ráðstöfun til þess að bægja þeim frá að ná völdunum í slíkum fjelagsskap, og því var að því vikið, að ráðherra skyldi í fyrsta skifti útnefna stjórnina, eins og jeg gat um. En hinsvegar var það trygt, að þetta vald ráðherra næði ekki lengra en aðeins til þess að fullnægja þörfinni á að bægja þessum svokölluðu leppum frá, og því var ráðherra aðeins falið að útnefna stjórnina um nægilega langt árabil, til þess að tryggja það, að lepparnir hefðu þá heltst úr lestinni. Menn gera sjer yfirleitt þær vonir, að ef sá, sem stendur að baki hins íslenska lepps, ekki getur notið þess hagnaðar, sem hann mundi hafa af að fá þá síld, sem leppurinn hjer á landi saltar, þá muni hinir erlendu menn bráðlega hætta við að reka þann atvinnuveg hjer á landi fyrir milligöngu leppanna. En eftir að þessu ástandi væri lokið, þá er svo til ætlast, að sjálfir atvinnurekendurnir taki stjórnina í sínar hendur, og á þessu er, eins og jeg gat um, höfuðmunurinn á frv. eins og það liggur fyrir og lögunum frá 1926. Það er sá veigamikli munur, að atvinnurekendur geta sjálfir stjórnað sínu eigin fyrirtæki samkvæmt lögunum, en hið opinbera skipar aðra til þess eftir sínum eigin geðþótta samkvæmt frv. Um þá tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir um stjórnarkosningu, vil jeg annars fara nokkrum orðum.

Það er gert ráð fyrir því, að Alþingi velji þrjá af fimm mönnum í útflutningsnefndina. Það er skoðun okkar minnihlutamanna, að þessi ráðstöfun sje sjerstaklega óheppileg og við þykjumst, án þess að sveigja um of að þingbræðrum okkar, geta sagt það, að í vali Alþingis hefir margt oft ráðið til jafns við hæfileikana, sem er miklu minna um vert. Hinsvegar álítum við, ef farið verður að tilmælum laganna, þannig að ráðherra yrði látinn tilnefna stjórnina, þá bæri ráðherrann einn alla ábyrgð á því, hvernig þeim mönnum færist verkið úr hendi, og við teljum mjög mikils um það vert, að

ábyrgðinni yrði stefnt að einhverjum sjerstökum; en sú ábyrgð, sem á hvern einstakan þingmann myndi falla fyrir það, að hann með atkvæði sínu veitir sjerstökum mönnum stuðning, myndi verða svo lítil, að enginn fyndi til þess þunga, sem á hann legðist af þeim sökum. En samkvæmt lögunum er auk þess þetta vald ráðherra aðeins miðað við örfá ár, en síðan taka hluthafar sjálfir völdin í sínar hendur. Samkv. frv. á Útgerðarmannafjelag Akureyrar að tilnefna fjórða manninn í stjórnina. Þetta er mjög órjettlátt, því ef á að veita útgerðarmönnum nokkurn íhlutunarrjett, þá er með öllu borið niður á skakkan stað, þar sem Útgerðarmannafjelag Akureyrar er tilnefnt, því að þetta fjelag hefir hjarað með 6—7 meðlimum, sem litla atvinnu reka og lítið hafa látið til sín taka um atvinnumál, en t. d. hjer í Reykjavík er mjög voldugur fjelagsskapur um 20 ára gamall, sem hefir umráð yfir framleiðslutækjum, er jafngilda margfalt þeim framleiðslutækjum, sem Norðlendingar ráða yfir. Minni hl. hefir sett í nál. sitt nokkrar tölur, sem sýna það, að á síðastliðnu sumri nam afli þeirra skipa, sem heimilisfang eiga á Norðurlandi, ekki nema tæplega ¼ hluta þess, sem aflaðist á skip landsmanna, en af þessu má sjá, að það er handahófsákvæði að fá þeim mönnum einum völd í hendur, en útiloka alla aðra. Fimta manninn í útflutningsnefndina á svo Verkalýðssamband Norðurlands að tilnefna. Jeg veit, að þetta er algert nýmæli í íslenskri löggjöf, að verkalýðurinn fái hlutdöku í stjórn atvinnufyrirtækja til jafns við þá, sem eiga framleiðslutækin, og jeg hygg líka, að þetta muni með öllu óþekt í nágrannalöndum okkar. Jeg beini því þess vegna til hv. deildar að athuga þetta gaumgæfilega, áður en hún leggur inn á þessa braut, því að vitaskuld verður löggjafinn, þegar slík nýmæli liggja fyrir, að athuga það, að ef hann leggur inn á brautina í einstöku tilfelli, þá er hætt við, að krafist verði fyr en varir, að lengra verði gengið á henni. Mjer þykir mjög eðlilegt, að þetta komi frá jafnaðarmönnum, en mjer þætti mjög undarlegt, ef meiri hl. þingsins væri orðinn það hlyntur stefnu jafnaðarmanna, að hann gerðist mjög taumljettur með þeim. Jeg vona því, að það náist breyting á þessu fyrirmæli við 3. umr. málsins.

Af smærri göllum þessa frv. vill minni hl. benda á það, að samkvæmt lögunum er rík kvöð lögð á það samlag, sem samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að stofnað verði, um markaðsleitir, en samkvæmt þessu frv. er miklu skemra gengið í því efni, en þó er það vitanlegt, að ein höfuðnauðsyn þessa atvinnurekstrar er einmitt það að afla nýrra markaða.

Þá vill minni hl. benda á það, að þau fyrirmæli, sem í frv. felast og miða að því að ljetta undir fjárhagsörðugleika framleiðenda meðan á framleiðslutímabilinu stendur, eru mjög lítilfjörleg. Það er svo fyrir mælt, að hin væntanlega stjórn fyrirtækisins megi taka lán og greiða eigendunum út á síldina, jafnóðum og þeir afhenda stjórninni hana, „enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni". En nú vill svo undarlega til, að frá sama höfundi liggur fyrir þessu þingi annað frv., sem myndi, ef það nær lögfestu, að mestu leyti eyðileggja

þetta ákvæði. Það frv. er um verkakaupsveð og tryggir verkalýðnum veð í síldinni, og eyðileggur því með öllu veðhæfi síldarinnar fyrir þetta fyrirtæki.

Þá vill minni hl. benda á það, að ef á annað borð á að ganga inn á þá braut að heimila stjórn fyrirtækisins að setja ákveðnar takmarkanir um það, hvenær fyrst megi byrja að salta og krydda síld og hvenær því skuli hætt, þá er alveg nauðsynlegt, að sjerstakar reglur gildi um reknetabátana, og svo aftur aðrar um herpinótaskipin. En jeg geri annars ráð fyrir, að hv. þm. Vestm., sem er með mjer í minni hl. sjútvn. í þessu máli, muni gera ítarlega grein fyrir þeirri hlið málsins.

Jeg ætla þá að gera örstutta grein fyrir brtt. hv. meiri hl. og athuga, hvort þær eru líklegar til að ráða bót á þeim göllum, sem jeg hefi talið vera á frv. umfram lögin, eða hvort þær að hinu leytinu færi mönnum nokkrar bætur, og það er þá skemst frá að segja, að allar brtt. hv. meiri hl. eru mjög smávægilegar og mjög óþarfar, vegna þess að þær hefðu komist fyrir innan laganna sem reglugerðarákvæði. Þó er ein undantekning frá þessu, og hún er sú, að hv. meiri hl. hefir ætlað að reyna að tryggja það, að framkvæmdastjórn einkasölunnar gæti aðstoðað „viðskiftamenn hennar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni", eins og hv. meiri hl. kemst að orði. En þessi góðvilji hv. meiri hl. hefir samt að engu orðið, sennilega vegna mistaka; að minsta kosti er það víst, að eins og hv. meiri hl. hefir orðað það, eru þessi ummæli með öllu gagnslaus, og það er vegna þeirra skilyrða, sem þau eru bundin, að þessari „aðstoð" fylgi engin fjárhætta fyrir einkasöluna, en af því leiðir þá, að sú fjárhætta, sem af kynni að verða, verður að vera á kostnað framkvæmdastjóranna sjálfra, en af því leiðir aftur, að framkvæmdastjórarnir myndu með öllu ófáanlegir til að taka á sig slíka fjárhættu fyrir viðskiftamenn einkasölunnar, enda er þess tæplega að vænta, að þeir viðskiftamenn einkasölunnar, sem ekki eru einfærir um að afla sjer tunna og salts, geti sett örugga tryggingu, og jafnvel þótt þeir geti gert það, er varla þess að vænta, að nokkur framkvæmdastjórn vildi taka á sig áhættuna, sem altaf verður einhver, því að jafnan orkar tvímælis, hvert gildi tryggingin hefir, og getur oft orðið röskun á gildi tryggingar, frá því að sett er og þar til hún kemur til framkvæmda.

Ef að því er spurt, hvað útgerðarmenn sjálfir segi um þessi mál, þá er þar skemst frá að segja, að útgerðarmenn hafa haldið fjölmennan fund um málið, og til þess að þreyta ekki hv. deild með málalengingum, vil jeg aðeins leyfa mjer að lesa upp þá samþykt fundarins, sem þetta mál snertir. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn mótmælir ríkiseinkasölu, í hvaða mynd sem er, meðan útgerðarmenn hafa ekki aðgang að fullkomnum síldarverksmiðjum".

Þessi tillaga var samþykt með 89:37 atkv., og kom eitt atkvæði fyrir hvert skip, sem stundað hafði síldveiðar á síðastliðnu sumri. Auk þess munu Siglfirðingar hafa sent skeyti sjerstaklega, þar sem þeir hafa mótmælt einkasölunni, og er þá ekki ofsagt, þegar sagt er, að mikill meiri hluti

útgerðarmanna hafi sent eindregin mótmæli gegn því, að síldareinkasalan komi til framkvæmda, fyr en ríkið eða útgerðarmenn hafi nægum verksmiðjum yfir að ráða. Minni hl. hefir ekki viljað kveða upp úr um það, hvert sannleiksgildi felist í þessum mótmælum, en minni hl. bendir á það, að frá því 1926, að lögin voru samin, hefir aðstöðumunurinn breytst ákaflega mikið um að taka til greina þær óskir, sem útgerðarmenn bera fram í þessum efnum, vegna þess að árið 1926 bólaði ekki á neinum framkvæmdum hjá landsmönnum í þessum efnum, en nú má telja líklegt, að á þessu þingi nái lögfestu frv., sem miðar að því, að reist verði á sumrinu 1929 mjög stór og fullkomin verksmiðja, og þess vegna þyrfti ekki, eftir því sem nú standa sakir, annað til að fullnægja þessum einróma óskum útgerðarmanna en það eitt að fresta þessum framkvæmdum á einkasölu um eitt einasta ár. Minni hl. hefir því lagt til, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verði felt, en að lögin frá 1926 verði ekki framkvæmd á þessu ári. Og ef samþykt verður það frv., sem hjer liggur fyrir og snertir stofnun síldarbræðslustöðvar, mætti á næsta Alþingi breyta og bæta að einhverju lögin frá 1926, svo að þau yrðu frjálslegri og fullkomnari. Þar með er þetta mál komið í það horf, sem þeir óska eftir, sem hlut eiga að máli.

Jeg vænti, að þetta geti náð framgangi í þessari hv. deild; jeg vænti t. d., að hv. frsm. meiri hl. geti aðhylst það að bægja frá þessu frv. og reyna heldur að fullkomna á næsta Alþingi lögin frá 1926, sem hann var sjálfur flm. að. (**SvÓ**: Nei). Hv. þm. mælti a. m. k. með lögunum sem sjávarútvegsnefndarmaður 1926, og ennfremur geri jeg mjer von um, að annar sjávarútvegsnefndarmaður, hv. 1. þm. Árn., geti aðhylst þetta, vegna þess að árið 1926 kvað hann upp þann úrskurð í þessu máli, að það kæmist aldrei í viðunanlegt horf, eins og hann komst að orði, nema því aðeins, að þjóðfjelagið eða fjelag einstakra manna keypti síldarverksmiðjur. Hv. þm. var þá ekki trúaður á, að takmarkinu yrði náð, nema með því að landsmenn eignuðust síldarbræðslustöðvar. Nú er það lagt fyrir hv. þm. að nýju, hvort honum þykir betra að rjúka til að samþykkja einkasöluna eða að bíða hins, að sæmileg trygging sje fyrir ágæti framkvæmdanna. Mjer finst, að betra sje að bíða, þar til bræðslustöðvar eru komnar á innlendar hendur, og jeg vænti þess fyllilega, að hv. þm. verði í samræmi við sína fyrri frammistöðu og undirtektir.

Mjer þótti ekki ræða hv. frsm. meiri hl. gefa mjer sjerstakt tilefni til andmæla, enda mun hann mjög hafa stytt sitt mál, vegna þess að þá voru færri áheyrendur en venja er til, þegar svo mætur þingmaður talar. Jeg geri nú ráð fyrir, að hann færi fleiri rök fyrir máli sínu, og þykir mjer því rjettara að bíða með að svara, þar til hv. þm. hefir flutt nýja ræðu um málið.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 26. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 234, n. 456 og 494, 474).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi fáu að svara þeim hv. þdm.,

sem andmæltu þessu frv. við fyrri hluta þessarar umr. Sókn þeirra var ekki hörð eða veigamikil. Og jeg geri varla ráð fyrir, að um þetta þurfi að verða harðskeyttar umr., því að stefna frv. virðist vera sameiginlegt áhugamál beggja nefndarhluta. Báðir hlutar eru sammála um það, að einhverskonar einkasala þurfi að komast á, en þá greinir á um fyrirkomulagið.

Hv. 1. þm. Reykv., sem annars andmælti frv., kannaðist líka við það, að annmarkar hefðu verið á sölufyrirkomulaginu, og það mjög miklir. Hefðu þeir meðal annars lýst sjer í því, að fjöldi manna, er fengist hefði við þennan atvinnurekstur, hefði gengið frá honum snauður og slyppur. Hv. þm. sagði líka ýmislegt, sem átti víst frekar að vera til gamans heldur en til þess að sannfæra áheyrendur. Hann vildi meðal annars bera í bætifláka fyrir síldarleppana og sagði, að mörgum mundi bregða við, ef þeir hyrfu úr sögunni alt í einu. En kringilegast fanst mjer þó það hjá honum, er hann fór að tala um, að skeð gæti, að *ríkisleppar*, er hann nefndi svo, mundu koma í stað útlendingaleppanna, ef landrækir yrðu. Get jeg ekki vel hugsað mjer slíkar verur eða skilið, hvernig hv. þm. hugsar sjer, að þær líti út. Yfirleitt virtist andstaða hans gegn frv. ekki róttæk, og hann hefir það sameiginlegt við meiri hl. að vilja koma upp síldarbræðslustöð, en nafnið ríkiseinkasala virtist snerta hann óþægilega.

Eitt var það í ræðu hv. þm., er mjer fanst helst líkjast ímyndunarveiki. en það var óttinn við reiði Svía, ef einkasala kæmist á og leppar nir yrðu landrækir. Hugði hann það geta orðið til þess, að vjer sættum ókjaraviðskiftum í Svíþjóð. Það getur náttúrlega vel verið, að Svíar styggist við brottrekstur leppanna, en það verður varla svo hættulegt, því þó þeir gangi úr skaftinu, þá koma altaf aðrir í þeirra stað. Og yfirleitt held jeg, að ekki sje mikil ástæða til að virða við þá viðskiftin undanfarið. En sjálfsagða viðfangsefnið næstu árin er að kynna íslenska síld á markaðinum utan Norðurlanda.

Hv. frsm. minni hl. lýsti greinilega afstöðu sinni til þessa máls, og er hann að vísu einkasölu fylgjandi, en leggur aðaláhersluna á það, að hún verði framkvæmd eftir lögunum frá 1926 um síldarsölu o. fl. Með öðrum orðum, að hún verði fengin í hendur einstökum mönnum, en ríkið hafi sem minsta hlutdeild í henni. Frá hans sjónarmiði er þetta mjög eðlilegt og ekki nema von, að hann líti svo á. Jeg get t. d. hugsað mjer, að hann eftir ákvæðum þeirra laga yrði einn af forkólfum slíks einkahagsmunafyrirtækis. Veit jeg vel, að hann er duglandi maður og því sennilegt, að vel gæti gengið meðan hans nyti við. En það er svo um hann sem aðra dauðlega menn, að eilífur augnakarl getur hann ekki orðið við síldarsamlagið, og ekki er gott að segja um það, hver taka myndi við af honum eða hverjum treysta mætti.

Jeg er því á þeirri skoðun, og jeg held mjer sje óhætt að segja það sama um meiri hl. nefndarinnar, að þegar svo er komið þessari síldaratvinnu, að einstaklingarnir ráða ekki við hana án mikillar áhættu, þá sje eina úrræðið að skipulagsbinda hana og lögskipa einkasölu. Og jeg held því afdráttarlaust fram, að ríkiseinka-

sala sje þá miklu heppilegri en það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í lögunum frá 1926, því að þótt góðir menn veljist um stundarsakir til þess að veita forstöðu slíkri einstaklingastofnun, þá er það ekki trygt til lengdar. Ákvæðin um síldarsamlög í nefndum lögum frá 1926 tryggja þetta ekki svo örugt sje. Þar er kveðið svo á, að ríkisstjórnin skuli tilnefna stjórnendur fyrirtækisins til fyrstu 4 áranna. Eftir þann tíma getur ríkið ekki haft hönd í bagga með þessu, heldur ráða þá stærstu útvegsmenn öllu, sem með atkvæðafjölda eftir söltuðu síldarmagni geta setið yfir hlut allra þeirra efnaminni.

Hv. frsm. minni hl. tók fyrir ýms atriði úr till. meiri hl. og gagnrýndi þau, en um það skal jeg ekki elta ólar við hann. Aðfinslur hans skiftu ekki miklu máli og voru yfirborðslegar. Hv. þm. benti á það misrjetti, er til væri stofnað með þessu frv. milli landshlutanna, með því að binda stjórn einkasölunnar og framkvæmdir við Norðurland eingöngu, þótt meiri hluti þess fjármagns, sem notað yrði, kæmi úr öðrum landshlutum. Þetta hefir meiri hl. líka tekið til athugunar og komið með till., er fara í þá átt að draga úr þessu misrjetti. Annars á þetta ekki að koma að sök, vegna þess að ríkisstjórninni og Alþingi er ætlað að ráða framkvæmdarstjórn að mestu og geta þannig hamlað því, að einstakir menn verði of sjerdrægir og einráðir.

Þess má hjer geta, að skýrsla sú, er minni hl. birtir í nál. sínu um hlutdeild hinna ýmsu landshluta í síldveiðum, er að ýmsu leyti mjög villandi og röng. Þykist jeg sjá, að hún sje samin af einhverjum síldarútvegsmanni fyrir norðan og að eingöngu sje miðað við síldveiðar frá Siglufirði og Eyjafirði. T. d. er þess getið í skýrslu minni hl., að frá Austfjörðum hafi verið aðeins 3 herpinótaskip og 3 netabátar að veiðum. Það má vel vera, að ekki hafi verið fleiri austfirsk skip að veiðum nyrðra, en á Austfjörðum voru a. m. k. 4 herpinótaskip, er ekki fóru norður, og auk þess fjöldi báta, sem áttu við síldarveiði. Og ef skýrslan er jafnóáreiðanleg um aðra landshluta sem Austfirði, þá legg jeg ekki mikið upp úr henni. Hinsvegar er það alkunnugt, að flest skipin og stærst hafa verið frá Suðurlandi, og ef byggja ætti á eða miða við landfræðilegt sjónarmið, þá væri mikil ástæða til þess, að einkasalan hefði aðalbækistöð sína hjer sunnanlands. En síldveiðarnar eru stundaðar austan-, norðan- og vestanlands, en alls ekki hjer syðra, og þess vegna mælir einmitt margt með því, að miðstöð einkasölunnar verði sem næst miðju þessa svæðis.

Hv. frsm. minni hl. lagði mikla áherslu á þau mótmæli gegn einkasölu, sem komið hefðu frá síldveiðamönnum á Siglufirði og víðar að, t. d. þau, er komu frá fundi, er síldveiðamenn hjeldu hjer í Reykjavík fyrir nokkrum dögum. Um þetta var meiri hl. nefndarinnar vel kunnugt, en hitt var líka vitað, að fjöldi manna hefir tjáð sig fylgjandi till. meiri hl. og mælt með þeim, þó ekki hafi þessir menn gert með sjer samtök til andmæla, eins og þeir, sem eru andvígir stefnunni, og lepparnir að norðan.

Annars skal jeg geta þess, að þegar hingað bárust þessi kröftugu mótmælaskeyti Siglfirðinga, þá var þannig frá þeim gengið, að undir þeim stóð ekkert nafn, heldur aðeins talan 22. Seinna voru nöfnin að vísu send, en þá hafði nefndin tekið ákvörðun sína, og jeg býst nú satt að segja við, að þó þau hefðu komið fyr, þá hefði ekkert tillit verið tekið til þeirra. Sama er að segja um þau mótmæli, er komu frá síldveiðamannafundinum hjer. Þar var atkvæðagreiðslu svo háttað, að fjármagn gat atkvæðum ráðið. Á þennan hátt var hægt að búa til íþróttalegan meiri hl., enda voru á fundinum samþ. mótmæli með 87:37 atkv., og eftirlæt jeg hv. þdm. að meta, hve mikils virði þessi atkvgr. var.

Hv. frsm. minni hl. vildi draga dár að einni brtt. meiri hl., sem sje brtt. við 5. gr. Hún er þess efnis, að framkvæmdarstjórn einkasölunnar sje heimilt að liðsinna viðskiftavinum hennar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna. Tók jeg svo eftir, að hv. frsm. teldi þetta ákvæði einskis nýtt og hjegóma einan. (**ÓTh**: Já, það er rjett). Þetta er þó hættulaust ákvæði og getur engu spilt, en óneitanlega getur það haft mikla þýðingu fyrir fjelitla skiftavini, að menn, sem reyndir eru að skilvísi, gefi yfirlýsingu um, að óhætt sje að trúa þeim í viðskiftum. Allir vita, að lánstraust byggist að miklu leyti á meðmælum skilríkra manna með lánbeiðanda, og get jeg af eigin reynslu fullyrt, að jeg hefi útvegað nokkrum mönnum lánstraust með ábyrgðarlausum meðmælum. Þetta ákvæði er því ekki óþarft, og þótt það verði máske ekki oft að liði, þá er það að minsta kosti skaðlaust. Annars skal jeg geta þess, að meiri hl. tók upp þessa brtt. fyrir orðastað einstaks nefndarmanns og fjellst á að flytja hana.

Jeg gat þess í upphafi, að jeg mundi ekki fara vítt eða breitt til að lengja þessar umræður. Gæti jeg raunar látið hjer staðar numið. En hv. frsm. minni hl. kvartaði um það í lok ræðu sinnar, að ástæður mínar til fylgis við frv. væru nokkuð óákveðnar, og skildi jeg þetta svo, að honum hefði þótt skorta á rök frá minni hálfu, er jeg mælti fyrir frv.

Hv. þm. sagði, en mun nú hafa tekið sig á því, að jeg hefði verið einn af flm. síldarsölufrv. 1926. Þetta hefi jeg þegar leiðrjett, enda var þetta rangt hjá hv. frsm. Jeg studdi frv. 1926, af því að jeg sá, að ekki mundi kostur annars betra á því þingi. Og jeg kaus heldur að fylgja því þá en láta þessi mál alveg reka á reiðanum eins og áður án alls skipulags. Rökin fyrir fylgi mínu við þetta frv., sem hv. frsm. minni hl. segir skorta, hefi jeg áður talið, og þau eru alkunn. Auðvitað er fylgið á því bygt, að jeg tel þetta frv. betra en lögin frá 1926 og líklegra til að bera góðan árangur. Jeg tel einkasölu öruggari í höndum ríkisins en einstakra manna, sem ósýnt er, hversu reynast, og að vonum eru oftast sjálfum sjer næstir. Einn er sá megingalli á lögunum frá 1926, að þar var atkvæðamagnið fengið þeim mönnum aðallega, sem yfir mestu fje hafa að ráða í útgerðinni. Verð jeg að telja slíkt fyrirkomulag bæði ótrygt og hættulegt, því að ekki er víst, að þessir menn finni til á-

byrgðar að sama skapi og þeir hafa mikil fjárráð.

Áður en jeg læt útrætt um þetta mál, skal jeg aðeins minnast á brtt. á þskj. 574. Jeg drap mjög lauslega á þær síðast, en skal geta þeirra nú, af því að hv. flm. er viðstaddur. Þær hafa að vísu ekki verið bornar undir nefndina. En jeg hefi athugað þær lauslega, og að því búnu þykist jeg geta aðhylst 3 þær fyrstu, en þeirri síðustu treystist jeg ekki til að greiða atkv. Sama hygg jeg, að mjer sje óhætt að segja um hv. meðnefndarmenn mína í meiri hl.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætla ekki að tala alment um málið í þetta sinn og ekki lýsa yfir neinu um það, hvernig jeg muni endanlega greiða atkv. En jeg get verið hv. frsm. meiri hl. þakklátur fyrir, hvernig hann hefir tekið í brtt. mínar á þskj. 574, þar sem hann lýsir yfir fylgi sínu og hv. meiri hl. við þrjár þeirra, þó að hann geti ekki fallist á þá síðustu.

1. brtt. mín fer fram á að undanþiggja einkasölu þá síld, sem lögð er í olíu eða krydd í dósum. Eftir því, sem jeg hefi kynt mjer málið, sje jeg ekki þörf á, að einkasalan gildi um þessa vöru. Hún er seljanleg yfirleitt á erlendum markaði, sje vel frá henni gengið. Þegar talað er um vandræði í sambandi við síldarsöluna, snerta þau eingöngu aðalvöruna, saltsíldina. Hinsvegar gæti óþörf einkasala dregið úr viðleitni manna til að reyna nýjar leiðir. Hingað til hefir of lítið verið að því gert af hálfu Íslendinga að breyta vörunni þannig, að hún yrði sem víðast seljanleg erlendis, og gildir þetta bæði um síld og aðrar útflutningsvörur. Er því síst dragandi úr viðleitninni til þess að fara inn á nýjar brautir í þessu efni.

2. brtt. er um, að Útgerðarmannafjelag Siglufjarðar kjósi, ásamt Útgerðarmannafjelagi Akureyrar, mann í útflutningsnefndina. Finst mjer þessi till. svo sjálfsögð, að um hana þurfi ekki að fara mörgum orðum. Eins og greinin er orðuð nú, á Útgerðarmannafjelag Akureyrar að kjósa 1 mann í nefndina, þangað til víðtækari fjelagsskapur útgerðarmanna verður stofnaður norðanlands. Hygg jeg, að með þessu sje átt við samband útgerðarmannafjelaga. Sje svo, mundi fjelagið á Siglufirði bráðlega fá rjett til þess, samkv. frv., að taka þátt í kosningunni. En jeg geri ráð fyrir, að frv. sje orðað svona vegna þess, að flm. þess hafi ekki verið kunnugt um, að til væri slíkt fjelag á Siglufirði, og jeg efast líka um, að það hafi verið til, a. m. k. formlega, þegar frv. var flutt í þinginu. En nú er það til, og finst mjer sjálfsagt, að fjelagar í því fái sama rjett og þeir, sem eru í fjelaginu á Akureyri. Í raun og veru hefði verið eðlilegt, að Siglfirðingar hefðu komið fyrr til greina en útgerðarmenn á Akureyri, því að það vita allir, að Siglufjörður er miðstöð þessarar starfsemi, þ. e. síldveiðinnar.

Þá kem jeg að 3. brtt., sem hv. frsm. meiri hl. fylgir líka. Hún er um, að framkvæmdarstjórarnir megi ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun fyrir sjálfa sig. Með þessari brtt. vakti það fyrir mjer að tryggja óhlutdrægni framkvæmdarstjóranna og að

þeir ynnu óskiftir að starfi sínu. Jeg sje, að hv. meiri hl. lítur svipað á þetta og jeg, þar sem hann felst á till. Því hefir verið haldið fram sem mótbáru gegn þessari till., að þá gæti verið hætta á, að síður fengjust framkvæmdarstjórar, sem hefðu nóga reynslu og þekkingu. Játa jeg, að þetta er íhugunarvert, og þykir mjer því rjett að láta atkvæðagreiðslu um þessa till. bíða til 3. umr.

4. brtt. minni hefir hv. meiri hl. ekki getað fylgt. En hún fer fram á það, að heimili og varnarþing einkasölunnar skuli vera á Siglufirði, en ekki á Akureyri, eins og stendur í frv. Um hana er þó svipað að segja og 2. brtt. Hún er bygð á því, að Siglufjörður er miðstöð allrar síldveiði og síldarverslunar og að aðalstarfsemi einkasölunnar hlýtur að verða þar. Sýnist því undarlegt, að heimili og varnarþing hennar skuli ekki líka vera á Siglufirði, þar sem frv. gerir þó ráð fyrir, að skrifstofa hennar sje þar. Upphaflega stóð í frv., að skrifstofan skyldi vera á Siglufirði um síldveiðitímann, en hv. Ed. breytti þessu ákvæði þannig, að fella burtu orðin „um síldveiðitímann". — Verður þessi breyting ekki öðruvísi skilin en að sú hv. deild hafi álitið, að skrifstofan ætti að vera á Siglufirði og hvergi annarsstaðar, en því undarlegra er að hafa heimili hennar og varnarþing ekki á sama stað. Til þess að setja heimili og varnarþing annarsstaðar hefðu þurft að vera alveg sjerstakar ástæður, en jeg sje ekki, að þær sjeu fyrir hendi. Jeg veit heldur ekki betur en að dómari sje á Siglufirði, og sennilega mundi enginn skortur verða þar hæfra málafærslumanna. Í þessu sambandi vil jeg minna á, að það hefir þótt fært að hafa skrifstofu einkasölunnar á Siglufirði, þó að þar sje ekki önnur bankastofnun en útibú það, er Íslandsbanki hefir þar um síldveiðitímann. En eigi síldareinkasalan að geta gengið, þarf að koma sæmileg bankastofnun á Siglufirði. Og nú vil jeg nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki sje hafinn neinn undirbúningur til að framfylgja þál., sem samþ. var á þinginu 1918 um þetta efni. Jafnvel þó að 4. brtt. mín yrði feld, verður, eins og jeg er búinn að taka fram, aðalstarfsemi einkasölunnar á Siglufirði, og sje jeg ekki, að hún geti þrifist, ef ekki er hægt að hafa þar nein veruleg bankaviðskifti.

Nú hefi jeg gert grein fyrir brtt. mínum, en auk þess vildi jeg drepa á eitt atriði í frv., þó að jeg hafi ekki flutt brtt. við það. Jeg verð að segja, að mjer þykir býsna hart ákvæði 6. gr., um að einkasalan geti tekið bryggjur til afnota skilyrðislaust. Jeg get ekki annað sjeð en þetta gildi, þó að eigandi þurfi sjálfur að nota bryggjuna. Vildi jeg mælast til, að hv. nefnd tæki þetta til nýrrar yfirvegunar og athugaði, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar undantekningar á þessu. Jeg hygg, að verði frv. á annað borð samþ., þurfi að vera einhver ákvæði um það í lögum, að bryggjur megi yfirleitt taka, ef einkasalan þarf þeirra við. En jeg skil ekki annað en að hægt sje að finna einhvern meðalveg, þannig, að ákvæðið komi ekki til greina, þegar eigendum er missir bryggjunnar mjög bagalegur vegna eigin atvinnurekstrar.

Jeg kom inn áðan, meðan hv. frsm.

meiri hl. var að tala. Jeg heyrði þá, að hann var að tala um „leppana að norðan". Jeg veit ekki, hvaða menn það eru, sem hann velur þetta heiti. En mjer þætti rjettara, þegar slík ummæli eru viðhöfð, að gengið væri beint til verks og sagt, hverjir þeir eru þessir leppar. Jeg skal ekki bera á móti því, að þeir kunni að vera til, en þegar verið er að tala yfirleitt um „leppana að norðan" og því er ekki móti mælt, gæti svo farið, að þessi miður virðulega nafnbót festist við einhverja þá, sem alls ekki eiga hana skilið.

Sigurður Eggerz: Á þinginu 1926 voru, eins og kunnugt er og vísað hefir verið til, samþykt lög um síldarsölu. Jeg held, að þau hafi aðallega verið runnin frá mönnum, sem fengist höfðu við síld. Jeg greiddi atkv. gegn þessum lögum. Yfirleitt hefi jeg haft þá reglu, þegar rætt hefir verið um einokun, að krefjast þess af einokunarmönnunum, að þeir gerðu grein fyrir, af hverjum ástæðum þeir vikju frá grundvelli frjálsrar verslunar. Jeg vil vekja athygli á því, að svo framarlega, sem einokun er þrautaúrræðið, þegar í vandræði rekur, þá fer rökstuðningur hinnar frjálsu verslunar að verða lítill. Hví á þá ekki að taka upp einokun yfirleitt?

Jeg er ekki í tölu þeirra manna, sem trúa á einokun. Og jeg held, að orsökin til þess, að lögin frá 1926 eru enn ekki komin til framkvæmda, sje sú, að þeir, sem harðast börðust fyrir þeim, hafi ekki treyst sjer til að fylgja þeim fram.

En nú er á ferðinni einkasala í sinni hreinustu mynd. Jeg hefi reynt að hlýða á umræður hjer og gera mjer grein fyrir þeim ástæðum, sem fram eru færðar. Þetta er stórmál og snertir mjög atvinnu þjóðarinnar. Mjer skilst, að aðalástæðan fyrir einokuninni sje talin sú, að hún sje nauðsynleg til að hafa hemil á markaðinum. En ef litið er til ársins 1927, sem er meira en meðalsíldarár, skilst mjer eftir upplýsingum, að utan landhelgilínunnar hafi veiðst um 190 þús. tn., en innan hennar um 160 þús. tn., að Austfjarðasíldinni frádreginni. Það liggur í hlutarins eðli, að á þeim tímum, sem svo mikið veiðist utan línunnar, er það eitt nóg til þess að gera markaðinn of lítinn, og þá er ekki hægt að hjálpa með einkasölu. Jeg ætla, að nærri láti, að 240 þús. tn. sjeu hæfilegur útflutningur á þann markað, sem nú er. En gerum ráð fyrir, að útlendingar veiddu þessar 240 þús. tn. fyrir utan landhelgi. Þá kemur lokunin ekki að haldi til annars en tryggja þeim hátt verð fyrir síldina. Með einkasölu verður því ekki ráðið fram úr vandræðunum.

Eftir mínu viti er aðeins ein lausn þessa máls. Hún er sú, að útvega nógu mikinn markað. Það er eina ráðið, sem kemur að haldi. Jeg vil benda á það, að 1927 voru seldar frá Noregi um 100 þús. tn. og hjeðan 25 þús. tn. síldar til Rússlands. Hefði salan hjeðan orðið nokkru meiri og farið fyr fram, mundi það hafa hjálpað talsvert. Nú hefi jeg heyrt, að möguleikar sjeu til síldarsölu í Þýskalandi. Jeg þekki mann, sem selt hefir nokkuð þangað. En eigi að takast útflutningur til fleiri staða en áður, þarf sennilega að breyta verkun síldarinnar. Höfuðatriðið er m. ö. o.

að gera hana að eftirsóttri vöru. Svo hefir verið farið að annarsstaðar, þar sem síldveiði er stunduð, t. d. í Englandi. Jeg fæ þess vegna ekki sjeð, að með einkasölu sje hægt að ráða fram úr stærsta atriði málsins, að tryggja síldarmarkaðinn. En ef þetta er rjett, sem jeg hjer hefi sagt, þá eru í raun og veru allar ástæður fyrir einkasölu fallnar burt. Og svo vill það oft verða, að þegar farið er að rannsaka einokunina niður í kjölinn, þá liggur þessi máttur, sem menn hafa trú á í einokuninni, aðeins í því, að menn hafa ekki athugað málið nógu rækilega. Þegar illa gengur hin frjálsa verslun, þá eru menn að leita að öllum mögulegum ráðum og halda, að alt vinnist betur með nýjum aðferðum. Svipað dæmi má finna í stjórnmálunum. Þegar illa gengur í löndunum, kenna menn þingræðinu um eitt og annað, sem illa fer. En allir vita, hversu sorglega hefir reynst að yfirgefa þingræðisgrundvöllinn og byggja á einræðisgrundvelli. Í raun og veru er þetta alveg það sama. Hjer á að fara að yfirgefa hinn frjálsa grundvöll og leggja einræðisgrundvöll, af því að menn, sem hafa haft verslunina í sínum höndum, hafa ekki verið eins duglegir og þeir áttu að vera.

Jeg geri ráð fyrir, að við nánari yfirvegun muni mörgum virðast það alleinkennilegt, að Alþingi Íslendinga skuli eiga að fara að útnefna þá menn, sem eiga að standa fyrir síldarsölu. Jeg verð að spyrja: Hvaða skilyrði hefir þessi göfuga samkoma til þess að fara að takast slík störf á hendur? Aðeins á þessari ráðstöfun sjest það, að verið er að leggja inn á undarlega braut, þegar þeir menn eiga að útnefna forstöðumenn síldareinkasölunnar, sem hafa mjög litla þekkingu á því, hverjir eru best fallnir til þess starfa.

Þá er eitt atriði, sem óhjákvæmilegt er að minnast á í þessu sambandi, — hvernig hugsað er, að þessi síldareinkasala verði rekin. Mjer skilst það hljóti að fara svo, að hún verði rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Jeg geri ráð fyrir, að það verði óhjákvæmilegt, ef einkasalan kemst á fót, að þeir menn, sem framleiða síldina, verði að fá strax peninga. Hvernig eiga þessir menn að útvega sjer tunnur eða salt? Til þess þurfa þeir auðvitað fje, — og hver leggur það til? Auðvitað verður einkasalan að gera það, — en hvar fær hún fjeð? Vitanlega hjá ríkissjóði. Með öðrum orðum: Það er búið svo laglega að draga sjálfan ríkissjóðinn inn í starf, sem viðurkent er að vera hið áhættusamasta á voru landi.

Jeg skal ekki segja, hvað mikið fje muni þurfa til þess að kaupa tunnur og salt fyrir þá framleiðslu, sem svaraði til þess, sem þætti hæfilegt fyrir markaðinn; en það hefir sagt mjer maður, sem er mjög vel inni í þessum málum, að það þyrfti frá 1½ miljón kr. upp í 2 milj. Það liggur nú í hlutarins eðli, að það er ekki meiningin með síldareinkasölunni að koma í veg fyrir starfsemi þeirra manna, sem lifað hafa af þessari framleiðslu. En hinsvegar er það, að ef ríkissjóður á að sjá mönnunum bæði fyrir tunnum og salti, þá munu sumir kalla, að hjer sje engin áhætta á ferð, vegna þess að þessi framkvæmdanefnd selur síldina og getur tekið í sínar vörslur það fje, sem þarf fyrir tunnur og salt. En jeg spyr:

Hvernig fer í ári eins og seinasta ári? Jeg hefi fyrir satt, að alment tap hafi verið á saltaðri síld. Jeg efast um, að það mundi verða nægilegt fje til þess að borga ríkissjóði og einkasölu út það, sem búið er að leggja út fyrir salti og tunnum.

Mjer sýnist það að öllu liggja í hlutarins eðli, að við eigum áreiðanlega ekki hjer á hinu háa Alþingi að fara nú að yfirgefa þann trygga grundvöll, sem á að standa undir sjálfum ríkissjóðnum. Það er nú búið að taka ábyrgð á fje, sem lagt er smábátaútgerð á Ísafirði, — nú á að leggja alt að miljón króna í síldarverksmiðju á Siglufirði, þó að vitað sje, að slík stofnun sje áhættufyrirtæki og þurfi ekki einungis stofnfje, heldur líka rekstrarfje, — og skal jeg sýna fram á hvorttveggja, þegar það mál verður til umræðu. Mjer sýnist þess vegna, að nú sje farið að ganga nokkuð djarft að ríkissjóðnum, — farið að víkka hans verksvið fullmikið. Hingað til hafa menn með rjettu hræðst hallana. En enginn getur sagt, hvar þetta muni enda, þegar ríkissjóður er kominn inn á þennan hættulegasta atvinnuveg, sem til er í landinu.

Því er mjög haldið á lofti, að einkasalan sje nauðsynleg til þess að takmarka síld á markaðinn og tryggja með því sæmilegt verð. Jeg hefi þegar bent greinilega á það, að það mætti framleiða svo mikið fyrir utan línuna, sem markaðurinn frekast þyldi án þess að verða ofboðið. Og þá kemur það atriði til greina, þegar einkasalan á að ákveða, hve mikið skuli salta, að það er ekki víst, að menn fylgist nákvæmlega með því, hvað veitt er fyrir utan línuna. Einkasalan getur því vaðið þar í villu og svíma.

Jeg hefi nú gert þessar stuttu athugasemdir til þess að frelsa mína samvisku í þessu máli. Jeg greiddi atkv. móti einkasölunni 1926, og jeg mun greiða atkv. móti enn stærri einkasölu, sem hjer er á ferð. Það mun seinna sýna sig, ef á að halda langt inn á þá braut að fara með ríkissjóðinn inn í síldar-„spekulationir", þá munu margir lofa guð fyrir það, að þeir greiddu rjett atkvæði í dag í þessu máli.

Pjetur Ottesen: Það má með sanni segja um þetta þing, að það verði nokkurskonar síldarþing. Hjer liggja nú fyrir ekki minna en fjögur eða fimm frv., sem öll snerta síldarútveg; það eru fyrst og fremst þau tvö, sem nú eru á dagskrá, frv. um einkasölu á útfluttri síld og frv. um stofnun síldarbræðslustöðva. Auk þess eru a. m. k. tvö frv. um breytingu á tollum af síld og síldarafurðum, og í fimta lagi liggja fyrir tillögur um það, að gefa eftir toll af þeirri síld, sem seld var til Rússlands síðastl. sumar. Og því verður ekki neitað, að það skín út úr öllum þessum frv. umhyggjan fyrir þessum útvegi. Samkv. frv. um stofnun síldarbræðslustöðva á ríkissjóður að leggja fram miljón króna og auk þess að taka að sjer rekstur verksmiðjunnar og þá stórvægilegu fjárhagsáhættu, sem af því leiðir. Það er svo fast hrint á eftir um þetta, að af því að ekki er gert ráð fyrir, að þessi fyrirhugaða síldarverksmiðja geti tekið til starfa í sumar, þá á, heldur en að ekkert verði aðhafst af því opinbera, að gefa stjórninni heimild til

þess að taka bræðsluverksmiðju á leigu, sem sje rekin fyrir reikning ríkissjóðs í sumar. Þau frv., sem fyrir liggja um tolla í ríkissjóð af síld og síldarafurðum, skilst mjer vera þess eðlis, að ef nokkuð ber út af um árferði, verði þau hrein ívilnunarlöggjöf handa síldarútvegsmönnum, — að það verði allmikil lækkun á þeim tollum, sem ríkissjóði hlotnast af þessari útgerð í meðal- eða ljelegum árum.

Það verður varla hjá því komist, þó við 2. umræðu sje, að ræða nokkuð alment um málið og að umræðurnar snúist einnig nokkuð um næsta málið á dagskránni, frv. um stofnun síldarbræðslustöðva, og vænti jeg, að hæstv. forseti taki ekki hart á því.

Það er nú svo, að síldveiðarnar eru orðnar stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar. Það virðist miklu frekar vera sú stórfelda hagsmunavon, sem togar menn meira og meira út í þennan atvinnurekstur, heldur en sá raunverulegi hagsbótaárangur, sem af þessum atvinnurekstri hefir yfirleitt orðið fyrir þjóðina; því það virðist ekki leggja neinar hömlur á viðleitni manna í þessa átt, þótt þeir verði þráfaldlega fyrir stórtöpum og verkafólkið fyrir atvinnumissi.

Það er nefnilega þetta seiðmagn, sem fylgir öllum fjárhættuspilum, er þarna kemur fram, þessi óhóflega þrá að kasta teningum um gæfuna.

Þó að jeg að sjálfsögðu fari ekki langt út í það á þessu stigi málsins að ræða um næsta málið á dagskránni, heimild stjórnarinnar til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð fyrir ríkisreikning, þá vil jeg taka undir það, sem háttv. þm. Dal. sagði, að þar sje mjög teflt á tæpt vað um það að leggja fje ríkissjóðs í hættu fyrir þennan atvinnurekstur. Á jeg þar við þá miklu fjárhagsáhættu, sem því fylgir að reka verksmiðjuna fyrir ríkisreikning. Og jeg verð að segja það, að mjer komu hálfkynlega fyrir sjónir þær tillögur, sem meiri hl. sjútvn. flutti við 2. umr. frv. um stofnun síldarbræðslustöðva. Eins og kunnugt er, var samþ. till. í því máli í Ed., þar sem ríkisstjórninni var heimilað að selja samvinnufjelagsskap síldarútvegsmanna þessa verksmiðju, þegar hún væri komin upp, ef ósk um það kæmi fram. Og jeg býst við, að það, að þetta ákvæði komst inn í frv., hafi meðal annars valdið því, hve góðar undirtektir þessi hugmynd hlaut í Ed. En þegar hjer er komið, flytur meiri hl. sjútvn. till. um að fella þetta atriði alveg burt. Mjer þótti þetta undarlegt, meðal annars af því, að að þessari till. stóðu tveir samvinnumenn, sem sje hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Árn., — að þeir væru nú að hverfa frá samvinnugrundvellinum og komnir þarna algerlega inn á ríkisrekstur. Þetta fyrirbrigði er eitt af mörgu talandi vottur þess, hvað stjórnarflokkurinn er háður vilja stuðningsmanna sinna, sósíalistanna. Hingað til hefir það verið svo, að ríkissjóður hefir notið allmikilla tekna af þessum atvinnurekstri, án þess að leggja nokkuð beint í hættu hans vegna. En með því að víkja inn á þá braut, sem nú er gert ráð fyrir, nefnilega að reisa og reka fyrir ríkisfje stórar síldarverksmiðjur, þá er vitanlega algerlega snúið við blaðinu, því að afleiðingin af því hlýtur að verða sú, að allmikil áhætta er færð

yfir á herðar ríkissjóðsins. — Hitt virðist mjer, að hefði verið miklu heppilegri leið í þessu máli, sem borin var fram till. um hjer í fyrradag, að ríkissjóður styddi fjelag útgerðarmanna til þess að koma upp síldarbræðsluverksmiðju, en að honum yrði ekkert blandað inn í rekstur hennar. Það er ekki hægt að bera því við, að þýðingarlaust hefði verið að heimila fje í þessu skyni, af því að ekki fengjust menn til framkvæmda, því að eftir því sem mjer er best kunnugt, eru síldarútvegsmenn nú um þessar mundir að bollaleggja um möguleika á því að koma upp síldarverksmiðju og mundu taka fegins hendi atbeina ríkisins til þess að hrinda því máli í framkvæmd. Mjer virðist því liggja miklu nær að beina nokkru fjármagni úr ríkissjóði — ef það á annað borð þykir óhjákvæmilegt — inn á þá braut heldur en að fara að óþörfu að stofna þarna til ríkisrekstrar.

Svo að jeg snúi mjer að því frv., sem hjer er nú beint til umræðu, frv. um einkasölu á útfluttri síld, þá vil jeg taka það fram enn út af því, sem hv. þm. Dal. sagði, að jeg get ekki sjeð, að neinstaðar í frv. sje ráð fyrir því gert, að ríkissjóður eigi að leggja einkasölunni rekstrarfje eða taka á sig neina fjárhagsáhættu af rekstri hennar. (SE: Jeg sagði, að það mundi geta farið svo). Mjer virtist hv. þm. ganga út frá því. En það er einber fjarstæða. Það er nefnilega sá stóri munur á þessu frv. og frv. um síldarbræðslustöðvar, að þar á ríkissjóður að taka á sig stórmikla fjárhagsáhættu, en með þessu frv. alls enga. Enda er skýlaust ákvæði um það í frv., að kostnað allan við þennan rekstur eigi að greiða af síldarafurðum. Það er nú svo, eins og kunnugt er, að skoðanir skiftast mjög um það, hvort heppilegra sje, að frjáls verslun ráði eða verslunin sje meira eða minna skipulagsbundin. En það er líka jafnkunnugt, að ýmsir menn, sem annars eru fylgjandi frjálsri verslun, þeir viðurkenna, að svo sje háttað um síldarsöluna, til dæmis að taka, að það sje að minsta kosti ekki alveg útilokað, að bæta mætti úr þeim göllum, sem eru fram komnir í frjálsri verslun með þá vöru, með því að skipulagsbinda söluna. Og til þess liggur fyrst og fremst sú ástæða, að markaðurinn fyrir saltsíld er ákaflega takmarkaður. Og jeg vil biðja menn að gæta þess, að bótin í þessu efni liggur að minstu leyti í því að setja einkasölu á síldina; hún liggur í hinu, að takmarka söltunina, leggja hömlur á það, að of mikið berist á þennan þrönga markað. Hv. þm. Dal. gat þess, að það væri svo mikið veitt af síld utan landhelgi af útlendingum, að það skifti litlu, hvort framleiðslan hjer væri takmörkuð eða ekki; markaðurinn offyllist fyrir því. Eftir því sem mjer er sagt um þetta, hygg jeg það sje ekki allskostar rjett að draga þessa ályktun, og það liggur í því, að sú síld, sem er veidd og söltuð úti á hafi, verður varla verkuð á þann hátt, sem markaðurinn krefst; eða það er a. m. k. miklu minni trygging fyrir því. Jeg held þess vegna, að þetta útiloki ekki alveg, að eitthvað megi vinna með þeirri aðferð að takmarka útflutning á saltaðri síld. Hinsvegar virðist mjer, að sumir menn líti ekki öfgalaust á úr-

lausn málsins á þessum grundvelli, og vil jeg í því sambandi benda á það, sem fram kom í nál. meiri hl. Þar segir svo: „Það er óneitanlegt, að dráttur sá, sem orðið hefir á skipulagi á sölu síldar, hefir bakað landsmönnum ómetanlegt tjón". — Jeg geng inn á, að það geti legið einhver úrbót í þeim væntanlegu takmörkunum á útflutninginum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En að það liggi alt í skipulagsleysinu, hvernig farið hefir um sölu síldar, það hygg jeg sjeu öfgar. Það er vitanlegt um þennan atvinnurekstur sjerstaklega, að það kemur svo ákaflega margt til greina, sem gerir hann hæpinn; það fyrst og fremst, hvað misbrestasöm veiðin er, og svo er alkunnugt, að þessi atvinnurekstur er afskaplega kostnaðarsamur.

Svo eru aðrir, sem halda því fram, að ekki sje til neins að skipulagsbinda söluna nema jafnframt verði komið upp síldarbræðsluverksmiðju, en það er aftur bygt á því, að ekki sjeu dregin saman seglin með síldarútgerð þá, sem nú er, heldur verði þar jafnvel færðar út kvíarnar. Þessi skoðun kom mjög greinilega fram á fundi, sem síldarútvegsmenn hjeldu hjer í bænum nýlega, þar sem samþ. var tillaga sú, er háttv. minni hl. sjútvn. vitnar í í nál. sínu og sem hann leggur, að því er virðist, til grundvallar fyrir því að leggjast á móti frv. Um þessa tillögu segir minni hl.: „Till. þessi hefir verið send sjútvn. með tilmælum um, að nefndin beiti sjer gegn einkasölufrv., og þótt vjer leiðum hjá oss að leggja dóm á þá skoðun fundarins, að hættulegt sje að hefta frjálsa síldarverslun, fyr en landsmenn hafa fengið umráð yfir verksmiðjum, viljum við verða við ósk fundarins um að leggja til, að frv. verði felt".

Það, sem einkennilegt er við þessa ályktun minni hl., er það, að hann leggur til, að frv. verði felt samkvæmt till. þessa fundar, án þess að leggja nokkurn dóm á það, hvort till. sje á rökum bygð eða ekki.

Jeg býst nú við, að hjer sjeu öfgar á báðar hliðar og að í þessu sem öðru muni það vera svo, að á milli öfganna liggi leið til nokkurrar úrlausnar á málinu; það megi takast að finna úrræði, sem takast mætti að færa út á svið raunveruleikans. Jeg er nú enn á sömu skoðun og jeg var 1926, þegar frv. um síldarsamlag lá fyrir þinginu, að reynt sje að gera eitthvað í þessu efni; þó jeg hinsvegar hafi ekki trú á því, að takast megi að bæta úr göllunum að fullu, þá má þó vera, að eitthvað megi fyrirbyggja af þeim, og því tel jeg ekki rjett að sporna á móti tilraununum í þá átt.

Þar sem nú til er heimild í lögum frá 1926 til þess að gera ráðstafanir í þessum efnum, þá kemur nú til athugunar, hvort nauðsyn beri til að gera frekari ráðstafanir en þau lög heimila. Eins og kunnugt er, hafa þessi lög aldrei komist til framkvæmda, en það stafar af því, að þeir aðiljar, sem hrinda áttu af stað framkvæmdum, hafa ekki komið sjer saman um að beita lögunum, og því situr alt í sama farinu, án þess þó að þær ástæður, sem lágu til grundvallar fyrir því, að þau lög voru sett, sjeu horfnar. Jeg fyrir mitt leyti tel þess vegna ástæðu til að athuga það enn á ný, hvort ekki væri rjett að gera tilraun í þá átt, sem bent er til í þessu

frv., en samkvæmt því verður þegar á þessu ári gerð tilraun með skipulagsbundna verslun á saltsíldinni.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er að mínum dómi stórgallað; hvort jeg get fylgt því út úr deildinni, fer eftir því, hvort gallar þeir, sem jeg tel á því vera, verða lagfærðir eða ekki.

Jeg skal þá fara nokkrum orðum um einstök atriði frv. og benda á gallana og þær leiðir, er jeg tel líklegastar til að bæta úr þeim.

Það er þá fyrst, að í frv. þessu er gert ráð fyrir, að stjórn einkasölunnar verði svo skipuð, að val þeirra manna, sem veita eiga fyrirtækinu forstöðu, verði meira eða minna pólitískt. Og að einu leyti er þar gengið inn á nýja og hjer óþekta braut, þar sem svo er ákveðið, að einn fulltrúinn skuli tilnefndur af Verkalýðssambandi Norðurlands. Það er mjög vafasamt, hvort slík íhlutun gefst vel. En hitt virðist afarеðlilegt, að þeim mönnum, sem verða að láta af hendi framleiðsluvöru sína í hendur einkasölunni, síldarútvegsmönnum, sje trygður rjettur til þess að hafa íhlutun um skipun stjórnarinnar. En það leiðir af sjálfu sjer, að þetta nær því aðeins tilgangi sínum, að um sje að ræða almenna þátttöku síldarútgerðarmanna, en þau missmíði, sem á því eru í frv., minnist jeg á síðar. Í samlagslögunum frá 1926 er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin skipi stjórn samlagsins til 4 ára, en útgerðarmenn taki svo stjórn þess í sínar hendur smátt og smátt. Eftir því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í frv., er það augljóst, að stjórn þessa fyrirtækis hlýtur að verða pólitísk. En þegar svo er um hnútana búið, þá er ólíkt minni trygging fyrir því, að til grundvallar fyrir vali manna í stjórn fyrirtækisins verði lagðir hæfileikar þeirra og þekking á því starfi, sem þeir eiga að inna af hendi, en ef þeir menn, sem þessa atvinnu reka, hefðu valið í sinni hendi. Þetta atriði tel jeg, að fullkomlega verði að taka til athugunar, því að það dregur úr örygginu fyrir því, að þessi tilraun að skipulagsbinda söluna nái tilgangi sínum. Það gæti meira að segja tekist svo til, að það eitt, hvernig stjórnin væri mönnum skipuð, yrði þess valdandi, að það væri ver farið en heima setið.

Þá eru það ákvæðin um útnefningu síldarútvegsmanna á einum fulltrúa í stjórnina, sem jeg vildi minnast á. Það er gert ráð fyrir, að þessi fulltrúi skuli útnefndur af Útgerðarmannafjelagi Akureyrar. Hvað þetta snertir, að binda nefndarskipunina við eitt ákveðið útgerðarmannafjelag á Norðurlandi, er það að segja, að jeg er alveg undrandi yfir, að slík till. skuli koma fram á Alþingi, því að hjer er um landsfyrirtæki að ræða, að svo miklu leyti, sem landsmenn taka þátt í síldveiðum. Hjer eiga því allir, sem síldarútveg stunda, velferð sína undir. Með þessu ákvæði er því svo greinilega gengið á snið við það, sem telja verður sjálfsagt, að undrun sætir. Og jeg er alveg undrandi á því, að meiri hl. sjútvn. skuli hafa getað lokað svo augunum fyrir jafnaugljósum ágalla sem þessum, að hann skuli ekki koma með neina till. til þess að kippa þessu í lag. Hann fer í kringum þetta atriði eins og köttur í kringum heitan graut, gerir aðeins vesallegar tilraunir til

þess að verja þetta óverjandi ákvæði, með því að vera að tala um landfræðilega legu í sambandi við síldveiðarnar, sem ekkert kemur þessu atriði málsins við og er því helber vitleysa. Það er þess vegna alveg sjálfsagður hlutur, að allir síldarútvegsmenn á landinu verða að eiga jafngreiðan aðgang að því að taka þátt í vali eins fulltrúans í stjórnina. Eins er það, ef á annað borð á að fara að láta verkalýðssamböndin hafa íhlutunarrjett um val á einum manni í stjórnina, þá verður þetta ákvæði laganna að hafa víðara svið, því að það eru fleiri verkamenn en verkamenn á Norðurlandi, sem vinna við þennan atvinnuveg.

Þá vil jeg taka undir það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði um ákvæði 6. gr. frv., þar sem nefndinni er heimilað að taka eignarnámi bryggjur o. fl., sem einstakir menn eiga eða ráða yfir, ef einkasalan þarf á því að halda. Það getur verið nokkuð harkalegt að gera þetta skilyrðislaust, því að eins og hv. þm. benti á, getur sá, sem hlut á að máli, verið búinn að gera ráðstafanir til þess að nota þessi mannvirki sjálfur, og getur því slíkt eignarnám orðið til þess að eyðileggja atvinnurekstur hans. Annars er jeg hissa á, að hv. 1. þm. S.-M. skuli ekki hafa haft opin augun fyrir þessu, því að hann er vanur að standa vel á verði fyrir kaupstaðina og rjett þeirra, þegar um eignarnám og því um líkt hefir verið að ræða.

Þá kem jeg að 4. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að umboðsmenn, skipaðir af framkvæmdarstjórunum, hafi í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjórana alla umsjón með meðferð síldarinnar, flokkun eftir gæðum, umbúðum o. fl. Með öðrum orðum, það er verið að nema úr gildi lög um síldarmat og leggja niður opinbert eftirlit með þessum hlutum. Það má vel vera, ef valið á útflutningsnefndinni og framkvæmdarstjórunum tekst vel, þá sje þessum málum ekki ver fyrir komið á þennan hátt heldur en þeim er skipað nú. En jeg vil fá skýringu á því hjá hv. meiri hl., hvernig hann hugsar sjer að samrýma ákvæði 4. gr. við ákvæði 14. gr., þar sem svo er ákveðið, að atvinnumálaráðuneytið semji reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar. Jeg fæ ekki sjeð, hvaða þýðingu það í sjálfu sjer getur haft að heimila stjórninni að gefa út slíka reglugerð; mjer finst það beinlínis geta orðið til hins verra. Það gæti auðveldlega komið fyrir, að fljótlega þyrfti að breyta til um verkunaraðferð á síldinni, sjerstaklega ef nýr markaður fengist, því kröfurnar um verkun síldar og matvæla yfirleitt eru mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum. Það mundi reynast mjög óheppilegt fyrirkomulag, ef bíða þyrfti eftir reglugerðarbreytingu í hverju einstöku tilfelli, slíkur seinagangur sem er á öllum opinberum afgreiðslum. Annars óska jeg, að nefndin taki þetta til athugunar.

Þá er ákvæði í þessari sömu grein, undir tölulið 4., sem jeg vildi vekja athygli nefndarinnar á. Jeg býst við, að það vaki fyrir fleirum en mjer, að einn af kostum þess að gera þetta skipulag á síldarsölunni sje sá, að á þann hátt sje ef til vill hægt að vinna meira að útbreiðslu síldarmarkaðsins. Þegar rætt var um síldarsamlagslögin 1926, var talað um, að verja mætti

5% af arðinum af síldarsölunni til nýrrar markaðsleitar. Í 4. lið 4. gr. frv. þessa er sagt, að gera skuli tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða. Nú vil jeg spyrja hv. meiri hl., hvort þetta eigi að byggjast á ákvæðum 8. gr. frv., að ekki megi verja nema ¼% af andvirði síldarinnar til þessara hluta. Annars virðist mjer, eftir orðalaginu á þessari grein, að þetta geti verið töluvert tvírætt. Mjer skilst helst, að annaðhvort hafi framkvæmdarstjórnin alveg óbundnar hendur í þessum efnum, eða þá, að hún megi ekki verja nema ¼% af verði síldarinnar til markaðsleitanna. En sje svo, að aðeins megi verja ¼% af síldarverðinu í þessu skyni, þá verð jeg að segja, að mjög hafi dregið úr áhuga þeim, sem verið hefir meðal útgerðarmanna fyrir því að vinna að auknum síldarmarkaði. Hitt tel jeg líka varhugavert, að leggja það alveg á vald útflutningsnefndarinnar, hve miklu fje hún verji til þessara hluta.

Í 8. gr. stendur: „Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, sem samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra". En 4. lið 4. greinar finst mjer mega skilja svo, að þar hafi nefndin óbundnar hendur. Hvernig beri að skilja þetta, vildi jeg fá upplýst hjá nefndinni. En sem sagt, jeg legg áherslu á þetta markaðsleitarákvæði, því að jeg býst ekki við, að kostir þessa fyrirkomulags sieu svo miklir, að draga megi úr þeim atriðum, sem með mestum líkum má telja kosti þess.

Af fagmönnum á þessum sviðum hefir verið bent á ýmsa agnúa, sem verða myndu á framkvæmd sumra ákvæða frv. Og meðal annars hefir það verið gert af hv. 2. þm. G.-K., og virtist mjer hann hafa mikið til síns máls, t. d. í því, að of skamt væri gengið í till. meiri hl. að afla útvegsmönnum rekstrarfjár. Á þetta legg jeg samt enga áherslu, því jeg tel það þjóðarskaða að blása þennan atvinnuveg svo út, að framleiðsla hans verði svo mikil, að það eitt út af fyrir sig verði til þess að lækka afurðaverðið, og eins og stundum hefir átt sjer stað, að gera svo og svo mikið af síldinni verðlaust. Það á við hjer sem annarsstaðar, að kapp er best með forsjá, og það er því meiri nauðsyn, að hjer sje í þessu efni fullrar forsjár gætt, þar sem síldarútvegurinn er landbúnaði okkar þungur í skauti.

Brtt. hv. meiri hl. eru smávægilegar. Þær fjalla eingöngu um smærri fyrirkomulagsatriði. Annars býst jeg við, að auk þessa, sem jeg hefi nú bent á, þá sje ýmislegt í þessu máli, sem þörf sje að athuga nánar, og það rækilega, ef það á að ganga fram.

Hv. 2. þm. Eyf. ber fram brtt., sem jeg er honum sammála um. Því verður ekki neitað, að Siglufjörður er miðstöð síldveiðanna á Norðurlandi og að sjálfsagt er í því tilfelli, sem till. hljóðar um, að taka tillit til þeirrar aðstöðu.

Það er svo ekki fleira, sem jeg vildi segja að þessu sinni. En jeg vænti þess, að hv. nefnd taki til athugunar þau atriði, sem jeg hefi bent á, og þó að hún sje ekki viðbúin að gefa svör við því nú þegar, þá geri hún það þó síðar. Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi borið fram, mun jeg greiða frv. atkv. til 3. umr. Hvort jeg fylgi því út úr deildinni eða ekki, fer

eftir því, hvað verður lagað af þeim misfellum, sem jeg tel á því vera.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg er einn af þeim þremur, sem skrifað hafa undir nál. meiri hl., og finn því ástæðu til að gera frekari grein fyrir aðstöðu minni til málsins. Jeg fyrir mitt leyti hefði helst kosið, að frv. á þskj. 46 hefði verið lagt hjer til grundvallar, þar sem gert er ráð fyrir ríkiseinkasölu á síldinni, með þeim tryggingum, sem hún felur í sjer fyrir alla, sem að atvinnuveginum standa. En þar sem þess var ekki kostur, var ekki um annað að gera en fylgja því frv., sem næst gekk í áttina til betra skipulags en það, er við nú búum við, sem að flestra dómi, er til þekkja, fyrir löngu er orðið óhafandi. Jeg ætla ekki að halda því fram, að þetta skipulag, sem felst í frv., sje ágallalaust, en við höfum viljað draga úr þeim með brtt. okkar.

Það, sem nefndarhlutana greinir hjer á um, er ekki það, að skipulagsbinda þurfi síldarsöluna, heldur hitt, hvernig það eigi að gera. Þess vegna verður að finna skipulag, sem hægt sje við að una, en um hitt má altaf deila, hvort hjer er þrædd heppilegasta leiðin.

Við höfum svo sem ekki farið varhluta af þeim skoðunum manna, hvorki í sjútvn. nje annarsstaðar, að heimildarlögin frá 1926 ættu fremur að koma til framkvæmda heldur en einhver ný lög, sem sett yrðu á þessu þingi. Um þetta virðist allur ágreiningurinn vera.

Það hefir komið skýrt fram hjá hv. frsm. minni hl., að hann vill gylla það fyrirkomulag, sem felst í heimildarlögunum frá 1926. Í raun og veru er ekki hægt að finna mikinn eðlismun á stjórn þessa fyrirtækis, þegar borin eru saman heimildarlögin frá 1926 og frv. það, sem hjer liggur fyrir. Eftir frv. eins og það er nú er Alþingi ætlað að velja þrjá menn, fjelagi útgerðarmanna á Akureyri og Siglufirði einn og Verkalýðssambandi Norðurlands einn. Og það er sú höfuðgoðgá í augum hv. minni hl., að verkalýðsfjelögin skuli hafa hlutdeild um skipun eins manns í útflutningsnefndina. En verkalýðurinn á sjó og landi hefir engu minni hagsmuna að gæta en atvinnurekendurnir, að þessi atvinnuvegur fari vel úr hendi, og er því vel við eigandi, að hann eigi mann í stjórn þessa fyrirtækis. Það má að vísu segja, að þetta sje nýmæli hjer á landi, en erlendis er það mjög að ryðja sjer til rúms, að verkalýðurinn hafi hönd í bagga um stjórn ýmsra atvinnufyrirtækja. Þar á jeg við rekstursráðin, sem verið er að koma á í ýmsum löndum. Að því er síldarútveginn snertir, þá verður því ekki neitað, að þar á verkalýðurinn mikið í húfi. Reynslan hefir líka sýnt, að þó þjóðfjelaginu í heild hafi blætt vegna þess skipulagsleysis, sem ráðið hefir um þennan atvinnuveg, þá hefir verkalýðnum ekki síður blætt og á því um sárt að binda.

Það hefir verið bent á, að eins og frv. ætlast til, að stjórn einkasölunnar verði kosin, hljóti hún að verða pólitísk. Hjer eru þrír flokkar á Alþingi, sem allir mundu hafa áhrif á þessa stjórnarkosningu. Það hefir verið bent á, að það væri afaróheppilegt, að Alþingi velji menn í stjórn þessa fyrirtækis. — En hvað er gert um Landsbankann? Sje það álitið gott og

blessað, að Alþingi hlutist til um stjórn hans, þá ætti það ekki síður að mega í þessu tilfelli. Bankinn er stærsta peningaverslun landsins, en útflutningsnefndin stjórnar aðalsíldarverslun landsins. Hjer er um mjög hliðstætt dæmi að ræða.

Þá er það önnur höfuðgoðgáin, sem talin er á þessu frv., að norðlenskir útgerðarmenn komi til með að hafa alt of mikil áhrif um stjórn einkasölunnar. Það er sagt, að þeir sjeu einir 7 fyrir norðan, sem þessu eiga að ráða, en jeg held, að þeir sjeu fleiri, því jeg býst við, að þeir vilji láta telja með þá útlendinga, sem starfa hjer og eru orðnir búsettir í landinu. Það er að vísu satt, að á Vestur- og Suðurlandi eru það nokkrir menn, sem taka þátt í síldarútvegi, en á Norðurlandi er þetta aðalatvinnuvegurinn, og því ekki nema eðlilegt, að þeir álíti sig eiga að hafa mest að segja um þessi mál.

Að engan landsfjelagsskap þyrfti til þess að velja stjórnina, kom berlega fram á þingi 1926, þegar samlagslögin voru til umr.; ákvæðin sett svo þröng, að það voru aðeins tveir menn, sem gátu ráðið öllu í stjórninni. Valdið var bundið við tunnufjölda; með öðrum orðum, auðmagnið rjeði. Með þessu frv. hygg jeg, að þeir geti ekki orðið valdamestir, sem flestar hafa tunnurnar. Nú hefir það komið í ljós, að umboðsmenn erlendra síldarkaupmanna hafa mestu ráðið um síldarsöltun og síldarsölu. Innlendum mönnum að mestu bolað út af samkeppnismarkaðinum. Fjármagn vantar þá til þess að geta kept við hið erlenda auðmagn, sem lepparnir hafa yfir að ráða. Yfirráðin yfir atvinnuveginum hafa því lent í þeirra höndum. En úr þessu er bætt, þar sem Alþingi hefir íhlutunarrjett um að ráða 3 mönnum af 5 í stjórninni, og lepparnir því áhrifalausir, þó þeir hefðu einhver áhrif í gegnum útgerðarmannafjelag Norðurlands með val á einum manni, enda er ekki nema sjálfsagt, að reynt sje að ryðja þeim mönnum úr vegi, sem kunnugt er um, að reka erindi útlendinga. Alþjóð veit það mikið vel, að arðurinn af síldarversluninni hefir hingað til verið í höndum Svía og Norðmanna, og það er ekki nema eðlilegt, að Íslendingum blæði það í augum, ef svo á að vera áfram.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, og er það enn, að síldarsölufyrirkomulag sem þetta eigi ekki að notast, nema hægt sje að tryggja hæfilegt verð fyrir þá síld, sem ekki er söltuð. Nátengt þessu máli er því síldarbræðslufrv., heimildin handa stjórninni að byggja síldarverksmiðjur. Einkasalan kemur ekki að tilætluðum notum, nema trygt sje jafnhliða, að komið verði upp síldarverksmiðju. Allir síldarútvegsmenn eru á sama máli um það, að einkasöluna eigi ekki að nota fyr en verksmiðjan sje tekin til starfa, og því eigi heldur að taka verksmiðju á leigu, ef ekki sje hægt að reisa nýja verksmiðju á þessu sumri og um leið að tryggja ísl. skipum að geta selt í þær verksmiðjur, sem nú eru til.

Annars vil jeg taka undir það með hv. frsm. meiri hl., að andmæli þau, sem komið hafa gegn þessu frv., eru ekki veigamikil, þegar þau eru krufin til mergjar.

Það hefir komið símskeyti norðan af Siglufirði, undirskrifað af 26 mönnum, sem leggjast á móti þessu frv. og

sem hv. frsm. minni hl. hefir vitnað í. Nú hefir verið talað um, að á Siglufirði sjeu fáir menn, sem fáist við síldarsöltun. Jeg hefi fengið skilgreining á þessum nöfnum, sem undir skeytinu standa, og allmörg þeirra eru nöfn verkamanna, sem vinna hjá erlendum atvinnurekendum. Allmargir þeirra fást alls ekki við síldarútgerð eða verslun fyrir eiginn reikning. Einn maður skrifar undir fyrir 3 eða 4 útlendinga sem umboðsmaður þeirra. Þar eru menn, sem eiga hluti í litlum mótorbát. En mikill meiri hluti eru útlendingar eða umboðsmenn þeirra, sem undir þetta hafa ritað. Það lítur út sem íhaldssálirnar á Siglufirði hafi tjaldað öllu, sem til náðist og nógu þægir voru að undirskrifa mótmælin. Skeytið pantað af siglfirskum íhaldsmanni stöddum hjer í Reykjavík. Satt að segja legg jeg ekki mikið upp úr svona mótmælum.

Fyrir nokkru síðan var haldinn fundur hjer í bæ af „síldarspekúlöntum" víðsvegar að til þess að mótmæla frv. Þar greindi menn mjög á um þetta mál, en fyrir sjerstaka lipurð fundarstjóra var þó hægt að samlaga sig um till., sem síðar var send Alþingi. Þó hefir orðið uppvíst síðan, að stungið var undir stól 18 atkv. að norðan, sem voru á móti þeim meiri hl., sem rjeði á fundinum. Af þingmálafundargerð frá Akureyri, sem liggur frammi í lestrarsal Alþingis, má sjá, að samþykt hefir verið í vetur fyrir fullu húsi, þar sem saman voru komnir sjómenn, verkamenn og útgerðarmenn, mjög einróma áskorun um það að koma á betra skipulagi um síldarsöluna, og þetta var samþykt án nokkurra mótmæla. Þeir menn, sem að þessari fundarsamþykt stóðu, vita, hvar skórinn kreppir, og því má fult tillit taka til þeirra, engu síður en þeirra, sem kalla sig útgerðarmenn. Enda virðist mjög erfitt að mæla á móti kröfum þeirra. Þess vegna get jeg verið fáorður um þær mótbárur, sem komið hafa fram; þær eru að mínu viti lítils virði. Annars skal jeg ekkert fara út í það, hvernig frv. er úr garði gert, eins og það nú liggur fyrir. Þeir hv. þdm., sem óánægðir eru með ýms ákvæði þess, geta borið fram brtt. um það við 3. umr.

Að lokum ætla jeg að segja fáein orð við hv. þm. Dal. Mjer fanst hann tala um þetta mál á nokkuð víðum grundvelli. (SE: Þá er að hrekja það, sem hann sagði). Hann sagði, að saltað hefði verið utan landhelgi síðastliðið ár um 200 þús. tunnur. Jeg hefi nú fyrir mjer Ægi, þar sem sagt er, að Norðmenn hafi saltað 181 þús. tunnur, og er það miklu meira en nokkurntíma áður. Þá er samtímis saltað innanlands um 234 þús. tunnur, og er það einnig nokkru meira en árið á undan. Nú eru menn nokkurnveginn sammála um það, að sænski markaðurinn þolir um 200 þús. til 250 þús. tn. þegar best lætur. Er því auðsjeð, að auka verður markaðinn, svo að hægt verði að tryggja hæfilegt verð fyrir þá síld, sem söltuð er, miðað við undanfarandi ár, eða þá að minka söltunina, svo trygt verði, að ekki berist óhæfilega mikið á markaðinn. En mjer er ekki kunnugt um, að síldarútgerðarmenn hafi reynt til þess að útvega nýjan markað, nema ef telja á þessa tilraun, sem gerð var í Rússlandi í haust, og voru þó margir

þeirra á móti því. En sú tilraun var ekki gerð fyrir frumkvæði útgerðarmanna. En hvað sem þessu líður að öðru leyti, þá hefir reynslan sýnt, að frjálst framboð í þessari verslun gerir ekki annað en að setja verðið niður, og að frjáls samkepni er löngu dauðadæmd að því er þennan atvinnuveg snertir. En þar greinir okkur mikið á, hv. þm. Dal. og mig.

En það eru fleiri en við jafnaðarmenn, sem höfum augun opin fyrir því, að frjáls samkepni er ekkert annað en orð, orð og innantóm, sem því miður góðir og skýrir menn binda sig oft við af einhverri trygð og vanafestu.

Læt jeg svo lokið máli mínu að þessu sinni.

Jóhann Jósefsson: Mjer finst það langt frá að vera rjett, að það sje ekki allmikill munur á heimildarlögunum frá 1926 og frv. því, er hjer liggur fyrir. Jeg fylgdi á sínum tíma þeim lögum vegna þess, að þá lágu fyrir upplýsingar, sem sýndu fulla þörf á að tryggja þennan atvinnurekstur. En því miður hafa lög þessi ekki komið til framkvæmda enn og málið verið tekið upp að nýju með þessu frv., sem þannig er úr garði gert, að það er ekki í einu, heldur mörgu, sem á milli ber. Og stærsta atriðið, sem átt er við, er þá það, að með lögunum frá 1926 var það einkafjelag, sem standa átti fyrir einkasölunni og bera ábyrgð á henni án þess ríkissjóði væri við það blandað. En eftir þessu frv. verður ríkissjóður að taka á sig fjárhagslega áhættu, ef alt á ekki að lenda í kalda koli.

Ef til vill kemur það hvergi eins átakanlega fram og sýnir, hvað þroski landsmanna nær skamt til þess að ráða fram úr erfiðleikum þeim, sem fyrir koma á verslunar- og framleiðslusviði þjóðarinnar, eins og í því, er snertir síldarveiði og síldarsölu. Það hefir verið sagt, að þessi vandræði stafi af því, að við erum of bundnir við eina þjóð, eða markað hennar, um sölu á þessari vöru, síldinni. Fyr og síðar hefir verið mikið talað um þessa svokölluðu leppa, sem rækju erindi erlendra manna. En satt að segja veit jeg ekki, hvernig þeirri skilgreining er varið, og er því ekki fyllilega ljóst, hvenær mætti hætta að kalla þá leppa eða skoða þá sjálfa sem atvinnurekendur. Þessir fulltrúar eða milliliðir hafa orðið til þess að koma afla landsmanna á markað. Það getur vel verið, að umboðsmenska þeirra mætti betur fara og að hafa þyrfti meira eftirlit með þeim. En mjer finst fullmikið að því gert að tala um þessa milliliði með óvirðingu, og mætti því að ósekju sleppa þessu nafni, sem oft er varpað fram svo að segja út í bláinn.

Annars var það einkum eitt atriði þessa máls, sem jeg vildi gera að umtalsefni. Á undanförnum árum hefir það verið venja, vegna fiskileysis og þröngrar atvinnu hjer á Suðurlandi, að mannaðir hafa verið stórir mótorbátar og sendir á síldveiðar norður á Siglufjörð. Vanalega hefir verið samið við saltendur á staðnum nyrðra að kaupa veiðina fyrir ákveðið verð. Síðastliðið sumar voru mikil brögð að þessu, og þó að verðið á síldinni yrði lágt, munu fiskimennirnir sjálfir í mjög mörgum, ef til vill er óhætt að

segja allflestum tilfellum hafa haft viðunandi atvinnu af leiðangrum þessum. Að vísu er mjer kunnugt um, að sumir báteigendur munu hafa tapað, en það voru líka ekki allfá hundruð fiskimanna, sem á þennan hátt höfðu sæmilega sumaratvinnu.

En með þessu frv. um einkasölu á síld og öðru, sem hjer er á ferðinni um verkakaupsveð í síldarafla, sýnist loku fyrir það skotið, að þessir smærri framleiðendur geti notið sín og stundað þennan atvinnuveg áfram. Ef frv. um einkasölu á síld og verkakaupsveð verða samþ., er um leið kipt tveim stoðum undan því, að mótorbátaeigendur geti gert báta sína út á síld, eins og verið hefir.

Síðastliðið sumar var afli mjög mikill, eins og kunnugt er, og þegar í ágústbyrjun voru menn orðnir hræddir um það, að framleiðsla á saltaðri síld yrði alt of mikil og myndi verðfall hljótast af. Þegar aðeins var liðin ein vika af ágústmánuði, voru síldarsaltendur yfirleitt svo hræddir, að þeir sneru sjer til stjórnarinnar og óskuðu þess, að hún bannaði, að meira yrði saltað af síld. Á þeim tíma höfðu reknetabátar ekki fengið nema ⅓ af þeim afla, er þeir fengu, og ef þá hefði verið horfið að því ráði, eins og margir lögðu til, að stöðva síldarsöltun, hefði afli reknetabátanna orðið helmingi minni en hann varð. Afleiðingin af slíkri stöðvun er auðsæ; hún hefði orðið stórkostlegt tap fyrir bátaeigendurna og hlutur sjómanna hefði enginn orðið, nema með því að selja bátana fyrir sjóveði.

Það, sem skeði í fyrra, getur endurtekið sig aftur, og jeg get ekki sjeð, hvernig það er hugsanlegt, að síldarútgerðin eigi sjer nokkra framtíð með þessu sniði, ef ekki eru gerðar þær breytingar, sem bæta það upp, er á burtu er numið með lögum þessum. Jeg hygg, að það muni vandfundinn sá síldarsaltandi, sem vildi skuldbinda sig til þess að kaupa allan afla reknetabátanna yfir veiðitímabilið, ef bæði þessi frv. verða að lögum, og það mundi leiða til þess, að við, sem bátana eigum og viljum stunda veiðina, yrðum að salta sjálfir. En hversu margir fiskimenn geta lagt í þann kostnað að salta sjálfir án tilstyrks annarsstaðar frá? Mjer er vel kunnugt, að mörgum hefir veitst fullörðugt að greiða allan þann undirbúningskostnað, er slík veiðiför hefir í för með sjer. — Það er nógu erfitt að útbúa bátana, vátryggja þá og mennina o. s. frv., sem alt verður að greiðast fyrirfram, þótt ekki bætist við sá kostnaður, að sjá fyrir salti og tunnum. Hygg jeg, að þetta atriði hafi slegið svo miklum óhug á síldarútvegsmenn, eins og sjest best á áskorun frá fundi þeim, er haldinn var hjer í Reykjavík, þar sem mættu umboðsmenn fyrir ¾ hluta þeirra útvegsmanna, er vanalega hafa gert út. Hv. frsm. meiri hl. drap á þetta atriði og viðurkendi, að komið hefðu fram mótmæli, en kvaðst ekki geta lagt mikið upp úr þeim. Hitt vissi hann, að mál þetta hefði mikið fylgi, þó fæstir ljetu á því bera nema í einrúmi. Finst mjer harla undarlegt, að fylgiendur þessa máls skuli tiá hv. frsm. fylgi sitt við málið í einrúmi, en láti það hvergi koma opinberlega fram. Mjer finst það því óskiljanlegra, þar sem andstæðingarnir koma opinberlega fram með sín mótmæli og draga enga dul á.

Þeir, sem best skynbragð bera á þetta mál, álíta, að tvö atriði þurfi sjerstaklega til þess að bæta vandræði síldaratvinnurekstrarins, en það eru síldarbræðslustöðvarnar og skipulag á sölu saltsíldar. Hinn fjölmenni fundur útgerðarmanna mótmælti einkasölu á síld, fyr en Íslendingar ættu aðgang að fullkomnum síldarverksmiðjum um leið, og lagði áherslu á það, að að þessu ráði yrði ekki snúið fyr en verksmiðjurnar væru komnar upp.

Þegar þess er gætt, að mikil líkindi eru til þess, að frv. það, sem fyrir þinginu liggur um stofnun síldarbræðslustöðva, verði samþ. og að bræðslustöð verði komið upp á næsta ári, og þegar hinsvegar mikill hluti þeirra manna, er mál þetta varðar, hefir óskað þess, að einkasalan kæmist ekki á, fyr en verksmiðjan eða verksmiðjurnar eru til, finst mjer ekki nema sanngjarnt, að þessar óskir verði teknar til greina, nema því aðeins, að meiri hluti þings sje þess fullviss, að engin vandræði hljótist af einkasölunni á þessu ári. Það, sem hefir komið okkur hv. 2. þm. G.-K. til þess að lýsa okkur andvíga einkasölunni nú, er það, að okkur þykir nokkuð viðurhlutamikið að samþ. hana gegn mótmælum frá meiri hluta síldarframleiðenda, þegar tillit er tekið til þess, að skilyrði einkasölu eru alt önnur, þegar verksmiðjur eru komnar upp. Það er öllum vitanlegt, sem til síldarútvegs þekkja, að aðstaðan er alt önnur hjá þeim, sem veiða í reknet og snyrpinót. Reknetaveiði stunda þeir vanalega, sem hafa minna fje til umráða og veikari fjárhagslega aðstöðu; kostnaðurinn við reknetaveiði er líka miklu minni, og því hverfa margir að því ráði, sem ekki hafa efni á því að reka síldarútgerð í stærri stíl. Það er því vitanlegt, að þeir, sem reknetaveiðar stunda, geta ekki selt síldarafurðirnar í verksmiðjurnar með því verði, er verið hefir. Nú er gert ráð fyrir því í frv., að framkvæmdanefnd geti bannað að veiða í salt, hvort heldur er í reknet eða snyrpinót. Það sjá allir, að ekkert vit er í því að láta bann þetta jafnt yfir alla ganga, því að þegar bannað er að veiða síld til söltunar, leiðir af því mikið tjón fyrir reknetabátana, en þeir, sem veiða í snyrpinætur, geta veitt síld og selt í verksmiðjurnar, því að þeir fá meiri uppgrip af afla í einu. Þetta er enn einn agnúinn á þessu frv., sem meiri hl. sýnir enga viðleitni til að laga, en vill aðhyllast frv. með litlum breytingum.

Nefndinni hefir borist mótmælaskeyti að norðan, sem að vísu hafði bann formgalla, að aðeins var tiltekin tala þeirra nafna, er undir voru rituð. Gengu mótmælin í svipaða átt og þau mótmæli, er fram komu á fundi útgerðarmanna, sem haldinn var hjer í bæ. Síðan þetta gerðist, hafa þessir menn endurtekið mótmæli sín og sent skeyti til ýmsra þm., og þar á meðal, að því er mjer er sagt, til hv. þm. Eyf. Nú hefir hv. 2. þm. Eyf. talað hjer, en það þótti mjer undarlegt, að hann gat þess ekki, að sjer hefði borist slíkt skeyti, því að í skeyti til mín frá 19. mars er komist svo að orði (með levfi hæstv. forseta):

„Undirritaðir útgerðarmenn, síldarkaupmenn og bryggjueigendur á Siglufirði mótmælum eindregið einka-

sölu á síld að svo stöddu samkvæmt símskeyti, er vjer sendum alþingismönnum Eyjafjarðarsýslu, sjávarútvegsnefnd Nd. og miðstjórn Íhaldsflokksins þann 25. febrúar".

Undir skeytið eru rituð nöfn 20 manna, og skilst mjer, að það muni vera þeir menn, er áður höfðu sent sjútvn. það skeyti, sem jeg gat um. Mjer þykir líklegt, að hv. 2. þm. Eyf. hafi láðst að geta skeytisins, nú er hann talaði fyrir skemstu, en muni kannast við, að hann hafi fengið það, nú er jeg minni hann á það. Nú er það viðurkent, að meiri hl. útvegsmanna hefir mótmælt því eindregið, að einkasala á síld komist á á þessu ári. Þegar þess er gætt, að líklegt þykir, að verksmiðjan, sem öllum flokkum kemur saman um, að sje aðalatriðið í þessu sambandi, komist upp á næstu árum, þá fæ jeg ekki skilið það ofurkapp, sem lagt er á það, að síldareinkasalan komist á áður en verksmiðjan er komin upp.

Hv. þm. Borgf. hefir nú bent á ýmsa galla þessa frv., og er jeg honum alveg samdóma um þá flesta. En jeg held, að hv. þm. hafi gleymt stærsta gallanum, þeim, að ætlast er til þess að leggja þetta mikla vald í hendur framkvæmdarstjóranna um margra ára bil. Nú er það svo, og þar skilur mjög á milli laganna um síldarsamlag og þessa frv. um einkasölu, að þinginu er ætlað að velja útflutningsnefndina, en hún aftur framkvæmdarstjórnina, en eftir lögunum um síldarsamlag átti ráðherra að skipa hana, og hvíldi því ábyrgðin á herðum hans. Með þessu móti hvílir engin ábyrgð á stjórninni um val framkvæmdarstjórnarinnar, en með síldarsamlagslögunum hvílir ábyrgðin á viðkomandi ráðherra, og er því meiri trygging fengin fyrir því, að hæfir menn veljist til starfans. Með frv. er helst stefnt að því að gera þetta alt flokkspólitískt. — Hv. þm. Mýr. spyr, hvort bankaráð Landsbankans sje pólitískt. Jeg get því nærri, að það muni ofarlega í huga hv. þm. og jeg get svarað honum því, að það er fult útlit til þess, að það sje að verða eins pólitískt og jafnvel hann frekast getur óskað sjer. — Nú er ekki víst, að hæfir menn fái framkvæmdarstjórnina, og því hyggilegra að binda þá ekki strax til of langs tíma í einu. Reynist þeir vel, er hægast að framlengja setu þeirra.

Jeg held, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi ekki minst á þennan galla, en eins og gefur að skilja, er það í alla staði hyggilegast, að framkvæmdarstjórnin sje ekki bundin til langs tíma, og þar sem ekki er hægt að benda á neina þá menn, er hafi margra ára reynslu að baki í þessu efni, þá tel jeg miklu hyggilegra, að stjórnartímabil hinnar fyrirhuguðu framkvæmdarstjórnar væri ákveðið öllu styttra.

Það er í raun og veru ekki undarlegt, þótt menn líti misjafnlega á það, hvernig ráða eigi fram úr vandræðum síldarsölunnar, þegar skoðanir atvinnurekendanna, sem mesta hafa reynsluna og þekkinguna í þessu máli, eru skiftar í þessu efni að mun. Þó er það svo, að meiri hl. útgerðarmanna æskir þess, að komið verði upp fullkomnum síldarverksmiðjum, áður en verslunin er alveg lögð í hömlur. Það er ekki nema rjett að kannast við það, að að þessum atvinnuvegi

steðji miklir örðugleikar, einkum um sölu afurðanna. En það hefir sama sem ekkert verið gert til þess að útvega nýjan markað fyrir síldina. Það hefir að vísu verið sendur maður eina ferð til Mið-Evrópu til þess að athuga markaðshorfur, en sannleikurinn er sá, að þing og stjórn hafa ekkert látið til sín taka í þessu máli, sem nokkurt framtak hefir verið í. Hið sama er að segja um síldarútvegsmenn; samtök þeirra eru alt of lítil, og er því ekki að undra, þótt ýmsir álíti, að eina ráðið til þess að bjarga þessu við sje að skipulagsbinda þessa atvinnugrein. En það er valdast, hvernig það er gert; vandinn er að gera þetta á rjettan hátt, en með frv. er fjarri því, að viturlega sje af stað farið.

En eins og hv. þm. Dal. benti á, þá er aldrei hægt að skipulagsbinda sölu síldar okkur til gagns, meðan mikill floti erlendra skipa stundar hjer síldveiðar við landið og veiðir mikinn hluta þeirra síldar, sem seld er á heimsmarkaðinum. Einkasalan getur ekki ráðið bót á þessu, og þeir, sem aðhyllast hana beint, hafa líklega látið hrífast af fortölum þeirra manna, sem hafa þá oftrú, að á öllum erfiðleikum megi vinna bug með einkasölu. Jeg er ekki viss um, að þetta sje eina bjargráðið, og því finst mjer ástæða til þess að slá máli þessu á frest, eins og meiri hl. útvegsmanna hefir óskað, þar til við höfum umráð yfir síldarbræðslustöð, sem tekið getur á móti síld til bræðslu frá landsmönnum við sæmilegu verði og þannig greitt fyrir síldarsaltendum.

Jeg hefi heyrt þess getið, án þess að jeg viti þar sönnur á, að stjórnarráðinu hafi borist mótmæli frá Svíum gegn einkasölu á síld. Vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. atvmrh., hvort þessi mótmæli hafi borist frá opinberum stöðum í Svíþjóð og hvort þau sjeu þess eðlis, að hætt sje við, að síldarmarkaðurinn í Svíþjóð yrði oss andstæður eða verri með þessu fyrirkomulagi, sem nú er fyrirhugað. Mjer er það fullljóst, að það er ekki heppilegt fyrir íslensku þjóðina að innleiða það fyrirkomulag á sölu afurðanna, sem mætir mikilli mótspyrnu þeirra, er við eigum að skifta við um sölu í útlöndum.

Jeg mun að þessu sinni ekki fara öllu lengra út í þetta mál, en við 3. umr. mun jeg, ef tími vinst til, benda á fleiri galla, sem eru á þessu frv.

Áður en jeg sest niður, vil jeg lítillega minnast á það bjargráð, sem hv. meiri hl. hefir sett inn í brtt. sínar, þar sem hann vill leyfa framkvæmdarstjórum einkasölunnar að „liðsinna“ útgerðarmönnum um útvegun á tunnum og salti, ef það sje hægt án áhættu fyrir einkasöluna. Þessi till. er sjálfsagt gerð í bestu meiningu, til þess að gera smærri atvinnurekendum mögulegt að hafa hagnaðinn af því að salta sjálfir. En þrátt fyrir góðan vilja hv. meiri hl. er engin hjálp í þessari till. Þeir, sem á annað borð eru svo efnum búnir, að þeir geti keypt sjer tunnur og salt, þurfa ekki aðstoð til að annast pantanir sínar. En þeir, sem fjevana eru, geta enga stoð haft í þessum till. hv. meiri hl., af því að einkasalan má engan fjárhagsstuðning veita þeim, þann er áhætta fylgir. Ekki er hægt að ætlast

til þess, að framkvæmdarstjórarnir fari að leggja sitt eigið fje í hættu til að hjálpa þessum mönnum.

Hv. þm. Dal. og hv. þm. Borgf. deila um það, hvort fjárhagsleg áhætta fylgi rekstri einkasölunnar. Þar hlýt jeg að hallast að skoðun hv. þm. Dal. Mín skoðun er sú, að ómögulegt sje að reka einkasöluna án þess að það hafi fjárhagslega áhættu í för með sjer, og síst ef till. hv. meiri hl., þær er jeg gat um áðan, eiga að verða til nokkurs gagns. Þar að auki leiðir þetta af því ákvæði frv. sjálfs, að framkvæmdarstjórunum skuli heimilt að taka lán og greiða með því nokkurn hluta síldarverðsins fyrirfram. Fari t. d. síldin stöðugt hækkandi, en búið er að borga út nokkurn hluta hennar, þá er a. m. k. um áhættu að ræða, og ef til vill beint tap. Vilji hv. þm. Borgf. ná því marki, að koma í veg fyrir alla áhættu, verður hann ekki einungis að ganga í móti bjargráðum hv. meiri hl., heldur og áðurnefndu ákvæði frv. sjálfs.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Vestm. beindi til mín fyrirspurn um tvö atriði. Fyrst um það, hvort ríkisstjórninni hafi borist mótmæli gegn síldareinkasölunni frá opinberum stöðum í Svíþjóð, og í öðru lagi, hvort ástæða væri til að óttast, að samþykt frv. mundi spilla fyrir sölu ísl. síldar þar í landi. Jeg get svarað því, að þessi mótmæli hafa að vísu borist stjórninni, en eftir þeim upplýsingum, sem aflað hefir verið um þau, virðist eigi ástæða til að ætla, að þau hafi mikinn styrk að baki sjer, eða síldarsölunni í Svíþjóð sje hætta búin, þó að frv. verði að lögum.

Sigurður Eggerz: Mig langar til að slá því föstu, að þeim aðalatriðum, sem jeg hefi haldið fram í málinu, hefir ekki verið hnekt. Jeg býst við, að einkasalan hafi þau áhrif, að þeim fjölgi, sem veiða fyrir utan línuna, þegar þeim verður ljóst, að hjer á að takmarka veiðina innan línunnar. Einkasalan sýnist því einmitt að þessu leyti vera í þágu útlendinga. Jeg vil geta þess, að svo framarlega, sem salan til Rússlands, 100 þús. tunnur frá Noregi og 25 þús. tunnur frá Íslandi, hefði farið fram fyr á árinu, þá hefði það lagað markaðinn. Þetta sýnir, að aðallausnin á þessu máli er að fá sem stærsta markaði fyrir síldina.

Jeg vil, út af athugasemd hv. 4. þm. Reykv. við tölur mínar, geta þess, að Norðmenn hafa veitt um 185 þús. tunnur fyrir utan línuna, en jeg sagði 190 þús. tunnur. Mismunurinn er svo lítill, að enginn ágreiningur getur orðið á milli okkar út af þessu. Aftur á móti að því er veiðina fyrir innan línuna snertir, þá var hún um 160 þús. tunnur, en þá er ekki talin Austfjarðasíld, um 20 þús. tunnur, og kryddsíldin. Jeg þykist því hafa sýnt, að samræmi er á milli þeirra talna, sem jeg tilfærði, og talna hv. 4. þm. Reykv.

Háttv. þm. Borgf. tók það fram, að þetta frumvarp gæti ekki orðið til að binda ríkissjóði fjárhagslegan bagga. Jeg fullyrti það ekki, en hinsvegar sagði jeg, að ef einkasalan ætti ekki að verða þrándur í götu fyrir smærri atvinnurekendunum, yrði ríkissjóður að sjá einokuninni fyrir fje til rekstrarláns. En þá erum vjer mitt inni í áhættunni. Þetta gægðist fram hjá hv. 1. þm. S.-M, og sýnir, að sá

glöggi maður hefir sjeð, að útgerðin þarf fje til umráða. Hvernig ætli fari fyrir hinum 100 reknetaveiðurum, ef þeim er ekki veitt fje til starfrækslu sinnar? Afleiðingin er sú, að síldarverslunin innanlands kemst á fáar hendur og þeir, sem fje hafa innanlands, ráða verðinu á síldinni; smærri framleiðendurnir verða háðir innlendum einokunarhring, sem myndaður yrði. Ef smærri framleiðendurnir fá ekkert fje, eru þeir settir út úr spilinu, og því er jeg hissa á því, að 4. þm. Reykv. skuli vera svo glaður yfir einkasölunni. Hann sagði við mig áður en fundur byrjaði — jeg veit, að hann tekur mjer það ekki illa upp —, að hjer væru eintómar einkasölur, og jeg hefi sjaldan sjeð eins hreina pólitíska gleði skína út úr þingmannsandliti. Jeg er samt hræddur um, að hann sjái, þegar hann fer að skoða þetta betur ofan í kjölinn, að það eru smærri framleiðendurnir, sem verða illa úti, ef þeir fá ekki fje. Og jeg býst við því, að þá verði farið að smeygja hendinni til ríkissjóðs. Og jeg býst við því, að krafan komi hörðust frá þeim hv. þm., sem sitja mjer til vinstri handar, krafan um það að láta smærri framleiðendurna fá fje úr ríkissjóði. Jeg sje, að hv. þm. Ísaf. brosir með miklum skilningi. — Þá sýnist mjer ástæða til að athuga, hvaða áhrif það mundi hafa á sölumöguleikana á síldinni, að einkasalan kæmist á. Ætli kaupendurnir erlendu mundu ekki reyna að halda verðinu niðri þangað til einokunin væri búin að selja? Og fái einokunin ekkert rekstrarfje, þá verður hún að selja. Í þessu sambandi má minnast á söluna á kjötinu seinast. Verðið fór mjög langt niður meðan á sölunni stóð, en hækkaði strax á eftir. Hjer mun þó ekki því um að kenna, að ekki hafi verið færir menn, sem sáu um söluna. En þetta sýnir, hvað erfiðleikarnir geta stundum orðið miklir.

Nú stendur svo í 6. gr. frv. (með leyfi hæstv. forseta): „Nú er nauðsýnilegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

Jeg veit ekki, hvað þetta á að þýða. Hvort einkasalan undir vissum kringumstæðum á að taka að sjer söltun síldarinnar. Eða til hvers á að nota bryggju? Þetta er athugasemd, sem jeg vildi einungis skjóta fram.

Það er ekki ástæða til fyrir mig að fara fleiri orðum um málið. En eitt verð jeg þó að segja. Hvernig sem niðurstaðan verður hjer í þessari hv. deild, þá er það eitt, sem gleður mig, og það er það, að ekki hefir nokkrum hv. þm. tekist að sýna fram á nauðsyn þess að draga þessa vörutegund frá grundvelli frjálsrar verslunar. En aftur á móti hefir andstæðingum einkasölunnar tekist að sýna fram á, með ómótmælanlegum rökum, að ómögulegt verður fyrir einkasöluna að ráða við markaðinn, þegar svo mikið veiðist utan línunnar, að það eitt nægir markaðinum. Þessu hefir engum tekist að mótmæla.

Jeg hefi átt tal um þetta við einn mjög ákveðinn meðmælanda einkasölunnar, og var hann mjer sammála um þetta. Hv. 2. þm. G.-K. segir einnig, að þetta sje rjett. Og jeg met mikils,

hvað fagmaður eins og hann segir um þetta efni. En hvað er þá orðið úr öllu einokunarhjalinu, ef ekki tekst að ráða bót á því, sem var höfuðmark einkasölunnar? Þá er að óþörfu verið að draga ríkissjóðinn inn í áhættuna. Þá er að óþörfu verið að koma því fyrirkomulagi á verslunina, sem eykur þeim smærri atvinnurekendum, þeim efnaminni örðugleika, því einkasalan er rothögg á hina smærri framleiðendur. Hún er einungis fyrir þá efnamestu.

Auk þess, sem sýnt hefir verið fram á, að ekkert er unnið á með einkasölunni, er hún miður heppileg til þess að vekja eftirtekt á landinu út á við. Hún verður síst til þess að vekja samhug annara þjóða, sem versla við landið. Því þess verður að gæta, að þótt einkasöluhugmyndin sje rík hjer á landi, þá er öðru máli að gegna erlendis. Einkasalan er barnasjúkdómur, sem við erum ekki ennþá komnir yfir, barnasjúkdómur, sem við þjáumst af mismunandi á ýmsum tímum.

Ef einkasalan verður nú samþykt á síld, þá má búast við því, að brátt komi einkasalan á fiskinum á eftir. Ýmsir eru nú óánægðir með fisksöluna og ýmsir segja, og það með rjettu, að á ýmsum tíma komi of mikið af fiski á markaðinn. En það fullyrði jeg, að óhugur mundi grípa menn alment, ef við slíku mætti búast. Áhættan alt of mikil, að trúa einokuninni fyrir höfuðframleiðslu landsins.

Því miður er ekki hægt að neita því, að þessi síldareinokunarhugmynd stafar frá framleiðendum sjálfum, frá 1926. Einokunin nú er bein framlenging af síldarsamlaginu 1926.

Eitt er jeg viss um. Hvernig sem háttv. þingbændur líta á þetta mál, þá er jeg svo kunnugur hinni íslensku bændastjett, að jeg veit, að henni líst ekki á, ef nú á að fara að draga ríkissjóðinn inn í síldarhringinn. Það vekur andúð um land alt, að nú á að fara að verja á 4. hundrað þúsund kr. til smáútgerðar á Ísafirði, 1 milj. kr. til síldarverksmiðju á Siglufirði o. s. frv. Það er ekki verið að ræða hjer um síldarverksmiðjuna, en jeg nefni þetta aðeins til að bregða upp heildarmynd af þessari óhæfu.

Jeg heyrði, að hv. þm. Ísaf. barði í borðið. Það er eðlilegt, að mörg högg komi í borðið, þegar einokunardraugurinn er á ferðinni.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg þarf ekki að svara þeim mönnum, sem talað hafa alment um galla einkasölu, og ekki heldur þeim mönnum, sem talað hafa um lýtin á þessu frv., því jeg hefi lagt til, að það verði felt. En nái till. minni hl. fram að ganga, geri jeg ráð fyrir, að tilefni gefist til að ræða alment um einkasölu, áður en framkvæmdar verða takmarkanir á frjálsri síldarverslun.

Fyrst ætla jeg að segja örfá orð til hv. þm. Dal. Hann benti á — jeg tala hjer aðeins um ræðu hans að því leyti, sem hún snertir lögin frá 1926, en þeim er minni hl. fylgjandi —, að ef einkasala yrði tekin upp, þá mundu framleiðendur verða fjevana. Jeg get aðhylst þetta að nokkru leyti, en vil þó spyrja, hvaða fjármagn það sje, sem dregst burtu frá atvinnuveginum við það, að einkasölu er komið á stofn. Það veltufje, sem dregst úr umferð, er það fje, sem útlendingar hafa lagt leppum sínum. Nú vilja allir ryðja

leppunum úr vegi og takmarka framleiðsluna, svo voði hljótist ekki af of mikilli veiði. Þetta tvent fer saman, ef salan verður skipulagsbundin. Háttv. þm. notaði tækifærið til að tala um einkasölu alment, en að því leyti, sem hann setti það í samband við lögin frá 1926, mun honum tæpast hafa verið full alvara. Við, sem unnum frjálsri verslun, megum gjalda varhuga við að fylgja henni svo fast fram, að skaði hljótist af og gera aldrei undantekningu frá reglunni. Það er aðeins til að gefa þeim byr undir báða vængi, sem vilja hefta aðeins til þess að hefta. Um áhættu ríkissjóðs skal jeg ekki fjölyrða; samkvæmt lögunum 1926 og frv. er ekki um neina fjárhættu að ræða fyrir ríkissjóð. Hann ber ekki ábyrgð á tapi einkasölunnar, ef mistök verða. Það verður að deilast á þá, sem hlut eiga að máli. Hitt skal jeg játa, að hvorki lögin frá 1926 nje frv. er einhlítt til að tryggja höfuðtilganginn, að gera atvinnuveginn áhættulausan með því að takmarka framleiðsluna. Því það stendur ekki í okkar valdi að hindra veiðiskap útlendinga fyrir utan línuna. En samkvæmt lögunum frá 1926 eru meiri líkur til, að atvinnuvegurinn verði nokkurnveginn sæmilega tryggur.

Þó jeg hafi gerst til þess að skýra skoðun mína á þessu í sambandi við ræðu hv. þm. Dal., þá skal jeg þó ekki fara alment út í hana, þótt sumt af því, sem hann sagði, gæti gefið tilefni til andsvara. Báðir leggjum við áherslu á, að frjáls verslun sje betri en einkasala, en það, sem skilur okkur, er, að jeg lít svo á, að hjer hagi svo til, að nauðsyn sje á einhverjum afskiftum ríkisvaldsins.

Hv. þm. Borgf. þarf jeg ekki að svara nema örfáum orðum. Hann benti á, að samkvæmt frv. fjelli síldarmatið niður. Jeg skal játa það, að ef frv. verður lögfest, þá er nauðsynleg breyting á þessu. En minni hl. hefir ekki flutt brtt. við frv., því hann leggur til, að það verði felt. En ef sýnt er eftir þessa umr., að frv. nái fram að ganga, þá munum við og ýmsir aðrir flytja brtt. til að lagfæra það, því þess er mikil þörf. Jeg hefi bent á það áður, að samkvæmt lögunum frá 1926 er betur sjeð fyrir markaðsleitum en samkvæmt frv. Er það höfuðatriði, að vel sje unnið að öflun nýrra markaða.

Þá skal jeg víkja að ræðu háttv. frsm. meiri hl. Hann benti á, að sjútvn. væri sammála í því að telja núverandi fyrirkomulagi síldarverslunarinnar vera ábótavant. Þar af vildi hann draga þá ályktun, að ekki væri til bót á þeim meinum, önnur en einkasala. Þetta eru engin rök. Minni hl. játar, að nauður reki til að skipulagsbinda atvinnureksturinn. Sú leið, sem hann leggur til, að farin verði, er betri en till. meiri hl. Við viljum, að atvinnurekendur fari sjálfir með mál sín, svo sem auðið er. Eins og jeg gat um áðan, skilur það á milli, að meiri hl. leggur til, að stjórn fyrirtækisins sje skipuð á annan hátt en við óskum. Hann vill fela Alþingi að kjósa þrjá menn í útflutningsnefnd. Það er í alla staði mjög óeðlileg leið, óheppileg og órjettlát. Við aðhyllumst, að ráðherra skipi stjórnina um ákveðið árabil, þangað til þeir menn eru

flæmdir burt, sem í raun og veru eru ekki sjálfstæðir atvinnurekendur, heldur aðeins verkfæri í höndum erlendra manna. En þegar þeir hafa heltst úr lestinni, þá eiga atvinnurekendur sjálfir að taka stjórnina í sínar hendur. Þótt við í þessu máli teljum rjett að rjúfa lögmál frjálsrar verslunar, þá viljum við ekki fara lengra en við erum til neyddir, en meiri hl. fer lengra, og það að óþörfu.

Hv. frsm. meiri hl. gat um skýrslu þá, sem prentuð er aftan við nál. okkar og sýnir, að yfir ¾ hlutar síldarinnar er veiddur á skip, sem skrásett eru utan Norðurlands. Taldi hann hana óáreiðanlega og nefndi það til dæmis, að skýrslan greindi aðeins 3 austfirsk herpinótaskip, sem veiðar hafi stundað, en þau hafi verið 4. Þetta er að vísu ekki stórvægileg villa, en þó einungis til frekari rökstuðnings þeirri ályktun minni, að þar sem svo mikill hluti skipanna sje eign manna, búsettra utan Norðurlands, þá sje ekkert rjettlæti í því að láta norðlenska útgerðarmenn eina ráða valinu á stjórnarnefndarmanni, en meina öðrum útgerðarmönnum afskifti af valinu. Hv. frsm. sagði, að þetta skifti ekki máli og að ef taka ætti afleiðingunum af þessu, væri sjálfsagt og rjett að hafa aðsetur einkasölunnar í Reykjavík eða einhversstaðar sunnanlands. Hjer er ruglað saman tvennu óskyldu. Það er eðlilegt, að miðstöð einkasölunnar sje norðanlands, af því þaðan er veiðin stunduð. En hitt fæ jeg ekki skilið, hvað er því til fyrirstöðu, að þeir, sem framleiðslutækin eiga, megi taka þátt í stjórnarkosningu, þótt þeir eigi heima utan Norðurlands.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að margir útgerðarmenn styddu þetta frv. og tækju það fram yfir lögin frá 1926. En þeir hefðu ekki bundist svo öflugum fjelagsskap sem andmælendur frv., en komið einn og einn til nefndarinnar og látið óskir sínar í ljós. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja: Hvaða nefndarmönnum hafa þessir menn skýrt frá skoðun sinni? Hve margir eru þessir menn? Hvers vegna koma þeir ekki opinberlega fram? Jeg skal ekki vera að fara með neinar dylgjur, en sú er mín skoðun, að flestir útgerðarmenn voni það, að frv. þetta verði að velli lagt og lögin frá 1926 komi til framkvæmda, aðrir en þeir, sem hafa útlit fyrir að fá einhver bein, ef einkasalan verður tekin upp. (**ÁÁ**: Einhver ráð). Já, einhver ráð, segir hv. sessunautur minn. Það getur vel verið, að rjettara sje að orða það svo, að þeir sækist eftir ráðum, en ekki beinum.

Hv. þm. vildi leiða líkur að því, að ekki væri að marka mótmæli þau, sem komið hefðu fram gegn frv. Til rökstuðnings gat hann um það, að á fundi útgerðarmanna hjer syðra hefði atkvæðafjöldi hvers einstaklings verið miðaður við það, hvað hann hafði umboð fyrir mörg skip. Mjer þætti gaman að fá að heyra, hvaða hætti ætti að fylgja um atkvæðamagn, svo að rjettlátt væri. Jeg sje ekki, að það sje órjettlátt, að atkvæði manna sjeu nokkuð í hlutfalli við það, hverra hagsmuna hver um sig hefir að gæta.

Um brtt. hv. meiri hl., sem hnígur að því að bæta úr fjárþörf framleiðenda, hafði minni hl. farið þeim orðum, að álykta mætti, eins og hv. þm. gerði, að minni hl. væri að skopast að tillögunni. Hv. þm. skildi þetta alveg

rjett. Minni hl. telur tillöguna mjög skoplega. Hún fer í þá átt, að framkvæmdarstjórninni sje meðal annars heimilt að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar síldinni, ef þessu fylgir engin áhætta fyrir einkasöluna. Við minnihlutamenn bentum á, að þeir, sem eru ekki einfærir um að afla vörunnar, geta venjulega ekki sett nægilega tryggingu fyrir andvirði hennar, og er því ástæða til að ætla um þá, að þessu fylgi nokkur áhætta. Heimildin nær því aðeins til þeirra, sem ekki þurfa hennar með. Hv. þm. sagði, að þetta væru að vísu rök, en ekki tæmandi rök. Hann átti við það, að stjórn einkasölunnar gæti orðið ráðvöndum en fjelitlum mönnum að liði. Einnig þetta er vanhugsað. Fyrst og fremst er það yfirleitt svo, að þær fáu verksmiðjur, sem hingað selja tunnur og salt, hafa áreiðanlega þekkingu á högum þeirra manna, sem af þeim kaupa, en ef þeim þætti þar eitthvað ábótavant, mundu þeir ekki leita til stjórnarinnar um upplýsingar, heldur til annara aðilja, sem hlutdrægnislaust fást við að gefa slíkar upplýsingar, svo að hvernig sem á þetta er litið, er tillagan markleysa ein.

Jeg hafði mælst til þess við hv. frsm., að hann fylgdi nú minni hl. að málum og tæki upp sitt fyrra fósturbarn frá 1926 og hlutaðist til um, að þetta frv. yrði felt, en upp tekin lögin frá 1926. Hv. þm. svaraði, að hann hefði stutt að samþykt laganna 1926 af því, að þá hefði ekki verið um annað betra að ræða. En jeg man ekki betur en að á þinginu 1926 lægi einmitt fyrir annað frv. frá hálfbróður hv. þm., ef svo mætti að orði kveða, hv. 5. landsk. Það frv. gekk lengra en frv. okkar íhaldsmanna. Hv. þm. lagðist þó á sveif með okkur, svo að hann er í fullu samræmi við sjálfan sig, ef hann er enn á móti þessu frv., en heldur trygð við sitt gamla fósturbarn.

Jeg heyrði hv. þm. færa fram þau rök gegn lögunum frá 1926, að eftir þeim rjeði það atkvæðamagni um stjórn samlagsins, hve mikla síld hluteigandi hefði saltað undanfarin ár. Þetta er alveg rjettlátt, en jeg vil þó benda hv. þm. á, að þessu eru settar miklar hömlur. Eitt atkvæði átti að koma fyrir hverjar 200 tunnur af saltaðri síld, en atkvæðamagn einstaklingsins mátti ekki fara fram úr 25 atkvæðum. Sá, sem saltar meira en 5000 tunnur af síld, nýtur því ekki atkvæðamagns fram yfir 25 atkvæði. Ef hv. þm. hefir mismint eitthvað um þetta, vænti jeg þess, að að fengnum rjettum upplýsingum, verði hann enn til þess að leggjast á sveif með okkur.

Þá þarf jeg að svara hv. 4. þm. Reykv. Hann sagði, að það væri harla undarlegt, að verið væri að amast við því, að verkalýðurinn fengi að útnefna mann í stjórn fyrirtækisins til jafns við þá, sem framleiðslutækin eiga. Rök hans voru þau, að verkalýðurinn ætti svo mikið undir því, að atvinnureksturinn færi vel úr hendi. Það er alveg rjett. Verkalýðurinn á mikið undir því, eins og mjög margir aðrir. En jeg vil beina athygli hv. þdm. að þessum rökum. Þetta er grundvallarstefna jafnaðarmanna. Ef hún er rjett, þá er það líka rjett, að verkalýðurinn taki þátt í stjórn allra framleiðslutækja, og þá til dæmis í stjórn bænda-

verslunarinnar, Sambandi íslenskra samvinnufjelaga. Þar á verkalýðurinn mikilla hagsmuna að gæta. En það er þetta, sem nú liggur fyrir hv. deild að svara í fyrsta sinn. Ef hún stígur þetta fyrsta spor, verður hún að stíga annað og þriðja sporið og ótal mörg fleiri. Hv. þm. sagði, að þessi stefna væri mjög að ryðja sjer til rúms annarsstaðar. Það kann að vera, að henni hafi aukist fylgi, en jeg veit ekki til, að hún hafi nokkursstaðar verið upp tekin. Um þessar mundir situr nefnd á rökstólum með Bretum, en mjer skilst, að aðaltilgangur hennar sje að koma í veg fyrir kaupdeilur með því að verkamenn hafi sjálfir náin kynni af afkomu atvinnuveganna. Jeg vænti, að við sjeum sammála um, að þó að þetta megi verða í iðnaði, þar sem afkoman er jöfn frá ári til árs, þá er alt öðru máli að gegna um síldveiðar, þar sem alt er á huldu og afkoman afarmisjöfn frá ári til árs.

Hv. þm. sagði, að sjer þætti það gegna furðu, að við minnihlutamenn gætum aðhylst þá ráðstöfun, að Alþingi skipaði nefnd, sem færi með æðstu stjórn Landsbankans, en vildum hinsvegar ekki, að Alþingi skipaði stjórn þessa fyrirtækis. Jeg hefi aldrei sagt, að það væri ótækt, en jeg hefi bent á, að sú leið væri betri, að ráðherra skipi stjórnina til bráðabirgða, en seinna taki framleiðendur við. Jeg þykist ekki þurfa að ræða mikið um það, að jeg tel heppilegast, að sjálfir atvinnurekendur fari með stjórn sinna mála. En ef jeg á að velja um það tvent, hvort ráðherra eða Alþingi skipi stjórnina, kýs jeg, að ráðherra geri það, því að þá hefi jeg einhvern ábyrgan aðilja að halda mjer að, ef illa fer. Ef Alþingi skipar stjórnina, er ábyrgð hvers einstaklings mjög lítil, en það er einmitt ábyrgðin, sem er aðaltryggingin fyrir því, að framkvæmdarstjórnin sje valin með hæfilegri hliðsjón af hæfileikunum. Um þetta greinir okkur á.

Hv. þm. vildi rökstyðja, að það væri ofureðlilegt, að Norðlendingar færu með stjórn þessara mála, en ekki Sunnlendingar. Þó að Sunnlendingar ættu mikið í húfi, væri hitt samt staðreynd, að þetta væri eini atvinnurekstur Norðlendinga, en aðeins nokkurskonar aukageta fyrir Sunnlendinga. Þetta er alveg rangt. Margir Sunnlendingar stunda enga aðra atvinnu frekar en Norðlendingar. Hv. þm. vildi rökstyðja það, að samkvæmt lögunum frá 1926 yrðu hinir svokölluðu leppar valdamestir í stjórn samlagsins, þar eð þeir hefðu mjög mikið magn síldar, og þess vegna mikið atkvæðamagn. Jeg hefi þegar sagt frá takmörkun atkvæðamagnsins. Auk þess hefi jeg skýrt frá því, að gerð var sjerstök ráðstöfun til þess að bægja burtu leppunum. En nú verð jeg víst að koma fram með skýringu, sem jeg er ekki viss um, að sje hv. dm. kunn.

Eins og til hagar nú, er það venja, að erlendir síldarkaupmenn, það er að segja síldarinnflytjendur, fela íslenskum manni að salta ákveðinn tunnufjölda af síld, en áhættuna bera hinir erlendu menn. Nú er það vitanlegt, að langmesta áhætta þeirra, er salta síld, er sú, að þeir geti ekki selt hana. Erlendir kaupmenn geta haft þá aðdrætti, að þeir fái fullnægt kröfum síldarneytenda, og svo er það hlutskifti okkar Íslendinga að bíða með sölu okkar, þar til reynslan sýnir,

hvort hinir erlendu kaupmenn hafa birgt sig nóg upp. Verði atvinnurekstrinn skipulagsbundinn, hefir hinn erlendi maður í raun og veru tekið fullan þátt í þessari verstu áhættu. Jeg skal taka dæmi. Sænskur síldarkaupmaður þarf árlega 10 þús. tunnur af síld. Hann fær innlendan mann til að salta hana og úthlutar henni allri til viðskiftavina sinna, þó að framleiðslan hjer sje 50% umfram þarfirnar og mjög mikið af íslensku síldinni verði óseljanlegt. Þeir, sem verða fyrir barðinu á þessu, eru innlendir menn, sem reka þennan atvinnurekstur fyrir eiginn reikning. Ef atvinnureksturinn er skipulagsbundinn, getur Svíinn fengið 10 þús. tunnur, og jafnvel þær, sem umboðsmaður hans saltar. En umboðsmaðurinn fær ekki fult andvirði síldarinnar, heldur fær hann það í hlutfalli við aðra atvinnurekendur og tekur því þátt í aðaláhættunni og ber hallann af henni til jafns við Íslendinga. Aðalatriðið er því það, að með því að skipulagsbinda atvinnuveginn meinum við Svíanum að vísu ekki að reka hann með leppum, en neyðum þá til þess að taka þátt í hinni verstu áhættu. Af þessum ástæðum höfum við útgerðarmenn með miklum líkum ályktað sem svo, að Svíinn óski ekki lengur eftir leppum, og við höfum þótst vissir um öryggi þessa atvinnufyrirtækis og að við gætum tekið við stjórn samlagsins innan fárra ára.

Mjer heyrðist hv. þm. segja, að ekki væri óhætt, að ríkið tæki að sjer einkasölu á síld, nema það hefði jafnframt bræðslustöð. Úr þessu vildi hann bæta með því að taka bræðslustöð á leigu. Þetta er einmitt sú skoðun, sem minni hl. hefir í áliti sínu viljað aðhyllast. Jeg vil biðja hv. þm. um að haga atkvæði sínu eftir þessari skoðun. Nú er ómögulegt að vita, hvort nokkur verksmiðja fæst. Ein hefir að vísu boðist, en ekkert er komið í ljós um skilmálana, hvort þeir verða yfirleitt svo, að hægt sje að ganga að þeim. Mjer finst, að hv. þm. ætti því að leggjast á sveif með minni hl. um þetta. (**SÁÓ:** Hv. þm. fer ekki rjett með mín ummæli). Hv. þm. segir, að ekki sje rjett hermt, þegar hann er búinn að sjá afleiðingarnar af því, sem hann sagði.

Jeg hafði gaman af að heyra hv. þm. lýsa yfir því, að yfirleitt væri ekkert að marka yfirlýsingar og mótmæli eins og hjer hafa komið fram. Hann hefir þó ekki lagt lítið upp úr slíku, þegar það mátti verða honum sjálfum í hag, samanber vökulögin sælu.

Að endingu vil jeg aðeins segja það, að þó að jeg ætti þátt í lögunum frá 1926, var mjer það ljóst, að þau áttu ekki vinsældum að fagna af öllum, sem áttu við þau að búa. En mjer hefir orðið annað ljóst í sambandi við einkasöluna, nefnilega það, að nú hefir samlagið fengið byr undir báða vængi. Það er varla nokkur framleiðandi, sem kveður upp neikvæðan dóm um samlagið, af því að þeir telja þetta frv. slíka ófreskju, að þeir vilja ekki við það una.

Magnús Jónsson: Þegar jeg heyrði ræðu hv. þm. Dal., get jeg sagt að nokkru leyti, að mjer varð ekki um sel, því að hann var mjer svo sammála um þetta mál, að jeg gæti í raun og veru gert hans orð að mínum. Jeg spurði hann að því á eftir,

hvort hann hefði ekki verið inni meðan jeg sagði nokkur orð í gær, af því að hann dró fram nákvæmlega sömu atriði og jeg í gær, en ræddi þau aðeins víðtækar, en hann kvaðst ekki hafa verið við. Jeg dró þá fram þann galla á einkasölunni, að bæði eftir því fyrirkomulagi, sem samþ. var 1926, og eins eftir frv., sem fyrir liggur, á hún að starfa án þess að hafa nokkru fje yfir að ráða, og hvaða halla allir smærri framleiðendur mundu bíða við að starfa undir því fyrirkomulagi. Jeg sýndi einnig fram á magnleysi einkasölunnar til þess að hafa hemil á síldarverðinu á meðan kostur væri á að fiska svo mikla síld utan landhelginnar, að nálega má fullnægja besta markaðinum, sem sje sænska markaðinum. Jeg dró fram, hve hættulegt væri svo að segja að egna þá menn, sem kaupa vöruna af okkur, með óþarflega hranalegri aðferð, — egna þá til þess að drepa niður þessa viðleitni, sem fólgin er í einkasölu.

Þessi þrjú eða fjögur atriði dró jeg fram í gær, og hv. þm. Dal. hefir einmitt lagt aðaláhersluna á þau. Þetta, að tveir menn draga fram öll þessi sömu rök án þess að vita hvor af öðrum, það finst mjer benda á það, hvað þau liggja í raun og veru ákaflega nærri og ljóst fyrir, ef menn aðeins eru inni á þessum hugsanagangi með frjálsri verslun, en móti einkasölu, — ef menn ekki stara á eitthvert fyrirkomulag, sem þeir einu sinni vilja hafa, án þess að gera málið algerlega frjálst í huga sjer.

Hv. frsm. meiri hl. gaf mjer ákaflega einkennileg svör, sem mjer fanst mótast dálítið af þeirri afareinkennilegu framkomu hans flokks, að vilja helst sem minst um málið tala. Meðal annars svaraði hann þessu atriði, sem jeg dró fram í gær, að hann hafi haldið, að jeg talaði mestmegnis í gamni; hann talaði sjálfur mest í gamni, og meira var ekki að hafa hjá honum. Ekki mintist hann á það einu orði í svarræðunni, hvernig síldareinkasalan ætti að fara að ná tökum á síldarverðinu á meðan hægt er að fiska svo mikið utan landhelginnar sem raun er á. Þegar litið er til þess, að á seinasta ári er fiskað utan landhelgi — eftir því sem skýrslur herma — svona hjer um bil eins mikið og sænski markaðurinn getur tekið við, þá sjáum við, hvaða dæmalaus fjarstæða það er að halda, að með einkasölu megi sitja að þessum markaði.

Nú má að vísu segja, að ekki sje að miða við aflann síðastl. sumar utan landhelginnar, — sem er álitið, að sje um 190 þús. tunnur —, sökum þess, hve síldveiðin var sjerstaklega góð. En góðæri geta altaf komið. Svo má athuga það, að ganga má að því sem sjálfsögðu, að síldareinkasalan egni menn til þess að viðhafa þessa aðferð meira en hingað til. Nú um árabil hafa Svíar horfið frá því að fiska síld sjálfir, en tekið það ráð að hafa hjer meðráðamenn, sem jeg vil kalla til hægðarauka „leppa". Ef þeir eru hraktir úr því vígi, hvað er þá sennilegra en að þeir taki upp hina aðferðina aftur?

Það má gera ráð fyrir, að þessi mikla síldveiði utan landhelgi í sumar stafi að nokkru leyti af góðum skilyrðum fyrir veiðinni. En það má líka búast við, að venjuleg veiðiskilyrði verði meira en bætt upp með aukinni

áherslu á þessa aðferð. Jeg tók það fram við fyrri hluta þessarar umræðu, að jeg tryði naumast, að hægt væri að verka vel síld utan landhelgi; en mjer er sagt, að þetta lánist furðanlega. Og sjerstaklega verður að gæta þess, að ef eindreginn vilji manna stendur bak við til að eyðileggja þetta fyrirtæki landsmanna, sem er tilraun til að kúga neytendur síldar, þá reyna þeir hvað hægt er að láta koma krók á móti bragði, enda þótt þeirra vara sje ekki alveg eins góð. Við verðum að gæta að því, að með þessu er lagt út í nokkurskonar viðskiftastríð, og því verðum við að vera við því búnir, að sá, sem á móti herjar, leggi mikið í sölurnar. Og það er ver farið en heima setið, ef síldareinkasalan yrði aðallega til þess, að aukin yrði veiði utan landhelgi og þessir hötuðu „leppar" reknir úr landi, svo að síldin kemur aldrei á land, engin vinna flýtur af henni og engin gjöld til bæjar- eða ríkissjóðs. Menn sitja þá með sárt ennið og nota sína síld til þess að senda hana á vafasaman markað, eins og Rússasíldina í sumar. Jeg er ekki trúaður á það, að við getum bægt Norðmönnum algerlega burt frá því að veiða síld, eins og menn láta í veðri vaka, að megi með þessum lögum. Þeir hafa á okkur tangarhald með kjöttollssamningunum. Jeg saknaði þess í ræðu hv. frsm. meiri hl., að hann kæmi inn á þetta atriði ræðu minnar, en get þó afsakað það, þar sem engin rök eru til á móti þessu. Ef Svíar þykjast einhverri hörku beittir, og sjerstaklega ef stjórn einkasölunnar er pólitísk og öðrum álíka kostum gædd, þá öfunda jeg ekki framkvæmdarstjórana, þegar þeir eiga að fara að selja einkasölusíldina til Svíþjóðar. Jeg þykist vita, að móttökurnar verði ekki sem blíðastar, en gert verði það, sem hægt er, til þess að sú einkasala blómgist ekki.

Jeg þykist vita, að tilgangur einkasölunnar sje meðal annars sá, að leita nýs markaðar, og mundi þá einkasalan sennilega hafa talsvert mikið af sinni síld til þess að hringla með út um hvippinn og hvappinn; en það er ósjeð, hversu ánægðir þeir menn eru undir þeim kjörum, sem kosta miklu til að veiða síldina.

Næsta atriði, sem jeg dró fram, en hv. frsm. meiri hl. kom ekki neitt að, var sú fyrirsjáanlega fjárþröng, sem mundi verða undir einkasölufyrirkomulaginu. En hann var að tala um það, að jeg mælti „leppunum" bót, vildi ekki styggja þá o. s. frv. Mjer skildist nú á hv. 2. þm. Eyf., sem er allra manna kunnugastur fyrir norðan, að þessir svokölluðu „leppar" væru ekki til; þetta væru ósannindi, sem verið væri að fleipra um einstaka menn. En þá veit jeg ekki, til hvers öll þessi umbrot eru, því að bæði utan þings og innan hafa ekki heyrst önnur meiri rök fyrir öllum þessum samtökum, bæði síldarframleiðenda og svo einkasölunni, sem hjer er talað um, heldur en þau, að hafa af höndum sjer þessa skaðlegu menn. Og jeg vil segja, að það hefir enginn kveðið þetta síldareinkasölufrv. eins rækilega niður eins og hv. 2. þm. Eyf., ef það er rjett, sem hann sagði.

Jeg býst nú við, að umhyggjan fyrir þessum svokölluðu „leppum" sje nokkurnveginn jöfn hjá okkur hv. frsm. meiri hl., nefnilega ekki nein; en umhyggjan fyrir smærri síldar-

framleiðendum er kannske ekki alveg jöfn. Jeg spyr einu sinni enn: Hver verður kaupandi að síldinni undir einkasölufyrirkomulaginu, þegar þeir eru burt reknir, sem helst hafa keypt? Hvaðan á að fá fje til að kaupa fyrir? Jeg veit ekki, hvort það mundi þykja sjerlega heillavænlegt, að bankarnir færu að lána mönnum til þess að „spekúlera" í slíkum síldarkaupum; jeg held það væri óheppilegt að veita fje bankanna í það. Jeg held, að aðalgallinn á þessari einkasölu verði sá, að hún hafi ekki nóg fje til þess að starfa með. En á hinn bóginn veit jeg ekki, hvaðan hún ætti að fá fje. Jeg þykist alveg vita það, — og jeg hygg hv. þm. Dal. hafi tekið það fram —, að næsta skrefið verður það að heimta fje úr ríkissjóði til einkasölunnar, svo að hún geti útvegað mönnum tunnur og salt; það verður heimtað fje til þess að einkasalan geti gerst síldarspekúlant, og mun sannast, að erfitt verður að spyrna á móti broddunum.

Jeg skal játa, að það var í hálfgerðu gamni sagt hjá mjer, þegar jeg talaði um, að svo gæti farið, að síldareinkasalan yrði að fá þar fje, sem fje hefði fengist hingað til, nefnilega hjá þeim, sem síðar ætla að kaupa síldina í Svíþjóð. Jeg skal ekki segja, að þeir ætli sjer að græða á einkasölunni, en vildu kannske leggja henni til tunnur eða salt eða jafnvel peninga. Jeg segi þá, að við værum búnir að koma okkur upp einum stórum ríkis-„lepp", en reka burt alla smáleppana.

Að þessu frágengnu er ekki um annað að tala en að láta ríkið leggja fram fje í þessu skyni, 1—2 miljónir, og jeg er í engum vafa um, að það verður líka heimtað. Það var náttúrlega gott og blessað, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þetta felist ekki í frv. Það er algerlega satt. En það er heldur ekki farið fram á, að nokkur trygging sje fyrir því, að smærri framleiðendur geti haft nokkurt gagn af síldinni með þessu móti. Og það kemur áreiðanlega krafa um það, að þeir geti hjer eftir eins og hingað til notað sjer síldina, þó að þeir hafi ekki meiri peninga en svo, að þeir geti gert út með reknetum eða snurpinótum, en hafi ekki getu til þess að hafa tunnur og salt, bryggjur og annað, sem þarf til þess að geta verkað síldina í hendur einkasölunnar. Brtt., sem liggur fyrir nú, gefur hálfpartinn undir fótinn, að einkasalan eigi að vera mönnum hjálpleg að ná í tunnur og salt; en þeir einir geta notað sjer það, sem hafa einhverja aðstöðu til þess.

Jeg skal ekki orðlengja mikið meira um þetta mál. En jeg vildi með þessum orðum gefa bendingar um, að þó að þetta frv. fari fram á það, sem er einfalt og óbrotið, þá mundi það enda í allstóru fyrirtæki. Það mun sýna sig fljótt, að einkasalan verður að þenja sig út á báða bóga, ef hún á að verða að nokkru liði. Menn mundu fljótt finna, að erfitt er að skifta við stórkaupmenn í Svíþjóð, og yrði því að komast nær neytendum. Og á hinn bóginn verður einkasalan að komast nær sjálfum framleiðendunum, einkum þeim smærri. Henni helst ekki lengi uppi að vera sá blóðlausi milliliður, sem frv. gerir ráð fyrir. En til þessa alls þarf afarmikið fje, og það verður eitthvert áhyggjuefni þeim, sem eiga að hirða um einkasöluna eftir að hún er þannig búin að færa út kvíarnar.

Hv. samþingismaður minn, 4. þm. Reykv., sagði, að allir fyndu þörfina á að skipuleggja síldarsöluna. Jeg held nú, að þetta sje ofmælt hjá hv. þm. Hitt er rjett, að allir hafa fundið, að talsvert ólag hefir verið á framkvæmd þessara mála. Og frá því stafa einmitt öll þessi umbrot. En þar með er ekki sagt, að hjer sje fundin úrlausnin, sem lækni þetta. Það er líkt farið með þetta eins og sjúkling, sem eftir að hafa reynt eitt og annað leitar til skottulæknis, og það eins fyrir það, þótt honum sje ekki nein batavon. — Að menn vilja reyna þessa leið, stafar af því, að þessi atvinnuvegur er erfitt viðfangsefni. Þess eru ekki fá dæmi, að þeir menn, sem við þetta hafa fengist, hafi á tímabili, fyr eða síðar, tekið þessa einokunarsótt. Það eru þeir menn, sem ekki hafa athugað þetta mál nógu rækilega niður í kjölinn. Jeg held, að síðan jeg kom fyrst á þing, hafi ávalt legið slík frv. fyrir þinginu. Og mig minnir það hálfvegis — vil þó ekki fullyrða það —, að ein slík lög um einkasölu á síld sjeu til frá 1921. Hvernig væri nú, ef menn vildu rífa þennan ræfil upp úr svelli og reyna að notast við hann? Þá þyrfti ekki að vera að ræða um þetta frv. Það getur verið, að það þyki þægilegt nú að samþykkja þetta, og að til þess sje nóg bolmagn. En jeg er hræddur um, að þar sje ekki sopið kálið, þótt í ausuna sje komið. Jeg er hræddur um, að þetta mál verði hverri stjórn óþrotleg náma allskonar örðugleika og að þingið fái þar óþrotlegt umtalsefni á hverju ári, uns flestir verða svo leiðir á því, að þeir óska því norður og niður. Hjer þykjast menn ætla að „stemma á að ósi". En jeg er hræddur um, að þeir hafi ekki jafngóðan stein og gamli Þór hafði, nje leikni hans til að hitta það, er hann hæfði til. Og þó stundum slettist á, þar sem siglt er undir merkjum hinnar frjálsu samkepni, þá er það þó spá mín, að margir munu, áður en langt um líður, óska þess af heilum huga, að þeir hefðu aldrei farið af þeirri snekkju út á einokunargaleiðuna.

Um þetta efni er nú altaf verið að setja lög. Ein voru að mig minnir sett 1921, önnur 1926. Hvorug hafa komist til framkvæmda. Nú verða þau þriðju sennilega sett 1928. Máske koma þau til framkvæmda, og væri það ef til vill heppilegt, svo menn fengju einu sinni að reka sig á sjálfan veruleikann. Hv. þm. Borgf. vildi kalla þetta þing síldarþing. Jeg er ekki viss um, að það sje rjettmæli, því flest þing hafa síldina að einhverju leyti til meðferðar. Það mætti fremur kalla það einkasöluþingið mikla. Hjer úir og grúir af einkasölufrv., og eru víst tvö eða fleiri á dagskrá í dag.

Það væri vonandi, að sá tilgangur náist með þessu frv. að útrýma þessum ógurlegu leppum, ef þeir eru til. En jeg sje bara ekki, hvernig ætti að útiloka það með þessu frv. Jeg veit ekki, hvað það er, sem hamlað gæti Svíum frá að hafa hjer sína umboðsmenn eftir sem áður.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Dal., að jeg hefi eins og hann sagt þetta til að friða samviskuna, fremur en jeg búist við árangri af því,

þar sem málið mun nú þegar vera ráðið.

ATKVGR.

Brtt. 474,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, PO, BSv.

nei: EJ, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

Fimm þm. (BÁ, GunnS, HJ, HK, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 474,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 456,1.a samþ. með 14:1 atkv.

— 456,1.b samþ. með 14:2 atkv.

— 456,1.c samþ. með 14:1 atkv.

— 474,3 tekin aftur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 456,2.a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 456,2.b samþ. með 14:1 atkv.

— 456,2.c samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 456,3, (ný 5. gr.) samþ. með 14:3 atkv.

6.—9. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 474,4 feld með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, JAJ, JÓl, JS, LH, PO, BSt, EJ, BSv.

nei: HG, HjV, IngB, JörB, MG, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

MJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (BÁ, GunnS, HJ, HK, JJós) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

nei: EJ, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, BSt.

BSv greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (BÁ, GunnS, HJ, HK, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 456,4 (ný 11. gr.) samþ. með 15:3 atkv.

12.—14. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 456,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

16.—17. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 14:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv.

Á 59. og 60. fundi í Nd., 28. og 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Áður en dagskrá næsta fundar væri upp lesin á 60. fundi mælti

forseti (BSv): Jeg vil spyrja hv. 1. þm. S.-M., hvort hann óski, að frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld verði tekið á dagskrá á morgun. **(SvÓ:** Jeg óska þess).

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að þetta mál verði ekki tekið á dagskrá fyr en á laugardag, svo framarlega sem sá dráttur tefur ekki störf þingsins. Fyrir mjer vakir að reyna að fá samræmdar þær brtt., sem jeg veit, að muni koma fram, ef vera mætti, að hægt yrði að draga úr þeim umræðum, sem annars

mundu verða um þær. En eins og jeg hefi tekið fram, æski jeg þessa því aðeins, að hæstv. forseti telji ekki, að það tefji störf hv. deildar.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Vegna þeirrar óskar, sem fram er komin frá hv. 2. þm. G.-K., vil jeg leyfa mjer að benda á það, að málþófið er venjulega því meira sem brtt. eru fleiri.

Forseti (BSv): Það er að vísu svo, að jeg hygg, að hv. 2. þm. G.-K. geti haft ástæðu til að ætla, að nefndin geti komið sjer saman um að fækka brtt. sínum, en ef hv. frsm. meiri hl. gerir það að miklu kappsmáli, að frv. verði tekið á dagskrá á morgun, mun jeg verða við tilmælum hans. **(SvÓ:** Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli). Þá verður málið ekki tekið á dagskrá að þessu sinni.

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 600, 616, 623, 654, 655, 657, 671, 673, 677, 682).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 671, 673, 677 og 682. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Við 2. umr. þessa máls átti jeg ósvarað sex hv. þdm., sem í ræðum sínum höfðu vikið nokkrum orðum að mjer. En jeg fjell þá frá orðinu með það fyrir augum, að málið þyrfti ekki að tefjast, gæti komist undir atkvæði og haldið áfram til 3. umr.

Nú get jeg ekki með öllu leitt hjá mjer að svara þessum hv. þm. nokkrum orðum, en af því að viðhorf málsins er nú annað orðið, þar sem það er komið til 3. umr., skal jeg í svari mínu reyna að fara fljótt yfir sögu.

Þremur þessara hv. þdm. get jeg svarað í einu lagi, af því allir höfðu sömu aðstöðu til málsins og allir sama textann að leggja út af í andmælum gegn frv. Þessir þrír voru þeir: Hv. þm. Dal., hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., en forustan í þessu efni var hjá hv. þm. Dal.

Hann lagði allmikla áherslu á það, að með þessu frv. um einkasölu á síld væri hastarlega brotin stefna frjálsrar verslunar, og áleit hann, að afleiðingin hlyti að koma fram á oss með óvæntum hætti. Hann hjelt því fram, að þetta gæti leitt til þess, að við mistum samhygð grannþjóðanna og nytum ekki hjá þeim þess trausts, sem við annars mundum njóta. Hann hjelt því ennfremur fram, að sænskir síldarkaupmenn mundu snúa við okkur baki, sænski síldarmarkaðurinn lokast og að burtu mundu hverfa þeir milligöngumenn, sem orðið hefðu undanfarið okkur að liði, sem sje hinir svokölluðu leppar, sem oft hefir verið minst á í þessum umr.

Þá hjelt hann því líka fram með miklum alvöruþunga, að útlendingar mundu auka svo mjög síldveiðar utan landhelgi, að fullnægja mundi eftirspurn þessarar vöru á erlendum markaði, og yrði þá síld einkasölunnar óútgengileg. Að lokum vildi hann svo halda því fram, að með einkasölu-

skipulaginu væri fje ríkissjóðs stofnað í takmarkalausa hættu. Ríkissjóður þyrfti að leggja fram fje til kaupa á síldinni, sem ekki fengist endurgreitt, ef síldin seldist ekki, ganga í ábyrgðir o. s. frv., — tilgáta, sem enga stoð á í frv.

Undir þessa skoðun hv. þm. Dal. vildi svo hv. 1. þm. Reykv. skrifa, eða gera hans orð að sínum, eins og hann komst að orði; en bætti því við frá eigin brjósti, að af þessu skipulagi mundi leiða örbirgð og skort vegna atvinnuleysis í landinu, og í líkan streng tók hv. þm. Vestm., en gerði sjer þó ekki eins títt um að ógna með hörmungarástandi, sem af einkasölunni gæti leitt.

Jeg ætla mjer ekki að gera að umtalsefni þá skoðun hv. þm. Dal., að hjer sje um að ræða hættulegt brot á stefnu frjálsrar verslunar. Jeg hygg, að sú skoðun hans verði ekki tekin alvarlega af neinum. Enda er vitanlegt, og jafnvel viðurkent af ýmsum þeim, sem hlyntir eru frjálsri verslun, að einmitt á þessu sviði sje nauðsynlegt að taka upp einkasölu. Hv. frsm. minni hl. sjútvn. kannast fyllilega við nauðsyn einkasölu í þessu efni.

Hjer þekkjast ýmsar einkasölur, sem vjer höfum haft með höndum og vitum fullvel, að þær hafa aldrei bakað oss álitshnekki hjá öðrum þjóðum.

Um sænska markaðinn er það að segja, að ekki kaupa Svíar alla síld hjeðan, og er víðar Guð en í Görðum. Markaðurinn er að þokast meira og meira suður á bóginn og líkur benda til þess, að hann verði einna bestur í Mið-Evrópu eða í Eystrasaltslöndunum, og jafnvel austur í Rússland er hann að færast, þar sem hann líka var endur fyrir löngu.

Um burthvarf þessara ágætu milliliða — leppânna —, sem hv. þm. sjer eftir, ætla jeg að vera fáorður. Jeg fyrir mitt leyti harma það ekki, þó að þeim fækki, eða að þeir hverfi alveg úr sögunni, enda held jeg vafasamt, að þeir hafi orðið oss til mikilla þjóðþrifa eða vegsauka.

Að einkasalan verði þess valdandi, að útlendingar auki veiði sína utan landhelgi, svo að markaðurinn yfirfyllist, held jeg, að sje óþarfur kvíðbogi. Þeir, sem ókunnugir eru veðurfari norðan og austan við land og vita ekki, hvernig þar hagar til um síldveiðitímann, þeir einir geta gert sjer þetta í hugarlund, en aðrir ekki. Það gera engir að gamni sínu að senda stóran síldarflota á veiðar og til síldarverkunar utan landhelgi, þar sem allra veðra er von og án þess að áður sje trygt, að hægt sje að losna við síldina, ef mikið veiðist, t. d. í bræðslu í verksmiðjur. Þeir, sem til þekkja, vita, að það er erfitt að hirða um síldina og gera hana að markaðshæfri vöru í misjöfnu veðri úti í rúmsjó. Þetta getur að vísu lánast í góðu veðri, ef veiði er lítil, en jeg held, að hver og einn reyndur og ráðinn veiðimaður mundi hugsa sig um tvisvar áður en hann sendi út stóran veiðiflota í þessu skyni, án stöðva í landi og án þess að geta stuðst við verkafólk úr landi til söltunar og verkunar síld. Þess vegna byggi jeg ekki mikið á hrakspám hv. andstæðinga um hættulega samkepni frá útlendum veiðiskipum utan landhelgi.

Því má skjóta hjer inn í til skýringar, að það, sem gert hefir útlend-

ingum hægara fyrir að stunda veiði utan landhelgi undanfarið, er það, að þeir hafa getað selt síldina til bræðslustöðvanna í landi, þegar ekki var hægt að salta á skipsfjöl. Bræðslustöðvarnar hafa því verið sá bakjarl, sem trygði þessa menn fyrir tjóni, þegar of mikið barst að af síldinni, eða ófært reyndist að verka síldina í salt.

Nú er það á valdi stjórnarinnar, hvort veitt verður bræðslustöðvunum ótakmarkað leyfi til þess að kaupa síld af erlendum veiðiskipum. Það er að minsta kosti að því er Svía snertir engin knýjandi nauðsyn til að heimila mikla síldarsölu í landi, enda geri jeg ráð fyrir, að þeir leiti ekki mjög eftir þeim ívilnunum.

Sem stendur hefir engin síldarverksmiðja á Norðurlandi leyfi til þess að kaupa síld af erlendum veiðiskipum, nema Ægir í Krossanesi. Hann hefir á einhvern undursamlegan hátt náð í leyfi hjá hæstv. fyrverandi stj. 25. maí 1927, sem heimilar verksmiðjunni um tveggja ára bil að kaupa síld af ótakmörkuðum fjölda erlendra skipa. Hinar verksmiðjurnar allar verða að sækja um leyfi til ríkisstjórnarinnar til þess að geta keypt af erlendum skipum.

Að þessu öllu athuguðu og því, sem á undan er gengið, ætla jeg, að óþarft sje að gera mikið úr þeirri grýlu, að útlendingar auki svo mikið veiði sína utan landhelgi, að íslensk síld verði óseljanleg.

Um fjárhagslega áhættu ríkissjóðs af einkasölunni, sem hv. þm. Dal. gerði svo mikið úr, get jeg verið fáorður. Sjálft frv. ber ekki með sjer, að þar geti verið um neina áhættu að ræða fyrir ríkissjóð. Þó að gert sje ráð fyrir, að taka þurfi fje að láni til bráðabirgðagreiðslu síldar, þá liggur í hlutarins eðli, að það verður tekið í bönkum á ábyrgð síldareiganda og kemur ríkissjóði ekkert við.

5. gr. frv. gerir ráð fyrir, að einkasalan eða framkvæmdarstjórnin geti liðsint viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti. En þetta er í sjálfu sjer engin hætta, af því að það er tekið fram í gr., að því aðeins verði þetta gert, að engin fjárhætta fylgi því fyrir einkasöluna. Ríkissjóði getur því engin áhætta af þessu stafað. Hinsvegar getur framkvæmdarstjórnin liðsint á ýmsan hátt án nokkurrar áhættu fyrir einkasöluna, t. d. með því að gefa yfirlýsingu til lánardrotna aðiljanna um áreiðanleik viðskiftamanna, þegar þess er óskað og skilríkir menn eiga í hlut. Slíkar yfirlýsingar eru með öllu áhættulausar einkasölunni, en geta þó orðið útgerðarmönnum að miklu liði.

Um atvinnuleysið og örbirgðina, sem háttv. 1. þm. Reykv. hjelt, að mundi leiða af því, að frv. þetta yrði að lögum, finst mjer ekki taka að tala.

Þetta verð jeg þá að láta mjer nægja sem svar til þeirra hv. þm. þriggja, er jeg nefndi í upphafi, og ætla þá að gera hinum, sem eftir eru, örlítil skil.

Hv. þm. Borgf. hafði ýmislegt við frv. að athuga, en yfirleitt hnigu ummæli hans í þá átt að fá ýmsar endurbætur á frv., og liggja sumar þeirra nú fyrir í nýjum brtt., en yfirleitt vildi hann styðja frv. Jeg hefi ekki ástæðu til að vera óánægður með það, sem hann lagði til málanna. Að vísu voru þar tvö olnbogaskot til mín, sem jeg lít

á eins og afsakanleg kunningjabýti. Hann mótmælti hv. þm. Dal. um það, að af einkasölunni stafaði fjárhætta fyrir ríkissjóð, og taldi það á misskilningi reist, sem líka er vafalaust rjett.

Eitt af því, sem hv. þm. Borgf. lagði allmikla áherslu á, var það, að fá breytt ákvæðum 6. gr., um heimild fyrir einkasöluna til þess að taka til afnota bryggjur og land einstakra manna, þegar þörf krefði. Mjer skilst, að þessi heimild sje alveg nauðsynleg. Hún byggist á 63. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar í þarfir almennings, þó með sjerstökum lögum og gegn fullu endurgjaldi, að taka eignir einstakra manna og hagnýta. Ef þetta leyfðist ekki, er hætt við, að það gæti valdið vandræðum fyrir einkasöluna. Jeg held líka, að hv. þm. Borgf. sje farinn að líta öðrum augum á þetta ákvæði en áður og telji það ekki viðsjárvert.

Fáum orðum verð jeg að víkja að hv. frsm. minni hl. Hv. minni hl. hefir ekki að þessu sinni gert neinar ákveðnar tillögur í málinu, enda er mótstaða hans gegn frv. nú ekki eins ákveðin og við 2. umr. Virðist hann jafnvel tilleiðanlegur til að ganga inn á einhverskonar málamiðlun. Samt heldur hann því enn fram, að rjettara sje að halda við lögin frá 1926, og skal jeg ekki þræta um það við hann frekar en búið er.

Þá var hv. 2. þm. Eyf. með nokkrar átölur til mín. Hafði hann tvent að athuga sjerstaklega. Þótti honum það óheppilegt, að eftir frv. er einkasölunni ætlað að hafa heimili sitt og varnarþing á Akureyri, en hann vill hafa það á Siglufirði. Jeg held, að öllum, sem um þetta mál fjalla, að örfáum undanteknum, komi saman um það, að rjett sje að binda heimilið við Akureyri. Það er ekki síst af því, að á Akureyri eru lánsstofnanir, en engin á Siglufirði. Í öðru lagi má á það benda, að leiðir til Akureyrar eru öllu greiðari en til Siglufjarðar. Loks er ritsímasamband við Akureyri, en eigi við Siglufjörð; en eins og allir vita, kemur það ósjaldan fyrir, að talsímasambönd bila, þó að ritsímasamband haldist, og er því símasamband við Akureyri öruggara. Annað það, sem hv. 2. þm. Eyf. fann að, var það, sem hv. þm. Borgf. átaldi, sem sje ákvæði 6. gr. um það, að einkasalan megi taka bryggjur og land til afnota — ekki til eignar. Hefi jeg svarað þessu áður.

Þá var það eitt, sem hv. 2. þm. Eyf. fann ástæðu til að átelja mig sjerstaklega fyrir, að jeg hefði talað um *norðlenska leppa*. Honum þótti þessi titill, eða „nafnbót", eins og hann nefndi það, ekki nógu vegleg. Má vera, að svo sje. En margir aðrir þdm. en jeg hafa leyft sjer að nota þetta orðatiltæki, og skal jeg nefna hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K. Ætla jeg, að þetta orð sje orðið fast í málinu og verði tæplega hrundið. Mun jeg ekki tjá mig frekar um þetta, en tel *nafnbótina* eftir atvikum viðeigandi og kannast ekki við, að hún hafi verið misnotuð af mjer.

Skal jeg svo víkja að brtt. Eru þær margar og virðist ekki gott að samræma þær. En yfirleitt má skifta þeim í tvo flokka, og lýtur annar flokkurinn að því að styðja stefnu minni hl., en hinn að því að styðja stefnu meiri hl. Skal jeg kannast við það, að ýmsar þessara tillagna get jeg

vel felt mig við. Aftur á móti eru aðrar, sem mundu gersamlega kollvarpa tilgangi frv., ef þær yrðu samþyktar.

Fyrst kem jeg að brtt. hv. þm. V.-Ísf., á þskj. 616. Hún lýtur að því að fella niður þau ákvæði frv., sem koma við síldarmati og sett eru samkv. reglum þeim, sem gert er ráð fyrir, að gildi í sambandi við einkasöluna. Brtt. fer fram á að láta síldarmatslögin frá 1919 haldast í gildi. Jeg skal geta þess, að það, sem stuðningsmenn þessa máls hafa meðal annars haft fyrir augum, er að losna við gildandi síldarmat og kostnað þann, sem af því leiðir. Jeg hygg, að fullyrða megi, að fyrirkomulagið frá 1919 hafi reynst fremur illa og erlendir kaupendur hafi ekkert tillit tekið til matsins. Sje svo, er það aðeins til kostnaðarauka. Sje jeg enga ástæðu til að hafa hina lögskipuðu matsmenn áfram, þegar hægt er að fá aðra menn til að leysa starf þeirra af hendi, sem hafa skilyrði til að gera það betur. Hugsun okkar, sem viljum afnema matið, er sú, að framkvæmdarstjórarnir þrír komi í stað yfirmatsmannanna, en umboðsmenn þeirra samkv. 4. gr. í stað undirsíldarmatsmanna. Að hafa tvennskonar skoðunarmenn, bæði samkv. lögunum 1919 og frv., mundi leiða til þess, að enginn gæti áttað sig á takmörkunum milli verksviða þessara starfsmanna, hvorra fyrir sig, og kæmust þá tveir tígulkongar í spilin. Kostnaður sá — og hann er talsverður —, sem ríkið hefir haft vegna laganna 1919, mundi niður falla, ef frv. yrði samþ. óbreytt og brtt. á þskj. 616 fjelli eða yrði tekin aftur. Vildi jeg mjög mælast til þess, að hv. flm. tæki hana aftur. Jeg treystist ekki til að mæla með henni.

Þá kem jeg að brtt. hv. minni hl. sjútvn., á þskj. 654. Í þeim liggur aðalstefnumunurinn. 2 þeirra get jeg aðhylst, 4. brtt., sem er aðeins orðabreyting til bóta, og 5. brtt., sem og gerir ákvæði frv. skýrari. En jeg treysti mjer ekki til að fallast á hinar, nema ef vera skyldi c-lið 7. brtt. Till. á þskj. 655, frá hv. 2. þm. Rang., er brtt. við till. á þskj. 654 og stíluð í sama anda. Get jeg auðvitað ekki aðhylst hana, því að hún gengur í móti stefnu meiri hl. sjútvn.

Hv. þm. Borgf. hefir borið fram brtt. á þskj. 657 og 673. Jeg tel þær allar til bóta og vil styðja þær, að frátekinni brtt. við 6. gr.

Þá er brtt. á þskj. 623, frá hv. 2. þm. Eyf. Jeg held, að hún geti ekki valdið skemdum á 1. gr. frv. Þar er aðeins gert ráð fyrir að færa nokkuð út heimildina til að leyfa útflutning utan einkasölunnar, þegar um er að ræða síld í dósum. Mæli jeg því með þessari brtt.

Alveg á þessari stundu hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 677, frá hv. 2. þm. Rang. Að svo komnu get jeg ekkert fullyrt um afstöðu mína til hennar, en fljótt á litið virðist mjer hún ekki geta samþýðst þeirri stefnu, sem fyrir meiri hl. vakir.

Jeg veit, að ýmsir fleiri þurfa að taka til máls, vil ekki tefja fyrir þeim og skal því láta útrætt í bili. Vonandi gefst mjer færi á að taka aftur til máls, er jeg hefi heyrt hv. þdm. mæla fyrir brtt. sínum.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):

Jeg mun nú gera grein fyrir afstöðu minni hl. sjútvn., en þó ekki nema að nokkru leyti, því að hv. þm. Vestm. tekur væntanlega einnig til máls af okkar hálfu, minnihlutamanna. Við höfum nú borið fram allverulegar brtt. á þskj. 654, og beinast þær aðallega að tvennu: Stjórnarfyrirkomulagi einkasölunnar og takmörkun á valdi framkvæmdarstjóranna.

Samkv. frv. eins og það er nú, skipa 5 menn framkvæmdanefnd einkasölunnar. Kýs Alþingi 3, útgerðarmenn 1 og verkalýðssamband Norðurlands 1. Við viljum breyta þessu svo, að atvinnumálaráðherra útnefni 3 nefndarmennina, en 2 sjeu kosnir af þeim, sem gera út skip til síldveiða. Jeg skal ekki þreyta hv. þdm. á því að gera nákvæma grein fyrir, hvers vegna við teljum þetta fyrirkomulag betra en hitt. Hefi jeg áður gert það. En í sem fæstum orðum skal jeg geta þess, að vegna ábyrgðarinnar viljum við láta ráðherra útnefna mennina. Hyggjum við, að ábyrgðartilfinningin verði besta tryggingin fyrir því, að hæfileikar ráði um val þessara manna meir en þótt hefir vera, þegar Alþingi hefir átt að skipa í ábyrgðarstöður. Þá ætlum við útgerðarmönnum að velja hina 2. Þykir okkur fyrst og fremst kenna allmikillar hlutdrægni í frv., þar sem meginhluti útgerðarmanna er sviftur íhlutunarrjetti um kosninguna, en hann fenginn í hendur einstöku fjelagi. — Þá þykir okkur mjög illa viðeigandi að fela verkamönnum stjórn fyrirtækisins til jafns við eigendur útgerðarinnar. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að eftir till. okkar hefir ráðherra mjög á sínu valdi, hversu nefndin verður skipuð. A. m. k. getur hann sjeð svo um, að þar sje gætt rjettar allra stjórnmálaflokka, ef hann bíður aðeins eftir því, að útgerðarmenn útnefni sína fulltrúa. Getur hann þá hagað vali sínu eftir útnefningu þeirra.

Samkv. frv. er ætlast til, að meiri hluti útflutningsnefndar útnefni framkvæmdarstjórana, en við leggjum til, að hún velji þá með hlutfallskosningu. Þetta skipulag á að tryggja það, að þeir aðiljar, sem hlut eiga að máli, geti allir haft nokkurn ráðarjett. Jeg vil benda hv. þdm. á það, að verði svo til stofnað í fyrstu, að einn eða fleiri stjórnmálaflokkar sjeu sviftir valdi og ábyrgð, þá er sá ljóður á því ráði, sem verstur getur orðið. Er þá freisting fyrir þann eða þá flokka, sem útundan verða, til þess að hirða lítt um hag fyrirtækisins. Viturlegra er hitt, að tryggja það, að allir megi á eina sveif leggjast. Enginn skilji svo orð mín, að jeg vilji drótta því að neinum pólitískum flokki, að hann muni reyna að spilla hag fyrirtækisins, verði hann sjálfur valdi sneyddur. En vel fer á því að gera það, sem hægt er, til að tryggja samstarf allra. Og þó að svo mætti fara, að hinir ráðandi flokkar í þinginu gætu nú einir öllu ráðið um skipun framkvæmdarstjórnarinnar, þá ættu þeir ekki að nota sjer það. Það væri óviturlegt og öllum til tjóns. Hitt mun þeim hollara, að gæta hófs um notkun valdsins í þessu efni. Því berum við fram þessa brtt.

Í frv. er framkvæmdarstjórunum gefið vald til að ákveða, hvenær skuli hætt að salta síld og krydda sumar hvert. Þetta vald viljum við taka af þeim. Í frv. eru, þrátt fyrir brottfall

þessa ákvæðis, gerðar mjög ítarlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að söltun síldar geti keyrt úr hófi. Skulu útgerðarmenn, hæfilega löngum tíma áður en veiði byrjar, tilkynna framkvæmdarstjórninni, hve mikið þeir ætli að salta og leiða rök að því, að sennilegt sje, að þeir geti það. Með þessu er komið í veg fyrir, að brögð sjeu í tafli um það síldarmagn, sem tiltekið er í umsókninni. Eftir að framkvæmdarstjórarnir hafa fengið þessi skilríki í hendur, er á þeirra valdi að skamta mönnum úr hnefa, hve mikið þeir megi salta, og jafna því niður í rjettu hlutfalli við það, sem beðið var um og sýnt fram á, að hægt væri að salta. Þessi hemill á söltuninni ætti að nægja.

Hjer er fyrirfram sett trygging fyrir því, að söltunin keyri ekki úr hófi. Hinsvegar vil jeg benda á það, að ef söltunin fer fram úr því magni, sem á hverjum tíma er óhætt og eðlilegt að salta, eru samkvæmt 3. lið 4. gr. settar reglur um það, að framkvæmdarstjórnin megi selja innanlands þá síld, sem óheppilegt er að senda út, og getur hún þannig haft tök á erlenda markaðinum, með því að beina því frá, sem umfram er neysluþörfina. Og jeg vil ennfremur benda á það, að ef það kemur í ljós, að saltsíldarmagnið á markaðinum er meira en við notum, er framkvæmdarstjórninni lögð í hendur æskileg aðstaða til að leita nýrra markaða. Ef það kemur fram, að síldarmagnið er meira en Svíþjóð getur tekið á móti, þætti öllum vel ráðið, að síldinni yrði beint á aðra staði, þótt verðið væri lægra en í Svíþjóð. Það er heppilegt, að þetta sje svona, því að með þessu er sköpuð hvatning til þess að leita nýrra markaða. Jeg verð að álíta, að það sje ekki nauðsynlegt að valdbjóða með lögum, hvenær eigi að hætta að salta. Og jeg vil benda á, að af þessu ákvæði getur stafað veruleg hætta fyrir einkasöluna. Eins og frv. er úr garði gert, eru ekki reistar neinar skorður við því, að framkvæmdarstjórarnir megi sjálfir salta síld. Og jafnvel þótt svo væri, er slíkt ekki trygt. Ef þeir hafa hagsmuna að gæta og hinsvegar hafa vald til að banna að salta, er þeim hin mesta freisting í hendur lögð í þessu efni, því að verð síldarinnar fer eftir því, hve mikið er saltað. Og ef það er viðurkent, að við Íslendingar sjeum sjálfstæður aðili í þessu máli — jeg játa, að sú síld, sem veidd er utan landhelgi, hefir veruleg áhrif, en engu að síður erum við stór aðili —, verður að hafa það hugfast, að með því að heimila framkvæmdarstjórunum að stöðva söltunina, þegar þeir vilja, og þeir á hinn bóginn mega salta, er þeim hin mesta freisting ger, því að þeir geta auðgast um hundruð þúsunda króna með því að stöðva söltunina, þegar þeirra síldarmagn er mikið, en annara lítið. Og jafnvel þó gert sje ráð fyrir, að framkvæmdarstjórarnir láti sjer ekki detta slíkt í hug, er það víst, að sá grunur legst á, að þeir geri það, og slíkur grunur er mjög óheppilegur fyrir fyrirtækið. Og fyrst hægt er að færa sterk rök fyrir því, að þessi ráðstöfun sje ekki nauðsynleg, og sömuleiðis að sýna fram á, að með þessu sje sterk freisting lögð í götu framkvæmdarstjóranna, finst mjer rjett að freista hins,

hvort ekki væri hægt að framkvæma einkasöluna án þess að lögfesta þetta ákvæði. Jeg vil ennfremur benda á það, að sje framkvæmdarstjórunum í sjálfsvald sett að stöðva söltunina, getur það lent misjafnt á hinum ýmsu framleiðendum. Aflabrögðin eru misjöfn; það skip, sem er óheppið fyrri hluta sumars, getur verið heppið síðari hlutann. Og verði söltunin stöðvuð á vissum degi, hafa sum skipin engan afla, en önnur mikinn. Jeg skal játa, að þótt jeg sje þessu mjög mótfallinn, ljet jeg tilleiðast að mæla ekki í gegn því 1926, að það yrði að lögum. En þar voru ekki þau ákvæði, sem hjer eru og setja þann hemil á söltunina, sem nægir. Ef mjer hefði hugkvæmst í fyrra að setja þessa heimild til þess að takmarka söltunina, hefði jeg hallast að því, en ekki að banna hana á ákveðnum degi.

Það voru ýms önnur atriði, sem við vildum, að breytt yrði, en samflm. minn, hv. þm. Vestm., gerir grein fyrir þeim. Þó vil jeg taka það fram, að í brtt. okkar við 7. gr., b-lið, hafa þrjú orð misritast og eiga að falla niður. Það eru orðin: miðað við stærð. Þau hafa slæðst inn af vangá, og jeg vildi helst skoða þau sem ritvillu.

Að lokum vil jeg segja það fyrir mína hönd, að jeg hefi yfirleitt lagst á móti þessu frv., af því að jeg vil láta fresta málinu til næsta árs. Og þótt jeg hafi nú við 3. umr. komið með nokkrar brtt. til bóta, er því fjarri, að jeg haldi, að ekki megi lappa enn meira upp á frv. Jeg vil svo lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkv. á móti frv., jafnvel þótt allar breytingartillögur minni hl. verði samþyktar.

Magnús Guðmundsson: Það voru aðeins örfá orð. Mjer var sagt, að hv. 1. þm. S.-M. hefði sagt það, á meðan jeg var úti, að verksmiðjan Ægir hefði í tvö ár fengið eitthvert undursamlegt leyfi til þess að kaupa síld af ótakmörkuðum fjölda skipa. Þessi undanþága er veitt samkvæmt lögunum frá 1922. Síðan þau gengu í gildi hefir verksmiðjan þrisvar fengið undanþágu. Fyrsta undanþágan var veitt árið 1923, og ekki af mjer, eins og gefur að skilja. Hún var á þann veg, að verksmiðjan mátti kaupa síld af ótakmörkuðum fjölda skipa. Þetta var fyrsta túlkun laganna. Árið 1925 veitti jeg svo verksmiðjunni undanþágu til þess að kaupa síld af ákveðnum fjölda skipa. Upp af þessu spratt mikil óánægja. Verksmiðjan hjelt því fram, að eftir samningunum við Norðmenn yrði að krefjast sama rjettar og áður en þeir voru gerðir. Það varð svo úr, að verksmiðjan fjekk samskonar leyfi og í fyrsta sinn, því að það þótti ekki í anda þessara samninga að herða meira að en gert var áður en samningarnir gengu í gildi.

Sigurður Eggerz: Mjer fanst hv. 1. þm. S.-M., hvað rökfimur, sem hann annars er, ekki takast að hrekja neitt af því, sem jeg hefi haldið fram í þessu máli.

Fyrsta atriðið, sem hann mintist á, var það, hvort stefna frjálsrar verslunar hefði verið brotin með þessu frv. Á því er enginn vafi. En við það er auðvitað ekkert að athuga fyrir þá, sem ekki standa á grundvelli frjálsrar verslunar. Jeg hefi hvað eftir annað spurt hæstv. stj. að því, hvort hún og flokkur hennar stæði á þessum grund-

velli, en aldrei fengið neitt svar. Hinsvegar minnist jeg þess, að fyrir 3 árum, þegar jeg var í Ed., spurði jeg einn af foringjum Framsóknarflokksins, núverandi hæstv. dómsmrh., um aðstöðu flokksins í þessum málum, og mjer skildist, að flokkurinn stæði á grundvelli frjálsrar verslunar, með nokkrum takmörkunum þó, t. d. einkasölu á tóbaki. Ef flokkurinn stendur ekki á þessum grundvelli, er engin von, að hann geri mikið úr því, þó að frá honum sje vikið, en standi flokkurinn hinsvegar á grundvelli frjálsrar verslunar, er eðlilegt, að við hinir spyrjum, þegar einokun er á ferðinni, af hverju eigi að víkja af þessum grundvelli. Jeg sýndi fram á það, að með einkasölu er ekki hægt að ná því marki, sem er aðalatriðið í þessu frv., að takmarka söltun, svo að markaðurinn yrði betri. Það liggur í því, að við ráðum ekki einir yfir síldinni. Síðasta ár voru veiddar utan línu 190 þús. tn. Ef nú söltunin utan línu eykst, þá getur hún orðið svo mikil, að sú síld, sem söltuð er þar, yrði ein ærið nóg til þess að fylla markaðinn. Ef við ætluðum að takmarka markaðinn við 250 þús. tn., gæti niðurstaðan orðið sú, að alt yrði veitt utan línu. Niðurstaða einkasölunnar verður sú, að þeir, sem veiða utan línu, fá nóga hvöt til að sækja veiðina fastara. Þar sem takmarka á söltunina innan línunnar, þá mundi það ýta undir söltun þeirra utan línunnar.

Þá er það mjög líklegt, að þeir, sem ráða yfir markaðinum í Svíþjóð, muni reyna, þegar alt er komið á eina hönd, að halda verðinu niðri, þangað til einokunin er búin að selja. En það verður hún að gera sem fyrst, ef leið hv. 1. þm. S.-M. er farin og einkasalan fær ekkert fje til umráða. Það má í þessu sambandi minna á kjötsöluna til Noregs, eins og jeg gerði hjer að framan, en þá benti jeg á, að kjötverðið hefði lækkað þangað til búið var að selja, en svo fór verðið að hækka.

Mjer skildist á hv. frsm., að hann legði ekki mikið upp úr gömlu mörkuðunum og vildi opna nýja. Það er auðvitað æskilegt að opna nýja markaði. En ætli veiti af gömlu mörkuðunum líka?

Háttv. frsm. neitaði því, að nokkur áhætta fyrir ríkissjóð væri falin í einkasölunni. En ef einkasalan fær ekkert fje til umráða, mundi það leiða til þess, að ýmsir framleiðendur yrðu að hætta við þessa atvinnugrein. Frá Siglufirði ganga t. d. 100 reknetabátar. Hvaðan eiga þeir að fá fje? Það verður ekki gengið framhjá því, ef ríkið á að taka fyrir kverkarnar á atvinnu landsmanna. Hv. 2. þm. G.-K. spurði í þessu sambandi, hvaða lánsmöguleikar væru nú fyrir hina smærri framleiðendur. Jeg get strax bent hv. þm. á, að aðstaða þessara manna var auðvitað önnur til þess að fá lán meðan þeir rjeðu yfir síldinni og gátu veðsett hana; en þegar einokunin er komin á, þá er búið að taka veðið af framleiðendunum.

Hv. frsm. vitnaði í það, hvað einkasalan hefði gefist hjer vel. Jeg skal ekki fara út í það, en mjer finst rjett að geta þess, að svo virðist, sem einkasalan á tóbaki, sem hjer var borin upp, muni ekki verða tekin upp aftur. Og jeg vil taka það fram, að jeg segi ekki þetta til ámælis hæstv. stjórn,

heldur til hróss, en allmikið bendir þó í þá áttina, að trúin á tóbakseinkasölunni sje farin að minka. Hv. frsm. sagðist ímynda sjer, að ef einkasalan kæmist á, mundu þeir, sem veiða fyrir utan línu, eiga erfiðara með að sækja veiðina en nú, vegna þess, að þeim yrði ekki leyft að veiða í verksmiðjur. En gerir einkasalan nokkra breytingu í þessu efni? (**SvÓ**: Jeg sagði, að stj. hefði þetta í hendi sinni). Það gilda sömu lög og áður um þetta efni, og hv. þm. hefir borið þetta fram af því að hann var algerlega rökþrota. En það sýnir, hvað málstaður einkasölunnar er vondur, þegar jafnrökfimur maður og hv. 1. þm. S.-M., sem hefir leitað að rökum fyrir einkasölunni í marga daga og nætur, getur ekki komið með nokkur frambærileg rök.

Í 5. gr. frv. stendur: „Framkvæmdarstjórninni er heimilt að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda“ o. s. frv. Jeg sje ekki betur en að einkasalan sje í þessu tilfelli lántakandi. Og ef lánið er ekki greitt, — stendur þá ekki ríkissjóður á bak við framkvæmdarstjórnina og verður að greiða lánið? Jeg skil ekki í því, að þeir menn, sem standa fyrir einkasölunni, hvað góðir sem þeir kynnu að verða, fari að taka á sig hallann. Í b-lið 6. gr. stendur: „Framkvæmdarstjórninni er heimilt að liðsinna viðskiftamönnum einkasölunnar um útvegun á tunnum og salti til verkunar á síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna“. Hvað sýnir nú þetta? Það sýnir, að þeir góðu menn, sem bera einkasöluna fyrir brjósti, sáu, að það var óhugsandi að koma svona stórverslun á laggirnar án þess að hafa fje. Enda stríðir það á móti öllum lögmálum í viðskiftum að reka fyrirtæki án fjár. En svo til þess að gefa eitthvað í aðra hönd er þetta sett, að liðsinna. Hvaða þýðingu á þetta liðsinni að hafa? Einkasalan á einungis að segja til þess, hverjir sjeu góðir og hverjir sjeu ekki góðir. Eins og það sje nokkur hjálp. Bankarnir geta sjálfir aflað sjer upplýsinga um það. Einkasalan hefir ekki vitund betri skilyrði til að gefa slíkar upplýsingar heldur en bankarnir hafa sjálfir.

Það er sorglegt, að þótt hægt sje að hrekja allar ástæður einkasölumanna, þótt einokunarmennirnir geti ekki komið fram með neitt nýtilegt máli sínu til stuðnings, þá er máli þessu trygður meiri hluti hjer á Alþingi. Mjer blandast ekki hugur um, að þegar einokunin er komin á laggirnar, þá sýnir það sig, að hinir smærri, fátækari atvinnurekendur neyðast til að hætta sinni atvinnu. En þegar fjeleysið fer að kreppa að þeim, þá er jeg ekki í vafa um, að þeir koma fram með harðar kröfur um, að þeim verði ekki kastað út á gaddinn. Og þeir hafa fullan rjett til að krefjast þess, þegar hið opinbera gerir ráðstafanir til að grípa fyrir kverkar þeim, að hið opinbera veiti þeim stuðning, til að þeir geti haldið áfram atvinnu sinni. Það mun hæstv. stjórn fljótt fá að finna, að stuðningsflokkur hennar líður ekki, að farið sje svona með þessa menn. Hann mun heimta, heimta, heimta, og er hann hefir heimtað þrisvar sinnum, þá opnast ríkissjóðurinn.

Hv. frsm. meiri hl. brosir. Það er

óþarfi. Þetta er stutt svo föstum rökum, að ekki er hægt að brosa þau niður. Allir þdm. vita, að ekki er hægt að reka verslun án þess að hafa fje; það er ekki hægt að framleiða án fjár. Það er ekki nóg að liðsinna framleiðendum með því að segja, að þessi sje góður, en þessi ekki góður. Það dugir ekki; það opnar ekki bankana.

Jeg hefi farið mildilega með frv. þetta. Jeg hefi ekki minst á margt, sem ástæða væri þó til að tala um. — Það mun sýna sig, að í kringum þessa einokun vex upp spilling, þótt vel verði af stað farið. Hv. 2. þm. G.-K. mintist á eina freistinguna. Ef framkvæmdarstjórar einkasölunnar eiga að ákveða, hvenær hætta skuli að salta, þá gæti farið svo, að þeir ljetu þar stjórnast af eigin hagsmunum. Þeir gætu fengið sjer leppa og gert út sjálfir. Þeir eru þá ekki heiðarlegir menn lengur, en í þessar stöður geta valist menn, sem eru upp og ofan, og það er ekki hægt að ganga framhjá þessu.

Jeg sá nýlega í blaði munnmælasögu um gamla skrattann. Þegar hann þurfti að koma sínu máli fram, koma sjer í mjúkinn hjá einhverjum, þá felur hann hornin og klaufirnar og kemur fram eins og prúðmenni og lokkar og tælir, eins og kunnugt er. Eins er það með einokunarskrattann. Nú sýnir hann á sjer bestu hliðina, hvíslar mjúklega til hægri og vinstri, en þegar hann er búinn að hvísla allri versluninni inn á eina hendi, þá mun koma að því, að hann sýni bæði hornin og klaufirnar. Og þá munu menn sjá, hvort ekki er skyldleiki milli gömlu einokunarinnar og nýju einokunarinnar.

Haraldur Guðmundsson: Jeg skal hvorki vera svo langorður nje svo hafleygur sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Dal. Jeg á hjer eina litla brtt. á þskj. 671, sem jeg þarf að gera grein fyrir. En úr því að jeg er nú staðinn upp, þá skal jeg víkja fáum orðum að ræðu hv. þm. Dal.

Jeg hlýddi á ræðu hans með gaumgæfni og undraðist stórlega. Jeg skal þó játa, að jeg undraðist ekki sjerstaklega það, sem hann sagði, heldur öllu fremur það, sem hann gleymdi að segja.

Í niðurlagi ræðu sinnar talaði hann um spillingu þá, sem óumflýjanlega hlyti að þróast og dafna í kringum einkasöluna. Hann líkti henni við fjandann sjálfan með horn og klaufir. Þessi hv. þm. hefði ekki átt að vera að spá einkasölunni hrakspám; þær sýna aðeins hug hans í hennar garð, því að „falin er í illspá hverri ósk um hrakför sýnu verri.“ Hann hefði heldur átt að athuga ofurlítið það fyrirmyndar ástand, sem ríkir í síldarversluninni nú. Jeg veit ekki, í hvaða atvinnuvegi hjerlendum á að leita að spillingu og rotnun, ef ekki í síldarversluninni nú. Hvergi er jafnmikið um allskonar pretti, gjaldþrot, sviksemi. Því hefir verið marglýst yfir hjer á Alþingi, að mikill hluti þeirra manna, sem þessa atvinnu rækju, sjeu leppar útlendinga. Hv. þm. væri nær að athuga það, sem er að gerast nú rjett við nefið á honum, en að ryðja úr sjer illspám um einkasöluna. Þótt margir gallar kunni að fylgja einkasölunni, þá þarf meira en meðal bölsýni til þess að láta sjer detta í hug, að nokkuð svipuð spilling og óheilindi eigi sjer stað í sambandi við hana

og nú vex og blómgast í skjóli hinnar frjálsu síldarverslunar.

Þá fór hv. þm. hjartnæmum orðum um það, að ef einkasalan kæmist á stofn, mundi hún verða sjerstök fríðindi fyrir efnamennina, en hinum fátækari yrði kastað út á gaddinn. Þetta er heldur ófögur lýsing, og er ekki að undra, þótt hv. þm. berjist móti einkasölunni, úr því hann lítur þannig á málið. En hvernig er farið með fátæklingana nú? Nú eru verkamennirnir aðallánardrotnar margra þeirra, sem gera út eða braska í síld. Þeir verða að lána verkalaun sín þeim, sem „spekulera" með síldina. Sumir fá kaupið aldrei, sumir ef til vill eftir eitt eða tvö ár. Ef mikið aflast, er veiðinni hætt á miðju sumri og verkafólkið rekið heim. Svona er farið með fátæklingana nú. Hv. þm. væri nær að líta á þetta heldur en að vera að fara með órökstuddar spásagnir um einkasöluna, og benda þá á aðrar leiðir til umbóta, sem líklegra er, að komi að haldi. Það hefir hann ekki borið við að gera. Það er að vísu ekki aðaltilgangurinn með einkasölunni að gera aðstöðuna jafna fyrir alla, þótt jeg efi ekki, að hún í framkvæmdinni bæti nokkuð úr þeim göllum líka. Nú er aðstaða manna mjög ójöfn til þess að reka þessa atvinnu eins og hverja aðra, aðallega eftir efnahag og lánstrausti.

Hv. þm. hyggur, að veiði utan landhelgi muni færast í vöxt, ef einkasalan verður tekin upp. Um þetta má deila. Jeg hygg samt, að á því verði engin breyting, þótt einkasalan komi. Fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sje að salta síldina utan landhelgi, er það, að tíðarfar sje sæmilegt. En jeg fæ ekki sjeð, að einkasalan geti gert nokkra breytingu á því. Það hefir verið saltað nokkuð utan landhelgi öðru hverju, mikið sum árin, en lítið önnur. Þegar fiskiveiðalöggjöfin var á ferðinni, var því haldið mjög á lofti, að Norðmenn mundu senda hingað flota stórra skipa, hafa flotstöðvar utan landhelgi og salta síldina þar; það væri fult eins auðvelt að verka síldina fyrir utan landhelgi, og engu dýrara. En reynslan hefir orðið önnur. Hún hefir sýnt, að það er stopult og áhættusamt að gera út hingað til lands flotstöðvar frá Noregi, þótt það geti hepnast við og við, þegar tíðarfar er stilt um síldveiðitímann. En á þessu verður engin breyting frá því, sem nú er, þótt einkasalan komi upp; fráleitt lægir hún vind og sjó.

Jeg tók eftir því, að hv. 1. þm. Skagf. var að gefa upplýsingar um, hvernig á því hefði staðið, að síldarverksmiðjunni „Ægi" í Krossanesi var veitt leyfi til að kaupa ótakmarkaða síld af erlendum skipum. Það hefði bygst á því, sagði hann, að búið var að veita henni leyfið, áður en kjötsamningarnir voru gerðir, og að það hefði verið álitið þrengja of mjög kosti hennar, ef við loforðið hefði ekki verið staðið. Jeg hefi hjer í höndum skrá yfir leyfi þau, er verksmiðjunni hafa verið veitt til að kaupa síld af erlendum skipum. Það sýnir sig, að 30. júní 1923 er henni veitt ótakmarkað leyfi til að kaupa bræðslusíld af erlendum skipum um næstu tvö ár. En þegar þau tvö ár voru liðin, árið 1925, er henni aðeins veitt leyfi til að kaupa bræðslusíld af 10 erlendum skipum, og leyfið bundið við það sumar eingöngu. Þá hefir stjórnin

haft nægjanlegan kjark til að takmarka leyfið, bæði tímann og skipafjöldann. 11. maí 1926 er verksmiðjunni leyft að kaupa síld til bræðslu af 10 erlendum skipum það sumar, eða jafnt og árið áður. En hinn 30. júní s. á. er svo Ægir farinn að færa sig upp á skaftið; þá er leyfið hækkað upp í 25 skip og tíminn lengdur í tvö ár. Og skömmu síðar, 14. ág. s. á., er Ægi enn veitt leyfi til að kaupa síld af ótakmörkuðum fjölda erlendra skipa út síldveiðitímann það ár. En ein syndin býður annari heim. Árið eftir, 1927, 25. maí, er verksmiðjunni enn veitt nýtt leyfi, þótt fyrri leyfistíminn væri eigi útrunninn. Þá er henni leyft að kaupa síld af erlendum skipum ótakmarkað um næstu tvö ár. Með öðrum orðum, þetta leyfi er rýmra en öll leyfin voru samtals árin 1925 og 1926. Úr því að það gat lánast 1926 að takmarka leyfin við ákveðinn tíma og skipafjölda, þá átti það ekki að vera síður hægt árið 1927. Jeg skal ekki bera brigður á það, að Krossaneshöfðingjarnir hafi sótt það fast að fá þessi leyfi, en fyrv. ráðh., hv. 1. þm. Skagf., bar auðvitað á annað fyrst að líta, þ. e. hag landsmanna. Hann var þá ráðh. Íslands, en eigi þjónn útlendra gróðamanna.

Út af skrafi hv. þm. Dal., þessarar höfuðkempu og riddara frjálsrar samkepni, vildi jeg aðeins minna á, að það er ein af höfuðtrúarsetningum samkepnismanna, að hin frjálsa samkepni verði til þess að lækka verð vörunnar, sem seld er. En hvernig fer þá, þegar hinni frjálsu samkepni er beitt við sölu eigin afurða? Hún lækkar auðvitað verðið. Það er sýnt og sannað árs árlega, að einmitt samkepni síldarkaupmanna lækkar verð síldarinnar.

Jeg skal taka það fram strax, að mjer dettur ekki í hug, þó að frv. verði samþykt, að ráðin verði til fulls bót á því ástandi, sem síldarverslunin er í nú, eða þeim málum komið í fullgott og varanlegt horf. Þótt við vöndum okkur eins og við getum við lagasmíð þessa, þá mun reynslan sýna, að það er ekki fátt í þessu frv., sem verður að breyta. Jeg fyrir mitt leyti álít, að annað fyrirkomulag en hjer er stungið upp á sje heppilegra. Öll síldarverslun ætti, að mínu áliti, að vera á einni hendi, undir einni yfirstjórn, hvort sem síldin er söltuð, krydduð eða sett í bræðslu. Verksmiðjurnar á að nota til að „regulera" söltunina. Síðan ætti að jafna verð allrar síldar af sömu gæðum yfir veiðitímann, án tillits til þess, hvort hún er söltuð eða sett í bræðslu, enda er það á valdi síldarstjórnarinnar. Væri þá jafnan auðgert að takmarka söltun, eftir því sem þurfa þætti, án þess að gera mönnum verðlausan eða verðlítinn aflann úr því. Í aflaárum myndi saltað eins og markaðurinn frekast þolir án þess síldin fari niður úr sannvirði, en þá ætti að mega vænta góðs arðs af verksmiðjunum. Þegar lítið aflast, væri lítils arðs að vænta af verksmiðjunum, en þá yrði verð saltsíldar jafnframt hærra og bætti það upp. Jeg treysti ekki síldarútgerðarmönnum til að mynda fjelagsskap um þetta hvorttveggja, svo að í lagi væri. Ríkisrekstur er af þeim ástæðum auk annara heppilegri og eðlilegri, en hitt tel jeg fyrirkomulagsatriði, hvort stofnunin kaupir síldina af útgerðarmönnum eða greiðir þeim söluverð hennar

að frádregnum kostnaði, tillögum til sjóða o. s. frv.

Mjer er það ljóst, að þessi lausn málsins fæst ekki á Alþingi nú, en ástandið, sem nú er, er alls óviðunandi. Með frv. er nokkur bót á því ráðin, og mun jeg því greiða því atkvæði, þótt jeg telji það langt frá því fullnægjandi.

Jeg mun ekki fara út í einstakar brtt. nú. Þær eru margar og flutningsmenn ekki búnir að tala fyrir þeim öllum.

En jeg verð þó að fara nokkrum orðum um brtt. mína á þskj. 671. Í frv., 4. gr. 1. lið, er sagt, að framkvæmdarstjórar skuli ákveða, „hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.“ Í 7. gr. er ákveðið, að ef ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, geti útflutningsnefnd takmarkað hana „og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings“. Og í lok greinarinnar segir svo: „Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin slíti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. gr., er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til.“

Nú eru síldveiðar, sem kunnugt er, stundaðar með tvennum hætti aðallega, með herpinótum og reknetum. Herpinótaskip fá oft afla sinn á stuttum tíma og geta oft verið búin að fá mestan hluta aflans, þegar reknetabátar eru aðeins rjett byrjaðir að veiða; aftur á móti stunda þeir veiðar lengur fram eftir haustinu og fá oft mikið af sínum afla eftir að herpinótaskipin eru hætt veiðum. Ef ákvæði 7. gr. um að stöðva síldarsöltunina væru látin ganga jafnt yfir herpinótaskip og reknetabáta, þá gætu herpinótaskipin verið búin að fylla tunnufjölda sinn á þeim tíma, er söltun væri slitið, en reknetabátarnir ættu mikið eftir. En það er ranglæti að banna bátunum að fylla tunnufjölda sinn fyrir það eitt, að herpinótaskipin fengu afla sinn svo snemma. Brtt. mín fer fram á, að söltun sje ekki stöðvuð jafnsnemma hjá reknetabátum og herpinótaskipum. Öll sanngirni mælir með þessu. Segjum, að tvö skip væru gerð út, reknetabátur og herpinótaskip; hvort um sig fengi leyfi til að fylla 1000 tunnur. Herpinótaskipið fengi mestan afla sinn snemma á vertíð; það gæti verið búið að fylla tunnufjölda sinn í byrjun ágústmánaðar. En einmitt þá byrjar besti veiðitími reknetabátanna, og nær því alls ekki nokkurri átt að ætla þeim ekki lengri tíma til að fylla sínar 1000 tunnur.

Skal jeg svo ekki lengja umr. frekar að sinni.

Jóhann Jósefsson: Hv. 2. þm. G.-K. hefir gert grein fyrir nokkrum af þeim brtt., sem minni hl. sjútvn. flytur á þskj. 654. En jeg skal nú gera lítilsháttar grein fyrir þeim till., sem hann nefndi ekki.

En áður vil jeg þó þakka hæstv. forsrh. fyrir svör þau, er hann gaf um daginn viðvíkjandi fyrirspurn minni um mótmæli gegn einkasölunni, sem stjórnarráðinu hefðu borist frá Svíaríki. Hann taldi þau ekki þess efnis, að ástæða væri til að taka tillit til þeirra. Mjer hefði fundist viðkunnan-

legra, að sjútvn. hefði verið gefinn kostur á að kynna sjer þessi skjöl. Þótt álit hæstv. stjórnar sje að sjálfsögðu mikilsvert, þá hefði það varla spilt, að nefndin hefði fengið að sjá þau, því mál þetta er svo þýðingarmikið, að rjett hefði verið að leggja fyrir nefndina allar þær upplýsingar, sem unt var að veita.

Hv. þm. Ísaf. sagði á einum stað í ræðu sinni, að er fiskveiðalöggjöfin var sett, hafi því mjög verið hampað, að Norðmenn mundu setja hjer upp flotstöðvar og reyna að stunda veiðina með þeim, þegar þeir hrektust úr landi. Hv. þm. sagði, að reynslan hefði orðið alt önnur. — Jeg er hjer ekki á sama máli. Mjer virðist reynslan hafa sýnt, að flotstöðvarnar hafi verið starfandi síðan hjer við land. Norðmenn hafa sent hingað heilan flota stærri og smærri skipa og reynt svo að gera sjer aðstöðu sína bærilega. Hafa þeir fiskað í stór skip og gert sig okkur óháða með öllu. Jeg get því ekki fullyrt, að hjer hafi ekki verið settar upp flotstöðvar, heldur þvert á móti. Um hitt kunna að vera skiftar skoðanir, hvort Norðmenn hafi hjer lakari aðstöðu en við; það fer mjög eftir veðráttu.

Hv. 2. þm. G.-K. hefir gert grein fyrir höfuðbrtt. minni hl. — 1., 2. og 3. brtt. eru þar veigamestar. Við erum á þeirri skoðun, að rjett sje, að ríkisstjórnin skipi meiri hluta útflutningsnefndar, bæði vegna þess, að þá er meiri trygging fyrir því, að hæfir menn veljist í stöðurnar, og ekki síður vegna þess, að við teljum rjett, að sú stjórn, sem er þess valdandi, að fyrirkomulag þetta er tekið upp, haldi áfram að bera bróðurpartinn af ábyrgðinni, með því að velja meiri hluta útflutningsnefndar. Jeg get ekki neitað því, að jeg hefi heyrt, að stjórnin vilji ekki, að þetta vald sje sett í hennar hendur. Þrátt fyrir það er hún þegar — og flokkur hennar — með fylgi sínu við málið búin að taka á sig ábyrgðina, því að sá þingmeirihluti, sem er við völd, hlýtur að bera ábyrgð á því, hvernig frv. lítur út, þegar það fer út úr þinginu. Við, sem erum í minni hl., getum gert ýmsar brtt., en það er á valdi meiri hl. hvernig um þær fer. Þess vegna fer vel á því, að stjórnin taki eins mikinn þátt í skipun útflutningsnefndar og farið er fram á með brtt. á þskj. 654. Sumir hafa komið fram með þau andmæli, að ekki mætti gera svo lítið úr þinginu, að ætla því að geta ekki kosið nefndina. Það er misskilningur, að lítið sje gert úr þinginu. Vel getur það kosið nefndina, en það er mjög hætt við, að sú kosning verði meira eða minna pólitísk. Stjórnin finnur meira til ábyrgðar, og þess vegna er meiri trygging fyrir því, að valdir sjeu hinir færustu menn, án tillits til pólitískra skoðana, ef stjórninni er alveg sett í sjálfsvald, hverja hún velur. Enda mun stjórnin ávalt hafa það fyrir augum, að öll ábyrgðin hvílir á henni. En þegar ábyrgðin skiftist niður á þrjá eða fleiri þingflokka, er öðru máli að gegna.

Hv. þm. mintist á kosningu framkvæmdarstjórnarinnar. Jeg býst við, að öllum finnist brtt. okkar minnihlutamanna um það atriði svo sanngjörn, að hún verði samþykt. Það er ef til vill þýðingarmesta atriðið í okk-

ar brtt., að taka hið mikla vald af framkvæmdarstjórninni til þess að stöðva síldarsöltun. Hv. 2. þm. G.-K. hefir skýrt þetta nokkuð, en það mætti lengi um það tala til þess að útskýra fyllilega, hvað það er afskaplega þýðingarmikið atriði, að framkvæmdarstjórnin hafi vald til þess að banna mönnum að halda áfram að salta, þó að hún hafi áður leyft sömu mönnum að salta ákveðinn tunnufjölda. Það er alment viðurkent, að sjálfsagt sje, að stjórn einkasölunnar hlutist til um, hvenær byrjað sje að salta. Og jeg held, að flestir kannist við, að af tvennu illu sje verra, að byrjað sje of fljótt en of seint. Jeg held því, að ekkert sje við því að segja, þó að það ákvæði haldist, að útflutningsnefnd ráði, hvenær byrjað er á söltun. Sama íhlutunarvald hefir líka þann rjett, sem 7. gr. fjallar um, að taka á móti tilkynningum þeirra, sem ætla sjer að salta síld, og hlutast til um það, hvað hver um sig megi verka af síld til útflutnings. Þetta höfum við minnihlutamenn verið að reyna að lagfæra þannig, að íhlutunarvaldið komi sem rjettast niður. Þarna er full heimild fyrir stjórnina til þess að ráða, hvað Pjetur eða Páll fær að salta, og þegar það er athugað, sýnist lítil ástæða til þess, að sama stjórn megi aftur síðar meir — og það jafnvel að fyrirvaralausu — stöðva söltunina og þar með veiðina. Jeg er hræddur um, að mörgum finnist íhlutunin ganga fulllangt, þó að látið sje sitja við tvö hin fyrri stig, að stjórnin ráði því, hvenær byrjað sje að salta og hve mikið sje saltað.

Ef ætti að leita að ástæðum fyrir því, að stöðva mætti söltun, þegar nýbyrjaður er veiðitími, eins og til stóð í fyrra í kringum 6. ágúst, þegar mikill fjöldi báta var ekki búinn að fá nema þriðjung veiðinnar, býst jeg við, að svarið verði almennast það, að hætta sje á, að markaðurinn yfirfyllist. En þetta er stundum álitið án þess ástæða sje til. Nú kann ýmsum að þykja ástæða til að ætla, að leyfi til söltunar yrðu veitt svo ríflega, að markaðurinn þyldi það ekki. En jeg geri ráð fyrir, að það verði talið hyggilegast að gefa veiðileyfin frílega, af því að jeg veit, að með síldveiðarnar eins og annan veiðiskap er það svo, að kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða. Þó að jeg og aðrir menn ætluðum að salta svo og svo mörg þúsund tunnur af síld, er ekki víst, að úr því geti orðið. Þess vegna er nauðsynlegt og rjett að leyfa að veiða freklega það, sem markaðurinn undir venjulegum kringumstæðum þolir. Þó að menn kvarti um hættu af of mikilli söltun, er betra að salta ríflega en of lítið, einkum ef tekið er tillit til þess, að Íslendingar eru að reyna að koma síld sinni á markaðinn í Rússlandi. En þessi stöðvunarhætta gerir það að verkum, að atvinnureksturinn verður ótryggur, og getur jafnvel farið svo, að menn þori ekki að fara norður. En þó að svo fari ekki, eiga menn þetta altaf á hættu, og það getur orðið til þess, að menn keppist við að salta framan af veiðitímanum meira en góðu hófi gegnir, og jafnvel svo, að vöruvöndun yrði ekki eins góð og skyldi. Með bannið yfirvofandi mundu allir keppast við að salta sem mest framan af veiðitímanum. Nú er það vitanlegt, að gæði síldarinnar eru miklum mun lakari fyrri hluta veiðitímans en síðari hlutann, svo að ekki er æskilegt að ýta

undir of mikla söltun mjög snemma. Það gæti líka orðið til þess, að menn notuðu ljelegri vöru til söltunar en annars mundi vera, ef þeir þyrftu engan kvíðboga að bera fyrir því, að þeim yrði bannað að salta. Jeg vil endurtaka það, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að möguleiki væri til þess, að harðdræg og eigingjörn framkvæmdarstjórn hjeldi á hlutunum, sem sjálf hefði hagsmuna að gæta af stöðvun söltunar og hegðaði sjer eftir því. Það væri að vísu hægt að setja í lög, að menn mættu ekki hafa á hendi síldarsöltun, en þeir menn, sem mest tala um hina svokölluðu leppa, ættu best að sjá, að það hefir ekki mikla þýðingu, þó að framkvæmdarstjórunum sje bannað þetta að nafninu til. Þeir gætu hæglega haft leppa.

Jeg skal taka það fram, að ákvæði frv. eru — eins og oft á sjer stað um þesshátt hluti — sannarlega nógu mörg í þá átt að draga úr mönnum móð og hefta framleiðsluna og gera hana óaðgengilegri, þó að því sje ekki bætt við, að stöðva menn mitt í atvinnurekstrinum, þegar þeir hafa fengið leyfi til að salta vissan tunnufjölda. Það verður nauðsynlegt í þessu sem öðru — ekki síst einkasölu — að fylgja þeirri reglu, að hið nýja skipulag grípi sem minst inn í einstaklingslífið og verði ekki tilfinnanlegur fjötur á einstaklingunum. Einkasalan þarf að laga sig eftir eðlilegum atvikum, eins og um frjálsa samkepni væri að ræða.

Við minnihlutamenn höfum gert brtt. við 4. gr. 3. Þar stendur svo: — „Skal miða greiðslur við meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum". — Þetta þótti okkur ekki nógu skýrt. Það gæti svo farið, að menn hjeldu, að hjer væri átt við meðalverð þeirrar sendingar, sem afskipað væri í hvert skifti. Við viljum því miða við hið árlega meðalverð.

Við höfum einnig gert brtt. við 5. gr. a. 5. gr. fjallar um heimild handa framkvæmdarstjórninni til þess að taka lán út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings. og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir vörumagni. En okkur virðist, að fleira eigi að koma til greina en vörumagn. Vörugæði verða líka að koma til greina. Við höfum því viljað setja í staðinn fyrir „vörumagni": magni og gæðum þeirrar síldar.

6. gr. frv. er hin margumtalaða heimild um, að til einkasölunnar megi taka til afnota bryggjur eða land, er einstakir menn ráða yfir. Þetta á að gerast af ríkisvaldinu, eftir tillögum einkasölunnar. Það hefir aldrei verið skýrt fyllilega hjer í hv. deild, hvaða nauðsyn beri til að hafa í lögum svo stranga heimild. Það er augljóst, að bryggjueigendur og menn, sem hafa trygt sjer afnot af bryggjum, verða að ganga út í atvinnureksturinn í þeirri von, að þeir geti notað bryggjurnar, en þessi heimild hangir yfir höfði þeim og þeir eiga á hættu, að bryggjurnar verði teknar, að því er virðist fyrirvaralaust. Minni hl. nefndarinnar vill því fella þessa heimild alveg niður.

Við viljum gera fjórar breytingar við 7. gr. Sú grein fjallar um vald framkvæmdarstjórnarinnar til að úthluta mönnum leyfi til að salta síld og „kontrollera", hvað hver framleið-

andi megi salta. Menn eiga ekki að geta sagt út í bláinn, að svona mikið ætli þeir að salta, án þess að þeir hafi fært nokkrar líkur til þess, að þeir geti framkvæmt þetta. Minni hl. vill því, að umsækjandi tilgreini nöfn og tölu þeirra báta, er hann hygst að nota til veiðanna. Við álítum sjálfsagt að reyna að tryggja svo sem hægt er, að ekki komi einhver og einhver braskari og fái leyfi og geti þannig bolað þeim burtu, sem verðugri væru. Þetta er því nokkurskonar varnagli við því, að menn safni að sjer leyfum út í bláinn, án þess að þeir hafi gert nokkrar ráðstafanir til þess að geta aflað síldarinnar. Afleiðingar af þessu eru hinir liðir brtt. Við gerum ráð fyrir, að nefndin megi takmarka leyfi þau, er hún veitir, við skipafjölda, ef hún sjer fram á, að framleiðslan muni verða of mikil. Hinsvegar ætlumst við til, að reknetabátar megi salta meira hlutfallslega en herpinótaskip. Ástæðan til þess er sú sama og fram kom í brtt. hv. þm. Ísaf. C-liður brtt. er þess efnis, að framkvæmdarstjórn einkasölunnar megi, ef henni finst við þurfa, takmarka fyrirfram söltun hvers einstaklings, og skuli hún þá hafa til hliðsjónar aðstöðu framleiðandans til framleiðslunnar, svo sem skipakost og bryggju, framleiðslumagn hans undanfarin ár, vöruvöndun og skilsemi. Það hefir mikla þýðingu í þessum atvinnurekstri, eins og öllum öðrum atvinnurekstri, að menn temji sjer vöruvöndun og skilsemi. Minni hl. hefir því viljað láta taka tillit til þess, ásamt því, hvernig umsækjandi hefir að öðru leyti rekið atvinnureksturinn á undanförnum tíma.

Síðasti liður brtt. er um það, að síðasta málsgrein 7. gr. falli burt. Það er bein afleiðing af því, að framkvæmdarstjórnin geti ekki stöðvað söltun.

Við 8. gr. viljum við gera þá breytingu, að hinir fyrirhuguðu sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, skuli fá ½% af andvirði seldrar síldar, í stað þess að í frv. stendur ¼%. Okkur virtist, að meðal annara galla á frv. — sem aldrei verða upp rættir með öllu — væri sá sjerlega áberandi, einkum þegar borið er saman við heimildarlögin frá 1926, hve lítil áhersla er lögð á það, að leita nýrra markaða. Það er ekki hægt að sjá á frv., að neitt eigi að ganga til þess, nema markaðsleitarsjóður, sem fær ¼% af andvirði seldrar síldar. Þetta þótti okkur minnihlutamönnum alt of lítið, því að það er mjög mikilsvert atriði í sambandi við síldveiðar, að ekki verði látið undir höfuð leggjast að gera það, sem hægt er, til að afla nýrra markaða.

Lokabrtt. minni hl. er sú, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1929; með öðrum orðum, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en næsta ár. Sú breyting er í samræmi við það, sem áður hefir verið haldið fram og mikill meiri hluti síldarútvegsmanna um alt land hefir látið opinberlega í ljós. Sú skoðun grípur um sig, að það sje of mikil áhætta að demba einkasölunni á í sumar, áður en hugmyndin um síldarbræðslustöð kemst í framkvæmd. Því höfum við lagt til, að lögin öðlist ekki gildi fyr en næsta ár. Það er til þess að taka allan ugg frá útvegsmönnum í þessu efni, sem er svo rótgróinn, að bátar, sem stunduðu reknetaveiðar síð-

astliðið sumar, munu ekki treystast norður til síldveiða að öðrum kosti í sumar komandi.

Jeg ætla ekki að fara út í brtt. einstakra manna fyr en síðar, ef tækifæri gefst.

Magnús Guðmundsson: Jeg held, að hv. þm. Ísaf. hafi ekki heyrt skýringar mínar á þeirri heimild, er verksmiðjan Ægir fjekk. Eins og tekið hefir verið fram, þá hafði verksmiðjan áður ótakmarkaða heimild. Það olli því mikilli óánægju hjá verksmiðjunni, þegar heimild þessi var takmörkuð af mjer. Var vísað til norsku samninganna, þar sem talað er um vinsamlega skýringu þeim til handa á fiskiveiðalöggjöfinni. Því var haldið fram, að það væri óvinsamleg skýring á henni, þegar leyfið var þrengt frá því, sem áður hafði verið. Eftir þessu hefir hv. þm. Ísaf. ekki tekið. En ef hv. þm. hefði kynt sjer þau plögg um þetta, sem til eru í stjórnarráðinu, þá hefði hann sjeð, hve mikið stapp varð um þetta mál og að ekki var látið undan fyr en utanríkismálaráðuneytið norska hafði beitt sjer fyrir þessu máli. Vildi þá fyrverandi stjórn ekki taka á sig þá ábyrgð, er leitt hefði af því, ef samningsrof hefðu verið talin af okkar hálfu gagnvart Norðmönnum.

Bernharð Stefánsson: Eins og hv. þdm. muna, þá flutti jeg brtt. við 2. umr. þessa máls, er fór í þá átt að heimila innlendum verksmiðjum sölu til útlanda á síld, er lögð hefði verir í olíu eða krydd í dósum. Þessi till. var samþykt. — Jeg færði þá rök að því, að þær almennu ástæður, sem mæltu með einkasölu á saltaðri síld, ættu ekki við þetta. Jeg verð að álíta, að hv. þm. hafi fallist á þau rök, er jeg færði fyrir þessu, þar sem þeir samþyktu brtt. mína. Jeg get því verið ánægður með þau úrslit, þar sem jeg tel, að sú breyting hafi verið til bóta. En jeg tel þó, að fullskamt hafi verið gengið með þeirri till., og hefi því leyft mjer að bera fram aðra brtt., sem er á þskj. 623 og gerir þessa undanþágu nokkuð víðtækari, þannig, að undanþágan taki yfir beinlausa síld, þótt út sje flutt í stærri ílátum en dósum. Mjer er kunnugt um það, að það er ein verksmiðja, sem verkar síldina svo og hefir flutt hana út í töluvert stórum ílátum. En þessi vara hefði ekki komist undir ákvæði þeirrar till., sem samþ. var við 2. umr. — Það er alveg hið sama, sem mælir með þessari till. og hinni, og sje jeg því ekki þörf á að endurtaka það nú, og það því síður, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. telur sig geta fallist á þessa brtt. Og eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, þá álít jeg, að þegar engin þörf er á, þá eigi ekki að hindra framtakssemi manna um að reyna nýjar leiðir, með því að leggja bönd á þá.

Við 2. umr. þessa máls tók jeg aftur eina brtt., er jeg átti þá, til 3. umr. Var hún þess efnis, að framkvæmdarstjórarnir megi ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun. Jeg færði þá rök fyrir því, hvers vegna jeg flutti þessa till., en þótti þó rjett að taka hana til nánari athugunar, og tók hana þess vegna aftur þá. En niðurstaðan af þeirri athugun hefir orðið sú, að rjett sje, að þessi till. komi undir atkv. þdm. En þar sem jeg tók fram ástæðurnar fyrir henni um daginn, skal jeg ekki

lengja umr. með því að endurtaka þær nú.

Hv. frsm. meiri hl. vjek nokkuð að því, er jeg sagði við 2. umr. — Það var þá fyrst út af þeirri till. minni, að síldareinkasalan ætti heimili og varnarþing á Siglufirði. Það er að vísu ekki þörf að ræða þetta nú, þar sem búið er að fella þessa till. mína, og getur hún því ekki komið til atkv. aftur. En undarlega vjek því við, þar sem hv. frsm. sagði, að öllum nema mjer hefði þótt rjettara að hafa stjórn einkasölunnar á Akureyri. Þetta getur tæplega verið rjett, því 8 þm. greiddu þó atkv. með till. Þá nefndi hv. frsm. það sem ástæðu fyrir því, að heimili einkasölunnar væri betur sett á Akureyri, að þar væri aðgangur að lánsstofnunum, en ekki á Siglufirði. Það er rjett, eins og nú er. En ef einkasalan kemst á fót á annað borð, þá hlýtur aðalstarfsemin að fara fram á Siglufirði. Verður þá óhjákvæmilegt að eiga aðgang að starfsfje þar. Úr því verður að bæta með því að setja þar upp lánsstofnanir. Enda býst jeg ekki við, að hjá því verði komist, að Landsbankinn setji þar upp útibú til að greiða fyrir viðskiftunum. Mun það reynast óhjákvæmilegt vegna síldareinkasölunnar, og eins þótt heimilið sje á Akureyri. Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að leiðir væru greiðari til Akureyrar en Siglufjarðar. Hjer er nú ekki um annað en sjóleiðir að ræða, og sje jeg ekki, að þær sjeu að neinum mun erfiðari til Siglufjarðar en Akureyrar. Skipin, sem flytja fólkið hjeðan norður, koma öll við á Siglufirði. Jeg sje því ekki, að samgöngurnar þangað sjeu neinum erfiðleikum bundnar. Þá var hið þriðja, er hv. frsm. nefndi, að símasamband væri erfiðara á Siglufirði en Akureyri. Um þetta er alveg það sama að segja og um bankaviðskiftin. Úr hvorutveggja þarf að bæta, ef einkasalan á að geta þrifist, og eins þótt heimilið sje ekki þar.

Þá fór sami hv. þm. að afsaka það, að að því leyti, sem hann hefði talað um leppa, þá hefði það verið af því, að aðrir þm. hefðu notað það orð og þótt það eiga við. Þetta er nú misskilningur hv. þm. hvað mína ræðu snertir. Jeg hefi að vísu ekkert á móti því, að þeir menn sjeu kallaðir leppar, sem eiga það nafn skilið. En það, sem jeg sjerstaklega mótmælti, var, að hann talaði með almennum orðum um leppana að norðan. Jeg skal skilgreina nánar, hvað jeg á við. Jeg get t. d. alls ekki gengið inn á það, að allir sjeu leppar, sem eru á móti einkasölunni, þótt þeir hafi þessa skoðun á málinu. Jeg held, að hv. 1. þm. Reykv. hafi líka misskilið mig á þessu sviði. Hann sagði, að jeg hefði neitað, að leppar væru til, og átti það í hans augum að vera nokkurskonar rothögg á einkasöluna. En mjer datt ekki í hug að neita því, að leppar væru til, þótt jeg hinsvegar neiti því, að allir útgerðarmenn á Siglufirði sjeu leppar, eins og sumir virðast álíta.

Hv. þm. Vestm. beindi nokkrum orðum til mín, en þar sem sá hv. þm. er nú ekki viðstaddur, mun jeg að mestu leyti sleppa að svara honum. Hv. þm. talaði um, að mjer hefði láðst að geta um skeyti, er jeg hefði fengið. — Jeg veit nú satt að segja ekki, hvað hv. þm. varðar um þau skeyti, er jeg fæ. Jeg ætla aðeins út af þessu að lýsa því yfir, að jeg hefi engin

skeyti fengið, sem jeg tel skyldu mína að skýra frá hjer. Jeg hefi auðvitað fengið mörg skeyti, en jeg lít á þau sem einkaskeyti, sem mjer sje alls ekki skylt að skýra hv. þm. Vestm. eða öðrum frá.

Jeg hefi enn ekki talað um málið alment, en aðeins út frá mínum till. Jeg ætla þó ekki heldur nú að tala um frjálsa verslun yfirleitt eða annað slíkt. En jeg vil taka það fram, að jeg lít ekki svo á, að hjer sje verið að taka upp einkasölu, sem ekki hafi verið áður. Nú eru í gildi lög frá 1926 um að veita fjelagi einstakra manna rjett til að hafa á hendi einkasölu á síld, og þá er aðeins um það að ræða, hvort við eigum að láta þetta haldast eða að taka upp hitt skipulagið, sem hjer liggur fyrir, að ríkið hafi á hendi söluna. Jeg var á móti lögunum frá 1926, og þó að jeg greiði nú atkv. með þessu frv., þá er alls ekki þar með sagt, að jeg mundi hafa gert það, ef hin lögin hefðu ekki verið komin á undan, svo að einkasala er í lögum hvort sem er. Tel jeg þetta frv. aðgengilegra en lögin frá 1926.

Pjetur Ottesen: Við 2. umr. talaði jeg nokkuð alment um þessi síldarmál, sem nú liggja fyrir þinginu. Jeg gerði þá grein fyrir því, að þótt jeg væri fylgjandi frjálsri verslun yfirleitt, þá mundi jeg geta fallist á að gera tilraun í þá átt, sem hjer er farið fram á. Þó því aðeins, að gerðar væru á frv. þær breytingar, sem jeg taldi óhjákvæmilegar. Jeg skal þá minnast á brtt. þær, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram, og um leið brtt. frá hv. minni hl. sjútvn.

Fyrsta brtt. mín er við 2. gr., og skal jeg um leið og jeg tala um þessa till. geta um brtt. minni hl. sjútvn. við sömu grein. Þessar till. lúta báðar að því að breyta kjörinu í stjórn þessa fyrirtækis.

Í stað þess, að eftir frv. eins og það nú er er ætlast til þess, að þingið kjósi 3 menn í útflutningsnefndina, leggur minni hl. til, að atvmrh. skipi þá, og í stað þess, að hinir tveir sjeu kosnir af Verkalýðssambandi Norðurlands og útgerðarmönnum nyrðra, sjeu þeir valdir af útvegsmönnum um land alt. Með þessu fyrirkomulagi er þó alls ekki útilokað, að kosning eða skipun útflutningsnefndarinnar verði pólitísk. En hinsvegar má halda því fram, að ef stjórnin útnefndi mennina, þá bæri hún líka ábyrgðina og væri ein um þá hitu.

Eftir því, sem jeg hefi komist næst, tel jeg öldungis vonlaust um, að hægt sje að koma fram slíkri breytingu á skipun nefndarinnar sem hjer er um að ræða. Jeg er þess fullviss, að hinn ráðandi þingmeirihluti gengur ekki inn á hana. Þess vegna hefi jeg talið öldungis vonlaust um að bera fram brtt., sem gengju í þá átt að útiloka það, að valið á mönnum í stjórnina yrði pólitískt. Þess vegna hefi jeg ekki gengið lengra í mínum tillögum um þetta en að koma fram breytingu á þátttöku síldarútvegsmanna í vali á einum manni í stjórnina. Jeg sje nú ekki betur en að þetta sje sjálfsagður hlutur, svo framarlega sem þingið vill veita útvegsmönnum íhlutun um þetta, að tekið sje jafnt tillit til þeirra allra. Jeg hefi því borið fram brtt. í þá átt, að þetta sje ekki bundið við Norðurland eingöngu, heldur sje maðurinn kosinn af útvegsmönnum af öllu landi.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. við 4. gr., um að aftan við 2. málslið bætist: alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr., um síldarmat.

Jeg mintist á það við 2. umr., að mjer þótti ekki koma nógu skýrt fram sambandið milli þessara ákvæða og ákvæða 14. gr. um reglugerð um þetta. Skal jeg gera nánari grein fyrir þessu síðar.

Þá er 3. brtt., við 4. gr. 4. lið, um að heimila framkvæmdarstjórum einkasölunnar að gera ráðstafanir um nýjar aðferðir í verkun og opnun nýrra markaða. Það kemur ekki nógu skýrt fram í frv., hvort stjórn einkasölunnar hefir ótakmarkaða heimild í þessu efni eða væri bundin við ákvæðin um það að mega ekki verja nema ¼% af andvirði síldarinnar. Þar sem mjer hefir skilist, að nefndin ætti að vera bundin við 8. gr. um þetta, og vil jeg því bæta við: sbr. 8. gr.

Þá er næst 4. brtt. mín, við 6. gr. — Það hefir verið drepið á það bæði af hv. 2. þm. Eyf. við 2. umr. og mjer, að hætt gæti verið við, að ákvæðum þessarar greinar yrði beitt nokkuð harkalega, þar sem heimilað er að taka á leigu bryggjur án þess að samkomulag fáist við aðilja. Jeg hefi áður bent á, að þetta getur komið sjer illa, einkum þegar svo stendur á, að menn hafa þegar gert ráðstafanir í sambandi við væntanlegan atvinnurekstur. Hinsvegar skilst mjer, að ekki sje full ástæða til að gera ráð fyrir þessu, að einkasalan þurfi að taka á leigu bryggjur til að verka síldina. Slíkt liggur utan við hennar verksvið. Jeg álít því nóg, að einkasölunni sje heimilað að gera samninga um þetta til eins árs í senn.

Þá er 5. brtt., við 8. gr. Hún gengur í þá átt að hækka um helming tillagið til markaðsleita. Eftir frv. má ekki verja nema ½%, sem skiftist jafnt milli varasjóðs og markaðsleitarsjóðs. Mjer þykir þetta of lítið, og hefi jeg því borið fram þessa brtt. um, að til varasjóðs renni ¼%, en til markaðsleitarsjóðs ¾%. Eftir áætlun skilst mjer, að þetta 1% getið numið um 60 þús. kr., og verður þá eftir minni till. hlutur varasjóðs 15 þús., en markaðsleitarsjóðs 45 þús. krónur, og fyrir það fje finst mjer, að mætti vinna allmikið að útvegun nýrra markaða. Mjer finst líka, að ekki megi ganga framhjá að leggja áherslu á þetta, með því að það hefir verið talinn einn höfuðkostur þessa fyrirkomulags, að með því ættu að fást betri tök á þessu.

Þá er 6. brtt. mín, við 11. gr., um að fyrir orðin „eftir 8. gr." komi: sbr. 4. gr. 3. — 8. gr. á aðeins við það fje, sem lagt er í sjóð, en þar eru engin ákvæði um að greiða kostnað við starfrækslu einkasölunnar. Hinsvegar er í 4. grein talað um þetta, og tel jeg sjálfsagt að setja 11. gr. í samband við þau ákvæði.

Það virðast nú allar líkur til, að þetta frv. verði samþ. og komi til framkvæmda, og finst mjer þá rjett að reyna um leið að koma fram endurbótum á síldarmatinu. Jeg mintist á það áðan í sambandi við 2. brtt. mína á þskj. 657, að mjer finst það ekki koma nógu skýrt fram í frv., að sjeð sje fyrir tryggu mati. Þess vegna hefi jeg nú flutt brtt. um, að atvinnumálaráðuneytið setji reglugerð um matið,

eftir till. framkvæmdarstjórnar, og sje hún samþ. af útflutningsnefnd.

Jeg hefi nú aflað mjer nokkurra upplýsinga um það, hvaða þýðingu það mundi hafa, að matinu væri breytt, og vildi jeg um leið og jeg skýri frá þeim gjarnan gefa deildinni svolitla hugmynd um, hvernig þetta gengur fyrir sig nú í raun og veru.

Þegar skip kemur að landi, fara matsmenn um borð og taka á nokkrum efstu síldunum og ákveða, hvort farmurinn sje söltunarfær eða ekki. Síðan er síldinni ekið upp á söltunarstaðinn og þar er hún „kverkuð" og söltuð. Það fer svo eftir atvikum, hve hve lengi hún er geymd, þangað til hún er flutt út, og vill þá oft verða nokkur misbrestur á, að henni sje vel við haldið. Þegar svo síldin kemur á markaðsstaðinn, verður að vonum nokkuð misbrestasamt um útlit hennar. Það má eftir þessu gera ráð fyrir, að það geti valdið miklu um sölu síldarinnar á erlendum markaði, að þessa sje vel gætt, að matið sje í góðu lagi.

En aðal-aðfinslan í markaðslöndunum er þó miklu frekar önnur en þessi. Einkum þær, að síldin sje of mögur fyrir markaðinn og að stór og smá síld sje í sömu tunnum, auk þess að hún sje misjöfn að gæðum að öðru leyti. Svíar vilja helst feita og stóra síld; sjerstaklega kvarta þeir undan því, að síldin sje misjafnlega stór í tunnunum. Það eru þó til hjeruð í Svíþjóð, sem ekki leggja mikla áherslu á að fá stóra síld, ef þeir fá smáa, og er það meðfram vegna verðsins. En yfirleitt eru þær kröfur gerðar, að síldin sje stór og feit. Nú er að athuga í sambandi við þetta, hvort ekki sje sjálfsagt að bæta úr þessum ágöllum á síldarmatinu í samræmi við kröfur kaupenda, eins og gert er við kjöt og saltfisk. En það verður ekki gert nema með því að flokka síldina til söltunar, því að þegar síldin er seld til stórkaupmanna, þá hafa þeir enga hugmynd um, hvernig hún er, fyr en farið er að selja hana aftur, og skýrast kemur það í ljós, þegar til smásalanna kemur og hún er seld í stykkjatali. En jafnvel smásalarnir renna blint í sjóinn um það, hvernig vöru er um að ræða. Með því að gefa yfirlit yfir það, hve smásalaálagning er gífurleg í Svíþjóð, er best hægt að sjá, hvaða augum er litið á flokkun og gæði síldarinnar. Mjer er sagt, að vanaleg smásalaálagning í Svíþjóð sje 40—60%, og er það gífurlega mikil álagning á matvöru. Þetta á rót sína að rekja til þess, hve litla tryggingu smákaupmenn hafa fyrir gæðum síldarinnar, er þeir kaupa hana, og hve áhætta þeirra er þar af leiðandi mikil. Í þeirri síld, sem stórkaupmenn selja þeim sem góða og gilda vöru, fá þeir einnig úrgangssíld, og hana verða þeir auðvitað að selja miklu lægra verði, og þess vegna verða þeir að leggja á síldina í samræmi við það, hve litla tryggingu þeir hafa fyrir gæðum. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá nemur þetta um 20—30% af verði síldarinnar, og þegar miðað er við útflutningsverð síldar, sem er 4—6 miljón krónur, þá má sjá, að hjer er ekki um neina smámuni að ræða. Þetta fyrirkomulag á matinu, sem nú er, virðist því ekki vera nein trygging fyrir gæðum. Það mætti líkja núverandi ástandi síldarmatsins við

það, að saltfiskurinn væri seldur til Spánar eins og hann kemur fyrir úr skipinu, án þess að flokka hann nokkuð, og er hætt við, að verðið mundi þá falla mikið, vegna þess að engin trygging væri þá fyrir gæðum. Skotar hafa allra þjóða lengst fengist við síldarverslun, og þeir hafa náð svo mikilli festu í síldarmat sitt, að þeir hafa ákveðið merki fyrir hvern flokk, og geta kaupendur altaf verið vissir um, að þeir fái þá vöru, sem merkið sýnir. Þetta er það mark, sem menn verða að keppa að, því að það, að örugglega sje gengið frá síldarmatinu, á ekki lítinn þátt í því að tryggja verð síldarinnar. Enda eru ekki líkt því eins miklar sveiflur á verði skosku síldarinnar og á sjer stað um þá íslensku. Það er ekki hægt að sjá, að hjer sje gert nokkuð til þess að kynna síldarmatsmönnum kröfur neytenda, eins og gert hefir verið með fiskimatsmenn, þótt í litlum mæli sje. Þeir hafa þó átt kost á að fara til markaðslandanna, en engu slíku er til að dreifa um síldarmatsmenn.

Það má segja, að það verði erfitt í framkvæmdinni að koma slíkri flokkun á. En þegar að því er gætt, að hjer er verið að koma orði á gæði þessarar vöru, þá er það miklu meira virði en að veiða mikið, því að hin mikla veiði hefir oft orðið okkur hrein hermdargjöf, þar sem tjónið hefir oft orðið því meira, því meira sem veiðst hefir. Þetta er herfilegt ástand, og hygg jeg, að best verði komið í veg fyrir það framvegis með því að tryggja það, að markaðurinn verði ekki offyltur og með því að koma betra mati á en nú er. Og ef búast má við nokkrum árangri af þeim tilraunum, sem hjer á að gera, þá held jeg, að hann náist helst á þennan hátt.

Jeg held, að úr því að þingið ætlar ekki að afgreiða það frv. um síldarmat, sem lagt var hjer fram í þingbyrjun, þá sje rjett að samþykkja þetta frv. Og það verður að leggja megináherslu á að flokka síldina eftir stærð og gæðum, en þau fara fyrst og fremst eftir fitu síldarinnar.

Nú er borin fram brtt. frá minni hl. sjútvn., sem fer í þá átt að kippa úr frv. ákvæðinu um, að heimilt sje að stöðva söltun, þegar sýnt er, að markaðurinn taki ekki við meiri síld, svo að ekki hljótist verðfall af. Það eru vitanlega fleiri ákvæði í frv., sem miða að því að takmarka söltun. Fyrst og fremst það, að ekki má *byrja að salta* fyr en á ákveðnum tíma, og í öðru lagi, að framkvæmdarstjórn má ákveða, *hve mikið má salta*. Það hefir raunar verið talað um það líka að leggja til grundvallar, hve mikið megi salta af hverju skipi. En mjer skilst, að það sje alls ekki full trygging fyrir því, að markaðinum sje ekki ofboðið, því að þótt menn viti nokkuð um það, hve markaðurinn í Svíþjóð þolir mikið án þess að verðfall hljótist af, þá er annað atriði, sem kemur til greina, og það er samkepni Norðmanna á þessum markaði. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með því, hvernig Norðmönnum gengur að fiska fyrir utan landhelgina, og verðum við að haga okkar síldveiðum nokkuð eftir því. Ef þeim gengur vel, þá verðum við að draga úr okkar söltun, en ef þeim gengur illa, þá getum við saltað því meira. Því verður að vera hægt að draga úr söltuninni, en það verður ekki hægt á

annan hátt en þann, að framkvæmdarstjórnin skerist í leikinn, en hinsvegar getur stundum verið fullkomlega heppilegt að auka söltunina nokkuð. Og þegar tillit er tekið til þess, að ofsöltun hefir oft verið höfuðástæðan til þess mikla tjóns, sem við höfum beðið, þá virðist mikið dregið úr tilgangi þessa frv., ef stöðvunarheimildin er feld úr því. Það var viðurkent 1926, að nauðsynlegt væri að takmarka síldarsöltunina, og jeg býst við, að það frv. hefði ekki náð fram að ganga, ef slíkt ákvæði hefði ekki verið í því; en síðan er aðstaðan alveg óbreytt. En þó að ef til vill hafi ekki verið nógu tryggilega frá þessu ákvæði gengið í því frv., þá er það vitanlegt, að það frv. náði alls ekki yfir öll þau vandkvæði, sem eru á þessu máli.

Minni hl. sjútvn. hefir annars fært fram ýmisleg rök fyrir því að kippa þessu stöðvunarákvæði burt úr frv. Meðal annars var því haldið fram, að ákvæðið væri varhugavert í sambandi við það, að framkvæmdarstjórarnir mættu sjálfir hafa síldarsöltun með höndum, og væri því mjög mikil freisting fyrir þá að ná mjög mikilli síld á sínar hendur, takmarka síðan söltunina og gera sjer þetta þannig að auðsuppsprettu. Hv. 2. þm. G.-K. sagði meira að segja, að það væri í lófa lagið að auðgast á þessu um nokkur hundruð þúsund krónur. Jeg skal ekki segja um það, hvort þetta er hugsanlegur möguleiki, en það er vitanlegt, að þegar þessir menn verða valdir, þá verður að gera það með það fyrir augum, að þeir vinni að heill allra þeirra, sem hlut eiga að máli, bæði útgerðarmanna og síldarsöltumanna. Jeg vil því ekki gera ráð fyrir því fyrirfram, að þeir notuðu sjer aðstöðu sína þannig. En hinsvegar virðast mjer svo miklir hagsmunir fyrir heildina á bak við það, að þeir hafi þessa heimild, að ekki sje gerlegt að skerða hana. Mjer finst það líka liggja á bak við hjá hv. minni hl. sjútvn., að minsta kosti kom það nokkuð skýrt fram hjá hv. þm. Vestm., að honum er töluvert á móti skapi að setja takmarkanir á síldarsöluna. Mjer virtist honum vaxa meira í augum þær hömlur, sem settar eru á einstaklinginn, heldur en það tjón, sem hagsmunir fjöldans kunna að bíða við það, að engar takmarkanir verði settar. En jeg verð að líta frekar á heill þjóðarheildarinnar en þótt einhver einstaklingur yrði fyrir hömlum.

Hv. þm. Vestm. sagði, að af tvennu illu væri betra að salta of mikið en að takmarka rjett einstaklingsins. En hjer verður að athuga, að þegar búið er að salta nóg við hæfi markaðsins, þá getur jafnvel lítil viðbót orðið til þess að lækka verðið fyrir öllum, og er mjer fyllilega ljóst, hvílík hætta getur stafað af því.

Hv. þm. Vestm. sagði, að allar slíkar ráðstafanir drægju móð úr mönnum. Jeg fyrir mitt leyti held, að það sje ekki heppilegt, að það opinbera setji hömlur á athafnafrelsi manna, en í þessu sambandi sje jeg enga hættu við það, að nokkuð sje slegið á þann mikla ákafa, sem menn virðast hafa til þess að salta síld, og getur stórspilt verðinu og orðið öllum til tjóns.

Þá hefir minni hl. sjútvn. borið fram brtt. þess efnis, að einkasalan

komi ekki til framkvæmda fyr en á árinu 1929, þannig, að engin einkasala verði á þessu sumri, og bera þeir því við, að hún muni ekki ná tilgangi sínum fyr en verksmiðja komist upp. En jeg vil benda þessum hv. þm., sem studdu síldarsamlagslögin frá 1926, á það, að þá lágu ekki fyrir neinar tillögur um verksmiðjur í sambandi við síldarsöluna, svo að engin breyting hefir að þessu leyti orðið síðan 1926. Mjer virðist því þessi ástæða þeirra mjög ljett á metunum.

Að lokuð get jeg lýst yfir því, að ef þær breytingar verða samþ., sem jeg tel nauðsynlegt að gera á frv., þá mun jeg greiða atkvæði með því út úr deildinni, og er það algerlega í samræmi við afstöðu mína til laganna frá 1926, eftir að inn í þau var sett ákvæði um það, að takmarka mætti síldarsöltun.

Munurinn á þessu er í sjálfu sjer enginn annar en sá, að stjórnin er öðruvísi skipuð samkvæmt þessu frv., en bæði lögin frá 1926 og þetta frv. stefna annars að nákvæmlega sama marki. En aðalmunurinn er sá, að það hefir enginn árangur orðið af lagasetningunni frá 1926, því að hún hefir aldrei komist til framkvæmda; en ef þetta frv. verður samþykt, þá kemst það vitanlega til framkvæmda á þeim tíma, sem þau ákvæði frv. mæla fyrir um.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg á hjer tvær brtt., aðra á þskj. 655, sem fer í þá átt, að þrír af þessum nefndarmönnum, sem fyrirhugað er í frv., að skuli kosnir til þriggja ára, skuli kosnir til eins árs. Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn geti fallist á þessa brtt., því að fyrir mjer er hún alveg sjálfsögð. Jeg veit, að engum manni dettur í hug að ráða sjer formann til þriggja ára í senn, sjerstaklega ef um slíka óvissu er að ræða sem hjer. Jeg þykist ekki þurfa að rökstyðja þetta frekar, en það skal tekið fram, að jeg hefi flutt þetta sem brtt. við brtt. hv. minni hl. á þskj. 654, en þar sem komið getur fyrir, að þær falli, þá hefi jeg flutt aðra brtt. á þskj. 677, og er þessi brtt. þar komin inn í 2. gr.

Þá er önnur breyting, sem jeg fer fram á, sem sje sú, að í stað þess, að annar nefndarmannanna sje kosinn af Útgerðarmannafjelagi Siglufjarðar og Útgerðarmannafjelagi Akureyrar, þá sje sá maðurinn kosinn af öllum útgerðarmönnum, hvort sem þeir eru á Norðurlandi eða Suðurlandi, sem síldveiði hafa stundað árið áður en kosning fer fram. Þetta er sjálfsagt frá mínu sjónarmiði, vegna þess að mestur hluti síldarútgerðarmanna er annarsstaðar að af landinu en frá þessum tveim stöðum. Það mun láta nærri, sem mjer hefir verið sagt af sjerfróðum manni, að frá þessum stöðum sje aðeins $\frac{1}{6}$ hluti af gufuskipum, sem síldveiði stunda, og $\frac{2}{5}$ af öllum mótorbátum; hitt er af Suðurlandi, svo að það er að mínu áliti sjálfsögð sanngirniskrafa, að þessu sje svo hagað sem jeg hefi lagt til.

Þá er ein smávegis breyting. Það hafði fallið úr í prentuninni setningin: „í fyrsta sinn á Alþingi 1928“, og er þeirri setningu bætt inn í brtt. þar, sem hún er prentuð upp.

En breytingin, sem jeg ætlaði að minnast á, er það, að í staðinn fyrir

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

að nefndin á að hafa aðsetur sitt fyrir norðan frá miðjum júní, þá verður það eftir minni till. frá 1. júlí. Sjerfróðir menn hafa sagt mjer, að þetta væri nógu langur fyrirvari, þar sem síldarsöltun byrjar ekki fyr en 25. júlí. En ef þetta væri of stuttur tími, þá er innan handar fyrir mennina að koma fyr.

Þá hefi jeg tekið upp brtt. við upprentun till., um að kosningin skuli fara fram eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur. Tel jeg það eiga heima í þessari grein, og tel jeg þetta ákvæði vera til bóta, og mun jeg svo ekki ræða málið frekar í heild sinni; aðeins skal jeg taka það fram, að það er sjerstaklega eitt í brtt. hv. þm. Borgf., sem flestar eru til bóta og sem jeg legg mikla áherslu á, sem sje það, að leggja ¾ % í varasjóð til markaðsleita. Það er nú svo, að jeg er viss um það, að Íslendingar hafa ekki á undanförnum árum athugað það nógu rækilega að leita nýrra markaða og leggja meira til þess af hvaða afurðum landsins sem er, en þeir menn, sem unnið hafa að því starfi, eiga miklar þakkir skildar fyrir það, því að það er þarft verk að vekja athygli annara þjóða á okkar góðu vörum, sem lítið eru þektar, og þá sjerstaklega síldin. Jeg talaði einu sinni við Skota, sem þekti vel síldina okkar, og sagði hann, að hún myndi, þegar tímar líða, verða heimsvara, vegna þess hve feit hún væri. Jeg vona því, að þessi brtt. hv. þm. Borgf. verði samþykt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Síðan jeg talaði, hafa ekki komið fram veruleg andmæli gegn minni fyrri ræðu, önnur en þau, sem meðnefndarmaður minn, hv. þm. Vestm., svaraði í sinni löngu ræðu.

Jeg vil þó aðallega víkja nokkrum orðum að hv. þm. Borgf., sem flutti hjer allítarlega ræðu um málið. Þó mun jeg leiða hjá mjer að minnast á það, sem hv. þm. drap á, nema nokkur fá höfuðatriði, sem okkur ber á milli.

Hv. þm. lagðist á móti brtt. minni hl. sjútvn., þeim, er að því hnigu að nema úr frv. heimild framkvæmdarstjóra einkasölunnar til að banna söltun síldar á ákveðnum degi á meðan veiði stendur yfir. Hv. þm. sagði slíkt bann vera lögfest árið 1926, og þá talið vera höfuðkostur þeirra laga. Jeg mótmæli því eindregið, að þetta hafi þá verið nokkurt aðalatriði, og fyrir hönd flutningsmanna frv. get jeg fullvissað hv. þm. um, að það var frekar talið sem neyðarúrræði heldur en sem höfuðkostur frv.

Hv. þm. gat um það, sem og er rjett, að sá er munur á því frv., sem nú liggur fyrir, og lögunum frá 1926, að samkvæmt lögunum eru ekki gerðar neinar ráðstafanir til þess, að það yrði fyrirfram trygt, að söltun keyrði ekki úr hófi, en aftur á móti eru eftir frv., sem hjer liggur fyrir, komnar fram víðtækar ráðstafanir til að gera það, en einmitt þess vegna skil jeg ekki, hver nauður getur rekið til hins, að heimila framkvæmdarstjórninni að banna söltun frá ákveðnum degi á miðri vertíð. Framkvæmdarstjórninni er í sjálfsvald sett, hvenær söltun byrjar, en í hinu liggur höfuðtryggingin, að framkvæmdarstjórninni er heimilt að skamta úr hnefa fyrirfram, hve mikið megi salta á tímabilinu. Spurningin er þá, hvort nokkuð geti

komið fyrir á miðri vertíð, sem valdi því, að nauðsynlegt geti verið að selja framkvæmdarstjórninni vald í hendur til að gera þessar nýju tryggingarráðstafanir um frekari bönn en gert er með fyrri úrskurðum um, hvað hvert einstakt skip megi salta, og jeg veit ekki hvaða fyrirbrigði það gæti verið. Jeg heyrði, að hv. þm. var að tæpa á því að haga söltuninni eftir því, hvað Norðmenn gerðu fyrir utan landhelgi; ef þeir söltuðu óhæfilega mikið, þá bæri okkur að draga heldur úr. Jeg vil fyrst og fremst mótmæla því, að við eigum hægt með að fylgjast með söltun Norðmanna. Það er að vísu rjett, að nokkrar frjettir berast okkur um það, en hitt skiftir þó mestu máli, að þær eru jafnan nokkuð óábyggilegar, svo að óráð er að leggja þær mjög til grundvallar. Og jafnvel þótt okkur bærust ábyggilegar frjettir um aflabrögð þeirra, þá er illa farið, ef við eigum að fara að haga okkur eftir því. Það mundi leiða til þess, að því meira sem Norðmenn söltuðu, því minna ættum við að salta, og það væri mesta hvötin, sem við gætum gefið Norðmönnum um kapp á þessu sviði við okkur. Nei, við eigum ekkert að láta Norðmenn vita um það, heldur láta Norðmenn búa við óvissu, því að það er líklegra til að draga úr athöfnum þeirra. Jeg segi því, að jeg get ekki sjeð, að neinar líkur sjeu um, að nokkur þau fyrirbrigði komi fyrir á veiðitímanum, sem geri það æskilegt, hvað þá heldur nauðsynlegt, að slíkt vald sje selt framkvæmdarstjórn einkasölunnar í hendur, en hitt sje jeg, og margir með mjer, að þessu valdi fylgja margir meingallar.

Hv. þm. sagði, að þessi framkvæmdarstjórn myndi aðeins vinna að alþjóðarheill með slíkum ákvörðunum, en hv. þm. er þá búinn að fá eitthvað meiri og betri trú á þeim mönnum, sem hið opinbera útnefnir til starfa fyrir einstaklingana; en jafnvel þótt þessir menn beiti hinni mestu ráðvendni í þessum ráðstöfunum, sem jeg ekki skal efast um, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að hvenær sem kann að verða gripið til þess að stöðva söltun á miðri vertíð, munu ætíð vera þær rógtungum, sem segja: Þetta er gert fyrir Pjetur eða Pál, framkvæmdarstjórana eða einhverja vini þeirra. — Þetta leiðir til óvinsælda fyrir einkasöluna, en alt slíkt verðum við að forðast frá byrjun. Auk þess vil jeg benda hv. þm. á það, að með þessari heimild, ef hún verður notuð, — en annars er hún tilgangslaus — er stofnað til mikils misrjettist, eins og jeg áður hefi sannað.

Hv. þm. Vestm. er ekki staddur hjer í bili, og ætla jeg því aðeins að drepa á það, sem hv. þm. Borgf. sagði í tilefni af ræðu hans. Hv. þm. Vestm. hafði sagt, að það væri betra að salta of mikið heldur en að sæta þeim hömlum, sem lægju í bannheimildinni. Hv. þm. Borgf. bendir á, sem alveg er rjett, að of mikil söltun hefir, samkvæmt reynslunni, valdið miklu verðfalli, en jeg leyfi mjer að benda hv. þm. Borgf. á það, að ef tekin er upp einkasala, þá er lítil hætta á því, og raunar engin, þótt söltun verði nokkuð fram yfir neysluþörf í þeim löndum, sem við seljum til, því ef síldarsalan er á einni hendi, þá er framkvæmdarstjórninni í lófa lagið að tilkynna hinum sænsku skiftavinum sínum, að við flytjum ekki meira en eitt-

hvert ákveðið magn til Svíþjóðar; það, sem fram yfir sje, skuldbindum við okkur til að nota til annars. Það getur líka verið kostur út af fyrir sig að hafa vist síldarmagn, sem maður neyðist til að senda á aðra staði. Með því vinnast, ef til vill, nýir markaðir fyrir síldina.

Hv. þm. Borgf. veittist að minni hl. sjútvn. fyrir þá tillögu, sem hann hefir gert um, að þessi lög komi ekki til framkvæmda fyr en að ári, og sjerstaklega skildist mjer á hv. þm., að honum fyndist það ástæðulaust af okkur minnihlutamönnum að gera þetta, úr því að við hefðum getað fylgt lögunum frá 1926. Jeg vil nú geta þess, að árið 1926 var enn ekki hafist handa um að stofna síldarbræðslustöðvar, og það mátti því kannske þess vegna segja, að okkur ætti ekki að vera vandara um nú en þá að ráðast í slíka einkasölu, þótt ekki sje þegar búið að tryggja landsmönnum nægilegar síldarbræðslustöðvar. En aðstöðumunurinn liggur í því, að þá bólaði ekki á framkvæmdum frá landsmönnum í þá átt, en nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að láta byggja mikla og fullkomna bræðslustöð, og af því að fjöldi útgerðarmanna hefir með yfirlýsingu á fjölmennum fundi óskað þess, að ekki yrði hafist handa um einkasöluna fyr en trygt er, að landsmenn ráði yfir bræðslustöðvum, og með því, að nú þarf ekki lengur að bíða þess um óvist árabil, að þetta fáist, þá sýnist okkur minnihlutamönnum, að nú sje kleift að taka tillit til þeirra óska, sem þessir menn hafa borið fram. En árið 1926 var um það að ræða, hvort betra þætti að veifa röngu trje en engu. Það er þess vegna fult samræmi í þeirri skoðun, sem hefir lýst sjer hjá hv. þm. Vestm. og mjer, þegar við á þinginu 1926 tókum afstöðu til þessa máls, og þess, sem við höfum nú gert í málinu.

Hv. þm. Borgf. endaði ræðu sína með því að segja, að hann myndi greiða þessu frv. atkvæði, ef brtt. hans yrðu samþyktar. Mjer kemur þetta á óvart, því að mjer finst þetta frv. vera svo miklu verra heldur en lögin frá 1926; svo að jeg hjelt, að hv. þm., sem fylgir frjálsri verslun, myndi frekar fylgja okkur, sem heldur viljum láta ráða þessu máli til lykta eftir lögunum frá 1926, og á því er stórkostlegur munur. Eftir þessu frv. er ætlast til þess, að stjórn fyrirtækisins verði ekki í höndum þeirra manna, sem við þessa starfsemi eiga að búa og mest eiga undir því, hvernig hún gengur, en eftir lögunum frá 1926 var aðeins lagt til, að ráðherra skipaði stjórnina um stutt árabil, á meðan „lepparnir“ væru að heltast úr lestinni, en síðan tækju framleiðendurnir sjálfir völdin í sínar hendur.

Fyrir okkur minnihlutamönnum vakir auk þess að þóknast þeirri meirihlutayfirlýsingu, sem komið hefir frá útgerðarmönnum: Að sporna við því, að einkasalan komist á áður en landsmenn hafa fengið umráð yfir síldarbræðslustöðvum, og svo að reyna að hindra það, að slík einkasala sem þessi komist nokkurntíma í framkvæmd, en að málinu verði aftur á móti ráðið til lykta á grundvelli laganna frá 1926.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. 1. þm. S.-M. andmælti brtt. minni á þskj. 616, um það að fella í burtu matsákvæðin úr

einkasölufrv. Jeg er þess fullviss, að það er ekki rjett að taka nú matið úr höndum ríkisvaldsins; kjöt-, ullar- og fiskmat er nú í höndum ríkisvaldsins, og matið er stimpill ríkisins á hinni útfluttu vöru. Jeg sje ekki neinar líkur til þess, að einkasalan ætti að geta framkvæmt þetta mat betur en ríkisvaldið, og jeg sje ekki betur en að einkasalan geti fengið öllum sínum skynsamlegu óskum um breytingar á matslögunum framgengt hjá ríkismatinu.

Nú liggur fyrir hv. Ed. frv. um síldarmat, sem er vel undirbúið og hefði átt að halda áfram gegnum þingið að þessu sinni, enda er ekki útilokað, að svo geti orðið, enda þótt nú sje áliðið þingtímans. En hvort sem það verður eða ekki, þarf ekki að efa, að þing og stjórn verði fús til að herða á matinu eftir óskum þeirra, sem eru kunnugastir atvinnuveginum.

Hitt er aðalatriðið, að yfirmatsmennirnir sjeu hjer eftir sem hingað til skipaðir af ríkisstjórninni í fastar stöður, en ekki hringlað með þá til og frá, eftir því hverjir skipa stjórn einkasölunnar. Það er alveg óþarfur ótti, að ef mín till. verður samþykt, þá sje matið með öllu tekið úr höndum einkasölunnar og lagt undir yfirmatsmennina, því að jeg fjelst á í samráði við hv. flm., að einkasalan eða framkvæmdarstjórar hennar skuli skipa umboðsmenn í verstöðvum, þar sem þurfa þykir. Jeg þykist vita, að svo mikið samstarf muni verða milli forstöðumanna einkasölunnar og yfirmatsmanna, að ýmist verði umboðsmenn þessir gerðir að undirmatsmönnum eða undirmatsmenn verði valdir sem umboðsmenn einkasölunnar. Mín till. miðar að því að halda því fyrirkomulagi um yfirmatsmenn, sem nú er, en ekki matsreglunum. Má auðvitað alveg eins ráða bót á matsreglunum, þótt ríkisvaldið ráði yfir matinu. Jeg álít, að fullsnemt sje að afnema afskifti ríkisvaldsins af þessum málum þegar og tel rjettara, að einkasalan fái að reyna sig í nokkur ár fyrst. Hinu skal jeg ekki halda fram, að ekki geti verið rjett að fá einkasölunni matið í hendur síðar, þegar festa er komin á hana, en þó tel jeg heppilegra, að ríkisstjórnin skipi jafnan yfirmatsmennina, en einkasalan sje hinsvegar látin greiða kostnaðinn við matið. Brtt. mín á þskj. 616 fer fram á, að núgildandi skipun um yfirmatsmenn haldist. Óska jeg, að brtt. verði borin upp í einu lagi.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi svara hv. frsm. minni hl. nokkrum orðum. Hann virðist vera farinn að afrækja síldarsamlagsfrv. sitt frá 1926 allmikið, þar sem hann var að mótmæla því, sem þá var helst talið til gildis þessu afkvæmi hans, nefnilega ákvæðinu um, að stöðva mætti söltun síldar.

Hann mótmælti því, að þetta ákvæði hefði verið talið mikilsvert, er þau lög voru samþ., og hefði verið neyðarúrræði. Þetta má til sanns vegar færa að því leyti, að það má segja, að frv. alt væri neyðarúrræði. En þá bar alls ekki á því, að honum væri þetta ákvæði um geð, og víst er um það, að hefði það ekki verið í frv., hefði frv. ekki orðið að lögum. Svo mikil áhersla var lögð á þetta þá. Um það er mjer fullkunnugt.

Það, sem okkur ber á milli, er það, hvort hömlur þær, sem eftir verða í frv. á söltun síldar, verði nógu víð-

tækar, ef brtt. minni hl. um að fella niður heimild til að banna söltun síldar á veiðitímanum verður samþ. Jeg lít svo á, að svo sje ekki. Það hlýtur ávalt að vera ágiskun að meira eða minna leyti, hve mikið sje heppilegt að salta af síld, ef slíkt á að ákveðast fyrirfram, og þær breytingar geta ávalt komið fyrir á veiðitímabilinu, sem geri nauðsynlegt að stöðva alla söltun. Það er ekki hægt hjá því að komast að taka tillit til þess, hvernig veiðin gengur hjá Norðmönnum, enda þótt hv. frsm. minni hl. gerði lítið úr þeirri vitneskju, sem hægt væri að afla sjer um það. Norðmenn eru keppinautar okkar á síldarmarkaðinum í Svíþjóð, og verð síldar á þeim markaði fer auðvitað mjög eftir því, hvort afli Norðmanna er mikill eða lítill. Hv. frsm. minni hl. taldi erfitt að afla sjer upplýsinga um veiði þeirra. En kunnugir menn, sem jeg hefi átt tal við um þetta, telja þetta mjög vel hægt, því að skip Norðmanna koma oft inn á hafnir nyrðra og leggja einnig upp í bræðslu þar. Þá sagði hann og, að okkur gæti stafað hætta af því, ef það kvisaðist, að við höguðum veiði okkar eftir því, sem Norðmönnum gengi, því að það yrði til þess, að þeir ykju sína söltun eftir því sem við minkuðum okkar. En hvernig ætlar hv. frsm. að koma í veg fyrir, að fyrirframtakmarkanir þær, er hann fylgir fram, kvisist til Norðmanna? Mjer virðist, að þessi mótbára hv. þm. sje fremur fyrirsláttur en að hún hafi við rök að styðjast.

Hv. frsm. minni hl. talaði enn um þá hættu, að framkvæmdarstjórarnir sjálfir rækju síldarsöltun eða síldveiði, og væri þeim því mikil freisting að misnota heimildina um að stöðva söltun, er þeim sjálfum kæmi best. Jeg skal að vísu játa, að sá möguleiki er til, að þessir menn misbeiti aðstöðu sinni. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá fer um þessa síldareinkasölu ákaflega mikið eftir því, hvernig valið á mönnunum tekst. Komi óhlutvandir menn að fyrirtækinu, geta þeir sjálfsagt líka á öðrum sviðum misbrúkað vald sitt sjer til hagsbóta. Yfirleitt verður að óreyndu að bera það traust til þessara manna, að þeir geri ekki trúnaðarstörf sín sjer að fjeþúfu. En jeg álít, að sú hætta sje lítil í samanburði við þá hættu, sem af því leiddi, að heimildin yrði niður feld, svo að þannig gæti farið, að svo mikið af síld bærist á markaðinn, að verðið fjelli niður úr öllu valdi, eins og oft hefir komið fyrir áður. Fyrir þeirri hættu er ekki hægt að loka augunum. Til þess er reynslan of áþreifanleg.

Hv. frsm. benti á það, að þótt söltunin kynni að fara fram úr því magni, sem eðlilegt væri að salta, væri ávalt hægt að ráða bót á því, þar eð salan væri á einni hendi, með því að framkvæmdarstjórnin segði við Svía: Við flytjum þetta út af síld í ár, og ekki meira. Hinu, sem afgangs yrði, yrði að ráðstafa á annan hátt. Því er ekki nema um tvær leiðir að ræða. Önnur leiðin er sú, að flytja þá síld, sem afgangs er, til annara landa en Svíþjóðar. Nú háttar svo til, að markaður fyrir íslenska síld er hvergi nema í Svíþjóð, að því frátöldu, að nokkuð var flutt til Rússlands síðastliðið sumar. Þó var verðið,

sem fyrir hana fjekst, svo lágt, að ekki svaraði framleiðslukostnaði, og í dag hefir verið gefin heimild hjer í deildinni um að leysa síld þessa undan venjulegu útflutningsgjaldi.

Þá skildist mjer á hv. þm., að framkvæmdarstjórarnir ættu að leita sjer nýrra markaða fyrir verðgildi þessarar síldar að einhverju leyti. Jeg vil benda honum á, að eftir frv. má ekki verja nema ákveðinni upphæð, 12000 kr., í þessu skyni, en eftir brtt. minni má þessi upphæð nema 45 þús. kr. Sá möguleiki, að gera verð úr síldinni annarsstaðar en í Svíþjóð, hlýtur því að vera alltakmarkaður.

Þá er hin leiðin, að láta nokkuð af saltsíldinni í bræðslu. Jeg held, að það geti ekki talist neinn búhnykkur fyrir síldarframleiðendur að salta síld sína eftir kúnstarinnar reglum niður í tunnur, áður en þeir láta hana í bræðslu. Söltun síldar í hverja tunnu kostar um 14—15 kr. með tunnu, salti og öðrum kostnaði, og hlýtur því öllum að vera ljóst, að ekki er mikill hagur að því að bræða síld, sem svo miklu hefir verið til kostað.

Ef koma á í veg fyrir þennan höfuðgalla á síldarsölunni undanfarið, ofsöltuninni, þá má á engan hátt skerða þann íhlutunarrjett, sem framkvæmdarnefndin hefir samkv. ákvæðum frv.

Hv. frsm. minni hl. fór nokkrum orðum um það, sem jeg sagði um afstöðu hans og hv. þm. Vestm. til síldarsamlagslaganna frá 1926 og viðhorfið til bræðslunnar þá og nú. Vitanlega er enginn munur á ástæðunum nú eða þá, að öðru leyti en því, að ef verður úr hinu fyrirhugaða miljónafyrirtæki, síldarbræðslustöð ríkisins, þá liggur úrlausn í þessu efni nær nú en 1926. En hvað snertir heimildina um að stöðva söltun, er um engan mun að ræða nú eða þá, og geta þeir því ekki borið því við.

Hv. frsm. minni hl. sagði að lokum, að sjer hefði komið á óvart, að jeg sagðist mundu fylgja frv., ef brtt. mínar væru samþ. Jeg skal taka það fram, að ef brtt. minni hl. við 2. gr. yrðu samþ., yrði mjer enn ljúfara að fylgja frv. En jeg sje ekki neinn mun á því að fylgja þessu frv. og frv. 1926, ef þessar brtt. verða samþ. Eftir því frv. átti stjórnin að skipa þá menn, er veittu samlaginu forstöðu til að byrja með; fullkomin breyting á því hefði ekki orðið fyr en að 4 árum liðnum, og er ómögulegt að segja, hvernig þeirri skipun hefði verið hagað í framtíðinni, þar sem þessi mál heyra undir löggjafarvaldið. Þótt þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verði samþ. eins og það er, gæti orðið breyting áður en varir. Í bátum tilfellum hefði á reynslutíma þessarar tilhögunar stjórn fyrirtækisins verið skipuð að opinberri íhlutun.

Mjer finst því undarlegt, þegar miðað er við afstöðu okkar beggja til frv. 1926, að við skulum ekki geta orðið samferða um tilraun á þessum grundvelli nú, úr því að ekki varð úr framkvæmd laganna frá 1926, sem stafaði af því, að ekki var uppfylt skilyrðið um, að samlagið tæki til starfa.

Mjer skilst, vegna þeirra brtt., sem hv. minni hl. hefir flutt, að hann muni ekki vera því fráhverfur að gera nú ítrekaða tilraun til þess að bæta síldarsöluna. Það er ekki venjulegt, að menn flytji brtt. við frv., sem þeir eru gersamlega mótfallnir

og ætla að greiða atkvæði á móti, þó brtt. verði samþ. Jeg held því, að hjer sje stríð á milli holdsins og andans hjá hv. minni hl. um það, hvaða afstöðu hann eigi að taka til þessa máls. En ef miðað er við venjulega þátttöku þm. í löggjafarstarfinu, þá gefa þeir með brtt. sínum tilefni til þeirrar ályktunar, að þeir muni samþ. frv., ef þær ná fram að ganga. Annars væri hjer um óvanalegt fyrirbrigði að ræða.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil svara því fyrst, sem hv. þm. Borgf. sagði síðast. Hann taldi að það, að jeg og hv. þm. Vestm. bærum fram brtt. við frv., sýndi, að við gætum sætt okkur við frv. Jeg verð að segja, að mig rak alveg í rogastans, þegar jeg heyrði aðra eins firru frá jafnreyndum og greindum þm. og hv. þm. Borgf. er. Það er alkunnugt og algengt, að þótt menn vilji ekki una vissu frv., þá reyna þeir að lagfæra það með brtt. sínum og greiða atkvæði á móti því á eftir. (**PO:** Það er mjög óvanalegt). Jeg er ekki gamall þingmaður, en jeg veit þó, að hv. þm. Borgf. hefir gert þetta sjálfur. (**PO:** Nei). Þetta er heldur ekki annað en heilbrigð skynsemi. Betri er hálfur skaði en allur, og ef líkur eru til, að frv. nái fram að ganga, þá reyna andstæðingar auðvitað að lagfæra það eins og hægt er, áður en svo verði. Það er því broslegt að vera að tala um stríð milli holdsins og andans, þótt við berum fram brtt. til að bæta þetta vankantaða frv. og greiðum svo atkv. á móti því, en ekki með því, eins og hv. þm. Borgf.

Hann sagði, að jeg væri að afrækja frv. frá 1926 með því að leggjast á móti þeirri heimild að banna söltun á veiðitímanum. Hann sagðist ekki minnast þess, að jeg hefði verið á móti slíku banni þá. Jeg þykist vita, að hv. þm. segi þetta satt, að hann muni ekki eftir þessu. En jeg verð að ætlast til þess af honum, að hann trúi því, sem jeg segi um afstöðu sjálfs mín til þessa máls, og jeg veit, að hann muni gera það. Afstaða mín til þessa ákvæðis var sú sama þá og nú, að það var mjer þvert um geð.

Hv. þm. Borgf. játaði í fyrri ræðu sinni, að ráðstafanir þær, sem gera ætti samkv. frv. áður en söltun hefst, væru tryggilegar, en þó ekki nógu tryggilegar. Jeg spurði, hvaða fyrirbrigði gætu komið fyrir á miðri vertíð, sem gerðu nauðsynlegt að stöðva alla söltun. Hv. þm. benti á það, sem einnig var líklegast, að oss væri nauðsynlegt að afla oss vitneskju um afla Norðmanna. Jeg tók það fram, að slíka vitneskju væri ekki hægt að taka til greina. Það er hreint og beint að gefa Norðmönnum undir fótinn um að auka sína söltun, eftir því sem við minkum söltun hjá oss. Jeg held heldur ekki, að hægt sje að fá þessa vitneskju, svo ábyggileg sje. Það er hægara að vita um síldarafla Íslendinga sjálfra heldur en hvað einstök erlend skip afla, þótt þau komi stöku sinnum til hafna, og það er með öllu ómögulegt að fá vitneskju um heildarafla þeirra á ákveðnum degi. Ef það væri auðvelt, þá ætti einnig að vera auðvelt fyrir innlenda síldarframleiðendur að dæma um, hvort halda bæri áfram söltun eða ekki. En reynslan sýnir, að menn vita sjaldan, hvað til síns friðar heyrir í þessu efni

og kunna sjer ekki hóf um síldarsöltun.

Hv. þm. taldi, að jeg hefði sagt, að nauðsynlegt væri, að því væri haldið leyndu, hve mikið væri saltað. Það sagði jeg ekki, en hitt sagði jeg, að Norðmenn mættu ekki hafa ástæðu til þess að halda, að við höguðum okkar söltun eftir því, hvað þeir gerðu. Við verðum að skapa okkur venju og fara svo eftir henni án tillits til þess, er Norðmenn gera á hverjum einstökum veiðitíma.

Jeg fæ ekki sjeð, að það þurfi að valda neinu hneyksli, þó söltun verði umfram neytslu. Því ef svo fer, að söltun verður meiri en góðu hófi þykir gegna og ekki selst alt til Svíþjóðar, þá má selja síldina annarsstaðar, þó fyrir lægra verð sje. Þetta fæ jeg ekki sjeð, að komi nokkuð í bág við það, sem heimilað er í lögunum, því útflutningsnefndin er ekki bundin við neitt ákveðið verð, nje heldur er það ákveðið, hvað miklu fje skuli varið til markaðsleitar. Henni er einungis falið að ráðstafa þessu á sem hagkvæmastan hátt. Ef síldin því er meiri en neytsla Svía krefur, þá er sjálfsagt að leita eftir markaði annarsstaðar. Mitt ráð dugir því fullkomlega, ef það er krufið til mergjar.

Þá sagði hv. þm., að það væri lítill búhnykkur að salta mikið af síld, ef verðið væri lágt. Þetta er vitanlega alveg rjett, en jeg vil benda honum á það, að ekki er hægt að girða fyrir, að slíkt geti hent sig, því það er ekki hægt að segja um það fyrirfram, hvað sje hæfilegt að salta mikið. Slíkt kemur ekki greinilega í ljós fyr en eftir á.

Loks sagði hv. þm., að það væri rökrjett áframhald af aðstöðu okkar hv. þm. Vestm. til laganna frá 1926, að við værum nú með einkasölunni, þó ekki væri jafnframt sett upp síldarbræðslustöð. Jeg skal játa það, að ef ekkert hefði breytst frá því 1926, þá hefði alveg eins mátt koma upp einkasölu án bræðslustöðvar 1928 eins og 1926. En þá var alt öðru máli að gegna en nú, eins og jeg áður hefi sýnt og sannað.

Svo vildi hv. þm. halda því fram, að sáralítill munur væri á lögunum frá 1926 og þessu frv., er hjer liggur fyrir. Sagði þó, að það væri rjett, að eftir þessu frv. yrði stjórn fyrirtækisins svo skipuð, að þeir menn, er ættu sæti í henni, ættu ekkert undir því, hvernig gengi, en eftir lögunum frá 1926 skyldu þeir stjórna fyrirtækinu, er mest áttu undir því komið, að vel gengi.

Að endingu ætla jeg svo að staðhæfa það, að afstaða mín til þessa máls nú er fyllilega í samræmi við þá skoðun, sem jeg hefi áður haft á þessu máli, en framkoma hv. þm. er ekki í samræmi við það, sem hann hefir áður haldið fram. Það er það, sem skilur á milli okkar. Sje jeg svo ekki frekari ástæðu til þess að þreyta hv. þdm. með þessu, enda er mjer það ekkert keppikefli að deila frekar um þetta mál, og síst við minn ágæta flokksbróður, hv. þm. Borgf.

Sigurður Eggerz: Þetta skal aðeins vera stutt aths., því jeg geri ráð fyrir, að flestir hafi þegar fengið nóg af þessum umr., enda mun það ekki hafa áhrif á niðurstöðuna, þó umr. verði lengri. En mig langaði aðeins að benda á, að sú einkasala, sem hugsuð var með lögunum 1926, var í eðli sínu

eins og sú, sem hjer er farið fram á. En hvers vegna var hún ekki framkvæmd? Það var af því, að þegar útgerðarmenn fóru að athuga sinn gang að íhuga þetta betur, þá varð niðurstaðan sú, að þeim þótti ekki ráðlegt að leggja út í einkasöluna. Auk þess mætti hugmyndin strax megnri andstöðu frá ýmsum hlutaðeigendum.

Það kom mjög við hjartað í hv. þm. Ísaf., þegar jeg mælti á móti einkasölunni, og þetta get jeg vel skilið, því allar þessar einokanir eru honum svo hjartnæmar, eins og flokksbræðrum hans, jafnaðarmönnunum. Alt stefnir í sömu áttina hjá þeim: Að ríkisrekstrinum.

Hv. þm. vildi ekki kannast við það, að þetta frv. gæti orðið til þess, að margir hinir minni máttar í þjóðfjelaginu gætu orðið hart úti. Og þó hann hafi mótmælt þessu með stórum og hljómmiklum orðum, verð jeg að segja það, að minna hefir þar gætt röksemdanna. Það er nefnilega nokkurnveginn ljóst, að með þessu fyrirkomulagi er verið að grípa fyrir kverkar þeirra smærri útgerðarmannanna. Því hvar eiga þeir að fá fje til rekstrarins? Já, það verður ekki annað að gera fyrir þá en að fá það hjá þeim, sem kaupa af þeim síldina. En jeg er hræddur um, að hringur þeirra manna verði mjög takmarkaður við einkasöluna, og verða þá þessir smærri alveg á valdi hinna. Er það heldur óskemtileg tilhugsun fyrir hv. þm. Ísaf., sem þykist vilja halda hlífiskildi yfir fátækari mönnum, ef hann styður svo að því, að þeim verði útskúfað, en sterkur varnargarður bygður um þá ríku og voldugu. Því ef því er slegið föstu, að ríkiseinkasalan megi ekki lána fje, þá veit jeg ekki, hvar þeir smærri eiga að fá lánað fje, ef það er ekki hjá þeim stærri. Þá var hv. þm. að tala um ástandið eins og það væri nú og lýsti því svo, að nú yrðu þeir hinir stærri útgerðarmenn að fá lán hjá verkamönnum til þess að geta haldið uppi rekstrinum. Jeg fæ nú ekki skilið, hvernig hann fær þetta út, en hitt ætti hann að athuga, að ef einkasalan kemst á, þá er það óhjákvæmilegt, að tala þeirra manna, er vinna að þessu, lækkar. Niðurstaðan verður því sú, að þetta einokunarfrv. er langt frá því að vera glæsilegt fyrir það fólk, er styður hv. þm. Það er með öðrum orðum til verndar hinum ríku, en til vandræða fyrir þá efnalitlu.

Jeg talaði um það áðan, að hætta væri á því, að spilling þróaðist í kringum þessa einkasölu. Út af því sagði hv. þm., að jeg hefði talað af fávisku um þá hluti og spurði, hvort jeg vissi ekki um alla þá spillingu, er nú þróaðist í kringum síldarútveginn. En það, sem jeg átti við, var fjármálaleg spilling. Að vísu þarf hún ekki endilega að koma, því sem betur fer eru til þeir menn, sem hún nær engum tökum á. En hinu er ekki að neita, að þegar svona mikil völd eru lögð í eina hönd, þá er freistingin til þess að misnota það vald ákaflega mikil.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að samkepnin yrði til þess að lækka verðið á síldinni. Það er nú að vísu svo, að þegar fleiri menn hafa sömu vöru á boðstólum, þá getur það orðið til þess að lækka verðið. Þetta þekkjum við t. d. frá fisksölunni, að illa getur farið, ef of ört er framboðið. En þessi annmarki leiddi til fjelagsskapar hjá ýmsum bestu útgerðarmönnum til

þess að koma í veg fyrir það, að framboð yrði of ört á fiskinum. En höfuðgallinn á því, að alt sje á einni hönd, er það, að þá er hætt við því, að erl. kaupendur geri samtök um að halda verðinu niðri þangað til einkasalan er búin að selja. Jeg hefi sagt það tvisvar áður, og get gjarnan sagt það í þriðja sinn, að ef einkasalan á ekki að fá neina peninga, þá verður hún að selja strax, og það er svo hætt við því, að það fái þeir erl. kaupendur að vita, og haldi því verðinu niðri til þess er hún hefir selt. Niðurstaðan yrði þá sú, að þetta yrði ekki til ánægju fyrir innlenda framleiðendur, heldur til gróða fyrir þá erl. kaupendur. Svona er nú útlitið, og það er sannast að segja, að það er alt annað en glæsilegt. Það er því ekki nema von, að þeir, sem sjá, hvert stefnir og unna frjálsri samkepni, vari við því, sem er að ske.

Það er nú bráðum búið að samþykkja 3 einkasölufrv. á þessu þingi. Það er einkasala á tilbúnum áburði, síld, og svo ríkisrekstur á síldarbræðslustöð. Þetta þing er því komið alllangt inn á einokunarbrautina, og það sorglegasta við þetta er það, að svo er að sjá, sem margir sjeu þegar búnir að missa sjónar á því, hvað það er þýðingarmikið fyrir þjóðina að halda í þá frjálsu samkepni.

Í 6. gr. frv. stendur svo, sem jeg með leyfi hæstv. forseta ætla að lesa upp: „Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útlanda, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir". — Hvernig stendur á þessu ákvæði? Er það meiningin, að einkasalan sjálf hafi einhverjar slíkar framkvæmdir með höndum, eða á hún beinlínis að gera sjálf út? Líti maður á 2. gr. frv. og athugi þau afskifti, er Alþingi á að hafa af einkasölunni, sjer maður það, að Alþingi á að kjósa meiri hluta hinnar svokölluðu útflutningsnefndar. En hverja á að kjósa? Hvað veit Alþingi um það, hverjir eru færastir til þessa starfs? Þetta er ljóst dæmi þess, að Alþingi er komið inn á svið, sem er fyrir utan þess starfssvið. Jeg efast um, að Alþingi hafi nokkra hugmynd um það, hverjir eru heppilegastir til þess að standa fyrir þessu fyrirtæki. Og heldur er það óheppilega af stað farið, þegar Alþingi er falið að framkvæma þetta, þar sem það vantar þó öll skilyrði til þess að leysa þetta vel af hendi, því vitanlega vantar það alla sjerþekkingu í þessum efnum.

Jeg skal svo ekki þreyta menn með lengra máli um þetta, því jeg tel hvort sem er víst, að þetta frv. verði samþ. Hvort fleiri eða færri brtt. verða samþyktar, skiftir ekki miklu máli. Aðalatriðið er það, að á þessu þingi verður einokunin lögleidd. Og hræddur er jeg um það, að fljótt muni það koma í ljós, að þingið hefir hjer farið inn á skakka braut og að það muni sýna sig, að með þessu hefir ekki verið ráðin bót á vandræðunum, heldur munu þau aukast. Og vera má, að þegar reynslan, sem ætíð er ólýgnust, hefir fært mönnum heim sanninn um það, að hjer er verið á skakkri braut, að þá muni þeir iðrast mjög, er nú hafa barist mest fyrir því að koma einokuninni á.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson):*

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Jeg mun nú reyna að haga svo orðum mínum, að þau verði ekki til þess að flæma hv. þdm. úr sætum sínum. Mun jeg því sleppa því að svara þeim hnútum, er mjer hafa verið sendar frá því er umr. þessi hófst, því þær skifta hvort sem er ekki miklu máli, og halda mjer við aðalefni þessa máls.

Tveggja atriða hefir mjer þótt gæta mest í umr. um þetta mál, fyrst við 2. umr. og svo aftur nú við 3. umr. Annað var óttinn við það að styggja Svía og eiga svo á hættu, að markaðinum í Svíþjóð yrði lokað. T. d. talaði hv. þm. Dal. mjög um þetta, og það ekki aðeins einu sinni, heldur jafnvel þrisvar, eins og hann komst sjálfur svo heppilega að orði áðan. Hann sagði, að mjög mikil hætta væri á því, að síldarhringurinn sænski mundi halda verðinu niðri þar til einkasalan hefði selt alla síldina, en þá mundi verðið stíga. En hvernig ætla þeir að halda verðinu niðri? Það geta þeir ekki gert nema með því að bjóða hana út með lágu verði. Mjer finst því svona viðbárur þess eðlis, að ómögulegt sje að taka tillit til þeirra. Annars er þessi ótti við Svíana hinn mesti misskilningur og bábilja, því hjer hefir þegar verið lögfest skipulag á þessu í 2 ár. Og ef þeir hefðu á einhvern hátt ætlað að láta reiði sína bitna á okkur, þá hefði það átt að koma strax í ljós. Það, sem nú er um að ræða, er ekki annað en það, að verið er að breyta fyrirkomulaginu á því skipulagi, er tekið var fyrir 2 árum.

Hitt atriðið, sem fyrst og fremst var lögð áhersla á, var það, að markaðurinn mundi offyllast vegna veiða útlendra manna. Jeg mintist á þetta fyr í dag og benti á, að þessi hætta er minni en menn halda. Verndin fyrir okkur liggur í áhættu útlendinganna, sem þurfa að sækja svo langa leið, og eiga það svo undir stopulli veðráttu, hvort þeir geta verkað afla sinn, ef mikið berst að. Allir sjá, hverjum erfiðleikum það er bundið að taka á móti mikilli síld á hafi úti og verka hana á skipum, þar sem aðeins eru fáir menn. Það kemur oft fyrir, að nauðsynlegt er að magadraga síldina eða kverka, svo að hún geti orðið boðleg vara. En það verður ekki gert í snatri, nema margt fólk sje tiltækt. — Þetta, og þó einkum veðráttan, veldur því, að útlendingar munu trauðla sækja fast að auka flota sinn hjer við land, einkum ef þeir eiga ekki kost á að selja ótakmarkað í bræðslu. En það er á valdi stjórnarinnar, hve víðtækar heimildir eru gefnar í því efni.

Það er að vísu freistandi að minnast á sitthvað, sem fram hefir komið í meðferð málsins, en jeg verð að neita mjer um það. Jeg hafði eiginlega hugsað mjer að falla frá orðinu eins og við 2. umr., svo að atkvgr. gæti orðið fyr. Þó hefi jeg leyft mjer að segja þessi fáu orð, og sem frsm. verð jeg líklega jafnframt að minnast á fáeinar brtt., sem komu svo seint fram, að jeg gat eigi talað um þær í dag í framsöguræðu minni. — Þá var að vísu fram komin brtt. frá hv. 2. þm. Rang., en jeg hafði varla haft færi á að lesa hana. Síðan hefi jeg athugað hana og sje mjer ekki fært að mæla með henni, þótt hún feli í sjer eina hagfelda umbót. En að öðru leyti tel jeg hana ekki heppilega. Það eina, sem jeg tel til bóta, er að færa upphaf starfstíma nefndarinnar frá miðj-

um júní til 1. júlí. Að jafnaði gengur ekki útflutningshæf síld að landinu fyr en um mánaðamótin júní—júlí. Því hefst hið reglulega starf nefndarinnar ekki fyr.

Brtt. á þskj. 671, frá hv. þm. Ísaf., var ekki fram komin, er jeg talaði í dag. Jeg get fallist á hana, enda þótt hún geri litla og óverulega breytingu á 7. gr. frv. Í henni felst vilyrði, sem gæti orðið reknetabátum að liði, en bindur þó ekki framkvæmdarstjórnina verulega.

Síðasta brtt. er frá hv. 2. þm. Eyf. og er á þskj. 682. Virðist mjer hún að öllu meinlaus og verð að geta þess, að þegar hún lá hjer fyrir áður, mælti jeg fremur með henni. Ef framkvæmdarstjórarnir eru alveg lausir við að taka þátt í síldarsöltun eða útgerð, er minni ástæða til að óttast hlutdrægni af þeirra hálfu.

Jeg ætlaði að vera sem fáorðastur, en áður en jeg lýk máli mínu, verð jeg þó að víkja fáeinum orðum að hv. þm. V.-Ísf. og tillögum hans á þskj. 616. Hann heldur því fram, að nauðsynlegt sje, að síldarmatið eftir lögunum frá 1919 haldist jafnframt því mati, sem til er ætlast, að einkasalan framkvæmi eða annist um. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þá sjeu tveir tígulkongar komnir í spilin, og verður ilt að vita, hvar verksvið eins hættir og annars tekur við. Virðist mjer með öllu óþarft að hafa þessar tvær stofnanir. Er það sumpart vegna þess, að núverandi síldarmat hefir ekki notið álits eða trausts og verið að engu haft með útlendingum, svo sem hv. þm. Borgf. tók rjettilega fram. En sumpart er það vegna þess, að af þessu lögskipaða mati hlýst algerlega óþarfur kostnaður; veit jeg ekki betur en það kosti ríkið 12—14 þús. kr. á ári. Það er að vísu ekki há upphæð, en þó er eins gott að vera laus við að borga hana, ef hjá því verður komist að skaðlausu. Mjer skilst, að framkvæmdarstjórar einkasölunnar muni hafa sterkasta hvöt til að vanda vel matið. Þeir verða starfsmenn hennar, og það hlýtur að vera sjerstakt áhugamál þeirra og einkasölunnar, að vel takist bæði matið og salan á síldinni.

Skal jeg nú láta úttalað um þetta af minni hálfu. Vil jeg ekki tefja fyrir atkvgr. eða að þreyttir þingmenn fái að leggjast til svefns. Þó mun jeg enn þrauka, ef einhverjir finna ástæðu til að kveðja sjer hljóðs.

Haraldur Guðmundsson: Það er í sjálfu sjer ákaflega fátt, sem jeg þarf að svara. Þó vildi jeg ekki láta hv. þm. Dal. ósvarað með öllu. Hann tók svo til orða, að ekki væri undarlegt, þótt það kæmi við hjartað í mjer og okkur jafnaðarmönnum, þegar fundið væri að síldareinkasölunni. Jeg get nú upplýst hv. þm. um, að hjer er ekki um að ræða ríkisfyrirtæki eða þjóðnýtingu, heldur lögboðinn samvinnufjelagsskap síldarútvegsmanna. Það er ljóst, að ríkið á ekki að reka þetta fyrirtæki fyrir almannafje, heldur verður það gert á kostnað og áhættu útgerðarmanna. — Hv. þm. vildi halda fast við, að með þessu væri hlutur hinna smærri útgerðarmanna gerður lakari, en hinna stærri að mjer skildist betri. Hann tók svo til orða, að þetta væri vernd fyrir hina ríkari. Í fyrri ræðu sinni sagði hann, að hinum smærri útgerðarmönnum væri kastað út á gaddinn, ef þetta frv. yrði

að lögum. Þetta var óskiljanlegt í fyrstu, en nú skýrði hann það svo, að rjetturinn til að veðsetja aflann yrði tekinn af þeim, svo að þeir gætu ekki fengið lánsfje. Jeg veit nú ekki, hversu gott smáútgerðarmönnunum hefir á umliðnum árum verið til fjáröflunar, en ekki hefi jeg heyrt þess getið, að bankarnir hafi staðið þeim opnir til að fá lán til síldveiða. Auk þess fæ jeg ekki sjeð, hver breyting verður á um þetta. Ef þeir hafa áður getað fengið lán út á veð í ófengnum afla, ættu þeir eins að geta fengið það nú gegn loforði einkasölunnar um að láta andvirði innlagðrar síldar ganga til lánardrottins. Jeg held meira að segja, að þetta sje tryggara veð, því að jeg hefi meiri trú á, að salan verði góð hjá einkasölunni en hjá einstaklingunum nú. Bankarnir munu til þessa hafa talið samninga við áreiðanlega kaupendur um kaup á síldinni sínar skástu tryggingar, næst fasteignaveðum og ábyrgðum efnaðra manna.

Í fyrri ræðu minni drap jeg á það, að gallarnir á núverandi fyrirkomulagi gerðu það nauðsynlegt að hefjast handa um að koma á einkasölunni. Jeg benti á, að síldarútgerðin væri að talsverðu leyti rekin fyrir lánsfje frá verkamönnum og sjómönnum. Útgerðarmenn geta ekki greitt þeim kaup jafnóðum, eins og um er samið. Þeir verða að eiga það inni svo og svo lengi, og oft undir hælinn lagt, hvort þeir fá það nokkurntíma. Þetta er algerlega óverjandi fyrirkomulag.

Hv. þm. Dal. sagði, að með þessu frv. væri takmörkuð síldarsöltunin, og þar með dregið úr vinnunni. Jeg hygg, að þetta sje ekki rjett. Jeg hefi fylstu ástæðu til að ætla, að einkasalan geti selt eins mikla síld og áður seldist. Það er aðeins í þeim tilfellum, sem hætta væri á, að meira yrði saltað en markaðurinn þolir, að kipt verður í taumana og söltun stöðvuð. En það væri þá vinningur, því að með því væri komist hjá tapi, sem ella hlyti að verða afleiðingin.

Þá sagði hv. þm., að þegar hann talaði um spillinguna, sem yrði kringum einkasöluna, þá hefði hann ekki átt neitt sjerstaklega við einkasölu á síld, heldur við þá spillingu alment, sem hætt væri við, ef einstakir menn væru settir fyrir fyrirtæki, sem hefðu mjög mikið fjármagn. Jeg játa, að hjer er hætta á ferðum, ef gert er ráð fyrir því, að óhlutvandir menn veljist til forstöðunnar. En hættan er engu meiri hjer en við hvert annað fyrirtæki, sem ræður yfir miklu fjármagni og starfar með leigðum starfskröftum. Hættan er t. d. alveg eins mikil kringum banka. Ef menn gera sjer svona grýlur, hætta þeir seinast að trúa nokkrum manni fyrir nokkrum hlut.

Hv. þm. drap á, að jeg hefði sagt, að samkepnin væri altaf til að lækka vöruverðið. Þetta er ekki alveg rjett haft eftir. Jeg sagði, að þeir, sem dást að frjálsri samkepni, teldu það einn höfuðkost hennar, að hún lækkaði vöruverðið. Þetta væru ein af höfuðrökunum fyrir henni. Jeg benti jafnframt á, að af þessari röksemdaleiðslu leiddi það, að þegar margir menn keptust um að selja síldina, mundi verðið lækka. Þessu getur hv. þm. ekki mótmælt, en hann getur auðvitað farið út í annað, eins og það, að

áhættan sje meiri, þegar alt sje á einni hendi og selt í einu lagi. Jeg býst nú raunar við, að einkasalan selji aldrei alla síldina í einu, svo að það jafnist nokkuð, ef mismunandi verð er á ýmsum tímum.

Það var heldur spaugilegt, þegar hv. þm. fór að tala um, að fisksalan væri í ágætu lagi. **(SE:** Það sagði jeg aldrei). Hv. þm. sagði, að síldarútgerðarmenn mundu taka fiskútflytjendur sjer til fyrirmyndar og gera frjáls samtök sín á milli. Var svo að sjá, sem honum þætti það fögur fyrirmynd. En jeg held, að við höfum sorglega sögu að segja af þessháttar samtökum. Reykvíkingar þekkja allir tvenn slík samtök. Í fyrra sinnið var það Coplandshringurinn og síðan sölusamlagið 1926, sem ekki gekk vel. **(ÓTh:** Það gekk einmitt mjög vel). Annað sagði hv. þm., þegar rætt var um einkasölu á saltfiski í hv. deild. — Einmitt þessi tvenn sölusamtök sýna, að svona smásamtök standa illa að vígi í samkepninni. Þau bæta oftast helst fyrir þeim, sem utan þeirra eru, og jafnan er því hætt við, að gróðalöngunin ráði meiru en forsjálnin. Alt öðru máli gegnir, ef samtökin ná yfir alla framleiðsluna, eins og hjer er gert ráð fyrir. Þá er samkepnin úr sögunni.

Þá sagði hv. þm., að síldarinnflytjendur í Svíþjóð mundu reyna að halda verðinu niðri fyrir einkasölunni. Það efast jeg ekki um, að sje rjett, — en hvað gera þeir nú? Vilja þeir ekki fá vöruna fyrir það allra lægsta verð, sem þeim er unt? Hv. þm. sagði, að þeir mundu bíða með að kaupa af einkasölunni, þar til hún yrði að fá peninga og gæti ekki lengur beðið. En er það ekki einmitt þetta, sem þeir gera nú gagnvart hinum einstöku framleiðendum? Bíða þeir ekki þangað til lánardrottnarnir eru farnir að kalla eftir peningum sínum hjá síldarútflytjendum? Fyrst kemur Pjetur og bíður 1000 tunnur fyrir þetta verð, síðan Páll og bíður sínar 1000 tunnur svolítið ódýrari, og svona hver af öðrum. — Nei, til þess að verjast þessum tilraunum erlendra kaupmanna til að lækka verðið er áreiðanlega besta ráðið að hafa lögbundin samtök um söluna. Því að samkepni seljenda hlýtur altaf að verða til að lækka síldarverðið.

Hv. þm. sagði, að það, sem gera þyrfti, væri ekki svo mjög að skipulagsbinda söluna, heldur fyrst og fremst að útvega nýja markaði. Jeg er honum sammála um, að þess gerist full þörf. En hvort heldur hann, að það sje auðveldara með núverandi ástandi óbreyttu eða með einkasölu? Hv. þm. Borgf. hefir borið fram brtt. um það, að ¾ % af andvirði allrar seldrar síldar gangi í markaðsleitarsjóð. Mun jeg greiða atkv. með henni, því að hún getur veitt drjúga hjálp í útvegun markaða, án tilfinnanlegra útgjalda fyrir síldarútvegsmenn eða ríkissjóð.

Jeg get hjer hætt við hv. þm. Dal., en jeg átti nokkur orð ósögð við hv. þm. Vestm. Út af orðum mínum í dag um hótanir Norðmanna um að setja upp flotstöðvar sagði hann, að því færi fjarri, að þeir hefðu látið lenda við orðin ein. Jeg veit, að þeir hafa gert nokkuð að þessu, en jeg veit ekki, hvort hv. þm. Vestm. vill afnema fiskiveiðalöggjöfina fyrir þá sök. Það er alveg hliðstætt því, að af þessum sök-

um sje hætt við einkasöluna. Hvorttveggja, fiskiveiðalöggjöfin og einkasalan, er sett til þess að tryggja sjerhagsmuni okkar gagnvart útlendingum. Aðstaðan til að salta fyrir utan landhelgi batnar ekki, þótt þessi lög sjeu sett. En annars veit hv. þm. Vestm. það, að undirstaðan undir því, að Norðmenn geti saltað utan landhelgi, er sú, að þeir hafi innhlaup í bræðslustöðvar í landi, til að bræða þá síld, er þeir geta ekki saltað, t. d. vegna óstiltrar veðráttu.

Í sambandi við þetta get jeg vikið nokkrum orðum að hv. þm. Skagf. Hann gat þess, að ekki væri auðvelt að takmarka skipafjölda þann, er „Ægir" í Krossanesi fengi að kaupa síld af, eftir kjötsamningunum. Jeg mintist á þetta í dag, en til viðbótar skal jeg taka fram, að árið 1922 eða 1923 fær „Ægir" leyfi til tveggja ára til að kaupa af ótakmörkuðum fjölda skipa, en 1925 er leyfið bundið við 10 skip aðeins og fyrir það sumar eitt. Þetta ljet Krossaneshöfðinginn sjer nægja það ár. Auðvitað var það vel þegið af honum, er hv. þm., sem þá var ráðherra, rýmkaði þetta árið 1926, og þó enn betur þakkað, er hann í fyrra leyfði að leggja upp óskamtað af síld í Krossanesi næstu 2 ár. Árið 1926, 11. maí, fær hún leyfi til að salta af 10 skipum fyrir það sumar. Háttv. þm. orðaði það svo, að verksmiðjan hefði verið óánægð yfir þessari takmörkun. Já, það lítur sannarlega út fyrir það, því að strax 30. júlí, 1½ mánuði seinna, er leyfið rýmkað upp í 25 skip; og enn 1½ mán. seinna, 14. ágúst, er henni leyft að kaupa úr ótakmörkuðum fjölda skipa það sem eftir var sumars. Jeg vil ekki vjefengja orð hv. þm. um það, að verksmiðjan hafi verið óánægð; en jeg verð að líta á hagsmuni íslenskra útgerðarmanna jafnframt. Samningarnir við Norðmenn eru að vísu teygjanlegir eins og hrátt skinn, og jeg býst við, að hv. þm. vilji hanga í því. En um það hygg jeg, að megi deila, hvort hægt sje að teygja þá svona langt. Árin 1925 og 1926 virðist verksmiðjan ætla að sætta sig sæmilega við takmörkun, en við undanlátssemi stjórnarinnar virðist óánægjan aukast; því að árið eftir, 25. júlí, fær verksmiðjan leyfi til að kaupa úr ótakmörkuðum fjölda skipa um næsta tveggja ára bil, — þann lengsta tíma, sem lögin heimila. Mjer finst hæstv. fyrv. stjórn hafa gert hjer meira en sú góða stofnun verðskuldaði.

Í þessu sambandi má geta þess, að það er ekki alllítill fjöldi skipa, sem hafa fengið þessa undanþágu. Jeg var að telja saman leyfin frá 1926, og þau eru veitt 65 skipum, og sjálfsagt gilda þá fleiri leyfi, sem veitt voru fyrir tvö ár. Árið 1927 var svo þýskum manni veitt leyfi til að kaupa frá 20 skipum. Ekki var hann norskur, að það þyrfti að sýna honum velvilja vegna fiskiveiðalöggjafarinnar. Með þessum gífurlegu leyfum, sem veitt hafa verið erlendum skipum, hefir verið sjeð fyrir því, að þau gætu sem best stundað veiðar utan landhelginnar, — farið með afla sinn í verksmiðjuna, þegar illa viðrar, en saltað úti í hafi, þegar vel viðrar.

Sigurður Eggerz: Hv. þm. Ísaf. sagði, að hjer væri ekki um ríkis-

fyrirtæki að ræða. Já, það er nú svo. En þegar maður sjer, að jafnvel sameinað Alþingi á að skipa í stjórn fyrirtækisins, er ekki hægt annað en efast stórlega um það, að það beri ekki á sjer að einhverju leyti einkenni ríkisfyrirtækis.

En svo er annað. Jeg vil vísa í 5. gr. frv., þar sem stendur, að framkvæmdarstjórninni sje heimilt að taka fje að láni út á síldina. Hvað þýða þessi orð? Jeg get ekki skilið þau öðruvísi en svo, að hún eigi að taka lán á nafn einkasölunnar. Einkasalan á þá að vera lántakandinn, og þar með er í raun og veru búið að flækja ríkissjóði inn í þetta. Þó að hv. frsm. vilji skilja b-lið svo, að liðurinn þýði einungis að gefa mönnum meðmæli, þá er jeg óviss um, nema þetta verði skilið öðruvísi. Hv. þm. vildi ekki fallast á, að ef ríkiseinkasalan ljeti ekki fje til útgerðarinnar, væru hinir smærri útgerðarmenn illa staddir. En það liggur í hlutarins eðli, að einhversstaðar verða bátarnir að fá fje til rekstrarins. Og aðstaða þeirra til þess að fá lán er alt önnur, þegar þeir ráða yfir síldinni og geta veðsett hana, heldur en þegar aðrir ráða yfir henni. Það er ekki til neins að neita því, að þegar ríkiseinkasalan kemst á, þá verða hinir smærri útgerðarmenn ver úti, ef einkasalan lánar ekki til framleiðslunnar. Hv. þm. sagði, að munurinn yrði sá, að minna yrði gert út, og þá yrði markaðurinn takmarkaður. Það er nú svo. En við skulum hugsa okkur, að verulega lítið sje af síld og smærri útgerðarmenn gætu ekki gert út, af því að þá vantaði fje. Hvernig fer þá? Þeir fáu efnuðu geta gert út og taka þá auðvitað allan gróðann, en hinir smærri eða fátækari eru útilokaðir frá að koma til greina. Svona er nú umhyggjan hjá þessum hv. þm. fyrir smærri útgerðarmönnunum. (**HG:** Af hverju eru þeir útilokaðir?). Af því að þeir hafa engin ráð til að útvega sjer fje, önnur en að krjúpa á náðir þeirra fáu efnuðu útgerðarmanna, svo að þeir leggi þeim fje. En þar með er þeirra kosti þrengt.

Jeg vil aðeins benda á, að þegar verslunin með eitthvað er komin á eina hönd, þá er eðlilegt, að reynt sje á allan hátt að freista þeirrar einu handar. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. hafði eftir mjer um fiskmarkaðinn, þá sagði jeg, að ef margir byðu út fiskinn, gæti það orðið til þess að lækka fiskverðið. En jeg gat þess um leið, að útgerðarmenn væru farnir að veita þessu eftirtekt og hefðu ýmsir hinir bestu meðal þeirra gert samtök sín á milli til þess að koma í veg fyrir, að markaðurinn væri skemdur með of miklu útboði. En þrátt fyrir þessa galla, sem fylgja of miklu útboði, þá mundu þeir ekki verða margir í útgerðarmannahópnum, sem óskuðu eftir einkasölu á fiski. Sjálfsagt mundi einkasalan verða skoðuð banatilræði við útveginn. En ef á að ganga inn á röksemdir hv. þm. Ísaf., þá leiðir þetta lengra en til síldareinkasölunnar; það leiðir til þess, að alla verslun ætti að setja á eina hönd. Það er markið, sem stefnt er að. Jafnaðarmannaflokkurinn hjer á þingi er ýtinn flokkur. Hann reynir að lokka meiri hlutann inn á ríkisrekstur á öllum sviðum. Jeg sje, að foringi jafnaðarmanna stendur þarna og hvernig gleðin skín út úr andlitinu við þessa hugsun, að fá sem allra fyrst alt á eina hönd, eintóman ríkisrekstur. Og

þeir eru að draga mikilsráðandi menn í þinginu stig af stigi inn á þessa óheillabraut. Og hver veit nema fiskurinn komi á eftir síldinni. (**LH:** Það getur verið, að það verði heillabraut). Þetta þykir mjer leiðinlegt að heyra hjá mínum góða vini, hv. þm. V.-Sk., að það verði heillabraut að skapa einokun í fiskversluninni. Þetta er meira alvörumál en menn halda, þegar er verið að taka eitt og eitt mál út af fyrir sig. Menn segja, að það sje saklaust að hafa einokun á þessu og þessu, af því að verslunin sje óheppileg með þá vöru; en þó geta menn aldrei fært þessar „sjerstöku ástæður" fyrir því að víkja frá grundvelli frjálsrar verslunar. En bak við liggur það, að ná öllu á eina hönd; aðferðin er að færa sig þrep af þrepi.

Jeg lengi ekki umræður með því að svara hv. frsm.; hann vildi lítið gera úr því, að það væri farið að veiða fyrir utan línuna; taldi ákaflega mörg og mikil tormerki á því. En hvað segir reynslan? Hún segir það, að á seinasta ári eru hvorki meira nje minna en 190 þús. tunnur veiddar fyrir utan línuna; og reynslan segir, að þessi veiði sje altaf að aukast. En svo sagði hv. þm.: Já, en það er önnur aðstaða nú, þar sem útlendingar fá sennilega ekki að veiða í verksmiðju framvegis. En hver segir, að þeir fái ekki áfram að veiða í verksmiðju? Það er ekki búið að breyta neitt lögum um það. Það er að vísu komin ný stjórn, en hver segir, að sú stjórn verði harðari við Norðmenn heldur en hin, sem fór? Hver veit nema kjöttollurinn geti gripið inn í? Ef hæstv. forsrh. færi að verða hræddur um kjötið sitt, þá þekki jeg hann illa, ef hann myndi ekki hugsa sig um áður en hann færi að verða langtum strangari en fyrirrennari hans. Það er engin ástæða að ætla, að hann yrði vitund strangari. Svona eru allir liðir þessa máls, alstaðar eintómar veilur. Reynslan stendur með mínu máli og sýnir það, að altaf er að aukast útgerðin fyrir utan línuna; og þegar Norðmenn vita, að farið er að takmarka veiði hjer, þá verða þeir að veiða fyrir utan, af því að þá vita þeir, að markaðurinn verður betri; þessi einokun er hjálp fyrir þá, en einungis til skaða fyrir okkur á öllum sviðum.

Hitt er líka alveg rjett, sem jeg tók fram áður, að einmitt fyrir það, að síldin kemst á eina hönd, þá reyna erlendir menn sjerstaklega að stríða hart móti þeirri hendi og gera alt örðugt. Úti í heiminum líta menn alt öðruvísi á einokun heldur en hjer á Íslandi; ýmsir bestu fjármálamenn hafa nýlega á stórri samkomu lagt mjög eindregið móti einokun. Og bara þetta, að taka upp einokun, gerir það að verkum. (**LH:** Það verður engin einokun). Jú, sannarlega, og ef verslunin svo kemst á eina hönd, eins og jafnaðarmenn vilja, þá endar það á því, að menn verða eins og í gamla daga að standa berhöfðaðir fyrir framan búðarborðið.

Eitt er jeg viss um, — að þegar þingið er orðið tíu sinnum vitrara en það nú er, þá fara ekki skaðræðisfrumvörp eins og þetta í gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 623 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 655 feld með 16:9 atkv.
— 654,1 feld með 15:9 atkv.

Brtt. 677 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, GunnS, JJós, BSv.
nei: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB.

Þrír þm. (EJ, HK, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 673,a--b samþ. með 16 shlj. atkv.
— 657,1, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 654,2 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, GunnS, BSv.
nei: HjV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG.

Þrír þm. (EJ, HK, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 682 samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HjV, IngB, JÓl, MG, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, BSv.
nei: JAJ, JS, LH, MJ, PO, ÁÁ, BÁ, GunnS, HJ.

Þrír þm. (EJ, HK, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 654,3 feld með 16:7 atkv.
— 616 (fyrsta) feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HG, JAJ, JÓl, JS, LH, MT, SE.
nei: SÁÓ, SvÓ, GunnS, HStef, HJ, HjV, IngB, JJós, MG, MJ, PO, BSv.

Fjórir þm. (EJ, HK, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 657,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 654,4 samþ. án atkvgr.
— 657,3 samþ. án atkvgr.
— 654,5 samþ. án atkvgr.
— 654,6 feld með 14:9 atkv.

Brtt. 657,4 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSt, HStef, HK, JJós, JAJ, BSv.
nei: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HJ, HG, HjV, IngB.

Tveir þm. (JörB, EJ) fjarstaddir.

Brtt. 654,7.a samþ. með 15:5 atkv.
— 654,7.b feld með 14:10 atkv.
— 654,7.c samþ. með 15:1 atkv.
— 654,7.d feld með 15:7 atkv.
— 671 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 657,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 654,8 sjálffallin.
— 657,6 samþ. án atkvgr.
— 616 (önnur) feld með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HK, JAJ, JÓl, JS, ÓTh, SE, ÁÁ.
nei: GunnS, HStef, HJ, HjV, IngB, LH, MG, MJ, MT, PO, SÁÓ, SvÓ.

BSv, BÁ, HG, JJós, TrÞ, ÞorlJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JörB, EJ) fjarstaddir.

Brtt. 616 (þriðja) feld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JAJ, JÓl, JS, ÓTh, SE, ÁÁ.
nei: HjV, IngB, JJós, LH, MG, MJ, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, GunnS, HStef, HJ.

BSv, BSt, BÁ, HG, TrÞ, ÞorlJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JörB, EJ) fjarstaddir.

Brtt. 654,9 feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.
nei: HK, HjV, IngB, LH, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, BSv.

Tveir þm. (JörB, EJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, LH, MT, PO, BSv.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

Tveir þm. (JörB, EJ) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 694).

Á 67. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 737).

---

58. Dragnótaveiði í landhelgi.

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 312).

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21:1 atkv.

Á 50. og 51. fundi í Nd., 17. og 19. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 20. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 312, n. 481, 520).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál; greinargerð sú, er frv. fylgir, er svo ítarleg, að ætla má að nægt geti að vísa til hennar.

Sjútvn. hefir lagt til, að þetta frv. næði fram að ganga. Meiri hl. vill gera á því lítilsháttar breytingu, en 2 hv. nefndarmenn vilja gera frekari breytingar á því, og mun jeg víkja máli mínu dálítið að þessum brtt.

Þær brtt., sem nefndin ber fram, má sjá á þskj. 481.

Sú fyrsta er við 1. gr. frv. og er á þá leið, að nánar er til tekið, hverskonar veiðifæri er átt við með frv., og er það skilgreint svo vel, að menn þurfa ekki að vera í neinum vafa um það.

Þá er 2. brtt. um að 2. gr. falli burt. Það þótti rjett að hafa þetta ekki eins einskorðað og til var tekið í frv. og því ekki þörf á að láta 2. gr. standa.

Þá er 3. brtt., við 3. gr., um að það sje tekið fram, hverskonar veiðiskap megi stunda og með hvaða veiðitækjum.

Eigendum og nothöfum jarða, er að sjó liggja, sje heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Ennfremur sje heimilt að króa af síld og ufsa við land og veiða síld í landhelgi með hringnót, þótt til botns taki.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til þess að amast við síldveiði í landhelgi með herpinót,

en frekari veiðiskap má ekki stunda. Þá er og í þessari brtt. gert ráð fyrir því, að atvmrh. geti veitt leyfi til að nota dragnætur í landhelgi til vísindalegra rannsókna, en þó skal það leyfi ætíð tímabundið.

Loks er síðasta brtt., að sektir renni í fiskiveiðasjóð, en ekki í landhelgisjóð. Fiskiveiðasjóður er svo þörf stofnun, að ekki sýnist ástæða til þess að amast við því að hann fái þessar tekjur.

Tveir hv. nefndarmenn fallast að vísu á þessar brtt., en vilja, að heimilt sje að stunda dragnótaveiði frá 1. september til 30. nóvember fyrir þeim hjeruðum, þar sem dragnótaveiði hefir verið stunduð hingað til.

Þeir telja, að þetta algerða bann kunni að einhverju leyti að gera tjón þeim mönnum, sem byrjað hafa á þessum veiðiskap.

Meiri hl. nefndarinnar vill ekki neita því, að þetta geti átt sjer stað. Það má vel vera, að einhverjir menn hafi þegar útvegað sjer þessi tæki, og það er síður en svo, að meiri hl. sje ljúft að ganga á hag manna.

En eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, eru það mjög fáir menn, sem svo er ástatt um, að illa verði úti þótt algert bann sje lögfest.

Það er að vísu hart að setja lög, sem skerða hagsmuni einstaklinganna, en það er ekki altaf hægt að gera við því, þótt svo kunni að fara. En um þetta mál getur svo farið, að að því reki, að ekki sje hægt að komast hjá því að banna þennan veiðiskap algerlega, og þá getur vel verið, að þeir sjeu orðnir fleiri en nú, sem útvegað hafa sjer þessi tæki, svo að bannið komi þá harðar niður en þótt það væri nú í lög tekið. Skal jeg nú víkja nokkuð að ástæðunum að þess.

Um skeið hefir þessi veiðiskapur verið stundaður hjer við land, og meir af erlendum mönnum en innlendum. Í sumum hjeruðum hefir verið allmikið um kolaveiði, svo að menn við sjó hafa átt vísan talsverðan afla.

En síðan farið var að reka þennan veiðiskap í stórum stíl, og eins og jeg hefi þegar tekið fram, mest af útlendingum, þá hefir veiðin að mestu leyti horfið.

Í þeim fjörðum, þar sem þessi veiði hefir verið stunduð, hafa erlend skip legið á víkum og vogum inni og sargað stundum langt fram á haust, eftir því, hvernig gengd og veðrátta hefir hagað sjer.

Nú er svo komið sumstaðar við landið, að þar, sem áður var mikið kola, eru þeir alveg horfnir. Það er opinbert leyndarmál, að erlendis er mikill undirbúningur undir að stunda þessa veiði af meira kappi í sumar en nokkru sinni áður. Og það þarf engum getum að því að leiða, hvaða verkanir þetta hefir á fiskigöngurnar og hverra hagsmuna innlendir menn hafa að gæta í þessu efni. Og þótt þessi veiði verði ekki rekin í stórum stíl í sumar, benda ummæli erlendra blaða til þess, að veiðiskapurinn verði aukinn mjög á næstunni. Þar sem margt bendir til, að veiðin spillist á skömmum tíma og út fyrir lítur, að innlendir menn muni hafa litlar tekjur af þessum veiðiskap, virðist það ekki rjett að gefa nokkrum innlendum manni nje útlendum undir fótinn með því að leyfa veiðirjett, sem strax verður afnuminn. Því er rjett að banna þetta strax, áður en meiri spjöll eru að orðin, og banni

verður ekki við komið með öðru móti en því að láta eitt yfir alla ganga. Þess vegna virðist mjer og tveim öðrum úr sjútvn. varlegast að taka fyrir veiðina strax. Þótt brtt. 520 verði samþ., er það samt til bóta frá því, sem nú er, þar sem dragnótaveiði er leyfð. En þó að þetta sje framför, tel jeg það ekki nóg og vona, að deildin sýni þá varfærni að samþ. till. sjútvn., þær sem eru á þskj. 481.

Jón Ólafsson: Jeg hefi verið að vona, frá því að jeg sá þetta frv., að flm. flyttu það meira til að sýna það í skjalasafni Alþingistíðindanna en koma því fram. Jeg er hissa á því, að slík fáfræði skuli finnast á 20. öldinni og lýsir sjer í þessu frv. Það lítur ekki út fyrir, að flm. hafi farið eftir vísindunum eða fiskifræðingunum, heldur eftir hjátrúarfylstu fiskimönnum. Jeg sje mjer til mestu vonbrigða, að meiri hl. sjútvn. leggur til, að þetta frv., sem setur alveg einstakan smánarblett á þjóðina, verði samþ. Að vísu skrifa 2 nefndarmennirnir undir með fyrirvara, og er það óneitanlega skárra en að fallast á þetta með öllu rannsóknarlaust.

Jeg held, að við, sem þekkjum sjómannastjettina, göngum þess ekki duldir, hve hjátrúarfull hún er. Hún þykist vita svo mikið um fiskinn, að vísindin komast ekki að. Þegar Finnmerkingar fengu fyrsta mótorbátinn, vildu þeir láta banna hann, af því að þeir þóttust vissir um, að hann flæmdi fiskinn burtu. Eins var það, þegar fyrstu mótorbátarnir voru við veiðar á Ísafjarðardjúpi. Jeg kom þá þangað til að fá síld til beitu, en var sagt, að hún væri engin til. Nótabassinn, sem var hinn snjallasti maður í sinni grein, bar því við, að mótorbátarnir flæmdu síldina burtu með skellum sínum. Svo hafa fordómarnir ávalt verið, og ætti löggjöfin síst að fara að ljá þeim lið. Þetta var þó gert í fyrsta sinn 1877, þegar hreppum og sýslufjelögum var veitt heimild til að setja reglur um veiðiskap. Jeg ólst upp með þessum lögum og þekki þau vel. Álfsnesingar í Vogi við Hafnarfjörð heimtuðu þá, að Garðamönnum yrði bannað að leggja net í sjó, þegar fiskgöngurnar kæmu, svo að fiskurinn hefði fría leið inn flóann. Allir vita, að það er ómögulegt, að netin byrgi fiskgöngu, og er þetta því stærsta skrælingjamerkið, sem sett hefir verið á sjómenn við Faxaflóa. Jeg man þá tíma, er fiskurinn barði utan landsteinana, en landsins börn sátu svöng í landi. Formennirnir máttu ekki leggja net sín, en fiskurinn gleymdi, hvert honum var ætlað að stefna og kom hvergi fram, ekki í Voginn og hvergi annarsstaðar á þeim stöðum, sem honum var ætlað að heimsækja. Þetta endurtekur sig nú í frv. þessu í enn víðtækari merkingu. Seinasta glappaskotið í löggjöf um þessi efni var framið 1923. Skagfirðingar notuðu þessa heimild, en mjer er sagt, að þeir hafi horfið frá henni. (**PO:** Það er búið að nema þetta úr lögum). Já, menn hafa verið búnir að fá nóg af þessu, sjeð, að það var „della" og afnumið það. Í Keflavík var þetta gert af þröngsýni og nirfilsskap; ungir menn stóðu þar á móti, en þeir eldri voru með því, af því að þeir halda, eins og flm., að dragnótaveiðin skemmi botninn. En

þeir gæta ekki að því, sem fiskifræðingarnir segja, sem sje því, að fiskurinn kemur á eftir æti eða til að hrygna, og ekki til annars. Nefndin vill banna þessa dragnótaveiði með öllu í landhelgi og kemst þar engin sanngirni eða miðlun á milli. Það er nógu fróðlegt að líta eftir, hvað aðrar þjóðir aðhafast í þessu efni, t. d. Danir. Sá maður þeirra, sem fann upp þetta veiðarfæri, Jens vefari, fyrir 70 árum — það var skakt hjá nefndinni, að það hafi verið fyrir 50 árum —, hefir nú verið heiðraður með því hjá þjóð sinni, að honum hefir verið reistur minnisvarði af opinberu fje, á sama tíma og við ætlum að leggja bann fyrir þetta. Það er ekki verið að hafa fyrir því að leita að gögnum og rökum; helstu rökin eru friðun á skógi og kjarri. (**ÓTh**: Ræðumaður má ekki blanda saman meiri og minni hluta nefndarinnar). Jeg hefi ekki gert það, en minni hl. verður þó að fá eitthvað, því að mjer heyrðist ekki betur en að frsm. segði, að nefndin væri sammála. Friðun á skógi stendur ekki í neinu sambandi við friðun á fiski; það gegnir alt öðru máli með lifandi verur, svo sem fiska, sem verða mjög skammlífir, en með skóga, sem þroskast og dafna öld af öld.

Það er sagt í nál., að nokkur stund hafi verið lögð á að veiða kola um aldamótin. Þetta er rjett. Það var stofnað fjelag á Austfjörðum í þessum tilgangi; en það er ekki rjett, að það hafi ekki orðið landinu til nytja, því að vinnulaun o. fl. varð eftir í landinu. Þessi útgerð bar sig ekki, vegna ýmissa annmarka á fyrirkomulaginu, og mjer er það minnisstætt, að Tryggvi sál. Gunnarsson hafði hinn mesta áhuga á slíkum veiðiskap og gekst enda fyrir því, þó lítið yrði úr því, að hafist yrði handa til að hrinda þessum nytjaveiðiskap í framkvæmd. Íslenskir útgerðarmenn hafa oft haft það fyrir augum að hefjast handa í þessu efni, þegar hægt verður að koma þessari dýru vöru, kolanum, á markaðinn. Jeg man eftir bók um fiskirannsóknir við Færeyjar og Ísland, sem kom út árið 1903. Formaður þeirra rannsókna var Johan Schmidt. Í formála þeirrar bókar segir, að Íslendingar veiði ekki kola, en vonandi opnist augu þeirra fyrir því að nota þessi veiðarfæri, svo að þetta merki um framtaksleysi hverfi af þjóðinni. Þessi orð eru í fullu gildi en þann dag í dag, og mætti þó taka dýpra í árinni, ef þetta frv. á að verða að lögum. Kom ýmislegt fram í síðasta Dana-leiðangri hjer við rannsóknir, sem leiddi það í ljós, að svo mikið væri af kola við strendur Íslands, að það horfði til eyðileggingar á kolanum sjálfum. T. d. hefir sá koli, sem elst upp hjer í Faxaflóa innan landhelgilínunnar, svo lítið æti, að 5 ára koli, sem elst upp þar, er magrari og smærri en 4 ára kolinn utan landhelgilínunnar. Og sama er sagan frá Englandi og Danmörku, því þar er víða svo mikið af kola á vissum stöðum, að hann þroskast ekki og því flytja Englendingar hann lifandi til Doggersbank, til þess að láta hann alast þar upp. Þetta vilja þeir til vinna. Ekki vilja þeir leggja bann við þessu.

Það kemur ekki heim við álit fiskifræðinganna, þegar verið er að tala um, að kolinn muni hverfa, því þeir eru að mjög miklu leyti á annari skoðun. Frv. gerir ráð fyrir að taka á

þessu þeim tökum, að enginn hafi gagn af kolanum, nema utan landhelgilínunnar. Það má segja, að það komi úr hörðustu átt, þar sem jeg legst á móti því að friða kolann í landhelginni, því vitanlega ætti kolaveiðin að vera nokkuð meiri utan landhelginnar, ef slíkt væri lögleitt. En þótt við tökum nokkurn þátt í botnvörpuveiðum fyrir kola utan landhelginnar, þá höfum við Íslendingar þó ekki meira en ca. $^1/_{40}$ hlutann af veiðum þar, þegar tekið er tillit til þess, hvað við höfum stuttan veiðitíma í ís á okkar litla flota árs árlega. Það er því aðallega fyrir útlenda hagsmuni, ef þetta frv. verður samþ.

Það er vitanlega rjett, sem í greinargerðinni stendur, að þessi veiði hefir ekki verið til mikilla nytja hingað til. En fyrsta sporið til þess, að þessi veiði verði til nytja, er frystihússbygging sú, er nú stendur yfir hjer í Reykjavík. Ef frv. verður felt, verður veitt hjer og á Akranesi allmikið af kola og flutt í frystihús, en verði frv. samþ., er það ómótmælanlegt, að með því er ráðist á heimabjargræðið til þess eins að mata útlendingana, svo að þetta fer í öfuga átt. En þetta kemur af því, að menn fara ekki eftir því, sem vísindin segja, heldur eftir hleypidómum, sem ekki er gott að segja, hvort aðfengnir eru eða sprottnir af þröngsýni. Jeg hefi talað við Bjarna Sæmundsson, sem er talinn að vera einn af bestu fiskifræðingum á Norðurlöndum og allir þekkja, að vill ekkert fullyrða fyr en hann hefir fulla vissu. Hann segir svo í brjefi, sem jeg hefi undir höndum:

„Því er haldið fram sem einni aðalástæðu fyrir banni á brúkun dragnótarinnar, að hún sje eins hættuleg fyrir fiskaungviði og botnvarpan, en það er fjarstæða ein, sprottin af vanþekkingu. Það munu menn og fljótt sjá og skilja, ef þeir bera saman poka beggja veiðarfæranna, sem veiðin safnast í að lokum: Annar er úr voðfeldu, grönnu, einföldu baðmullargarni, með svo víðum möskvum, að 20 cm. (tvæ—þrevetur) skarkoli og 30—35 cm. (tvæ—þrevetur) þyrsklingur og ýsa getur smogið þá, en möskvar botnvörpupokans eru bæði þrengri (30 mm.) og riðnir úr tvöföldu og mjög gildu hampgarni og svo lokaðir, ef á þeim stríkkar, að fá ársgömul seiði (10—15 cm.) geta smogið, og tæplega smáseiði á fyrsta ári eða sandsíli, hvað þá það, sem stærra og gildara er".

Þetta segir nú fiskifræðingurinn, og í sama streng taka þeir menn í Noregi, sem starfað hafa að þessum málum. Þetta veiðarfæri er ekki skaðlegra en önnur, t. d. þorskanet, því að jeg held, að enginn fari að ganga svo langt að vorkenna þorskinum dauða hans.

Í Noregi er til fjelag, sem heitir „Fiskerisfremme", og er markmið þess líkt og Fiskifjelags Íslands, þ. e. að fræða og leiðbeina fiskimönnum um veiðarfæri og veiðiaðferðir. Til þess að kenna að nota veiðarfærið (dragnótina) og til þess að slá á fordóma fiskimanna þar hefir fjelagið keypt nokkrar dragnætur til að láta fiskimenn reyna. Svona er gangur málsins þar. Að vísu er nokkuð þrátt að um veiðarfærið sem stendur, en það er ekki bannað á nema einum

stað, þar sem lúðumið eru. Mjer er ekki kunnugt um, að dragnótin sje bönnuð alment í neinu nálægra landa. Þetta fjelag í Noregi, sem jeg nefndi, hafði svo mikið álit á dragnótinni, að það gerði alt til að útbreiða hana. Þar hefir hún orðið að töluverðu gagni, og er búist við, að hún sje framtíðarveiðarfæri. En þar er markaðurinn ekki eins fjarri og hjer. Hjeðan hefir verið ilt að koma kolanum óskemdum á markað, en nú er einmitt verið að stíga hjer í bænum fyrsta sporið til að bæta úr þessu, með nýju frystihúsbyggingunni. Búist er við fleiri frystihúsum úti um landið. og ættu þau öll að skapa skilyrði til þess, að mikið fje mætti hafa upp úr kolaveiðum.

Það er dálítið merkilegt atriði, að eini jafnaðarmaðurinn í nefndinni skuli skrifa undir þetta nál. fyrirvaralaust. Þarna er þó vissulega verið að ráðast á þann smáa. Hjá því getur ekki farið, að dragnótin verði til mikilla nytja fyrir þá, sem stunda veiðar á tveggja manna vjelbátum og hafa skilyrði til að koma vöru sinni nýrri á markaðinn. Þeir ættu að hafa af því miklar tekjur. Mjer kom því óvart árásin á þessa menn frá jafnaðarmanninum. Reyndar þarf jeg ekki að vera hissa, eftir að hafa heyrt afstöðu hans til samskonar atriðis — hvalveiðanna — í gærkvöldi.

Það var dálítið annað árið 1877, að banna mönnum að bjarga sjer. Þá áttu engir aðrir kröfu á okkur, og landsmenn þurftu ekki öðrum kröfum að fullnægja en þeim, sem maginn gerði, og menn lögðu þá harðara á sig vegna heimskunnar. Nú er öðru máli að gegna. Nú eiga erlendir fjármálamenn kröfur á okkur vegna stórra skulda, og kröfurnar inn á við um aukin þægindi hafa stórum aukist. Þá bitnaði heimskan og hleypidómarnir á okkar eigin maga, en nú kemur hún niður á gjaldþolinu og skilvísinni gagnvart þeim, sem við skuldum. Við verðum að kannast við, að á öllum sviðum þarf að herða á framleiðslunni og auka útflutninginn, ef við eigum að komast af og standa í skilum. En það er hart, að á sama tíma sje verið að setja óeðlilegar hömlur á atvinnufrelsi manna. Landbúnaðurinn þarf stuðnings við. Sá atvinnuvegur er önnur stoðin undir þjóðfjelaginu, og við sjávarútvegsmenn finnum, að við hjálpum sjálfum okkur með því að styðja landbúnaðinn. — En á sama tíma megum við ekki friða verðmæta veiðifisk fyrir sjálfum okkur, en leyfa útlendingum einum að veiða hann fyrir augunum á okkur, rjett utan við landhelgilínuna. Því að þar heldur veiðiskapurinn áfram, og kolaveiðin verður meira að segja meiri fyrir þá sök, að hann verður friðaður í landhelgi. — Það er leitt, að annað eins skuli koma fram á þessari menningaröld og það, að hefta framtakssemi manna og koma í veg fyrir það gagn, er þeir mega hafa af þessu veiðarfæri.

Mjer skildist hv. frsm. vera nokkuð upp með sjer af því, að hann vildi ekki banna landádráttarnætur eða síldveiði með hringnót. En jeg sje ekki ástæðu til að fara neinum orðum um þessa „göfugmensku.“

Hv. frsm. talaði um það, að kolinn væri að hverfa, þar sem dragnótin hefði verið notuð. En það er eðli fiskjar, að hann víkur ekki fyrir neinu

öðru en því, ef æti það, sem hann lifir á, breytir göngu sinni.

Jeg hefi ekki getað sjeð það af frv. eða ástæðum þess, nje af áliti meiri hl. sjútvn., hverjar nytjar flm. og meiri hl. nefndarinnar hugsar sjer af kolanum fyrir landið. Sennilega ætlast þeir til, að hann verði veiddur fyrir utan landhelgi, en jeg er búinn að benda á, hver þátttaka okkar er í veiðiskapnum þar. Mest af kolanum lendir þar auðvitað í botnvörpum útlendinga.

Ýmsu mætti enn við bæta, en jeg hugsa, að bráðlega gefist mjer tækifæri til að svara einhverju frá meðhaldsmönnum frv. Jeg veit samt ekki, með hvaða rökum þeir eiga að geta hrakið orð mín. Jeg er hræddur um, að í svörunum verði þessi tónn, sem oft einkennir litla nytjamenn: að það eigi að geyma kolann, geyma það til morguns, sem hægt er að gera í dag. Það er eins og þegar Danirnir í Sandgerði sáu til síldartorfunnar á laugardagskvöldi, en hættu að veiða kl. 6 um kvöldið og þóttust ætla að geyma síldina til mánudagsmorguns. En þá var hún auðvitað á bak og burt, og Danir sátu eftir með sárt ennið og höfðu ekkert til beitu á vertíðinni.

Jóhann Jósefsson: Jeg vil með fám orðum gera grein fyrir afstöðu okkar tveggja nefndarmanna, mín og hv. 2. þm. G.-K. Við höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, bæði um orðalagið og ýmsar skoðanir, er þar koma fram, og einnig áskildum við okkur rjett til að bera fram fleiri brtt. en meiri hlutinn gat orðið ásáttur um.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir nú talað hjer langt mál og deilt á nefndina, eða meiri hluta hennar. Og þar sem við tveir, sem fram berum brtt. á þskj. 520, höfum þegar áður lýst okkur öðrum nefndarmönnum ósammála í ýmsum greinum, sje jeg ekki ástæðu til að deila við hv. þm. um það, hvorir rjettara hafi fyrir sjer, vísindamenn eða sjómenn, um gagnsemi eða skaðsemi dragnótarinnar. Geri jeg og ráð fyrir, að hv. frsm. meiri hl. reyni að gera hreint fyrir sínum dyrum sjálfur. — Hitt vita allir, að mikill ágreiningur er um skaðsemi eða skaðleysi dragnótar milli þeirra manna, sem ættu að hafa fult vit og þekkingu á málinu. Og þótt við hv. 2. þm. G.-K. ætlum ekki að leggja neinn dóm á þá deilu, þá viljum við þó fylgja banni gegn notkun þessa veiðarfæris svo langt, sem það skaðar ekki landsmenn sjálfa. Hv. 3. þm. Reykv. getur getið sjer nærri um, að við tökum tillit til þess, hvað skaðar eða batar þá menn, sem fengist hafa við þessar veiðar. Við erum báðir þingmenn fyrir kjördæmi, sem hjer hafa hagsmuna að gæta. Það er vitanlegt, að undanfarin ár hafa kolaveiðar ekki verið Íslendingum arðvænlegar, nema þriggja mánaða tíma á haustin. Þá hafa fiskimenn við Faxaflóa getað stundað veiðina, og hafa þeir selt kolann í togara eða falið þeim að koma honum í peninga fyrir sig. Í Vestmannaeyjum hafa nokkrir menn fengið sjer þetta veiðarfæri. Þó að þeir fengju nokkurn afla, hefir verið ilt að fá sómasamlegt verð fyrir hann yfir heitustu mánuði ársins. Helst hefir verðið hækkað á haustin, einmitt þá mánuði, sem við hv. 2. þm. G.-K. viljum heimila veiðina. — Því verður ekki neitað, að útlendingar gera talsvert mikið að því að hagnýta

sjer þessa veiði, þannig, að landsmenn hafa af því ekkert gagn.

Þegar alt er athugað, sýnist því vera mikið álitamál, hvort ekki sje rjett að setja dálitlar hömlur á veiðar með þessu áhaldi, hömlur, sem þó taki ekki til þess tíma, sem landsmönnum sjálfum er hentast að stunda veiðarnar og notadrýgst. — Hv. frsm. hjelt því fram, að enn mundu ekki margir hafa aflað sjer þessa veiðarfæris meðal innlendra manna. Það er rjett, að þeir eru ekki mjög margir, og fjarri því, að það sje komið í hvern bát. En jeg hygg, að það sjeu einmitt framsæknustu mennirnir í hverri veiðistöð, brautryðjendurnir á sviði fiskiveiðanna, sem fyrstir afla sjer nýrra veiðarfæra. Mjer virðist ekki rjett, að löggjafinn leggi stein í götu þessara manna, frekar en nauðsyn krefur. Fyrir það, að bestu menn hafa þreifað sig áfram um notkun þorskaneta, um lóðaveiði og máske dragnótaveiði, hefir opnast vegurinn að meiri atvinnu og betri fyrir fleiri menn á þessu sviði. Tilgangurinn með brtt. okkar hv. 2. þm. G.-K. er ekki annar en sá, að ekki sje lokað möguleikunum fyrir bjargræði landsmanna á þessu sviði þann tíma ársins, sem mest er nauðsynin. Get jeg lýst yfir því, að ef brtt. okkar verða ekki samþ., sjáum við okkur ekki fært að fylgja frv. Enda sýnist nógu langt gengið með því að banna dragnótaveiði með öllu 9 mánuði ársins. Einnig gerum við ráð fyrir, að heimildarlögin frá 1923 verði áfram í gildi, svo að þær sýslur, sem álitu það nauðsynlegt, geti bannað dragnótaveiði fyrir sínu landi.

Mjer sýnist ekki ástæða til að blanda mjer í þá deilu, sem er í aðsigi milli hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og háttv. flm. frv. (JörB og BSv), sem nú fylkja liði og búast til orustu.

Benedikt Sveinsson: Okkur flm. gafst eigi tækifæri á að ræða þetta frv. frá almennu sjónarmiði við 1. umr. Það kom fyrir seint að kveldi, og tókum við þann kostinn heldur að láta það fara umræðulaust til nefndar, frekar en að tefja framgang þess. Enda höfðum við tekið það stuttlega fram í greinargerð frv., hvað rak okkur til að bera það fram. Þar var þó farið mjög fljótt yfir sögu.

Jeg hefi nú nýlega lesið í dönskum blöðum ritgerðir frá sjónarmiði þeirra manna, er mest hugsa um fiskirækt eða fiskuppeldi, um það, hvað gæti rjettlætt, að smáþjóðirnar haldi uppi svo hörðum landhelgivörnum og með svo háum sektum, sem hjer á sjer stað. Það er fyrir þá sök, að stórþjóðirnar sjá og játa, að það er nauðsynlegt fyrir veiði þjóðanna, ekki smáþjóðanna einna, heldur allra þjóða, að í landhelgi sje sem bestur friður fyrir uppeldi og uppvöxt fiskjarins. Því að þegar hinn íslenski löggjafi bannar sínum eigin þegnum veiðar í landhelgi, hlýtur það að stuðla að auknu fiskimagni, sem verður til hagnaðar fyrir innlend sem erlend skip, er hafa frjálsar veiðar í hafinu. En þetta er ein hin stærsta röksemd fyrir því, að Íslendingar láti ekki ásannast, að það sje sjónhverfing ein og blekking, að þeir hafi friðað landhelgina. En það er til lítils að banna botnvörpuveiðar, ef leyfð eru í landhelgi önnur veiðitæki, sem teljast verða eins hættuleg. Það skiftir minstu máli, hvort fiskur er veiddur í landhelgi með digrum og

tjörguðum hnútamöskvum botnvörpunnar eða með hinum mjúku og mildu dragnótum, sem hv. 3. þm. Reykv. fór um svo fögrum orðum.

Sumum kann að þykja nokkuð hart að orði kveðið í greinargerðinni, er við flm. segjum, að dragnotaveiði muni vera einhver hin allra skaðlegasta veiðiaðferð, og jafnvel verri en allar þær til samans, er tíðkast hafa hingað til. En með þessum orðum miðum við ekki við það eitt, hve margir fiskar eru drepnir, heldur jafnframt við það gagn og hagræði, sem á móti kemur. Ef við tækjum hið mýksta og ljettasta silki-„slör" og færum að slæða með því kassana á klakstöðvunum á „Bjarmalandi", og dræpum öll laxaseiðin fyrir Þórði í Svartárkoti og Þórði í Laugarnesi og Rokstað, þá fullyrði jeg, að þetta mjúka „net" væri ólíkt skaðlegra en hin harðasta botnvarpa. Það mundi eyðileggja grundvöllinn til nýs kyns, án þess að nokkuð kæmi á móti. Þegar skip hv 3. þm. Reykv. draga vörpuna á djúpmiðum, er að vísu mörgum þorskinum styttur aldur. En þar kemur þó gróði á móti, og ekki stór hætta á ferðum, ef ungþorskurinn fær að vaxa upp í friði.

Hinn siðferðislegi grundvöllur fyrir landhelgigæslu Íslendinga hverfur, ef þeim sjálfum og Dönum er leyft að læðast inn í landhelgina og drepa ungviðið, þótt með silkinetjum sje. Stórþjóðirnar eru ekki svo heimskar, að þær sjái ekki, að það kemur í einn stað niður, hverskonar vörpur eru notaðar við landhelgiveiðar, ef þær eru leyfðar á annað borð. Jafnmerkur útgerðarmaður og hv. 3. þm. Reykv. ætti og að skilja, að slík rányrkja hlýtur jafnan að verða skammgóður vermir.

Þá verður og alt vandasamara og óhægra um landhelgigæsluna, ef stór og smá skip mega vera þar inni að sumum dragvörpuveiðum, en ekki öðrum. Nokkur skip hafa jafnvel bæði botnvörpu og dragnót — það get jeg fært fullar sönnur á — og mega því bregða sjer inn fyrir landhelgilínu með annað veiðarfærið utanborðs, en ekki hitt. Hvernig eiga nú varðskipin að þekkja það sundur, hvort botnvörpungur er að veiðum með dragnót eða botnvörpu? Jeg veit að vísu, að sjá má mun á því, ef tækifæri er til að athuga hreyfingar skipsins lengi á skömmu færi. En jeg hygg, að það kynni að leika nokkuð á tveim tungum, meðan varla sjest nema reykurinn einn, og því gera landvörnina miklu erfiðari og tafsamari.

Hv. 3. þm. Reykv. beitti einna mest þeirri röksemd í málinu, að hann væri sá eini þm. hjer, sem hefði vit á þessu máli. Hann væri það „autoritet" eða einfræðingur í þessari grein, sem öllum bæri að lúta. Þetta hefði ekki komið mjer eins undarlega fyrir, ef svo hefði ekki viljað til, að jeg hafði verið á fundi með honum áður, þar sem saman voru komnir ýmsir fróðir menn um þessa hluti, þar á meðal fiskifræðingurinn. Þetta var á aðalfundi Fiskifjelags Íslands. Formaður fjelagsins vildi fá afnumin lögin um dragnótaveiðar frá 1923. En hvernig fóru leikar? — Þeir fóru þannig, að enginn einasti fundarmaður var með till. formannsins, nema hinn brjóstgóði hv. 3. þm. Reykv., sem virtist mest fylgja formanninum af því, hve hann stóð einmana uppi.

Hv. þm. var á móti þessu frv. af þeirri almennu ástæðu, að hann kvaðst vera á móti öllum bönnum og taldi oft lögbönn bera vitni um skrælingjahátt. — Það kann nú stundum svo að vera, að mishepnast kunni einhver lagasetning, meðan fáfræði á sviði þeirrar lagasetningar er mikil, en þegar þekking vex, verða þau ákvæði úr gildi numin, sem voru á vanþekkingu reist, og önnur haldkvæmari sett í þeirra stað. En það er ekki rjett að fordæma alla lagasetningu, þótt misbrestir verði á stundum. Hjelt jeg, að hv. 3. þm. Reykv., sem sjálfur er einn af lagasmiðunum hjer á Alþingi, ætti að geta skilið það. — En þar sem um þetta frv. er að ræða, þá er það reist á þekkingu, reynslu og viti, en ekki á neinum hleypidómum, eins og sumar þær samþyktir, sem nefndar hafa verið. Þar skilur milli feigs og ófeigs.

Hv. þm. sagði, að sjómannastjettin væri nokkuð hleypidómafull. Jeg skal ekki um það segja. Jeg hygg, að henni hafi mjög vaxið þekking síðasta mannsaldur. En óneitanlega virðist þó, sem nokkuð sitji eftir af þessum hleypidómum hjá hv. 3. þm. Reykv. Mjer fanst hann sanna það með ræðu sinni.

Jeg hafði hálfgaman af því, þegar hv. 3. þm. Reykv. var að veifa vísindunum og hæla fiskifræðingi landsins fyrir það, sem hann hefði skrifað um þetta mál. En á áðurnefndum fundi Fiskifjelagsins „heltu þeir sjer yfir" fiskifræðinginn, hv. þm. og formaður Fiskifjelagsins, vegna skoðana hans á dragnótaveiðum. En hann sat við sinn keip. — Jeg vil ekki særa hv. þm. neitt, þó jeg skýri frá því, sem gerðist á þeim fundi um þetta mál, enda var það opinber fundur, sem öllum fjelagsmönnum var heimilt að sækja.

Hv. þm. ljet þar í ljós, að hann vissi ekki gerla, hverja skoðun fiskifræðingur kynni nú að hafa á þessu máli, en lýsti yfir því orðskviðalaust, að hann mundi fylgja fiskifræðinginum, ef hann væri ekki orðinn annarar skoðunar — vegna nýrra rannsókna og betri upplýsinga — en þeirrar, er fram kæmi í fiskibók hans! En hv. þm. var að dylgja um skoðanaskifti fiskifræðingsins, — hann mundi þurfa að skrifa „nýjan kapítula" í fiskibókina, og því setti þm. þennan fyrirvara um fylgi sitt við kenningar hans. Fiskifræðingurinn var nú að vísu varfærinn í umsögn sinni á fundinum. En hann sagði þó, að hann hefði verið upphafsmaður að því, að lögin frá 1923 voru sett. Hann talaði ekki mikið um það, hvort veiðarfæri þessi væru skaðleg eða ekki. — Öll veiðarfæri eru að vissu leyti skaðleg. En hann benti á það, að Íslendingar væru ekki einir um þessa veiði; þar kæmu líka aðrir ríkari til greina. Og það atriði er alls ekki einskisvert eins og sakir standa. Jeg læt hjá líða að svara því, sem hv. þm. talaði um heimsku sjómannanna við Ísafjörð. Kvað hann þá hafa haldið, að fiskurinn mundi hræðast mótorskellina á djúpinu, og að sjómenn hafi verið jafnheimskir úti í Finnmörk á sama tíma. Slík röksemd getur ekki átt við þetta frv., því að hjer er ekki um hávaða og skelli að ræða, er hræði fiskinn, heldur veiðarfæri, sem fangar hann. Það kann að hafa verið heimskulegt hjá gömlu mönnunum hjer við Faxaflóa, þegar þeir álitu, að netin mundu hindra fiskigönguna, eða tefja fyrir henni. En

það hrindir engan veginn þeirri staðreynd, að dragnætur banna gongu þeim fiski, sem í þeim lendir og drepinn er. (JÓl: Það er aldrei gert!). Það sagði hv. þm. þó áðan, því hann sagði, að fiskurinn kæmi lifandi í nótina, en ef honum er svo slept aftur lifandi, þa er dálítið torskilið, til hvers verið er að draga fyrir hann. Ef þetta væri almenna aðferðin við dragnætur, þá mætti segja, að þær væru ekki skaðleg veiðarfæri. En jeg þekki þessa aðeins eitt dæmi: Þegar Jón Sveinsson bæjarstjóri á Akureyri ljet Jötana hella fiskinum úr veiðarfærunum. Þeir voru farnir að draga nót inni á Akureyrarpolli. Þeir hjeldu því fram, að þeir hefðu sama rjett til að veiða þar sem Íslendingar, en bæjarstjóri benti þeim á, að Akureyrarhöfn væri alls ekki fiskimið. En hvort hv. 3. þm. Reykv. hellir úr öllum sínum dragnótum eða ekki, skal jeg ósagt láta. Orð hans benda þó helst til þess, þar sem hann segir, að fiskinum sje slept lifandi aftur.

Þá talaði sami hv. þm. um það, að lögin frá 1923 hefðu reynst haldlaus í þessu efni og vitnaði í Skagfirðinga, máli sínu til staðfestingar. Jeg hefi nú aldrei vitað þvílíka fáfræði hjá nokkrum löggjafa, að geta ekki greint milli tveggja alveg óskyldra laga. Önnur eru um dragnótaveiði í landhelgi, hin um hringnótaveiði fyrir síld. Þessum lagasmíðum er mjög ójafnt varið, enda sín um hvorar tegundir fiska. — Síldin er hraðfara fiskur, sem kemur upp í landhelgi snöggvast við og við. Var lítið vit í því að banna veiðina á síld þá fáu daga, sem hún gefur færi á sjer. — En með kolann er alt annað. Þetta skaka dyr liggur kyrt við botninn a sumu slóðum löngum tímum saman og ma því gersópa honum upp með dragnótum þar sem hann elst upp og heist við innfjarða.

Þá sagði hv. þm., að íhaldssömu mennirnir vildu „geyma" kolann, en þeir yngri nota hann. Þessi ummæli eru gripin úr lausu lofti. Bæði ungir og gamlir bera skyn á það, að skaðlegt sje að uppræta ungviði á uppeldisstöðvunum með uppgripatækjum. Dragnótaveiðarnar nyrðra undanfarin ár hafi valdið því, að fram hafa komið margar kröfur um friðun samkvæmt heimild dragnótalaganna, en þær hafa ekki verið teknar til greina af stjórnarvöldunum, — líklega vegna ókunnugleika og svo andróðrar frá formönnum Fiskifjelagsins. — Jeg hefi fengið margendurteknar áskoranir úr mínu kjördæmi um að herða á lögunum. Þar hafa 4—5 skip legið inni í landhelgi við veiðar tímunum saman, flest útlend. Á Fiskifjelagsfundinum var því haldið fram, að Danir væru að hætta við þessar veiðar hjer. En daginn eftir kom símfregn um það, að Petersen í Esbjærg ætlaði að gera út hingað 8—10 skip til veiða. Sumum þessum skipum hefir verið haldið út til veiða áður hjer við land. Hafa sýslumenn sektað sum þeirra, því að skipshafnirnar hafa reynst nokkuð enskari en samrýmanlegt þyki íslenskum lögum. Nú verður væntanlega meir vandað til þjóðernisins.

Hv. þm. sagði, að Danir hefðu haft mikið gagn af þessari veiði og að þeir hefðu byrjað að stunda hana fyrir 70 árum, en ekki 50, eins og

sagt hefði verið. En sú villa er þá höfð eftir því, sem „autoritet" hv. þm. hjeldu fram á Fiskifjelagsfundinum í vetur. — Það verður því óvíst, hvort rjettara er, en skiftir oss litlu. En hv. þm. sagði, að hjer við land hefðu dragnótaveiðar verið stundaðar um 30 ár og ekki reynst arðvænlegar. Hvað er hv. þm. þá að lofsyngja þeim „framfaramönnum", sem fyrstir reyndu þetta veiðarfæri, úr því að það hefir ekki reynst Íslendingum arðvænlegt, heldur til einbers tjóns? Það bætir ekkert fyrir dragnótunum, þótt Tryggvi Gunnarsson hvetti menn til að reyna þær, úr því að þær reyndust óarðvænar. Honum gat og missýnst sem öðrum. Það er alkunnugt, að sami maður stóð mjög á móti botnvörpuútgerðinni í fyrstu og tafði fyrir því máli um heilan áratug. Hefir landsmönnum þó orðið svo miklu meira gagn af botnvörpuveiðum en dragnótaveiðum, að ekki er saman að jafna. Um nytsemi botnvörpuveiðanna er ekki deilt, þótt rjett þyki að friða landhelgina fyrir þeim.

Þá talaði hv. þm. um, að það hefði verið álit danskra fiskifræðinga, að Íslendingar kynnu ekki að veiða kola, og í sambandi við það kom hann með þá kenningu, að svo mikið væri af kola í landhelginni, að horfði til vandræða. En þegar skarkað hefir verið um allar víkur og voga, þá er veiðin fljótlega þrotin. Þetta hefir verið gert í Englandi, og því er kolinn þar orðinn svo smár, að þeir veiða hann og flytja hann lifandi út í djúpið, sleppa honum þar og láta hann stækka. En vjer getum látið hann sjálfan um það að flytja sig út fyrir landhelgina og veitt hann þar í botnvörpur. Hv. þm. telur, að vjer fáum lítið af aflanum með því móti, en hann verður að gæta þess, að vjer fáum ekki meira en $^1/_{20}$—$^1/_{30}$ hluta af því, sem aflað verður í landhelginni. Hitt munu Danir hirða, meðan nokkur skepna er til. Reynslan sýnir, að þeir, eða aðrir í þeirra nafni, hafa mestmegnis stundað hjer dragnótaveiðarnar í landhelgi og líklegt, að svo verði framvegis, þar sem þeim er sú veiðiaðferð tamari en Íslendingum. En jeg get vel skilið það, að hinn þrautreyndi útgerðarmaður, háttv. 3. þm. Reykv., kunni því vel, að frændur vorir Danir hafist við inni á fjarðarbotnum í blíðunni, en Íslendingar, afkomendur hinna fornu víkinga, sjeu á Halanum innan um hafísa eða stórsjói, og dorgi þar, ef takast mætti að slíta upp einhverja brönduna, er sloppið hefði gegnum möskva hinna silkimjúku og voðfeldu veiðivjela Dana við landsteina vora. Þá talaði hv. þm. um það, að fyrst þegar farið var að veiða kolann, þá hefði hann eingöngu verið veiddur hjer til matar, en nú væri hann útflutningsvara, sem nauðsynleg væri vorum skuldunautum erlendis. Jeg veit nú ekki, hvort þetta beri að skilja svo, sem samið hafi verið við Dani um greiðslu á lánum þeirra í kola, veiddum í dragnót í landhelgi. Það væri gaman að fá sundurliðað, hve mikið af slíkum kola vjer eigum að láta í afborganir og hve mikið í vexti. Líklega hefir þó einhver önnur hugsun legið að baki orðum þm., og vil jeg síst snúa út úr fyrir honum.

Jeg tel þá óþarfa að lengja þetta mál. Jeg ber fult traust til hv. þdm., að þeir láti skynsemi og góðan vilja ráða um afdrif þessa máls.

Hv. þm. Vestm. talaði mjög hóglega og fjelst á aðalatriði frv. Um brtt. hans og hv. 2. þm. G.-K. tel jeg vera álitamál. Hygg þó frekar, að hún spilli frv. en bæti það, og mun því greiða atkv. gegn henni.

Jón Olafsson: Fyrst hv. frsm. sjer ekki ástæðu til að taka til máls, þá ætla jeg að segja nokkur orð. Frá mínu sjónarmiði er það nú svo, að það, sem fram hefir komið í þessu máli, samsvarar fyllilega undirbyggingunni. Hún var bygð á sandi, og þá hefir yfirbyggingin vitanlega verið reist á því sama efni. Annað hefir heldur ekki komið fram frá hv. þm. N.-Þ. Ræða hans var að mestu leyti smáútúrsnúningar, sem lítil þörf er á að svara orði til orðs. Það má þó minna á það, að í Englandi var nokkur hreyfing í þá átt að friða kolann. En þeir hurfu þó fljótt frá því ráði. Því er nú svo farið með kolann, að hann lifir ekki nema 12—14 ár. Ef hann því ekki veiðist á þeim tíma, þá deyr hann og verður engum að notum.

Þá þykir hv. þm. N.-Þ., sem þetta veiðarfæri muni vera dálítið lúmskt og muni það vera lítið betra en botnvarpan. Hann segir, að það sje þjettriðið og mjúkt, og lýsti hann því með mörgum velvöldum orðum, sem jeg hirði ekki að hafa upp eftir honum En það var helst að heyra á honum, að hann hjeldi, að það væri að flestu líkt botnvörpunni. En það er svo, og finst mjer, að hv. þm. hefði átt að vita það, að þetta veiðarfæri er mjög ljett — líklega ekki yfir eina vætt —, en botnvarpan er útbúin með þungum járnkeðjum, trjerúllum og hlerum, sem skera sig niður í botninn. Og sje það leirbotn, þá oft margar tommur niður í leirinn. En þetta veiðarfæri, dragnótin, er aftur á móti svo ljett, að ekki er saman berandi við botnvörpuna. Ennfremur sagði hann, að hún eyðilegði gróðurinn í botninum. Er svo að sjá, sem þessi þm., eins og fleiri, sem lítið þekkja til fiskveiða og fiskifræði, haldi, að fiskurinn gangi á beit á sjávarbotni, líkt og kindur og kýr á landi. En það er svo, að kolinn, sem aðallega er veiddur með þessu tæki, heldur sig helst þar, sem sandbotn er og því lítill sem enginn gróður. Hann grefur sig niður í sandinn, þegar rok ganga, og næst þá ekki í „snurrevaad", en botnvarpan þrýstir honum upp úr sandinum, og það er því hún, en ekki „snurrevaaden", sem mest eyðileggur botninn. Þetta segja vísindin, og jeg held, að það megi taka það til greina.

Það má vel vera, að ákveða megi stærð möskvanna í dragnót, en það sýnist sæmileg stærð, er tveggja til þriggja ára fiskur smýgur nótina, og halda fiskifræðingar, að slík nót geri ungviðinu lítið mein. Danir hafa sett það í lög, að ekki má flytja í land nema þann fisk, sem nær vissu stærðarmarki. Minna fiski eru fiskimenn skyldir. að fleygja og eru sektaðir, ef út af er brugðið. Veit jeg ekki annað en að þær reglur sjeu vel haldnar.

Þá heyrðist mjer hv. þm. halda því fram, að þetta frv. mundi verða nokkuð til að friða landhelgina og það gæti borið uppi strandvarnirnar, ef við eldum þessar dýru tegundir þannig upp til að freista útlendinga til að fara í landhelgina. Jeg veit ekki, hvort hann

hefir meint þetta, en það kom svona út hjá honum. Jeg verð því að skilja hann svo, að hann álíti, að friða eigi landhelgina fyrir landsmönnum sjálfum, en ala upp fiskinn handa útlendingum. En jeg er þeirrar skoðunar, að við eigum að verja landhelgina með öflugum skipum, en leyfa landsmönnum að hagnýta sjer hana eftir bestu getu. Þó enn sje erfitt að hagnýta sjer þessa fisktegund, sökum skorts á íshúsum, þá eru þau nú sem óðast að rísa upp, svo að fljótlega ætti að rakna úr því. En sje byrjað að banna veiðina nú, þá er þar með tekið fyrir þessar framkvæmdir, og verð jeg að telja það illa farið. Því margt bendir til þess, að þetta sje framtíðarveiðiaðferð.

Þá vitnaði hv. þm. í aðalfund Fiskifjelagsins, þar sem jeg hafi verið í minni hluta og haft fiskifræðing landsins á móti mjer. En jeg held, að það sje ekki hægt að leggja mikið upp úr því, sem fiskifræðingurinn sagði þar, því að þegar hann hafði sagt, að dragnótin væri skaðleg, þá knúði jeg það fram hjá honum, hvaða veiðarfæri væru þá yfirleitt skaðleg, og svaraði hann þá, að það væru öll veiðarfæri, „sem dræpu fiskinn". Það er rjett, að jeg hafi verið þar í minni hluta, og stóðu þar á móti Strandarmenn og Innnesjungar, sem hjeldu þar uppi vörn fyrir sinni gömlu hugsjón að friða. En meðan á fundinum stóð, bárust honum tilmæli frá um 30 Keflvíkingum um að friða ekki. Þetta eru yngri mennirnir, þeir kjarkmeiri og bjartsýnni, sem ekki eru trúaðir á það, að dragnótin eyðileggi ungviðið og spilli fiskigöngum.

Það getur vel verið, að ástæða sje til þess að vera hræddur við Dani, að þeir gleypi það gagn, sem við gætum haft af þessari veiðiaðferð. Ef dæma má eftir því, sem Danir hafa gert hjer hingað til, þá er ekki ástæða til að óttast þá, því að þeir hafa aldrei getað sótt gull í greipar okkar. Og þó nokkrir menn hafi nú verið að tala um að mynda hlutafjelag, þá gera þeir það mest í þeim tilgangi að stofna hlutafjelag utan um sjálfa sig, en ekki vegna hagnaðarvonar af veiðunum.

Jeg tel alls ekki rjett að vera að setja þjóðina í þann gapastokk að banna þessa veiði, til þess eins að koma í veg fyrir það, að Danir geri tilraun með hana hjer.

Menn hafa haldið því fram, að Danir væru að koma hingað vegna þess að fiskveiðarnar heima fyrir hjá þeim væru að ganga til þurðar, en það er mikill misskilningur. Samkvæmt dönskum fiskiskýrslum frá 1925 hafa fiskveiðar þeirra það ár numið 38 miljónum shillinga. Er þetta háa verð mest fólgið í því, að þeir veiða dýrar fiskitegundir, sem eru hálfu meira virði en okkar fiskafurðir eru. Jeg hefi í höndum skýrslu frá 1914, sem sýnir einnig, hve mikils virði danskar fiskafurðir hafa verið þá. Af þessum skýrslum að dæma virðast danskar fiskveiðar altaf vera að aukast, þótt meðmælendur frumvarpsins segi, að þær sjeu altaf að minka.

Með tíð og tíma má ætla, að við getum hækkað okkar fiskafurðir í verði, með því að taka upp dragnótaveiðina. Þá halda flutningsmenn því fram, að veiðin hafi alveg horfið síðan þessi veiðiaðferð var tekin upp hjer á þeim slóðum, sem hún hefir

verið stunduð. Mjer finst ekki ástæða til að ætla, að þessi veiði sje alveg horfin frá landinu, þó að á Austfjörðum hafi verið dregnar upp nokkrar kolabröndur um aldamótin. Jeg geri mjer mikla von um, að þessi veiði verði okkur til gagns, ef hún yrði tekin upp hjer, og sjálfsagt sje að reyna hana til hlítar. Í sambandi við það, að jeg nefndi Tryggva Gunnarsson sem forgöngumann þessara veiða, sagði hv. þm. N.-Þ., að ekki væri mikið leggjandi upp úr því, sem Tryggvi hefði sagt um þessi mál, því að hann hefði t. d. staðið á móti togaraútgerð í 10 ár. Jeg held, að þetta sje ekki rjett; að minsta kosti veit jeg ekki til þess. En hitt veit jeg, að hann lánaði 10 þús. kr. til þess að gera fyrstu tilraunina með togaraútgerð hjer. Einnig lánaði hann okkur 5 eða 6 skipstjórum 20 þús. kr. til þess að kaupa togara. Jeg man, að hann hafði mjög mikinn áhuga fyrir þessu, en hann sagði, að bankinn væri ekki svo efnum búinn, að hann gæti hjálpað eins og æskilegt væri. Síðustu árin áður en hann fór frá bankanum hjálpaði hann og mjög drengilega þessu fyrirtæki. Það er því alveg rangt hjá hv. þm., að þessi ágætismaður hafi ekki haft áhuga fyrir togaraveiðunum, og ef hann ætti nú sæti hjer í þessari hv. deild, þá mundi þetta frv. ekki verða samþ. Hv. þm. N.-Þ. var að gera gys að Englendingum fyrir það, að þeir flyttu kolann til, en menn verða að hafa það hugfast, að Englendingar eru stórir í hugsun og stórir í framkvæmd. Veit jeg, að þetta er rjett, að þeir flytja kolann lifandi út á banka sína, og hefir það reynst vel. Þetta hafa þeir gert að ráði vísindamanna sinna. Þótt menn sjeu smáir og hugsi smátt, þá mega menn ekki gera gys að þeim, sem eru stórir og hugsa stórt.

Þá sagði hv. 1. þm. Árn., að kolinn væri svo spakur, að hann færðist ekkert úr stað. En þetta er ekki rjett, og fiskifræðin segir alt annað. Kolinn er farfiskur, en hitt er rjett, að hann liggur stundum kyrr, og oft sjer til óþurftar, á öðrum stöðum en þeim, þar sem uppvaxtarskilyrði hans eru best.

Hv. þm. N.-Þ. talaði um það, að jeg vildi greiða skuldir okkar við Dani með því að leyfa þeim að hagnýta sjer landhelgina. Þetta er útúrsnúningur hjá hv. þm., og nenni jeg ekki að eltast við hann. En jeg get vel skilið, að þegar engin rök eru fyrir hendi, þá freistast menn til þess að grípa til útúrsnúninga, og verður þá að taka vægt á þeim.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hefir lagst allfast gegn þessu máli. Hann telur frv. á misskilningi bygt og að ilt eitt mundi af leiða, ef það væri samþ. Mjer þykir þetta leiðinlegt, því að jeg held, að gott eitt mundi af því leiða fyrir Íslendinga, ef það næði samþykki. Hv. meðflm. minn (BSv) svaraði annars flestu því, er hv. þm. (JÓl) sagði í fyrri ræðu sinni, og þarf jeg því ekki að svara nema síðustu ræðu hans og get verið fljótur, því að fátt nýtt kom þar fram. Andstaða hv. þm. (JÓl) gegn þessu máli er bygð á því, að hann álítur, að landsmenn geti haft miklar nytjar af heimildinni til þess að stunda þessar veiðar, en hinsvegar muni útlendingar ekki baka Íslend-

ingum mikið tjón, þótt þeir, sem nú hafa heimild til þeirra, haldi henni áfram. Mjer kemur undarlega fyrir sjónir þessi skoðun hv. þm. (JÓl), þar sem undanfarin reynsla hefir sýnt það, að Íslendingar hafa mjög lítil not þessara veiða. Eins og nú er ástatt, held jeg hyggilegast að slá þessum veiðum á frest um nokkur ár og safna kröftum til þess að taka þær síðar upp að nýju, ef menn þá verða á sama máli og hv. þm. (JÓl) um nytsemi þeirra. Hann ber fyrir sig vísindin um það, að þessi veiðarfæri sjeu ekki skaðleg. En hvað á þá að segja um reynsluna? Vísindin eru vissulega góð, og jeg ber ekki á móti því, að menn eigi að nota sjer þau, en meðan svo er ástatt, að vísindin eru enn ung á þessu sviði, þá verð jeg að leggja meira upp úr reynslunni, og hún er alstaðar sú, að þar sem dragnót hefir verið notuð, hefir fiskurinn gersamlega horfið. Meðan vísindin gefa ekki skýringu á því, hvers vegna hann hafi horfið, þá verð jeg að kenna veiðiaðferðinni um. (**JÓl**: Hvar hefir veiðin horfið?). Til dæmis á Austfjörðum og fyrir Norðurlandi, þar sem hún var stunduð um nokkurra ára skeið, hefir hún gersamlega eyðilagst. Það má vel vera, að hún komi aftur eftir nokkurra ára hvíld, en ef svo verður, þá sannar það skaðsemi þessara tækja.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) dró á reynslu Norðmanna í þessu efni. Sagði hann, að til að minka hlevpidóma fiskimanna, hefðu þeim verið lánuð þessi veiðarfæri, svo að þeir lærðu að fara með þau. Þó gat hann þess, að þrátt fyrir þetta væru bannaðar kolaveiðar með dragnót á sumum stöðum þar í landi. Sama á sjer stað sumstaðar í Skotlandi. Og þegar Bretar, þessi mikla menningarþjóð, grípa til slíkra ráða, þá má nærri geta, hvort þeir þykjast ekki byggja það á reynslu og vísindalegum athugunum.

Hv. þm. (JÓl) sagði, að ekki mætti einblína á það, þótt útlendingar stunduðu þessar veiðar ásamt okkur í landhelgi. Þótt þeir bæru að vísu góðan feng frá borði, væri þess að gæta, að ríkinu áskotnaðist nokkur gróði af atvinnurekstri þeirra bæði í tollum og greiðslu verkkaups. En jeg veit ekki betur en að hingað til hafi þessir útlendu menn haldið sig að öllu leyti í skipum sínum, og landsmenn því engan arð haft af viðskiftum við þá, heldur þvert á móti. Þeir hafa farið hjeðan með góðan feng, en landsmenn ekki haft annað en skaðann og skapraunina.

Jeg sje enga ástæðu til að dylja þá skoðun mína, að jeg myndi kjósa, að þessar veiðinytjar yrðu ekki notaðar fyr en við getum einir notfært okkur þær. Það yrði okkur áreiðanlega fyrir bestu. Við megum ekki gleyma því, að önnur þjóð, sem er mörgum sinnum stærri og ríkari en við, getur orðið okkur skæður keppinautur, ef hún hefir óhindraðan aðgang að auðsuppsprettum vorum.

Þá er það nú þessi vísindamenska, sem mjer dettur nú raunar ekki í hug, að hv. þm. (JÓl) hafi frá sjálfum sjer, um það, að kolinn sje farinn að smækka í vexti, vegna þess, hve lítið hafi verið veitt af honum. Jeg skal nú leiða þessa staðhæfingu hjá mjer, en hræddur er jeg um, að langt sje orðið síðan hann fór að minka, og stærstir hafi verið þeir, sem fyrst

voru veiddir. Það er víst varla heldur ástæða til að óttast, að kolinn leggist í svelti upp við strendur landsins. Hann leitar að líkindum þangað, sem ætisins er von, og fylgir sömu náttúruhvöt og önnur dýr, þar sem ekki eru óyfirstíganlegar tálmanir á vegi hans.

Hv. þm. (JÓl) sagði, að með frv. þessu væri verið að gera mönnum erfiðara fyrir um það að bjarga sjer. Jeg held, að kolaveiðar hafi í raun-inni aldrei verið nema þá örfáum Íslendingum til bjargræðis, svo að að þessu sinni hæfir hv. þm. (JÓl) ekki markið.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir þegar svarað því, sem hann fór skakt með um skaðsemi dragnóta samanborið við botnvörpur. Hv. þm. (BSv) benti enn-fremur á, að þótt veiðitæki þetta væri eigi harðdrægt við sjávarbotninn, gæti það verið skaðlegt engu að síður. Jeg vil í þessu sambandi minna á það, að ekki var þráðurinn Gleipnir harður við-komu, og var það þó fjötur sá, er úlfinum hjelt, er hann var á hann lagður, og þess vegna misti Týr hönd sína. Jeg vil nú ekki segja, að óvar-færni í þessu efni verði til þess, að þjóðin missi sína hægri hönd, en allur er varinn góður. Hv. þm. (JÓl) hjelt því fram, að veiðitæki þetta spilti ekki gróðri á sjávarbotni og væri því ekki skaðlegt. Jeg skal ekki um þetta segja, enda kemur það ekki málinu við. Ef það er staðreynd, að kolaveiðar minki miög eða hverfi með öllu þar, sem veiðitæki þetta er notað, þá stendur auðvitað alveg á sama, hvort það er af því, að veiðitækið spillir sjávargróðri, eða hvort það er vegna þess, að það hirðir allan kola, sem er á þeim slóðum. Reynslan hefir sýnt, að það verður auðn eftir, og það er nóg.

Hv. þm. (JÓl) benti á, að Danir hefðu sett lög hjá sjer um möskva-stærð á dragnótum, til að hindra, að ungviðið yrði upprætt með öllu. Þetta bendir einmitt á, hve hættulegt þetta veiðitæki er. En jeg er alls eigi viss um það, að farið verði eftir löggjöf Dana um þessi atriði, ef Danir fá að stunda veiðar þessar eftirlitslaust hjer við land. Jeg veit ekki til, að nokkur löggjöf sje um þetta hjer á landi, og vona jeg, að upplýst verði, ef svo kynni að vera.

Það er nú víst fátt eitt úr ræðu hv. þm., sem jeg á eftir ósvarað. Þó vil jeg minnast á nokkur atriði. Hann sagði, að ungu mennirnir bæru það mjög fyrir brjósti að fá að nota veið-arfæri þetta og að lögin yrðu upp-hafin, en gömlu mennirnir stæðu á móti. Það er náttúrlega gott og bless-að, að ungu mennirnir skuli vilja bjarga sjer, en þegar þess er gætt, að hindranir þær, sem hjer er um að ræða, eru til þess gerðar að tryggja landsmönnum bjargræði í framtíðinni, þá verður að telja þær til góðs eins, og þar sem eldri mennirnir hafa yfir-leitt meiri reynslu heldur en hinir yngri, er venjulega meira upp úr skoðun þeirra að leggja.

Varla verður það með nokkrum rjetti sagt um Íslendinga yfirleitt, að þeir sjeu hleypidóma- og hjátrúar-fullir og hlaupi eftir því einu, sem þeir hafa hevrt. Þeir vilja styðjast við reynslu þá, sem þeir hafa haft sjálfir í þessu máli sem öðrum, og því óska menn einskis annars frekar úti um landið, þar sem þessi veiðiskapur hefir verið stundaður, en að landhelg-

in verði algerlega friðuð fyrir þessu veiðarfæri. Byggja þeir auðvitað þær óskir sínar á því, hve veiðarfæri þetta er búið að gerspilla kolaveiði á þeim slóðum, sem það hefir verið notað.

Hv. þm. (JÓl) vildi rjettlæta afstöðu sína á þann hátt, að hann sagði, að þótt Danir væru fjölmennari og fjesterkari en við, þá hefðu þeir aldrei sótt gull í greipar okkar hingað til, er um atvinnurekstur væri að ræða. Þetta getur satt verið, en hæpið finst mjer að byggja á því framvegis. Enginn getur sagt um nema þetta breytist með vaxandi þekkingu Dana á hjerlendum högum, og getur það verið orðið um seinan að amast við aðgerðum þeirra á þessu sviði.

Hv. þm. (JÓl) endaði ræðu sína á því að lýsa, hvaða ráðstafanir Bretar gerðu um veiðiaðferð þessa. Þeir hefðu, þrátt fyrir mótspyrnu í fyrstu, tekið upp aðferð þessa og stunduðu hana nú með hagnaði, og ljetu sjer ekki til hugar koma að banna mönnum að leita sjer bjargræðis á þennan hátt. En eins og jeg hefi áður um getið, mun veiði þessi vera bönnuð í sumum fjörðum við Skotland, og er það vitanlega gert af brýnum ástæðum.

En getur það talist að banna mönnum bjargráð, þótt reistar sjeu skorður við, að viss fiskitegund sje veidd upp til hlítar á nokkrum árum?

Það er rjett, að við höfum margs að gæta, fleiri kröfur að uppfylla og fleiri skyldum að gegna en nokkru sinni fyr. En okkur ber ekki síst skylda til þess að tryggja til frambúðar auðsuppsprettur landsins til lands og sjávar. Þótt þetta mál sje eigi með öllu sambærilegt við friðun á kjarri og lyngi, þá er það þó það að nokkru leyti. Hjer er verið að tala um að reisa skorður við því, að hlunnindi verði með rányrkju upprætt á skömmum tíma.

Benedikt Sveinsson: Mjer er ekki þörf á að svara hv. 3. þm. Reykv. mörgum orðum. Hann gerði sjer allmikið far um að sýna fram á, að jeg vildi friða landhelgina fyrir dragnótaveiðum í því skyni að lokka útlendinga að henni. Þetta er fullkominn misskilningur. Jeg tók fram og veit að hv. 3. þm. Reykv. skilur það, að stórþjóðirnar hafa viðurkent rjett vor Íslendinga til að taka hörðum höndum á landhelgibrjótum, vegna þess hve mikils er um vert, að ungviðið megi eiga þar nokkurn griðastað, en hinsvegar væri eigi einhlítt að friða landhelgina fyrir einu veiðarfæri, heldur öllum þeim, er skaðsamlegust væru.

Hv. þm. sagði, að ekki þektist neinsstaðar, að dragnótaveiði væri bönnuð. Það er þó með öllu rjett, sem hv. frsm. hjelt fram og getið er í greinargerð frv., að slíkar veiðar eru bannaðar í sumum fjörðum Skotlands. Þetta er haft eftir fiskifræðingi landsins sjálfum, og ætti því ekki að vjefengjast. Þá eru og nokkrar skorður settar við veiði þessari í Noregi, eins og hv. þm. viðurkendi sjálfur. Ennfremur er veiði þessi bönnuð á vissum svæðum í Limafirði, þótt jeg hafi eigi sönnunargögn um það hjer við hendina. Hv. þm. gat þess, að Danir hefðu takmarkað möskvastærð á dragnótum, en eins og hv. frsm. tók rjettilega fram, er engin ástæða til að ætla, að farið verði eftir þeim ákvæðum

hjer, ef engin slík ákvæði eru í íslenskum lögum.

Hv. þm. mintist á brjef frá 30 mönnum í Keflavík, sem fram hefði komið í lok aðalfundar Fiskifjelagsins og hafði að geyma mótmæli gegn fullkomnu banni við dragnótaveiði í landhelgi. Jeg held, að hv. þm. hefði ekki átt að vera að taka sjer brjef þetta til inntekta. Kunnugt er, að mjög illa gekk að smala saman undirskriftum undir skjal þetta, og auk þess var þar aðeins farið fram á að leyfa dragnótaveiði í landhelgi þrjá mánuði ársins, sept., okt. og nóv., eins og hv. þm. Vestm. hjelt fram áðan og hefir borið fram í brtt. Með henni er fullnægt óskum þeirra Keflvíkinga. Í brjefinu var og þannig ákveðið, að veiðar þessar skyldu smábátar einir stunda og veiðin aðeins heimil íslenskum ríkisborgurum. Kemur þar fram, að menn þessir hafa ekki verið svo kunnugir sambandslögunum, að þeir hafi vitað, að ekki er hægt að banna samþegnum vorum, Dönum, að nota veiðiaðferð þessa nema þær takmarkanir nái einnig til vor sjálfra. Að fráteknum þessum misskilningi þeirra brjefritaranna, þá eru þessir menn því í raun og veru ekki fjarri skoðun vor flm. Annars veit jeg ekki, hve mikið má byggja á umsögn 30 manna úr fjölmennu fiskiþorpi. Ef til vill hafa einstakir útgerðarmenn, er hjer hafa þótst hafa hagsmuna að gæta, staðið fyrir nafnasöfnun þessari. Ekki munu það heldur alt vera kjósendur, sem undir skjalið hafa ritað. Spurði jeg einn útgerðarmann, er skrifað hafði undir það, hvort hann væri með því, að leyfð yrði óhindruð dragnótaveiði í landhelgi, og kvað hann fjarri því. Sagðist hann hafa skrifað undir skjal þetta *í fyrra*. Hefir það því tekið á annað ár að smala saman nöfnum þessum. Þetta skjal var eina sönnunargagnið, sem fram var lagt frá þessari hlið; var og eigi furða, þótt málefninu yrði tregt til liðs.

Þá var það heldur athugaverð upplýsing, sem hv. þm. gaf um markaðshorfur Íslendinga í framtíðinni. Taldi hann, að ef þessi dýri fiskur, sem í dragnætur veiðist, færi að fást hjer að marki, yrði það til þess, að hinn stóri fiskur vor kæmist niður í hálfvirði. Það væri því hið mesta lokaráð við útgerðina og myndi hafa miljónatap í för með sjer að auka þennan veiðiskap — ef þessi fullyrðing hv. þm. myndi sönn reynast. Hann viðurkendi, að kolaveiðar hefðu minkað á Austfjörðum á síðari árum, síðan farið var að nota dragnætur þar. Mjer er nokkuð kunnugt um þetta, bæði þar og á Þistilfirði og Skjálfanda, og sú hefir reyndin orðið á, að stóri kolinn hefir horfið með öllu og smálúðuveiði stórum minkað, svo að kvartanir hafa borist úr hverri vík og vogi yfir þessari veiðiaðferð.

Hv. þm. bar á móti því, að einn af framfaramönnum landsins, Tryggvi Gunnarsson, hefði staðið á móti togaraútgerð í 10 ár. (**JÓl**: Jeg held, að það sje alveg skakt). Jeg skal sanna, að jeg fer hjer með rjett mál. Árið 1897 er hafin barátta fyrir togaraútgerð í blöðunum. Tryggvi Gunnarsson taldi peningamál landsins ekki í því horfi, að slík útgerð væri tiltækileg, en vildi hinsvegar láta menn kaupa skútur frá Englandi. Skrifaði

hann jafnvel í blöð á móti málinu. Árið 1907 er svo fyrsti togarinn keyptur. Þá hafði Tr. G. aukist svo skilningur og þekking á þessum efnum, að hann hefir hlaupið svo vel undir bagga með þessari útgerð, sem hv. þm. hefir þegar lýst.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg heyrði, að hv. frsm. hafði eftir hv. þm. Það voru þau ummæli, að landið auðgaðist á tollum og verkafólkskaupi vegna dragnótaveiða Dana hjer við land. Þetta er með öllu rangt. — Þrátt fyrir jafnrjettisákvæðið hafa Íslendingar orðið að borga toll af útflutningsfiski, sem þeir hafa veitt í landhelgi og utan landhelgi, en hin útlendu skip hafa þar á móti engan toll greitt af þessum veiðiskap sínum nje heldur önnur þau gjöld, sem lögð eru á sjávarútveg Íslendinga. Atvinnu hafa Íslendingar og enga haft af dragnótaveiðum Dana þar sem mjer er kunnugt.

Jeg held þá, að jeg hafi tekið fram það helsta, sem svara þarf hv. 3. þm. Reykv., og læt því hjer staðar numið.

Jón Ólafsson: Hv. 1. þm. Árn. bar mjer það á brýn með rjettu, að jeg sæi alt ilt við frv. Jeg er sannfærður um, að meiri ógreiði verður ekki gerður þeim mönnum, sem við Faxaflóa búa, heldur en að samþykkja þetta frv. um leið og þeim verður gerður kostur á að hagnýta sjer kolann með frystihúsbyggingunni hjer í bæ. Ef þessu frystihúsi gengur illa fyrst í stað, máske sakir þess, að það vantar verðmætustu vöruna, þá getur farið svo, að alt strandi. Það er hreinn misskilningur af hv. frsm. og öðrum, að það sje til að forsmá, ef menn hafa atvinnutekjur upp úr einu eða öðru. Venjulega lendir minstur hluti ágóðans hjá þeim, sem eiga fyrirtækið eða reka, heldur hjá þeim, sem vinna við það. Og þótt kolaveiðar hafi ekki borið sig, er ekki þar með sagt, að þær hafi ekki verið til hagnaðar fyrir landsmenn.

Það er ekki sannað, að kolinn sje að ganga til þurðar. Þvert á móti. Það sýnir líka reynsla Dana. Verðmætið eykst þar ár frá ári. — Þótt hv. frsm. tali um, að flestar þjóðir vilji banna dragnótaveiði, þá er það alveg gagnstætt; Englendingar o. fl. eru altaf að herða á henni. Í Noregi eru allar líkur til, að vísindin verði yfirsterkari fordómum fiskimanna. Er búist við, að innan skamms verði dragnót alment notuð þar við land. Samt getur farið svo, að þar verði landhelgin friðuð vissan tíma á ári hverju, eins og hv. minni hl. leggur til. Nú er lítið lúðuuppeldissvæði friðað þar, og er þó álitið óþarft, en látið svo vera.

Hv. frsm. og flm. voru með ýms undarleg orðatiltæki, svo sem „að uppræta nytjar landsins". Jeg hefi sýnt fram á, að engar líkur eru til þess, að neitt þvílíkt eigi sjer stað. En nytjarnar af kolaveiðunum eru að mínu viti algerlega upprættar með því að banna að veiða hann. Svo sem jeg sagði, er smákoli algerlega verðlaus, og mætti því alveg að skaðlausu setja takmörk um þá stærð, sem leyft væri að flytja í land. Það hafa Danir gert.

Það var ekki jeg, sem sagði, að kolinn væri sumstaðar svo mikill hjer við land, að fyrir þá sök þyrfti að flytja hann til. Það var mag. Toning, sem sagði, að hann þyrptist sumstaðar svo mjög á einstaka bletti, að til mála gæti komið að flytja hann til.

Hv. þm. N.-Þ. var enn að vitna í aðalfund Fiskifjelagsins, þar sem við mættumst. Jeg held, að atkvæðagreiðslan um þetta mál hafi verið þannig, að 4 hafi verið í meiri hlutanum og 2 í minni hlutanum. Það getur því engu breytt, þegar talað er um velferðarmál þjóðarinnar, hvað svo fámennur aðalfundur segir.

Það er ekki rjett hjá hv. þm., að þessir 30—40 Keflvíkingar, sem vilja fá að nota dragnótina, sjeu nokkrir ómerkingar í þessu máli. Að vísu geta þeir sætt sig við bann, meðan vjelbátar þeirra eru fyrir norðan land að síldveiðum, og gægist þar fram vottur af þröngsýninni hjá þeim. En undir þessu skjali voru, að jeg hygg, flestir bátaformenn í Keflavík, en móti oddviti hreppsnefndar, hreppstjóri og fleiri, sem lítið eiga við útgerð, og eru a. m. k. hættir að stunda sjó.

Hv. þm. virðist hafa misskilið orð mín, þar sem jeg sagði, að þorskurinn væri ekki sú verðmætasta vara, sem við gætum veitt. Þessu verður ekki móti mælt, því koli og annar flatfiskur er miklu verðmætari, ef hann er rjett meðhöndlaður. Og víst er það, að seint mun okkur ganga að auka verðmæti útfluttra fiskiafurða, nema við tökum upp aðferðir nágrannaþjóða vorra um hagnýtingu hinna dýrustu nytjafiska hjer við land. Hv. þm. ætti að vita það, að flatfiskur getur ekki spilt saltfiskmarkaði, þar sem hann er ekki seldur í því ástandi. En leiðinlegt er að þurfa að fræða fulltíða Íslendinga á þessu. Jeg á afarilt með að sætta mig við, að við gerumst okkar eigin böðlar í þessu máli, með því að banna okkar eigin þjóð að veiða kolann, sakir þess að við óttumst, að einhverjir erlendir menn geti jafnframt hagnast af því. Það er of mikil þröngsýni. Allar okkar veiðiaðferðir eru fluttar inn frá öðrum þjóðum. Þegar við höfum verið farnir að kunna að nota þær, höfum við lagt alla aðra að velli í þeirri grein. Jeg er ekki hræddur við samkepni Dana við sjósóknir norður undir íshafi. Þeir eru ekki vanir þeim kulda og því loftslagi, sem hjer er, og haldast aldrei við nema heitustu mánuði ársins. Síst óttast jeg, þótt jeg heyri um einhverja menn í Danmörku, sem eru að koma upp fjelögum, sennilega meira til annars heldur en þess að koma hjer á fiskiveiðum.

Ef við friðum kolann nú, þá stenst það á endum, að núlifandi kolakynslóð verður öll liðin undir lok, þegar farið verður að tala um skilnað Íslands og Danmerkur. — Ef það er tilgangur flm. að koma í veg fyrir, að sambandsþjóð okkar geti haft gagn af kolanum hjer við land, þá er sá smásálarskapur mjög á kostnað landsmanna sjálfra, því það myndi tefja fyrir framþróun fiskveiðanna á þessu sviði um öll þau ár, sem sambandið á enn, að lögum, að standa, og er það tiltæki of dýru verði keypt.

Jeg held yfirleitt, að bönn við ýmsu og höft á framtakssemi manna verði aldrei til að lyfta þjóðinni á það framfarastig, sem hún þarfnast, og sem hún kemst á, ef þröngsýni löggjafanna hleypir ekki kyrkingi í hana.

Þakka jeg svo hæstv. forseta fyrir að leyfa mjer þessa aths.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefði getað

fallið frá að taka þátt í umræðum, ef ekki hefði í ræðu hv. þm. N.-Þ. komið fram ein setning, sem jeg var honum ósammála um. Að öðru leyti en því get jeg skrifað undir hvert orð, sem hann sagði. Hann mintist á brtt. þær, sem nefndin hefir gert við frv., á þskj. 481, og mjer heyrðist hann kveða svo að orði, að hann teldi betur farið, að þær yrðu ekki samþ. (**BSv:** Það voru brtt. á þskj. 520). Þá get jeg fallið frá andmælum.

En jeg skal þá víkja að öðrum atriðum, úr því að jeg er staðinn upp. Kemur þá fyrst til álita kenning hv. 3. þm. Reykv. um það, að hjer væri ófyrirsynju meinað öllum landsmönnum að hafa not þessa fiskjar, kolans. Mjer virðist það ekki vera rjett. Bannið nær aðeins til þessa eina veiðarfæris. Eftir eru sem sje öll önnur veiðarfæri, sem notuð eru við kolaveiðar og sem engum hefir komið til hugar að banna, þar á meðal t. d. kolanet, sem eru mjög algeng í Danmörku og sumstaðar er farið að nota hjer á landi. Slíkur veiðiskapur spillir alls ekki botngróðrinum á stöðvum þeim, sem ungviðið elur. Jeg geri ráð fyrir, að ef bönnuð yrði dragnótaveiði alfarið, mundi einmitt verða lögð miklu meiri stund á þá veiðiaðferð, sem jeg nefndi. Hún er ódýr og einföld, en tiltölulega veiðisæl; jeg hefi vitað hana stundaða með góðum árangri einmitt þar, sem lítið var um kola og hann torfenginn.

Út af brtt. þeirri, sem fyrir liggur á þskj. 520, vildi jeg segja það, að svo framarlega sem með þessu frv. á að fyrirbyggja samkepni annara þjóða við okkur um þessa veiði, þá held jeg það verði ekki gert, ef sú till. verður samþ. Jeg veit ekki, hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að Danir og Færeyingar fiskuðu í september, október og nóvember, rjett eins og Íslendingar. Það er hreinasti misskilningur, að Danir sjeu þær kveifur, að þeir geti ekki þrifist í okkar loftslagi. Það eru vissulega margir harðgerðir danskir sjómenn til, og jeg gæti vel trúað þeim til þess að halda út við þessa veiði, ef ekki alveg eins vasklega og innlendir menn, þá samt langdrægt. Ýmsir Danir eru hjer búsettir, sem kunnugt er, að leysa harðfengileg vetrarstörf af hendi, sumpart á landi, en sumpart á sjó, einmitt í þessu kalda loftslagi. Nei, — þetta er marklaus fyrirsláttur. Ef á að reisa skorður við þessum dragnótaveiðiskap, þá er jafnhættulegt að opna gættirnar á þessum tíma árs sem öðrum. En þar að auki vil jeg geta þess, að jeg hygg, að kolaveiði sje ekki nein að ráði við strendur landsins á þessum tíma, sept. til nóv., nema fyrir sunnan og suðvestan land. Jeg hefi það fyrir satt, að bæði fyrir Norðurlandi og Austurlandi, og ef til vill fyrir Vesturlandi, sje kolinn genginn í djúpið, þegar kemur fram í ágústmánuð. Jeg veit með sannindum, að svona er það við Austfirði, og hygg, að líkt sje því farið við Norðurland.

Út af þessu verð jeg þá að segja, að jeg legg eindregið móti till. á þskj. 520.

Jóhann Jósefsson: Jeg hafði því miður ekki tækifæri til að hlusta á alt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, en skal þegar láta þess getið, að jeg þekki skoðun hans á málinu úr sjútvn.

Jeg skal taka fram til árjettingar

því, sem jeg sagði viðvíkjandi brtt. á þskj. 520, að þær eru til orðnar til þess að gera löglega þessa veiði þeim, sem rjett hafa til hennar, á þeim tíma árs, sem hún er arðvænlegust. Jeg tel nógu langt gengið um bann í þessu efni með því, sem við leggjum til, sem stöndum að þessum brtt. Jeg tel jafnvel skaðlegt að hafa bannið víðtækara að því leyti, sem það getur skert atvinnu sjómanna á smábátum hjer við Faxaflóa og Breiðafjörð. Mjer sýnist það ætti að vera nóg til að friða hv. flm. frv. og þá, sem annars vilja fylgja banni í þessu efni, að 9 mánuði ársins væri algert bann, þó að 3 mánuðir væru undanskildir, — og einkum þegar þess er gætt, að þrátt fyrir það, þótt samþ. væri brtt. á nefndu þskj., stendur ennþá sú leið opin fyrir hin ýmsu hjeruð að innleiða bann í samræmi við núgildandi lög.

Jeg fyrir mitt leyti vil leggja áherslu á, að jeg treysti mjer ekki til að ganga svo langt í skerðingu á atvinnu sjómanna, að jeg vilji fylgja þessu banni skilyrðislaust, heldur því aðeins, að þessi brtt. verði samþ. Og það sama hygg jeg megi segja um hinn flm. brtt. (ÓTh).

ATKVGR.

Brtt. 520,1 samþ. með 16:9 atkv.

— 481,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

— 481,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 481,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 481,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 481,5 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, JörB, MJ, MT, ÓTh, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JJós.

nei: JAJ, LH, MG, PO, SE, ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HK, BSv.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

7. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.

8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 520,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 520,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, BSv.

nei: ÁÁ, EJ, HK, JÓl, MJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 24. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 542).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JJós, JS, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, BSv.

nei: HJ, HG, HK, HjV, JAJ, JÓl, MJ,

SÁÓ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÁÁ, TrÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 542).

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 703).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið frá Nd. og hefir sjútvn. þessarar deildar haft það til meðferðar. Eins og tekið er fram í nál. hennar, er nefndin að vísu ekki ánægð með frv., því hún lítur svo á, að rjettara hefði verið, að um þetta bann hefði gilt svipað og gildir um botnvörpuveiði, ef tiltækilegt hefði þótt að fara þá leið. Samkv. frv. er bannað að veiða í landhelgi með dragnótum 9 mánuði ársins, en hina 3 er landhelgissvæðið algerlega ófriðað fyrir þessum veiðum. Þó nefndin líti nú svo á, að þetta sje mikill galli á frv., leggur hún þó til, að það verði að lögum, því hún lítur svo á, að þó friðunin nái ekki lengra, þá sje þó nokkurt gagn að þessu eigi að síður. Ýmsa smáagnúa fann nefndin á frv., en henni þóttu þeir ekki svo mikils virði, að rjett væri að hrekja frv. milli deilda þeirra vegna, því þá gæti því verið hætta búin, en þá væri ver farið, ef það yrði felt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, enda ekki ástæða til þess. Sjútvn. lítur svo á, að friðunarlög þessi sjeu nauðsynleg, og það, sem hún finnur aðallega að þessu frv., er það, að þar er ekki gert ráð fyrir algerri friðun. Nefndin mælir því með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 755).

---

59. Atvinnuleysisskýrslur.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur (þmfrv., A. 164).

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Með

frv. þessu, ef það verður að lögum, er stigið fyrsta sporið til þess að vinna að bættu skipulagi um kjör verkalýðsins í landinu. Með aukningu sjávarútvegsins víðsvegar um land, og þá sjerstaklega þar, sem hann er rekinn í stærri stíl, hefir fólkið flutst til kauptúna og sjávarplássa og búsett sig þar. Á þeim tíma ársins, sem aflabrögð standa hæst á hverjum tíma, virðist svo, sem nægilegt ætti að vera handa öllum að starfa. En því er miður, að það er ekki svo. Til þess liggja sumpart þær ástæður, að fólk úr sveitum og ýmsum fjarlægari sjávarplássum sækir þangað, sem mest er um að vera, og sætir þeirri vinnu, sem til fellur, til jafns við aðra menn.

Afleiðingin er sú, að ekki komast að vinnunni allir heimamenn, er hennar leita, og atvinnuleysi á sjer stað í allstórum stíl á þessum svo nefndu annatímum. Hvað mun þá vera á þeim tímum, þegar aflabrögð minka eða veiðiskap er hætt? Ástandið verður þannig, að á þeim löngu tímabilum, sem líða á milli vertíða — frá vetrar- og vorvertíðarlokum og þar til síldveiði byrjar, og að síldveiðum loknum þar til vetrarvertíð byrjar —, er svo gífurlegt atvinnuleysi, að mönnum mun fyrst blöskra, er þeir sjá, hversu hópurinn er stór.

Að ganga framhjá þessum staðreyndum og hafast ekkert að, er að svæfa sína eigin samvisku og loka augunum fyrir því, sem á sjer stað.

Ber nú þjóðfjelaginu nokkur skylda til að kynna sjer þetta ástand, og þá um leið að gera tilraunir til að ráða bót á því?

Frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna — og sennilega einhverra fleiri — er svarið hiklaust játandi, og undir það svar tekur allur verkalýður í landinu, og sjálfsagt margir aðrir; það er með öðrum orðum meiri hluti þjóðarinnar.

Vinnuafl hverrar þjóðar er það dýrmætasta, sem hún á, ef hún kann að nota það og vill nota það. „Vinnan skapar auðinn“ er staðreynd, sem fáum tekst með rökum að mæla á móti. Með vinnunni skapast verðmæti, sem gerir þjóðfjelagið ríkara. Um skiftingu þeirra verðmæta ætla jeg ekki að fara út í í þessu sambandi.

Við skyldum nú ætla, að menn væru farnir að skilja nauðsyn þessa, en því er nú ver, að svo er ekki, nema að litlu leyti. Reykjavíkurbær hefir þó látið fara fram skráningu á atvinnulausum mönnum, þegar allra mest hefir sorfið að um atvinnuleysi. Þó hefir það sannarlega ekki verið gert með ljúfu geði frá hálfu meiri hlutans í bæjarstjórninni.

Í flestum menningarlöndum er það talin sjálfsögð skylda að skrá atvinnulausa menn, og það miklu oftar en farið er fram á í þessu frv. Og tala atvinnulausra er birt sem hver önnur stórtíðindi landa á milli, ef hún er há. Eitt af stórviðfangsefnum löggjafarþinga þjóðanna er að reyna að ráða bót á því þjóðarböli, sem atvinnuleysið er. Fyrir þingum þessara þjóða liggur það skýrt og ákveðið, hvernig umhorfs er í þjóðfjelaginu á þessu sviði hjá hverri stjett verkalýðsins út af fyrir sig á hverjum tíma. Án skráningar myndi þeim verða á að álykta eins og svo mörgum hjer, að ekkert atvinnuleysi ætti sjer stað. Við getum tæplega lengur verið eftirbátar nágranna okkar í þessum efnum.

Jeg vil segja, að við höfum ekki efni á því að láta þetta ganga til eins og það hefir gengið.

Það er álitinn dálítill mælikvarði á getu hvers þjóðfjelags til þess að lifa heilbrigðu lífi, hvort það getur skapað öllum sínum þegnum starf. Og menningarþjóðirnar gera alt, sem þær geta, til þess að ráða bót á því böli, sem atvinnuleysið er. Jeg hefi að vísu ekki átt kost á að kynna mjer það nema að litlu leyti, en jeg veit það þó, að í löggjafarþingum hjer á Norðurlöndum er þetta eitt af stórmálunum, sem þingin fjalla um. En jeg minnist þess ekki, að það hafi verið tekið sem eitt af stórmálum þessarar þjóðar, jafnvel þó að svo sje ástatt, að reynslan mundi sennilega sýna tiltölulega hæsta tölu atvinnulausra af Norðurlöndunum öllum. Án skráningar mundi fara fyrir þeim líkt og okkur; þeir mundu sennilega lítinn gaum gefa þessu máli. Það er einmitt tala skráðra atvinnuleysingja, sem knýr menn til að brjóta heilann um, hvað eigi að gera og hvernig eigi úr að bæta. Mig væntir að ef slík skráning getur komist í kring hjer á landi í stærri kauptúnum og sjávarþorpum, þá verði þess ekki langt að bíða, að hjer á Alþingi verði það eitt af vandamálunum, hvernig eigi að ráða bót á atvinnuleysinu. Jeg staðhæfi það, að við höfum ekki ráð á að láta stóran hluta verkalýðsins ganga auðum höndum svo og svo langan tíma á ári. Jeg hefi þá trú, að skráning verði til þess að opna augu manna fljótlega fyrir því, hversu mikill voði er á ferð.

Jeg skal ekki fara inn á þá hlið málsins að þessu sinni, hversu mikið böl og vesaldómur stafar af atvinnuleysinu alment. Allir hv. þdm. skilja það, ef þeir fara að hugsa um þá hluti.

Þá munu menn ef til vill segja, að kostnaður við þetta muni verða svo mikill; jeg hygg það muni ekki verða, svo að það þurfi að verða frv. að fótakefli. Skráning mundi standa, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, 1—3 daga. Við þetta mundu vinna 1—2 menn hjer í Reykjavík, og kostnaður, sem af því hlytist, væri mjög hverfandi lítill.

Skráningu er ætlað samkv. frv. að ná til allra sjómanna, verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna og kvenna, sem stunda iðnað hjer og í öðrum kauptúnum. Það er nú svo, að menn segja, að hjer á landi sje ekki stór iðnaður. En það er nógu margt fólk búið að binda sig þessum litla iðnaði til þess, að þegar er farið að bóla allverulega á atvinnuleysi í hinum ýmsu iðnaðargreinum í Reykjavík; er því fylsta ástæða til að taka slíka menn með. Og þess mun líka að vænta, að iðnaður geti aukist í landinu, bæði hjer og annarsstaðar, svo að þetta er sem hver önnur varnarráðstöfun, að hafa þessa menn með. Kjör allra þessara stjetta þarf að rannsaka, hvernig ásigkomulagið er hjá þeim, þegar atvinnuleysi herjar hjá þeim.

Jeg hefi ef til vill ekki gert nægja grein fyrir þessu máli, en vera má, að sumum finnist nóg sagt, ef dæma skal eftir því, hvað deildin er þunnskipuð. En jeg skal ekki þreyta menn með lengri ræðu. Jeg vænti þess, að öllum sje ljóst, að þetta mál hefir þær hliðar, að vert er að gefa því gaum. Vil jeg gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað í allshn. að lokinni umræðu.

Jeg skal svo ekki lengja umr. út af

ari stoðir en ræða þessa háttv. þm. benti til.

Jeg held jeg hafi það rjett eftir hv. þm., að hann segði í ræðu sinni: Því opinbera ber skylda til að gefa atvinnuleysi manna auga. Jeg ritaði þetta niður hjá mjer. Auðvitað felst jeg algerlega á þessa skoðun hans. Frv. gengur einmitt í þá átt, að það opinbera viðurkenni skyldu sína í þessu efni; m. ö. o., að það gefi atvinnuleysinu og ástandinu í landinu auga. Að þessu leyti erum við því sammála, hv. 3. þm. Reykv. og jeg.

Á þessu stigi málsins er það ekki tímabært að fara að ræða um, hvað gert skuli til þess að ráða bót á atvinnuleysi manna.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þau 30 ár, sem hann hefði átt heima hjer í bænum, hefði altaf verið hjer atvinnuleysi, meira eða minna. Jeg efast alls ekki um, að hjer sje rjett frá sagt. En hitt er líka ljóst, að atvinnuleysið eykst með hverju árinu, og því meira sem fólkinu fjölgar meira í bænum. Þetta er ekki nema eðlileg afleiðing þess, að atvinnufyrirtækin dragast meir og meir á fárra manna hendur og stækka jafnframt.

Mjer fanst á ræðu þessa sama hv. þm., að hann vildi sætta sig við ástandið eins og það er. Munurinn á honum og okkur, sem að frv. stöndum, er þá sá, að við getum ekki gert okkur ánægða með það ástand, sem allir, er til þekkja, viðurkenna, að er óviðunandi. Jeg skal að vísu viðurkenna, að staðhættir og veðrátta hjer banna stundum alla útivinnu. En mjög væri þá horfið frá rjettu ráði, ef menn af þeirri ástæðu einni legðu hendur í skaut og vildu ekkert aðhafast til þess að bæta úr atvinnuleysinu alment.

Þá vildi þessi sami hv. þm. halda því fram, að ef frv. svipað þessu yrði að lögum, mundi aukast innflutningur manna til bæjarins —, að sveitafólkið myndi halda, að af skráningu atvinnulausra mundi leiða stórfeldar atvinnubætur í bænum. Jeg ætla nú ekki þennan hv. þm. það barn, að hann haldi þessu fram í alvöru; þess vegna leiði jeg hjá mjer að svara því frekar.

En þessi sami hv. þm. sagði í ræðu um mál, sem var hjer á dagskrá næst á undan (frv. um að banna næturvinnu við ferming og afferming skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði), að hv. flm. þess (SÁÓ) ætti mesta sök á innflutningi manna til bæjarins. Ef um sök er að ræða — jeg segi ekki að það sje —, þá er hún vitanlega hjá hv. 3. þm. Reykv. og öðrum hans stjettarbræðrum, sem eru aðalatvinnurekendur í bænum. Jeg bið hv. þdm. að taka vel eftir, að jeg segi ekki, að hjer sje um sök eða sakir að ræða. En þeir, sem vilja nota það orð, ættu að vita, að stóratvinnurekendurnir fyrst og fremst hafa valdið fólksstraumnum hingað til bæjarins. Þeir hafa vakið vonir — því miður oftast tálvonir — manna úti um land um betri kjör, ef þeir flyttu undir handarjaðar þeirra. Þetta er þungamiðja málsins, sem menn verða að gera sjer fulla grein fyrir, þegar verið er að tala um innstreymi manna í bæinn.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að safnað hefði verið skýrslum um atvinnulausa menn hjer í bæ 1926. Okkur má báðum vera þetta kunnugt, því að bæjar-

stjórnin gekst fyrir skráningunni. Hann sagði líka, að skýrslur þessar hefðu ekkert sannað um atvinnuleysið, og vildi jafnframt telja hv. þdm. trú um, að ástandið hefði ekki verið eins ömurlegt og búist var við. En um þetta hvorttveggja er jeg honum mjög ósammála. Skráningin leiddi í ljós, að ástandið var mjög ömurlegt, eins og líka var viðurkent af sumum flokksbræðrum þessa hv. þm. í bæjarstjórn, með því að samþykkja, að bærinn stofnaði til atvinnubóta.

Jeg hefi ekki hjer við hendina þessar skýrslur, en hv. 3. þm. Reykv. mun hafa þær, og getur hann þá leiðrjett, ef jeg fer skakt með tölurnar.

Jeg man ekki betur en að tala hinna atvinnulausu manna, sem skráðir voru — en það voru bæði sjómenn og verkamenn, væri eitthvað á 5. hundraðinu, en ómagar, sem voru á framfæri þessara manna, eitthvað í kringum 750.

Þá kom jafnframt í ljós, að meðaltekjur eða árslaun þessara sjómanna og verkamanna voru þetta frá 1200 krónum upp í 1500 krónur. En af þessum launum urðu sjómenn að greiða tæplega 50% í húsaleigu og verkamenn alment liðlega 50%. Sjá þá allir, hvað eftir er handa fjölskyldu að lifa af. Síðar, í nóvember, var aftur safnað skýrslum, og bættust þá enn við á 3. hundrað atvinnulausir.

Það getur verið, að það sje þægilegra fyrir borgara bæjarins að loka augunum fyrir þessu ástandi og kannast ekki við það en að horfast í augu við slíkan sannleika. Þeir taka þá undir með skáldinu, segjandi:

„Láttu' ekki, Drottinn, ljós til mín,
lof mjer að sofa í friði!"

En þessi skráning atvinnulausra manna bar þó þann árangur í það sinn, að bæjarstjórn og borgarstjóri rumskuðu, ljetu sjer ekki nægja að taka eftir atvinnuleysinu, heldur sýndu viðleitni í þá átt að bæta úr því.

Hv. 3. þm. Reykv. ljet sjer þau orð um munn fara, að engin stjórn mundi leyfa sjer að leggja fje fram til atvinnubóta. En þetta hefir þó sú landsstj. gert, sem hann hefir sjálfur stutt til valda. (**JÓl:** Þetta er rangfærsla á orðum mínum og útúrsnúningur). Hann sagði nú þetta, hv. þm.; jeg skrifaði það um leið, en ef hann vill hjer með leiðrjetta það, þá læt jeg það gott heita.

Með atvinnubótunum 1926 var fjölda manna, sem eiga framfærslu víðsvegar um land, bjargað frá því að leita til sveitar sinnar um styrk. Sumir fengu þá um 300 króna vinnu, og það bjargaði í bili. Jeg drep aðeins á þetta af því, að hv. 3. þm. Reykv. gerði svo lítið úr því, sem hafst hefði upp úr skráningunni 1926.

Frv., sem liggur hjer fyrir, fer aðeins fram á það, að hið opinbera viðurkenni þá skyldu sína að kynna sjer atvinnuleysi manna og ástandið, sem af því leiðir. Atvinnuleysið er ekki aðeins böl fyrir þá, sem við það búa; það lamar líka hina, sem vinnu hafa. Stopul atvinna, sífeldar áhyggjur og uggur og ótti um vinnuleysi dregur kjark og dug úr mönnum. Enginn veit, hvenær röðin kemur að honum sjálfum og hann missir vinnuna. En hitt vita allir verkamenn, að um leið og atvinnunni er lokið, þá er fokið í öll skjól og heimilið bjargarlaust.

Þá má og ekki gleyma því, að það

þessu litla frv. að svo komnu, þó að um það mætti ræða alllangt mál, þar sem á bak við liggur svo mikið alvöru- og þjóðnytjamál.

Jón Ólafsson: Það lítur ekki út fyrir, að hv. þdm. þyki umræður þessar sjerstaklega skemtilegar, því að nú hefir hv. 4. þm. Reykv. fælt út deildina, að undanteknum einum 6—8 mönnum.

Það er nú svo, að þetta frv. er ekki í sjálfu sjer eins mikið meinleysisgrey eins og það lítur út á pappírnum. Það fer að vísu ekki fram á meira en það, að safnað sje þessum skýrslum í öllum kaupstöðum, sem hafa 300 íbúa eða meira.

Jeg held það sje flestum kunnugt, að frá því að kaupstaðir mynduðust hjer á landi, hafi ekki verið gert ráð fyrir því — enda ekki hægt að ætlast til þess, eftir legu landsins og náttúrufari —, að ekki sje svo og svo mikið af kaupstaðabúum vinnulausir öðruhvoru. Þau 30 ár, sem jeg hefi verið búsettur í Reykjavík, hefi jeg aldrei orðið var við annað, og jafnvel þó mest á árunum frá 1890 til aldamóta. Eftir að atvinnuvegirnir breyttust í seinni tíð, þannig að menn gátu stundað meira sjó að vetrarlagi, hefir nokkuð ræst úr þessu. En það er áreiðanlegt, að sjávarútvegur getur aldrei fullnægt þessari atvinnuþörf, sem hjer er að vetrinum; verksmiðjuiðnaður einn dygði til þess. Þetta er öllum ljóst, sem nokkurn skapaðan hlut hafa hugsað um það frá öðru sjónarmiði en að safna skýrslum. Menn vita, að svona er þetta og svona hlýtur það að vera, þangað til bætt verður úr með auknum verksmiðjuiðnaði í bæjum í stærri stíl en nú er.

Það hefir dálítið verið gert að því að safna þessum atvinnuleysisskýrslum hjer í Reykjavík, og síðast 1926. Það var það allra versta ár, sem komið hefir yfir þennan bæ. En þó var í raun og veru ekki svo mikið að græða á þeim skýrslum. Atvinnuleysi var að vísu nokkuð mikið, en það kom líka stundum í ljós, að sumir þeirra, sem gáfu sig fram við skýrslusöfnunina, höfðu atvinnu, nema ef til vill þann daginn, sem skýrslan var tekin. Út frá þessu get jeg ekki sjeð, að raunverulega sje hægt að fá áreiðanlegar skýrslur.

Hjer í bæ var safnað skýrslum í þessu efni í september 1926, og voru nokkrir þá atvinnulausir, en um sama leyti var talsverð eftirspurn eftir fólki víða úti um land, bæði við heyskap og ýms jarðyrkjustörf, langt fram á haust. Hugsunarhátturinn er nú orðinn sá, að verkamenn hjeðan vilja ekki sæta vinnu í sveit, þó að sæmilegt kaup og ágætis viðurværi bjóðist. Þessar atvinnuleysisskýrslur auka á ýmsan hátt ómensku einstaklinganna; þegar þeir hafa látið skrásetja sig, bíða þeir von úr viti eftir þeim atvinnubótum, sem þeim hefir ef til vill verið sagt, að hið opinbera mundi og ætti að láta þeim í tje, og hætta þá um leið að bera sig sjálfir eftir þeirri björg, sem unt er að fá víðsvegar úti um land. Þessar vonir um atvinnubætur, ásamt fleiru, stuðla að því, að fólkið flytur úr sveitinni og sest að á mölinni við sjóinn.

Það er kannske ekki hægt að segja annað en að því opinbera beri skylda

til að hafa auga með atvinnuleysi manna og reyna að vinna bót á því á skynsamlegan hátt. En reynslan hefir orðið sú, að þegar búið er að safna þessum skýrslum, þá er tekið til þeirra örþrifaráða að láta atvinnuleysingjana vinna eitthvert „óplanlagt" verk, sem engan eða lítinn arð gefur. Og sú hugsun virðist mjer liggja á bak við þetta frv.

Út frá því vildi jeg þá taka fram sem mína skoðun, að jeg get ekki hugsað mjer, að ríkið gangi nokkru sinni svo langt að styðja atvinnubætur í kaupstað, sem lítið eða ekkert er upp úr að hafa. Hitt er annað mál, og ekki nema sjálfsagt, að gefa því vel gætur, að fólkið safnist þar ekki saman, sem lítið eða ekkert verkefni er handa því, eins og því miður er alt of áberandi hjer í Reykjavík. Enda er auðsætt, að eigi Reykjavík að haldast við með því innstreymi fólks, sem hingað er árlega, þá getur það orðið með því eina móti, að stofnað verði hjer til verksmiðjuiðnaðar í stórum stíl. Að ríkið fari að leggja þeim mönnum til eyðslueyri, sem stopula eða enga atvinnu hafa, getur ekki komið til mála.

Fyrir þinginu í fyrra lá frv., sem gaf mönnum vonir um atvinnu í stórum stíl, og á jeg þar við fossavirkjun „Titans" og járnbrautarbyggingu austur yfir fjall í því sambandi. Jeg man ekki betur en að sá hv. þm. jafnaðarmanna (HjV), sem sæti átti þá hjer í deildinni, legðist á móti því, og hefði maður þó getað vænst annars af honum. En hann hefir kannske hugsað sem svo, að þessi stóriðnaður myndi ekki komast í framkvæmd, og getur það satt verið; en engu að síður bar honum þó skylda til, sem þm. atvinnuleysingjanna, að leggja slíku stórmáli liðsyrði.

Þessar atvinnuleysisskýrslur, sem safnað hefir verið undanfarið hjer í bæ, hafa gefið mörgum mönnum vonir um atvinnubætur, en þær vonir hafa ekki rætst, og geta ekki rætst, af þeirri einföldu ástæðu, að bærinn getur tæplega sjeð sínum mönnum fyrir atvinnu, hvað þá öðrum óviðkomandi. Hjer er ekkert útistarf hægt að vinna að vetrinum, og upp á annað er ekki að bjóða, eins og allir vita. En þetta umtal um atvinnubætur hefir átt sinn þátt í því að draga fólkið til bæjarins. Og eftir því sem fólkinu fjölgar, verður það óhjákvæmilegt, að hjer rísi upp verksmiðjuiðnaður í ýmsum greinum, og það er það eina, sem gera má sjer vonir um, að bætt geti úr atvinnuleysinu.

Sem sagt, jeg get ekki sjeð eða skilið, hvaða gagn þessi skýrslusöfnun á að gera. Öllum er ljóst, að atvinnuleysi er bæði hjer og annarsstaðar á landinu í allflestum sjóþorpum. En úr því bæta þessar skýrslur ekki á nokkurn hátt. Jeg get ekki hugsað mjer annað en að með þessu eigi að gefa einhverjum auka-„sportlur" fyrir að safna skýrslunum; en líklega er það ekki tilgangur margra, þó að eitthvað slíkt kynni ef til vill að vaka fyrir hv. flutningsmönnum.

Haraldur Guðmundsson: Ef það er skoðun hv. 3. þm. Reykv., að við flm. sjeum með frv. þessu að útvega einhverjum „sportlur", þá verð jeg að segja honum það, að þar fer hann mjög villur vegar. Jeg verð að álíta, að undir þetta frv. renni miklu styrk-

er sóun á þjóðarauðnum að nota ekki starfsorku manna á besta aldri, sem vilja vinna og geta það, en fá það ekki nema með höppum og glöppum. Og því stærri er þessi synd þjóðarinnar, sem fleiri bíða verkefnin óleyst, hvert sem litið er. Okkur vantar hús, vegi, brýr, ræktað land og ótal margt fleira.

En til þess að starfsorka einstaklinganna fari ekki forgörðum, þá verður að kynna sjer atvinnulífið og rannsaka ástandið eins og það er. Og fyrsta skrefið er þá skýrslusöfnun sú, er frv. fer fram á. Ekki handahófs upplýsingahrafl, heldur skráning, sem bygð er á skynsamlegu viti, þar sem árlega er gert sjer far um að kynnast sem nákvæmlegast öllu, er snertir hag þeirra manna, sem skráðir eru atvinnulausir, hvaða atvinnu hver sje færastur um að stunda, hvaða tekjur hann hafi haft, hvað hann greiði í húsaleigu og hvernig heimilisástæður hans sjeu að öðru leyti. Þá fyrst, þegar búið er að kynna sjer ástandið um nokkurn tíma og ljóst er, hve margir eru hart leiknir vegna atvinnuleysis og hvernig atvinnu yfirleitt er háttað, er hægt að finna varanlega bót á þessu þjóðarböli.

Annars skal jeg viðurkenna það með hv. 3. þm. Reykv., að það er neyðarúrræði að grípa til á versta tíma árs að láta vinna eitthvert verk, sem er allsendis óundirbúið. Allar slíkar handahófs-ráðstafanir tel jeg vandræða úrlausn, enda skil jeg ekki, að til þess þurfi að grípa, ef safnað er fjórum sinnum á ári skýrslum um atvinnuástandið í landinu. Ef menn hafa kynt sjer ástandið undanfarið, dregið saman fróðleik frá ári til árs, þá geta menn nokkurn veginn vitað, hvað tiltækilegast sje að gera, svo að öllu sje sem haganlegast fyrir komið og best undirbúið, bæði fyrir þá, sem verkið láta vinna, og hina, sem framkvæma það.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði þau orð um frv., að það liti út eins og hvert annað meinleysis-grey, en mjer skildist þó síðar, að hann áliti það einskonar úlf í sauðargæru — mesta skaðræðisgrip —, sem sjálfsagt væri að koma fyrir kattarnef. Og skaðræðið, sem hann ætlaðist til, að af frv. mundi leiða, virtist þá helst það, að af skráningu atvinnulausra manna mundi leiða það, að þá yrði kannske eitthvað hugsað fyrir atvinnubótum.

Jeg geri líka eindregið ráð fyrir því, að eitthvað verði gert til þess að bæta úr atvinnuleysinu, þegar alþjóð er lióst orðið, hve umfangsmikið það er, hvílíkt böl það er fyrir verkalýðinn og hvílík eyðsla á starfsorku þjóðarinnar. En jeg skal taka það fram strax, að jeg ætlast ekki til, að gripið verði til einhverra flaustursráðstafana, eins og átt hefir sjer stað stöku sinnum undanfarið, þegar ástandið var sem verst. Jeg geri einmitt ráð fyrir, að af skráningunni leiði það, að meira samræmi verði í atvinnubótum en verið hefir, vegna meiri kunnugleika og betri undirbúnings en kostur hefir verið á til þessa. Af því mundi leiða, að bær kæmu að margfalt meiri notum, bæði fyrir atvinnuleysingjana og þjóðina sem heild.

Hjer er safnað hagskýrslum um alla skapaða hluti, eins og t. d. um útflutning á fiski og kjöti, innflutning, giftingar, dauðsföll, fæðingar og ótal margt fleira. En þessu þýðingarmikla atriði er slept, sem er þó í

raun og veru stærsta hagfræðiatriði þjóðarinnar: að vita með vissu, hvernig atvinnunni í landinu sje háttað.

Jón Ólafsson: Hv. þm. Ísaf. kvað svo að orði, að við værum sammála um, að atvinnuleysið væri þjóðarböl, sem þyrfti að bæta úr, ef kostur er. Það er alveg rjett, að um þetta er jeg honum sammála. En um hitt er jeg honum ósammála, að nokkur þörf sje að safna skýrslum í þessu efni. Þær skýrslur hafa altaf verið fyrir hendi frá fyrstu tíð. Allir hafa vitað og vita enn um atvinnuleysið.

Það var fyrst þegar togaraútgerðin fór að færast í aukana, að mönnum gafst kostur á miklu meiri vinnu að vetrinum en þekst hafði nokkru sinni áður.

Fyrir 30 árum var hjer varla um neina vetrarvinnu að ræða. Þá var það mjög sjaldgæft, að nokkurt skip kæmi hjer á höfnina frá því að haustskipin fóru og þangað til sigling til landsins hófst á næsta vori. En aðalatvinna verkafólks var bundin við afgreiðslu verslunarskipanna. Um aldamótin fer þetta að breytast; þá aukast siglingar til landsins og atvinna vex í stórum stíl, svo að nú er ekki nándarnærri jafnmikill fjöldi atvinnuleysingja, hlutfallslega sjeð, eins og þegar bærinn taldi um 6000 íbúa.

Það er því algerlega rangt að segja, að ekkert hafi verið gert til þess að bæta úr atvinnuleysinu. Það hefir einmitt verið gert afarmikið. En hitt er vitanlegt, að hjer þarf margt að vinna, bæði að jarðrækt, vegagerð, húsabyggingum, eins og hv. þm. Ísaf. benti rjettilega á. En ekkert af þessu er hægt að vinna að vetrinum, svo að slíkar atvinnubætur geta ekki komið að neinu haldi.

Nei, það, sem liggur á bak við hjá jafnaðarmönnum, er ekki eingöngu það, að auka vinnuna, heldur hitt, að ríkið borgi úr sínum sjóði fyrir þá daga, sem kaupstaðabúar ganga iðjulausir.

Hv. flm. segir, að hægt hefði verið að vinna að jarðrækt, vegagerð og húsabyggingum. Jeg hjelt nú, að flestir, sem kunnugir eru hjer á landi, vissu, að jörð er oft frosin meira og minna frá því í október á haustin og fram á vor. Er því auðsætt, að ekki er hægt nema sum ár að veita mönnum þá vinnu, sem hv. flm. nefndi. Þá fyrst getur orðið um varanlegar atvinnubætur að ræða, þegar iðnaður er risinn hjer upp í stórum stíl. En jeg verð að segja það, að þeirri tilraun, sem gerð var í fyrra til þess að koma á fót stóriðnaði í landinu, var ekki tekið svo sem skyldi af sumum þeim, sem nú tala hjartnæmast um atvinnuleysið.

Því fer fjarri, að jeg vilji mæla því bót, að menn sjeu atvinnulausir. En jeg verð að fara nokkrum orðum um atvinnuleysisskýrslu þá, sem hjer hefir verið talað um. Hún er samin á árinu 1926 um haustið, einmitt á einhverju lakasta atvinnuári, sem komið hefir um langt skeið. Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, var þá skráður hjer í bæ 361 maður atvinnulaus; þar af voru 226 daglaunamenn og 129 sjómenn. Af þessum 226 daglaunamönnum voru 34 alveg einhleypir og 43 hjá foreldrum sínum. Fjölskyldur hinna voru sem hjer segir:

Barnlaus hjón ..	25
Hjón með 1 barn	42
— — 2 börn	29

Hjón	með	3	börn	20
—	—	4	—	14
—	—	5	—	12
—	—	6	—	3
—	—	7	—	3
—	—	9	—	1

Af þessu má sjá, að flestir þessara höfðu ljett hús. Aðeins í einni fjölskyldu voru 9 börn, og henni var hjálpað.

Nú er þess að gæta, að um þessa menn er það eitt vitað, að þeir voru atvinnulausir, þegar skýrslan var tekin. Engrar vitneskju var aflað um það, hve lengi þá hefði vantað atvinnu. Og hv. þm. Ísaf. gerir ekki ráð fyrir, að svo verði gert framvegis.

Tekjur fjölskyldufeðra þeirra, sem skrásettir voru, reyndust mestar 3500 kr., en minstar 300 kr. Það er að vísu rjett, að þetta eru ekki miklar tekjur. En við vitum alt of lítið um ástæður þessara manna til þess að geta fullyrt, að tekjurýrð þeirra allra stafi af því, að þeir hafi ekkert getað fengið að vinna. Það er svo um marga menn, að þeir vilja endilega vera hjer í Reykjavík. Þeim þykir það skemtilegra, og svo neita þeir vinnu úti á landi, þó að hún bjóðist. Og atvinnuleysisskýrslurnar mundu vafalaust heldur ýta undir menn að koma hingað. Altaf er nokkuð af mönnum, sem ekkert vinna, beinlínis af því að þeir nenna því ekki. Sumir geta ekki unnið vegna heilsuleysis. En um þetta þegja atvinnuleysisskýrslurnar.

Nei, atvinnuleysisskýrslurnar gefa ekki rjettar hugmyndir. Við vitum það allir, að hjer er atvinnuleysi. Og úr því verður aldrei bætt af ríkisins hálfu nema með innivinnu.

Það, sem jeg hefi haldið fram og hv. þm. Ísaf. ekki tekist að hrekja, er það, að ríkið eigi ekki að vera að káka við skýrslusöfnun og atvinnubætur, því að það gefur mönnum aðeins falskar vonir. Það er verið að telja mönnum trú um, að þeir geti fengið atvinnu, ef þeir bara heimti hana. En bæði jeg og aðrir, sem eitthvað þekkjum fjárhagsafkomu þjóðarinnar, vitum, að eitthvað þarf að gera annað en heimta. Það verður að leggja hönd á framkvæmdir. Það má nú með sanni segja, að mikið sje búið að gera í landinu á þessari öld. En ef ríkið fer að leggja fram fje til annars en nytsamlegra fyrirtækja, verður það aðeins til þess að vekja hjá mönnum falskar vonir.

Jeg nenni ekki að eltast við það, sem hv. þm. Ísaf. misskildi í ræðu minni. Og jeg ætla ekki að fjölyrða um þær atvinnubætur, sem gerðar hafa verið handa sjerstökum mönnum. En það er rjett, sem jeg benti hv. 4. þm. Reykv. á, að blað jafnaðarmanna hefir hvað eftir annað gefið fólki undir fótinn að safnast til Reykjavíkur. Og einn maður úr flokki þeirra hefir m. a. sagt, að hjer gætu allir landsmenn lifað og hingað ættu þeir að koma. Jeg veit ekki, hvað getur hvatt fólk til að flytjast hingað, ef það eru ekki svona ummæli. Væri almenningi aftur á móti sýnd sú rjettá hlið á ástandinu hjer, og það væri jafnaðarmönnum sæmra að gera, má vera, að fleiri gættu að sjer en nú gera þeir. En jafnaðarmennirnir telja fólki þvert á móti trú um, að allir geti verið hjer. Svo mjög bregðast þeir skyldu sinni. En á meðan atvinnan eykst ekki í bænum, er innflutningurinn aðeins til þess að skifta í fleiri staði þeim alt of fáu dagsverkum, sem hjer er að fá. Aðal-

atriðið í þessu máli er það að koma í veg fyrir, að of margir setjist að sama aski. Þá fyrst gerðu jafnaðarmenn skyldu sína, ef þeir reyndu að hindra það.

Svo ætla jeg ekki að lengja umræðurnar meira en orðið er, enda býst jeg ekki við, að hv. þdm. þyki þær svo skemtilegar, að það sje fært. Hefi jeg því ekki fleiri orð um þetta nú, og vildi helst ekki þurfa að svara aftur.

Haraldur Guðmundsson: Jeg skal vera mjúkhendur á hv. 3. þm. Reykv. En jeg verð þó að benda honum á það, að hann heldur fram alröngu máli, þegar hann segir, að við jafnaðarmenn höfum hvatt fólk til að flytja hingað til Reykjavíkur. Hann hefir líka viðurkent það sjálfur, að þessi ásökun hans á hendur jafnaðarmönnum er röng. Má honum og vera það kunnugt, að breyting atvinnuhátta hefir mestu valdið um flutning fólks hingað. Sjálfur sagði hann, að fólkið hefði komið af því að togurunum hefði fjölgað. Og það er alveg rjett. En hitt er kórvilla, að atvinnurekendur hafi fjölgað togurunum af eintómum brjóstgæðum, til þess að veita mönnum atvinnu. Auðvitað hafa þeir gert það sjálfum sjer til hagsbóta, í gróðaskyni, en ekki til annars. Og sönnunin fyrir því er sú, að þeir hafa látið skipin standa uppi um hábjargræðistímann, án þess að taka tillit til þess, að með því sviftu þeir fiölda manna atvinnu. Og það er í meira lagi kynlegt hjá hv. 3. þm. Reykv., sem þykist harma svo mjög innflutning fólks til bæjarins, að hann skuli, í hvert skifti, sem deilt er um 5 aura kaupmismun við verkafólkið, láta smala fólki út um allar sveitir hingað til Reykjavíkur. En það er sannanlegt, og honum þýðir ekki að neita því, að þetta hefir hann gert hvað eftir annað.

Hv. þm. er kunnugt um aðra ástæðu, sem veldur því, að fólkið yfirgefur sveitirnar. Hún er sú, að mestur hluti veltufjárins í landinu hefir safnast hjer fyrir. Verkafólk, sem ekki er þess umkomið að reisa bú, leitar auðvitað þangað, sem fjeð er fyrir hendi til að borga með vinnu þess. Úr þessu verður best bætt með því að veita bændum lán, svo að þeir geti goldið verkafólki svipað kaup. En það er að sumu leyti dálítið undarlegt, að hv. þm. skuli vera þetta innstreymi til bæjanna svo mikið áhyggjuefni sem hann lætur. Það hefir þó komið fótunum undir hans eigið fyrirtæki. Það hefir fært honum ódýrt verkafólk, sem ásamt starfi sjálfs hans hefir skapað auðlegð hans.

Hv. þm. segir, að það sje ekki nóg að heimta. En hann má vita það, að það er heldur ekki nóg að segja, að ástandið sje vont. Menn verða að kynna sjer það, til þess að geta ráðið bót á því. En því er þessi hv. þm. andvígur. Það snertir líka annað mál, sem honum er ofur viðkvæmt, þ. e. kaupgjaldsmálið. Því meira framboð, sem er á verkafólki, því lægra kaup kemst hann af með að greiða. Atvinnuleysi gefur atvinnurekendum ávalt von um ódýra vinnu.

Hv. þm. gat þess í sambandi við atvinnuleysisskýrsluna frá 1926, að þá hefði verið hægt að fá atvinnu úti um land. Sje þetta rjett hjá honum, styður það mitt mál. Ef skýrslurnar hefðu sýnt, að einhversstaðar var atvinnu að fá, hefði fólk leitað þangað. Það

getur auðvitað altaf komið fyrir, að á einum stað vanti verkefni, en á öðrum fólk. Úr því eiga atvinnuleysisskýrslurnar að bæta.

Hv. þm. segir nú, að innstreymið í bæinn stafi af því, að fólki þyki skemtilegt að vera í Reykjavík. Jeg segi nú bara: Trúi þeir, sem vilja. Jeg held samt, að veran hjer sje ekki sjerstaklega skemtileg fyrir þá, sem eru atvinnulausir og þar af leiðandi bjargarlausir. Hann viðurkendi það, að 300 kr. væru ekki miklar tekjur. En 1200—1500 kr. eru heldur ekki miklar meðaltekjur, og menn lifa engu höfðingjalífi, í svalli eða skemtunum af þeim hjer í Reykjavík.

Þá sagði hv. þm., að samflokksmaður minn, sem í fyrra átti sæti í þessari hv. deild, hefði verið á móti Titansjerleyfinu, og með því lagst á móti því, að verkamenn fengju atvinnu. Jæja, stjórnin fjekk nú heimild til að veita Titan sjerleyfið, þrátt fyrir mótstöðu þessa hv. þm., en atvinnan er ekki komin enn. Og ef hv. 3. þm. Reykv. ætlar að bíða eftir því, að Titan sjái um atvinnubæturnar, held jeg, að fáir hv. þdm. geti orðið honum samferða, eða rjettara sagt sambiða.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það er að mestu leyti búið að svara hv. 3. þm. Reykv., svo að jeg hefi þar ekki miklu við að bæta. Hann er ákveðinn í því að vera á móti frv., og það þótt atvinnuleysið sje viðurkent, bæði af honum og öðrum.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að atvinnuleysisskýrslunni frá 1926. Hv. þm. hefir í höndum skýrslu, sem gerð var í verkamannaskýlinu í september um haustið 1926. En hún er ekki nema nokkur hluti þeirra skýrslna, sem teknar voru. Eftir að atvinnubæturnar hófust, var haldið áfram skrásetningunni. Skýrslunni var hagað svo, að sem skýrast sæist hagur þeirra, sem skrásettir voru, tekjur, fjölskyldustærð, hve lengi atvinnulaus, íbúðarstærð og leiga o. s. frv. Á það hefir þegar verið bent, að skýrslurnar höfðu þann árangur, að meiri hlutinn í bæjarstjórninni, sem þó voru flokksbræður háttv. 3. þm. Reykv., sá sjer ekki annað fært en að stofna til atvinnubóta. Til þeirra mun hafa verið varið um 100 þús. kr. og 225 menn komust að vinnunni; þar af voru 185 menn, er áttu að sjá fyrir samtals 625 börnum, auk þess 40 einhleypir, er unnu fyrir foreldrum og börnum. Ennfremur stofnaði ríkisstjórnin til atvinnubóta með því að láta vinna að grjótmulningi á tveim stöðum. Ennfremur var unnið við landsspítalalóðina fyrir stjórnarinnar atbeina. Að þessari vinnu komust 67 menn, sem ekki áttu sveitfesti í bænum. Í grjótmulninginn mun hafa verið varið alt að 12 þús. króna. Þessir menn áttu að sjá fyrir 225 börnum.

Jeg þekki áreiðanlega betur ástæður atvinnulausra manna hjer í bænum en hv. 3. þm. Reykv. Jeg er líka viss um það, að hann er ekki svo harðbrjósta, að ekki hefði hann lagt til að auka atvinnubætur, hefði hann aðeins þekt kjör fólksins eins og þau voru í raun og veru.

Frumvarpið, sem hjer er til umr., fer ekki fram á að hefja neinar atvinnubætur. En nái það fram að

ganga, munu þær verða óhjákvæmileg afleiðing af því, þegar skýrslurnar sýna svart á hvítu, hvernig ástandið er. Menn munu þá fara að hugsa alvarlega um það að koma skipulagi á atvinnuvegina. Skýrslusöfnunin miðar aðeins að því að auka þekkingu á ástandinu eins og það er á hverjum tíma. Og slík þekking ætti þó ekki að geta orðið til ills.

Hv. þm. talar um, að skráningin muni gefa mönnum falskar vonir. Reynslan sker úr því. En dettur honum í hug, að menn muni streyma hópum saman úr sveitunum aðeins til að láta skrá sig? En væri á annað borð um atvinnuleysi að ræða í sveitunum, mundi fólkið leita sjer atvinnu þar, sem það hjeldi, að hana væri að fá, en síður færi það til kauptúnanna, þegar það heyrði um atvinnuleysi og bjargarskort þar.

Jeg vil undirstrika þau orð hv. þm. Ísaf., að það er nauðsynlegt, að bændur fái að vita, að atvinnubæturnar ljetta ekki lítið á sveitarsjóðum úti um land. Þá munar hreint ekki lítið um að gefa með þurfamönnum hjer í Reykjavík. Og atvinnubætur geta bjargað mörgum manni frá að leita á náðir framfærslusveitar sinnar. Sveitarsjóðunum er því ekki annar betri greiði gerður en að stofna til atvinnubóta hjer í Reykjavík fyrir þá menn, sem annars yrðu að leita fátækrahjálpar.

Hv. 3. þm. Reykv. sakaði okkur jafnaðarmenn um það, að við hvettum fólk til að flytjast til Reykjavíkur. Það er satt, að við viljum ekki loka bæjunum fyrir þeim, sem þangað vilja koma. Við teljum, að öllum eigi að vera frjálst að leita síns brauðs þar, sem þeim þykir ákjósanlegast. Menn væru sviftir frelsi sínu um of, ef ætti að banna þeim það. Það erum ekki við jafnaðarmenn, sem köllum á fólkið hingað. Við höfum ekki talið það okkar hlutverk að reiða hnefann að þeim, sem hingað eru komnir, oftast fyrir áeggjan atvinnurekenda sjálfra. En það er hv. 3. þm. Reykv. og aðrir útgerðarmenn, sem hafa kallað á fólkið. Það eru þeir, sem gert hafa því þann mikla ógreiða að vekja hjá því falskar vonir. Nú eru þeir farnir að sjá, að þeir hafa gert landi og lýð ógreiða með þessu, en vitanlegt er, að þetta var gert í ákveðnum tilgangi af þeim.

Mjer barst skýrsla í hendur áður en jeg kom á þennan þingfund. Þar segir, að 523 skipverjar af 22 togurum sjeu búsettir í Reykjavík, en 144 utanbæjarmenn. Við höfum ekki kallað á þessa menn, þó að við hinsvegar höfum ekki meinast við þeim. Í skýrslunni stendur ennfremur, að á 13 línu- og mótorbátum, sem gerðir eru út hjeðan úr Reykjavík, sjeu skipverjar 171 að tölu. Úr Reykjavík eru 61, en 110 annarsstaðar frá. Þannig er ástandið. Það eru ekki eintómir Reykvíkingar, sem njóta þessarar vinnu — því fer fjarri. Við getum ekki rekið utanbæjarmennina burtu, en við verðum að ráða bót á þessu og finna veilurnar á því skipulagi, sem við eigum við að búa.

Það hefir aðeins einn þm. risið upp til að andmæla frv. Líklega hefir hann talið það skyldu sína og haldið, að hjer væri um bæjarmál að ræða. En þetta er vissulega þjóðmál, sem varðar alla. Þótt einn þm. hafi nú mótmælt frv., þá vonast jeg til, að það

fái þær móttökur hjá nefndinni, að það nái fram að ganga.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Það hefir nú verið rætt talsvert um frv. þetta, sem virðist geta átt við, ef miðað er við ástandið hjá öðrum þjóðum, þar sem stóriðnaður er rekinn. En þau form í atvinnurekstri, sem við eiga hjá þeim, eiga ekki ávalt við hjer hjá oss. Jeg vil ekki segja, að óþarft sje að öllu leyti að safna slíkum skýrslum sem þessum, nje heldur að hinu opinbera sje gangur atvinnulífsins óviðkomandi. Jeg lít svo á, að hinu opinbera sje skylt að greiða fyrir atvinnulífinu á allan hátt með viturlegri löggjöf. En sú löggjöf á ekki fremur að greiða götu einnar stjettar en annarar, en það er einmitt það, sem þeir, sem standa að þessu frv., virðast oft gleyma.

Jeg tók svo eftir, að hv. flm. segði, að ekki væri tilætlunin með þessu frv. að gera kröfur til hins opinbera. Það er þó þegar gert með því að leggja því kostnað á herðar með skýrslusöfnuninni. Hv. flm. hefir líklega átt við, að ekki væri ætlast til, að ríkissjóður legði fram fje til atvinnubóta. Það er að vísu gott að hafa þessa yfirlýsingu, en ef litið er til reynslu undanfarinna ára, þá hefir mjer virst sækja í það horf hjá jafnaðarmönnum hjer eins og annarsstaðar, að knýja á opinbera sjóði til að leggja fram fje í atvinnuleysi. Þetta getur að vísu verið nauðsynlegt, þegar sjerstaklega stendur á. En jeg verð að taka undir það með hv. 3. þm. Reykv., að ástæða er til að ætla, að þetta verði til að gefa mönnum undir fótinn um innflutning í kaupstaðina, að það verði til að ala upp í mönnum þá trú, að hið opinbera útvegi mönnum vinnu, ef ekki vill betur til. Það er þetta, sem mjer finst hættulegt við frv. Stærri kaupstaðir landsins eru þegar of fullir af fólki, og atvinna af skornum skamti. Það er því síður en svo, að vert sje að gera gyllingar til að fá fólk til að flytja í kaupstaðina.

Hv. 1. flm. var að tala um, til hverra meðala yrði tekið, er fyrir lægju skýrslur um mikið atvinnuleysi. Leit hann svo á, að ekki yrði gripið til þeirra ráða að láta ríkissjóð og bæjarsjóði leggja fram fje, heldur að skipulagsbinda atvinnuvegina. Mjer er nú ekki ljóst, hvað hv. flm. á við með þessu, þegar sannað er, að fólkið er orðið alt of margt, svo að tveir menn eru um hvert verk, sem einn getur unnið. Mjer þætti fróðlegt að fá skýringu á því. Jeg held, að hjer sje aðeins um orðaleik að ræða, en ekki raunverulegar ráðstafanir, sem reynslan hefir sýnt, að að haldi komi. En reynslan hefir sýnt það bæði hjer og annarsstaðar, að jafnaðarmenn hafa leitað á náðir hins opinbera um atvinnubætur. Fulltrúi þeirra hjer á þingi hefir áður flutt stórkostlegar brtt. við fjárlagafrv. um fjárframlög til atvinnubóta, sem stundum hafa skift hundruðum þúsunda. Þó hefir þá ekki verið um yfirstandandi atvinnuleysi að ræða, heldur það, að ríkissjóður skuli viðbúinn að taka við

fólki, sem ekki hefir atvinnu. Grunur hv. 3. þm. Reykv. um, að þessi skýrslusöfnun verði til að draga fólkið úr sveitunum, er rjettur. Þegar menn úti um land sjá, að stór stjórnmálaflokkur beitir sjer fyrir því, að veitt sje í fjárlögum fje til atvinnubóta, þá er það beinlínis til að ýta undir menn að flytja sig á eyrina.

Það er eitt í frv., sem sýnir, að flm. er það áhugamál að láta flokk sinn fjalla sem lengst um þetta mál. Það kemur glögglega fram í 2. gr. frv. Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að sú skylda að safna skýrslum sje lögð á herðar sveitar- og bæjarstjórnum, og skyldi maður þá ætla, að þær hefðu frjálsar hendur um það. En því er ekki að heilsa. Það eru jafnaðarmannaforkólfarnir, sem þar eiga að hafa tögl og hagldir, og þar mega engir aðrir nærri koma. Og þegar þess er gætt, hve hætt slíkum mönnum er við að flytja litaðar frásagnir, jafnvel svo, að hreinn flokkslitur verði á, þá er síst ástæða til að fela þeim það fremur en öðrum.

Jeg þarf hjer ekki miklu við að bæta. Þingsagan sýnir það ljóslega, að jafnaðarmenn vilja, að bætt sje úr atvinnuleysi á kostnað hins opinbera. Það er verið að gera gyllingar til þess að fjölga fólki í kaupstöðunum, auka með því atvinnuleysi þar og leggja stórum auknar byrðar á ríkissjóð og bæjarsjóði.

Einn af hv. flm. frv., sem nú er ekki hjer viðstaddur, sagði fyrir skömmu, að vjer yrðum að leggja kapp á að standast samkepni við aðrar þjóðir. Þetta er vel mælt og viturlega, en það er víst, að ráðið til þess er ekki það að fá fólkið til að flytja úr sveitum landsins í yfirfylta kaupstaði.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. þm. Vestm. hefir fundið hvöt hjá sjer til að flytja hjer alllangt mál til stuðnings hv. 3. þm. Reykv. Þetta kom mjer að nokkru leyti á óvart og að nokkru leyti ekki. Hv. þm. er fulltrúi kaupstaðar, þar sem mikill meiri hluti íbúanna er sjómenn og verkamenn, og það er áreiðanlegt, að hann talar ekki í umboði þeirra í þessu máli með því að leggjast á móti málinu. Hann viðurkendi í upphafi máls síns, að hjer væri atvinnuleysi, og það í allstórum stíl, og ástandið í kauptúnum væri yfirleitt alt annað en gott á ýmsum tímum. En svo fór hann að bera saman aðstöðuna hjer á landi og erlendis og tók dæmi um stóriðjureksturinn. Vitanlega er skráning í fleiri greinum en stóriðjurekstri erlendis. En hjer má segja, að sje til vísir til stóriðju: sá atvinnuvegur, sem þegar hefir myndast í stærri kauptúnum, eins og t. d. togaraútgerðin og einnig vjelbátaútgerð, sem rekin er í stórum stíl. Við getum því hvað þetta áhrærir borið okkur saman við aðrar þjóðir, því þetta er vísir að okkar stóriðju.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði mælt þau orð, að við jafnaðarmenn mundum alls ekki gera kröfu til atvinnubóta fyrir opinbert fje. Þetta hefi jeg aldrei sagt, en hitt er það, að í frv., eins og það liggur fyrir, er alls ekki farið fram á þetta. Sá eini kostnaður, sem af frv. leiðir, er það, sem skráning kostar; og jeg benti á það fyr í umr., að sá kostnaður myndi alls ekki vera tilfinnanlegur. Hitt er rjett, að þegar ástandið er mjög ilt, þá veit jeg ekki,

til hverra á að leita um atvinnubætur, ef ekki til hins opinbera, þegar atvinnurekendurnir segjast hvorki geta nje vilja bæta úr þörfum fólksins, sem vantar fyrir daglegu brauði. Jeg skal ekki gera getsakir, en jeg býst við, að hv. þm. vilji heldur, að fátækrasjóðir sjeu tæmdir undir slíkum kringumstæðum, heldur en að ráðist sje til þeirra framkvæmda, sem hægt er að sýna með rökum, að gefa eitthvað í aðra hönd. Reynslan hefir sýnt það hjer í Reykjavík, að vinna til slíkra framkvæmda hefir borgað sig í allflestum tilfellum. Hitt er rjett, sem bent var á undir umræðum síðast, að þegar gripið er til atvinnubóta óhugsað sem einhverra vandræðavarna, þá er ekki um þær atvinnubætur hugsað eins og skyldi. Mætti það betur verða, ef tími væri hafður fyrir sjer og vilji væri til að undirbúa þær. Og einmitt skráning ætti að geta orðið tilefni þess, að betur yrði fyrir þessum málum hugsað.

Veigamesta ástæðan í augum hv. þm. virðist mjer vera sú, að fólkið muni þyrpast allmikið til sjávarplássanna, ef slík skráning færi fram. Jeg verð nú að segja, að jeg ætla ekki að fara að reyna á þolinmæði hv. þingmanna með því að rekja það mál út í æsar, en benda mætti þessum hv. þm. á það, sem honum þó er fullkunnugt, að með þeim lögmálum, sem ríkja yfirleitt bæði í atvinnulífi og viðskiftalífi, sem nefnd er hin frjálsa samkepni, þá er það vatn á mylnu atvinnurekenda, að fólkið þyrpist sem allra mest utan um þá vinnu, sem þeir hafa að bjóða. Þetta hefir bersýnilega komið í ljós hjá öllum atvinnurekendum, að þeirra virðist vera þægðin, að fólkið sje of margt til hvers handtaks, sem á að vinna. Og undiraldan undir þessu er sú, að því fleiri hendur, sem bjóðast til vinnu, því meiri líkur eru til að geta fengið fólkið fyrir lægra kaup.

Nú vil jeg undir engum kringumstæðum gera neinar gyllingar til þess að laða fólk í kaupstaði. En spursmálið er viðvíkjandi því fólki, sem einu sinni er komið í sjávarþorpin og farið að lifa þar, hvað það eigi að gera á ýmsum tímum, þegar slíkt neyðarástand kemur fyrir, að atvinnuvegirnir segjast ekki geta veitt fólki vinnu. Á að láta fólkið falla úr hor og hungri? Þá segjum við jafnaðarmenn, að það sje að verða viðurkend meginregla um allan heim, að þá beri því opinbera skylda að sjá þessum hluta þegnanna fyrir vinnu til framdráttar sjer og sínum. Fyrir þá vinnu kemur eitthvað af framkvæmdunum sem verðmæti fyrir þjóðfjelagið.

Jeg skal benda á það, að nýlega kom skeyti, sem talið er með stærri frjettum í því stóra landi Bandaríkjunum, er hermir, að jafnvel stjórnin — sem annars er ekki talin mjög frjálslynd í garð verkalýðsins — sje að hugsa um að efna til atvinnubóta handa þeim mikla fjölda atvinnulausra manna. Er enginn vafi, að bygt er á skráningu í því landi. Hví ættum við endilega að vilja vera þeir eftirbátar að vilja ekki haga okkur eftir menningarþjóðum í þessu efni og vilja ekki taka upp þá þjóðfjelagslegu ráðstöfun, sem þær telja sjer skylt að inna af hendi?

Þá lagði hv. þm. út af því, að jeg hefði talað um að skipuleggja atvinnuvegina. Í því getur falist ákaflega margt. Atvinnuvegirnir eru enn ekki

reknir með hagsmuni verkalýðsins fyrir augum, heldur með því augnamiði, að þeir, sem reka þá, geti grætt, en það er ekki litið á þarfir þeirra, sem vinna við atvinnuvegina. Það skipulag, sem við jafnaðarmenn höfum í huga, byggist á því, að þjóðfjelaginu beri skylda til að líta á hag heildarinnar, en ekki einstaklinganna. Eins og nú á sjer stað, eru atvinnuvegirnir án nokkurs skipulags, og stjórnendur þeirra leika lausum hala eftir sínum eigin geðþótta, hvernig sem alt veltist, og alt þetta leiðir af sjer atvinnuleysi ásamt öðru misrjetti.

Jeg ætla ekki að fara að fræða þennan hv. þm. nú um það, hvernig við hugsum þetta skipulag á jafnaðarmanna vísu; jeg vona aðeins, að við báðir lifum það að sjá íslenska atvinnuvegi skipulagða. En það vil jeg segja hv. þm., að það er hægt að koma góðu skipulagi á eitthvað án þess að þjóðnýta það, þó það sje hið æskilegasta.

Hann vildi gera allmikið úr því í 9. lið frv., að sveitarstjórnum og bæjarstjórnum sje heimilt að leita samninga við verkalýðsfjelög um skráningu. Þvílík goðgá! En jeg veit ekki annað en sú skráning sje í höndum verkalýðsfjelaga erlendis. Hefi jeg hvergi sjeð, að á nokkurn hátt væri dróttað að þessum verkalýðsfjelögum að segja ekki rjett um ástæður, enda er engin ástæða að ætla slíkt. Nú er það svo, þegar skráning fór fram í Reykjavík, að þá hefir borgarafloKkurinn tekið verkalýðsmenn í þjónustu við skráninguna og ekki látið sjer það neitt vaxa í augum.

Að síðustu vil jeg nefna þann straum, sem nú beinist til kauptúnanna. Jeg hefi átt tal við ýmsa bændur um þetta mál, og jeg álít, að það sje sú frjálsa samkepni í þessu sem öðru, sem er orsök þess, að fólk leitar jafnmikið til sjávar.

Önnur ástæða er sú, sem hv. þm. er ekki ókunnugt um, hvað lítið er gert enn sem komið er til þess að gera sveitir landsins byggilegar. Það eru engin önnur ráð til að halda fólkinu kyrru í sveitinni en að gera landið svo byggilegt, sem frekast eru tök á. Fólkið leitar úr sveitinni þangað, sem það í augnablikinu heldur, að því geti liðið betur, og ekki síst meðan sú stefna leikur lausum hala, að allir atvinnurekendur við sjávarsíðuna geta hópað utan um sig svo og svo miklu af fólki langt fram yfir þörf.

Jeg held, að jeg hafi nú í stuttu máli flutt nokkra rökfærslu gegn andmælum þessa hv. fulltrúa verkamannakjördæmisins. Þessi skráning er nauðsynleg, hvað svo sem upp af henni sprettur, og vænti jeg þess, að hv. deild leyfi málinu að fara til nefndar, — og vænti ennfremur, þar sem ekki er um mikil útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða samkv. frv., að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst dálítið einkennilegt, að hjer stendur upp hver þingmaður á fætur öðrum til þess að mæla á móti frv., sem aðeins fer fram á, að fengin sje áreiðanleg vitneskja um atvinnuhætti hjer á landi. Hvernig stendur á, að íhaldsmenn margir hjer í deildinni eru algerlega andstæðir því að vita, hvernig er háttað um þessa hluti? Það verða þeir þó að viðurkenna, að það mál er eitt af þeim mestu alstaðar í heimi,

hvernig eigi að ráða bót á því atvinnuleysi, sem verður alstaðar þar, sem auðmagnið er farið að láta til sín taka. En hvernig er hægt að ráða bót á slíkum meinum, ef enginn maður getur með vissu sagt, hvernig ástandið er á hverjum tíma.

Þó að þetta litla frv. yrði að lögum, er hægt að gera ráð fyrir því, að þegar ábyggilegar skýrslur kæmu, mundu menn hafa mismunandi afstöðu um það, hvað gera ætti. En hinu er illa hægt að mæla gegn, að betra sje að hafa áreiðanlegar skýrslur en engar um staðreyndir.

Það hefir sýnt sig á seinni árum, eftir að togara- og vjelbátaútgerðin fór að aukast, að eitthvað er altaf af atvinnulausu fólki hjer á landi. Þetta er reyndar ekki óeðlilegt; það fylgir meiri háttar atvinnurekstri. Þegar unnið er fyrir heimsmarkaðinn, safnar atvinnureksturinn til sín sæg af verkafólki til vissra staða, svo að atvinnan geti þanist út og dregist saman, eftir markaðshorfum. Þegar fara að verða mikil brögð að atvinnuleysinu, er það hætta fyrir þjóðfjelagið og þarf að taka til sjerstakra ráða. Á meðan ekki eru nema nokkur % atvinnulausir, er hægt að fara aðrar leiðir, sem reyndar flokksmenn okkar í Ed. eru að fara fram á með frv. um atvinnuleysistryggingar. En þegar atvinnuleysið er farið að verða stórkostlegt, þá er ekki hægt að ráða bót með öðru en breyttu skipulagi, hvort sem það er gert á sama hátt og 1880, þegar fólkið var flutt úr landinu, eða gert með því að rækta sveitir, koma upp nýjum atvinnuvegum í kaupstöðum, eða öðrum atvinnubótum. En hvernig sem um þessar úrlausnir fer, þá finst mjer ekkert meiri fjarstæða en það, að atvinnuleysisskýrslur einar hljóti að draga menn í kaupstaði. Hvað er það, sem getur frekar verið aðvörun gegn því að flytja í kaupstað en að sjá það svart á hvítu, að fjöldi manna gangi þar atvinnulaus? En það var þetta, sem hv. þm. Vestm. hjelt fram, að af þessum atvinnuleysisskýrslum myndi leiða fólksfjölgun í kaupstöðum.

Þá gat hann þess, að flokki þeim, sem eftir frv. myndi sjá um að safna þessum skýrslum, mundi hætt við að flytja litaða frásögn af ástandinu. Jeg verð að segja, að mjer finst slíkt ósæmilegar getsakir. — Fulltrúaráð verkalýðsfjelaganna hjer í bænum hefir oftar en einu sinni haft á hendi skýrslusöfnun, bæði fyrir sjálft sig og einnig vegna bæjarstjórnarinnar; hefir hún reitt sig á þessar skýrslur og notað þær þegar atvinnubætur hafa verið gerðar. Aldrei hefir verið minst á það einu orði á neinn hátt, að þetta væru falsaðar eða litaðar skýrslur, enda eru þær útfyltar eftir sögusögn mannanna sjálfra og undirskrifaðar af þeim sjálfum, svo að lituð frásögn er útilokuð.

Jóhann Jósefsson: Háttv. 4. þm. Reykv. þótti undarlegt, hvernig jeg talaði. Það er nú svo. Hv. þm. er sjálfsagt svo fróður hvað áhrærir það kjördæmi, sem jeg er fyrir, að hann veit það eins vel og jeg, að samsafn af vinnufólki á þann stað er mjög óheppilegt, ekki einasta fyrir bæjarfjelagið í heild, heldur og fyrir hvern einstakling. Og þegar jeg álít þær gyllingar, sem gerðar eru, hvort heldur af honum eða öðrum, til þess að

draga fólkið að sjónum, t. d. til Vestmannaeyja, þá er jeg að vinna að hagsmunum þeirra manna, sem þar búa, hvaða stjórnmálaflokk sem þeir fylla.

Jeg hefi eiginlega beint mínum orðum meir gegn framsögu og flutningi frv. og fortíð jafnaðarmanna í þessu máli heldur en gegn frv. sjálfu. En í frv. er aðallega eitt atriði, sem sýnir það bert, að hjer er þeim mönnum ætlað um að fjalla, sem a. m. k. eftir minni reynslu hafa iðulega farið með litaðar frásagnir sjer í vil, en andstæðingum til óhags. Jeg á við 2. gr. frv. Þeir hafa báðir, hv. þm., hent það mjög á lofti, að jeg beitti mjer móti sjálfri skýrslusöfnuninni, en jeg hefi aðallega beint orðum mínum gegn þeim „mótivum", sem liggja til grundvallar, nefnilega að slengja byrðum á herðar ríkissjóðs og gera fólki vitanlegt úti um landið, að hjer sje stefnt að því horfi, að þegar atvinnu brestur í kauptúnum, muni það opinbera hlaupa undir bagga með vinnu. Hvað snertir skýrslusöfnunina sjálfa, þá held jeg raunar, að hvað sem líður lagastaf um þetta efni, muni hver vera sínum hnútum kunnugastur í hverju kauptúni og bæjarfjelagi fyrir sig.

Hv. 4. þm. Reykv. fanst það hótfyndni af mjer að tala um, þó að það væri heimilt að lögum að láta verkalýðsfjelögin hafa skýrslusöfnun á hendi. Það er meira en heimilt; það er skylda eftir frv. Vona jeg, að hv. þm. hafi lesið frv. áður en hann flutti það. (**SÁÓ:** „Að leita samninga" stendur í frv.). Já, skylt að leita samninga.

Það er alveg ljóst og kom bert fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að tilgangurinn er sá, að safna efnivið í kröfur á hendur þess opinbera um fjárframlög úr ríkissjóði og bæjarsjóðum. Hv. þm. hefir játað þetta sjálfur. Við fyrri hl. þessarar umr. tók hann það að vísu fram, að ekki væri meiningin að gera kröfur til hins opinbera, heldur skipulagsbinda atvinnuvegina; en nú segir hann: Jeg veit ekki, hvert á að leita, ef ekki til þess opinbera.

Hann segist hafa í hendi sjer og sinna samherja þetta allsherjarmeðal við atvinnuleysi í landinu, sem jeg hygg rjett útlagt, að hann hafi átt við þjóðnýtingu framleiðslufyrirtækja. Jeg get nú ekki sjeð, að á skipaflotanum væri rúm fyrir fleiri sjómenn yfir höfuð, þótt það væri ríkið, sem ræki þennan flota, eða með öðrum orðum væri reksturinn skipulagsbundinn, sem það heitir á máli hv. 4. þm. Reykv. Ef við eigum báðir að sjá það, eins og hann spáði, þá býst jeg við, að reynslan muni sýna, að jeg hefi rjett fyrir mjer, að ekki rýmkist á skipunum fyrir þetta.

Þegar búið er með lagafyrirmælum að binda hendur hinna framtakssömustu manna bæði til sjávar og lands, þannig að sá ónýti ber alveg jafnt úr býtum og sá duglegi, þá ætlar þessi hv. þm. að láta gullöld atvinnunnar renna upp. Því má hver trúa, sem vill. Það er eitt áreiðanlegt, að þeir, sem leggja fastastan trúnað á þær kenningar, þeir hafa lítið kynt sjer atvinnusögu landsmanna á umliðnum árum. Það á við í þessu landi, ef það á nokkurs staðar við, að einstaklingar verða að fá að njóta sín til fulls, ef vel á að fara.

Það er algerður misskilningur hjá

hv. flm., að það sje vatn á mylnu atvinnurekenda, að fólkið sje sem flest eða langt of margt utan um vinnuna. Það er þvert á móti til trafala fyrir atvinnurekstur, að framboð á vinnufólki sje langt fram yfir þörf. Það vita líka allir, sem komið hafa nálægt atvinnurekstri, að það er bæði raun og bagi að því, þegar atvinnufyrirtæki eru svo umsetin af mönnum, en ekki er hægt að veita áheyrn nema litlum hluta. Og að því er snertir aðdróttun hv. þm. í garð atvinnurekenda, að þeir væru altaf reiðubúnir til þess að nota sjer þessa aðstöðu, þá ætla jeg að leyfa mjer að mótmæla því, að þetta sje rjett fram borið. Jeg mótmæli, að þetta sje rjett, þegar talað er um atvinnurekendur yfir höfuð. Það er því þvert á móti, að það sje vatn á mylnu atvinnurekenda, að fólkið flykkist til bæjanna, heldur mundi nær að segja, að stundum sje það atvinnuvegunum til niðurdreps.

Hv. flm. vitnaði í ræðu sinni í erlend dæmi máli sínu til stuðnings, eins og hann hefir jafnan haft til siðs síðan jeg heyrði hann tala hjer í hv. deild. Jeg skal ekkert um það segja, hvort hann hafi í þetta sinn farið rjett með þessar erlendu upplýsingar; það hefi jeg ekki kynt mjer enn. En í öll önnur skifti, sem hann hefir vitnað í erlendar fyrirmyndir, er mjer kunnugt um, að hann hefir farið meira og minna rangt með þær.

Hv. 2. þm. Reykv. áleit, að það væri ekki nema til góðs að rannsaka atvinnuleysið og sagði, að við, sem móti frv. höfum talað, værum þessari rannsókn andvígir. Jeg hefi ekki mótmælt rannsókn í þessu efni, en hitt hefi jeg sagt, að rannsaka frá hálfu þessara manna með það fyrir augum að gera svo á eftir kröfur til hins opinbera um atvinnubætur, bætir ekki úr flótt-anum úr sveitunum. Það er að seilast um hurð til lokunnar. Því meiri kröfur, sem jafnaðarmenn gera, og því meiri gyllingar, sem gerðar eru um atvinnubætur kaupstaðanna, því meira los kemur á fólkið í sveitunum, sem þá leitar til kaupstaðanna og byggir afkomu sína þar á vonum, sem ekki rætast.

Mjer fanst þessi sami hv. þm. bera mikinn kvíðboga fyrir því, að mál þetta kæmist ekki til nefndar. Mjer hefir ekki komið til hugar að bregða nú þegar fæti fyrir frv. og hamla því, að það færi til 2. umr. og nefndar. En hitt vil jeg segja að lokum, að mjer finst það undarlegt, að þessir sömu menn, sem takmarka vilja vinnuna og hefta atvinnuvegina, skuli bera fram frv. um að safna atvinnuleysisskýrslum til þess að geta gert kröfur til hins opinbera um aukna vinnu til framfærslu því fólki, sem þeir hafa lokkað til kaupstaðanna. Í þessu er eitthvert öfugstreymi, sem ekki er gott að greina í.

Jón Ólafsson: Það er hvorttveggja, að jeg má aðeins gera stutta athugasemd nú, enda var jeg svo heppinn, að um daginn, þegar mál þetta var síðast til umr., rak hv. flm. ofan í hv. þm. Ísaf. flest af því, sem hann hafði sagt, og viðurkendi, að frv. væri borið fram meðal annars í þeim tilgangi að hrinda af stokki atvinnubótum og æsingi. Að öðru leyti rangfærði hv. þm. Ísaf. alt, sem jeg hafði sagt, sennilega

af einhverri vöntun um að fara ráðvandlega með orð andstæðinga sinna, og ætla jeg því ekki að þreyta hv. deild með því að fara að eltast við það.

Hinsvegar kom fram í ræðu hv. flm. sú raunverulega hugsun, sem einkennir allar athafnir jafnaðarmanna, að þetta frv. sje borið fram í þeim tilgangi að stíga með því fyrsta sporið til þess að skipuleggja atvinnuvegina á jafnaðarmanna vísu, en forðast að fara inn á þá braut að útskýra nánar, í hverju þetta skipulag ætti að vera fólgið.

Jeg læt nú hv. þd.bændur um það, hvort þeir álíti skipulag á jafnaðarmanna vísu nauðsynlegt að því er landbúnaðinn snertir, eða hvort þeir vilji, vegna atvinnubóta, lengja sláttinn fram til veturnátta o. s. frv. Hitt er víst, að sjávarútvegsmenn munu ekki treysta jafnaðarmönnum, og allra síst foringjum þeirra, til þess að skipuleggja útveginn.

Hv. þm. Ísaf. var eitthvað að dylgja um það, að jeg hefði látið skip mín liggja við landfestar um hábjargræðistímann. En veit þm., hvað eru aðalbjargræðistímar atvinnuveganna? Eða heldur hann, að bjargræðistími á þorskveiðum sje í júlí og ágústmánuði? En á þeim tíma liggja togararnir helst í höfn vegna ýmislegrar aðgerðar og hreinsunar. Á öðrum tímum árs hafa ekki mínir togarar legið í höfn, nema hafi verið um verkföll eða verkbönn að ræða. Eftir þessu að dæma gæti jeg trúað því, að þessi hv. þm. vissi ekki betur en að síldveiðin hjer við land væri mest á þorranum.

Hann sagði líka, þessi sami hv. þm., að jeg hefði sótt vinnufólk í aðra landsfjórðunga, og því ekki hlynt að atvinnu bæjarbúa. Þessu er því til að svara, að í stórum stíl hefir það ekki verið, aðeins fáeinar stúlkur undan Jökli árið 1923, og síðan ekki. Að öðru leyti má geta þess, að enn ganga verkafjelagsmenn og konur ómerkt af forkólfum jafnaðarmanna, svo að ilt er að þekkja þá frá öðrum, er atvinnu leita hjá þeim, sem eitthvað hafa að láta vinna.

Annars er það rjett hjá hv. þm. Ísaf., að það er atvinnuvonin, sem ginnir fólkið til kaupstaðanna, og mætti þá segja, að jeg hafi óbeinlínis átt þátt í því, að fólk hefir komið hingað í atvinnuleit.

En hinu, sem jeg hjelt fram og held enn fram, því verður ekki hrundið með rökum: að það eru forkólfar jafnaðarmanna, sem eiga þó stærsta þáttinn í innflutningnum til bæjarins, með því að lofa fólkinu gulli og grænum skógum í atvinnubótum á ríkis- eða bæjarkostnað, en sem hljóta að reynast tálvonir.

Þá eru það rakalausar aðdróttanir í garð atvinnurekenda, að þeir vilji innflutning fólks til bæjarins til þess að hafa hægari aðstöðu um að þrykkja niður kaupi. Þvert á móti er mjer það ljóst, að af innflutningi fólks og að engu leyti auknum atvinnumöguleikum hljóta að leiða færri dagsverk hjá þeim, sem fyrir eru, og gefur því síður ástæðu til kauplækkunar.

Þetta læt jeg mjer nægja, enda nenni jeg ekki að ræða þetta mál frekar við hv. flm. þessa hugsanagrautar. Það er öllum ljóst, hvað liggur á bak við frv. þetta og hvað vakir fyrir þessum jafnaðarmannaforkólfum með flutningi þess.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það er aðeins stutt athugasemd til þess að bera af mjer sakir.

Hv. þm. Vestm. bar þær sakir á mig, að jeg gæfi rangar upplýsingar, er jeg vitnaði í erlendar fyrirmyndir máli mínu til stuðnings. Jeg veit nú ekki, hvað hann á við með þessu, því jeg kannast alls ekki við að hafa falsað neinar heimildir, er jeg hefi notað. Hitt er vitanlegt, að þegar um það er að ræða að taka hjer upp nýmæli, hvort sem heldur er í lagasmíð eða á öðrum sviðum, þá er ekki nema eðlilegt, að vitnað sje í erlendar fyrirmyndir. Þetta hefir ávalt tíðkast og okkur fullvel sæmandi, þó að við notfærum okkur reynslu þeirra manna eða þjóða, sem lengra eru á veg komnir, bæði í þessum efnum sem öðrum. Annars sje jeg ekki ástæðu til að svara hv. þm. Vestm. frekar, en vænti, að hann reyni að finna þeim orðum sínum stað, að jeg hafi farið rangt með, er jeg var að vitna í erlendar fyrirmyndir. Ummæli mín bygði jeg sumpart á eigin reynslu og sjón, eða þá á skjalfestum upplýsingum, sem jeg hefi enga ástæðu til að halda, að sjeu óáreiðanlegar.

Hv. 3. þm. Reykv. ætla jeg ekki neinu að svara — þess þarf ekki með — öðru en því, að skipulagsleysi atvinnuveganna bendir ótvírætt í þá átt, að þeim mundi betur vegna, ef þeir væru reknir af hálfu hins opinbera, heldur en nú undir stjórn þeirra einstaklinga, er með þá fara eftir eigin hagsmunum og geðþótta. Jeg býst hinsvegar ekki við, að skráning atvinnulausra verði stórt spor til þess skipulags; gæti þó svo farið, að í skjóli slíkra ráðstafana þroskist sú hugsun, að öll stærri atvinnufyrirtæki, eins og togaraútgerðin, væru best komin undir ríkisrekstri. En þá verða þeir ekki lengur atvinnurekendur, hv. 3. þm. Reykv. og aðrir útgerðarstjórar, sem hafa líf og alla velferð fólksins í sinni hendi, heldur verða þeir gerðir að þjónum fólksins, og skil jeg það náttúrlega einkar vel, að slík tilhugsun muni þeim svíða sárt.

Jóhann Jósefsson: Jeg ætla að gera hv. flm. þann greiða að benda honum á þrjú dæmi, sem hann fór rangt með, svo hann gæti sín betur næst, þegar hann vitnar í erlendar fyrirmyndir. Í fyrsta lagi fór hann með rangt mál, er hann sagði í framsöguræðu um aukinn svefntíma á togurunum, að íslenskir fiskimenn á togurum væru verst launaðir allra fiskimanna. En sannleikurinn er sá, að þeir hafa mun betri launakjör en Þjóðverjar að minsta kosti, og ekki verri kjör en breskir fiskimenn, að þeim ef til vill undanteknum, sem frá Hull sigla.

Í öðru lagi fór hv. þm. með rangt mál í umr. um bann gegn næturvinnu, er hann taldi heilsusamlegri skilyrði í erlendum hafnarbæjum heldur en hjer. Og í þriðja lagi fullyrti þessi sami hv. þm. í umr. um sama mál, að í erlendum fiskihöfnum væri ekki unnið á nóttum. Það tíðkaðist aðeins hjer og hvergi annarsstaðar. En þetta er rangt. Í Grimsby, Hull, Geestemünde og Aberdeen er unnið að fiskuppskipun úr togurum að nóttu til, eftir þörfum, og geta þeir trúað því, sem vilja, að hollara sje að vinna að nóttu til í kolaryki þessara stóru hafnar-

bæja heldur en hjer í hinu hreina íslenska vetrarlofti.

Þetta verður hv. flm. að láta sjer nægja í bili. Það getur gefist tækifæri til að hrekja aðrar staðhæfingar hans síðar, ef hann vandar ekki betur staðhæfingar sínar en hann hefir gert fram að þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, GunnS, HJ, HK, HjV, JJós, JörB, BSv.

nei: ÓTh, PO, EJ, HStef, JAJ, JÓl, JS, LH, MG.

Sex þm. (MJ, MT, ÁÁ, BSt, HG, IngB) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 27. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 164, n. 568).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Allshn., sem hefir haft þetta frv. til meðferðar, hefir orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. með þeirri breytingu einni, að skýrslugerð þessi nái aðeins til þeirra kaupstaða, sem eru sjerstakt lögsagnarumdæmi. Nefndin leit svo á, að rjett væri að safna skýrslum um atvinnuleysi í þessum kaupstöðum og reyna að bæta úr, ef unt væri. Sömuleiðis lítur hún svo á, að þetta gæti verið til hagræðis, að vita um ástandið, bæði fyrir þá, sem vildu leita sjer atvinnu á þessum stöðum, og eins hina, sem þyrftu að fá fólk í vinnu annarsstaðar á landinu. Frá mínu eigin sjónarmiði vildi jeg benda á, sem leið til að bæta úr atvinnuleysinu, að koma upp iðnaði, sem mikil nauðsyn er á hjer, með því að mikið hráefni er flutt hjeðan óunnið.

Allshn. er sammála í þessu máli, að undanteknum hv. 1. þm. Skagf., sem hefir sjerstöðu í málinu og því óbundnar hendur. Hún telur ekki þörf á að taka fleiri kaupstaði með að svo stöddu, en mætti bæta við síðar, ef þurfa þætti. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti, að hv. deild sjái sjer fært að ljá þessu frv. sitt fylgi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 29. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 568,1.a samþ. með 16:1 atkv.

— 568,1.b samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, HK, IngB, JJós, JAJ, JörB, LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG.

nei: JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, HStef, HJ, BSv.

EJ greiddi ekki atkv.

Brtt. 568,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG, HK, HjV, IngB, JJós, JörB, LH, MT.

nei: ÓTh, PO, SE, HStef, HJ, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, BSv.

EJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 568,3 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv.
4. gr. samþ. með 15:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:7 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 634).
Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 696).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það hefir nú verið svo um alllangt skeið í kaupstöðum þessa lands, að fleiri eða færri af íbúum þeirra hafa gengið atvinnulausir mikinn hluta ársins. Hefir það verið mjög erfitt í hinum stærri bæjum að fá yfirlit yfir þetta, sökum þess að þar eru kunnugleikarnir minni. Má því segja, að nauðsynlegt sje, að þessi skýrslugerð verði lögboðin. Snemma á þessu þingi kom fram frv. þess efnis, að bæjarstjórnum og hreppsnefndum væri skylt að safna skýrslum um atvinnuleysi. Í Nd. tók þetta frv. allmiklum breytingum, og nú er það svo, að eftir því er aðeins skylt að safna atvinnuleysisskýrslum í kaupstöðunum. Skal skýrslugerð þessi fara fram 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. Skal þetta gert til þess að sjá, hvernig ástandið er og með það fyrir augum, á hvern hátt verði best ráðin bót á því, þegar atvinnuleysi er, því það er af öllum viðurkent að vera það mesta böl, sem þjóðirnar eiga við að stríða. En til þess að hægt sje að bæta úr því, verður að þekkja það, og það er ekki unt nema á þennan eina hátt, að safna skýrslum um það. Sjerstaklega eru þessar skýrslur nauðsynlegar í hinum stærri kaupstöðum, til þess að glögt yfirlit fáist yfir það, hvernig ástandið er. Það er mjög mikið talað um það að reyna að finna einhver ráð til þess að fá fólkið til þess að flytja upp í sveitirnar og mörg ráð höfð til þess að koma því í framkvæmd. En jeg lít nú svo á, að einnig af þeim ástæðum þurfi að fá vitneskju um ástandið eins og það er.

Mig grunar, að því miður sje nú svo komið, að við sjeum með eins háa tölu atvinnulausra manna, í hlutfalli við fólksfjölda, eins og þær af nágrannaþjóðunum, sem verst eru staddar í því efni. En jeg álít, að auðveldara sje að bæta úr þessu hjer en víðast annarsstaðar. Því að þar, sem atvinnuleysið hefir staðið mannsöldrum saman, þar skapast, vegna þjóðfjelagsfyr-

irkomulagsins, hópar manna, sem ef til vill ekki komast að vinnu árum saman, og þetta ástand leiðir af sjer hinn mesta ófarnað. Og þetta ástand eigum við áreiðanlega eftir að fá í þessu landi, ef ekki er tekið í taumana í tæka tíð. En fyrsta atriðið til að geta eitthvað gert, er að vita, úr hverju þarf að bæta, — vita, hvernig ástandið er.

Meiri hl. allshn. vill samþ. frv. óbreytt, með því að viðbúið er, að það gangi ekki fram á þessu þingi, ef nú er farið að breyta því. En hv. minni hl. ber fram allvíðtækar brtt. Jeg get strax sagt, að jeg tel frv. gereyðilagt, ef þær ná fram að ganga. Ef bæjarstjórnum er ekki beinlínis gert að skyldu að safna atvinnuleysisskýrslum, heldur er aðeins heimilað að gera það, má búast við, að þær hummi það fram af sjer. Það má búast við, að þær vilji ekki sjá sannleikann og fari að eins og strúturinn, — stingi höfðinu niður í sandinn. Ef brtt. hv. minni hl. verða samþyktar, þá er engin breyting gerð á því lagaleysisástandi, sem nú er um þetta, því að vitanlega hafa bæjarstjórnir fulla heimild til að safna skýrslum um atvinnuleysi án leyfis Alþingis. Þær hafa enda oft gert það, en af söfnun með þeim hætti fást ekki þær upplýsingar og það gagn, sem leiðir af skipulagsbundinni skýrslusöfnun með reglulegu millibili. Það er ekki annars hægt að sjá muninn á atvinnuleysinu sumar og vetur eða gera samanburð á því frá ári til árs. — Frv. er gagnslaust með öllu, ef brtt. hv. minni hl. ná fram að ganga. Þá verður ekkert gert í þessum málum fram yfir það, sem nú er.

Jón Þorláksson: Jeg ljet í allshn. uppi það álit, að jeg teldi ekki rjett að gera frv. þetta að lögum nema með gagngerðri breytingu. Jeg hefi nú borið fram nokkrar brtt., sem prentaðar eru á þskj. 720 og útbýtt var rjett í þessu, en jeg fer ekki fram á, að þær verði teknar til umr. eða atkvgr. að þessu sinni. Má það gjarnan bíða til 3. umr., og get jeg einnig geymt mjer að gera grein fyrir þeim þangað til.

Eins og þetta frv. er úr garði gert, getur það ekki komið að notum í því efni, sem háttvirtur framsögumaður meiri hl. taldi aðaltilgang þess, sem sje að finna grundvöll fyrir hið opinbera til að draga úr atvinnuleysi og afleiðingum þess. Það er fyrst og fremst af því, að skýrslur þær, er safnað yrði samkv. frv., gætu ekki fengið opinbera tiltrú. Mergurinn málsins er að þessu leyti í 2. gr. frv. Þar er svo fyrir mælt, að leita skuli samninga við verkalýðsfjelögin um að taka að sjer skýrslusöfnunina. Nú er það svo hjer í Reykjavík, og raunar í flestum ef ekki öllum kaupstöðunum, að verkamannafjelögin eru því nær undantekningarlaust stjórnmálafjelagsskapur. Ef þessum fjelögum væri nú falin skýrslusöfnunin, þá væri það að vísu þægilegt verkefni fyrir þau, til þess m. a. að draga að sjer nýja fjelagsmenn, en skýrslurnar geta þá ekki notið þeirrar opinberu tiltrúar, sem þær þurfa að gera.

Eins og frv. liggur nú fyrir, mun jeg greiða atkv. með 1. gr. þess til 3. umr., en móti 2. gr. Skýrslusöfnunin á ekki annarsstaðar heima en hjá hagstofunni og bæjarstjórnunum.

Frekari athugasemdir get jeg geymt mjer til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Út af orðum hv. minni hl. vil jeg aðeins taka til athugunar það, sem hann sagði um 2. gr. Jeg get varla skilið, að hv. þm. segi það í alvöru, að ekki sje hægt að hafa tiltrú til verkalýðsfjelaganna í þessu efni og að skýrslur þær, er þau söfnuðu fyrir bæjarstjórnir eða í samvinnu við þær, gætu ekki fengið almenna tiltrú. Jeg veit ekki betur en að í öðrum löndum sje það svo, að þau taki þátt í þessu starfi. Í löggjöf annara þjóða, sem lengra eru komnar heldur en við í þessum málum, held jeg einmitt, að lögð sje viss skylda á verkalýðsfjelögin til að aðstoða bæjarstjórnir í þessum efnum. Það er ekkert nýtt, sem farið er fram á með 2. gr., og hví skyldum við ekki geta borið traust til verkalýðsfjelaganna um heiðarlega skýrslusöfnun, þar sem aðrar þjóðir lögbjóða þeim að hafa hana á hendi? — Það er mesti misskilningur hjá hv. þm., að þessar skýrslur þurfi að verða óáreiðanlegar fyrir þá sök, að verkamannafjelögin aðhyllast að einhverju leyti vissa pólitíska stefnu. Verkalýðsfjelögin hafa einnig þessi atvinnuleysismál með höndum, og hjer í bæ hafa þau stundum verið í samvinnu við bæjarstjórn um skýrslusöfnunina. Mjer þykir það sannast sagt furðu bíræfið af hv. 3. landsk. að væna fjelögin um það, að þau muni gefa út falsaðar skýrslur. En það liggur beinlínis í orðum hans, að fjelögin muni hegða sjer þannig. Ef hv. 3. landsk. ætti að semja einhverja skýrslu, mundi jeg t. d. ekki vilja fullyrða fyrirfram, að skýrsla hans gæti ekki fengið opinbera tiltrú, enda þótt hann sje pólitískur andstæðingur minn. Jeg hugsa, að það þætti nokkuð hastarlegt að segja slíkt um hv. þm. að óreyndu. En það er þetta, sem hann segir um verkamannafjelögin, af því að þau hafa aðra pólitíska skoðun en hann. Annars get jeg mint hann á það, að til eru í landinu íhaldssinnuð verkamannafjelög, sem jeg býst við, að hann hafi ekki á móti að treysta, t. d. í Ólafsvík og Borgarnesi, þar sem nafnfrægir íhaldslæknar hafa verið formenn. Þau tvö fjelög kæmu að vísu ekki til greina í þessu sambandi, þar sem þau eru ekki í kaupstöðum, en jeg bendi á það vegna þess, hve hv. 3. landsk. hefir verið ákafur að bendla fjelögin við ákveðna stjórnmálastefnu. Starf verkalýðsfjelaganna er í fyrstu röð það, að bæta kjör meðlima sinna, og svo koma stjórnmálin í annari röð. En jafnframt því að vera í verkalýðsfjelögunum eru margir meðlimir þeirra í öðrum fjelagsskap, sem fyrst og fremst hefir stjórnmálin á sinni dagskrá, svo sem jafnaðarmannafjelögum, og máske einstöku í stjórnmálafjelögum íhaldsmanna.

Jón Þorláksson: Hv. frsm. meiri hl. kannaðist við, að hjer væri verið að fara aðra leið um söfnun skýrslnanna en tíðkanleg væri erlendis, enda hlaut honum að vera það kunnugt. Það er vitanlegt, að leggja þarf skyldu á alla hlutaðeigendur, þ. á. m. verkalýðsfjelögin, að gefa þær upplýsingar við skýrslusöfnunina, sem þörf krefur. Það sagði hann, að gert væri erlendis, og það á auðvitað að gera hjer, ef rjett er að farið. En í þessu frv. er farið

fram á alt annað, sem sje, að verkalýðsfjelögin sjálf hafi skýrslusöfnunina á hendi. Jeg álít, að við höfum hjer opinbera stofnun, sem beinlínis hefir það hlutverk að safna skýrslum sem þessum, þar sem hagstofan er.

Það var hv. frsm. meiri hl., en ekki jeg, sem fór að tala um falsaðar skýrslur; jeg sagði ekkert í þá átt. En jeg á ofurhægt með að útskýra, af hverju skýrslurnar geta ekki hlotið opinbera tiltrú. Eins og hv. frsm. rjettilega sagði, er það fyrsta ætlunarverk verkalýðsfjelaganna að halda uppi samtökum til að bæta efnalega afkomu meðlima sinna. Og það verður að teljast varhugavert að láta þann aðilja safna skýrslum um slíkt, sem beinlínis hefir það á stefnuskrá sinni að afla meðlimunum aukinna tekna. Með þessum orðum er engum gert rangt til. Það er ofureðlilegt, að stjórn slíks fjelagsskapar getur ekki verið óhlutdræg um þau mál, er snert geta fjárhagsafkomu fjelagsmanna. Til þess er ómögulegt að ætlast. En þess vegna á þessi aðili ekki heldur að safna skýrslunum. — Vegna þess að verkalýðsfjelögin eru jafnframt stjórnmálafjelög, má búast við, að allmargir menn, sem utan þess fjelagsskapar standa, vilji ekki láta honum í tje neinar upplýsingar um afkomu sína. Því eru allar líkur til, að með þessu móti fáist ekki þær upplýsingar, sem til þess þarf, að skýrslurnar verði einhvers virði.

Hv. þm. þýðir ekkert að nefna Ólafsvík og Borgarnes í þessu sambandi. Hann veit það ofurvel, að þar eru ekki kaupstaðir í þeim skilningi, sem hetta frv. leggur í það orð, og tekur frv. því ekki til þeirra staða.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg gæti hugsað mjer, að eitthvað gengi stirðlega um þessar skýrslur, ef fela ætti hagstofunni að safna þeim. Hv. 3. landsk. hefir á þessu þingi sjálfur flutt till. til þál. um það, að gerðar sjeu ráðstafanir til, að hagstofan nái nútímanum. Jeg held, að við ættum að lofa henni að ná okkur fyrst, áður en við förum að leggja henni nýjar skyldur á herðar. Enda er hún alls ekki sú stofnun, sem eðlilegt er, að *safni* þessum skýrslum. Hún safnar sjálf minstu af þeim skýslum, sem hún gefur út eða vinnur úr. Hún fær þær sendar ýmsa vegu frá. Hún býr í mesta lagi til formin fyrir þeim skýrslum, sem safnað er, og það gæti hún líka gert hjer. Einnig mætti ganga eftir því, að henni væru sendar skýrslurnar jafnóðum og þeim er safnað, eða innan einhvers tiltekins tíma.

Það er enginn efi, að langódýrasta leiðin við þessa skýrslusöfnun er sú, að fela verkalýðsfjelögunum hana. Þau geta lagt til menn, sem hafa fullkomnust kynni af högum verkamanna. Þannig yrðu skýrslurnar jafnframt áreiðanlegri. Það er því alveg gagnstætt veruleikanum, sem hv. 3. landsk. sagði, að skýrslurnar hlytu að verða óáreiðanlegar hjá verkalýðsfjelögunum. Ef við eigum að slá því föstu, að verkalýðsfjelögunum sje ekki treystandi til að gera skýrslurnar heiðarlega, þá verðum við jafnframt að láta sömu reglu gilda um alla aðra. Það er t. d. um verkfræðinga. Eftir áliti hv. 3. landsk. ætti þeim ekki að vera trúandi til að gera áætlun um nokkurt mannvirki, því að það gæti komið til að snerta þá sjálfa fjárhags-

lega, hvort í fyrirtækið væri ráðist eða ekki.

Úr því að farið er að koma með erlendan samanburð, er ekki úr vegi að minna á, að verkalýðsfjelögin hafa víða með höndum alt eftirlit með útborgunum á atvinnuleysisstyrk, og snertir það þó fjárhagsafkomu fjelagsmanna meira en skýrslusöfnunin ein. Enda er það svo, að verkalýðsfjelögunum getur ekki verið annað kærara en það, að ástandið sýni sig eins og það er í raun og veru. Þá væri þess helst að vænta, að eitthvað væri úr bætt.

Jeg held, að rjettast sje, að frv. verði að lögum óbreytt eins og það lítur nú út. 2. gr. þess má ómögulega falla niður. Hún veitir bæjarstjórnunum svo bráðnauðsynlegan stuðning við skýrslusöfnunina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2. gr. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald, JJ.

nei: BK, HSteins, JóhJóh, JÞ, JKr.

GÓ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

3.—4. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:3 atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 634, 720).

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að flytja nokkrar brtt. á þskj. 720 við frv. það, er hjer liggur fyrir, sem miða að því að koma þessari löggjöf um atvinnuleysisskýrslur í hliðstætt horf og löggjöfinni um hagskýrslur yfirleitt.

Eins og frv. liggur fyrir á þskj. 634 hefir það svo mikla ágalla, að jeg tel enga von til þess, að það komi að tilætluðum notum sem grundvöllur undir það, að taka ákvarðanir um, á hvern hátt skuli bætt úr atvinnuleysi. Jeg hefi við 2. umr. málsins minst á einn höfuðgalla þess, þann, að verkalýðsfjelögunum er ætlað að safna skýrslunum, en afleiðing þess verður, að skýrslurnar verða ekki eins fullkomnar og áreiðanlegar og þær þurfa að vera.

Þá er annar höfuðgalli, að í frv. hefir farist fyrir að leggja þá skyldu á hlutaðeigendur, að gefa allar þær upplýsingar, er þeir geta í tje látið, þeim, er skýrslunum safna. Það er vitanlegt, að um allar hagskýrslur þótti það nauðsynlegt að leggja þá skyldu á menn að gefa hagstofunni allar upplýsingar. Heimilað er að beita dagsektum, ef einhver færist undan að láta þær í tje, en sektum, ef neitað er alveg að gefa nauðsynlegar upplýsingar. Þessi skylda er í 7. og 8. gr. laga nr. 29, 8. nóv. 1895, og fer jeg fram á í 2. brtt. minni, að vísað verði til þeirra laga að því er snertir skyldu til að gefa þessar upplýsingar. Jafnframt fer brtt. fram á, að lögleidd verði skylda fyrir atvinnurekendur og verkamenn til að láta allar upplýsingar í tje og gefa vottorð um, að skýrslurnar sieu rjettar. Nauðsynlegt er, að þetta ákvæði sje í lögunum, ef ábyggilegar skýrslur eiga að fást. En að ýmsu leyti virðist mjer tilgangur-

inn ekki vera sá, heldur að veita verkalýðsfjelögunum þægilega aðstöðu til þess að ná tali af mönnum og fá þá til að sinna þessum fjelagsskap, eins og hv. 5. landsk. lýsti svo vel við 2. umr. þessa máls.

Þá fer jeg fram á það, að leggja það á vald bæjarstjórnar að ákveða, hvort skýrslusöfnun skuli fram fara í kaupstaðnum. Finst mjer það sanngjarnt og eðlilegt, því að um framkvæmdirnar mun altaf velta mikið á því, að bæjarstjórn veiti aðstoð til þess að safna skýrslunum. Vilji hún enga aðstoð veita, er mjög hætt við því, að skýrslusöfnun þessi verði ófullkomin.

Þá er farið fram á, að hagstofan hafi skýrslusöfnun með höndum. Eftir lögunum um hagstofu Íslands er það í hennar verkahring að safna skýrslum um atvinnuvegi landsins, og þótt þetta ákvæði hafi ekki hingað til verið skilið á þann hátt, að hún eigi að safna skýrslum um þetta atriði, þá ber henni að safna þeim að svo miklu leyti, sem löggjafinn ákveður, að þeim skuli safnað. — Loks er farið fram á, að sjerstakur kostnaður við skýrslusöfnun þessa greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, en ætlast er til, að hagstofan leggi fram sitt verk endurgjaldslaust. Um kostnað á birtingu skýrslna fer eins og um aðrar hagskýrslur.

Við 2. umr. þessa máls heyrði jeg hv. 5. landsk. hreyfa einni mótbáru gegn því, að hagstofunni verði falin söfnun á þessum skýrslum. Hún var sú, að hagstofan væri svo seinvirk, að skýrslusöfnun myndi á þann hátt ekki koma að fullum notum. Það er að vísu rjett, að hagstofan er talsvert á eftir tímanum með birtingu á ýmsum skýrslum, en nú er verið að ráða bót á því, og hefir þetta þing gert ráðstafanir til þess, að það komist í betra horf. Annars er þetta engin mótbára, því að það er engin ástæða til þess að ætla, að hagstofan verði seinvirkari að inna þetta af hendi en hver önnur stofnun, sem þetta verk er falið, enda ekki annað en ganga eftir því, að það verði gert nógu fljótt.

Þá sagði hv. þm. einnig, að hagstofan safnaði ekki skýrslum, heldur fengi þær sendar. Þetta er ekki rjett; má t. d. nefna skýrslur hennar um smásöluverð, sem hún safnar mánaðarlega og oftast eru birtar áður en mánuðurinn er liðinn. Eins mundi fara, ef hagstofunni væri falið að safna þessum skýrslum, og ef bæjarstjórn veitti til þess aðstoð sína, yrðu skýrslurnar komnar jafnfljótt og frá nokkurri annari stofnun. En það, sem vinst, er það, að skýrslurnar fá opinbert trúnaðargildi og verða rjettari, enda er það komið inn í meðvitund manna, að hagstofan sje svo áreiðanleg, að henni sje óhætt að treysta.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hv. 3. landsk. hefir nú gert grein fyrir sínum brtt., og hefi jeg litlu að bæta við það, er jeg sagði við 2. umr. En það er ljóst, að ef þessar brtt. verða samþ., nær mál þetta ekki fram að ganga á þessu þingi, svo áliðið sem nú er þings. Í öðru lagi er það ljóst, að skýrslusöfnun þessi yrði að engu gagni, ef brtt. yrðu samþ. Það er mjög villandi, sem hv. þm. sagði, að skýrslurnar mistu tiltrú, ef verkalýðsfjelögin ynnu að skýrslusöfnuninni. Hví skyldu þau ekki gera skýrslurnar svo

úr garði, að festa mætti tiltrú til þeirra? Ef benda mætti á galla á skýrslunum, t. d. þá, að fjelögin notuðu sjer þetta til „agitationar", yrði það til að draga úr árangri þeirra. Það má ekki gera menn að þeim glópum, að þeir sjái ekki sitt eigið gagn. Það er fullkomlega óhætt að fela fjelögunum þetta, og er auk þess ódýrara.

Hv. 3. landsk. leggur til, að hagstofunni verði falið að framkvæma skýrslusöfnunina. Ef það verður gert, sje jeg ekki betur en að hún verði að bæta við sig mönnum; auk þess hefir hún ekki á að skipa kunnugum mönnum og verkið tekur því lengri tíma. Það þarf að auglýsa fyrirfram, hvenær skýrslusöfnunin á fram að fara, og prenta skýrsluform, sem hagstofan útbýr, með upplýsingum um alla hagi atvinnulausra manna, svo sem tekjur, fjölda heimilismanna, húsaleigu o. s. frv. Og ef hagstofan á að safna þessu, kostar það meir en ef ríkissjóður borgaði ⅓, eins og ráð er fyrir gert í frv., því eins og jeg hefi áður sýnt fram á, þyrfti hagstofan að bæta við sig mönnum. Hv. 3. landsk. sagði, að hagstofan safnaði sjálf sumum skýrslum sínum. Þetta er rjett að því er Reykjavík snertir. (JÞ: Það er ekki það eina). En aðalsöfnunin fer fram á þann hátt, að embættismennirnir taka við skýrslunum og senda þær svo til hagstofunnar, sem vinnur úr þeim. Þannig er ætlast til, að þessu verði hagað. Með þessu móti getur hagstofan auðveldlega safnað skýrslunum, en það er hætt við því, að ekki verði tök á því að birta árangurinn strax og söfnuninni er lokið, auk þess sem þetta er að minni hyggju öfug leið til að spara.

Hv. 3. landsk. vill láta greiða allan sjerkostnað við söfnunina úr bæjarsjóði. Jeg sje ekki, hvernig þetta má verða, því að ef hagstofunni verður falið þetta, yrði hún að bæta við sig 1—2 mönnum, svo að í stað 1000 kr. mundi þetta kosta ríkið um 5000 kr. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að hagstofan flýtti störfum sínum sem mest, en ef á að fara að bæta við hana nýjum störfum án þess að mönnum sje bætt við jafnframt, verður það til þess, að alt sækir í sama horfið og áður og að hún verður að vanrækja eitthvað af skýrslunum. Ef brtt. hv. 3. landsk. yrðu samþ., mundi það því tefja fyrir hagstofunni, auk þess sem fyrirkomulag frv. er betra og kostnaðarminna. Þá er það hálfhlægilegt, ákvæðið um dagsektir hjá atvinnulausum mönnum. Þeir um það, hvort þeir láta ekki skrásetja sig. Það er þeirra tap og verður til þess, að þeir verða útundan. Það er því hreinn óþarfi að vera með tilvitnanir í lög frá 1895 um dagsektir í þessu efni, auk þess sem það er næsta hlægilegt. Þessi skýrslusöfnun verður að byggjast á kunnugleika á kjörum manna og högum, og í verkalýðsfjelögunum eru margir svo kunnugir fjölda manna, að þeir geta sagt um það með töluverðri vissu, hvort þessar upplýsingar eru ábyggilegar eða ekki, svo að þessi tilvitnun í lögin frá 1895 er algerlega óþörf.

Jeg held, að hv. 3. landsk. mundi eyðileggja frv., ef brtt. hans ná fram að ganga. Þetta mundi ekki verða notað af bæjarstjórnunum og gæti

líka. orðið til þess, að frv. yrði felt, enda er það þá orðið lítils virði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi segja það, að jeg hefði álitið, að mögulegt væri að breyta frv. til bóta, ef meiri tími hefði verið fyrir hendi. Verði það samþ. eins og það liggur nú fyrir, hefi jeg hugsað mjer að leggja fyrir næsta þing breytingar á því. Jeg álít, að það þurfi að vera miklu fyllra og gleggra.

Jón Þorláksson: Úr því að hæstv. fjmrh., sem hagstofan heyrir undir, situr í sínum stóli, fyndist mjer, að það hefði átt eins vel við, að hann hefði sjálfur tilkynt þetta. **(Dómsmrh. JJ:** Stj. þarf engar ráðleggingar frá hv. 3. landsk.). Nei, jeg veit, að hæstv. dómsmrh. þykist ekki þurfa að fara eftir konunglegri tilskipun, sem sett er um verkaskiftingu ráðherranna og hefir sama gildi sem lög væri; hann tekur það hvort sem er ekki svo nærri sjer að brjóta lögin. **(Dómsmrh. JJ:** Hvernig var það með áfengislögin?). Um þau höfum við talast við áður, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fara út í það nú.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg þykist sjálfráður að því, hvaða mál jeg læt til mín taka, en hvað verkaskiftinguna snertir, þá er hún ekki svo rígskorðuð sem hv. 3. landsk. vill vera láta. Mjer dettur ekki í hug að banna samverkamönnum mínum að flytja mál, sem þeir álíta nauðsynlegt, þó að það að einhverju leyti kynni að geta fallið undir mitt verksvið, auk þess, sem ekki er hægt að banna neinum þm. að taka þátt í umræðum um mál, sem á dagskrá standa.

ATKVGR.

Brtt. 720,1 feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, HSteins, JóhJóh, JÞ, JKr.

nei: MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald, JJ, GÓ.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Brtt. 720,2 feld með 7:5 atkv.

— 720,3 feld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, EÁ, EF, IP, JBald.

nei: JKr, BK, HSteins, JóhJóh, JÞ.

GÓ, PH greiddu ekki atkv.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 757).

60. Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar (þmfrv., A. 78).

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg býst við, að óþarft sje að fylgja þessu frv. úr hlaði með langri tölu. Jeg þykist vita, að hv. deild muni vera á einu máli um það, að þörf sje á skýrari ákvæðum um kosningar utan kjörstaða heldur en nú eru í gildi. Síðustu

alþingiskosningar eru glögg sönnun þess, að þau eru ekki svo trygg sem skyldi. Það er enginn vafi á því, að misfellur þær ýmsar, er áttu sjer stað á atkvæðagreiðslum utan kjörstaða við síðustu kosningar, eiga að talsvert miklu leyti rót sína að rekja til þess, að ákvæði núgildandi laga í þessu efni eru hvorki fullnægjandi nje nægilega skýr og ákveðin.

Jeg geri því fastlega ráð fyrir því, að þessi háttv. deild vilji af alefli reyna að bæta úr þessum göllum, og þetta frv. finni því nokkra náð fyrir augum háttv. þingdeildarmanna. Jeg hefi viljað leggja mitt til þessara mála með því að bera það fram.

Aðalbreytingarnar, sem þetta frv. gerir á núgildandi löggjöf um þetta efni, felast í 2. gr., sem segir fyrir um gerð kjörgagna, og 9. gr., er ræðir um skyldur kjörstjóra utan kjörstaða

Eins og nú hagar til er ákaflega auðvelt að falsa atkvæði, sem greidd eru utan kjörstaða. Innra umslagið, sem atkvæðaseðillinn liggur í, er af venjulegri gerð. Hver sem því hefir fyrirskipað ytra umslag við hendina, getur skift um innra umslag án þess á nokkru beri. Og það er hreinasta tilviljun, að slíkt þurfi að komast upp. Fyrirmælum um það, að kjósandi sjálfur riti utan á ytra umslagið yfirlýsing um það, að í því liggi atkvæðaseðill hans, mun sjaldnast fylgt.

Jeg bið hv. deildarmenn að athuga mynd af kjörseðli, sem sýnd er á bls. 2 í frv. Stærðarhlutföllin eru að vísu ekki rjett og mun heppilegra að breyta þeim, en þó má fá hugmynd um, hvernig gerð hans er hugsuð. Hann skal vera brotinn um miðju og jaðrarnir aðgreindir frá sjálfum seðlinum með raufalínum og límbornir, þannig að seðillinn lokist, þegar hann er lagður saman tvöfaldur. Opnast hann síðan þannig, að jaðrarnir eru rifnir frá.

Aðalatriði 2. gr. er það, að kjörgögn sjeu svo gerð sem hjer segir: kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með raufalínum. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Með þessu móti er ómögulegt að skilja að fylgiblað og kjörseðil, og fyrir það girt, að atkvæði geti brjálast á þann hátt.

Vottorðið, sem ætlast er til að kjörstjóri riti á fylgibrjefið, er samhljóða vottorðum, sem nú eru notuð við kosningar utan kjörstaða. Þó er því bætt við, að kjósandi hafi útfylt kjörseðilinn hjálparlaust. Heimild til þess, að kjósandi megi fá aðstoð, er að vísu ekki veitt í núgildandi lögum, en það er hinsvegar heldur ekki beinlínis bannað.

Þá er skýrt tekið fram í 2. gr., hverjir hafi rjett til að vera kjörstjórar utan kjörstaða; en það eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, eftir settum reglum.

Enn er nýmæli í 2. gr. frv., sem sje það, að kosningarathöfn utan kjörstaða megi aðeins fram fara í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi. Það er kunnugt, að menn hafa greitt atkvæði annarsstaðar en á þessum stöðum, t. d. heima hjá sjer. En slíkt er ekki tilgangur

laganna. Heimakosning er nú úr gildi numin.

Um 3. gr. frv. er lítið að segja annað en það, að hún er nálega óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum. Þó er breytt um orðalag á 3. málsgr., þannig að þeir, sem neyta kosningarrjettar síns á þann hátt, er þessi lög heimila, skuli eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er útrunninn. Áður stóð: ekki fyr en framboðsfrestur er útrunninn. En allvíða mun hafa verið svo ástatt, að kjörgögn voru ekki komin til viðkomandi embættismanns strax að framboðsfresti útrunnum. Úr þessu verður auðvitað að bæta.

Um 4. gr. er og lítið að segja. Hún er í samræmi við eldri ákvæði, nema að bætt er við, að kjósandi riti atkvæði sitt þvinguna- og aðstoðarlaust. Þá er og til tekið, að vitundarvottar skuli rita á fylgibrjefið. Veit jeg til þess, að sumir kjörstjórar hafa jafnan látið vitundarvotta skrifa undir fylgibrjef, þótt ekki sje það fyrirskipað í núgildandi lögum. Það er ekki nema rjett og gott og sjálfsagt að lögfesta þá reglu.

Í lok 4. gr. er því bætt við, að kjósandi geti, ef hann kýs heldur, skilið kjörbrjef eftir hjá kjörstjóra, og sje kjörstjóra þá skylt að annast sendingu þess og sjá um, að það komist í hendur rjetts viðtakanda.

Í 5. gr. er því bætt við 1. málsgr., að hreppstjórar og bæjarfógetar skuli hafa atkvæðakassa, innsiglaðan af kjörstjórn og frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, til þess að geyma í atkvæðabrjef þau, er þeim berast. Er það ekki nema rjett og sjálfsagt, að svo sje um búið, að jafntrygt sje og um atkvæði á kjördegi.

Þá er og nýmæli í niðurlagsmálsgr. 5. gr. um það, að kjósandi hafi jafnan rjett til þess að krefjast af hverjum þeim, er varðveitir atkvæðabrjef hans, að hann afhendi sjer það, alt þangað til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

Um 6. gr. er það að segja, að þar er eitt atriði, sem máli skiftir og kjörstjórnir líta mjög misjafnlega á. Það er tekið fram til viðbótar við eldri ákvæði, að hafi kjósandi greitt atkvæði utan kjörstaðar, en sje staddur innan kjörumdæmis síns á kjördegi, þá skal áður greitt atkvæði hans ekki tekið gilt. Þetta er gert til þess að tryggja, að menn geti ekki kosið utan kjörstaðar að ástæðulausu.

7. gr. má heita óbreytt nema að því leyti, að 2. liður fellur niður.

8. gr. frv. er öldungis óbreytt, samhljóða sömu gr. í þeim lögum, er nú gilda.

Aftur á móti er 9. gr. ný og setur ákvæði, sem ekki eru í lögunum. Eins og áður er sagt, þá felur þessi grein í sjer aðra aðalbreytinguna á því, sem nú er. Hún kveður á um skyldur kjörstjóra utan kjörstaða. Skulu hreppstjórar og skipstjórar gera sýslumanni eða bæjarfógeta greinileg skil um notuð og ónotuð kjörgögn. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan stjórnarráðinu samskonar skil, og skal strangt gengið eftir, að ekkert sje undan dregið.

Jeg ætla, að hv. deildarmenn sjeu mjer allir sammála um þetta atriði, að nauðsynlegt sje að setja skýr og ströng ákvæði í þessu efni. Kjörstjórn-

um, sem annast kosningar á kjördegi, er gert að skyldu að gera grein fyrir hverjum kjörseðli, sem fenginn er í hendur þeim, en hinir, sem stýra einir kosningu utan kjörstaða, eru eftirlitslausir. Um skil af hendi þeirra eru mjer vitanlega engin ákvæði til. Enda telja fæstir þeirra sjer skylt að gera því opinbera grein fyrir, til hvers kjörgögnin hafi verið notuð. Birgðir af þeim liggja hjá þeim frá ári til árs án þess að þau sjeu endursend eða einu sinni talin. Meðan svo er ástatt er ómögulegt að vita nema eitthvað af kjörgögnum hafi lent hjá mönnum, sem ekki höfðu neitt leyfi til þess að hafa þau handa á milli. Verður því ekki nema með ströngum skilum fyrir það girt, að misnotkun geti átt sjer stað á þennan hátt.

Jeg efast ekki um, að efni þessa frv. sje hv. deildarmönnum nokkurnveginn ljóst, og hirði því ekki um að fara frekar út í það, en geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til allshn.

Magnús Torfason: Eins og menn vita, þá er atkvæðagreiðsla utan kjörstaða komin til af því, að óskað var eftir, að sem flestir kjósendur gætu greitt atkvæði, þótt þeir ættu ekki kost á að sækja kjörfund. Vitanlega verður að setja það skilyrði, að það sje aðeins leyft þeim, sem einhverra lögmætra orsaka vegna geta ekki mætt á kjördegi, og að jafnmikið öryggi sje fyrir því, að þeir, sem kjósa utan kjörstaðar, geti neytt kosningarrjettar síns óbrjálað. Í fyrri lögum um þetta efni hafa verið sett ákvæði, sem áttu að tryggja þetta. En þau hafa reynst ónóg. Til þess að bæta úr þeim ágalla er þetta frv. borið fram, og er ekki nema gott eitt um það að segja og gott til þess að vita. En mjer finst, að þessu máli mætti gera betri skil en gert er í frv. Og því vil jeg koma með nokkrar athugasemdir, sem jeg beini sem bendingum til þeirrar hv. nefndar, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að nauðsynlegt er, að pappír, sem notaður er í kjörblöð við kosningar utan kjörstaða, sje vel einkendur, jafnvel einkendur og kjörseðlar, sem notaðir eru á kjördegi. En mikið vantar þó á, að kjörblöð á kjördegi sjeu svo auðkend sem skyldi. Þótt þau sjeu nokkuð auðkend, þá eru þau það ekki meira en svo, að hver prentsmiðja, sem vill, getur búið þau til. Um leið og pappírinn er einkendur, er sjálfsagt, að umslög utan um atkvæði greidd utan kjörstaða sjeu líka auðkend.

Eins og kunnugt er, hafa legið miklar birgðir af þessum kjörgögnum hjá kjörstjórum frá ári til árs án þess þeir sjeu nokkurntíma krafðir reikningsskapar eða endursending heimtuð. Að sjálfsögðu ber að krefjast þess, að gerð sje grein fyrir utankjörstaðakjörgögnum í hvert skifti sem kosning fer fram, eins og kjördagsseðlum, því að það er meiri ástæða til að vanda og tryggja kosningar utan kjörstaða heldur en á kjördegi, þar sem öll kjörstjórnin er til staðar til eftirlits.

Að því er snertir kosningar utan kjörstaða, þá er það vitanlegt, að fyrst og fremst voru ákvæðin sett vegna sjómannastjettarinnar, og skal það síst lastað. Frv. ber þess sjálft ljóslega vott. 1. gr. byrjar svo: „Sjómenn og aðrir

þeir“ o. s. frv. Það er í sjálfu sjer hortittur, sem engan rjett á a sjer. Það er engin ástæða til að tilnefna frekar eina stjett manna en aðra. Allir eiga vitanlega jafnan rjett, sem svo stendur á fyrir, að staðir eru utan kjörstaðar, þá er kosning fer fram. Þessu er því rjett og sjálfsagt að breyta.

En þar sem sjómannastjettin nefir fyrst og fremst verið höfð í huga við samningu þessara laga, þá er það einkennilegt, að sjómenn nota þennan rjett manna minst. Jeg var um margra ára skeið, eftir að lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða gengu í gildi, kjörstjóri á Ísafirði. Enginn skipstjóri, það jeg til man, óskaði eftir kjörgögnum. En skrifari minn hefir sagt mjer, að það hafi einu sinni komið fyrir. Sömuleiðis kveðst og bæjarfógetinn í Reykjavík ekki hafa vitað til þess, að skipstjórar hafi beðið um kjörgögn. Þó fylgir sá varnagli, að verið geti, að skrifstofan hafi afgreitt kjörgögn til skipa án vitundar hans. Margir skipstjórar vilja helst vera lausir við að þurfa að annast kosningu í skipi sínu, og hásetar hafa enda ekki þörf fyrir það nema í örfáum tilfellum. Því er sem sje svo háttað, að ákvæði laganna um þetta efni eru miðuð við annarskonar siglingar en hjer tíðkast. Íslenskir sjómenn eru mest og aðallegast á fiskiflota þeim, sem stundar veiðar við strendur landsins og siglir jafnan með stuttu millibili til hafnar. Eiga þeir því eins hægt með að greiða atkvæði hjá sýslumanni eða bæjarfógeta eða hreppstjóra eins og þeir, sem að staðaldri eru í landi, ef þeir á annað borð vilja eða kæra sig um að nota kosningarrjett sinn. Ákvæðin eru gerð fyrir þá, sem eru í siglingum milli heimsálfna, þannig að þeir dveljist vikum saman í hafi og mánuðir líða milli þess, sem þeir stíga í land. En af slíkum siglingum höfum við sama og ekkert að segja, að undanteknum þeim fáu íslensku farmönnum, sem sigla á skipum Eimskipafjelags Islands. En ferðir þeirra eru ekki lengri en það, að í langflestum tilfellum geta þeir kosið hjer á landi, ef þeir óska þess. Framboðsfrestur er skemstur 4 vikur, og flestir þeirra munu jafnan koma hingað til lands einu sinni á hverjum 4 vikum.

Jeg vil ekki beinlínis gera það að till. minni, að kjörstjóravaldið sje tekið af skipstjórum. En það hefir komið fram, að það má skjóta yfir markið, ef á að fara að elta uppi hvern einasta kjósanda til þess að nota kosningarrjettinn, eins og líka hefir sýnt sig í því, að nú hafa verið numin úr gildi lög, sem færðu hann líka sjúkum mönnum og dauðvona.

Sem sagt tek jeg þetta fram hv. nefnd til athugunar og frekari umhugsunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 193, 246).

Frsm. (Hjeðinn Valdimarsson): Nefndin hefir athugað frv. þetta vandlega, en það er sem kunnugt er fram komið vegna þeirra misfellna, er verið hafa á kosningum utan kjör-

staðar, og þó einkum þeim misfellum, er urðu við kosningu í Norður-Ísafjarðarsýslu við síðustu kosningar.

Með frv. er ætlast til að gera þá bót á því fyrirkomulagi, sem nú er, að ekki verði hægt að falsa atkv. utan kjörstaðar hjer eftir. Helstu breytingarnar eru þær, að öðruvísi er gengið frá kjörgögnum en verið hefir hingað til, þannig að stofn, kjörseðill og fylgibrjef eru samfest á einu kjörblaði, og verður stofninn eftir hjá hreppstjóra, en vottorð og kjörseðill eru höfð saman. Er gert ráð fyrir, að á þennan hátt sje hægt að koma í veg fyrir það, að notað verði sama fylgibrjef, þegar kjörseðill er fastur við fylgibrjefið. Þá er gert ráð fyrir því, að kjörgögnin sjeu tölusett og sje sama númer á öllum gögnunum ásamt umslagi. Þá á að hafa strangt eftirlit með öllum kjörgögnum; fyrst er stjórnarráðið sendir þau til sýslumanna, og síðan er þau eru send frá sýslumönnum til kjörstjórna. Skal halda yfir þau sjerstakar bækur og skrár, þannig að ekkert vanti. Að öðrum kosti geri aðili fyllilega grein fyrir, hvað af þeim hefir orðið. Þá er svo ákveðið, að ekki sje hægt að veita aðstoð við kosningu utan kjörstaðar. Hefir leikið nokkur vafi á því undanfarið, hvort slíkt sje leyfilegt, en mun þó hafa verið skilið svo, að hægt sje að veita aðstoð eins og á kjörstað.

Loks er tekið fram, að atkvæðin skuli vera sett í venjulegan atkvæðakassa, og er það miklu tryggara. En áður voru engin ákvæði um það, heldur voru þau aðeins í vörslum hreppstjóra eða bæjarfógeta. Eftir frv. á kjósandi að geta fengið atkvæði sitt aftur, ef það er ekki komið í atkvæðakassa, og er með því nokkur trygging fyrir því, að breytingar eða svik eigi sjer ekki stað.

Eðlileg afleiðing af þessu fyrirkomulagi er það, að ætlast er til þess, að sje kjósandi staddur innan kjördæmisins á kjördegi, skuli ekki tekið gilt það atkvæði, sem hann hefir greitt áður, heldur skuli hann vera skyldur til að fara til kjörstaðar, ef hann vill fá gilt atkvæði. Þetta er vegna þess, að ef það ákvæði, sem nú er í lögum, er látið gilda, þá er hægt að láta menn kjósa löngu fyrir kjördag, þótt ekkert gangi að þeim, ef þeir láta í ljós, að þeir ætli burt úr kjördæminu fyrir kjördag, og gæti þetta orðið til þess, að meiri áhrif væru höfð á kosninguna heldur en annars. Hefir töluvert brytt á þessu sumstaðar á landinu.

Þær brtt., sem nefndin hefir komið með við þetta frv., eru nokkuð margar, en fæstar þeirra eru nokkrar efnisbreytingar. Þó vil jeg taka það fram, að nokkrar breytingar eru á efni frv., svo sem sú, að í staðinn fyrir að ætlast er til eftir frv., að kjörseðlar skuli vera úr hvítum pappír, þá ætlast nefndin til, að notaður sje mismunandi pappír að lit við hverjar kosningar. En það telur hún tryggara. Þá vill nefndin láta taka fram, hvernig eigi að brjóta saman fylgibrjefið, eftir að búið er að brjóta saman kjörseðilinn.

Loks álítur nefndin rjettast, að kosið sje með bleki, en ekki með blýanti, því að hún telur, að hægt sje að þurka út það, sem skrifað er með blýanti, en naumast það, sem skrifað er með bleki, án þess að það sjáist.

Þá er breyting við ákvæði 4. gr. um

það, hver eigi að útfylla vottorðið. Kjörstjóri getur útfylt það, en kjósanda er líka heimilt að gera það sjálfum. Aftan við 4. málsgr. vill svo nefndin bæta þessum orðum: „Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst". Jeg vil geta þess hjer, að það hefir orðið dálítil villa við afskrift nál., hjer átti að standa: Síðari málsliður 4. málsgr. orðist svo. Brtt. kom frá hv. 2. þm. Árn. til að leiðrjetta þetta, en jeg hygg, að hv. þm. (MT) muni fallast á, að nefndin komi með skriflega brtt., er komi þessu í samt lag. Nefndin hefir litið svo á, að það væri ekki hægt að heimta annað af kjörstjóra en að hann sendi brjefið rjetta boðleið á póst, en ef kjósandi óskar að koma því aðra leið, þá verður hann að sjá um það sjálfur, án þess að kjörstjóra sje skylt að annast sendinguna.

Í 5. gr. frv. er talað um, að atkvæðakassar skuli vera innsiglaðir af kjörstjórn, en nefndin hefir, vegna þess að hún álítur erfitt að kalla saman alla kjörstjórnina, talið nægilegt að ákveða, að kjörstjóri skuli innsigla kassann, en frambjóðendur, eða umboðsmenn þeirra, hafa heimild til að setja innsigli sín fyrir kassann. Ef kjörstjóri væri rengdur á nokkurn hátt, myndi frambjóðandi auðvitað setja innsigli sitt fyrir kassann.

Loks er brtt. við 8. gr. viðvíkjandi því, hvenær megi neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði. Nefndin vildi kveða þar fastara að orði, og setti því orðið „óhjákvæmileg" í staðinn fyrir „nauðsynleg". Og eins að því er snertir ákvæði um brot gegn þessu atriði laga, ef skipstjóri varnar sjómanni landgönguleyfis. Nefndin vildi ákveða þar hærri sektir, svo að þær yrðu tilfinnanlegar fyrir skipstjóra, ef hann varnaði sjómanni að kjósa.

Þá er ein formsbreyting, sem nefndin hefir gert við frv. Hún er sú, að láta kjörblaðsfyrirmyndina fylgja aftan við frv., en ekki hafa hana í miðju frv., eins og áður er ætlast til, og sje undirskrifuð ásamt frv. Á fylgiskjalinu hefir nefndin aðallega gert tvær breytingar, þá, að kjósandi skuli líka lýsa yfir því, að hann hafi engan annan kjörseðil frá sjer sent, og er það til þess að koma í veg fyrir, að kjósandinn kjósi á fleirum stöðum en einum, sem auðvitað er ólöglegt; en nú varðar refsingu, ef kjósandi hefir gefið um það falsvottorð. Einnig hefir nefndin ákveðið stærð kjörseðils. Hitt eru smávegis breytingar, sem jeg vil ekki ræða hjer sjerstaklega. Allshn. mælir með því, að frv. verði samþykt með þessum breytingum.

Magnús Torfason: Jeg hefi leyft mjer að bera fram örfáar brtt. við frv., á þskj. 246, en nafn flutningsmanns hefir fallið niður, og mun verða bætt úr því innan skamms. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að brtt. eru ekki sjerstaklega frá mjer, heldur eru það brtt., sem við forsetar þingsins höfum gert, eftir að hafa athugað frv. saman og borið það saman við kosningalögin frá 1915. Jeg skal geta þess, að jeg tel þetta frv. til mikilla bóta, og hinum unga flutningsmanni, sem flutti það, hv. þm. Ísaf. (HG), til stórmikils sóma. Og jeg þykist líka sjá, að hv. allshn. hafi lagt mikla alúð við að gera þetta frv. sem best úr garði. Jeg vil taka þetta fram, af því þessar brtt. eru orðaðar sem brtt. við

brtt. á þskj. 193, en það kom aðeins til af því, að við urðum of seinir að forma þessar brtt., en alls ekki af því að við hefðum neitt sjerstaklega að athuga við brtt. hv. nefndar, því að þær eru yfirleitt til bóta.

Þá skal jeg koma að þessum brtt. Fyrsta brtt. er um það, hvar eigi að koma þessu kjörblaði fyrir. Við forsetar teljum heppilegra, að það sje haft alveg eins og í lögum um kosningar til Alþingis frá 1915. Þar standa þessi orð, er við höfum sett: „kjörblað skal vera svipað þessu". Okkur þótti fara vel á því, og það getur ekki haft neina þýðingu fyrir frv. Það kemur aðeins fram í prentuninni, og það getur komið til að standa eyða á síðunni á undan. Við sáum því ekki neitt unnið við það að vera að flytja þetta aftur fyrir allar greinarnar, og jeg veit ekki betur en að allir kunni því vel, hvernig þessu er komið fyrir í lögunum frá 1915.

Þá höfum við lagt til, að ný málsgrein komi á eftir 2. brtt. f. hjá nefndinni: „Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin". Það er, eins og við vitum, lagt ríkt á við kjörstjórnir að láta engan óviðkomandi sjá kjörgögnin, en við álítum, að það sje engu síður ástæða til þess að brýna þetta sem rækilegast fyrir öðrum, nema fremur sje.

Að því er snertir 3. tillögugreinina, þá hefir hv. frsm. allshn. upplýst, að eitthvað hafi skolast til með brtt. Hefi jeg borið þetta undir forseta beggja deilda, og töldu þeir, að þar sem komin er brtt., sem bætir úr þessu, gætum við vel tekið okkar brtt. aftur. 3. brtt. er því tekin aftur með þessu fororði, að hin brtt. verði samþykt, því að hún er komin fram út af þeim misskilningi, sem hjer hefir orðið.

Þá er 4. brtt., um að orða 11. gr. dálítið öðruvísi. Þar segir svo: „Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta átt við". En það er athugunarvert, hvort þetta orð, „reglur", er nógu víðtækt, og það er ætíð betra að hafa orðin sem víðtækust, þegar vísað er til laga, og ennfremur vildum við, að bætt væri inn hegningarákvæði, því að það er viðkunnanlegra að sjá það í lögunum sjálfum, að dómarinn þurfi ekki að sækja í önnur lög til þess að vita um, að viðurlög sjeu sett.

5. brtt. er blátt áfram afleiðing af 1. brtt. og er sjálfsögð, ef 1. brtt. verður samþykt.

Haraldur Guðmundsson: Jeg get yfirleitt verið hv. allshn. og hæstv. forsetum þakklátur fyrir fylgi þeirra við frv., og tel jeg flestar af brtt. þeirra til bóta.

Þó er eitt atriði, sem jeg get ekki verið hv. allshn. sammála um. Það er brtt. hennar við 5. gr. 3. málslið, þar sem kveðið er á um, hvernig ganga skuli frá atkvæðakassa, sem ætlast er til, að hreppstjórar og kjörstjórar geymi í brjefin. Í frv. er gert ráð fyrir því, að þessir atkvæðakassar sjeu innsiglaðir af kjörstjórn og frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra. Þessu vill hv. allshn. breyta þannig, að láta duga, að kjörstjóri innsigli kassann, og svo sje frambjóðendum heimilt að setja innsigli sín fyrir kassann. Jeg skyldi samþykkja þetta, ef

það væri æfinlega trygt, að frambjóðandi setti innsigli sitt fyrir kassann. Hinsvegar finst mjer, að ef ætlast er til þess að fá aukna tryggingu með þessu ákvæði, að kjörstjóri skuli innsigla kassann, þá missi hv. nefnd þar marks. Til þess að tryggja það, að ekki verði farið í kassann, ætlast hv. nefnd til, að kjörstjóri setji innsigli sitt fyrir hann. En það er í raun og veru engin trygging, nema fyrir hann gagnvart öðrum manni. Fyrir kjósendur og frambjóðendur er það auðvitað engin trygging, þótt kjörstjóri innsigli með eigin innsigli kassa, sem er í hans vörslu. Jöfn ástæða er til að tortryggja hann fyrir því. Jeg get heldur ekki sjeð neitt athugavert við það, að kjörstjórn skuli í fyrstu innsigla kassann, því að þegar henni, að liðnum kjördegi, er afhentur kassinn aftur, þá verður það auðvitað hennar fyrsta verk að athuga, hvort hann sje með sömu ummerkjum. Jeg hefi samt ekki komið með brtt. við þetta, og get enda gengið inn á, að seinni hluti greinarinnar verði eins og hv. allshn. leggur til, en mun koma með brtt. við fyrri hlutann við 3. umr. Auk þess mætti skjóta því inn í ákvæðið, að kjósandi, sem kýs utan kjörstaðar, skuli sjálfur leggja atkvæði sitt í kassann, alveg eins og ætlast er til nú við kosningu á kjörstað.

Jeg vildi ennfremur taka undir það með hv. 2. þm. Árn., að jeg kynni betur við, að myndin af kjörblaðinu kæmi inn í lögin á sinn stað, á sama hátt og í hinum almennu kosningalögum.

Þá virðist mjer, að þær brtt., sem hæstv. forsetar lýsa hjer saman, sjeu heldur fyllri en brtt. hv. nefndar, og hefi jeg þess vegna ekkert á móti því, að þær verði samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 193,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 193,2.a samþ. með 24 shlj. atkv.

— 193,2.b samþ. án atkvgr.

— 246,1 samþ. með 14:6 atkv.

— 193,2.c, svo breytt, samþ. án atkvgr.

— 193,2.d samþ. með 18 shlj. atkv.

— 193,2.e samþ. með 22 shlj. atkv.

— 193,2.f sjálffallin.

— 246,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 193,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 193,4.a samþ. með 24 shlj. atkv.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 251) samþ. án atkvgr.

Brtt. 251 samþ. án atkvgr.

— 193,4.b, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

— 246,3 tekin aftur.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 193,5.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 193,5.b samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 193,6 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 193,7.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 193,7.b samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 246,4 (ný 11. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 193,8 samþ. án atkvgr.
— 246,5 samþ. án atkvgr.
— 193,9 sjálffallin.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 30., 33. og 35. fundi í Nd., 23., 27. og 29. febr., var frv. tekið til 3. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv enn tekið til 3. umr. (A. 252, 283, 289, 318, 343).

Þorleifur Jónsson: Þegar jeg fór að athuga frv. það, sem hjer liggur fyrir eftir 2. umr., fanst mjer ýms ákvæði vanta í það, sem gerðu frv. sem ljósast og tryggilegast. Slík lög sem þessi verða að vera ótvíræð og svo nákvæm sem kostur er. Þeim er ætlað að vera nokkurskonar handbók fyrir þá, sem eftir þeim eiga að fara, en það eru aðallega leikmenn í öllum hreppum landsins. Er því best fyrir alla, að reynt sje að ganga svo frá lögum þessum í upphafi, að sem fæst vafaatriði sjeu í þeim. Þess vegna hefi jeg borið fram fáeinar brtt. á þskj. 318, sem jeg vænti, að hv. þdm. geti fallist á, að sjeu til bóta. Og ætla jeg þá að gera frekari grein fyrir þeim.

1. brtt. er í tveimur stafliðum. A-liðurinn er aðeins orðabreyting, sem óþarft er að ræða um, en b-liðurinn leggur til, að feitletruð orð, sem standa í annari málsgr. 2. gr., falli burt, og virðist það ekki nema sjálfsagt.

Þá kemur 2. brtt., og er hún við 4. gr. og um leið aðalbrtt. mín. Mjer þótti skorta á, að nógu skýr ákvæði væru um það í gr., að kjósandi gæti fengið nýjan kjörseðil, ef seðill ónýtist hjá honum. Mjer þótti því rjett að hafa þetta ákvæði hliðstætt því, sem nú er í lögum um almennar kosningar á kjörstað, og að það kæmi skýrt fram, að kjósandi, sem kýs utan kjörstaðar, gæti fengið nýjan atkvæðaseðil, ef seðill hefir orðið ónýtur hjá honum af einhverjum ástæðum. Menn geta auðveldlega skrifað í fáti annað nafn á seðilinn, og verður hann þá ógildur við talningu. Virðist því auðsætt, að rjettara sje að koma í veg fyrir það í tíma, að atkvæðaseðlar þessara kjósenda verði ógildir. Þá er og í þessari brtt. ákvæði um, hvernig fara skuli með þessa ónýtu seðla. Jeg vil, að þeir sjeu látnir í umslag sjer og utan á það sje ritað: „ónýtir seðlar", sem sendist svo undirkjörstjórnum ásamt hinum gildu atkvæðum.

Þetta finst mjer rjett meðferð á þessum ónýtu seðlum og rjettara en ætlast er til með 9. gr. frv., þar sem talað er um, að kjósandi megi ónýta seðil sinn. Jeg álít, að kjósendur, sem atkvæði greiða utan kjörstaða, eigi ekki fremur að hafa leyfi til þess að ónýta kjörseðil sinn heldur en þeir, sem á kjörstað kjósa. Það er líka alveg í samræmi við það, að allir slíkir seðlar, sem kjósendum eru afhentir, eiga að komast til yfirkjörstjórnar eins og aðrir, svo hægt sje að bera saman við þá seðlatölu, sem sýslumaður sendi.

Þá er það 3. brtt. mín, við 6. gr., sem jeg vil næst fara nokkrum orðum um. Hv. þm. Ísaf. (HG) hefir einnig borið fram brtt. (á þskj. 283) við

sömu gr., og get jeg fallist á hana, það sem hún nær. En þar sem jeg vildi fara lengra en hann, þá hefi jeg tekið hans brtt. upp í mína.

Í 5. gr. frv. er ákvæði um það, að brjefin með atkvæðaseðlunum skuli varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra, og sje hann síðan geymdur t. d. hjá viðkomandi hreppstjóra til kjördags. Þetta álít jeg sjálfsagt og gott, en jeg býst við, að þessi kassi, sem hjer er gert ráð fyrir, sje sá sami, sem hreppstjórar hafa í geymslu og notaður er til þess að stinga í atkvæðum á kjördegi. En um þennan kassa eru ekki nánari ákvæði í frv.

Mín brtt. er því sú, að þegar á kjörfund kemur, skuli kjörstjórn aðgæta, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósköddud; síðan opni hún hann og taki úr honum umslögin og varðveiti þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. En að atkvæðagreiðslunni lokinni rífur kjörstjórnin upp öll umslögin, rannsakar, hvort fylgibrjef og annað er í lagi, svo þau geti talist gild, og ef svo er, leggur hún atkvæðin í hinn venjulega atkvæðakassa með öðrum greiddum atkvæðum. En ef seðill er ónýtur, athugar kjörstjórn fylgibrjefið og leggur það ásamt kjörseðlinum í sjerstök umslög, sem á stendur: „Ógildir seðlar", og sendir þau síðan til yfirkjörstjórnar. Þessa brtt. álít jeg góða og rjett að láta þessa leiðsögu fylgja lögunum, svo að kjörstjórnir viti með vissu, hvernig þær eiga að fara að.

Jeg hefi svo ekki miklu meira að segja um þessa brtt., en vona, að hv. þdm. sje það ljóst, að hún er til bóta og tryggir það frekar, að kosningaathöfn fari vel og tryggilega fram.

Þá verður og að fella burt orðin „um leið og .... byrjar" síðast í 3. málsgr. sömu gr., því að með þeim er gert ráð fyrir, að kjörstjórn athugi seðlana, aðgreini þá og láti í kassana áður en atkvgr. byrjar. En meiningin með brtt. 318,3.a er, að það sje gert að atkvæðagreiðslu lokinni. 4. brtt. er og afleiðing af 2. og 3. brtt. Það ákvæði, að kjósandi megi ónýta kjörseðil, fellur burt, en eftir minni brtt. á að senda alla ónýta seðla ásamt tilheyrandi fylgibrjefum til undirkjörstjórnar, svo sem alla gilda seðla, og síðan til sýslumanns, en ekki beint til sýslumanns, svo sem stendur nú í 9. gr.

Jeg er sannfærður um, að þessar brtt. eru til bóta, og vænti þess, að hv. nefnd og hv. deild geti fallist á þær.

Haraldur Guðmundsson: Á þskj. 283 á jeg nokkrar brtt., sem jeg vildi gera stuttlega grein fyrir.

Það er þá fyrst brtt. 1.a, við 5. gr., að í stað orðsins „kjörstjóra" í síðasta málslið fyrstu málsgreinar komi: kjörstjórn. Jeg drap á það við 2. umr. þessa máls, að mjer fyndist það tryggara og enda sjálfsagt til enn frekara öryggis, að þar sem atkvæðakassinn, sem brjefin eru varðveitt í, er innsiglaður, þá sje það ekki sami maðurinn, sem innsiglar hann og varðveitir. Nú er fram komin brtt. á þskj. 289, frá hv. þm. N.-Ísf., við þennan lið brtt. minnar, þar sem gert er ráð fyrir því, að það sje ekki öll kjörstjórnin, heldur kjörstjóri og einn maður úr kjörstjórn, sem innsigli kassann. Get

jeg gengið inn á þessa till. og tel hana jafnvel til bóta að mun.

Þá er það b-liður þessarar sömu brtt., þar sem ákveðið er, að þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skuli sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann. Jeg tel nauðsynlegt, að þetta ákvæði standi, ef þetta frv. verður að lögum, og ekki nema sjálfsagt, að kjósandi láti sjálfur seðil sinn í kassann, ef hann er staddur innan síns kjördæmis og vill skilja þar brjef sitt eftir.

Þá er 2. brtt. á sama þskj., við 6. grein. Sú breyting, sem í henni felst á frv. eins og frá því var gengið við 2. umr., er, að í stað þess að opna umslögin áður en atkvgr. byrjar, er nú gert ráð fyrir, að það sje gert að atkvæðagreiðslu lokinni. Ástæðan til þessa er sú, að þegar mikið er um utankjörstaðaratkvæði, þá fer alllangur tími í það að opna umslögin, svo að það kemur oft fyrir, að ekki er hægt að byrja sjálfa kosningarathöfnina fyr en orðið er áliðið dags. Mjer er kunnugt um, að svo hefir oft orðið t. d. á Ísafirði, og kjörstjórn þar spurði eitt sinn stjórnarráðið að því, hvort ekki mætti láta bíða að opna atkvæðaumslögin þangað til að kosningu lokinni. En stjórnarráðið svaraði því neitandi, svo að þar hefir venjulega ekki verið hægt að byrja atkvæðagreiðslu fyr en kl. 3—4 síðd. Þetta er mjög bagalegt fyrir alla hlutaðeigendur, og jeg fyrir mitt leyti fæ ekki sjeð neitt, sem mæli á móti því, að beðið sje með að opna umslögin þangað til að kosningu lokinni.

Nú hefir hv. þm. A.-Sk. felt þessa brtt. mína inn í sína brtt. á þskj. 318. Við það verður greinin fyllri, og get jeg því tekið mína brtt. aftur, ef hans nær samþykki. Þá er 2. brtt. háttv. þm. A.-Sk. um nýja málsgr. eftir 3. málsgr. 4. gr., á þá leið, að ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, megi hann fá annan í hans stað, en hinn ónýti sje látinn í sjerstakt umslag og sendur undirkjörstjórn ásamt hinum gildu atkvæðum. Jeg er mjög meðmæltur þessari brtt. og tel hana til bóta. Jeg tel og rjettara, að hún sje feld inn í 4. gr., eins og hv. þm. (ÞorlJ) gerir ráð fyrir, heldur en t. d. í 9. gr. Bein afleiðing af því verður, að orðin „heimilt er þó .. ónýta hann“ í 9. gr. falla burt, svo sem segir í 4. brtt. hv. þm. En jeg vil þó geta þess í sambandi við 2. brtt., að jeg teldi rjettara, að ógildu atkvæðin væru send til þeirra aðilja, sýslumanna eða bæjarfógeta, sem hafa úthlutað þeim, heldur en til undirkjörstjórna. Jeg geri þetta að vísu ekki að neinu kappsmáli, en jeg tel, að betur hefði farið á því. Fleira hefi jeg svo ekki um þessar brtt. að segja.

Jón Auðunn Jónsson:* Jeg er sammála hv. þm. Ísaf. um það, að það er ekki nógu örugglega búið um innsiglun atkvæðakassa, ef kjörstjóri einn á að framkvæma hana, jafnvel þótt frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra sje heimilað að vera þar viðstaddir og setja á hann innsigli sitt líka.

Það er oft svo, að þótt frambjóðandi hafi umboðsmenn í einhverri kjör-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

deild, þá geta þeir ekki mætt til þess að líta eftir innsigluninni, en ef það er ekki gert, er öryggið lítið, og það gæti farið svo, ef umboðsmönnum þætti það illa gert, að ekki væri hægt að láta kosninguna fara fram á tilsettum tíma; en það væri alveg ótækt. Hinsvegar finst mjer, að það ætti að nægja að hafa tvo menn viðstadda, því að það er oft svo, að sumir úr kjörstjórninni stunda atvinnu eða dvelja utan hjeraðs, þegar kosning fer fram, og væri því mikill kostnaðarauki að því fyrir þá, ef kjörstjórn ætti *öll* að vera viðstödd. Jeg hygg því, að það ætti að vera óhætt, að aðeins einn maður úr kjörstjórninni sje viðstaddur með kjörstjóra, er hann innsiglar kjörkassana.

Þá er það annað atriði, sem jeg að vísu hefi bent á áður hjer í hv. deild í öðru sambandi, en vil árjetta nú. Það er það, að landsstjórnin sjái um það, að altaf sjeu nægilega mörg eintök af kosningalögum send öllum kjördeildum með kjörplöggum.

Almenningur fylgist yfirleitt ekki með í lagasmíð þingsins, og fæstir hafa tækifæri til þess að sjá lögin. En þessi lög er nauðsynlegt, að *allir* kjósendur geti kynt sjer, ef vel á að vera. Því að það er öllum til leiðinda, og getur oft valdið illindum, ef misfellur verða á kosningum, og því sjálfsagt að gera alt, sem mögulegt er, til þess að afstýra því. En jeg álít, að þetta sje eitthvert öruggasta ráðið til þess. Jeg vænti þess fastlega, að hæstv. núv. stj. taki þetta til athugunar. Því að mjer er kunnugt um það, að fjöldi manns víðsvegar af landinu hefir kvartað um það, að þeir hafi ekki aðgang að þessum lögum. Og jeg veit til þess, að í 4 kjördæmum landsins hafa alls ekki verið til sjerprentanir af lögunum.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Ísaf. og hv. þm. A.-Sk., þá virðist mjer þær allar til bóta, einkum till. hv. þm. A.-Sk., til þess að fyrirbyggja misskilning þeirra manna, sem lögin eiga að framkvæma.

Gunnar Sigurðsson: Með því að hv. frsm. allshn. er ekki viðstaddur, þá vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð um þær brtt., sem fram eru komnar um þetta frv. Nefndin hefir ekki rætt brtt., og verður það því að mestu frá eigin brjósti, sem jeg segi um þær.

Það er þá fyrsta brtt. hv. þm. A.-Sk., að í stað „raufalína“ komi: riflínur. Það er aðeins orðabreyting, og sje jeg ekkert á móti henni. En viðvíkjandi þeirri efnisbreytinu hv. þm. Ísaf., að í stað „kjörstjóra“ komi: kjörstjórn, og brtt. hv. þm. N.-Ísf. við þá brtt., um að í stað „kjörstjórn“ komi: kjörstjóra ásamt 1 manni úr kjörstjórn, vil jeg geta þess, að þessi breyting, „kjörstjórn“ í „kjörstjóra“, komst inn í frv. vegna þess, að nefndin áleit, að það væri oft erfitt til sveita að ná í alla mennina úr kjörstjórninni. Nefndin mun því helst hlynt brtt. á þskj. 289. Það ætti að vera meðalvegur, því að oftast ætti að vera hægt að ná í annan manninn úr kjörstjórninni.

Þá eru brtt. hv. þm. A.-Sk. Vil jeg leggja til, að þær verði samþyktar, þótt þær geti ekki talist beint nauðsynlegar.

Þá held jeg, að jeg hafi drepið á það helsta í þessum brtt., og sje ekki fyrir hönd nefndarinnar ástæðu til að

leggjast á móti því, að þær verði samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 318,1.a samþ. án atkvgr.
— 318,1.b samþ. án atkvgr.
— 318,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 289 samþ. með 16:5 atkv.
— 283,1.a—b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 318,3.a samþ. með 21 shlj. atkv.
— 318,3.b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 283,2.a tekin aftur.
— 283,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 343 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 318,4 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 369).

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 369, n. 629).

Frsm. (Ingvar Pálmason):* Allshn. hefir athugað þetta frv. allítarlega og komst að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum.

Breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði á frv., eru að nokkru efnisbreytingar, en þó flestar þannig vaxnar, að þær ættu ekki að hafa áhrif á það, sem næst með þessari lagasetningu, eða svo lítur meiri hl. nefndarinnar á málið.

1. brtt. er við 1. gr., um að í upphaf greinarinnar verði sett inn orðin: „Sjómenn og aðrir“ í stað „Þeir kjósendur“. Þetta er sett inn samkv. því, sem nú er í gildandi lögum, og nefndin leit svo á, að þar sem þetta ákvæði mun einkum sett inn vegna sjómanna, væri ekki rjett að fella þetta niður.

Þá er 2. brtt., við 2. gr., að orðin „fyrir hverjar kosningar“ falli niður. Þessi breyting skiftir töluverðu máli, vegna þess að eins og frv. er nú, mælir það svo fyrir, að sjerstök kjörgögn skuli gefin út fyrir hverjar kosningar, líka aukakosningar. Þetta hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer, en þó er það ekki aðalatriðið, heldur hitt, að fresturinn fyrir kosningar er oft svo stuttur, að tæplega mun hægt að koma út nýjum kjörgögnum í hvert skifti. Með þessu má því spara nokkuð kostnað við útgáfu kjörgagna.

Þá er 3. brtt., sem aðeins er formsatriði, að undir vottorði kjörstjóra standi embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.

4. brtt. er í þrem stafliðum og er við 4. gr. Fyrsti liðurinn er fremur smávægilegs efnis. Þar er lagt til, að í stað orðanna í 1. málslið „brjóta hann síðan vandlega aftur“ komi:

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann skrifaði á seðilinn, og líma hann vandlega aftur. — Það, sem vakti fyrir nefndinni, var það, að hún álítur, þegar talað er um að brjóta seðilinn saman, gæti kjósandi farið að brjóta seðilinn þannig, að með því yrði hann ógildur.

Þá er b-liður, að fyrir orðin í 3. málsgr. 1. málslið „loka því vandlega og" komi: „og loka því vandlega. Síðan skal". Með þessari brtt. er ætlast til að ná því, að það sje ekki bein lagaleg skylda, að kjósandinn skrifi utan á umslag það, sem kjörseðill liggur í.

Í c-lið er lagt til, að fyrir „ónýst" komi: ónýtst. Þetta er, eins og sjá má, aðeins stafsetningarbreyting, og áleit nefndin þessa stafsetningu rjettari, enda þótt margir skrifi þetta orð á þann hátt, sem í frv. stendur.

Þá kemur 5. brtt. í 2 stafliðum og er við 6. gr. Það er efnisbreyting allmikil, og um þessa breytingu er öll nefndin ekki fyllilega sammála. Í frv. stendur, að þegar að kjördegi kemur, skuli kjörstjórn opna atkvæðakassann, gæta að því, hvort innsigli sje óbrotið o. s. frv., taka úr honum umslögin og varðveita þau meðan á atkvgr. stendur. Með öðrum orðum, upptalning atkvæða á ekki að fara fram fyr en atkvgr. er lokið. Með brtt. er lagt til, að upptalning þessi og athugun fari fram þegar í stað, áður en kosning byrjar, en sje ekki dregin þar til að kjörfundi loknum. Þetta atriði getur orkað nokkuð tvímælis. Því hefir verið haldið fram, að upptalning hafi sumstaðar dregist svo klukkutímum skiftir, svo að kjörstjórn taki við atkvæðunum og kjósendunum til mikils óhagræðis.

Jeg skal ekki neita því, að þetta geti átt sjer stað, en meiri hl. lítur svo á, að rjettara sje að aðgæta atkv. strax, þegar í upphafi kjörfundar. Um þetta má auðvitað deila, og skal jeg ekki bera á móti því, að sumstaðar geti þetta verið til tafar, en víðast mun það vera svo, að þetta getur ekki valdið tilfinnanlegum baga fyrir kjósendur.

Þá er það b-liðurinn. Í honum felst dálítil breyting frá því, sem í frv. er. Í frv. stendur, að atkvæði kjósanda sje ógilt, ef hann er staddur innan kjördæmis síns. En við höfum ekki viljað fara svona strangt í sakirnar og sett inn, að hann skuli staddur á kjörstað. Jeg held, að það sje ekki rjett, þar sem kjördæmi eru stór, að ónýta seðilinn, þótt hlutaðeigandi kjósandi sje staddur innan umdæmisins. Það geta verið þau tilfelli, sem fyrirmuni mönnum að sækja kjörstað. Auðvitað má deila um það, hvað meint sje með kjörstað. Jeg hygg þó, að til sveita verði ekki ágreiningur um þetta, því að þar er kjörstaðurinn það hús, sem kosningin fer fram í. Í kaupstöðunum getur aftur á móti orðið ágreiningur um það, hvort átt sje við húsið, sem kosið er í, eða kaupstaðinn allan. En hvort sem væri, virðist mjer sem ekki sje gengið mikið á hluta kjósenda, þó að svo yrði skoðað, að þeir væru staddir á kjörstað, ef þeir eru innan kaupstaðarins. Hjer á landi eru kaupstaðirnir ekki svo stórir, að það sje neinum vandkvæðum bundið að mæta á kjörstað. Það hagar öðruvísi til úti um sveitir landsins.

Þá er það 6. og síðasta brtt. nefndarinnar, við 9. gr. frv. Í henni felst mikil breyting á meðferð kjörgagna. Eftir frv. eiga öll kjörgögn ekki að liggja annarsstaðar milli kosninga en hjá ríkisstjórninni, og eiga að skilast strax til dómsmálaráðuneytisins og kosningar eru afstaðnar. En af brtt. við 2. gr., sem felur það í sjer, að sömu kjörgögn skuli notuð oftar en einu sinni, leiðir óhjákvæmilega, að þau liggi hjá sýslumönnum og bæjarfógetum á milli þinga. Og þessi brtt. fer fram á það, að svo verði þessu hagað, en hinsvegar eiga undirkjörstjórnir og hreppstjórar að senda þessum embættismönnum skýrslur og gera fulla grein fyrir kjörgögnunum að afloknum kosningum. Í lok hvers kjörtímabils eiga svo sýslumenn og bæjarfógetar að gera þessa skil við stj. Í niðurlagi gr. er ennfremur það nýmæli, að allar skýrslur um notkun kjörgagna sjeu endanlega sendar Alþingi. Það virðist rjettmætt, að þangað komi skilagrein þeirra, sem hafa kjörgögnin undir höndum, þar eð Alþingi leggur fullnaðarúrskurð á það, hvort kosning skuli gild tekin eða ekki.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Frv. er borið fram til þess að tryggja meðferð þeirra kjörgagna, sem notuð eru utan kjörstaðar. Hingað til hefir sú meðferð verið ófullkomin og stundum farið heldur ógætilega úr hendi. Hefir þetta oft valdið miklum deilum, og þykir því rjett að fyrirbyggja, að það komi fyrir. Mesti kostur frv. er sá, að því er slegið föstu, að fast form skuli vera á þessum kjörgögnum. Jeg held, að allir hljóti að játa, að þessi lög eru til bóta og ekki borin fram að ástæðulausu. Það getur auðvitað orðið ágreiningur um einstök atriði, og sjerstaklega það, hvort upptalning þessara atkvæða á að fara fram í byrjun eða lok kjörfundar. Að vísu má segja, að það skifti ekki miklu máli, hvort gert sje, en jeg lít svo á, að eðlilegra sje að telja atkvæðin í byrjun kjörfundar en að geyma þau, þar til honum er lokið, enda þótt sá galli fylgi því, að ekki er hægt fyr en nokkru síðar að byrja að taka á móti atkvæðum. Það er ekki hægt að kveða svo á í þessu frv., að kjörfundur skuli byrja fyrr en á hádegi. Jeg veit það, að kjörstjórnir úti um land koma saman áður en lögin mæla fyrir, að kjörfundur skuli byrja, enda er það nauðsynlegt vegna ýmiskonar undirbúnings, sem þarf að gera fyrir kosningarathöfnina. Þetta er ef til vill ekki undirbúningur, en ef umboðsmenn frambjóðendanna vita um það, sem jeg verð að gera ráð fyrir, er það ekkert lagabrot, þótt talningin fari fram áður en lögin mæla fyrir, að kosningarathöfnin skuli byrja. Aðalmótbáran gegn þessari brtt. nefndarinnar er sú, að þetta valdi svo miklum töfum, að það sje ógerningur. Nú er verkið það sama, hvort sem upptalningin fer fram á undan eða eftir, en aðalagnúinn er sá, að kjósendurnir þurfa að bíða of lengi. Jeg skal játa, að mig brestur þekkingu á þessu í kaupstöðum, en þar, sem jeg þekki til úti um land, er aðsókn fremur dauf framan af kjörfundi, en eykst svo, er á hann líður. Á flestum stöðum, þar sem fjölmenni er mikið, mun kjörfundur standa yfir uns vinnu er lokið, svo að

jeg held, að þessi breyting þurfi ekki að valda miklum örðugleikum. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta að sinni. Jeg býst við, að fram komi andmæli, og mun jeg svara þeim, ef mjer þykir ástæða til.

Jón Baldvinsson: Mig greinir í einstökum atriðum á við hina nefndarmennina, sjerstaklega um brtt. við 6. gr. Ákvæði frv. var sett með það fyrir augum, að kjörstjórn gæti strax í byrjun kjörfundar tekið við atkvæðum þeirra, er koma á kjörstað. Það er oft svo í sjávarþorpum, að í upphafi kjörfundarins kemur fjöldamargt fólk, sem vill ljúka sjer af. Ef byrjað væri því á að lesa upp skriflegu atkvæðin, gæti það dregist svo, að fólkið yrði að bíða tímunum saman. Allir vita, hvað mikið kapp getur þá hlaupið í menn; það er deilt um ýms formsatriði á skriflegu atkvæðunum o. s. frv. Og þess eru dæmi, að þetta hafi gengið í 3—4 tíma. Allan þennan tíma verða kjósendurnir að bíða, og er því hentara að fara þá leið, sem stungið er upp á í frv., og láta skriflegu atkvæðin bíða þangað til menn eru hættir að koma inn til atkvgr. Samkvæmt gildandi lögum er kjörstjórn heimilað að slíta kjörfundi stundarfjórðungi eftir að síðasti maður kom. Þá getur kjörstjórnin tekið skriflegu atkvæðin til yfirvegunar, án þess að það tefji fólkið. Vegna þessa ágreinings skrifaði jeg undir nál. með fyrirvara. Þetta atriði er mjög mikilvægt, vegna þess að margt fólk hverfur frá og kemur ekki aftur, af því að það hefir ekki svo mikinn áhuga, að það vilji bíða á kjörstað tímunum saman. Þetta hefir komið fyrir og getur ávalt komið fyrir, þegar verið er að deila um skriflegu atkvæðin.

Í 2. málsgrein 6. gr. segir svo, að skriflegt atkvæði verði ekki tekið gilt, ef kjósandi er staddur innan kjördæmis síns. Þetta er svo í núgildandi lögum, en oft hefir það verið framkvæmt þannig, að taka atkvæði gilt, þótt menn hefðu vitneskju um, að kjósandinn væri staddur innan kjördæmisins. Til þess að draga úr þessu, hefir nefndin borið fram þá brtt., að það væri sett að skilyrði, að kjósandinn væri ekki staddur á kjörstað, og er það skárra en að fella þetta niður. Það, sem vakir fyrir mönnum með því að taka skriflegu atkvæðin ekki gild, er það, að hægt er að fá menn til þess að greiða atkvæði hjá kjörstjóra, en sú kosning fer venjulega fram með minni leynd en á kjörstað. Og því er það brot á anda laganna að taka atkv. gilt. Frv. vill sporna við þessu. Jeg veit, að móti þessu má segja, að menn búist ekki við að vera viðstaddir. Þetta gildir um sjómenn, sem ætla í langa sjóferð. En báturinn getur bilað, og ef þeir eru þá staddir í kjördæmi sínu eða kjörstað, geta þeir greitt atkv. þar, svo að þeim er ekki fyrirmunað að nota atkvæðisrjett sinn eftir 6. gr. frv. Þetta er ástæðan til þess, að jeg er á móti brtt. við 6. gr. Aftur á móti álít jeg, að aðrar brtt. nefndarinnar sjeu til bóta, eins og frv. í heild sinni, sjerstaklega það, að eftir frv. á að vera hægt að hafa eftirlit með kjörgögnum.

Erlingur Friðjónsson: Jeg vil segja nokkur orð út af brtt. við 6. gr. Jeg þykist vita, að meiri hl. vilji ógjarnan, að þetta ákvæði verði til að tefja kosningarnar, en jeg er viss um, að

það verður til þess. Það er ákveðið með brtt., að þau atkvæði, sem greidd eru utan kjörstaðar, skuli lesin upp og athuguð, áður en sjálf kosningarathöfnin byrjar, og getur þetta í mörgum tilfellum orðið til þess að tefja fyrir. Jeg vil geta þess, að við síðustu kosningar á Akureyri átti að hafa þessa aðferð, sem samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að nota, ef einn maður úr kjörstjorn æskir þess. Nú var það svo, að einn maðurinn í kjörstjórn óskaði eftir þessu, og var það því gert. En þegar búið var að lesa upp helming atkvæða og eyða í það 1½ klukkutíma, var orðin svo mikil þröng á kjörstaðnum af kjósendum, að ófært þótti að draga það lengur að leyfa kjósendum að greiða atkv. Hefði þessu verið haldið áfram, hefði það tafið kosninguna um 3 klukkutíma. Nú reyndist það svo, að hver kjördeild afgreiddi ekki nema 60—70 kjósendur á klukkustund, svo að það hefði munað miklu, ef atkv. utan kjörstaðar hefðu verið látin tefja í 3 stundir fyrir. Það verður ekki sjeð, að ástæða sje til að breyta frv. frá því, sem það nú er. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur minsta ástæða sje til að láta skriflegu atkvæðin ganga fyrir kosningu þeirra, sem á kjörstað koma. Í frv. og brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir, að sá maður, sem er staddur á kjörstað á kjördegi, verði að greiða atkv. aftur, þótt hann hafi greitt það áður utan kjörstaðar. Mjer skildist á hv. frsm., að kaupstaðirnir yrðu taldir kjörstaðir, þótt þeir sjeu kjördæmi út af fyrir sig, og að sá maður, sem heima væri á kjördegi, yrði að greiða þá atkvæði, jafnvel þótt hann hefði greitt það áður. Núgildandi lög eru skilin á þennan veg, svo að það er ekki óeðlilegt, þótt frv. sje skýrt þannig. En ef lesa á upp skriflegu atkvæðin áður en kosningin byrjar, rekur sig hvað á annað, því að það eru meiri líkur til þess, að það vitnist, þegar kemur fram á kosninguna, hvort sá maður, sem um er að ræða, er mættur á kjörstað eða ekki, en síður verði þess vart í byrjun kosningar. Jeg hefi verið að velta því fyrir mjer, hvaða ástæða væri til þessarar brtt. meiri hl. Í ræðu hv. frsm. kom ekki fram, að nokkur ástæða væri fyrir því að láta þá kjósendur, sem greitt hafa atkvæði fyrir kjördag, ganga fyrir um rannsókn á atkvæðum sínum, þar sem bersýnilegt er, að það tefur aðra.

Mjer dettur ekki í hug að neita því, að í mörgum kjördæmum er óhætt að byrja á því að lesa upp atkvæði, greidd utan kjörstaða. En ef til eru eitt eða fleiri kjördæmi, sem þetta mundi gera kosninguna tafsamari í, þá er ástæðulaust að binda þetta ákvæði í lögin. Það mætti vera heimild í lögunum til að breyta út af þessu, ef á annað borð það er ekki greinilega ákveðið, að atkvæði greidd utan kjörstaðar skuli ekki talin fyr en kosningu er lokið; en það tel jeg langbest. Kosningarnar byrja um hádegi; í kaupstöðum nota margir verkamenn tímann á eftir borðunartímanum til að neyta atkvæðisrjettar síns, og þótt þetta gildi ekki alment, þá er full ástæða til að taka til greina þarfir eins eða fleiri kjördæma, ef ekkert sjerstakt mælir á móti því. Jeg legg því á móti því, að 5. brtt. a-liður minni hl. nefndarinnar verði samþykt.

Jeg vil benda nefndinni á, að í b-lið 5. brtt. stendur villa, sem nefnd-

in hefir ekki íhugað. Þar stendur svo: „Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum eða sje búinn að greiða atkvæði“ o. s. frv. Orðin „eða sje búinn að greiða atkvæði“ koma ekki til greina, ef brtt. meiri hl. verður samþykt. (**JBald:** Það skaðar ekki, þó þau standi). Þau eru þýðingarlaus vitleysa.

Jeg hefi ekki ástæðu til að segja meira að svo komnu. Ef þessi brtt. verður samþykt, þá geri jeg ráð fyrir að koma fram með brtt. við 3. umr. til að draga úr þessu ákvæði, sem er til stórskemda á frv. Jeg skal geta þess, að hinn upphaflegi flm. frv. hafði orðað gr. svipað því og minni hl. nefndarinnar vill nú orða hana. En þegar jeg benti honum á reynslu Akureyringa, þá breytti hann því í það horf, sem það nú er í frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason):* Jeg hefi ekki miklu að svara. Jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að a-liður 5. brtt. mundi mæta andstöðu. Jeg lýsti því, hvernig málið horfði við frá mínu sjónarmiði, og það hefir ekkert breytst að öðru leyti en því, að nú er það komið fram, að ágreiningurinn er gerður vegna eins kaupstaðar. Hv. þm. Ak. segir, að flm. hafi upphaflega ætlað sjer að hafa frv. í svipuðu formi og við leggjum til, en hafi svo breytt því fyrir tilmæli frá sjer. Þetta kann að geta orðið til óþæginda á einstöku stað, en hinsvegar eru kjörstaðir margir, og víðast mun sú leið eiga betur við, er við bendum á. (**EF:** Af hvaða ástæðu?). Fyrst og fremst vegna þess, að svo er ákveðið í gildandi lögum, það hefir verið notað, menn eru orðnir vanir því og hætt er við, að mistök yrðu á um framkvæmdir, ef því yrði breytt. En það tel jeg ekki heppilegt. Jeg skal ekki andmæla því, að þetta geti orðið bagalegt á Akureyri. Þó kemur mjer það undarlega fyrir, ef verkafólk vill heldur kjósa fyrri part dags, ef kosning stendur lengur en vinnutími. Ef ekki er hægt að afgreiða nema 60 kjósendur á klst., þá er augsýnilegt, að kjósendur verða altaf að bíða nokkuð. Jeg tel því eðlilegra, að upptalningin fari fram í byrjun kosningar heldur en í lok hennar. Jeg get játað, að þetta er ekki stórt atriði, en tel þó það fyrirkomulag betra.

Þá mintist hv. þm. (EF) á villu, er hann taldi vera í brtt. nefndarinnar. Orðin „eða sje búinn að greiða atkvæði“ taldi hann vera óþörf. Jeg skal ekkert segja um það, en til skaða geta þau að minsta kosti ekki orðið. En ef það er óþarft, þá má fella það burtu við 3. umr. Það getur altaf viljað til, þegar breytingar eru gerðar á frv., að einhverjar leifar verði eftir, sem eru óþarfar, eða eitthvað slæðist með, sem ekki á þar heima lengur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar; hjer er um ákveðinn skoðanamun að ræða, og það verður að fara sem fara vill. Falli brtt., þá getur frv. orðið að miklum notum samt sem áður; verði þær samþyktar, verður það ekki lakara.

Erlingur Friðjónsson: Hv. frsm. gat þess, að þar sem kosning stæði lengi fram yfir vinnutíma, þá mundu verkamenn alment draga kosningu sína, þar til vinnutími væri úti. Þetta er ekki

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

rjett. Sje t. d. kosið í þrem kjördeildum, þá er hægt að afgreiða 1250 kjósendur á 6—7 klst. Ættu verkamenn í bæjum eins og Akureyri, Seyðisfirði, Ísafirði og Hafnarfirði að draga að kjósa fram til kl. 6—7, þegar kosning byrjar kl. 12, þá þurfa þeir ekki að ómaka sig á kjörfundinn. Fólkið verður að nota tímann milli kl. 12 og 5 til að kjósa; þá veit það, að kosningin stendur yfir. Eftir það er engin vissa; þá getur kosningin oft verið úti. Reynslan hefir sýnt, að fólk vill ljúka sjer af um borðunartímann, og þegar kapp er í kosningunum, sem oft vill verða, þá er ekki vanalegt, að fólk dragi það fram á kvöld að kjósa. Því er ekki rjett að taka alt að þremur klst. framan af kjörtímanum til að lesa upp atkvæði greidd utan kjörstaðar. Þau eru og svo mismunandi mörg, að það getur tekið einn, tvo eða þrjá tíma að lesa þau upp. Kjörþingið er auglýst að byrja á vissum tíma; þó veit fólkið ekkert um það, hvenær sjálf kosningin byrjar, og ef það kemur snemma, en er hamlað frá að kjósa, þá leiðir það af sjer óánægju; fólkið fer erindisleysu. Jeg hefi enga ástæðu fundið hjá nefndinni fyrir því, að rjettara sje að láta atkvæði greidd utan kjörstaðar ganga fyrir þeim, sem greidd eru á kjörstað.

Frsm. (Ingvar Pálmason):* Jeg skal ekki tefja tímann lengi.

Samkvæmt útreikningi hv. þm. Ak., er hægt að afgreiða þar um 180 kjósendur á klst. Það má gera ráð fyrir, að um helmingur kjósenda sje verkafólk, segjum 600 manns. Nú ætlar alt þetta fólk að ljúka sjer af í borðunartímanum, og verð jeg þá að segja, að hann sje nokkuð langur, borðunartíminn á Akureyri. Mjer reiknast svo til, að það verði hátt á fjórða tíma verið að afgreiða þetta fólk.

Jeg held, að það sje engin hætta á því, að kjörfundi verði slitið fyr en vinnutími er úti. Jeg held, að það hafi aldrei komið fyrir. Jeg sje því ekki, að nein hætta geti stafað af þessu ákvæði, en ef til vill verður það til einhverra óþæginda.

Erlingur Friðjónsson: Jeg get frætt menn um það, hvenær kosningu hefir verið lokið á Akureyri. Henni hefir venjulega verið lokið kl. 7—8, ef ekki hafa verið lesin upp atkvæði, greidd utan kjörstaðar, í byrjun. (**JÞ:** Hefir ekki verið farið eftir lögum?). Jeg veit ekki betur en það sjeu lög, að ljúka megi kosningu á 5 kl.st., — eða getur hv. 3. landsk. ekki reiknað það dæmi rjett, að kosningalögunum sje fylgt, ef byrjað er kl. 12 og hætt kl. 7—8, en kosning þarf ekki að standa lengur en 5 tíma?

Jeg hefði viljað óska, að það hefði ekki legið fyrir vini mínum, hv. 2. þm. S.-M. (IP), að snúa svo hrapallega út úr orðum mínum og hann gerði. Jeg sagði ekki, að fólk vildi endilega ljúka sjer af í borðunartímanum, heldur um borðunartímann. En auðvitað yrði sama þröng, ef þessir 600 kjósendur, sem hann talaði um, drægju allir að kjósa þar til eftir vinnutíma.

Jón Þorláksson: Jeg tók ekki eftir því, hvort hv. frsm. mintist á það, sem er sjerstaklega mín ástæða fyrir því að vera á móti færslunni. Jeg get ekki

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

viðurkent, að það sje þörf á að færa talningu atkvæða, greiddra utan kjörstaða, aftur fyrir kosninguna. Ef lagfæringar er þörf, þá er sjálfsagt að breyta kosningalögunum svo, að þau heimili kjörstjórn að koma saman fyr á degi til að afgreiða heimagreiddu atkv. En það á ekki að fara þá leið, sem í frv. er farin, að gera það að reglu, að menn geti greitt tvisvar atkvæði, fyrst heima og síðan á kjörstað. Mjer finst með þessu vera dregin hula yfir það, að það er yfirleitt, eða á að vera, óleyfilegur glæpur að greiða tvisvar atkvæði. En þetta verður löglegt samkvæmt frv. og stendur í beinu sambandi við það, að atkvæði, greidd utan kjörstaðar, verða talin eftir kosningu.

Annars fanst mjer hv. þm. Ak. koma því upp, að ekki væri þörf á þessari færslu vegna Akureyrar, þar sem hann gaf þær upplýsingar, að kosningu væri þar lokið um kl. 7, og allir vita, að upptalning atkvæða, greiddra utan kjörstaðar, fer nú fram áður en kosning byrjar. (**EF**: Nei). Ja, jeg geri ekki ráð fyrir, að kjörstjórn Akureyrar hafi brotið lögin.

Jón Baldvinsson: Jeg fæ ekki sjeð það, að kjósendur fái frekar að kjósa tvisvar, þótt atkvæðatalning sje flutt aftur fyrir. Samkvæmt 5. gr. getur kjósandi jafnan krafist þess, að sjer sje afhent atkvæði sitt. Því getur kjósandi komið í upphafi kjörfundar og krafist þess, að sjer sje afhent brjefið og að hann fái að kjósa á ný. Þetta kemur því ekki í veg fyrir, að menn geti kosið tvisvar sinnum, en vitanlega er ekki hægt að taka gilt nema eitt atkvæði frá hverjum kjósanda. Jeg álít ekki frekar ýtt undir með að greiða atkvæði tvisvar með frv. eins og það kemur fyrir heldur en eftir till. hv. minni hl.

ATKVGR.

Brtt. 629,1 samþ. með 10:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 629,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 629,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 629,4.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 629,4.b samþ. með 12 shlj. atkv.

— 629,4.c samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 629,5.a feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JÞ.

nei: JKr, MK, BK, EF, JBald, JJ, GÓ.

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.

Brtt. 629,5.b samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JÞ, JKr, PH, BK, HSteins, IHB, IP.

nei: JBald, JJ, MK, EÁ, EF, GÓ.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 629,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 701).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 701).

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 758).

---

61. Hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag (þmfrv., A. 317).

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. V.-Ísf. símáði til mín fyrir stundu síðan og kvaðst ekki geta komið á fund, en bað mig um að sjá svo til, að frv. þetta kæmist til 2. umr.; og vil jeg nú bera fram þá ósk fyrir hans hönd og mína.

Jeg skal aðeins til skýringar málinu taka fram, að frv. þetta er um skattfrelsi handa lánsfjelagi. Annars geri jeg ráð fyrir, að nokkrar upplýsingar þessu máli viðvíkjandi verði lagðar fyrir væntanlega nefnd. Leyfi jeg mjer að óska, að málinu verði að umræðunni lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 684).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg get vísað í nál. fjhn. um ástæður fyrir því, að nefndin mælir með, að þetta frv. verði samþykt. Hún felst á, að skortur sje á lánsfje, og þessi leið, sem frv. fer fram á, er þekt annarsstaðar og hefir þótt reynast vel. Nefndinni þykir því rjett, að frv. nái fram að ganga með þeim breytingum, sem hún vill gera á því.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er við 1. gr. A-liður tillögunnar er þess efnis, að á eftir orðinu „fasteignalánsfjelög" komi innan sviga „Kreditforeninger", til þess að taka af allan vafa um, að átt sje við það, sem Danir nefna þessu nafni. Eftir tillögu nefndarinnar á að falla niður 3. gr., og er b-liður fyrstu brtt. um það, að fyrir „2.—4." í niðurlagi fyrstu greinar komi „2.—3.". Önnur brtt. er um það, að 3. gr. falli

niður. Í 3. gr. er svo um mælt, að heimilt sje að verja fje ómyndugra og opinberra sjóða til þess að kaupa vaxtabrjef fjelagsins. Nefndinni þykir óþarft að áskilja fjelaginu fyrirfram rjett til þess að ávaxta slíkt fje. Það er rjettara, að þær lánsstofnanir, sem fyrir eru, haldi sínum rjetti óskertum að þessu leyti, enda væri þetta ekki til þess að auka starfsfje í landinu.

Þriðja brtt. nefndarinnar er um það, að flytja 4. gr. í sæti 3. gr. Loks er fjórða tillagan þess efnis, að nýrri grein sje bætt inn, þar sem ákveðið sje, að lögin falli úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. janúar 1930. Nefndinni þykir ástæðulaust að láta heimildina standa um ótakmarkaðan tíma, enda er líklegt, að ef vonir hv. flm. um fjáröflun rætast, geti lögin verið komin í framkvæmd fyrir 1. janúar 1930.

Ásgeir Ásgeirsson: Fyrir hönd okkar flm. vil jeg geta þess, að eftir á stæðum getum við fallist á tillögur hv. nefndar og þökkum henni fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 684,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 684,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 684,2 (3. gr. falli burt) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 684,3 samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 684,4 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 708).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 708).

Á 67. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 708, n. 738).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var þar flutt af hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. Skagf. Við meðferð málsins þar tók það nokkrum breytingum, sem telja verður, að sjeu til bóta. Frv. fer fram á að heimila fjármálaráðherra að veita veð-

lánafjelagi, ef stofnað yrði, nokkur hlunnindi, sem nefnd eru í 2. og 3. grein frv. Ákvæði 4. greinar voru sett inn í Nd., og eru þess efnis, að ef heimildin sje ekki notuð fyrir 1. janúar 1930, falli lögin úr gildi. Jeg sje ekki ástæðu til að fara alment að ræða um efni frv. Fjhn. Ed. hefir athugað það og ekki sjeð ástæðu til að gera brtt. við það, en mælir með því, að hv. deild samþykki það eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 776).

---

62. Áfengislög.

Á 20. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til áfengislaga (þmfrv., A. 133).

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er samið af nefnd templara með aðstoð lögfræðings, sem jeg hygg, að hæstv. stj. hafi lagt til. Um efni frv. er það að segja, að í því eru að miklu leyti sameinuð þau fyrirmæli, sem nú eru í lögum um þetta efni, og svo viðaukar við þau. Eru þeir viðaukar sniðnir eftir ákvæðum í bannlögum Finnlands.

Jeg finn ástæðu til að taka það fram, að lög þessi eru ekki bannlög í orðsins venjulegu merkingu; þau eru ekki bannlög frekar en svo mörg önnur lög, sem Alþingi setur svo oft og tíðum um ýms efni. Lögin eru um meðferð áfengis á einn og annan hátt, og sömuleiðis takmarkanir um það, hvaða áfengi megi flytja til landsins.

Það er svo, að þótt hjer hafi verið svonefnd bannlög um nokkurra ára skeið, þá hafa það ekki verið bannlög í orðsins rjettu merkingu, og þess vegna hafa þeir, sem sömdu þetta frv., nefnt það frv. til áfengislaga, sem telja má eðlilegra. Við þessa umr. er ekki ástæða til að fara að ræða sjerstakar greinar, en jeg vil geta þess, að að svo miklu leyti sem jeg hefi átt kost á að kynnast þessu frv. — og til þess hefi jeg haft góð skilyrði sakir góðvilja þeirrar nefndar, sem samið hefir frv. —, þá lít jeg svo á, að nú sjeu komnar í eina heild þær ráðstafanir, sem lengst munu ganga til að sporna við ofdrykkju í landinu. Þess vegna lít jeg ennfremur svo á, að ekki megi missa nein veruleg ákvæði úr frv. án þess að hugmyndin skemmist til mikilla muna.

Jeg geri ráð fyrir, að það sje nú komið svo, að löggjafarvaldið verði

nauðsynlega að setja fastákveðnar reglur um meðferð áfengis, en þar af leiðir aftur, að jeg álykta svo, að landsmenn muni fylgja þessu frv. í aðalatriðunum, og mun ágreiningur ekki verða nema um fremur fá atriði.

Jeg vænti þess því, að hv. deild taki þessu frv. vel, og geri jeg ráð fyrir, að því muni, að þessari umr. lokinni, verða vísað til nefndar, sem jeg þá tel rjettast, að væri allshn., því að jeg tel frv. eiga þar helst heima.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., því að út í einstök atriði þess er ekki rjett að fara frekar að þessu sinni. Mun jeg því ekki gera það, nema því aðeins, að eitthvert sjerstakt tilefni gefist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 535 og 549).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er orðið býsna áliðið tímans í kvöld, en jeg vona, að það þurfi ekki að hafa langar umræður.

Eins og sjá má af nál., hefir nefndin ekki getað orðið allskostar sammála um þetta frv. Það má nú segja um þetta, að það eru ekki veruleg stefnuatriði, það sem á milli ber, því öll nefndin var sammála um að láta frv. ná fram að ganga; aðeins eru það nokkrar brtt., sem ágreiningur er um.

Jeg þarf nú ekki að rekja undirbúning þessa máls, því það er gert svo ítarlega í nál. meiri hl., og get jeg því vísað til þess. Þó skal jeg til að drýgja tímann víkja að nokkrum brtt. meiri og minni hl. Jeg skal þá strax geta þess, að þær brtt., er mestu valda, eru á þskj. 535, og eru þær flestar við 2. kafla laganna. Þar hafa verið teknar burt þær greinar, er fjalla um einkasölu á áfengi, og er það gert með tilliti til þess, að annað frv. um það efni er hjer á ferðinni. Var fult samkomulag um þetta, því óþarft þótti, að tvenn lög fjölluðu um sama efni. Af þessu leiddi, að taka varð út úr áfengislagafrv. þessar umræddu greinar, og breyttist greinatalan þá vitanlega við það og sömuleiðis tilvitnanir í fjölda greina. Þetta eru orsakir þess, hvað brtt. á þskj. 535 eru margar. Flestar þessar brtt. eru heldur smávægilegar og enga till. hefir meiri hl. borið fram, er breytir í nokkru verulegu þeirri stefnu, sem í frv. felst. Brtt. við 3. gr. er aðeins til skýringar. Brtt. 2.—7. stafa allar af þeim úrfellingum, sem gerðar voru á 2. kafla. Á einum stað er að vísu um orðabreyting að ræða, en það er aðeins til að færa til betra máls. Þá kemur 11. brtt., sem fer fram á, að bætt verði við 13. gr. orðunum „í hagnaðarskyni eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.“ Þessu er bætt við til þess að gera ástæðurnar ríkari fyrir því, að heimilt sje að gera húsrannsókn án dómsúrskurðar. Um þetta hygg jeg, að nefndin hafi öll verið sammála, þó minni hl. hafi fleira við þetta að athuga. — 20. brtt. er aðeins orðabreyting. — Um 32. brtt. er það að segja, að greinin er færð í annað

horf, en að öðru leyti er efnið eiginlega það sama. — Þá kem jeg að 38. brtt. Þar er einu orði, „heimilisnotkun", bætt í a-liðinn. B-liðurinn er tilvitnanabreyting, er leiðir af því, sem áður hefir verið getið um. C-liðurinn kveður skýrar á um það, hvernig heimilt er að veita eða selja vín með mat og hvernig á að haga þeirri sölu.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þessar brtt., nema tilefni gefist síðar. Þær eru svo skýrar, að strax sjest, hvað átt er við með þeim. Síðustu brtt. eru loks þess efnis, að þær kveða skýrt á um það, hvenær lög þessi ganga í gildi. Þessi lög hafa svo miklar breytingar í sjer fólgnar á sektarákvæðum, að nauðsynlegt er, að þeir, sem dæma eiga eftir þeim, viti nákvæmlega, hvenær þau ganga í gildi, svo að þeir sjeu ekki í vafa um það, eftir hvorum ákvæðunum á að dæma.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um brtt. meiri hl., en úr því jeg er staðinn upp, þykir mjer hlýða að fara nokkrum orðum um brtt. minni hl., þó jeg vilji ekki með því gefa tilefni til þess að umr. lengist. Mál þetta hefir verið skýrt svo vel í nefndinni, að jeg þarf ekki að skýra afstöðu okkar til þessara brtt. minni hl. Jeg er þeim yfirleitt mótfallinn, og meiri hl. er allur mótfallinn nokkrum þeirra. Að því er snertir 1.—6. brtt. skal jeg taka það fram, að þær skifta ekki miklu máli. Samt mun jeg ekki greiða atkv. með þeim, því sumar þeirra eru heldur til hins lakara og aðrar einskis virði. Tvær þeirra eru orðabrevtingar, sem ekki er þörf á og engu brevta. — Um 7. brtt. er það að segja, að jeg hefi ekki getað fallist á, að rjett væri að taka hana til greina. Jeg sje ekki betur en að það eftirlitsstarf, sem þessum löggæslumönnum er ætlað að inna af hendi, verði alt of þunglamalegt, ef þessir menn verða settir undir sýslumennina, og ver af hendi leyst. Þessir menn verða að starfa á eigin ábyrgð, til þess að fullum notum komi, og þá held jeg, að starf þeirra verði að minni notum, ef þeir starfa eftir fyrirmælum sýslumanna. — Um 8. brtt. er svipað að segja og hinar, að jeg legg ekki mikið kapp á það, hvernig fer með hana, en þó verð jeg heldur að telja hana til hins lakara. Jeg tel rjett, að skipstjóri beri ábyrgð á áfengi, sem finst í skipi, ef ekki upplýsist, hver er eigandi þess. Því skipstjórinn getur verið hinn seki, og það yrði líka aðhald fyrir hann að líta vel eftir því, að óleyfilegt áfengi sje ekki flutt um borð, ef hann ber ábyrgð á því. — Þá kem jeg að síðustu till. og þeirri, sem skiftir mestu máli, því hún er gerð að skilyrði fyrir því, að minni hl. fylgi frv. Eins og hv. dm. sjá, fer hún fram á það að heimila skipum, er sigla með ströndum fram, að hafa óinnsigluð liettari vín meðferðis sem skipsforða. Þessu er jeg eindregið á móti, því jeg tel, að með þessu sje alt eftirlit með meðferð áfengis í skipum gert svo erfitt, að það verði lítt mögulegt að framkvæma ýms ákvæði þessa frv. Minni hl. heldur því aftur á móti fram, að ef þetta ákvæði sje ekki sett í 55. gr., þá sje svo nærri gengið Spánarsamningnum, að nærri liggi, að það megi kallast brot á honum. Jeg skal nú ekki gera þessa ástæðu minni hl. að neinu kappsmáli; jeg játa, að jeg tel talsverða rjettarbót að þessu

frv., ef að lögum verður, þó þessu ákvæði sje bætt inn í frv. En því er þó ekki að neita, að hjer er komið inn í lögin þeirri heimild, er gerir það að verkum, að eftirlit með áfengissölu skipa verður miklum mun torveldara, því jafnan verður hægt að hafa sterkari vín en lögin ætlast til undir þessu yfirskini. Jeg sje því ekki annað en að ef þessi undanþága verður leyfð, þá verði lítil bót að þessu frv. hvað þetta atriði snertir, þó að lögum verði. Skip hafa nú leyfi til þess að hafa það óinnsiglað vín handa skipverjum, sem telst þurfa til næstu hafnar. En þetta hefir nú viljað verða svo í framkvæmdinni, að skipin hafa ætíð haft vín, ekki aðeins handa skipverjum, heldur munu þau og líka hafa selt vín í land. Vitanlega verður hver þm. að gera það upp við sjálfan sig, hvort honum finst svo nærri gengið Spánarsamningnum, ef þessu ákvæði verður ekki bætt í frv., að brot megi teljast. Og jeg verð að játa það, að ekki er nema eðlilegt, að þeir, sem líta svo á, að Spánarsamningurinn sje brotinn, ef þessu er ekki bætt í frv., ljái þessu ákvæði fylgi sitt. En jeg er á gagnstæðri skoðun í þessu efni og mun ekki fylgja þessari brtt.

Jeg mun hafa gleymt að minnast á 2. brtt. minni hl., sem jeg er mjög mótfallinn og tel, að geri það að verkum, að lögin verði minna virði, ef hún verður samþ. Þessi brtt. er við 3. gr. frv. og fer í þá átt, að um skemtiferðaskip gildi sömu reglur og um herskip. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nauðsyn að gera þeim svo hátt undir höfði. Því þó litið sje svo á, að herskip heyri ekki undir lög þessa lands, þó þau komi hjer snöggvast, þá fæ jeg ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til þess, að um skemtiferðaskip gildi sömu reglur.

Jeg skal svo ekki tefja hv. dm. á því að tala lengur um þetta. Geri ráð fyrir því, að úr því sem málið er komið verði það atkvgr. ein, sem sker úr um þessar brtt. En hvernig sem fer um brtt. hv. minni hl., þá vona jeg, að hv. deild samþ. brtt. meiri hl.

Jóhannes Jóhannesson: Af því að hv. 3. landsk., frsm. minni hl. nefndarinnar, getur ekki verið til staðar, ætla jeg að segja örfá orð um brtt. minni hl. á þskj. 549. Skal jeg taka mjer hv. 2. þm. S.-M. til fyrirmyndar í því að vera stuttorður, enda er ástæðulaust að vera með mikla mælgi, þegar komið er fram á nótt. Vil jeg um leið skjóta því til hv. þdm., hvort ekki væri sanngjarnt, að sett væru vökulög handa þingmönnum, svo trygt væri, að þeir gætu fengið nægan svefn.

Um afstöðu minni hl. til þessa máls er það að segja, að hann greinir ekki í neinu verulegu á við meiri hl., og samvinna í nefndinni hefir verið hin besta. Vilji okkar minnihlutamanna er, að lögin komist í það horf, sem bannmenn óska, svo reynsla fáist fyrir því, hvað lögin geta borið mikinn árangur og hvort von sje til þess, að hægt sje að halda uppi fullkomnu banni. Annars eru margir í vafa um það, hvort blessun sú, er fylgir banninu, sje meiri en bölvunin, sem af því leiðir. Þess vegna höldum við ekki fast við neina af þessum brtt., nema þær, sem við teljum, að samþykkja verði svo að þetta frv., ef að lögum verður, komi ekki á neinn hátt í bága

við lög nr. 3, frá 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi. Á þeim lögum byggist samningurinn við Spán, og meðan hann er í gildi, njótum við bestu tollkjara þar á saltfiski, og það er alveg ómissandi fyrir okkur, og megum við því ekkert gera, er kemur í bág við þann samning eða gefi Spánverjum ástæðu til að segja honum upp. Um þetta höfum við ekki getað orðið hv. frsm. meiri hl. sammála. Hann telur, að þó frv. verði samþykt eins og það kemur frá meiri hl., þá brjóti það ekki í bág við Spánarsamninginn, en þar erum við minni hl. á gagnstæðri skoðun. Annars er það ekki orðalagið, sem við leggjum áherslu á í þessari 10. brtt. okkar, heldur er það „principið", og skal jeg því taka hana aftur til 3. umr., ef ske kynni, að samkomulag fengist um betra orðalag. Sama er að segja um 6. brtt. okkar. Það er vitanlega ekki meining okkar að vilja rýra bannlögin að neinu leyti með þessu; við viljum aðeins, að þau sjeu ekki svo úr garði gerð, að hægt sje að telja það brot á Spánarsamningnum.

Um 1. brtt. okkar, við 1. gr. frv., er það að segja, að hún er aðallega orðabreyting. Í 1. gr. frv. stendur svo, sem jeg ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi". — En jeg lít svo á, að ekki sje hægt að heimta sannanir fyrir því, að ekki eigi að selja það eða neyta þess hjer. Því þegar menn eiga að færa sönnur á slíkt, þá verða þeir að sanna „negativan" hlut, en það er venjulega mjög erfitt og jafnvel ómögulegt. Jeg get t. d. ekki sannað, að jeg ætli ekki að drepa mann, því að það er ekki hægt að færa sönnur á það, hvað maður ætlar ekki að gera. En þó greinin hjeldist óbreytt, þá mundu orðin „nema sannað sje" ætíð verða skilin svo, að það dygði, ef líkur væru færðar fyrir því, að ekki ætti að neyta þess eða selja. Af þessum ástæðum kynni jeg betur við, að þessi brtt. okkar væri samþ., þar sem hún líka í raun og veru felur aðeins orðabreytingu í sjer.

Þá kem jeg að 2. brtt. okkar, sem er við 3. gr. og snertir skemtiferðaskipin. Það er nú farið að tíðkast, að þau skip venji hingað komur sínar, og hafa þau gefið mörgum drjúgan skilding, og finst mjer, að við ættum ekki að slá hendinni móti því. Auk þess stafar banninu mjög lítil hætta af þessum skipum, og jeg held, að það geti ekki á neinn hátt orðið því til hindrunar, að bannið geti orðið „effektivt", þó þessi undanþága sje veitt, þar sem tekið er fram, að skipin megi hvorki flytja farþega hingað nje hjeðan aðra en þá, er búa í skipinu meðan það stendur hjer við. Hinsvegar má búast við því, að menn, sem eru á ferðalagi til þess að skemta sjer, vilji hafa sínar venjur og hentisemi: þætti þeim þá máske gengið fullnærri persónulegu frelsi sínu, ef þeir mættu ekki hafa drykkjarföng um hönd, og gæti það orðið til þess, að slík skip hættu að venja komur sínar hingað til lands. En það mundi svifta landið þó nokkrum tekjum, og finst mjer ekki rjett, að Alþingi verði til þess að stuðla að því.

3. brtt. er aðeins orðabreyting, og

sömuleiðis sú 5., sem hljóðar um sama efni. — 6. brtt. er tekin aftur til 3. umr., eins og jeg hefi áður sagt. — 4. brtt., við 23. gr., fer í sömu átt og brtt. meiri hl. við þessa sömu grein. Hún er aðeins lengri hjá meiri hl., en meiningin er sú sama. — Um 7. brtt. okkar er það að segja, að okkur finst þingið fá stjórninni helst til mikinn rjett í hendur, ef orðalagið er eins og í frv. stendur. Því eftir því er dómsmrh. gefið vald til þess að skipa eins marga tollþjóna og honum sýnist og launa þeim eins og honum sýnist. Við lítum svo á, að heppilegra sje, að þessir menn sjeu skipaðir lögreglustjórum til aðstoðar heldur en sem sjerstakir löggæslumenn. Teljum við, að með því verði meira samræmi í löggæslunni, en hitt gæti valdið ýmsum vandræðum og árekstri og óþarfa kostnaði.

Þá er brtt. okkar við 36. gr. Eins og allir hv. deildarmenn vita, er það tekið fram í lögum þessum, að skipstjóri beri ábyrgð á brotum skipverja á lögunum. Ef ekki finst sá seki, en ætla má, að einhver af skipverjum hafi framið brotið, þá ber skipstjóri ábyrgð á því og verður að sæta þeirri refsingu, sem við liggur, ekki aðeins sektum, heldur og fangelsi, ef svo ber undir og sakir eru til. Það er hægt að dæma skipstjóra, sem eftir lögum þessum ber ábyrgð á brotum skipverja, í fangelsi fyrir brot, sem hann er ekki við riðinn að öðru leyti en þessu. Þetta þykir okkur nokkuð hart. Það getur verið erfitt fyrir skipstjóra að velja sjer skipshöfn, svo að ekki kunni að slæðast með einhverjir, sem hiki ekki við að fremja brot, sjái þeir sjer hagnað í því, þótt það komi skipstjóra þeirra í vanda. Við viljum ekki láta það viðgangast, að skipstjóri verði jafnvel að sæta fangelsisvist fyrir þá sök eina, að hann hefir verið svo óheppinn að taka einn slíkan miður vandaðan mann á skip sitt.

Svo segir í frv., að vinnuskylda skuli vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum. Eins og nú er ástatt um hegningarlöggjöf og refsivist á landi hjer, mun ómögulegt enn sem komið er að framfylgja þessu ákvæði til hlítar. Minni hl. hefir því lagt til, að ekki verði strangara að orði kveðið en svo, að vinnuskylda megi vera samfara afplánun áfengissekta. Stjórnin gæti komist í hinn mesta vanda með það að láta afplána þessar sektir. Fyrst og fremst er enginn stafur fyrir því, hvernig slík afplánun skuli fara fram, og engir þeir staðir til, þar sem hún gæti farið fram. Jeg ímynda mjer, að bæði stjórnin og embættismenn, sem framfylgja eiga lögunum, kæmust í vandræði, ef ákveðið væri í lögum nú þegar, að vinnuskylda *skuli* vera samfara afplánun slíkra sekta. Það mundi og kosta sjerstakt eftirlit, sem þyrfti að kaupa, og skapa þannig ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Hinsvegar er ekkert við það að athuga, að þetta ákvæði um vinnuskyldu skilyrðislaust verði leitt í lög, þegar svo hefir verið um hnútana búið, gengið svo frá hegningarlöggjöfinni og hegningarhúsvistinni, að því verður við komið.

Eg finn ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál. Minni hl. nefndarinnar er sammála flestum brtt. hv. meiri hl., hefir unnið að þeim í sameiningu við hann og mun greiða atkvæði með þeim. En við

álítum það ekki nóg. Við álítum betra að samþykkja brtt. okkar líka.

Þess hefir verið farið á leit við okkur háttv. 3. landsk., að við tækjum 6. og 10. brtt. okkar aftur til 3. umr. Viljum við verða við þeirri ósk, og geri jeg það hjer með. Verða þær bornar fram aftur þá, breyttar eða óbreyttar eftir atvikum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 133, n. 535 og 549, 564).

ATKVGR.

Brtt. 549,1 feld með 8:6 atkv.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 549,2 samþ. með 10:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

4.—5. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 535,2 (ný fyrirsögn II. kafla) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 535,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,4 (7.—14. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 564 sjálffallnar.

— 535,5 (16. gr. falli burt) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 535,6 samþ. án atkvgr.

— 535,7 samþ. með 12 shlj. atkv.

17. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

18.—19. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,8 samþ. án atkvgr.

— 549,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 535,10 samþ. með 11 shlj. atkv.

20.—22. gr. (verða 10.—12. gr.), svo breyttar, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,11 samþ. með 8:4 atkv.

— 549,4 sjálffallin.

23. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

24. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,9 samþ. án atkvgr.

— 535,12 samþ. með 12 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 535,14 samþ. án atkvgr.

— 535,13 samþ. án atkvgr.

25.—29. gr. (verða 16.—20. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 549,5 samþ. án atkvgr.

30. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535, 15.—19. samþ. án atkvgr.

— 549,6 tekin aftur til 3. umr.

31.—33. gr. (verða 22.—24. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 549,7 feld með 8:6 atkv.

— 535,20 samþ. með 10 shlj. atkv.

34. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.

35. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 549,8 samþ. með 10:2 atkv.

36. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,21—23 samþ. án atkvgr.

37.—39. gr. (verða 28.—29. og 35. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,24 (40. gr. falli burt) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 535,25—30 samþ. án atkvgr.

41.—45. gr. (verða 30.—34. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 549,9 feld með 8:6 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

nei: EF, IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, GÓ.

Brtt. 535,31 samþ. án atkvgr.

— 535,32 (ný 46. gr., verður 36. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 535,33—34 samþ. án atkvgr.

47.—48. gr. (verða 37.—38. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,35.a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 535,35.b samþ. með 9 shlj. atkv.

49. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,36—37 samþ. án atkvgr.

50.—51. gr. (verða 40.—41. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

52.—54. gr. (verða 42.—44. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 549,10 tekin aftur til 3. umr.

— 535,38.a samþ. í e. hlj.

— 535,38.b samþ. án atkvgr.

— 535,38.c samþ. með 8:3 atkv.

55. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

56.—57. gr. (verða 46.—47. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,39 samþ. með 12 shlj. atkv.

58. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 535,40 (ný gr., verður 49. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 584, 585, 592, 604).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 604. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að segja að þessu sinni. Það liggja hjer fyrir brtt. á tveimur þskj., sem teknar voru aftur við 2. umr., og auk þess hefir nú bætst við brtt., sem er að finna á þskj. 604.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 585 skal jeg geta þess, að frá mínu sjónarmiði sjeð eru sumar þeirra til bóta, en hinar læt jeg hlutlausar. Þó mun jeg ekki greiða 4. brtt. atkv., en geri það ekki að kappsmáli, að hún verði feld. Hinar þrjár brtt. sje jeg ekkert sjerstaklega athugavert við, enda verður að telja 2. og 3. brtt. fremur til bóta.

Þá hefir komið fram brtt. frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 592, sem jeg tel mjög nauðsynlega og ekki síður að hennar sje þörf, ef 4. brtt. á þskj. 585 verður samþ.

Þá er aðeins eftir brtt. frá hv. 3. landsk., á þskj. 604, þar sem lagt er til, að 13. gr. frv. falli niður. Jeg get ekki mælt með þessari brtt., enda geri jeg ekki ráð fyrir, að hún verði samþ. Þó að dálítill ágreiningur væri í nefndinni um ýmsar gr. frv., leit jeg svo á, að þær brtt., sem fram komu frá nefndinni, væru samkomulagsatriði, og geri því ekki ráð fyrir, að nefndin gangi frá því.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Það hefir gengið með mikilli rósemi í gegnum hv. deild. Og þó að einhverjar smá-

breytingar verði samþ., sem jeg felli mig ekki við, þá er jeg yfirleitt ánægður með frv. eins og það fer frá hv. deild.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal aðeins geta þess, að 1. brtt. á þskj. 585, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram ásamt hv. 3. landsk., kemur í stað brtt., sem flutt var við 2. umr., en þá tekin aftur til 3. umr. Sama er að segja um 2. brtt. Á 3. brtt., við 44. gr., mintist jeg við 2. umr. Nú sem stendur er ekki hægt að ákveða vinnuskyldu í sambandi við afplánun sekta. Þýðir ekki að setja ákvæði um það fyr en búið er að koma hegningarmálunum í það horf, að hægt sje að framfylgja þeim. — 4. brtt., við 45. gr., kemur í stað brtt., sem við tókum aftur við 2. umr., til þess að geta ráðgast um hana við hæstv. dómsmrh. En hann vill ekki láta opna áfengisbirgðirnar á hverri höfn. Því miður hefir ekki unnist tími til að komast að samkomulagi við hæstv. ráðh. Nú sje jeg, að hann hefir komið með brtt. um að ákveða um þetta með reglugerð, en þessa brtt. hefi jeg ekki ennþá getað athugað.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er rjett hjá hv. þm. Seyðf., að jeg var ekki alveg ánægður með greinina í fyrstu. En við nánari athugun sje jeg, að óþarfi er að fella hana niður, því að greinarnar geta báðar staðið og bæta hvor aðra upp. Og úr því að álitið er, að af fjárhagsástæðum verði að slá nokkuð undan og leyfa spönsk sín sem skipsforða, tel jeg brtt. viðunanlega. Jeg mun greiða atkvæði með öllum brtt. á þskj. 585 og tel þær heldur til bóta, ekki síst 3. brtt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg hefi á þskj. 604 borið fram brtt. um, að 13. gr. frv. falli niður. En svo óheppilega vill til, að greinin, eins og hún nú er orðuð, stendur ekki í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Við 2. umr. komu fram 2. brtt., frá meiri hl. og minni hl., og var brtt. meiri hl. samþ. En þeirri viðbót, sem samþ. var, hefir eigi verið bætt inn í frv. við endurprentun. Aðalefni þessarar greinar er um það, að sje maður sterklega grunaður um óleyfilega meðferð áfengis, megi lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur þess þörf. Þetta atriði var mikið rætt í nefndinni. Yfirleitt hefir jafnan þótt mjög athugavert að slaka til á því ákvæði stjórnarskrárinnar, sem mælir svo fyrir, að dómsúrskurður skuli jafnan fara á undan heimilisrannsókn. Jeg gæti þó sætt mig við þessháttar tilslökun, þegar svo stendur á, að sterkur grunur liggur á, að áfengislögin sjeu brotin í atvinnuskyni. Þegar þær ástæður eru fyrir hendi, álít jeg ekki athugavert, þó að heimilisrannsókn fari fram án dómsúrskurðar. Nefndin átti tal um þetta efni við Sigurð Jónsson stórtemplar, og hann gaf þær upplýsingar, að við samning frv. hefði verið ætlast svo til, að þessu ákvæði yrði eingöngu beitt gegn þeim, sem grunaðir væru um að brjóta áfengislögin í atvinnu- eða hagnaðarskyni. Hafði hann ekkert á móti því, að bætt væri inn ákvæði, þar sem þetta væri skýrt tekið fram. Og þetta var það, sem

fólst í brtt. minni hl. En hún var feld við 2. umr., eins og jeg tók fram. En til þess að hv. þdm. geti gert sjer glögga grein fyrir því, hvernig greinin hljóðar nú, skal jeg leyfa mjer að lesa hana upp eins og hún á að vera með breytingu meiri hl. Hún er 13. gr. frv. og hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis í hagnaðarskyni, eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvernig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.".

Eins og greinin er orðuð nú, felst tvent í henni. Í fyrsta lagi það, að heimilisrannsókn megi gera hjá manni, ef hann er grunaður um óleyfilega meðferð áfengis í hagnaðarskyni. En svo kemur nokkuð nýtt, og það er almenn heimild, sem gildir, ef maður hefir verið borinn einhverjum sökum — ótiltekið hverjum —, hafi hann áður verið dæmdur fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Jeg þykist vita, að tilgangur flm. hafi ekki verið sá, að láta heimildina til húsrannsóknar vera svo víðtæka, að hana megi framkvæma hjá þeim, er dæmdur hefir verið fyrir brot á áfengislöggjöfinni, hvaða grunur sem á honum liggur, jafnvel um einhver afbrot, sem eru áfengislöggjöfinni óviðkomandi. En þetta stendur nú í greininni, og er þá a. m. k. missmíði á henni. Í þessu kemur það líka fram, að grunurinn þarf ekki að vera um brot í hagnaðarskyni, eins og gert var ráð fyrir og talað um í upphafi greinarinnar. En því er jeg andvígur, að teygja heimildina út fyrir það svið, þegar grunurinn er um brot gegn áfengislöggjöfinni í hagnaðarskyni.

Ástæðan til þess, að þörf þótti á að gera umrædda tilslökun frá ákvæði stjórnarskrárinnar, er sú, að hjer í Reykjavík stendur svo á, að sami maður, sem á að kveða upp dómsúrskurð, nefnilega bæjarfógetinn, framkvæmir ekki húsrannsókn. Af því hafa menn óttast, að framkvæmdir yrðu ekki nógu fljótt og þeir grunuðu gætu komist á snoðir um hættuna. Mætti þá svo fara, að töfin yrði til þess, að lögreglan hefði ekki hendur í hári þeirra. En í frv., sem lagt hefir verið fyrir þetta þing og líklegt er til framgangs, er gert ráð fyrir annari skipun á þessum málum. Eftir henni fellur bæði dómsúrskurðurinn og húsrannsóknin í hlut sama manns. Verði þetta frv. samþykt, er úrskurðurinn ekki nema formsatriði, og yrði að honum engin töf. Því fremur er jeg á móti því að setja inn í þessi lög ákvæði, sem mjer virðast ýta undir lögregluna að nota heimildina víðtækar en flm. hafa ætlast til og jeg álít rjett. Því fer fjarri, að jeg vilji skemma frv. En af þessum ástæðum legg jeg til, að greinin falli brott.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er rjett hjá hv. 3. landsk., að nokkur hluti 13. gr. hefir fallið niður

við endurprentun. Frv. var að vísu lesið gaumgæfilega yfir áður en því var útbýtt, og fanst þá þessi ágalli. Kannaðist skrifstofustjóri þegar við hann, og gat þess, að þetta væri þegar leiðrjett í skjalaparti þingtíðindanna. Hinsvegar var svo mikill kostnaður fyrirsjáanlegur við að prenta frv. aftur upp, að ekki þótti rjett að gera það. En varla getur þessi vöntun valdið miklum misskilningi. Er auðvelt að átta sig á, hvað það er, sem bæta þarf inn í gr. eins og hún liggur hjer fyrir, því að það er 11. brtt. meiri hl. á þskj. 535. Vænti jeg því, að þetta skifti ekki miklu máli.

Þá skal jeg víkja að brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 604, um að fella niður 13. gr. frv. Hann telur greininni mjög spilt með brtt. meiri hl., þeirri, er samþ. var við 2. umr. Gekk hann jafnvel svo langt að halda því fram, að ákvæði um heimilisrannsókn án undanfarins dómsúrskurðar ætti samkv. henni við öll brot eða grun um brot á hvaða lögum sem væri. Þetta er að mínu viti slík fjarstæða, svo að jeg noti ekki sterkara orð, að það kemur ekki til nokkurra mála, því að í upphafi greinarinnar er skýrt tekið fram, við hvaða brot sje átt, nefnilega brot, sem framin eru gegn áfengislögunum í hagnaðarskyni.

Brtt. meiri hl. gerðu greinina að vísu nokkru víðtækari en áður. En það liggur í því, að sá, sem grunaður er um óleyfilega meðferð áfengis — um aðra er alls ekki að ræða —, falli undir ákvæði hennar, hafi hann áður brotið gegn áfengislögunum. Og jeg fæ ekki annað sjeð en það sje í alla staði rjettmætt, því að slíkum manni er jafnan varlega treystandi. En í hvert skifti er það á valdi hlutaðeigandi valdsmanns, hvort hann beitir ákvæðinu. Hitt gæti verið talsvert athugavert, ef kærandi gæti skilyrðislaust heimtað húsrannsókn. Jeg held því, að hvernig sem á þetta er litið, hafi það tekist, sem vakti fyrir flm. og meiri hl. nefndarinnar, að gera greinina fullkomnari en hún var upphaflega. Virðist mjög sanngjarnt að miða heimildina við þau tilfelli, þegar hinn grunaði er talinn hafa brotið lögin í hagnaðarskyni, eða áður orðið sekur við þau.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að vitna í það, að þessi ákvæði sjeu óþörf vegna væntanlegrar skipulagsbreytingar á meðferð þessara mála hjer í Reykjavík. Sjerstaklega kemur mjer undarlega fyrir sjónir, að hv. 3. landsk. skuli vitna í hana, því að hann hefir sjálfur lagst á móti henni. Jeg ætla fyrir mitt leyti engu að spá um það, hvort hún muni verða samþ. En þó að svo færi, sje jeg ekki, að neinu væri spilt með þessu ákvæði. Það er sjálfsagt mál, að geti hlutaðeigandi valdsmaður kveðið upp úrskurð án þess að það tefji rannsóknina, þá gerir hann það, en hinsvegar er gott að geta gripið til heimildarinnar, ef á þarf að halda. Sje jeg svo ekki þörf að lengja meir mál mitt, en vona, að brtt. á þskj. 604 verði feld, en 13. gr. fái að standa óbreytt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Þó að jeg væri af fjárhagsástæðum á móti frv. um skipun embættanna í Reykjavík, þykist jeg þó mega gera ráð fyrir, að það nái fram að ganga. Hefir það nú verið samþ. í þessari hv. deild, en hitt vitanlegt, að stjórn-

arflokkarnir báðir styðja það. Virðist fullkomlega mega taka tillit til þess. Og þar sem það mál, sem nú er til umræðu, er skemmra komið í þinginu en hitt, sýnist ekkert á móti því að taka tillit til skipulagsbreytingarinnar, þangað til útsjeð kynni að verða um, að hún yrði feld, sem jeg geri raunar ekki ráð fyrir.

Annars stóð jeg aðallega upp til þess að láta í ljós ánægju mína yfir ummælum hv. 2. þm. S.-M., þeim, að lögreglustjóri mundi ekki nota heimildina nema í brýnni nauðsyn og ekki telja eftir sjer að kveða upp dómsúrskurð um húsrannsóknir. Jeg álít nefnilega, að halda beri svo fast sem unt er í ákvæði stjórnarskrárinnar um það, að heimilisrannsókn skuli ekki fram fara, nema að undangengnum dómi. Eftir að þessi ummæli hv. 2. þm. S.-M. eru fram komin, get jeg raunar látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvort brtt. mín verður samþ. eða ekki. En hana hefi jeg borið fram til þess að sýna, að jeg vil ganga sem allra skemst í því að raska heimilisfriði manna.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð almennt um 13. gr. Satt að segja held jeg, að hv. 3. landsk. ætti vel að geta sætt sig við, að frv. standi óbreytt, og mjer þætti fyrir mitt leyti nokkru verra, ef greinin yrði feld niður. Tilgangur hennar er að greiða fyrir því, að lögreglan geti haft hendur í hári áfengissalanna. Og lögreglan á við svo mikla erfiðleika að stríða, ekki síst hjer í Reykjavík, að ekkert má láta ógert til að styðja hana.

Það er alveg rjett hjá hv. 3. landsk., að töf sú, er úrskurður hefir í för með sjer, getur oft orðið til þess, að þeir grunuðu vari sig og sleppi úr greipum lögreglunnar. Og í framkvæmdinni mundi þetta oft hafa þau áhrif, að lögreglustjóri fyrirskipaði húsrannsókn án þess að hafa áður gefið út dómsúrskurð, enda er hann í sjálfu sjer þýðingarlítill, þegar hvorttveggja er á valdi sama manns.

Þess er áreiðanlega mikil þörf að kreppa að þeim mönnum, sem gera sjer brot gegn áfengislögunum að atvinnu. Það hefir enn ekki tekist nægilega, og valda seinar aðgerðir frá hálfu hins opinbera nokkru um.

Í stjórnarskrárákvæði því, sem hv. 3. landsk. mintist rjettilega á, er tekið fram, að undanþágur megi veita frá því með sjerstökum lögum. Og sú eina undantekning, sem farið hefir verið fram á, er um áfengislögbrjótana. Þeir eru nú löggæsluvaldinu manna erfiðastir. Tel jeg hið mesta ólán, ef greinin yrði feld niður, því að þá yrði alt erfiðara um framkvæmd laganna.

Jónas Kristjánsson: Jeg ætla aðeins að fara fáum orðum um frv. almennt, en ekki ræða um einstakar brtt.

Það má ætla, að frv. hafi fengið sæmilegan undirbúning. Það lá við, að það yrði borið fram á þingi í fyrra, en varð ekki af, svo að ætla mætti, að það væri betur útbúið nú en áður. Breytingar frá núgildandi lögum eru að mestu í því fólgnar að herða á sektarákvæðunum. Má ýmislegt um það segja. Ýmsir eru þeirrar trúar, að óheppilegt sje að setja lög, sem mikill hluti þjóðarinnar er mótfallinn. Frægur amerískur þjóðmegunarfræðingur hefir haldið því fram, að hættulegt

sje að setja lög, sem ekki eru í samræmi við rjettlætistilfinningu mikils meiri hluta þjóðarinnar. Ef á móti þessu er brotið, verður það til þess, að lögin verða brotin og það vekur alment virðingarleysi fyrir lögum yfir höfuð. Sektarákvæðin verða því að falla saman við það, sem mönnum finst nokkurnveginn rjett í því efni. Það er ekki góður undirbúningur undir lögin, þegar menn þeir, sem einna hæst eru settir í þjóðfjelaginu, lýsa yfir jafnmismunandi skoðunum og á þessu máli, þar sem einn segir, að Íslendingar sjeu ekki samkvæmishæfir án víns, og annar, að vín sje matur og ekki eitur, sem það þó er í raun og veru. Þetta eru tvennar andstæður. Þess vegna er hætt við, ef lögunum er harðleiknislega beitt í byrjun, að þjóðin snúist á móti þeim, og ef það verður, þá getur svo farið, að það kosti það, að bannið verði afnumið. Ef þjóðin þolir ekki hlekki þá, sem á hana eru lagðir með lögunum, þá koma þeir tímar, að hún hristir þá af sjer. Jeg álít, að þetta fari mest eftir því, hvernig lögin verða framkvæmd, hvort þau verða framkvæmd með lempni og rjettlæti eða harðleikni. Það er nauðsynlegast af öllu, að lögin verði framkvæmd stranglega, en þó með fylsta rjettlæti. Jeg bíð óhræddur eftir úrskurði reynslunnar; hann verður í samræmi við það, hvernig á lögunum verður haldið. Það er hætt við, ef mönnum finst lögunum vera ranglega beitt, þá leiði það til smyglunar og bruggunar. En besta ráðið til að fyrirbyggja það er að framkvæma lögin með rjettlæti og takti. Allra hættulegust er bruggunin; hún getur haft afskaplegar afleiðingar, getur svift menn bæði heilsu og fjöri. Það er sagt, að nú sje talsvert um vínbruggun hjer á Suðurlandsundirlendinu. En að því verður að stefna að fyrirbyggja það.

Mjer finst stundum bresta á, að gætt sje þeirrar varúðar og takts, sem nauðsynlegt er við samningu laga. Sjerstaklega fanst mjer það í fyrra, þegar borið var fram og sótt af kappi frv. um að afnema útsölu vína á Siglufirði. Jeg áleit þá það vera rjett að greiða atkvæði móti þessu frv. Flestir munu nú játa, að jeg hafi þá haft rjett fyrir mjer. Þó hefir þetta verið notað í ofsókn gegn mjer, sem endaði með því, að jeg gat ekki legið undir þeirri ofsókn og sagði mig úr reglunni. Þó ann jeg þessu máli og vinn því, það sem jeg get. Þarna var leikinn skopleikur, sem hæglega gat endað með sorgarleik, ef svo hefði farið, að hann hefði kostað það, að sagt var upp samningum við Spánverja af þeirra hálfu. Jeg vildi ekki eiga þátt í því og greiddi atkvæði á móti frv. Jeg býst við því, að þeir, sem greiddu atkv. með því frv. í fyrra, mundu hafa lagt það fyrir þingið nú, ef þeir hefðu sjeð sjer það fært. Þetta sýnir, að jeg hefi haft rjett fyrir mjer þá. Jeg hefi reynt að breyta sem rjettlátast í þessu máli sem öðrum, til þess að árangurinn verði sem bestur fyrir málefnið og þjóðina í heild.

ATKVGR.

Brtt. 604 feld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, BK, HSteins, IHB.

nei: IP, JBald, JJ, JKr, PH, EÁ, EF, GÓ.

JóhJóh greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MK) fjarstaddur.
Brtt. 585,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 585,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 585,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 585,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 592 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., 28. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 608).

Á 60. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 15:2 atkv.

Á 67. og 68. fundi í Nd., 10. og 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 12 apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 608, n. 658, 685).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur meiri hl. allshn. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Jeg er ekki viss um, að sú hefði orðið niðurstaðan, ef málið hefði verið fyrr á ferðinni, því að það er ekki hægt að neita því, að sum ákvæðin eru þannig úr garði gerð, að nokkur efi getur verið á því, hvernig þau eigi að skilja. En meiri hl. nefndarinnar vildi ekki láta málið daga uppi og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og kunnugt er, er örðugt að halda uppi tryggilegri gæslu gagnvart þessum lögum. Þetta frv. er útbúið af þeim mönnum, sem hafa sjerstakan áhuga í þessu efni, og jeg veit ekki betur en að í það sjeu tekin upp öll þau ákvæði, sem þeir óska og samrýmst geta Spánarsamningunum, því að við þeim er vitaskuld ekki hægt að hrófla. Jeg hygg, að svo sje alment álitið, að það sje ekki hægt.

Þó hafa ekki allir nefndarmenn getað orðið sammála. Hv. sessunautur minn (HK) hefir klofnað frá; jeg hygg af því, að honum þykja refsingarnar of háar. Jeg skal taka það fram, að jeg get ekki neitað því, að þær eru allháar, alt að tveggja ára betrunarhúsvinnu. En brot gegn þessum lögum geta oft verið mjög illkynjuð, og jeg er ekki á móti því að setja ströng ákvæði, til þess að fá reynslu fyrir því, hvernig það verkar. Það má auðvitað segja, að þetta hafi verið reynt áður, t. d. með Stóradómi, en þau ákvæði eru orðin svo gömul, að ekkert er hægt að sanna með þeim lengur. Jeg tel því rjett að reyna þessa aðferð, ekki síst þar sem við vorum neyddir til þess, vegna hagsmuna annars atvinnuvegar okkar, að gera ráðstafanir, sem valda því, að erfitt er að halda uppi tryggilegri gæslu þessara laga.

Það er ein tegund áfengisbrotanna, sem jeg er hræddur við, og það er heimabruggunin. Jeg veit, að hún er farin að teygja sína óheillaanga víða, og óttast, að hún fari í vöxt. Það er

æskilegt, að reynt verði að finna ráð til að hefta útbreiðslu hennar, því auk þess sem hún gerir skaða sem venjulegt áfengi, eru þessir drykkir oft skaðlegir heilsu manna og jafnvel eitraðir. Það þarf að koma mönnum í skilning um, að það er alls ekki hættulaust að fást við þessa innlendu framleiðslu.

Af því að þessi fundur er orðinn alllangur, hirði jeg ekki að drepa á þau atriði, sem meiri hl. hefði breytt, ef nægur tími hefði verið til, enda eru þær breytingar þannig vaxnar, að þær snerta ekki aðalatriði frv. Og þess vegna sá nefndin sjer fært að leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt.

Einar Jónsson:* Það lætur nærri, að jeg vildi óska, að hæstv. forseti tæki það, sem jeg ætla að segja, jafnt utan sem innan dagskrár — mjer blöskrar svo, að þingfundir skuli haldnir kvöld eftir kvöld. Jeg veit, að það er komið að þingslitum, en jeg hefi aldrei þekt slík vinnubrögð: Það er vakað nótt eftir nótt og mönnum haldið dauðþreyttum yfir nauðaómerkilegum málum. Það er dómur okkar þm. og þjóðarinnar, að þetta þing sje eitthvert hið ljelegasta þing, sem haldið hefir verið, enda ekki að undra, þar sem stj. var valin úr þeim flokki, sem ýmsir gátu ekki fundið nógu marga rjetta í valið innan. Reynslan hefir líka sýnt, að stj. er ófær. Það nær ekki nokkurri átt að halda mönnum yfir „rövli“ kvöld eftir kvöld, þó að komið sje að þingslitum og búið að hrúga mýmörgum einskisverðum málum inn í þingið. Eitt þessara ómerkilegu mála álít jeg, að hjer sje nú á dagskrá. Jeg ætla að lýsa yfir því, að jeg verð ekki viðstaddur fram yfir þinglokin, ef svona á að vaka kvöld eftir kvöld. Jeg fer heim að sofa. Jeg er vanur að ráða mjer sjálfur. Jeg verð ekki með ykkur lengur. Verið þið sælir!

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg vil gera nokkra frekari grein fyrir afstöðu minni en gert er í nál. á þskj. 685. Það er enganveginn tilgangur minn að gera lítið úr hugsun og starfi þeirra manna, sem vinna af einlægni og áhuga fyrir bannmálið. En það á við um þetta mál eins og mörg önnur, að skamt er öfganna á milli.

Það er einkennilegt, að þótt meiri hl. nefndarinnar leggi til, að frv. verði samþ., álítur hann engu að síður — það er mjer óhætt að fullyrða — að ekki verði synt fyrir öll sker og boða í þessu efni. Og jeg er þess sannfærður, að þessi mikli lagabálkur, þó að fyrirferðarmikill sje, verður á meðal hinna mörgu tilgangslausu laga, sem sett hafa verið með þessari þjóð.

Jeg hefi bent á það í nál. mínu, að mörg refsiákvæði frv. eru þannig úr garði gerð, að ekki er frambærilegt. Til þess að fara nákvæmlega út í það þyrfti að drepa á hverja grein, því að það eru ekki aðeins sjerstök ákvæði um sektir og fangelsi fyrir frv. í heild, heldur nærri því eins og greinarnar eru margar. Þó vil jeg benda á nokkur atriði. Það þarf meira en meðalmannstrú til að trúa því, að ölvaður maður, sem engan óskunda gerir, verði

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

leiddur fyrir dómara til þess að gera grein fyrir því, hvar hann hafi keypt það áfengi, sem hann hefir drukkið, þar sem hjer er fullkomlega lögleg áfengissala. Eða hver vill trúa því, að ákvæði 24. gr. frv. komi að haldi? Þar segir svo:

„Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram".

Og enn stendur þar:

„Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara".

Trúa menn því í raun og veru, að þetta verði haldið? Svona má rekja allflestar gr. frv. og sýna fram á, að þetta er til einskis gagns. (**MG:** Þetta er í gildandi lögum). Veit jeg það. En til hvers er að vera að setja þetta inn í þennan lagabálk til einskis? Er ekki nóg að hafa það þar? (**MG:** Þessu er komið hjer í eina heild). Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf. er svo víðsýnn og ærlegur maður, að hann hefir enga trú á þessum lögum.

Jeg verð að líta svo á, að það sje mjög bagalegt, að búið er að nema dauðarefsingu úr gildi. Hún hefði dugað best. (**HjV:** Þeir koma þá að minsta kosti ekki aftur). Nei, það er áreiðanlegt. Og hver heldur, að hægt verði að framfylgja ákvæðum 42. gr.?

Jeg finn ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál. Það væri bara til að tefja tímann, því að þótt hv. þm. hafi enga trú á þessum lögum, ætla þeir að samþ. þau samt. Jeg vildi aðeins sýna það með þessum fáu orðum, auk þess sem það er tekið fram í nál. mínu, að jeg vil engan þátt í því eiga að samþ. þessi lög, sem jeg veit, að eru mjög svo meingölluð í velflestum meginatriðum.

Bindindismálið verður ekki til lykta leitt með harðri refsilöggjöf. Komandi kynslóð verður að læra að bera þá virðingu fyrir sjálfri sjer, að hún telji sjer ósæmandi að neyta víns úr hófi. En jeg tel það ekki úr hófi fram, þó að menn neyti dálítils víns við einstök tækifæri, og það á fullkomlega löglegan hátt. (**JAJ:** Hæstv. dómsmrh. getur sett reglurnar). Já, hann getur það og hefir líka leitast við að gefa slíkar fyrirskipanir.

Jeg held, að þetta frv. geri það að verkum, að bindindisstarfsemi minki og þeir verði því fyrir vonbrigðum, sem að því standa. Jeg skil ekki í bindindissinnuðum mönnum, að þeir skuli varpa allri áhyggju upp á löggjöfina í þessu efni og búast við, að hún bæti það mikla böl, sem af ofnautn áfengis leiðir og mjer dettur ekki í hug að mæla bót. Umbætur í þessu máli felast ekki í öfgafullri löggjöf, sem sumpart er óframkvæmanleg og sumpart á móti rjettarmeðvitund almennings. Umbætur, sem byggjast á siðferðislegum þroska manna, verða aldrei framkvæmdar með öfgafullri refsilöggjöf.

Jeg skal enda á því, sem jeg tók fram í upphafi, að jeg ætla mjer ekki að fara að vekja deilur. Jeg mun láta málið hlutlaust hjer eftir; jeg hefi einungis bent til þess, af hverju jeg get ekki fylgt þessu frv. Jeg veit, að ef spár mínar rætast, þá muni það verða mörgum vonbrigði, en hitt finst mjer ekki óeðlilegt, að þeir verði nokkrir, sem samþykkja frv. og hafa

þó enga trú í hjarta sínu á því, að það komi að gagni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
27.—44. gr. samþ. með 19:1 atkv.
45. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
46.—49. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 608).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, MG, MJ, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB.

nei: JAJ*, BSv.

EJ greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (BÁ, HK, JJós, JÓl, LH, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

---

* Með svofeldri greinargerð: Jeg tel, að hin ströngu sektarákvæði frv. verði til þess að draga úr framkvæmd laganna, þar sem vegna þeirra verður síður kært yfir brotum, og get jeg því ekki greitt frv. atkv. mitt og segi nei.

63. Samstjórn tryggingastofnana landsins.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins (þmfrv., A. 296).

Á 33. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Árnason): Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að Brunabótafjelag Íslands, Samábyrgðin og Slysatryggingin verði sameinuð undir eina stjórn og starfrækslan fari fram eins og þetta væri ein stofnun; þó þannig, að hver deild hafi sinn sjerstaka fjárhag. Með þessu er ætlað að vinna tvent. Í fyrsta lagi, að alt eftirlit um umsjón verði betra, og í öðru lagi, að reksturinn verði til muna ódýrari. Að því leyti er þetta sparnaðarmál.

Nú mætti segja, að ástæða væri til að setja fleira undir þessa sameiginlegu stjórn, svo sem vátrygging sveitabæja og væntanlegar búfjártryggingar. Ef það sýnist rjett, er auðvelt að koma því inn í frv. undir meðferð þess í þinginu.

Þá skal á það bent, að oft hafa komið fram raddir um það að stofna til almennra ellitrygginga; er ekki ólíklegt, að að því reki, að framkvæmd verði á því áður en langt líður. Virðist þá sjálfsagt, að sú stofnun hverfi undir þetta skipulag, sem hjer er ráðgert. Í greinargerð frv. er skýrt nokk-

uð frá rekstrarkostnaði þessara þriggja stofnana, sem frv. ræðir um, og kemur þar í ljós, að hann nemur c. 80 þús. krónum. Þetta er að mínu áliti óþörf eyðsla og mætti spara þarna talsvert fje með sameiningunni. Jeg get að vísu ekki fullyrt, hvað mikið sparað ist, en ekki þætti mjer ólíklegt, að það yrðu 30—40 þús. kr.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um svo einfalt mál og vona, að deildin taki því vel og leyfi því að ganga til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 577 og 583).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Þó að fjhn. hafi klofnað í þessu máli, þá var það ekki af því, að það væri svo mikill ágreiningur á milli nefndarhlutanna um aðalatriði frv.

Jeg gat ekki orðið annars var í fjhn. heldur en að nefndin væri í raun inni öll sammála um það, að rjett væri stefnt með frv. Hinsvegar liggur ágreiningurinn, að jeg hygg, aðeins í einu atriði, og það er það, hvort þetta frv. á að koma til framkvæmda nú þegar eða lögin eigi að bíða ónotuð í fleiri eða færri ár. Í þessu, og þessu einu, er ágreiningurinn fólginn.

Það er gefið í skyn í nál. hv. minni hl., að meiri hl. hafi ekki viljað fallast á sumar þær brtt., sem minni hl. nefndarinnar flytur við frv. Þetta er ekki allskostar rjett, og skal jeg þá víkja að þeim tveimur liðum í fyrri brtt. hv. minni hl., þar sem í fyrri liðnum er gerð tillaga um að setja inn ákvæði um, að forstjórinn skuli hafa fullkomna sjerþekkingu á tryggingamálum. Á það atriði var minst í nefndinni, og jeg varð ekki var við, að það væri eiginlega neinn ágreiningur um það, og ef ekkert hefði verið annað til fyrirstöðu um það, að nefndin hefði getað staðið saman, þá hefði þetta sjálfsagt ekki orðið að ágreiningi.

Hitt atriðið er það, að hækka laun forstjórans úr 5000 kr. upp í 6000 kr. Það var líka talað um það í nefndinni, og jeg sem flm. frv. tók það fram, að jeg bindi mig alls ekki við það, sem í frv. væri, jeg hefði sett launin af handahófi, en aðeins ekki viljað fara of hátt, og jeg get líka sagt það nú, að jeg get einnig vel fallist á þessa brtt. hv. minni hl., og vitanlega hefi jeg ekkert á móti því heldur, að sá maður, sem skipaður er forstjóri, hafi fullkomna sjerþekkingu á tryggingamálum, svo framarlega sem við höfum völ á slíkum manni. Það er því, eins og jeg tók fram, eitt atriði, sem skilur nefndarhlutana, og það er hvenær lögin skuli koma til framkvæmda. Meiri hl. getur ekki fallist á annað en að farið verði strax að framkvæma þessi lög, en jeg skal ekki fara langt út í það atriði málsins, því að það er í sjálfu sjer svo einfalt. Jeg sje heldur ekki ástæðu til að ræða frv. eða einstakar greinar þess; jeg læt mjer nægja að vísa til þess, sem stendur í greinargerðinni við frv., og þess, sem jeg sagði við 1. umr., og því get jeg vel látið mjer nægja það, sem jeg hefi þegar sagt, og látið atkvgr. skera úr um málið.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, er það ekki svo ákaflega mikið, sem meiri og minni hl. greinir á í þessu máli, og mjer skilst nú, sem hv. frsm. vildi jafnvel gera minna úr því heldur en kemur fram í þingskjölunum.

Mjer skilst, að hv. þm. telji sig samþykkan fyrri brtt. minni hl. á þskj. 583, en það er þó rjett, sem stendur í nál. minni hl. á sama þskj., að hv. meiri hl. vildi ekki fallast á að bera fram brtt. um þetta.

Við í minni hl. álítum í sjálfu sjer eðlilegt að stíga það spor, þegar hentugleikar leyfa, að sameina þessar opinberu stofnanir undir eina stjórn, og þá fyrst og fremst undir einn forstjóra, þótt ekki sje farið lengra í þessu frv., en það gæti líka verið álitamál, hvort ekki væri rjett að gera nokkru víðtækari sameiningu á stjórn þeirra, þannig að það þyrfti ekki að vera sjerstakur gæslustjóri eða meðstjórn fyrir þessar stofnanir hverja út af fyrir sig, eins og verður eftir frv., heldur ein sameiginleg stjórn. Við höfum samt ekki viljað bera fram brtt. um þetta, af því að við gerum ráð fyrir, að það geti ef til vill farið eins vel að gera þetta smátt og smátt. En það, sem fyrir okkur vakir, þegar þetta spor er stigið, er, að það verði gert á þann hátt, að þetta geti orðið til frambúðar og gagnsemi fyrir þennan þátt í starfsemi hins opinbera, og það hyggjum við, að ekki geti orðið nema það verði beinlínis ákveðið, að forstöðumaðurinn hafi fullkomna sjerþekkingu á tryggingarmálum. Við gerum ráð fyrir, að aðalástæðan fyrir þessari samvinnu sje sú, að geta átt völ á nægilega hæfum manni til þess að vera ráðunautur stjórnarinnar, er hafi sjerfræðilega forgöngu um breytingar og aukningu þeirrar löggjafar og þeirrar starfsemi, sem að eðlilegum hætti þætti hentug í slíku starfi. Það er eingöngu með tilliti til þeirrar sjerþekkingar, sem við álítum, að hægt verði að sameina allar þessar stofnanir undir eina stjórn. Við höfum ekki sjeð okkur fært annað en að gera brtt. um nokkra launahækkun frá því, sem í frv. stendur; sú launaupphæð, 4000 kr., myndi samsvara því nokkurnveginn, sem hægt væri að fá mann með venjulegri skrifstofu- eða verslunarmentun fyrir, en ef á að fá hæfan sjerfræðing, hygg jeg, að hann fengist ekki fyrir lægri laun en það, sem við stingum upp á, sem eru sömu laun og ýmsum öðrum sjerfróðum forstjórum í þjónustu ríkisins eru greidd.

Þá varð ágreiningur um það, hvenær lögin eiga að koma til framkvæmda. Í frv. er það orðað þannig, að þetta á að koma til framkvæmda strax að því er snertir Brunabótafjelag Íslands og Slysatrygginguna, þar sem enginn forstjóri er, heldur aðeins briggja manna stjórn, og einn af þeim formaður, en að því er snertir Samábyrgðina, þá á það ekki að koma til framkvæmda fyr en sú staða losnar. Þetta sýnist okkur líta dálítið undarlega út, vegna þess að svo stendur á, að ungur maður hefir verið skipaður forstjóri Brunabótafjelagsins, en sá maður, sem hefir forstöðu Slysatryggingarinnar, er 74 ára að aldri, og á því, að öllu sjálfráðu, ekki langan starfsaldur eftir. Okkur sýnist þess vegna, þótt náttúrlega verði ekkert um það vitað, að það hefði verið alt eins eðlilegt og sennilegt, að það

myndi bráðum koma til þess, að það losnaði forstjórastaðan við Samábyrgðina, vegna aldurs núverandi forstjóra, og þá þætti okkur eðlilegt, að svona breyting kæmi til framkvæmda, þegar sú staða losnar, eða þegar hin staðan losnar, ef það verður fyr, sem náttúrlega getur orðið, þótt mikill sje aldursmunur manna. Eins og þetta er núna í frv., þá lítur það nánast svo út, sem þessi lagasetning sje gerð til þess að losna við núverandi forstöðumann Brunabótafjelagsins, án þess að stjórnin þurfi að taka það upp á sig að skifta þar um forstöðumann. Við í minni hl. álítum ekki, að ástæða sje til þess að vera að gera með svona frv. neina tækifærislöggjöf, miðaða við það eitt að hafa mannaskifti í opinberum stöðum. Okkur sýnist málið eiga að ganga fram á þeim grundvelli, sem við höfum lýst og álítum eðlilegan, en það verður þegar önnurhvor forstjórastaðan losnar. Eftir venjulegum reglum myndi það þykja rjett, þegar svona breyting er gerð, að sá eða þeir forstjórar, sem láta af starfi vegna breytingarinnar, fengju einhverja uppbót fyrir atvinnumissi, í einhverju formi. Um embættismenn er svo ákveðið í slíkum tilfellum, að þeir fá fyrst biðlaun, en síðan eftirlaun. Þessar stöður við Brunabótafjelagið og Samábyrgðina eru nú ekki þann veg skipaðar, að minni hl. hyggi, að þeir forstjórar, sem þar eru, geti gert nokkra slíka kröfu, þótt þeirra stöður leggist niður vegna breytinga á löggjöfinni, og við höfum ekki í sambandi við okkar brtt. komið fram með neina uppástungu um það, hvernig fara skuli um þá forstjóra, sem verða að láta af stöðu, ef til kemur, m. a. af því, að eftir okkar tillögum er ekki gott að sjá fyrir, hvernig það verður eða hvor þessara tveggja forstjóra það yrði, sem þyrfti að víkja fyrir öðrum manni. Við treystum landsstjórninni til þess, ef til kemur, að sýna sanngirni í þessu og sjá svo til, ef forstjóri þarf að láta af sínu starfi vegna þessarar lagabreytingar, að þá verði honum sýnd samskonar eða svipuð sanngirni eins og hið opinbera sýnir starfsmönnum sínum, þegar verður að víkja þeim frá starfi fyrir það, að staða hefir verið lögð niður eða breyting gerð á embættum eða stöðum, sem hefir þetta í för með sjer.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Eftir því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagðist, þá hefir meiri og minni hl. nefndarinnar aðallega borið það á milli, að minni hl. vill ekki, að frv. nái strax til Brunabótafjelagsins, en frv. gerir sjálft ráð fyrir því. Hv. meiri hl. hallast að því, að það nái bæði til Brunabótafjelags Íslands og Samábyrgðarinnar, en gildi ekki um hana fyr en við næstu forstjóraskifti. Lít jeg svo á, að þetta ákvæði sje sett vegna manns þess, sem unnið hefir við Samábyrgðina frá því fyrst að hún var stofnuð, og lengst fyrir lág laun. Hann hefir ávalt unnið ákaflega vel, en eins og tekið hefir verið fram áður, má náttúrlega búast við því, að hans njóti ekki mjög lengi við hjer eftir, svo að jeg skil þetta fyrirkomulag svo, sem hjer sjeu ákveðin einskonar heiðurslaun handa honum fyrir það, hve vel hann hefir staðið í sinni stöðu.

Um Slysatryggingunа er ekki hægt að segja neitt að svo stöddu. Það er ung stofnun, en hefir þó, að því er

sjest á því skjali, sem hjer með fylgir, orðið mjög dýr í rekstri. En nú hagar svo til, að við hana vinna í hjáverkum margir vel launaðir menn, sem hafa aukakaup fyrir starf sitt þar, og gæti það sennilega að mestu fallið niður með skipulagsbreytingu þeirri, sem hjer er farið fram á.

Þá er Brunabótafjelagið stofnað árið 1915, og því orðið nokkuð gamalt; en það er ekki hægt að segja, að starfræksla þess hafi farið jafnvel úr hendi eins og við Samábyrgðina, að minsta kosti. Hin síðari árin sýnist hafa verið frekar ljeleg stjórn á þessari stofnun, og jafnvel ekki hvað síst eftir að fyrverandi stjórn hafði skipað þar nýjan mann, og jeg býst ekki við, að það hafi breytst til batnaðar við það, að forstjórinn hefir nú tekið að sjer fyrir flokk sinn starf, sem annars er talið fullkomið eins manns verk.

Jeg ætla nú ekki að fara langt út í þetta mál. En mjer finst það vera oftraust á sjálfum sjer af hálfu þessa manns, sem ekki sýnist hafa náð alveg út yfir stjórn Brunabótafjelagsins, að hann skuli nú hafa tekið að sjer annað umfangsmikið starf, án þess, að því er jeg hygg, að hafa talað um það við húsbónda sinn, atvinnumálaráðherrann, og þaðan af síður beðið um leyfi til að mega bæta þessu á sig.

Frv. gerir ráð fyrir að sameina undir einni stjórn þrjár tryggingarstofnanir, og jeg býst eins vel við, að fleirum verði bætt við. Er þá auðvitað mikið undir því komið, að stjórn þeirra sje falin reglusömum og heiðarlegum manni. Það er sama, hvaða stofnun það er, sem annaðhvort drykkjumaður stjórnar eða menn vinna við, sem tímum saman eru viti sínu fjær af ölæði, því að þá er og verður stjórnin altaf ljeleg. Það kemur ótrú á fyrirtækið, og þá verður það engum til farsældar. Jeg vonast eftir, að einmitt ef þetta frv. nær fram að ganga, verði það til þess, að ein mikilsverð tryggingarstarfsemi verði upp tekin, nefnilega ellitrygging. Jeg fer ekki út í hana hjer, en hún er samt eitthvert hið stærsta mál þjóðarinnar. Hlutverk slíkra trygginga er ekki aðeins að leysa úr vanda ellinnar fyrir allan þorra manna, heldur líka að skapa í landinu fje til nauðsynlegra framkvæmda, án þess að leita til útlanda. Það er vitanlega óhugsandi, að nokkrar framfarir í Brunabótafjelagi Íslands hafi getað átt sjer stað með þeirri stjórn, sem á því hefir verið síðan Sveinn Björnsson, núverandi sendiherra, ljet af stjórn þess, því að hún hefir, vægast sagt, verið höfð í hjáverkum. Þangað er því ekkert að sækja, sem megi verða þjóðinni fyrirmynd í tryggingarstarfsemi. Er með öllu óþolandi, að slíkar stofnanir sjeu svo reknar, að ekkert gott sje hægt að læra af reynslu þeirra. Þess vegna miðar það frv., sem hjer liggur fyrir, að því að koma heilbrigðu skipulagi á tryggingarmálin, sterku og ódýru, svo að sá vísir til tryggingarstarfsemi, sem hjer er nú, geti smátt og smátt hlaðið utan á sig.

Umhyggja hv. 3. landsk. fyrir þeim mönnum, sem af einhverjum ástæðum er sagt upp starfi í þjónustu ríkisins, er mjög athugaverð. Starfsmenn ríkisins verða auðvitað að vera háðir sömu lögum og starfsmenn annara stofnana, og þar er það heiður þeirra, dugnaður, trúmenska og rjettlæti, sem ákveður það, hvernig þeim vegnar,

Það er óverjandi hugsunarháttur hjá leiðtogum þjóðarinnar og trúnaðarmönnum, að þjóðfjelagið sje mjólkurkýr fyrir þá menn, sem um eitt skeið hafa verið valdir til að starfa fyrir það. Fái sá hugsunarháttur að ráða, myndast latur og sljór embættislýður, oft drykkfeldur og alt of fjölmennur. Menn vita þá, að hvernig sem þeir haga sjer, er landssjóðsjatan samt altaf opin og ekki hægt að losna við þá, þó að nauðsyn beri til. Þjóðfjelagið á að sjálfsögðu á hverjum tíma að velja sína hæfustu menn til opinberra starfa.

Jeg kem þá að brtt. hv. minni hl. Jeg álít, að fyrsta brtt. sje í sjálfu sjer ekki óskynsamleg, en aðeins óþörf, af því að hver stjórn velur í þessa stöðu með það fyrir augum að hafa sem færastan mann. Jeg þykist vita það, að þegar fyrverandi forsrh. (JÞ) valdi síðast í eina slíka stöðu, þá hafi hann þótst sannfærður um að velja mjög góðan mann, vegna þess að þá sótti maður á móti, sem hafði bestu meðmæli og var aðstoðarmaður við hæstarjett og hefir síðan unnið talsvert afreksverk í vísindalegum efnum. En þessi maður fjekk ekki starfið, og það hlýtur að vera af því, að viðkomandi ráðherra hafi haldið, að sá maður, sem hann valdi, þótt ekki hefði sjerþekkingu, væri best fallinn til þess. Án tillits til þessarar veitingar get jeg vel fallist á, að fyrv. stjórn hafi haft rjett fyrir sjer að því leyti, að rjett geti verið og sjálfsagt að veita slíka stöðu manni, sem hefir almenna tiltrú og dugnað og menningu til að gegna starfinu, þótt eigi hafi hann próf. En þar sem fyrv. stjórn veitti ekki embættið eftir hinum ytri skilyrðum, þ. e. viðurkendri sjerþekkingu, virðist mjer koma fram nokkurt vantraust á núv. stjórn, ef brtt. er samþ. Með því væri eiginlega gefið í skyn, að hún mundi velja ver, ef til mannaskifta kæmi, en fyrirrennari hennar. Og jeg sje eiginlega ekki ástæðu til þess fyrir hv. flm. (JÞ) að fylgja þessari brtt. fast fram, því að með samþykt hennar væri brotin regla sú, sem fyrv. stjórn fylgdi. M. a. mundi hún útiloka þann mann, sem nú gegnir forstjórastöðunni í Brunabótafjelaginu, en það væri ástæðulaust, ef hann hefði skilyrði að öðru leyti.

Um launahækkunina verð jeg að segja það, að mjer finst hún ekki æskileg, sjerstaklega þegar á það er litið, að á næstu missirum verður ef til vill farið að athuga launamál landsins, og þá ætti hver maður, sem kunnugt er um það, að geta beðið svo sem 1—2 ár eftir því, að laun hans verði ákveðin í sambandi við laun annara starfsmanna ríkisins. Jeg mun því greiða atkv. á móti þessari brtt.

Um 2. brtt. hv. minni hl. er það að segja, sem jeg tók fram áðan í öðru sambandi, að í almennum málum á ekki að líta á hag einstaklingsins, heldur heildarinnar. Þótt einhver maður hafi unnið við einhverja stofnun, og jafnvel þótt hann hafi unnið vel, þá nær ekki neinni átt að draga nauðsynlega skipulagsbreytingu á henni — ef til vill heilan mannsaldur — hans vegna.

Nú vil jeg spyrja hv. 3. landsk., hvort honum detti í hug að halda því fram í alvöru, að vel sje ráðið fram úr þessum málum með því að samþykkja brtt. hv. minni hl. Eftir þeim

getur maður búist við því, að frv. geti komið til framkvæmda, þegar forstjórastaðan við Samábyrgðina losnar, sem sennilega verður eftir fáein ár. Ennfremur segir hv. þm., að sá maður, sem hann rjeð að Brunabótafjelaginu, sje ungur maður, og má þá búast við, að hann eigi langt líf fyrir höndum. Mundi hann þá, ef brtt. yrði samþykt, verða sjálfskipaður til forstöðunnar.

En er það þá skoðun hv. þm., að Brunabótafjelagið sje nú í svo góðs manns höndum, að þjóðin geti örugg trúað honum fyrir öllum sínum tryggingarstofnunum? Ef fyrv. stjórn hefir ekki tekist að útvega mann með næga sjerþekkingu í þessum efnum, þá er heldur ekki rjett að binda framkvæmdarstjórastöðuna í hinni væntanlegu samsteypu við núverandi forstjóra Brunabótafjelagsins, nema því aðeins, að hægt sje að sanna, að hann sje besti maðurinn, sem völ er á til slíks. Jeg legg því til, að feldar sjeu brtt. á þskj. 583, því þær spilla allar að miklum mun þeirri viðleitni, sem fram kemur í frv.

Frsm. minni h. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. misskildi að sumu leyti till. okkar, þær er hann var að andmæla. En hann misskildi ekki frv. sjálft, því það kom greinilega fram í ræðu hans, að tilgangur þess er sá, að skifta um forstjóra hjá Brunabótafjelagi Íslands, því ráðherrann ljet í ljós, að hann væri óánægður með núverandi forstjóra þess. Skal jeg ekki fara mikið út í það, því jeg veit ekki, af hverju sú óánægja ætti að stafa. En jeg hefi hinsvegar heyrt, að núverandi forstjóra hafi tekist að komast fyrir óheppilega atburði, er gerðust á skrifstofu þessa fjelags og byrjað höfðu áður en núverandi forstjóri tók þar við stjórn. Fyndist mjer, að það mætti frekar teljast honum til gildis heldur en hitt.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að þessi staða hefði altaf verið höfð að aukastarfi síðan núverandi sendiherra, Sveinn Björnsson, ljet af þessu starfi. En þetta er villandi, því allir vita, að Sveinn Björnsson sendiherra hafði þetta líka að aukastarfi, og það í miklu frekari mæli en núverandi forstjóri. Enda er þetta starf svo lítið launað, að sá, sem hefir það með höndum, þarf að gefa sig að einhverju öðru til þess að geta lifað, og er því ekki að vænta þess, að þetta verði öðruvísi meðan launin eru ekki hærri. Hæstv. dómsmrh. er það augsýnilega mikill ásteytingarsteinn, að þessi maður hefir tekið að sjer ritstjórn eins vikublaðs án þess að spyrja hæstv. stjórn um leyfi, og telur það eitt nægilegt starf fyrir þennan mann. En það er nú heldur lítið starf að stjórna einu vikublaði, og ef um annað starf væri að ræða jafnmikið, er yfirboðurum þessa manns væri ekki eins ógeðfelt, þá mundi enginn hnevkslast á því. En það vill nú svo til, að þetta blað er heldur ónotalegt við núverandi stjórn. **(Dómsmrh. JJ:** Nei, nei). Og svo er þessi löggjöf sett til þess, að ekki líti svo út, sem stjórnin setji starfsmenn frá embættum vegna þeirra pólitísku skoðana, sem látnar eru í ljós í blaði andstöðuflokks stjórnarinnar. Og vel get jeg skilið, að hæstv. ráðh. muni ekki búa honum dúnsæng, þó hann fari frá. En um-

mæli minni hl. nefndarinnar áttu ekki aðeins við þennan mann, því það getur vel komið fyrir, að forstjóri Samábyrgðarinnar láti líka af starfa sínum í lifanda lífi. Býst jeg við, að öllum þyki ósanngjarnt, ef forstjóri Samábyrgðarinnar væri látinn fara úr stöðu sinni, að hann njóti ekki sama lífeyris og aðrir ámóta opinberir starfsmenn ríkisins, þar sem hann hefir gegnt starfi sínu með trúmensku og dugnaði um langan aldur. Og ummæli mín lutu ekki síður að honum en forstjóra Brunabótafjelags Íslands.

Hæstv. ráðh. vjek þá nokkuð að till. okkar um það að skipa mann með sjerþekkingu í tryggingafræði í þessa stöðu, og virtist hún vera honum þyrnir í auga. Byrjaði hann með því að segja, að hann hefði ekkert á móti því, en endaði svo á því, að hann kvaðst mundu greiða atkv. á móti till. (**Dómsmrh. JJ:** Já, á móti þeim öllum). Það er honum líkast. Svo spurði hann, hvort forstjóri Brunabótafjelags Íslands hefði haft sjerþekkingu til að bera, er fyrv. stjórn skipaði hann í þetta embætti: Jeg skal geta þess honum til upplýsingar, að tryggingafræði allri hefir fleygt mjög áfram nú upp á síðkastið. Er fræðigrein þessi nú kend við flesta háskóla og þar haldið próf í þeim fræðum. Og það, sem við eigum við í till. okkar, nær fyrst og fremst til þeirra, er hafa lokið háskólaprófi. Þegar núverandi forstjóri Brunabótafjelags Íslands var skipaður, var enginn Íslendingur til, er lokið hafði slíku prófi, og því ekki völ á neinum sjerfræðingi. Jeg ætla heldur ekki að halda því fram, að núverandi forstjóri hafi fullnægt öllum þeim skilyrðum, er krafist verður af manni með sjerþekkingu í þessum efnum. En sá maður, er sumir telja, að gengið hafi verið framhjá við þá veitingu, hafði ekki heldur neina sjerþekkingu til að bera. Nú er aftur á móti svo komið, að völ er á mönnum með sjerþekkingu í þessum efnum. T. d. höfum við núna einn sjerstaklega efnilegan mann, sem hefir háskólapróf í þessum fræðum. Og ef það dræg-ist nú um fáein ár, að þessi lög kæmu til framkvæmda, þá má ætla, að svo mikið verði orðið af sjerfræðingum í þessari grein, að engin hætta verði á því, að það valdi vankvæðum. En ef þau eiga að ganga í gildi 1. október næstk., þá er hætt við því, að erfitt verði að fá nokkurn sjerfræðing, sjerstaklega ef launakjör frv. eiga að standa óbreytt. Því þeir, er hafa sjerþekkingu í þessum efnum, búa við betri kjör en þetta frv. ætlar forstjóranum.

Það var misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., að við minni hl. ætluðumst til þess, ef velja ætti milli forstjóra Samábyrgðarinnar og Brunabótafjelagsins, að valið væri þá einskorðað við hinn síðarnefnda. Það, sem við ætlumst til, er það, að tekinn verði maður með nægilegum lærdómi. Hinsvegar getur vel verið, að núverandi forstjóri hafi þegar, eða verði að minsta kosti búinn að afla sjer fullkominnar þekkingar á þessu, þegar lögin koma til framkvæmda. (**Dómsmrh. JJ:** Lærir hann það á blaðstjórninni?). Já, það gæti maður ætlað, að hann lærði eitthvað á henni, þegar hann hefir ekki lakari fyrirmynd að horfa á en sjálfur dómsmálaráðherrann var, meðan hann fjekst við blaðamensku. — sem hann fæst nú reyndar við ennþá. — Þegar lögin koma til

framkvæmdar að því er snertir forstjóra Samábyrgðarinnar, hefir stjórnin frjálsar hendur um það, hvern hún tekur. Jeg gerði þá frekar ráð fyrir, að hún mundi taka þann síðarnefnda, og við það miðuðust ummæli mín. Mjer finst sjálfsagt að gera forstj. Brunabótafjelagsins sömu skil og öðrum starfsmönnum, er verða að fara frá starfi sínu. Hafi núverandi stjórn eitthvað upp á núverandi forstjóra að klaga, en það virtist mjer hæstv. dómsmrh. gefa í skyn, þá standa henni allar leiðir opnar til þess að skifta um mann. Hún verður bara að svara til þess eftir á og skýra frá ástæðum. Og sje það af öðru en pólitískum ástæðum, að hún vill losa þetta embætti, þá á hún ekki að þurfa að fara þessa leið — hafa þessa málamyndabreytingu að yfirvarpi. Hafi stjórnin ástæðu til þess að vera óánægð með þennan mann, þá hefir hún rjett til þess að losa sig við hann, og á þá að gera það með einurð, en það er ekki nóg, að hún sje aðeins óánægð með stjórnmálaafstöðu hans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 583,1.a feld með 7:5 atkv.
— 583,1.b feld með 9:2 atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 583,2 feld* með 7:5 atkv.
6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GÓ): Fyrir vangá deildarskrifara hefir sú villa komist inn í fundargerð 59. fundar hjer í deildinni, í fyrradag, í atkvæðagreiðslu um mál það, sem hjer er fyrst á dagskrá, frv. til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins, að þar er *talin samþykt* 2. breytingartillaga á þskj. 583, um að 5. gr. frv. skuli orðuð svo sem þar segir, í stað þess, að *sú tillaga var feld*. Þó að fundarbókin hafi verið staðfest, þá er hjer vitanlega um villu að ræða, sem leiðrjetta verður í þingtíðindunum. Frv. var við 2. umr. samþykt óbreytt eins og það kom fram á þskj. 296. En nú hefir það verið prentað með breytingu þeirri, sem gerðabókin telur það hafa tekið við 2. umr., og er það þskj. 633 hjer á dagskránni. En tekið var eftir villunni áður en því skjali væri útbýtt, og verður nú annað mál látið hljóta það þingskjalsnúmer.

Frumvarpið liggur hjer fyrir til 3. umr. eins og það var flutt í upphafi á þskj. 296.

Á sama fundi var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv. og afgr. til Nd.

* Leiðrjett hjer, sbr. ræðu forseta á 61. fundi.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 296).

Á 63. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 732).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JörB, BSv.

nei: ÓTh, EJ, JS, MG.

Fimm þm. (SE, BSt, HjV, LH, MJ) fjarstaddir.

Magnús Guðmundsson: Það hefir enginn fundur verið haldinn í allshn. um þetta mál, en aftur á móti hefir verið farið þess á leit við mig, hvort jeg vildi skrifa undir nál. og samþykkja þetta frv. alveg óbreytt. Jeg hefi ekki getað orðið við þeirri ósk, vegna þess að gildandi lög frá 1915 um stofnun Brunabótafjelags Íslands kveða svo á, í 25. gr., að þegar fjelagið sje orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nemi meiru en 75 þús. kr., skuli stjórnarráðið semja frv. til laga um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sje fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda, og þegar fengnar sjeu umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skuli þetta frv. lagt fyrir Alþingi. Þetta er af því að Brunabótafjelag Íslands er hugsað sem gagnkvæmt fjelag vátryggjenda, og er það gert til þess að þeim, sem eiga vátrygðar húseignir, sje trygður rjettur til þess að hafa áhrif á stjórn fjelagsins. Þetta er rjettur, sem þessir vátryggjendur hafa, og jeg tel ekki rjett að ganga framhjá þessu ákvæði, því að það er bert, að það getur haft talsvert mikla þýðingu fyrir þá, sem vátrygt hafa í fjelaginu, að þeim gefist kostur á að hafa áhrif á stjórn fjelagsins. Jeg þarf ekki í þessu sambandi að nefna annað en rjettinn til að kveða á um upphæð iðgjaldanna, því að það er vitaskuld meginatriði í slíku fjelagi sem þessu, hver iðgjöldin eru, og það er ekki nema rjett, að þeir, sem tryggja, fái að eiga sinn hluta að málum þar, eins og ákveðið er í gildandi lögum. Þetta sagði jeg hv. frsm. meiri hl. (BSt) að væri mín ástæða, en það væri alls ekki svo, að jeg gæti ekki fallist á að hafa stjórn þessara fjelaga undir sama hatti, en hitt atriðið sýnist mjer vera svo veigamikið, að þingið eigi ekki að brigða gefið loforð við vátryggjendur, og mjer sýnist, að þeir hafi með þessu loforði öðlast rjett, sem ekki sje fært að ganga framhjá. Það er algeng tilhögun á fjelögum, að þau sjeu gagnkvæm, þannig að vátryggjendur sjeu í ábyrgð innbyrðis, og er því ekki nema rjett, að fjelagsmenn hafi sinn íhlutunar- og atkvæðisrjett um það, hvernig fjelögunum er stjórnað. En náttúrlega er það svo, að hugsað er þar um, að þeir, sem eiga vátrygðar eignir, geti komið fram sínum áhrifum um

ákvörðun iðgjaldanna. Jeg tel æskilegt, að þeir, sem eiga eignir sínar trygðar í fjelaginu, fái að láta uppi álit sitt. Vil jeg því skjóta því til hæstv. atvmrh., hvort hann vilji ekki undirbúa þetta mál fyrir næsta þing á grundvelli 25. gr. gildandi laga. Mín till. er því, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að mál þetta er borið fram í Ed. og frsm. nefndarinnar er ekki við, vil jeg fara nokkrum orðum um frv. Frv. þetta hefir verið borið fram sem sparnaðarfrv. og verið vel tekið. Eins og sjest á skýrslunni, sem fylgir frv., á þskj. 296, má búast við, að verulegan sparnað leiði af frv.

Árið 1926 var rekstrarkostnaður þeirra stofnana, er frv. ræðir um, Brunabótafjelagsins, Samábyrgðarinnar og Slysatryggingarinnar, sem hjer segir: Brunabótafjel. um 42 þús. kr., Samábyrgðin um 23 þús. kr. og Slysatryggingin um 14 þús. kr. Á bak við samsteypuhugmyndina liggur sú hugmynd, að einn forstjóri standi fyrir öllum stofnununum, og einnig að líklegt sje, að hægt verði að spara mannahald og húsnæði. Þetta er merkileg tilraun, því að á þennan hátt fæst reynsla um það, hvort slíkar samsteypur gefist betur en margar smáskrifstofur. Um þetta er ekki hægt að fullyrða fyrirfram, en líklegt er, að svo sje.

Hjer kemur og annað atriði til greina. Ef þetta kemst í framkvæmd, er hjer kominn vísir að öðru stærra. Nú eru tryggingarstofnanir landsins dreifðar og veikar, hver út af fyrir sig. Þannig vinna t. d. margir við Slysatrygginguna, að vísu ekki fyrir fult kaup, en enginn beitir sjer fyrir tryggingarmálum. Hjer hefir verið samþ. frv. um búfjártryggingar. Ennfremur er hjer á leiðinni þáltill. um ellitryggingar, — að fela stjórninni að láta rannsaka, hvernig þeim verður best fyrir komið. Hefir að vísu oft verið rætt um ellitryggingar áður, en ekkert verið aðhafst. Þó eru þær eitt hið merkasta framtíðarmál þjóðarinnar. Með þeim skapast sívaxandi höfuðstóll, er lána mætti til tryggrar starfsemi, svo sem bygginga og ræktunar. Jeg hygg einmitt, að með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, fengist góð aðstaða til að vinna að eflingu þessara tryggingamála og annara. Býst jeg við, að kostur verði á mönnum, sem lært hafa tryggingafræði. Einn hefir þegar lokið námi og annar bætist við næsta vor, og fær nú styrk í fjárlögunum. Þetta er því í senn sparnaðarfrv. og lyftistöng fyrir eflingu tryggingamála í landinu.

Mjer skilst, að hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Rang. álíti, að þetta frv. nái ekki nógu langt og ætti að taka víðar yfir. En eins og jeg hefi sagt áður, á þessi stofnun að verða vísir til annars meira. Tryggingarmálin eru í örum vexti hjer á landi. Þetta á að vera stofnun, sem bætir við sig nýjum og nýjum viðfangsefnum. Eins og nú standa sakir, flytja erlendu líftryggingarfjelögin mörg hundruð þúsund krónur út úr landinu á ári hverju. Það er blóðtaka, sem þarf að hindra, og það sem fyrst. Það getur ekki liðið á löngu áður en allsherjartryggingarstofnun verði komið á stofn hjer á landi.

Jeg tel rjett að samþykkja þetta

frv. óbreytt, því að verði svo gert, er áreiðanlegt, að meira verður gert til að koma tryggingarmálunum á rekspöl.

„Kritik" hv. 1. þm. Skagf. var í því fólgin, að gera þyrfti eðlisbreytingar á lögum Brunabótafjelagsins. Þetta frv. útilokar alls ekki, að svo verði gert, því að hjer er aðeins um breytingu á stjórnarháttum fjelagsins að ræða. Eftir forsendum hans hefði átt að breyta lögunum af því að fjelagið væri vaxið upp úr þeim stakk, er þau sníða því. En hv. þm. getur mæta vel fylgt frv. út frá þessum forsendum sínum. Með þessu frv. er tryggingarstofnununum, að Brunabótafjelaginu meðtöldu, sjeð fyrir því stjórnarfyrirkomulagi, sem veitir þeim best vaxtarskilyrði.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil aðeins leiðrjetta þann misskilning, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Skagf., að mál þetta hefði ekki verið tekið fyrir á nefndarfundi. Hann var ekki viðstaddur, er það var tekið fyrir, en hinsvegar við þrír, er stöndum undir nál.

Jeg vil aðeins stuttlega gera grein fyrir fyrirvara mínum. Þótt mjer finnist, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, að frv. gangi ekki nógu langt, tel jeg þó sjálfsagt, að það nái fram að ganga. Það liggur í augum uppi, að hagkvæmara er, að allar tryggingar sjeu undir sömu stjórn, bæði hvað snertir kostnað og rekstur þeirra mála.

Þá var fyrirvari minn einnig með tilliti til 25. gr. laganna frá 1915. En eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, mun vera hægt að taka tillit til þeirrar greinar síðar, og að mínu áliti er ekki nauðsynlegt, að breytingin fari fram strax. Vil jeg leggja til, að breytingin gangi í þá átt, sem 25. gr. gerir ráð fyrir, þar sem hin eldri lög eru ekki úr gildi numin, þótt þetta frv., sem aðeins fer fram á samsteypu, verði samþykt.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann sje mjer ekki sammála um, að frv. eigi einnig að ná til vátryggingar sveitabæja. Eftir frv. að dæma verð jeg að líta svo á, að það nái aðeins til þriggja stofnana, Brunabótafjelagsins, Slysatryggingarinnar og Samábyrgðarinnar, en þó ekki fyr en núverandi forstjóri hennar fellur frá. Þá er eina breytingin, sem frv. hefir í för með sjer fyrst um sinn, sú, að Slysatryggingin og Brunabótafjelagið komast undir eina og sömu stjórn.

Í núgildandi lögum Brunabótafjelagsins er svo mælt fyrir, að áður en lögum þess sje breytt, eigi að leita umsagnar þeirra, sem trygt hafa í fjelaginu.

Þær tillögur, sem fram eru bornar í frv., eru ekki í samræmi við ákvæði 25. greinar í lögum 1915, og því getur þetta frv. ekki orðið að lögum eins og það er. En ef stjórnin undirbyggi lög í samræmi við þá grein, ættu þau að geta komið til framkvæmda á næsta ári, í stað þess, að ætlast er til, að ákvæði frv. komi til framkvæmda í október í haust og þá falli niður forstjórastaðan í Brunabótafjelaginu. Það munar ekki nema hálfu ári eða þrem ársfjórðungum, þótt málinu sje frestað til næsta þings, og getur ekki talist, að of mikið sje gert vátryggjendum til hæfis, þótt beðið sje þennan tíma, til að brjóta ekki á þeim

gildandi lög. Jeg skal játa með hæstv. dómsmrh., að jeg tel hyggilegt að hafa allar tryggingarstofnanirnar undir einum hatti, en mjer finst ekki skifta máli, hvort sú breyting fer fram 6 eða 8 mánuðum fyr eða síðar, þegar um það er að ræða að rjúfa ekki loforð það, sem þingið hefir gefið vátryggjendum í gildandi lögum.

Annars verð jeg að láta þá skoðun í ljós, að jeg tel frv. þetta ekki vera nægilega ljóst um það, hvaða viðhorf skal taka gagnvart einstökum greinum tryggingarstarfseminnar hjer á landi. Frv. er allfljótvirknislega úr garði gert. Jeg er t. d. hræddur um, að maður, sem hafa ætti umsjón með tryggingarmálunum í heild, svo að vel færi, fengist ekki fyrir þau laun, er frv. býður upp á. Hjer er aðeins einn maður með prófi í þessum fræðum, og hann hefir þegar fengið stöðu með hærri launum og loforð fyrir hækkun. Jeg býst því varla við, að hann fengist, þótt jeg skuli ekki fortaka, að leitað hafi verið hófanna við hann.

Það er mikils um vert, að forstjórinn sje fróður í þessum greinum og starfinu vaxinn. Hann þarf að vera fær um að vinna að undirbúningi ýmsra trygginga og koma þeim upp. Það vita allir, hve mikið fjárhagsatriði það er að koma upp innlendum tryggingum. Mikið fje fer til útlanda á ári hverju vegna þess, að innlendar tryggingar vantar. Það er því engan veginn rjett að hrapa að þessu máli á neinn hátt.

En aðalröksemdin gegn því að samþykkja þetta frv. eins og það liggur nú fyrir liggur í 25. gr. laganna frá 1915, þar sem þingið hefir gefið vátryggjendum loforð, sem það má ekki rjúfa. Jeg held líka, að það sje rjett, sem jeg sagði áðan, að fullkomin ástæða sje til að endurskoða gjaldskrá Brunabótafjelagsins. Jeg held, að komið sje það efni til að vinna úr í þeirri reynslu, sem er fengin, að hægt sje nú að fá forsvaranlega niðurstöðu, og vona jeg, að hún verði lækkun á iðgjöldum fjelagsins. Er full von, að kaupstaðir þeir og kauptún, sem búa undir lögunum, vilji hafa hönd í bagga um slíka endurskoðun.

Sú eina breyting, sem frv. þetta hefir í för með sjer, ef það verður samþ. — uns forstjóri Samábyrgðarinnar fellur frá — er sú, að Slysatryggingin fer undir sömu yfirstjórn og Brunabótafjelagið. En hvort það verður heilu eða hálfu ári fyr eða síðar, skiftir ekki máli. Jeg vona því, að hæstv. dómsmrh. geti fallist á að fresta málinu til næsta þings.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer og hv. 1. þm. Skagf. ber í rauninni ekki mikið á milli. Hann telur samsteypuna eðlilega sparnaðarráðstöfun, en vill aðeins fresta henni um eitt ár. En honum, sem verið hefir í stjórn, ætti að vera kunnugt um, að stjórnin hefir jafnan nóg að gera og mörgu að sinna og getur því ekki ávalt rannsakað öll mál eins og æskilegt væri. Það er sameiginlegur erfiðleiki allra stjórna. Jeg held, að þetta mál fái meiri festu og meiri umbóta sje von þegar á næstunni, ef frv. þetta er samþ. nú þegar.

Hingað til hefir ríkisstjórnin ekki skift sjer af gangi tryggingarmálanna, heldur hefir hver stofnun gengið sínar eigin götur, og svo verður uns þeim málum öllum er beint í einn farveg. Það er gert með því að samþykkja

frv. og jafnframt sköpuð skilyrði til þess, að frumkvæða til umbóta megi vænta frá tryggingarstofnununum sjálfum.

Aðalmótbára hv. 1. þm. Skagf. var sú, að gera þyrfti meiri breytingar á Brunabótafjelaginu. Þetta frv. spillir ekki fyrir því. Það gerir allar framkvæmdir auðveldari og ódýrari.

Þær stjórnir, er setið hafa að völdum undanfarið, hafa ekki sjeð sjer fært að taka upp breytingu á stjórn fjelagsins, enda þótt fjármagn þess sje orðið svo mikið, að lagakrafa sje til umbóta. Frv. stendur ekki í vegi fyrir þessum umbótum; það greiðir götu þeirra.

Haraldur Guðmundsson: Einn nefndarmaður, hv. 2. þm. Reykv., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann er hjer ekki við nú, en af því að jeg þykist vita, hvað hann meinti með fyrirvaranum, skal jeg skýra frá því. Hann á þar við ákvæði 3. gr. frv. um laun forstjórans, þar sem gert er ráð fyrir, að þau verði 4000 kr., er hækki á 3 árum upp í 5000 kr. Eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, eru þessi laun óheyrilega lág, samanborið við laun annara starfsmanna ríkisins. Og jeg fyrir mitt leyti ber kvíðboga fyrir því, að ef tekin verður upp sú regla að greiða lægri laun fyrir störf í þágu ríkisins en einstakir menn greiða sínum starfsmönnum, þá geti það orðið til þess, að ekki veljist eins góðir menn í þjónustu ríkisins. Þarf ekki að eyða orðum að því, hvílíkt tjón gæti af því hlotist. En af því nú að svo stendur á, að mjög er orðið áliðið þings og vafasamt er, hvort þetta frv. yrði afgreitt, ef breytingar á því verða gerðar hjer í þessari hv. deild, þá mun jeg ekki koma með neinar brtt. nú. Jeg tel frv. í heild sinni til mikilla bóta og álít sjálfsagt að sameina þessar stofnanir, þótt ekki væri litið á neitt annað en fjárhagshliðina eina. Hinsvegar verð jeg að játa, að jeg hefi ýmislegt við frv. að athuga, auk ákvæðanna um laun forstjóra, sem jeg áðan drap á. Jeg geri ráð fyrir, að lög þessi eigi fyrir sjer að taka breytingum síðar, og vona því, að þess verði ekki langt að bíða, að bætt verði úr þessum ágöllum.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg gat ekki verið viðstaddur, þegar þetta mál var tekið fyrir, og bjóst heldur ekki við, að það mundi koma svo fljótt, eftir þeirri röð, sem málin voru í á dagskránni. Jeg veit því ekki, hvað hv. þm. kunna að hafa sagt, og býst við, að það sje þegar fullseint að gera grein fyrir ástæðum meiri hlutans. Jeg vona þó, að þetta valdi ekki neinu tjóni, því málið er svo einfalt, að hv. deildarmenn ættu vel að geta áttað sig á því.

Það hefir mjög verið talað um það hin seinni árin, að fjöldi starfsmanna ríkisins væri alt of mikill og nauðsynlegt væri að finna einhverja hentuga leið til þess að sameina ýms embætti, svo hægt væri á þann veg að fækka starfsmönnum ríkisins. Þetta frv. er því borið fram í samræmi við þá stefnu og miðar að því að koma á eina hönd störfum, er fleiri hafa gegnt. Það er því auðsætt, að það leiðir til sparnaðar fyrir þjóðfjelagið, ef þessi tilhögun verður tekin. Jeg get líka bent á annað atriði, sem gefur líkur fyrir því, að ávinningur verði að því á ann-

an hátt, ef þessi skyldu mál komast undir eina yfirstjórn. Eins og kunnugt er, á íslenska þjóðin mikið óunnið í tryggingamálum, og er frekari von til þess, að með þessari sameiningu fengist sú forganga, sem nauðsynleg er til þess að koma þessum málum í gott horf.

Jeg kom að í því er frsm. minni hl. lagði það til, að þessu máli yrði vísað til stjórnarinnar með það fyrir augum, að það yrði íhugað betur og svo lagt fyrir næsta þing. Get jeg ekki sjeð, að þetta sje nauðsynlegt. Að vísu heyrði jeg ekki ástæður hv. þm. fyrir þessu, en jeg fæ ekki sjeð, að þetta atriði, sem hann nefndi, komi í bág við frv. Hinsvegar á það fyllilega skilið, að því sje gaumur gefinn. En mjer finst það óþörf tímaeyðsla, að bíða með það mál eitt ár enn.

Eins og hv. þd. hefir tekið eftir, hafa 2 nefndarmenn skrifað undir nál. með fyrirvara, og geri jeg ráð fyrir því, að þeir geri grein fyrir honum, og hafi ef til vill þegar gert það. Verð jeg svo fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að halda fast við till. hennar í nál. og vænti þess, að hv. deild samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Magnús Guðmundsson: Jeg er samþykkur hæstv. dómsmrh. í því, að rjett sje að koma öllum tryggingamálum hjer í einn og sama farveg. En svo skilja að nokkru leyti vegir okkar, því jeg álít, að um fleiri leiðir sje að gera en eina til þess að ná því takmarki; en jeg skal samt ekki fara út í það nú. En eitt er það, sem jeg legg mikla áherslu á, og það er það, að gefnum loforðum sje ekki brugðið, þó þessu sje veitt í sama farveg. Hæstv. dómsmrh. sagði, að síðar mætti gera hinar innri breytingar, og er það að vísu rjett, en sú innri breyting-in hefir það í för með sjer, að hið ytra breytist líka. Það getur líka vel verið, að þeir, sem trygt hafa, vilji hafa fyrirkomulagið öðruvísi, og vil jeg þá ekki, að gripið sje fram fyrir höndurnar á þeim. Þeir eiga fjelagið og var búið að lofa þeim því, að þeir skyldu ráða, hvernig það yrði. Álít jeg því hyggilegast, að þeir sjeu látnir segja álit sitt um þetta. Sá dráttur, sem af því yrði, er svo óverulegur, að hann getur ekki skift neinu máli.

Það er sýnilegt, að þetta mál hefir verið rekið áfram af of miklu kappi, þar sem ætlast er til, að þetta frv. verði samþ., þar sem þó aðeins einn af þeim, er sæti áttu í þeirri nefnd, er fjallaði um það, leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Hinir 2 úr meiri hl. eru óánægðir með það og álíta því í mörgu ábótavant. Við í minni hl. álítum, að þetta mál eigi að athugast með hliðsjón af þeim lögum, er um það gilda. Jeg fæ satt að segja ekki skilið, af hvaða ástæðum hæstv. stjórn leggur svo mikið kapp á að koma þessu gegnum þingið núna. Manni gæti næstum því dottið í hug, að það væri gert til þess að koma ákveðnum manni úr stöðu sinni, — en því vil jeg samt ekki trúa fyr en í fulla hnefana. En ef þessu máli verður slegið á frest nú og lagt fram á næsta þingi vel undirbúið frv. samkv. ósk vátryggjenda í Brunabótafjelagi Íslands, þá lofa jeg því stuðningi mínum.

Hv. þm. Ísaf. ræddi um launa-

ákvæði þessa frv. á sama hátt og jeg og tók rjettilega fram, að þau væru alt of lág. Þetta er nú að vísu ekkert aðalatriði enn sem komið er, en það getur orðið aðalatriði síðar. Og jeg vil skjóta því til hv. þm., hvort honum finnist ekki nokkuð varasamt að samþykkja frv. með þessum ákvæðum, því svo gæti farið, að ekki fengist í byrjun eins góður maður til að gegna þessu starfi og ef launin væru hærri. Og þó þau yrðu hækkuð síðar, yrði máske ekki svo auðhlaupið að því að losna við þann mann, er þá væri, þó annar hæfari fengist, er launin hefðu verið hækkuð.

Samkv. ákvæðum þessa frv. er ekki hægt að sjá, hvernig fer um meðstjórnendurna við Slysatrygginguna. Eiga þeir að vera kyrrir eða eiga þeir að hverfa? Mjer þykir nú sennilegast, að þeir verði áfram, því í gildandi lögum er svo gert ráð fyrir, að 2 sjeu meðstjórnarmenn. Um þetta væri gott að fá skýringu frá hæstv. dómsmrh., sem virðist í þessu vera málsvari hæstv. stjórnar, þó að þetta heyri að vísu undir hæstv. atvmrh. En út á það hefi jeg ekkert að setja.

Jeg skal svo að lokum endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að jeg álít heppilegast, að þessu verði vísað til stjórnarinnar og að hún undirbúi þetta svo betur.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er ekki viss um, að verulega mikill sparnaður verði að því, þó þetta frv. verði samþ. Þvert á móti held jeg, að þó yfirforstjóri verði settur yfir þetta alt, þá þurfi að minsta kosti einn góðan mann í hverja deild. Erlendis er það svo, að þó menn lesi tryggingafræði, þá eru það fæstir, sem lesa nema örfáar greinar hennar. T. d. les einn aðeins elli-, líf- og persónutryggingar, annar tekur ekki nema bruna- og sjóvátryggingar, og fáir munu þeir vera, er hafa jafna þekkingu á öllum þessum greinum. Hinsvegar er vitanlega ekkert á móti því, þó settur sje yfir þetta alt maður, sem ekki er sjerfróður í öllum þessum greinum. Jeg vildi aðeins benda á, að óvíst er, hver sparnaður verður að þessu, ef sæmilega á að búa um forstöðu þessara tryggingastofnana. Verð jeg og að álíta, eftir þeim upplýsingum, er komið hafa frá hv. 1. þm. Skagf., að það geti verið næsta varhugavert að samþ. þetta frv., þar sem það mun að ýmsu leyti koma í bág við gildandi lög um þessar stofnanir. Fæ jeg ekki skilið í því kappi, sem hæstv. stjórn leggur á að knýja þessi lög í gegn, sem þó aldrei verða annað en pappírslög. Hefði mjer fundist rjettara að taka gildandi lög til rækilegrar rannsóknar, því vitanlegt er, að talsverð óánægja er út af fyrirkomulagi þessara stofnana. Hefði þá mátt gera ýmsar ytri og innri breytingar á þeim í senn.

ATKVGR.

Tillaga frá 1. þm. Skagf. (MG) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

nei: IngB, JörB, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, H-Stef, HJ, HG.

Fimm þm. (BSv, EJ, HjV, LH, SÁÓ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:3 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. þm. Ísaf. gat við síðustu umræðu frv. þessa, í fjarveru minni, nokkurra annmarka, sem jeg tel vera við frv., en jeg þarf að geta annara. Allir þessir annmarkar hafa valdið því, að jeg hefi undirskrifað nál. með fyrirvara, og þótt jeg gangi raunar með því nú, hefði jeg, ef tími þingsins væri meiri, snúist að allróttækum breytingum.

Má fyrst telja laun framkvæmdarstjórans, sem rjettilega á að stjórna öllum ríkistryggingum. Í þetta starf þarf vel hæfan mann, sem getur komið upp tryggingarstofnunum og haft á hendi alla útreikninga, er að tryggingum lúta. Jeg tel, að varla sje hægt að búast við að fá slíkan mann fyrir þau laun, sem frv. gerir ráð fyrir. Erlend og innlend vátryggingafjelög myndu ávalt bjóða betri kjör. Að vísu má segja, að hægt sje að hækka launin, er slíkur maður er fenginn, en rjettara hefði verið að hafa ákvæði um sæmileg launakjör í frv. sjálfu.

Mjer finst, að frv. þetta, eins og það kemur frá hv. flm., sje mjög illa undirbúið. T. d. leiðir af því, að sú stjórn, sem nú er við Samábyrgðina og Slysatrygginguna, skuli haldast, og hefði þó eins mátt skera þær stjórnir niður eins og framkvæmdarstjórn Brunabótafjelagsins. Sama er um endurskoðendur; um þá á að haldast sama skipun og áður, og virðist þó, að hægt hefði verið að sameina endurskoðun fyrir allar þessar stofnanir. Þetta sýnir, hve málið er lítt hugsað, flausturslega samið og skamt gengið, ef samstjórnin á að vera fullkomin. Þó tel jeg frv. spor í rjetta átt. Vegna þess, hve áliðið er þingtímans, sje jeg mjer ekki fært að bera brtt. fram við frv., eins og jeg hefði annars gert, og mun því greiða því atkv. mitt óbreyttu, þótt jeg hefði ekki gert það, hefði öðruvísi staðið á.

Magnús Guðmundsson: Jeg er samdóma hv. 2. þm. Reykv. um það, að mál þetta er illa undirbúið, og því kom jeg með till. við 2. umr. um að vísa því til stjórnarinnar. Jeg veit, í hvaða skyni frv. er flutt, og jeg þykist vita, að þeim tilgangi muni náð. Hitt er víst, að engan sparnað leiðir af frv., og frágangur frv. er mjög ljelegur. En eins og jeg hefi sagt, veit jeg, hvar fiskur liggur undir steini. Jeg mun því ekki skifta mjer meira af málinu, heldur lofa því að sigla sinn sjó.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

---

64. Landsbanki Íslands.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 198).

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og getið er um í hinni stuttu greinargerð, sem þessu frv. fylgir, þá er það meiri hl. fjhn., sem flytur það eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar. Breytingar þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á lögum um Landsbanka Íslands, sem voru fyrir síðasta þingi, eru aðallega í tveim atriðum. Fyrra atriðið er það, að ákveða, að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á skuldbindingum bankans innanlands. Um þetta atriði var töluvert deilt á síðastliðnu þingi, og það fóru svo leikar, að þeir, sem vildu hafa þetta ákvæði í lögunum, urðu í minni hluta, og þó að svo færi þá, sáu þeir sjer ekki annað fært en að vera með lögunum í heild, vegna þess hve málið hafði lengi verið fyrir þinginu, og þó að sá endir, sem þá var bundinn á málið, væri ekki sem æskilegastur, þótti samt sem áður ótækt að fá ekki lög um þessa stofnun.

Hitt aðalatriðið, sem felst í þessu frv., er um fyrirkomulagið á stjórn bankans. Á síðasta þingi varð mikill ágreiningur um þetta atriði, og lyktaði honum svo, sem jeg hefi lýst um fyrra atriðið.

Að vísu eru nokkrar smærri breytingar, sem felast í þessu frv., en jeg sje ekki ástæðu til að koma að þeim nú, en þessar tvær breytingar eru þær höfuðbreytingar, sem á frv. eru gerðar, og þær afleiðingar af þeim, sem óhjákvæmilegar voru.

Jeg lít svo á, að það þurfi engan að undra, þótt þessar breytingar komi fram, og við, sem á þinginu í fyrra urðum að láta í minni pokann, gerum nú tilraun til að koma fram því fyrirkomulagi á stjórn bankans, sem við teljum heppilegra. Hinsvegar þykir mjer ekki ólíklegt, að nokkur ágreiningur verði enn um þessi atriði.

En af því að álíta má, að fyrirkomulagið á stjórn bankans skifti talsverðu máli, þá var álitið sjálfsagt að bera fram þessar brtt.

Jeg sje ekki ástæðu til að rifja upp að þessu sinni gang málsins á undanförnum þingum, enda mun flestum hv. þdm. hann kunnur. Ef til vill finnur einhver ástæðu til að andmæla frv. þegar í stað, og verður þá að taka því. Annars tel jeg rjettara, að það færi nú umræðulítið til yfirvegunar í nefnd, svo að þar sæist, hvort ekki mætti ná samkomulagi um ýms einstök atriði, sem nú er ágreiningur um. Tel jeg það heppilegra en að byrja nú þegar togstreitu um málið.

Jeg vænti þess, að frv. fái að ganga til fjhn. að umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 10:1 atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 477 og 517).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Fyrir þeim breytingum á Landsbankalögunum, sem felast í þessu frv., er gerð grein í nál. meiri hl. á þskj. 477 og þar vikið nánar að því, hvernig á þessum breytingum stendur.

Í sambandi við þessar breytingar á lögunum verður ekki hjá því komist að víkja nokkru nánar að meðferð

þessa máls á undanförnum þingum, þrátt fyrir það, að sú meðferð er flestum hv. þdm. í fersku minni.

Árið 1925 var skipuð milliþinganefnd í bankamálið, og skilaði sú nefnd áliti sínu á öndverðu þingi 1926. Var þetta álit allstór bók, er hafði rannsóknir nefndarinnar utanlands og innan að geyma, ásamt till. um, hvernig skipa skyldi seðlaútgáfunni. Varð niðurstaðan sú hjá meiri hluta nefndarinnar, að Landsbankinn skyldi fá seðlaútgáfuna í sínar hendur.

Áliti milliþinganefndarinnar fylgdi frv. til löggjafar um Landsbanka Íslands, er þáverandi stjórn gerði að sínu frv. og lagði fyrir þingið 1926. Einn úr milliþinganefndinni lagði fram sjerstakt álit og frv., en þær till. höfðu svo lítið fylgi hjá þjóð og þingi, að jeg sleppi því að fara frekar út í þær.

Í frv. milliþinganefndarinnar, sem stj. gerði að sínu frv., var svo ákveðið, að Alþingi skyldi kjósa 15 manna nefnd, sem hefði á hendi yfirstjórn Landsbankans. Átti þessi þingkosna nefnd að velja 4 menn í bankaráð Landsbankans, en ráðherra að skipa formann þess. Málið varð ekki útrætt á Alþingi 1926, og var það enn borið fram í svipuðu formi á síðasta þingi af þáverandi landsstjórn, og mun alment hafa verið búist við því, að stjórnin mundi fylgja frv. eins og hún hafði borið það fram. En það undarlega skeði í meðferð þessa máls í þessari hv. deild, þar sem stj. hafði óskoraðan meiri hl., að gerðar voru miklar efnisbreytingar á frv. stjórnarinnar, og sumar þess eðlis, að ekki er hægt að telja þær forsvaranlegar. T. d. var sett inn í frv. ákvæði til að takmarka ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Landsbankans, þvert á móti skoðun alls almennings og þáverandi og fyrverandi stjórna fram að því. Meira að segja vissi jeg ekki betur en að þáverandi forsrh. og fjmrh. (JÞ) ljeti það álit uppi litlu áður, að sjálfsagt væri, að ríkissjóður tæki ábyrgð á erlendu láni handa Landsbankanum, af því að bankinn væri þjóðareign.

Jeg sje, að sagt er í nál. minni hl., að „samkomulag" hafi orðið um afgreiðslu bankamálsins á síðasta þingi. Jeg veit ekki, hvað meint er með því, nema átt sje við það samkomulag, sem þá varð um málið milli tveggja manna innan íhaldsfjölskyldunnar, sem staðið höfðu alla tíð á öndverðum meiði í því máli; það var svona svipað „samkomulag" og milli þeirra Heródesar og Pílatusar. En bæta má þó því við, að sjaldan mun talið, að alheimsfriður byggist á því, þó að þeir Heródes og Pílatus verði vinir.

Það eru því vísvitandi blekkingar að segja, að „samkomulag" hafi orðið um afgreiðslu málsins í fyrra. Hjer í hv. deild var staðið á móti þessum breytingum af öllum andstæðingum Íhaldsmanna, svo að þar var a. m. k. ekki um neitt samkomulag að ræða. Enda var það stj. með flokksfylgi sínu, sem kom því til leiðar, að takmörkuð var ábyrgð ríkissjóðs á bankanum og að breytt var stjórnarfyrirkomulagi bankans frá því, sem bæði var í frv. stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar.

Nú finst mjer rjett í þessu sambandi að benda á, hve harðvítugar umr. urðu um þetta mál hjer í fyrra. Ætti það því ekki að vekja neina sjerstaka undrun hjá Íhaldsmönnum, þó að nú sjeu

teknar upp að nýju þær breytingar, sem mestur ágreiningur varð um í fyrra. Það hefði kannske verið minni ástæða að gera þessar breytingar nú, ef lengra hefði liðið síðan bankalögin voru samþykt. En af því að öll skipun bankans er svo ný og ekki enn komin í fast horf, þá er auðvelt að koma þessum breytingum á. Minni hl., hv. íhaldsmenn, þurfa því ekki að kveina eða kvarta undan því, að þessar breytingar sjeu til truflunar á hinu nýja fyrirkomulagi bankans, þar sem það nýja fyrirkomulag er alls ekki enn þá að öllu leyti komið til framkvæmda.

Í frv. því, sem hjer er um að ræða, var í 2. gr. ekki gert ráð fyrir nema 2 milj. kr. stofnfje. Við nánari athugun þótti meiri hl. fjhn. þessi upphæð of lág og leggur því til í 2. brtt. á þskj. 477, að ríkissjóði sje heimilt að leggja fram alt að 3 milj. kr., sem sje viðbótarstofnfje bankanum til handa, og í 7. brtt. er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka það fje að láni, eftir því sem þörf gerist. Í raun og veru breytist 5. gr. bankalaganna ekki neitt, því samkv. brtt. okkar verður stofnfje bankans eftir sem áður 5 miljónir króna. Af frv. stjórnarinnar í fyrra var ekki sjeð, að stjórninni bæri skylda til að leggja fram alt stofnfjeð í einu; við viljum heldur ekki skylda stjórnina til þess að leggja þetta viðbótarstofnfje alt fram í einu, en upphæð stofnfjár bankans verður, eins og áður er sagt, eins og það er ákveðið í núgildandi bankalögum. Enda álítur meiri hluti fjárhagsnefndar, að Landsbankinn þurfi að vera fjárhagslega sterkur. Og hann styrkist líka mikið við það, að ríkissjóður ber ábyrgð á honum. Og hann getur þurft á viðbótarstofnfje að halda vegna atvinnuveganna, ef framkvæmdir aukast við sjávarsíðuna og með aukinni ræktun landsins, eins og allir gera sjer góðar vonir um. Í 3. brtt. er lagt til, að bankinn greiði ríkissjóði 6% í vexti af því viðbótarstofnfje, sem ríkissjóður leggur bankanum, en þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins, og engir vextir aðrir. Tekjur renna í ríkissjóð af innskotsfjenu, sem verða 2 milj. kr.

Það getur vel verið, að ríkissjóður komist hjá því fyrst um sinn að leggja fram þetta viðbótarstofnfje, enda fer um það að öllu leyti eftir því, sem bankastjórn, bankaráð og ríkisstjórn koma sjer saman um. Og komi til þess, að bankinn þurfi á viðbótarstofnfje að halda, þá verður það vitanlega einnig samningsatriði milli stjórnar bankans og ríkisstjórnarinnar, hvað mikið skuli lagt fram í einu.

Þá er næst breytingin á varasjóði bankans eins og honum er fyrir komið í 24. gr. núgildandi bankalaga. Meiri hluti fjhn. þykir fara betur á, að 3. gr. frv. sje breytt í það horf, sem segir í 4. brtt., og er það með tilliti til þess, sem jeg hefi áður sagt um vaxtagreiðslur bankans til ríkissjóðs af viðbótarstofnfjenu.

4. brtt. okkar meiri hl. fer fram á það, að í stað þess, að í frv. er ætlast til, að formaður bankaráðsins sje skipaður til 5 ára í senn, þá leggjum við til, að hann sje skipaður til 3 ára. Og er það í samræmi við það, sem nú er.

Þá er það 5. brtt. okkar meiri hl. Í frv. er gert ráð fyrir, að kosning bankaráðsins fari þegar fram á þessu þingi og að ráðh. skipi formann þess

þegar lögin eru gengin í gildi. En þetta getur ekki staðist vegna þeirra ákvæða, sem í frv. eru um landsbankanefndina. Það er landsbankanefndin, sem þingið kýs, en hún aftur bankaráðið. Og við ætlumst til þess, að kosning í landsbankanefndina fari fram þegar á þessu þingi, ef frv. verður samþykt, eins og við leggjum til. Síðan kjósi nefndin bankaráð og stjórnin skipi formann þess.

Eins og áður er að vikið, var það till. meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálum, að yfirstjórn Landsbankans yrði þannig skipuð, og verði þetta fyrirkomulag nú tekið upp, þá er alveg sjálfsagt, að breytingarnar komi til framkvæmda þegar eftir að lögin eru samþykt.

Nú hefi jeg gert nokkra grein fyrir tilgangi frv. og brtt. okkar meirihl.-manna. En jeg hefi ekki minst á nál. minni hl. nema aðeins að litlu leyti ennþá. Þetta álit er alllangt, en jeg vil ekki segja rækilegt, af því að í þessu nál. hefi jeg rekið mig á mjög margar villur og blekkingar. Áður hefi jeg minst á ummæli hv. minni hl. um samkomulagið, sem hann segir, að hafi orðið um Landsbankalögin á þinginu í fyrra. En jeg get ekki annað en tekið til athugunar það, sem stendur neðst á 1. síðu nál. Þar er talað um mat það, sem fram átti að fara á bankanum samkvæmt lögunum í fyrra. Út af fyrir sig væri ástæða til þess að tala um, hvernig skipað var í matsnefndina af fyrv. hæstv. fjmrh. og þau laun, sem hún hefir fengið fyrir starf sitt, og má vera, að jeg komi að því síðar. En það er talsvert merkilegt, að einn nefndarmannanna á sæti í þeim minni hl., sem nú hefir gert þetta undursamlega nál. Nú skýrir hann svo frá, að matið hafi verið framkvæmt, en hæstv. fjmrh. hafi færst undan að skýra fjhn. frá niðurstöðum þess. Og sjálfur segist þessi matsnefndarmaður, hv. 1. þm. G.-K. (BK), ekki telja sjer heimilt að gera það. Þessi frásögn í nál. minni hl. er ákaflega villandi. Og það er alveg óhjákvæmilegt að leiðrjetta hana. Það, sem minni hl. leyfir sjer þarna að bera fram, er svo rangt sem mest má vera. Og það þarf svo mikla dirfsku til að halda því fram, að jeg er hissa á, að hv. 1. þm. G.-K. skuli treysta sjer til þess.

Eftir ósk minni hl. í fjárhagsnefnd var farið fram á það við hæstv. stjórn að fá upplýsingar um matið. Var leitað um það til viðkomandi ráðh. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. hefir ekki fengið þessar upplýsingar frá matsnefndinni. Hún hefir látið honum í tje eina tölu órökstudda. Og þegar ráðh. fer fram á, að hún rökstyðji þessa tölu, þá neitar hún því. Hún neitar, matsnefndin sjálf, að gera hæstv. fjmrh. nokkra nánari grein fyrir matinu. Og svo dylgjar hv. 1. þm. G.-K. um það í nál., að hæstv. stjórn liggi á gögnum málsins. Og hann þykist sjálfur ekki vilja segja frá þeim í nefndinni. Ja, mikið var! Mikið var, að hann skyldi ekki fara að skýra frá því í nefndinni, sem hann dylur hæstv. stjórn.

En þetta er ekkert einsdæmi um meðferð sannleikans í þessu merkilega nál. Sömu blekkingarnar vaða uppi gegnum alt nál., þar sem ekki er beinlínis rangt sagt frá. Í niðurlagi 5. kafla er t. d. talað um, að dýrtíðaruppbót til bankaráðsmanna

sje feld niður. Þetta leyfir hv. minni hl. sjer að segja, og þó stendur svo í 5. gr. frv., síðustu málsgr., (með leyfi hæstv. forseta): „Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins."

Um þetta segir hv. minni hl. í 5. kafla nál.: „Þá er feld burtu dýrtíðaruppbótin til bankastjóranna og bankaráðsmannanna, og mun það stafa af því, að laun þeirra þyki nú nægilega há án dýrtíðaruppbótar. Sennilegt er, að komast mætti að samningi um þetta án lagafyrirmæla eins og ástatt er."

Hjer er auðsjáanlega alveg rangt sagt frá. E. t. v. ætlar hv. minni hl. sjer að hanga í því, að lögákveðin dýrtíðaruppbót til bankastjóranna sje feld niður. En núverandi bankastjórar sitja þó áfram að sínum launakjörum. Hjer skýtur nokkuð skökku við, eins og annarsstaðar í nál.

Jeg gat þess áðan, að freistandi hefði verið að fara nokkuð út í skipun matsnefndarinnar og launakjör hennar. Jeg ætla þó ekki að gera það í þessari ræðu, en fæ ef til vill tækifæri til þess síðar. En jeg ætla að geta nál. minni hl. enn með nokkrum orðum, eftir því, sem jeg hefi getað kynt mjer það. Margt af því eru endurtekningar af því, sem stóð í nál. meiri hl. í fyrra, t. d. hið hlægilega tildur um aðalbankastjórann. Vonandi sjá flestir hve afkáralegt er að setja slíkt í lög. Það er svo sem sjálfsagt, að bankastjóri hafi þekkingu á viðskiftamálum. En það er auðsætt, að aðalatriðið hjá hv. 1. þm. G.-K. er að miða öll ákvæði þessara laga við kreddur eins ákveðins manns, sem einu sinni var bankastjóri hjer á landi. Þá er í nál. mjög ítarlegur upptíningur á ýmislegu, sem felt sje niður í frv., t. d. þessar mörgu fundabókanir. Já, það er von, að honum þyki skaði skeður, hv. minni hl. Hv. deild eru víst enn í fersku minni allir þessir margvíslegu „protokollar", sem hv. 1. þm. G.-K. var með í fyrra. Bankastjórarnir áttu altaf að vera að bóka. Þeir áttu að bóka samþyktir, bóka ágreining. Yfirleitt var ekki annað hægt að sjá en alt þeirra starf hlyti að fara í þessar óþrotlegu bókanir. Gott dæmi um, hve þetta bókfærslufargan var hlálegt, er ákvæðið um, að fjarverandi bankastjóri skyldi bóka ágreiningsatkvæði, ef hann væri ósamþykkur einhverju, sem gerst hefði í fjarveru hans. Gerum ráð fyrir, að bankastjóri fari til útlanda og sje nokkuð lengi burtu. Á meðan eru t. d. keyptar þúsundir víxla, auk annars, sem afgreitt er. Hann á ekki sjö dagana sæla, þessi vesalings maður, að pæla gegnum þetta alt saman á eftir, til að geta samþykt hvern einasta víxil eða bókað ágreining. Nei, störfin í bankanum eru svo mikil og svo margt, sem þarf að afgreiða, að engri átt nær að heimta samþykki bankastjóranna allra til hvers og eins. En það er eins og hv. 1. þm. G.-K. geri ráð fyrir stöðugu rifrildi og ósamkomulagi í bankanum. Það er eins og hann búist við einhverju svipuðu og kom fyrir ekki fyrir löngu síðan, þegar starfsmaður nokkur í bankanum hótaði embættisbróður sínum því, að hann skyldi rógbera hann og ofsækja og yfirleitt gera honum allan þann miska, sem hann

mætti, svo lengi, sem hann gæti. Það er hugarfar þessa manns, sem hv. þm. gerir ráð fyrir, að muni ríkja í bankanum. En jeg held, að óþarfi sje að ímynda sjer slíkt. Löggjafarnir verða að byggja á samvinnu í bankanum, en ekki ganga út frá því, að bankastjórarnir noti hvert tækifæri til þess að sitja á svikráðum hver við annan. Það verður að treysta því, að í þeirra stöður verði valdir menn, sem trúandi sje til að vinna að málum bankans. Og hafi þeir það fyrir augum, þá þarf ekki að óttast, að alt lendi í úlfúð og ósamkomulagi milli þeirra. En hitt er alls ekki hættulaust, að leggja beinlínis drög fyrir deilur, eins og gert er í lögunum. Jeg vil ekki segja, að stuðningsmenn þeirra hafi ætlast til, að lögin hefðu slíkar afleiðingar. En ákvæði laganna gera alt til þess að ýta undir deilur.

Jeg vil biðja hv. þdm. að athuga snöggvast það ákvæði laganna, að 2 bankastjóra skuli þurfa til að gera ályktun, hversu smávægileg sem hún er. Hvernig verður nú þetta í framkvæmdinni? Daglega þarf að afgreiða fjölda lánbeiðna og brjefa. Eigi þetta að komast af, verður einn bankastjóri mjög oft að geta gert ályktanir, en það á þó auðvitað aðeins við hinar daglegu smærri afgreiðslur. Væri ekki svo, yrði blátt áfram óskiftandi við bankann. Alt þetta strit, fundasamþyktir, bókanir og afbókanir, liggur mjer við að segja, sem hv. 1. þm. G.-K. tókst að smeygja inn í lögin í fyrra, kemur niður á viðskiftamönnunum. Það er svo sem auðvitað, að bankastjórnin þarf að koma sjer saman um stóru drættina í starfi bankans, og það þarf einnig að gera, þegar um stór viðskifti er að ræða.

Þá hefir hv. minni hl. sjeð ástæðu til að leggja út af því, að orðið „skriflega“ sje felt niður úr 36. gr., þar sem talað er um frávikning bankastjóra. Það stendur nefnilega í lögunum, að ráðherra skuli tilkynna bankastjóra „skriflega“, að honum sje vikið úr stöðunni, og hver sje ástæðan. En vitanlega er alveg óþarft að taka þetta fram. Það er svo sem auðvitað mál, að bankastjóranum yrði tilkynt frávikningin skriflega, ef til slíks kæmi. Hugsar hv. minni hl. sjer t. d., að ef núv. hæstv. fjmrh. ætlaði sjer að víkja frá bankastjóra, þá mundi hann fara niður í Landsbanka, ganga inn til bankastjórans og segja honum að hypja sig tafarlaust burt úr bankanum? Náttúrlega mundi þetta fara fram á fullkomlega formlegan hátt og skriflega, þótt orðið „skriflega“ sje felt niður. Og svo ber stjórnin auðvitað ábyrgð gerða sinna fyrir þinginu. Þetta ætti háttv. minni hl. að vita, og jeg þykist viss um, að hann viti það, en þetta sýnir, hvað smátt er til tínt. Annars væri sannarlega vert að tala dálítið nánar um V. kafla nál. og það, sem í honum felst. Þar stendur, að orðið „skriflega“ hafi verið sett inn í bankalögin 1909 „til þess að fyrirbyggja, að ráðríkur flokksráðherra gæti vikið bankastjóra úr stöðunni alveg tilefnislaust og einungis af flokksástæðum“. Og ennfremur segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Nú á að fella burtu þetta eina orð „skriflega“ í niðurlagi 1. málsgr. 36. gr. bankalaganna, svo leiðin sje sem opnust til þess að víkja bankastjóra

frá, sem t. d. ekki vill veita þau lán, sem flokksráðherrann eða bankaráðsformaðurinn í hans stað vill láta veita".

Þessi orð eru ekkert annað en framhald af umræðunum í fyrra, þar sem hv. 1. þm. G.-K. var að ásaka sinn gamla vin og velunnara, Björn heitinn Jónsson, fyrir afsetning Tryggva Gunnarssonar. Öll ummæli nál. um „flokksráðherra" o. s. frv. eiga við hann, því að ákvæðið 1909 var sett vegna hans. Jeg ætla ekki að fara að verja Björn heitinn Jónsson, en það finst mjer sjerlega einkennilegt og illa viðeigandi, að hv. 1. þm. G.-K. skuli hvað eftir annað vega í sama knjerunn og álasa honum í þessu máli. Um það veit hv. þm. auðvitað miklu betur en jeg, hvort Tr. G. hefir verið vikið frá af flokksástæðum eingöngu. En það er ekki annað en sjúkleiki, þegar hv. minni hl. er að tala um, að bankastjóra muni verða vikið frá af því að hann vilji ekki veita lán eftir því, sem „flokksráðherra" þóknast. Það er rjett eins og hv. 1. þm. G.-K. lifi í minningu um einhvern þann tíma, þegar þetta var svo. Hugmyndir hans um bankastarfsemi eru tengdar við gamla atburði, því það veit hann, að það tíðkast ekki nú, að ráðherra fari niður í banka og heimti, að hin og þessi lán sjeu veitt. Jeg get a. m. k. ekki skilið, að hæstv. núv. fjmrh. fari að gera það. En ef nokkur meining ætti að vera í nál. nú, þá væri ásökunum um ofbeldi flokksráðherra beint gegn honum. Ef minni hl. veit nokkuð, hvað hann er að fara, þá er hann að gera honum getsakir um, að hann muni víkja bankastjórum úr embætti, ef þeir hlýðnist honum ekki um einstakar lánveitingar, og að hann muni reka þá burt með harðri hendi einn góðan veðurdag án þess að tilkynna þeim það skriflega.

Jeg hefi nú minst á ýmislegt í áliti hv. minni hl. Jeg hefi sýnt fram á, að þau mörgu smávægilegu ákvæði, sem hann vill halda í lögunum, eru lítils virði sem öryggisráðstafanir, en þó til mikils meins fyrir rekstur bankans. Þau eru öll miðuð við takmarkaða þekkingu eins manns, sem ekki getur hugsað sjer bankastarfsemi á annan veg en hún var í þeirri stofnun, sem hann veitti forstöðu. Honum finst óhjákvæmilegt, að alt logi í ófriði og illdeilum innan bankans. Mikil er trú hans á arfgengi hins illa í þeirri stofnun.

Það má vafalaust til sanns vegar færa, að bankaráð Íslandsbanka hafi á sínum tíma verið meinlega afskiftalítið um starfsemi þess banka, og bankaráði Landsbankans þyrfti að takast betur. En hjer þarf að gæta hófs. Og það dugir ekki, að bankaráðið sje sí og æ að flækjast fyrir bankastjórunum. Það dregur úr ábyrgðartilfinningu þeirra. Þeir venjast á að treysta á bankaráðið og kenna því um það, sem illa tekst. Auðvitað getur það komið fyrir, að þeir geri vitleysur, en betra er, að það komi fyrir einstaka sinnum, heldur en að þeir verði ábyrgðarlausir og hirðulausir um verk sín, af því að þeir telji aðra bera ábyrgðina.

Eftir að hv. minni hl. hefir lokið dylgjum sínum og ásökunum, sem jeg hefi nú getið um, hefir hann hótanir í frammi í niðurlagi nál. Þeir ganga svo langt, þessir hv. þm., að þeir fara að hóta Landsbankanum viðskifta-

stríði. Í VI. kafla standa þessi orð (með leyfi hæstv. forseta):

„Alþingi ætti og að muna, að Landsbankinn á sjálfur ekkert veltufje, en starfar eingöngu með fje einstakra manna, sem gætu þreytst á því að láta Landsbankann ávaxta fje sitt, ef augljóst yrði, að bankann ætti að nota til þess að styrkja aðstöðu sjerstakra stjórnmálaflokka í landinu, eða hag sjerstakra stjórnmálamanna."

Þar sprakk blaðran! Íhaldsmenn þola ekki að vera í minni hluta. Þeir skilja það ekki enn, þessir fyrverandi forráðamenn, að þjóðin sparkaði þeim frá völdum 9. júlí síðastl. sumar. Þeir halda enn, að einhverjir þeir atburðir muni gerast, sem fái þeim ráðin í hendur. Mjer er mjög vel kunnugt um, að sumir þeirra hafa blátt áfram sagt: „Ef við fáum ekki að ráða, þá rekum við þessa dóna út úr þinginu." „Þessir dónar", sem þeir ætla að reka út úr þinginu, er núverandi þingmeirihluti, sem hjer situr samkv. vilja þjóðarinnar. Fjöldi Íhaldsmanna skilur ekki, að þeir hafa mist völdin, að þjóðin hefir tekið þau af þeim, af því að þeir fóru illa með þau, og fengið þau öðrum í hendur. En forráðamenn flokksins, svo sem hv. 3. landsk. (JÞ) og hv. 1. þm. G.-K. (BK), ættu að skilja þetta. Þeir ættu að vita, að þeim sæmir ekki og þýðir ekki að hafa í hótunum, þó að aðrir en þeir sjeu í meiri hl. Heyrðu þeir minni hl. þingsins í fyrra hafa í hótunum í Landsbankamálinu? Hótuðu þeir að snúast gegn bankanum, ef ríkisábyrgðin yrði afnumin? Síður en svo. En nú er um greinilega hótun að ræða, og hún er eitthvað á þessa leið: „Ef Íhaldsflokkurinn fær ekki að ráða, látum við alla okkar fylgismenn taka fje sitt út úr bankanum." Er hægt að verja annað eins og þetta? Er þessi framkoma sæmileg fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi?

Eins og nál. ber með sjer, leitaði nefndin samkv. ósk minni hl. álits bankastjórnar Landsbankans um frv. Auðvitað var ekki hægt að búast við því, að meiri hl. bankaráðsins, eins og það er nú skipað, mundi fallast á breytingarnar. Álit bankastjóranna var sumstaðar með og sumstaðar móti frv. Þeir taka til athugunar ýms smáatriði, og er ekki mikið á umsögn þeirra að græða um meginmál frv.

Jeg hefi nú gert grein fyrir brtt. meiri hl. og nál. minni hl. Hefi jeg gert það nokkuð rækilega, af því að óvíst er, að jeg taki til máls aftur við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Hv. meiri hluti fjhn. bar þetta mál fram nokkuð framarlega á þingi, og skýrir hann frá því í athugasemdunum, að hann beri það fram fyrir hönd stjórnarinnar. Ekki er minni hl. kunnugt um, hver af ráðherrunum hefir falið meiri hl. málið, en ekki telur hann líklegt, að hæstv. fjmrh. eigi þar frumkvæðið, þótt bankamálin heyri undir hann.

Eigi verður sjeð, að bankaráð Landsbankans hafi átt frumkvæðið að frv. Er þó beint lögákveðið, að svo eigi að vera, sbr. 37. gr. bankalaganna. Jeg geri ráð fyrir, að það hafi alls ekki vitað um frv., fyr en það var komið á prent og því var útbýtt hjer í deildinni. En þar sem bankaráðið er yfir-

stjórn bankans, mun það vera samkvæmt fastri venju annarsstaðar, að það eigi frumkvæðið að öllum lagabreytingum, sem bankann varðar, en ekki flokkspólitískir ráðherrar. Máli þessu var svo að lokinni 1. umr. vísað til fjhn., og hefir hún klofnað í tvent, í meiri og minni hluta.

Mál þetta var mjög grandgæfilega rætt og athugað á síðasta þingi og leitt til lykta á mjög sómasamlegan hátt, úr því sem gera var, sem þing og þjóð áttu að vera vel sæmd af. Frv. varð að lögum, og engum datt þá annað í hug en að það væri komið í farsæla höfn og þau lög gætu lengi staðið.

Það var aðeins ein grein í lögunum, sem gat komið fyrir, að þyrfti að breyta, sem sje 5. gr., sem kveður á um það, hversu mikið fje þarf að leggja bankanum til sem eignarfje, til þess að hann gæti orðið fjárhagslega sjálfstæður og að hann gæti unnið sitt ætlunarverk. Meiri hluti fjhn. í Ed. gerði líka ráð fyrir, að þessari grein yrði ef til vill að breyta, ef niðurstaða matsnefndarinnar, sem meta átti hag bankans í hendur bankaráðsins, gæfi tilefni til.

Meiri hl. nefndarinnar í Ed. 1927 farast svo orð um þetta á þskj. 362, bls. 577—578, sem jeg leyfi mjer að lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem eigi liggur fyrir nein úttekt eða mat á hag bankans eins og hann nú er, getur meiri hlutinn ekki sagt neitt ákveðið um, hversu mikið stofnfje verði að leggja bankanum um leið og hann tekur við seðlaútgáfuriettinum, því bæði verður að tryggja það, að seðlabankinn hafi nægt eigið fje til að kaupa fyrir nauðsynlegan gullforða, og svo hæfilegan varasjóð í byrjun fyrir sparisjóðinn, sem mun nú vera um 30 miljónir króna.

Nefndin hefir því komið sjer saman um að leggja til, að þetta stofnfje verði fyrst um sinn ákveðið 5 miljónir króna, og er sú upphæð aðeins ½ milj. krónum hærri en bankastjórn Landsbankans hefir skýrt stjórninni frá, að í minsta lagi mætti komast af með.

Þá upphæð mætti svo síðar hækka, eftir því sem niðurstaða matsnefndarinnar, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögunum, kynni að gefa tilefni til".

Fimm manna nefnd var svo skipuð til þess að meta hag bankans, og mun hún hafa afhent ríkisstjórninni mat sitt 16. febr. þ. á.

Það eina, sem stjórnin því þurfti að athuga viðvíkjandi bankalögunum frá síðasta þingi, er hún hafði fengið mat bankamatsnefndarinnar frá síðasta þingi, var, hvort mat hennar gæfi tilefni til breytingar á 5. gr. laganna.

En í staðinn fyrir að doka við eftir matinu, flýtir hún sjer að láta bera þetta frv. fram, og stóð þá vitanlega í sömu óvissunni um hag bankans eins og meiri hl. fjhn. stóð í fyrra.

Fjhn. hjer í deildinni tók nú við málinu, og það fyrsta, sem hlaut að liggja fyrir nefndinni, var að fá að vita um niðurstöðu matsnefndarinnar. Sú niðurstaða hlaut að verða grundvöllur undir breytingunni á 5. gr., ef henni þyrfti yfir höfuð að breyta.

Minni hl. fól því formanni nefndarinnar að fara þess á leit við stjórnina, að nefndin fengi að vita um matið eða niðurstöðu þess. Á næsta fundi flutti formaður nefndinni það svar

stjórnarinnar, að henni væri óljúft að gefa nefndinni vitneskju um niðurstöðu matsnefndarinnar.

Jeg skal skjóta því hjer inn, af því að þess hefir verið getið, að matsnefndin hafi ekki gefið upp nema eina tölu, og hafi þetta því verið sama sem að ekkert mat hafi farið fram, að ekki er venja, þegar slíkt mat fer fram, að gefa upp annað en niðurstöðuna. Svo var það, þegar Íslandsbanki var metinn; matsnefndin gaf einungis upp eina tölu, niðurstöðuna. Stjórnin tók það gilt og galt nefndinni sitt kaup. Þetta kom líka skýrt fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. Stjórnin tók gilt starf matsnefndar Landsbankans og borgar henni fyrir, þótt hún hafi ekki gefið upp nema eina tölu. En síðan, eftir að stjórnin hafði borgað henni, þá sundurliðar hún þetta nokkuð, að bón hæstv. fjmrh., skýrði frá væntanlegu tapi bankans sjálfs og hvers útibús fyrir sig.

En minni hl. sá sjer ekki fært að eiga meira við málið, þar sem allan grundvöll vantaði fyrir breytingunni á 5. gr. Bæði frumvarpsgreinin sjálf og hvaða breyting, sem lagt yrði til að gerð væri á henni, hlaut að vera á sandi bygð. Og vitanlega urðum við minnihl.menn að vera einnig á móti breytingu frv. við 5. gr.

Kem jeg þá að frv. sjálfu. Í lögunum er sagt í 1. gr. 3. mgr., að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfjeð, 5 milj. kr. Þessi ábyrgð er fyllilega næg, og af frekari ábyrgð hefir bankinn ekkert gagn. Frv. heimtar, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, sem nú munu vera um 50 milj. kr., rjett eins og bankinn ætti ekkert til upp í þessar skuldbindingar sínar.

Ef ríkissjóður ábyrgist í byrjun allan reikningshalla bankans og 5 milj. kr. stofnfje að auki, og það gerir hann samkvæmt lögunum frá í fyrra, þá er sú ábyrgð næg.

Menn eiga þó ekki að vera að leika sjer að því að eyða ábyrgð ríkissjóðs; svo mikið hvílir á honum. Og ekki bætir brtt. á þskj. 477 úr. Frvgr. sjálf er þó skýrt orðuð. En brtt. er svo loðin, að því er snertir heimild bankans til að taka lán erlendis án samþykkis Alþingis, að vel má skilja hana svo, að aldrei þurfi að koma til þingsins kasta að samþykkja nýjar lántökur bankans, ef þær ekki fara fram úr því, sem lög nr. 10, 31. maí 1927, heimiluðu. En þetta var alls ekki meining þingsins, heldur að heimila bankanum að framlengja þau lán, sem hann þegar var búinn að taka, eða ætlaði þá að taka (ameríska lánið). Þetta virðist ein af fleiri tilraunum stjórnarinnar til að koma bankanum undan öllu eftirliti Alþingis.

Þá kem jeg að 2. gr. frv. Jeg er búinn að tala um hana dálítið hjer á undan, en í frv. felst það, að strika burt þær 3 milj. kr., sem ríkissjóður átti samkvæmt lögunum í fyrra að leggja bankanum til sem gullforðatryggingu.

Þar er aðeins sagt, að innskotsfjeð frá 1913, 2 milj. kr., eigi að teljast stofnfje bankans.

Þegar stjórnin samdi þetta frv. og bar það fram, gat hún enga hugmynd haft um, hvort bankinn átti þessar 2 milj. kr. óeyddar eða ekki, sem hún er að vísa á sem stofnfje bankans. Og eftir að hún nú veit um þetta,

er hún ekki svo nærgætin við sína fylgismenn, meiri hl. fjhn., að hann fái vitneskju um þetta mikilsverða atriði, sem framlag ríkissjóðsins hlaut að byggjast á. Í vandræðum sínum kemur svo meiri hl. með *heimild* fyrir ríkisstjórnina til að leggja bankanum til alt að 3 milj. kr. framlag úr ríkissjóði, ef henni sýnist svo, og hyggur, að hann þar með hafi þvegið hendur sínar. En nú veit meiri hl. af stjórnarfrv. sjálfu, að stjórnin ætlar sjer ekki að veita bankanum þetta fje.

Nú á seðlabankinn samkv. bankalögunum, 56. gr. 3. mgr., að ábyrgjast sparisjóðinn með innskotsfje ríkissjóðs, 2 milj. kr., þangað til varasjóður sparisjóðsins er orðinn 10%.

Þó innskotsfje þetta væri til, sem stjórnin á eftir að skýra frá, þá veitir það seðlabankanum engan styrk, þar sem það stendur að veði fyrir annari stofnun, sparisjóðnum. Þess vegna er engrar undankomu auðið, að bankanum sjeu lagðar til minst 3 milj. kr. Annað væru bein svik við þjóðina, bankann og viðskiftamenn hans.

En hvernig mundi dæmið nú líta út, ef bankinn ætti ekki lengur þetta innskotsfje, ef það væri tapað?

Gæti maður þá hugsað sjer, að nokkur þingflokkur vildi bera ábyrgðina á því að samþykkja stjórnarfrv. eins og það er, eða með brtt. meiri hluta?

Jeg spyr.

Breytinguna í 3. gr. frv., við 24. gr. laganna, er sennilegt, að minni hl. gæti fallist á, en þó því aðeins, að nefndin fengi að vita um hag bankans, svo hún geti dæmt um, hvort þörf sje á því, að allur arðurinn, ósnertur, renni í varasjóð. Brtt. meiri hl. við þessa grein að öðru leyti getur minni hl. eðlilega ekki fallist á, að alveg órannsökuðu máli. Það var aldrei tilætlunin að láta bankann greiða neina beina vexti af gullforðanum, því þá gat hann ekki skoðast sem eign bankans, sem verður þó að vera.

Um 4., 5., 6., og 7. gr. get jeg verið stuttorður. Þær ræða um landsbankanefndina, og vísa jeg til þess, sem um hana er sagt í nál. Það virðist hafa verið orðið fullkomið samkomulag á síðasta þingi um að sleppa henni, enda var það gert. Það virðist því ekki vera nein knýjandi ástæða til að breyta lögunum til að koma henni að. Sú tilhögun virðist líka líkjast meir ráðstjórnarfyrirkomulagi en venjulegu bankaráðsfyrirkomulagi, og svo mundi það fyrirkomulag reynast í framkvæmdinni hjer.

8. gr. frv., sem er breyting á 36. gr. bankalaganna, fer aðallega fram á að afnema aðalbankastjórann, strika út trygginguna fyrir nægri þekkingu og reynslu að minsta kosti eins bankastjórans í framkvæmdastjórn bankans. Þá er, eins og skýrt er frá í áliti minni hl., ráðherranum gert hægara fyrir með að segja bankastjórum upp stöðunni, ef ráðherra vill koma sínum fylgismönnum í stöðurnar, því eftir þessu frv. þarf hann engar skriflegar ástæður að gefa fyrir frávikningunni. Ráðherrann, eða bankaráðsformaðurinn, getur hjer eftir gefið ástæðurnar munnlega, upphátt eða í hljóði.

10., 11., 12. og 13. gr. eru afleiðingar af bankanefndarfyrirkomulaginu.

En 14. gr. fjallar um hið svonefnda bankaráð. Það atriði er skýrt í nál.

minni hl., og er þar sýnt fram á, hversu ótækt og hættulegt það fyrirkomulag er. Formaður bankaráðsins, sem flokkspólitískur ráðherra skipar, á einn, *fyrir hönd* bankaráðsmannanna, að athuga hag og stjórnsemi bankans; hinir bankaráðsmennirnir mega ekki koma þar nærri, en samt eiga þeir að úrskurða um mál bankans, vitandi ekki neitt annað en það, sem formaðurinn má eða vill segja þeim. Þetta getur ekki leitt af sjer neitt annað en þá örgustu „Korruption" í landi, sem er svo fáment, að hver þekkir annan, þar sem flokkapólitíkin er svo beitt, eigingjörn og siðlaus, að hvergi munu vera slíks dæmi, og á þeim tíma, sem byltingastefnan er að gera innreið sína í landið og hreiðra sig hjer, jafnvel uppi á æðstu valdatindum.

Kem jeg þá að 15. gr. frv., þar sem á að afnema aðra gjaldkerastöðuna sem sýslan, eftir að Alþingi að minsta kosti tvisvar er búið að ákveða, að þessi staða sje sýslan, eins og hin gjaldkerastaðan. Nú leyfi jeg mjer að spyrja hv. meiri hl., hvort hann ætlist til, að þessi breyting nái til núverandi fjehirðis bankans. (**JBald:** Auðvitað). Hvort það er meiningin að skifta um mann í þessari stöðu, eins og í bankaráðsstöðunum, og að þessi breyting sje gerð þess vegna? Allir vita, að ekki er hægt að leggja þetta starf niður. (**JBald:** Hvað segir bankastjórnin?). Hún segir, að setja þurfi í frv. bráðabirgðaákvæði, svo lögin snerti ekki þann mann, sem nú gegnir stöðunni. (**JBald:** Hún segir, að staðan sje óþörf). Jeg skal lesa upp það, sem bankastjórnin segir um þetta: „Ennfremur viljum vjer taka það fram, að oss virðist eðlilegt, að eigi sje lögákveðin nema ein gjaldkerastaða í bankanum, eins og gert er í 15. gr. (væntanlegri 43. gr. e.). Hversu framkvæmd á því gjaldkerastarfi verður, er þá í höndum bankaráðs. Sem stendur er önnur lögákveðin gjaldkerastaða, og virðist oss rjettast, að hún haldist, meðan sá maður gegnir henni, sem nú er skipaður í þá stöðu, og að hann haldi þeim rjettindum, sem hann hefir samkvæmt núverandi lögum. Ætti þá að koma um þetta atriði bráðabirgðaákvæði".

Jeg vona, að hv. frsm. meiri hl. sje fullnægt með þessu. (**JBald:** Já, já).

Þá kem jeg að 9. gr. frv., sem jeg hljóp yfir með vilja, sem er breyting við 37. gr. laganna. Þar er ákveðið, að bankaráðið eigi

1. að grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fram fer í hinum ýmsu starfsgreinum bankans, eins og bankaráði er ætlað að gera alstaðar erlendis.
2. að halda fundarbók, sem í skal rita það helsta, sem fer fram á fundum þess.
3. Fundarbók þessa á að leggja fyrir fjárhagsnefndir Alþingis á hverjum tíma til álita, til þess að Alþingi geti fylgst með í gerðum þess.
4. að gefa Alþingi skýrslu um ástand bankans í öllum greinum og hvernig bankanum hefir verið stjórnað, hvort nokkuð hafi verið vanrækt, sem gera hefði þurft, eða hvort nokkru þurfi að breyta.

Alt þetta á að strika út, og ennfremur samkvæmt 16. gr. frv. allar tryggingarráðstafanirnar í 39. gr. laganna, sem snerta bankastjórnina. En

þær tryggingarráðstafanir eru í 9 liðum, eins og nál. minni hl. ber með sjer. Jeg veit ekki, hvort jeg þarf að lesa það upp. Ef ekki yrði gengið til atkvæða nú í dag, þyrfti jeg þess ekki. En jeg býst ekki við, að hæstv. forseti treystist til að fresta atkvgr. til morguns, svo þingmenn fái tíma til að lesa nál. minni hl., ef umr. verður lokið í dag. Þess vegna ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þann kafla nál., sem þar um ræðir. Þar segir svo:

„Þá er lagt til í frumvarpinu að strika út 39. gr. bankalaganna, en í þeirri grein felst þetta:

1. að aðalbankastjóri hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum.
2. að framkvæmdarstjórnin haldi fundarbók, eins og verið hefir, sem í sjeu ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum hennar.
3. að eigi minna en 2 bankastjórar geti gert ályktun.
4. að að jafnaði skuli engar *meiri háttar* ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir.
5. að bankastjóri megi rita rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í gerðabókina, ef einhver ályktun er gerð á móti hans vilja.
6. að viðstaddir bankastjórar undirskrifi fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.
7. að hver deild bankans haldi sína dagbók.
8. að fundarbók bankastjóranna og dagbækurnar sjeu daglega lagðar fyrir bankaráðið, og
9. að fjarverandi bankastjóri beri ábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar".

Þetta er það eftirlit, sem gert er ráð fyrir í lögunum, að haft sje með bankastjórninni. Allar þessar tryggingarráðstafanir eru taldar óumflýjanlegar við seðlabanka í öðrum löndum, t. d. í Noregi. Og þar eru þó tryggingarreglurnar enn ákveðnari. Þar er t. d. í lögum ákveðið, að ef 1 bankastjóri af 5 flytur rökstudd mótmæli gegn því, að lán sje veitt, þá má ekki veita það. Svo strangar tryggingar eru þar. Tryggingarákvæðin í okkar lögum eru að mestu sniðin eftir norsku tryggingarreglunum, þótt þau sjeu ekki fullkomlega eins ströng og þar. Það var því engin vitleysa, sem farið var fram á á síðasta þingi. Það voru ekki nema sjálfsagðar tryggingar fyrir þjóðina, sem þá voru settar.

Nú er svo að sjá, að það sje stefna hæstv. stj. að gera eftirlitið með embættis- og sýslunarmönnum enn öruggara og strangara en verið hefir. Hvers vegna vill hún þá upphefja alt eftirlit með lífæð þjóðarinnar, Landsbankanum? Það er lítið samræmi í því hjá hæstv. stjórn. Og hvað ætli útlendir fjármálamenn segi, þegar alt þetta drasl er orðið að lögum?

Ekki sje jeg, hvað lánsheimildin í 7. brtt. háttv. meiri hl. á að þýða, þar sem hún er skýlaust ákveðin í lögunum sjálfum, í 62. gr. (**JBald:** Háttv. þm. hefir ekki skilið, hvað um er að ræða).

Jeg hefi nú gert stutta grein fyrir mótmælum minni hl. gegn frv. þessu, og vona jeg, að þjóðin afsaki, þótt mótmæli komi fram í þinginu, þegar hún sjer, að bankastjórnin öll er í meginatriðum sammála minni hl.

fjhn. og meiri hluti bankaráðs er minni hl. nefndarinnar sammála líka, að svo miklu leyti, sem álit þessara aðilja nær. Það er vitanlega ekki eðlilegt, að t. d. bankaráðið fari að segja nokkuð um þau atriði, sem það snerta. Og eins er um bankastjórnina. Sameinuð bankastjórn og meiri hluti bankaráðs mæla á móti flestu í frv., og mjer er óhætt að segja allir þeir hv. þingmenn í báðum deildum, sem öðrum fremur bera skyn á fjármál og bankamál landsins. Að þessu athuguðu ætti það að vera afsakanlegt af okkur, þótt við komum fram með mótmæli.

Þar sem nál. minni hl., sem er alllangt, hefir ekki verið útbýtt fyr en nú á fundinum (**Forseti:** Fyrir fundinn), þá eru það tilmæli mín, að hæstv. forseti fresti atkvgr. til morguns, svo að háttv. deildarmenn hafi tækifæri til þess að lesa nál. og melta það með sjer. (**Dómsmrh. JJ:** Það er nú ekki svo þungmelt, svo að það ætti að vera hægt á stuttum tíma).

Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að svara hv. frsm. meiri hl. (JBald). Það, sem hann sagði, var svo þunt og málinu óviðkomandi, að jeg get varla lagt út í að eiga við það. Hann sagði meðal annars, að það væri allra landsmanna krafa, að ríkissjóður tæki að sjer ábyrgð á Landsbankanum. Jeg hefi aldrei heyrt neitt um þetta fyr og jeg leyfi mjer að fullyrða, að þessi staðhæfing hans er sögð alveg út í bláinn. Það var þó svo á síðasta þingi, að samkomulag varð um þetta atriði; annars hefði bankamálið ekki komist fram. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að seðlabankinn þyrfti að vera sterkur banki. Jeg held það geti ekki verið meining hans, því að alt hans tal og tillögur ganga út á það að veikja hann.

Um það, að jeg hafi haft villandi frásögn um undirtektir landsstjórnarinnar um að gefa upplýsingar um niðurstöðu matsins, er það að segja, að jeg hermdi þar alveg rjett frá. Jeg vitnaði í hv. 3. landsk. (JÞ), sem hlustaði á eins og jeg. Ef hæstv. stjórn vill afhenda bankanefndinni þetta mat, þá er jeg altilbúinn að taka höndum saman við háttv. meiri hl. til þess að lagfæra 5. gr.

Hv. frsm. meiri hl. fjölyrti mjög um bókfærslu bankans, alla þessa óskapa skriffinsku, sem honum fanst vera, að bankinn ætti að halda 3 dagbækur, þ. e. a. s. sjerstaka dagbók fyrir hverja deild. Nú hefir verið haldin dagbók við bankann síðan 1909. Að minsta kosti var svo í minni tíð þau 9 ár, sem jeg var bankastjóri, að haldin var dagbók yfir öll lán og lánssynjanir. Bankastjórnina munar ekkert um, hvort hún skrifar þetta upp á eitt blað eða í þrennu lagi. Einhver starfsmaður bankans er síðan látinn færa lánbeiðnirnar af þessum blöðum inn í dagbækurnar daginn eftir; það er sama verkið hvort þær eru ein eða þrjár. Það er eðlilegt, að svo sje ákveðið, að bækurnar skuli vera 3, því að gert er ráð fyrir, að þessar stofnanir verði ef til vill síðar skildar frá bankanum sjálfum, og er þá heppilegra, að hver deild hafi sína bókfærslu og eignist þannig sína sjerstöku sögu. Með hliðsjón af því er það gert að hafa dagbækurnar þrjár í stað einnar. Og eins og jeg hefi sýnt

fram á, tefur það ekki nærri eins mikið og háttv. frsm. meiri hl. vill gera úr því. Hann talar rjett eins og allur tíminn hljóti að ganga í það að færa bækur og gera athugasemdir. Hvernig heldur hv. þm., að fari í Noregsbanka, þar sem bókhaldið er enn meira sundurgreint og skilyrði rýmri fyrir bankastjórana að gera ágreiningsatkvæði sín gildandi?

Jeg vil að síðustu minna á eitt, sem reyndar er vikið að í nál. okkar hv. 3. landsk., að alt eftirlit með bankanum frá þingsins hálfu er alveg afnumið með frv. Jeg vil vekja athygli á þessu og leggja áherslu á, að menn athugi það, hvort háttvirt Alþingi vill afsala sjer öllum rjetti til þess að hafa eftirlit með þessari lífæð þjóðarinnar, Landsbankanum.

Fjrmh. (Magnús Kristjánsson): Jeg álít, að sú heppilegasta aðferð, sem hægt er að hafa við þetta mál, sje það að eyða sem minstum tíma í umræður, vegna þess að það er hægt að ganga út frá því sem gefnu, að lítið muni verða sagt annað en það, sem komið hefir fram í umræðum um þetta mál á þingi í fyrra, og ræður manna mestmegnis endurtekningar á áður sögðu. Enda hefir það líka sýnt sig. Jeg sje ekki betur en hv. 1. þm. G.-K. (BK) hafi átt eitthvað niðursoðið af matvælum í fórum sínum síðan í fyrra og verið sje að bera það á borð fyrir okkur nú. Við það er í sjálfu sjer ekkert að athuga, því að niðursoðinn matur getur verið fullboðlegur, hafi hann í öndverðu verið kjarngóður. En því er ekki að heilsa hjer. Svo maður sleppi öllu gamni, þá veldur því, að jeg get verið stuttorður, auk þessa álits míns, það, að hv. frsm. meiri hl. hefir gert svo rækilega grein fyrir áliti meiri hl. og þeirra, er að því standa, að jeg þarf ekki miklu við að bæta frá eigin brjósti. En vegna þess að nál. hv. minni hl. ber allglögg einkenni þess að vera samið af hv. 1. þm. G.-K., sem mjer skilst á því, hve veikt það er í röksemdum, að jeg ekki segi barnalegt, en nálgast það þó, vildi jeg helst hlífast við að rífa það niður, þótt ekki geti það talist neitt þrekvirki. Jeg held, að hv. 3. landsk. hafi átt mjög lítinn þátt í inntaki þess.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að mjer finst undarleg sú staðhæfing í nál., að orðið hafi samkomulag um þetta mál á þingi í fyrra. Mjer væri forvitni á að fá að vita, hverskonar samkomulag það var. Jeg veit ekki betur en sá meiri hl., sem þá var, neytti aflsmunar og ljeti knje fylgja kviði til þess að koma sínum vilja fram. Og það var í raun og veru ekki nema ofur eðlilegt.

Margt er þessu líkt í nál., og er það nóg til þess að sýna, hve óvandvirknislega er frá skýrt og staðhæfingarnar á sandi bygðar.

Það lítur út fyrir, að hv. minni hl. þyki það furðulegt, að nú skuli vera gerð tilraun til þess að lagfæra það, sem meiri hl., sem nú er, þótti miður fara í fyrra um meðferð þingsins á bankamálinu. Það er alveg vitanlegt, og jeg þóttist hafa tekið það glögglega fram, að allar þær breytingar, sem þáverandi meiri hl. þings, með hv. 1. þm. G.-K. í broddi fylkingar, gerði á fyrirkomulagi bankans, voru að áliti minni hl. mjög spillandi. Minni hl. vildi aðhyllast frv. milliþinganefndarinnar í bankamálum með smávægi-

legum breytingum. Því ætti mönnum ekki að koma það neitt á óvart, þótt meiri hl., sem nú er, vilji neyta aðstöðu sinnar til þess að koma málinu í það horf, er hann telur, að betur mega fara.

Eins og jeg mintist á áðan, þá ríða þessar fullyrðingar í nál. hv. minni hl. ekki við einteyming. Þar stendur meðal annars þessi klausa:

„Minni hlutinn þorir að fullyrða, að hvergi í heiminum sje eins ótryggilega um nokkurn seðlabanka búið eins og verða mundi um seðlabanka Íslands, hvort sem frv. yrði samþykt óbreytt eða með þeim breytingum, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á því".

Hver er svo mikill bankafræðingur, að hann treystist til þess að fullyrða slíkt? (**BK:** Jeg skal lána ....) Jeg þarf ekkert að fá að láni hjá þessum hv. þm. Hans fróðleikur, þótt kannske sje mikill, hefir ekki ætíð verið notaður á viðeigandi hátt. Og svo mun hjer. Þetta er ekkert annað en fullyrðing út í loftið, og verður ekki sönnuð.

Mjer er nær að halda, að ekki sje hægt að hugsa sjer tryggilegra fyrirkomulag heldur en það, að ríkið taki skilyrðislaust að sjer allar tryggingar vegna skuldbindinga bankans. Það er þungamiðja þessa máls, að bankinn á bæði að vera undir eftirliti ríkisvaldsins og njóta af þess hálfu alls þess stuðnings, er hann þarfnast, svo að aldrei sje uggvænt um, að honum sje treystandi.

Önnur fullyrðing er þessi, hve afarhættulegt það gæti orðið áliti voru og trausti, ef það vitnaðist, að Alþingi hefði kipt burtu úr lögunum svo að segja allri yfirstjórn bankans og öllu eftirliti. Mjer verður á að spyrja: Er þetta virkilega alvara? Jeg held sannast að segja ekki. Hjer mun öllu heldur vera skákað í því skálkaskjóli, að menn sjeu fákænir um þetta og nenni ekki að kynna sjer það. Jeg held, að tryggingarnar reynist alveg eins góðar og öruggar, þó að feld sjeu niður nokkur smá og ómerkileg atriði, sbr. 37. og 39. grein. Þarf ekki annað en að athuga þessar greinar til þess að sjá, hve nauðalitla þýðingu þessi ákvæði hafa. Þessar venjur, sem hv. þm. er að hampa, að hann hafi haft um hönd meðan hann var bankastjóri, er auðvitað ekkert út á að setja. En enginn lifandi maður veit til þess, að þær hafi orðið þjóðinni til nokkurra sjerstakra heilla eða blessunar.

Það er mjög leiðinlegt að þurfa að vera að tína þetta upp og verja til þess löngum tíma að sýna fram á, hvað þetta nál. er óábyggilegt og fult af blekkingum. Það er furða, að minni hl. skuli leyfa sjer að koma fram með annað eins og það, að jeg hafi færst undan að láta hv. fjhn. í tje upplýsingar um niðurstöðuna af mati því, sem kallað er, að fram hafi farið á Landsbankanum. Það gegnir furðu, að komið skuli fram með slíkt, þar sem þeir hv. þm., sem að þessu nál. standa, vita mjög vel, að hægt er að hrinda þessu alveg samstundis. Sannleikurinn er nefnilega sá, að matsnefndin hefir hingað til reynst ófáanleg til að láta stjórninni í tje skýrslu um þetta mat, sem hún þó að sjálfsögðu hefði átt að gera. Stj. hefir mjög litlar upplýsingar fengið frá nefndinni og getur því engan rökstuddan dóm lagt á þetta mat, og mjer liggur við að segja, að enn

sem komið er geti þetta mat ekki talist annað en markleysa. Þá er talað um það hjer, að niðurstaða matsins sje ekki tekin til greina. En hver er þessi niðurstaða? Hvernig er hægt að taka til greina þá niðurstöðu, sem ekki er til, eða að minsta kosti ekki liggur fyrir? Það er að vísu satt, að nefndin hefir slegið fram allhárri upphæð, sem bankinn muni tapa, og með miklum eftirgangsmunum hefi jeg togað út úr nefndinni, hvernig þetta tap muni skiftast milli bankans sjálfs og útibúanna.

Þá er enn eitt furðulegt atriði í þessu nál., — reyndar á það við um alt nál., að það er hreinasta furðuverk(!) hvað allar ályktanir og röksemdafærslu snertir. Þar segir sem sje, að Landsbankinn hafi engan varasjóð átt í árslok 1926, og hv. minni hl. gerir ekki ráð fyrir, að hann hafi eignast hann heldur á árinu 1927. Jeg álít nú, að þetta fari alveg eftir því, hvernig á málið er litið. Það fer auðvitað eftir, hvernig ráðstafað verður gróða bankans á árinu. (**BK:** Það var ekki hægt fyrir nefndina að vita). Auðvitað, en þess vegna er þetta líka markleysa. Þá er talað um tvær leiðir til þess að veita bankanum nauðsynlegt öryggi. Í fyrsta lagi að afhenda bankanum fje sem hans eiginlega eign, og í öðru lagi að lána eða ábyrgjast honum nægilegt rekstrarfje. Þetta er auðvitað alveg rjett. — Jeg sje annars ekki annað en að allar ályktanir hv. minni hl. hnígi að því, að alt sje í voða um hag bankans, ef honum sjeu ekki lagðar til þessar 3 miljónir króna. En þessi rök eru alveg úti á þekju.

Jeg hleyp nú framhjá ýmsu, því að það mætti æra óstöðugan að rekja þennan feril allan.

Þá er reynt að gera lítið úr þessari fyrirhuguðu landsbankanefnd og telja hana þýðingarlausa og gagnslausa, meðfram og jafnvel einkum af þeirri ástæðu, að hún eigi að vinna kauplaust. Jeg er nú hinsvegar þeirrar skoðunar, að það sje engu síður hægt að vænta góðs af starfi nefndarinnar af þeirri ástæðu. Þetta á nú aðallega að vera trúnaðarstarf og auk þess mjög lítið starf.

Þá er því haldið fram, að ábyrgðarlausir menn muni standa að baki og hafa sín áhrif á nefndarmennina, sem verði háðir ráðríkum flokkspólitískum ráðh. Annars gengur þetta eins og rauður þráður í gegnum þetta merkilega nál., þetta, að pólitík sje svo hættuleg, að búast megi við öllu illu þar sem hún kemst að. Jeg verð nú að segja, að mjer finst þetta næstum barnalegt hjal og barnaleg hugsun, ef hún væri tekin í alvöru, þetta, að halda, að hægt sje að komast hjá pólitík í þessu máli. Jeg man nú heldur ekki til, að mikið bæri á þessum ótta í fyrra, þegar þessir hv. þm. (JÞ og BK) rjeðu hjer lögum og lofum. Nei, allar þessar miklu umbúðir nægja ekki til þess að hylja hugsunarháttinn og innrætið, sem hv. minni hl. hefir látið stjórnast af í þessu máli.

Þetta er alt vitanlega ekki annað en svæsnasta aðdróttun að stj. og meiri hl. þingsins um, að hann muni misbeita valdi sínu í þessu efni. Og þetta leyfa þessir hv. þm. sjer að koma fram með, þótt þeir hljóti að sjá í hendi sjer, að það hlýtur alt að hrynja til grunna um leið og hróflað er við því. Það er í raun og veru bæði broslegt

og sorglegt um leið, að nú skuli vera komið fram með aðra eins fjarstæðu og þessa, einungis af því, að nú eru aðrir menn teknir við stjórn landsins.

Þá taldi hv. frsm. minni hl., að mjög mikil trygging væri í því ákvæði, sem honum tókst að koma inn í lögin á síðasta þingi, að enga ákvörðun mætti taka í bankanum, ef einn bankastjórinn væri mótfallinn henni. (**BK:** Það er ekki svo orðað). En þetta gæti auðveldlega orðið til þess, að enga ákvörðun væri hægt að taka í bankanum, eða með öðrum orðum, að minnihlutavald væri skapað.

Svo þetta, að fjarverandi bankastjóri beri ábyrgð á því, sem fram fer í fjarveru hans, nema því aðeins, að hann skrifi athugasemd um það í dagbókina, er hann kemur heim. — Jeg tek þessi atriði aðeins til dæmis um það, hvað hugleiðingar hv. minni hl. eru allar í molum og standast enga gagnrýni. Þá átti það að vera ákaflega mikið atriði, að hafa einn aðalbankastjóra, en jeg gerði því þau skil á síðasta þingi, að jeg læt nægja að vísa til þess, sem jeg sagði þá um það atriði. Það er varla hægt að lesa yfir eina málsgrein í þessu nál. án þess að sjá djöfulinn alstaðar málaðan á vegginn; alstaðar kemur fram þessi mikli ótti við það, að ráðríkur flokksrh. hafi alt í sinni hendi. Jeg veit ekki, hvort þessi mikli ótti stafar af því, að jeg nú gegni þessu starfi í bili, en jeg get ekki betur sjeð en að hættan hafi verið alveg sú sama meðan hv. 3. landsk. (JÞ) var fjmrh. Jeg álít, að hvorugur okkar muni beita sjer svo þrælslega sem nál. gerir ráð fyrir.

Jeg get ekki verið að eyða orðum um svo lítið atriði eins og það, að frv. gerir ráð fyrir aðeins einum gjaldkera; jeg geng framhjá því að þessu sinni. Yfirleitt er í nál. samandregin sú hugsun, að núverandi þingmeirihluta og núverandi stj. sje á engan hátt treystandi til að ráða þessu máli til farsælla lykta. Jeg skal nú ekki fjölyrða um þessa hugsun, en hún virðist vera bygð á veikleika, sem ekki sje ástæða til að taka alvarlega. Eins og jeg tók fram í upphafi, var það tilætlun mín og von, að flokksmenn mínir og samherjar mundu líta svo á, að allar málalengingar væru tilgangslausar og óþarfar. Hv. frsm. meiri hl. (JBald) gerði nána grein fyrir þeim væntanlegu breytingum á bankalögunum, sem hjer er um að ræða, og þetta mál hefir verið svo þaulrætt á undanförnum þingum, að menn ættu að vera búnir að átta sig á, hvernig það liggur fyrir. Jeg skil því ekki fullkomlega ástæðuna til þess, að hv. frsm. minni hl. (BK) kom fram með ósk um það, að atkvgr. yrði frestað um málið. Jeg sje satt að segja enga ástæðu til þess. Jeg sje ekki, að það sje nema augnabliksverk að átta sig á þessu nál. hv. minni hl., og jeg fyrir mitt leyti er reiðubúinn til að ganga til atkv. um málið nú þegar.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, með því að hæstv. fjmrh. var bæði fáorður og meinlaus í minn garð. Hann mótmælti, eins og hv. frsm. meiri hl., því, að samkomulag hefði orðið um málið á síðasta þingi. Það er rjett, að það varð ekki samkomulag alls þingsins um þetta, en það var samkomulag milli íhaldsflokksins og nokkurra framsóknarmanna í hv. Nd.,

enda hefðu lögin annars ekki náð fram að ganga í því formi, sem þau nú eru. Hæstv. fjmrh. hjelt því fram, að breyting hefði orðið á stefnu okkar hjer í deildinni í fyrra, en þetta stafar af því, að hann hefir ekki næga þekkingu á þessum málum og skilur því ekki þetta. Hann hefir aldrei verið starfandi í banka, og getur því ekki lagt dóm á þetta. Annars trúi jeg ekki, að hann vilji halda því fram, að allar aðrar þjóðir, sem fylgja þessum reglum, sem við höldum fram, sjeu vitfirringar; þjóðir, sem hafa miklu meiri þekkingu og reynslu en við í þessum efnum. Jeg vildi óska þess, að hæstv. fjármálaráðherra og hans flokkur vildi gefa sjer tíma til að setja sig inn í málið áður en til atkv. er gengið. Þá sagði hæstv. ráðh., að matsnefndin hefði neitað að láta af hendi skýrslu um málið. Jeg kannast nú ekki við þetta. Nefndin gaf þá skýrslu, sem venja er að gefa um svona mat. (**Fjmrh. MK:** Er þetta nokkur skýrsla, þessi ómynd?). Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði með miklum eftirgangsmunum fengið upplýsingar um það frá nefndinni, hvernig tapið skiftist milli bankans og útibúanna. Við vorum spurðir að, hvort formaður mætti gefa skýrslu um þetta, og svöruðum því þegar játandi. Jeg get sagt hæstv. ráðh. það, að svo langt var ekki gengið við matið á Íslandsbanka.

Þá sagði hæstv. ráðh., að nefndin hefði ekki tekið með í reikninginn gróða ársins 1927. En hvernig átti hún að geta vitað um, hver hann varð. En hún mun hafa tekið fram, að sá gróði ætti að dragast frá væntanlegu tapi, hver sem gróðinn yrði. Þá sagði hæstv. fjmrh., að ekki væri nema eðlilegt, að þetta væri alt háð pólitík, og sagði, að bankaráðið hefði verið kosið eftir pólitík í fyrra. En hvað er það, sem nú er að gerast? Það er verið að setja bankann undir einvaldan flokksráðherra.

Jeg skal taka það fram, að jeg væri ekki svo mjög kvíðinn um þetta, ef hæstv. fjmrh. rjeði þessu einn. En það er nú ekki svo, að hann sje einn í stjórn landsins, og því þykir mjer þetta ískyggilegt. Jeg get tæplega verið að fást við einstök atriði. Til dæmis það, að bankastjóri skuli skrifa athugasemd í dagbók bankans, ef eitthvað það gerist í fjarveru hans, sem hann er ósamþykkur. En þetta er þó ekki svo lítilsvert. Það hefir komið fyrir, og líka hjer á landi, að bankastjóri hefir farið burtu til þess að koma á hina bankastjórana að veita lán, sem hann þorði ekki sjálfur að bera ábyrgð á.

Jeg endurtek það, að þess er ekki að vænta, að hæstv. ráðh. viti þetta, því að hann hefir ekki þekkingu á svona málum. (**Fjmrh. MK:** Mikið er sjálfsálitið).

Hæstv. ráðh. viðurkendi það að lokum, að hann hefði athugað þetta frv., en lýsti samt yfir því, að hann hefði haft of nauman tíma til að athuga það nægilega. (**Fjmrh. MK:** Alls ekki, jeg sagðist hafa athugað það). Mjer finst þetta mál vera svo stórt og mikilsvarðandi fyrir þessa þjóð, að mjer finst það vera of mikil fljótfærni og að það sje jafnvel hættuleg fljótfærni, ef farið er þannig með svona mál. Þess vegna vildi jeg óska þess, að hæstv. forseti gæfi hv. þm. heimild til þess að athuga málið í ró og næði

til morguns og láta atkvæðagreiðsluna þá fyrst fara fram.

Jeg skrifaði ekki hjá mjer fleiri atriði úr ræðu hæstv. fjmrh., vegna þess að mjer þótti ekki fleira þess virði, að farið væri að ræða það.

Jón Þorláksson: Hv. frsm. meiri hl. vjek í upphafi ræðu sinnar dálítið að eldri skoðunum og ákvæðum um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Landsbankans og afstöðu fyrverandi stjórna þar til. Þessi ummæli hv. þm. fjellu á þann veg, að jeg get ekki látið þau standa óathuguð, og þó að það, sem hv. þm. sagði nú, væri kannske endurtekning af einhverju, sem áður hefir verið sagt, og hafi áður verið svarað, þá get jeg ekki skoðað það sem neina afsökun, eða svo sem það veiti neina undanþágu frá að svara því nú aftur, úr því að það kemur fram á ný.

Það var yfirleitt skoðun lögfræðinga áður, að lög um Landsbankann frá 1885 væru tæmandi að því er snertir afstöðu ríkissjóðs til bankans, og að ríkissjóður bæri þess vegna ekki aðra ábyrgð á bankanum eða hefði aðrar skuldbindingar fyrir hann að lögum en þær, sem þar voru beint til teknar. En hitt, að hann var ríkisstofnun, gerði það, að sú stjórn, sem sat hjer frá 1922—1923, eða þáverandi bankamálaráðherra, dró þá ályktun, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka á sig skuldbindingar fyrir bankann með sjerstökum gerningi í hvert skifti, áleit það stjórninni heimilt án þess að fá umboð frá Alþingi. Í þessu liggur viðurkenning um það, að án slíks gernings væri ríkisstjórnin ekki ábyrg fyrir skuldbindingum hans, og um þetta var enginn ágreiningur milli hinnar íslensku stjórnar og þeirra útlendinga, sem veittu bankanum lán. Það, sem svo urðu nokkrar deilur um, m. a. á síðasta þingi, var það, hvort stjórnin gæti þannig skuldbundið ríkið eða þyrfti að hafa sjerstakt umboð frá Alþingi til þess, og það er náttúrlega, ef svo má segja, mál um skiftingu valds í landinu á milli umboðsvalds og löggjafarvalds, en skiftir ekkert það mál, hvort ríkissjóður að lögum beri ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans.

Jeg hefi altaf litið svo á, eftir að hafa rannsakað það, að ríkissjóður bæri ekki að lögum ábyrgð á skuldbindingum bankans, en náttúrlega gat ríkið, hvenær sem því sýndist, gengið í ábyrgð fyrir skuldbindingum hans. En hvort stjórnin þurfti samþykkis þingsins til þess, var alt annað mál, en hún varð að framkvæma þetta í hvert skifti gagnvart lánardrotni Landsbankans. Það var þess vegna í lögunum frá 1927 ekki gerð nokkur breyting á þessu atriði frá því, sem áður hafði verið. Það stóð við það sama, að alment tekið átti ríkissjóður ekki að bera ábyrgð á skuldbindingum bankans, ekki nema það, sem sjerstaklega var fyrir mælt í hvert sinn. Þetta hefir áður komið fram í löggjöfinni, og að svo hafi verið, sjest m. a. í hverjum lögum, sem sett hafa verið um veðdeild Landsbankans. Þau hafa inni að halda tryggingarákvæði um veðbrjef Landsbankans, og þessi ákvæði hafa verið mismunandi fyrir veðdeildarflokkana, og sumstaðar ákveðið svo, að ríkissjóður bæri ábyrgð að einhverju leyti, en sumstaðar enga. Jeg held t. d., að það

hafi verið svo um 1. flokk, en sumstaðar átti ríkissjóður að bera fulla ábyrgð, t. d. um 4. flokk, en á eftir öðrum tryggingum. Þetta sýndi greinilega, að löggjafarvaldið leit svo á, að það yrði að tiltaka það á einhvern hátt, ef ríkissjóður átti að verða ábyrgur fyrir skuldbindingum bankans. (**JBald:** Hvers vegna þurfti þá að takmarka ábyrgðina í Landsbankalögunum í fyrra?). Það var vegna þess, að ákveðinn, merkur lögfræðingur ljet í ljós gagnstæða skoðun. Það var með rjettu álitið óviðeigandi, að um jafnmikilvægt atriði gæti verið nokkur óvissa. Nú er stungið upp á þeirri breytingu í þessu frv., að ríkissjóður taki fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands, en á nýjum, erlendum lánum svo, að lagaheimild komi til í hvert sinn, og er hið síðara í samræmi við það, sem sagt er í lögum frá 1927, að til ábyrgðar á skuldbindingu bankans þurfi sjerstaka heimild í hvert sinn. En það er farið fram á það hjer í þessu frv., að ríkissjóður bæti á sig ótakmarkaðri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands.

Jeg skal nú játa það, og jeg hefi altaf sagt það, að ef hjer væri að ræða um seðlabanka einungis, þá er hægt að ræða um slíka tillögu, og það getur verið álitamál, hvort ekki væri rjett að taka upp eitthvert slíkt ákvæði, ef eingöngu væri um seðlabanka að ræða; þá yrði að skoða slíkt ábyrgðarákvæði í raun og veru hliðstætt því, ef ríkisstjórnin vildi ábyrgjast það, að stofnfje seðlabankans væri jafnan fyrir hendi og óskert, og það er vikið að því í nál. minni hl. og hefir verið um það getið hjer í dag, þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki haft það rjett eftir, að slík ábyrgð fyrir seðlabanka getur verið önnur leið til að afla honum stofnfjár. Ábyrgðin er tekin og freistað þess, hvað hann geti unnið sjer inn upp í stofnfjeð með arði sínum á komandi árum. En eins og þetta ber nú að, þá er hjer um alt annað og miklu víðtækara spor að ræða með þessari ábyrgð. Það er farið fram á það að taka ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum veðdeildarinnar, sem er ástæðulaust, því að í lögum veðdeildarinnar eru ákveðin fyrirmæli um það, hvort ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum hvers flokks, og hvernig hann gerir það, og því er haldið í því frv. um framhald á veðdeildinni, sem hefir verið lagt fyrir þetta þing og nú er í Nd. En uppástungan í þessu frv. er ábyrgðarfull ljettúð, sem ekki getur verið til annars en að rýra traust þess aðilja, sem slíka ljettúð sýnir um almenna ábyrgð fyrir sparisjóðsdeild bankans. Þetta er sú stærsta ábyrgð, sem orðið hefir verið hjer á landi, því að Landsbankinn hefir nú stærsta sparisjóð á landinu í sambandi við aðalbanka sinn hjer og allstóra sparisjóði við öll útibú sín. Jeg hygg, að reynsla manna með útibú þessa banka sje á þá leið, að ekki muni þykja líklegt, að tala þeirra verði aukin fyrst um sinn. En eins og nú er vantar mikið á það, að allir landsmenn geti náð til Landsbankans eða útibúa hans. Þau rjettindi, að fá ríkisábyrgð fyrir innlögum sínum, eru því tilskilin þeim einum, sem búa í námunda við aðalbankann eða útibú hans. En ef á að taka ábyrgð á sparifje þeirra manna, sem ná til Landsbankans og útibúa hans, en sú ábyrgð á ekki að ná til hinna, sem verða að

ávaxta sitt sparifje í þeim öðrum sjóðum og útibúum annara banka, sem hjer eru, þá er þetta fáránlegt misrjetti, sem ekki getur átt sjer stað til lengdar. Afleiðingin af slíkri ótakmarkaðri ábyrgð verður sú, að ríkissjóður verður einnig að taka að sjer samskonar ábyrgð á innlánum manna í aðra sparisjóði, eða í svo marga, að allir landsmenn eigi kost á að nota sjer ábyrgð ríkissjóðs fyrir sparifje sínu. Það getur vel verið, að sá meiri hl., sem nú er í þinginu, telji forsvaranlegt að gera þetta; en það er varhugavert. Við höfum sjeð þess dæmi nýlega, að það geta komið þær kreppur, að Landsbankinn geti ekki svarað út öllu innstæðufje, sem þar stendur, og það er varhugavert að haga þessu máli þannig, að ríkið neyðist til að gefa sig upp eða verði gjaldþrota, þó að jafnvel dynji yfir þeir tímar, að innstæðufje almennings geti ekki haldið áfram að vera óskert. En ef sú væri meiningin að láta Landsbankann og útibú hans hafa þessi forrjettindi, af því að Landsbankinn er opinbert fyrirtæki, eða ríkiseign, sem kallað er, en láta aðra sparisjóði ekki njóta sömu rjettinda, þá er með þessu ákvæði alveg áreiðanlega bruggað banaráð öðrum sparisjóðum í landinu, því að jafnvel þó að það sjeu erfiðleikar á því fyrir menn í öðrum hjeruðum að sækja til Landsbankans og hinna tiltölulega fáu útibúa hans, þá fer það samt svo, ef menn eiga ríkissjóðsábyrgð þar, en ekki heima í hjeruðunum; þá taka menn innstæðu sína út úr sparisjóðnum heima og senda hana til Reykjavíkur eða til einhvers útibús bankans. Þannig verður þetta til að draga blóð úr öllum sparisjóðum landsins og veita því til Landsbankans, hvenær sem það kemur fyrir, að menn hjer á Íslandi fara að óttast það, að einhver kreppa komi yfir.

Þetta álít jeg afskaplega rangt að gera. Jeg álít, að fyrir efnalegar framfarir landsins sje það nauðsynlegt, að þær peningastofnanir, sem upp eru komnar í ýmsum hjeruðum og hafa verið starfræktar jafnvel miklu viturlegar á þessum erfiðu árum heldur en Landsbankinn og útibú hans, fái að starfa án skaðlegrar samkepni frá hendi hins opinbera. Jeg álít varhugavert að fara svo að, að þær eigi ekki annað eftir en veslast upp af þeirri tæringu, sem af því leiðir, að ríkissjóður ber ekki ábyrgð á innstæðum manna í þeim, en ber aftur á móti ábyrgð á innstæðufje Landsbankans í Reykjavík og útibúa hans.

Jeg skal nefna þá tvo sparisjóði, sem jeg hygg, að hafi verið næst stærstir í landinu yfir stríðstímabilið. Það eru sparisjóðirnir á Sauðárkróki og Blönduósi. Mjer er sagt, að sparisjóðurinn á Sauðárkróki hafi tapað einni lítilli upphæð, sem var innan við hundrað kr., og hinn sama sem engu. Þegar slík starfsemi er að vaxa upp í hjeruðunum, borin uppi af íbúum hjeraðanna, þá er ekki rjett að gera neitt það, sem leggur þetta í auðn og dregur fjármagnið til Reykjavíkur eða annara þeirra staða, þar sem útibú Landsbankans eru. Hinsvegar er í lögunum frá 1927 þannig gengið frá þessu, að í raun og veru þurfa þeir, sem nú eiga sparifje sitt inni í Landsbankanum, ekkert að óttast, vegna þess að það var áður búið að fá Lands-

bankanum nokkurt innskotsfje frá ríkissjóði til tryggingar skuldbindingum hans, og lögin frá 1927 segja, að það skuli halda áfram að vera sem trygging fyrir sparisjóðsdeild bankans, þar til varasjóður hennar er kominn upp í 10% af innstæðufje, sem talið er fullkomlega tryggilegt.

Þetta er nú viðvíkjandi 1. gr., eins og hún er í frv. sjálfu, en svo ber hv. meiri hl. nefndarinnar fram brtt. við þessa grein, og þar sýnist mjer skjóta heldur skökku við, og jeg held, að það væri ráð fyrir hv. meiri hl. og hæstv. fjmrh. að segja lítið um, að það þurfi ekkert að tala um þetta frv. og að best sje að láta það ganga fram athugasemdalaust.

Þessi fyrsta brtt. fer fram á það, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, innlendum og útlendum, og það er þá útfærsla ábyrgðarinnar frá því, sem er í frv. En svo kemur framhaldið: „Til þess að taka lán erlendis *án tryggingar* í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána". Þessi 15. gr., sem í er vísað, er sú grein í Landsbankalögunum, sem segir, að seðlabankinn megi taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Til þess að setja slíka tryggingu þarf samþykki bankaráðsins og ráðherra, en í brtt. er nú farið að gera ráð fyrir því, að Landsbankinn taki lán án tryggingar í sjálfs sín eignum, og veit jeg ekki, hvað hv. meiri hl. hugsar sjer með því. Það getur ekki komið fyrir; það fær engin stofnun milli himins og jarðar lán án þess að hennar eignir sjeu til tryggingar fyrir láninu, svo að það þarf ekki að gera ráð fyrir því, sem segir í seinni hluta brtt. Það er hreinn og beinn misgáningur að hafa sett þetta nokkurntíma á prent. Það kemur sem sje aldrei fyrir með Landsbankann, fremur en aðra banka, að þeirra eigin eignir standi ekki sem trygging fyrir skuldum þeirra; en eins og greinin er orðuð, verður ekki annað skilið en að slíkt þurfi ekki að eiga sjer stað. **(JBald:** Þetta er misskilningur). Það er ekki misskilningur hjá mjer, en það kann að vera, að hv. meiri hl. meini eitthvað annað en í brtt. stendur, og þá ætla jeg ekki að reyna að geta í eyðurnar um það, hver meiningin er. Jeg treysti mjer ekki til þess, en eins og brtt. er orðuð, þá stendur alt efni hennar í fyrstu línu. Hvenær sem bankastjórnin notar heimild 15. gr. til að taka lán gegn tryggingu í eignum bankans, þá ber ríkissjóður ábyrgð á því, en því neitar hv. meiri hl., að um það sje getið í greininni, og dettur mjer þá í hug, að þetta sje einhver prentvilla í greininni; jeg get ekki sagt um það.

Þá skal jeg víkja að 2. gr. frv., sem er um stofnfjeð. Hv. frsm. minni hl. hefir þegar tekið það fram, og vísað til álits meiri hl. fjhn. frá því í fyrra, að það geti komið fyrir, að niðurstaðan af því mati, sem þá var ákveðið á bankanum, kynni að gera nauðsynleg einhver önnur ákvæði um stofnfje bankans. Út af þessu var það, að fjhn. öll bað formann sinn að bera upp þá spurningu fyrir fjmrh., hvort nefndin gæti fengið nokkra vitneskju um matið á bankanum, svo að þá yrði bygð ákveðin ályktun um stofnfjár-

þörf bankans. En formaður nefndarinnar, sem er hv. 2. þm. S.-M., flutti þau boð frá fjmrh., að hann óskaði ekki að láta nefndinni í tje neina vitneskju um niðurstöðuna af matinu. Bæði hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. hafa síðan gert tilraun til að mæla á móti því. Jeg skal nú ekki koma með nein mótmæli gegn því, þótt hæstv. fjmrh. taki þá afstöðu að mæla á móti þessu, því að það er hans að ákveða um það. En hitt er varla nema undandráttur, og varla sæmandi nokkurri stjórn, að bera það fram, að hún *geti ekki* gefið upplýsingar í málinu, af því að hún hafi ekki fengið nema svo litlar upplýsingar. Það ætlast enginn hjer í deildinni til þess, að stjórnin láti nefndinni í tje upplýsingar fram yfir það, sem hún hefir fengið frá matsnefndinni. En það stendur fast, að stjórnin hefir ekki viljað láta fjhn. fá þær upplýsingar um hag bankans, sem matsnefnd hefir látið hana fá. Jeg er ekkert að finna að þessu, en það verður að segja það eins og það er, að á meðan nefndin getur ekki fengið neinar slíkar upplýsingar, þá getur hún heldur engar tillögur um breytingar á ákvæðum um stofnfje bankans bygt á því.

Það hefir verið talað um það eins og það væri aðfinsluvert, að stjórninni hefir ekki verið gefin upp nema ein tala af nefndinni, sem þó síðar var sundurliðuð. En mín skoðun er sú, að eftir ákv. í 57. gr. bankalaganna, þá sje þar ekkert, er bendi til þess, að ætlast sje til, að stjórninni sje gefin sundurliðuð skýrsla um viðskifti einstakra skuldunauta bankans við hann. Og jeg held, að nefndin sje í góðum rjetti, þó hún vilji ekki láta stjórn í tje slíka skýrslu. Yfirleitt er það svo, þegar svona mat fer fram, að niðurstaðan er fólgin í einni tölu. (**JBald:** Hún er ekki altaf rjett). Annað mál er það. En hjer er ekki verið að tala um það, hvernig matið hafi tekist. Og það er alls ekki aðfinsluvert, þó stjórnin hafi ekki fengið nema þessa einu tölu.

Það er rjett, að því var beint til hæstv. fjmrh., hvort hann vildi gefa fjárhagsnefnd frekari upplýsingar um niðurstöðu matsnefndarinnar, en því var svarað neitandi.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að eftirlitinu í bankanum, til viðbótar því, sem hv. frsm. minni hl. sagði. Um það eru ítarleg ákvæði í lögum frá 1927, og er þar svo gengið frá, að Alþingi og stjórn hafi jöfnum höndum aðstöðu til að ganga eftir því, að eftirlitið sje framkvæmt. Annars skal jeg játa, að það er vafasamt, hvort heldur á að taka slík ákvæði í lög eða reglugerð. En nauðsynlegt er, að ekki sje vanrækt að setja tryggilegt ákvæði um eftirlit með bankanum. En hvernig stendur nú á því, að stjórnin leggur svo mikið kapp á að fá flest eftirlitsákvæðin úr lögum numin samtímis því, sem ríkissjóður á að taka á sig ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum bankans? Jeg get fyrir mitt leyti ekki fundið nokkra heila brú í því, að setja þetta tvent hvort við hliðina á öðru. Jeg vil nú ekki gera hv. meiri hl. neinar getsakir út af þessu, en jeg býst við, að fleiri en jeg hnjóti um þetta. Jeg held, að svo framarlega sem hv. meiri hl. vill

halda fast við það ákvæði, að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum bankans, þá sje það skylda hans að fella niður úr frv. öll þau ákvæði, er miða að því að rýra eftirlit Alþingis með honum. Því það lítur ekki vel út hjá þjóð, sem þó telst lifa við þingræði, að taka upp þá stærstu og víðtækustu ábyrgð á þjóðina, sem nokkurntíma hefir verið orðuð, en taka jafnframt burtu þau tryggingarákvæði, er þóttu nauðsynleg, þó ríkissjóður bæri ekki slíka ábyrgð.

Hv. frsm. meiri hl. komst svo að orði í ræðu sinni, að minni hl. hefði verið með hótanir til Landsbankans og gert tilraun til þess að rýra álit hans. Þetta er alls ekki rjett. Við höfum hvorki haft í hótunum við hann nje gert tilraun til þess að rýra álit hans. En það verður ekki komist hjá því, þegar svona till. koma fram, að benda á, að valdhafarnir verða að fara varlega í till. sínum. Og það er full ástæða til þess að benda á það einmitt nú, þar sem sum ákvæði þessa frv. ganga lengra en áður hefir átt sjer stað í því að beita flokkspólitík gangvart Landsbankanum. Eins og hv. þdm. muna, lagði milliþinganefndin til, að 15 manna bankanefnd skyldi vera yfir bankanum. Fyrv. stjórn tók svo þetta ákvæði í frv. það, er hún bar fram. Ekki af því, að henni fyndist það svo girnilegt, heldur af þeirri ástæðu, að henni fanst ekki taka því að fara að gera ágreining um þetta. Og jeg hefi aldrei heyrt nema eina ástæðu borna fram fyrir þessari tilhögun, og hún er sú, að hugsanlegt væri, að þessi 15 manna nefnd, þó kosin væri af Alþingi, yrði ekki eins bundin flokksböndum og þingið sjálft. Nú fór það samt svo, að þetta var felt burt á síðasta þingi, því það þótti óþarfi og menn höfðu enga trú á því, að þessi nefnd yrði hlutlausari í vali sínu í bankaráðið heldur en þingið sjálft. En til hvers er nú verið að koma með þessa breytingu á æðstu stjórn bankans nú? Jeg fæ ekki betur sjeð en að hún sje notuð sem átylla til þess að setja af alla núverandi þingkosna bankaráðsmenn. Skal jeg að vísu játa, að þetta er ekki ljóst, og því vil jeg leyfa mjer að leggja þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh., hvort það sje tilætlunin og skilja beri ákvæði frv. svo, að þessir 4 bankaráðsmenn, er á að kjósa, skuli strax taka sæti í bankaráðinu, eða að þeir taki við af þeim þingkosnu jafnóðum og þeirra kjörtímabil er útrunnið. — Jeg vildi helst mega geyma mjer framhald þessarar ræðu minnar, þar til hæstv. fjmrh. hefir svarað þessari spurningu minni. Og þó hæstv. forseti vilji þá telja þetta sem tvær ræður, mun jeg sætta mig við það og geyma þá til 3. umr. það, sem jeg mundi hafa sagt nú. En sem sagt, þá vil jeg helst ekki tala meira um þetta fyr en jeg hefi fengið svar við þessari spurningu minni frá hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg bjóst ekki við því í dag að taka aftur til máls; jeg hjelt, að umr. mundu hætta, þegar framsögumenn hefðu lokið sjer af, og hægt yrði að ganga til atkv. En úr því að úr umr. teygðist og fundur er byrjaður að nýju, þykir mjer rjett að drepa á nokkur atriði.

Það, sem hv. frsm. minni hl. sagði

um undirbúning á lögunum frá því í fyrra, var ekki nýtt. Hann talar um, að alt hafi verið grandgæfilega athugað, og því verður ekki svarað með öðru en því, að það er dómur hv. þm. (BK) um sitt eigið verk, en löngum hefir verið talið, að hverjum þyki sinn fugl fagur. Hann segir, að breytingin, sem gerð var í fyrra, hafi verið góð. Sú skoðun verður ekki tekin frá honum. Við segjum, að flestar breytingar hv. þm. hafi verið til hins verra og miðað að því að skapa óheppilegt ástand í bankanum. Líklega hefir höfundur breytinga þeirra, er gerðar voru í fyrra, miðað við það ástand í Landsbankanum, þegar hver höndin var uppi á móti annari og hver tortrygði annan.

Þá þóttist hv. frsm. minni hl. hafa farið nákvæmlega með orð hæstv. fjmrh., þegar hann svaraði þeirri fyrirspurn frá fjhn. þessarar deildar, hvaða niðurstaða hefði orðið af mati bankanefndar þeirrar, er nú hefir nýlokið mati sínu. Hv. frsm. minni hl. þóttist fara orðrjett með svar hæstv. fjmrh. En samt eru útgáfurnar af því svari þegar orðnar þrjár. Fyrst sagði hv. frsm., að ráðh. hefði verið það óljúft að skýra frá matinu; svo færðist hann undan því. (**BK:** Er þetta ekki það sama?). Nei, ef orðrjett er haft eftir, getur orðalagið ekki verið með mörgu móti. Og þriðja útgáfan kom frá hv. 3. landsk., sem sagði, að hæstv. ráðh. hefði ekki óskað eftir að skýra frá matinu.

Þá hældist hv. frsm. minni hl. yfir því að hafa fengið borgun fyrir nefndarstörfin og taldi það sönnun þess, að matið hefði verið gott að áliti hæstv. fjmrh. Jeg segi ekki, að matið hafi verið vont, en það verða víst skiftar skoðanir um það, hvort nefndin hefir unnið fyrir kaupi sínu. Sú saga gengur, að hver nefndarmannanna hafi fengið 6000 kr. samkvæmt kröfu sinni. Ef þetta er rjett, er um allríflega fúlgu að ræða, sem kemur á ábyrgð fyrverandi stj., af því að kaupið var ekki umsamið fyrirfram. Hv. 3. landsk. þm. bar ábyrgð á þessum fjáraustri fyrir nokkurra mánaða starf manna, sem jafnframt gegndu sjerstarfi sínu. Það er margt að koma í ljós af störfum fyrverandi stj., sem stingur í stúf við alt sparnaðarhjalið. Þessi austur er ekkert einsdæmi. (**BK:** Þetta er greitt fyrir sjö mánaða starf). Já, það gera h. u. b. 1000 kr. á mánuði. Dálaglegur bitlingur fyrir aukastarf. Og svo á það að vera sönnun fyrir því, að matið hafi verið gott, að hæstv. fjmrh. greiddi fjeð. Mjer finst það sanna ekkert annað en það, hve illa var frá nefndarskipuninni gengið af fyrv. stj. Og ofan á alt þetta bætist svo það, að nefndin vill ekki afhenda fjmrh. matsplöggin. Þau liggja víst hjá nefndarmönnum. Jeg heyrði, að hv. frsm. sagði í dag, að hann þyrfti að fara heim til að athuga þau. Stj., sem borgað hefir fyrir þetta, á ekki að fá matið. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig þetta er leyst af hendi; það er ekki komið fram enn. Hæstv. ráðh. hefir aðeins fengið eina tölu — og það með eftirgangsmunum —, er nefndin telur niðurstöðu athugana sinna. En enginn rökstuðningur fylgir þessari niðurstöðu. Það er því varla hægt að kveða vægar að orði en að segja, að þetta sje eitt af afglöpum fyrverandi stj., að búa svo illa um hnútana, að nefndin skuli hafa getað krafist hárra launa, án

þess að skila rökstuddu áliti um niðurstöðu þá, er nefndin komst að.

Hv. frsm. sagði um 1. gr. frv. og brtt. meiri hl. við hana, að það næði engri átt, að ríkið færi að ábyrgjast allar þessar 50 milj. kr., sem hann hefir í veltunni, rjett eins og bankinn eigi ekkert upp í þetta. Fyrst og fremst er bankinn eign ríkisins, og svo hefir hann á móti þessu öllu þau lán, sem hann hefir veitt. Og jeg veit ekki betur en að hv. frsm. hafi í fyrra verið á þeirri skoðun, að rjett væri, að ríkið bæri ábyrgð á Landsbankanum. (**BK:** Jeg var ekki lögfræðingur). Jeg held, að hv. þm. hafi verið á þessari skoðun, þegar Ólafur Lárusson gaf yfirlýsingu þá, er prentuð var í fyrra í áliti minni hl. um bankamálið. (**BK:** Jeg hefi lýst yfir gagnstæðri skoðun). Já, eftir að Lárus Jóhannesson hafði skrifað um málið. (**BK:** Þá er skrítið að vera að tala um þetta). Það er ekki skrítið. Mjer þykir rjett að minna á það, að maður, sem þykist hafa mest fjármálavit á þessu landi, var á þeirri skoðun í fyrra, að landinu bæri skylda til að ganga í ábyrgð fyrir bankann. (**BK:** Sagði það ekki). En nú er hv. þm. á gagnstæðri skoðun við sjálfan sig í fyrra. Og altaf segir hv. þm., að þekkingin sje sín megin.

Hv. þm. sagði, að eftir brtt. okkar þyrfti ekki að koma til kasta Alþingis til þess að samþ. ný lán. Þetta er ekki rjett. Það er ekki talað um annað en að ekki þurfi að leita samþykkis Alþingis hvað snertir gömul lán, t. d. Ameríkulánið. En auðvitað þarf fjmrh. að skrifa undir. Og það var einmitt talað um það í fyrra, hvort vert væri að hafa nafn ameríska bankans í heimildinni, því að ef það var ekki í lögum, þurfti ekki að samþykkja ný lög um framlengingu lánsins. Enda virðist það nóg, að Alþingi samþ. einu sinni lög um þetta. (**BK:** Þetta segir greinin ekki). Jú, einmitt þetta stendur berum orðum í niðurlagi brtt. okkar. Það þarf samþykki Alþingis til nýrra lána, en ekki til þeirra lána, sem þegar er búið að ábyrgjast, eða koma í stað gamalla lána. Það var strítt um það í fyrra hjer í þinginu, hvort Alþingi þyrfti að samþ. hvert nýtt lán, og töldu sumir það sjálfsagt, svo að þingið gæti fylgst með því, í hvaða ábyrgðum ríkissjóður stæði fyrir bankana erlendis.

Hv. frsm. sagði, að það væri ekki fullnægjandi stofnfje, sem tiltekið er í 3. gr. Það er þó sama og í fyrra, 5 milj. kr. (**BK:** Það er heimild). Í 5. gr. bankalaganna segir ekkert af eða á um það, hvort stj. eigi **að leggja** fram í einu þær 5 miljónir, sem gert er ráð fyrir, að verði stofnfje bankans. Og ákvæðin í frv. nú um 2 milj. króna innskotsfjeð eru hin sömu og í lögunum. En stjórninni er heimilað að leggja fram 3 milj. kr. sem viðbótarstofnfje. En það er ekkert ákveðið um það, hvort þetta eigi að leggjast alt fram í einu, og um þetta er heldur ekkert ákveðið í núgildandi lögum, eins og sjest á 62. gr. bankalaganna. Það er því ekki um eðlismun að ræða á þessum ákvæðum um stofnfje bankans eftir frv. og eftir lögunum frá í fyrra, eins og hv. frsm. vill vera láta.

Svo vil jeg segja, að ákvæðin um varasjóð sjeu rýmri til handa bankanum samkv. frv. en núgildandi lögum. Það verður auðveldara fyrir bankann að safna sjer varasjóði eða afskrifa töp heldur en nú er.

Hv. 1. þm. G.-K. spurði viðvíkjandi ákvæðum frv. um stofnfje bankans, hvernig nú mundi líta út, ef bankinn væri búinn að tapa innskotsfje ríkissjóðs. Það skal jeg ekkert segja um; það er ekki hægt að vita það. En jafnvel þótt hann væri búinn að tapa því, þá sje jeg ekki, að ákvæði frv. og núgildandi laga geri neinn mun í því efni. Bankalögin leyfa ekki að leggja bankanum meira fje en frv. Hvortveggja ákveða 5 miljónir kr. Bankinn er í því efni jafnvel eða jafnilla farinn samkv. lögunum sem frv. Annars hefir ekkert komið fram, sem bendir í þessa átt. En jeg gæti hugsað, að það stæði í ríkissjóði, ef hann þyrfti að fara að leggja fram margar miljónir króna til bankans. Þá er betra að grípa til þess, sem eðlilegra er og bankanum öruggara til styrks og trausts, að veita bankanum fulla ábyrgð ríkissjóðs. Er það bæði til að róa hugi þeirra manna, sem órólegir eru um fje sitt í bankanum út af því, að í lögunum frá í fyrra er bankinn sviftur að mestu leyti ábyrgð ríkissjóðs; og svo verður ríkisábyrgðin til þess að tryggja bankann. Ríkið á bankann, og er sú ábyrgð, sem það tekur á sig hans vegna, alls ekki sambærileg við ábyrgð þá, er nágrannaríkin hafa tekið á bönkum einstakra manna. Það er alt annað fyrir ríkið að styðja sína eigin stofnun eða stofnanir einstakra manna. Af því að hv. 1. þm. G.-K. var að vitna í erlenda reynslu, t. d. Noregsbanka, þá má minna á það, að með nágrannaríkjum vorum hafa átt sjer stað mistök í fjármálum. Það hafa orðið mistök á bankamálum Norðmanna. (**BK**: Ekki með seðlabankann). Það hafa orðið mistök hjá Dönum. (**BK**: Ekki með seðlabankann). Nei, það veit jeg vel, en með einkabankana. (**BK**: Það kemur ekki málinu við). En það kom við þá, sem áttu við þá banka að búa. — Þau mistök hafa reyndar ekki orðið vegna ógætilegrar bankalöggjafar, heldur vegna þeirrar „spekulations"-öldu, sem reið yfir og greip menn.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki meining bankalaganna, að bankinn greiddi vexti af gullforða sínum. Jeg skildi ekki almennilega, við hvað hann átti, en hafi hann átt við það, að bankinn eigi ekki að greiða vexti af stofnfje sínu, þá fæ jeg ekki betur sjeð en í 24. gr. bankalaganna sje ákveðið, að hann eigi að greiða 6% vexti. (**BK**: Af gróðanum). Já, en greiða 6% vexti af 5 milj. kr. (**BK**: Ef hann græðir). En hvað stendur í 3. brtt. okkar? „Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfje samkvæmt 5. gr., skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins." Það er með öðrum orðum nákvæmlega sama takmörkunin á vaxtagreiðslu bankans til ríkissjóðs og er í núgildandi bankalögum.

Jeg skal skjóta því hjer inn í, þótt hinum bankalærðu mönnum þyki það ef til vill ekki varlegt, að fyrir fátækt land — eins og hv. 1. þm. G.-K. kemst að orði, og ef til vill með rjettu — eins og okkar ætti það að vera nægilegt að hafa ábyrgð ríkisins á bankanum í staðinn fyrir gullforða. Jeg held, að það væri betra heldur en að láta nokkur gullstykki liggja ónotuð niðri í banka, meðan þjóðin stritast við að borga vexti af þeim. En hjá-trúin á gullið mun svo rík hjá mörg-

um, að ekki þýði að orða neitt slíkt, þótt vissulega ætti ábyrgð ríkisins að vera jafngild gullinu, því ef ríkið missir alla tiltrú, þá er bankinn farinn um og þá er sennilega flest farið.

Hv. þm. var að tala um samkomulag flokkanna í fyrra um að sleppa landsbankanefndinni úr frv. þá. Jeg skal ekki segja margt um þetta samkomulag; jeg var ekkert við það riðinn, en það veit jeg, að ekki komst á samkomulag hjer í deildinni og ekki við Framsóknarflokkinn í heild. (**BK:** Það sagði jeg ekki). En jeg get ekki kallað það samkomulag, þótt einn eða tveir menn úr Framsókn hafi verið fengnir til að falla frá þessu atriði. Og þetta náðist eingöngu með því, að meiri hluti beitti valdi sínu sleitulaust, eftir að hv. þm. hafði samið um brtt. sínar við hæstv. þáverandi fjmrh. og með þeim var orðið samkomulag. Þeir hv. þm., er fjellu frá þessu atriði í Nd., hafa ekki haft þá rjettu trú á styrk Íhaldsins og hugsað sem svo, að ekki væri eftir betra að bíða, og gæti málið ef til vill haft verra af að ná ekki fram að ganga á því þingi. En þetta samkomulag getur á engan hátt verið því til fyrirstöðu, að lögunum megi breyta nú. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það hafi náð svo langt, að sú hafi verið meiningin, að við þeim yrði aldrei hreyft framar.

Þá mintist hv. þm. á, að ráðstjórnarfyrirkomulag kæmi á bankann við landsbankanefndina. (**BK:** Meiri ráðstjórnarblær). Jæja, látum það þá vera svo. Það er svo sem auðvitað, að landsbankanefndin er rauðasti bolsevismi! En hverjir eru það þá, sem færa þennan bolsevisma yfir bankann? Jú, það eru þeir sendiherra landsins í Kaupmannahöfn, Sveinn Björnsson, hv. þm. V.-Ísf., hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. Þessir menn eiga uppástunguna um landsbankanefndina. Annars hjelt jeg, að þetta fyrirkomulag væri ekki verra, þótt það væri tekið frá ráðstjórninni, ef það á annað borð er gott og hagkvæmt.

Þá gerði hv. þm. mikið úr því, að alt eftirlit með bankanum væri lagt á formann bankaráðsins einan, en hinir bankaráðsmennirnir fengju þar hvergi nærri að koma. Þetta er hrein og bein firra. Í frv. er gert ráð fyrir, að bankaráðsmenn hafi fullkomlegt eftirlit með bankanum. Það atriðið, sem breytt er frá lögunum, er, að þau ætlast til, að formaður bankaráðsins og einn ráðsmanna sjeu altaf á hælunum á bankastjórninni, sjeu daglega á eftir henni. Það var bent á það í fyrra, að þetta væri óheppilegt, og það álítur meiri hl. enn. Það er nægilegt, að formaður bankaráðsins hafi aðallega með höndum hið daglega eftirlit. Bankaráðsmennirnir koma og athuga að sjálfsögðu, þegar þeim finst við eiga, og fara yfir allar skýrslur. Um þetta er ætlast til, að komi reglugerð, svo sem stendur í 13. gr. frv.; er þá hægt að koma inn í hana frekari ákvæðum en í frv. standa. En það kemur mjer ekki til hugar, að bankastjórnin fari að neita bankaráðinu um að líta yfir, þegar því finst þess þörf. (**BK:** Hvað stendur í lögunum?). Þar standa yfirleitt ekki ákvæði um alt, sem fyrir getur komið. Það er ekki hægt að taka alt slíkt í lög. (**BK:** Vill hv. þm. ekki lesa 14. gr. 1. málsgr. í frv.?). Það skal jeg gjarnan gera, með leyfi hæstv. forseta: „Formaður

bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt dagleġt eftirlit með starfsemi bankans". (**BK:** „Fyrir hönd ráðsins"!). Auðvitað fyrir hönd ráðsins, alveg eins og nú. Formaður bankaráðsins hefir nú eftirlit með bankanum sem bankaráðsformaður, en ekki t. d. sem póstmeistari.

Þá kom hv. þm. að því atriði frv., sem ákveður að leggja niður aðra gjaldkerastöðuna í bankanum. Spurði hann, hvort það væri meiningin að láta þann mann, sem nú gegnir þeirri stöðu, fara frá. Það skal jeg ekkert segja um, en mín meining er sú, að stöðuna beri að leggja niður sem lögbundna stöðu í bankanum, þar sem ekki þurfi nema einn gjaldkera við bankann. Skal jeg minna á það, að bankastjórnin er því sammála, eins og sjest í áliti hennar. Jeg skal lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta; reyndar las hv. þm. það upp í dag, en hann fór svo lágt með sum atriðin og hafði svo einkennilegar áherslur, að jeg ætla að leyfa mjer að lesa það aftur. Það hljóðar svo:

„Ennfremur viljum vjer taka það fram, að oss virðist eðlilegt, að eigi sje lögákveðin nema ein gjaldkerastaða í bankanum, eins og gert er í 15. gr. (væntanlegri 43. gr. e.). Hversu framkvæmd á því gjaldkerastarfi verður, er þá í höndum bankaráðs. Sem stendur er önnur lögákveðin gjaldkerastaða og virðist oss rjettast, að hún haldist, meðan sá maður gegnir henni, sem nú er skipaður í þá stöðu, og að hann haldi þeim rjettindum, sem hann hefir samkvæmt núverandi lögum. Ætti þá að koma um þetta atriði bráðabirgðaákvæði".

Þessi sýslan er komin inn í lögin eingöngu vegna dugnaðar og kappgirni þess manns, er hlut átti að máli. Jeg verð að vera á móti því, þó að maður fái stöðu hjá því opinbera, að þá sje hann fastur upp frá því og við honum megi ekki hreyfa, þótt jeg telji hinsvegar rangt að fleygja mönnum út á gaddinn. Fyr má nú vera en maðurinn fái 10—12 þús. kr. laun fyrir minni háttar stöðu. Mjer heyrist allir vera á einu máli um, að stöðuna beri að leggja niður, en hinu geri jeg ekki ráð fyrir, að þótt staðan sje lögð niður, þá sje manninum sagt upp öllum störfum í bankanum. Þurfi sjerstakan mann til að gegna þessu starfi, þá geta bankaráð og bankastjórn komið því fyrir, en í lögunum á ekkert um það að vera. Þótt bankastjórnin segi, að rjett sje að setja bráðabirgðaákvæði í frv. um, að þessi maður, sem nú gegnir starfinu, haldi sömu rjettindum og hann hefir samkvæmt núverandi lögum, þá ber engum skylda til að taka það til greina. Stöðuna á að leggja niður og borga minna fyrir starfið en nú er gert. Annars mundi rekstur bankans verða nokkuð dýr, ef samræmi verður komið á launin og laun fjehirðis lögð til grundvallar.

Hv. þm. sagði, að 7. brtt. á þskj. 477 væri óþörf. En það er hún ekki, eins og jeg vona, að hv. þm. muni átta sig á, er jeg bendi honum á það. Í 62. gr. bankalaganna er heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán til að leggja bankanum stofnfje. En vegna þess að í 2. brtt., sem á að vera 5. gr. laganna, er talað um viðbótarstofnfje, þá þarf það líka að heita

sama nafni í 62. gr., og fjallar 7. brtt. einmitt um það. Þetta er einungis gert til að samræma orðalag.

Jeg held jeg hafi nú minst á flest það, sem hv. þm. sagði. Þó sje jeg, að jeg hefi krotað niður hjá mjer þau ummæli hans, að þeir menn hefðu unnið að bankalögunum, sem öðrum fremur hefðu vit á bankamálum. Það er altaf gott að geta sagt, að þekkingin og vitið sje sín megin. En það er ekki víst, að allir taki það fyrir góða og gilda vöru. Jeg veit um marga menn, kunnuga bankamálum, sem líta á sumar till. hv. þm. við frv. í fyrra sem mjög barnalegar og bera síst vott um það, að að þeim stæði maður vel að sjer í bankamálum og margreyndur bæði sem bankastjóri og fjármálamaður.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 3. landsk. Hann mintist á það í upphafi, að sú væri skoðun lögfræðinga, að bankalögin frá 1885 hefðu verið tæmandi og landið ekki borið ábyrgð á öðru en því, sem þar er tekið fram. Þetta er ekki rjett. Prófessor við lagadeild háskólans lýsti því yfir í fyrra, að landið hafi borið ábyrgð á skuldbindingum bankans samkvæmt þeim lögum. Sú var og skoðun stjórnarinnar 1923, að landinu bæri að ganga í ábyrgð fyrir bankann, vegna þess að hann var eign þess. Þá gekk hún í ábyrgð fyrir bankann, af því að landið átti hann. Og hv. þm. hefir sjálfur haft sömu skoðun á þessu og stjórnin 1923, því í fyrra fjelst hann á, að landið gengi í ábyrgð fyrir amerískanska láninu, og er hans samþykki nægði ekki, þá fór hann til þingsins. (JÞ: Jeg hefi aldrei talið þetta rangt). Hv. þm. bauð einmitt ábyrgð landsins, og þegar það gekk ekki, kom hann til Alþingis og bað um almenna heimild til að ganga í ábyrgð fyrir Landsbankann. Frv. þetta, sem fjhn. Nd. bar fram fyrir hönd stjórnarinnar, hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka. — Frá fjárhagsnefnd. — 1. gr. 7. gr. laganna skal orða þannig: Landsbankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Ráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann, ef ríkisstjórnin telur þess þörf. — 2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi".

Þetta fór hv. 3. landsk. þá fram á: Almenna ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, sem ríkisstjórninni sýndist að samþykkja. Ekki er um það að villast, að á þingi í fyrra urðu skoðanaskifti í þessu máli há hv. 3. landsk. og íhaldsmönnum, eftir að einn af lögfræðingum bæjarins hafði skrifað um málið í „Morgunblaðið". Þá kom fram tillagan um að takmarka ábyrgð ríkissjóðs á bankanum. Þá sagði þessi hv. þm., að svo hefði verið litið á, að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á bankanum, nema þar sem það hefði verið sjerstaklega ákveðið. En jeg vil spyrja: Hvers vegna þurfti þá að takmarka ábyrgðina í fyrra? Það var vegna þess, að það var almennings álit og einnig álit merkra lögfræðinga, að ríkissjóður bæri fulla ábyrgð á bankanum. Annað mál er það, hvort þessi ábyrgð hefir verið æskileg. En jeg fullyrði, að það er almenn ósk, að ríkissjóður beri ábyrgð á sparisjóðsskuldbindingum bankans. Þetta er og mjög skiljanlegt. Talsverður órói hefir verið um bankana og menn hafa tekið

fje út úr öðrum þeirra í talsvert stórum stíl. Sama hefir átt sjer stað um ýmsa sparisjóði, en sumir þeirra hafa ekki getað greitt allar innstæður sínar. Þetta hefir slegið óhug á menn. Til þess að skapa ró og öryggi um bankann er það áreiðanlega besta og ódýrasta ráðið að ákveða, að ríkissjóður ábyrgist að fullu skuldbindingar bankans innanlands. — Hv. þm. sagði, að ástæðulaust væri að taka ábyrgð á veðdeild bankans. Það getur vel verið. Veðdeildin getur auðvitað staðið ein út af fyrir sig, því að þegar veitt eru lán úr henni, á altaf að vera fult verðmæti á bak við. En þá er ekki heldur nein áhætta að taka ábyrgð á henni. Svo er og því til að svara, að landssjóður hefir alls ekki verið afskiftalaus um veðdeildina til þessa. Hann hefir tekið lán til að kaupa veðdeildarbrjef, svo að hún hefði eitthvert fje að starfa með.

Hv. þm. talaði um ljettúðarfullar ráðstafanir. Jeg held, að það megi fremur teljast ljettúðarfult, er hann og fylgismenn hans sviftu í fyrra Landsbankann því trausti, er hann hafði haft, með því að afnema ríkisábyrgðina. Það var ljettúðarfult af hv. 3. landsk. Ef hann hefði ekki beitt sjer svo harðneskjulega í þessu máli, er ósennilegt, að það hefði gengið fram. Það er kunnugt, að það var ósk sumra flokksmanna hv. þm., að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á Landsbankanum, og hagsmunir sumra peningamanna flokksins samrímdust illa ábyrgðinni. Undan þessu ljet hv. 3. landsk. og flokkur hans.

Hv. þm. sagði, að ríkisábyrgðin væri freklegt misrjetti gagnvart öðrum sparisjóðum og þeim mönnum, sem ættu fje í þeim. Þetta er misskilningur. Þótt sparisjóðirnir megi að nokkru leyti teljast opinberar stofnanir, þá eru þeir þó ekki eign ríkisins. Það er sá mikli munur. Þar að auki ráða þing og stjórn yfir Landsbankanum. En þau hafa engin afskifti af stjórn eða fyrirkomulagi sparisjóðanna, nema ef telja skyldi eftirlitsmanninn, sem athugar bókhald og ástand sjóðanna og gefur ríkisstjórninni skýrslu um það. — Þetta verður ekki heldur til að draga fjeð frá sparisjóðunum til Reykjavíkur. Þeir liggja nú jafnan með lítið fje, því að það er svo dýrt. Ef hjeraðsmenn treysta sparisjóðnum, þá leggja þeir fje sitt í hann. Landsbankinn dregur fjeð ekki frekar frá sparisjóðunum nú en áður, meðan það var almenn trú manna, að ríkisábyrgð væri á sparisjóðsskuldbindingum hans.

Þá mintist hv. þm. á brtt. okkar við 1. gr. Virtist hann ekki skilja, að ætlast er til, að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum bankans. Hann sýndist ekki heldur skilja skilgreiningu okkar í brtt. Fyrst er almenn skilgreining; ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Síðan kemur nánari útlistun eða skilyrði, að til þess að taka lán erlendis þurfi sjerstaka lagaheimild í hvert sinn. Frá því eru þó tvær undantekningar: lán samkv. lögum nr. 10, 31. maí 1927, ásamt lánum þeim, er koma kunna í stað þeirra, og ennfremur lán, sem bankinn tekur gegn tryggingu í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr. Landsbankalaganna. Ef hv. þm. les 15. gr. laganna, getur hann sjálfur sjeð, að gert

er ráð fyrir, að seðlabankinn megi taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum, ef samþykki bankaráðs og ráðherra kemur til. Þetta eru sem sje þau lán, sem bankinn þarf ekki lagaheimild til að taka. Þau eru oftast tekin til skamms tíma, yrðu sennilega til þess að taka toppinn af þeim erlenda gjaldeyri, sem bankinn þarf nokkurn hluta ársins. Þykir óþarft að gefa út lög um það í hvert skifti.

Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að það veki tortrygni, að tekin er ábyrgð á skuldbindingum bankans. Það er auðvitað mesta traust fyrir bankann út á við. Enda hefir það sýnt sig, að það hefir ekkert þýtt fyrir bankana að fara utan og biðja um lán, nema þeir hefðu ríkisábyrgð. En þá hefir alt legið laust. Jeg man, að einn bankastjóri Íslandsbanka sagði í fyrra, að ef hann fengi ríkisábyrgð, gæti hann útvegað bankanum lán á einni viku. Það er í meira lagi undarlegt, að besta tryggingin, sem hægt er að veita bankanum, hljóti að vekja tortrygni á honum.

Hv. þm. var að tala um, að illa færi á því fyrir þingræðisþjóð að samþykkja ákvæði, sem fjarlægðu bankann eftirliti Alþingis. Mjer finst hv. þm. í meira lagi brjóstheill að segja þetta. Hann, sem bar fram hina makalausu stjórnarskrárbreytingu. Hún hefði þó í raun og sannleika orðið til þess að fjarlægja okkur þingræðinu. — En þótt jeg líti svo á, að margt sje betur farið í opinberri starfrækslu, þá tel jeg þó óheppilegt, ef þingið færi að fyrirskipa um sjerstakar framkvæmdir í stofnunum ríkisins. Það á að hafa sína trúnaðarmenn til þess. Landsbankanefndin á að verða einskonar skjaldborg um bankann. Jeg geri ráð fyrir, að hún yrði að mestu leyti kosin úr flokki þingmanna og annara mestu áhrifamanna þjóðfjelagsins. — Jeg fæ ekki skilið, hvernig hægt er að tryggja stofnunina, ef ekki með þessu og ríkisábyrgðinni. Hvað var það líka, sem kom Íslandsbanka til að gefa öllum helstu áhrifamönnum hjer í landi hlutabrjef, er hann fjekk hjer sjerleyfið? Hvað gekk honum til annað en að slá um bankann skjaldborg íslenskra áhrifamanna? Hinir dönsku fjármálamenn, sem að bankanum stóðu, sáu, að þetta var hinn besti stuðningur, sem þeir gátu fengið honum. — Það er samskonar skjaldborg, sem hjer er farið fram á að mynda um Landsbankann á opinberan og löglegan hátt. En hitt var náttúrlega dálítið vafasamt, hvort hinir góðu menn áttu að þiggja gjafir frá hinum erlendu gróðabrallsmönnum.

Hv. 3. landsk. var nú með aðra skýringu á landsbankanefndinni. Hjelt hann, að hún mundi ekki verða eins fastbundin flokksböndum, ekki eins pólitísk eins og hv. 1. þm. G.-K. er altaf að tala um. — Tal þess hv. þm. (BK) um pólitík minnir mig á gamla sögu um tvo nágranna prests nokkurs, sem báðir þóttu nokkuð hvinskir. Einu sinni sem oftar átti annar þeirra leið um hjá prestinum, og fór þá að tala um nágranna sinn og hnupl hans. „Það er þetta, að grípa, grípa, sem mjer er svo illa við, prestur minn", sagði hann. Eins er um hv. 1. þm. G.-K. og pólitíkina. Það er þessi pólitík, pólitík, sem honum er svo illa við. En lifir hann ekki og hrærist í pólitík? Hugsa ekki hann og flokksbræður hans altaf fyrst og fremst um flokkshagsmunina, og hafa

þeir ekki stundum gengið jafnvel ósæmilega langt í því? Eftir að stjórn hv. 3. landsk. hafði fengið sinn dóm hjá þjóðinni og stjórnin mátti teljast fallin, skipar hann úttektarnefnd á Landsbankann. Í bræði sinni yfir fallinu gengur hann lengra en hann gat talist hafa nokkra heimild til. Samkvæmt rjettum þingræðisreglum átti hann auðvitað að segja: Nú er jeg fallinn, og því hlýt jeg að láta það í hendur eftirmanna minna að ráða fram úr þessu máli. — Ef hann hefði hegðað sjer þannig, hefði hann kannske getað talað um „pólitík" hjá andstæðingunum í þessu máli. — En þeir verða seint teknir gildir sem siðferðispostular í pólitík, hv. 1. þm. G.-K. og hv. 3. landsk. Þeir geta ekki ætlast til, að þeir sjeu teknir alvarlega, þegar þeir tala svona. — Auðvitað er pólitík í öllum hlutum. Það er pólitík, að við lítum mismunandi á málin. En þeir eru að reyna að gera eitthvað voðalegt úr þessu orði, láta líta út fyrir, að „pólitík" sje eitthvað ljótt, sem enginn megi nærri koma. Sjálfir eru þeir þó gagnsýrðir af eiginhagsmunapólitík. Sjálfir skirrast þeir ekki við að nota vald sitt út í ystu æsar, jafnvel eftir að þjóðin hefir tekið af þeim ráðin.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg þarf engu að svara hv. frsm. meiri hl. Hann gaf ekkert tilefni til þess. En vegna þess að hv. 3. landsk. skoraði á mig að standa upp aftur, vil jeg verða við tilmælum hans. Skal jeg þá fyrst víkja nokkrum orðum að hv. frsm. minni hl., áður en jeg vík að ræðu hv. 3. landsk.

Aðalrökin hjá þessum hv. þm. (BK) voru þau, að ekkert mark væri takandi á mjer í þessu máli, þar sem jeg hefði aldrei fengist nokkuð við bankastarfsemi. En jeg get sagt hv. þm., að jeg hefi nú einmitt fengist nokkuð við þess háttar starfsemi, þótt það sje vitanlega engan veginn nóg til að gera mig nokkurn sjerfræðing í þeim efnum. Jeg var á sínum tíma í stjórn Sparisjóðs Norðuramtsins, og jeg hefi stundum verið fenginn til að gegna bankastjórastörfum í fjarveru aðalbankastjóra. Eftir þessar upplýsingar vona jeg, að hv. frsm. finnist það engin goðgá, þótt jeg leggi hjer orð í belg. Annars datt mjer það í hug, að mikið er sjálfsálit þessa manns. Það lítur út fyrir, að hann haldi, að enginn annar á þessu landi hafi nokkurt vit á fjármálum, og þá síst bankamálum. Jeg vona, að honum megi auðnast að lifa sem allra lengst í þessari sælu trú, og vil jeg ekki gera neitt til að raska rósemi hans.

En það var annað einkennilegt hjá hv. frsm. minni hl. Hann var að knýja mig sagna um starf þeirrar matsnefndar við Landsbankann, sem hann er sjálfur í; þessarar nefndar, sem bæði hann og flokksbræður hans hafa fyrirskipað, að haldi öllu leyndu. Hann spyr mig og liggur mjer á hálsi fyrir að gefa honum ekki upplýsingar um, hvað hann hefir sjálfur gert. Þetta tekur engu tali. Mjer virðist óneitanlega, að það sje hann, sem á að koma hjer og gefa mjer skýrslu, en ekki jeg honum. Aðalorsökin, sem veldur þessu vandræðaskrafi hjá hv. þm., mun vera sú, að honum fellur þungt að sjá, að andstæðingar hans hafi í náinni framtíð ráðstöfunarrjett um þessa stofnun, Landsbankann,

Háttv. þm. er sí og æ að stagast á því, hve hættulegt þetta einveldi sje, sem stefnt sje að með frv. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nokkur eðlismunur á því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, og því, sem fyrir honum vakir. Það er síður en svo einveldiskeimur af því, að mannmörg nefnd, valin af þingflokkunum með hlutfallskosningum, annist yfirstjórn bankans. Háttv. þm. ætti að gera sig rólegan, þar sem mikil líkindi eru til, að hans flokkur komi til með að hafa þar allmikinn íhlutunarrjett.

Þá mun jeg reyna að verða við áskorun háttv. 3. landsk., því að svo undarlega brá við, að hann þóttist ekki mega mæla fyr en hann heyrði álit mitt í þessu máli. Hann hefir þó ekki að jafnaði hingað til þótst þurfa að draga sig í hlje, þótt honum væri ókunnugt um afstöðu annara í þeim málum, sem hann lætur til sín taka. Jeg ætla fyrst að víkja að nokkrum smávægilegum atriðum, áður en jeg svara beinlínis spurningunni, sem hann lagði fyrir mig.

Þessi hv. þm. hefir aðallega gert að umtalsefni, hve óheppilegt væri, að ríkið tæki að sjer ábyrgð á Landsbankanum. Jeg gat þó ekki skilið orð hans á annan veg en þann, að í raun og veru teldi hann ekki miklu skifta, hvort ábyrgðin væri sú lagalega eða siðferðislega, því að í augum almennings stæði ríkið sem eigandi bankans á bak við skuldbindingar hans. (JÞ: Jeg sagði ekkert orð um þetta). Þetta sagði hann, að hvort sem ábyrgðarskyldan væri lögfest eða ekki, þá stæði það svo í huga almennings, að tryggingarskyldan hvíldi á ríkissjóði. (JÞ: Hæstv. fjmrh. fer Jóna-vilt. Það var nafni minn, háttv. 5. landsk., sem sagði þetta). Ennfremur sagði háttv. þm., að fleiri leiðir væru til en þessar tvær. Og jeg skal þegar geta þess til stuðnings mínu máli, að jeg veit ekki betur en þegar þetta mál kom fyrst inn í þingið 1926, þá væri háttv. 3. landsk. ekki búinn að átta sig á þessari hættu, er ríkissjóði gæti stafað af skuldbindingum bankans. Mjer finst því ekki með öllu ótrúlegt, að hv. þm. gæti aftur skift um skoðun við nánari athugun frv. og fallist á það fyrirkomulag, sem þar er gert ráð fyrir. Það eitt er víst, að háttv. þm. leist ekki fráleitlega á það framan af. En jeg vil geta þess til, þó jeg þori ekki að fullyrða neitt um það, að orsökin til þess, að hann söðlaði um, muni hafa verið sú, að hann hafi viljað mikið til vinna að kaupa fylgi hv. 1. þm. G.-K. alldýru verði til þess að missa hann ekki úr flokknum, og þess vegna hafi hann fallist á allar firrur háttv. 1. þm. G.-K., er lesa má í frv. eins og háttv. Alþingi samþ. það í fyrra. Jeg þori hiklaust að fullyrða, að svo mikill sjálfstæðismaður sem hv. 1. þm. G.-K. hefir altaf verið, svo mikill framfaramaður, svo mikill bankafræðingur og svo mikill vísindamaður, — jeg vil segja meira en að eigin áliti —, þá hafi hann ekki altaf kunnað jafnvel við sig í Íhaldsflokknum. Jeg er hræddur um, að vistin hafi verið honum stundum lítt bærileg og hann hafi orðið að leggja á sig ýmsar þjáningar til þess að þola hana. Hinsvegar hafi háttv. 3. landsk. orðið að bjóða allmikið í háttv. 1. þm. G.-K. til þess að hann gengi ekki úr vistinni.

Jeg skal þá víkja lítillega að þeim tveimur atriðum, sem háttv. 3. landsk.

hefir lagt mikið upp úr, og það er þetta: Meginástæðan til þess, hvað minni hl. álítur varhugavert, að sú breyting komist á, sem í frv. felst, er tryggingarfyrirkomulag landssjóðs gagnvart Landsbankanum.

Háttv. þm. segir, að í raun og veru lægi beint við, og verði enda að teljast sjálfsagt, ef ábyrgðarskyldan er samþykt, að taka samskonar ábyrgð á öllu innstæðufje sparisjóðanna alstaðar á landinu. Og jafnvel það eitt út af fyrir sig gæti orðið til þess að baka ríkissjóði gjaldþrot. Ennfremur segir hv. þm., að veiti ríkissjóður ekki sparisjóðunum samskonar hlunnindi og bankanum, þá sje það sama sem að brugga sparisjóðunum banaráð. Þetta er mikils til ofmælt. Jeg veit ekki betur en um margra ára skeið hafi þetta fyrirkomulag staðið á þann hátt, að opinberir sjóðir og stofnanir hafi orðið að hafa fje sitt í Landsbankanum, að sjálfsögðu á ábyrgð ríkissjóðs, án þess að hann tæki á sig neina slíka skuldbinding vegna sparisjóðanna. Þrátt fyrir það eru þeir enn í fullum gangi. Hv. þm. fullyrti, að afleiðingin af þessu, sem frv. gerir ráð fyrir um tryggingu ríkissjóðs fyrir skuldbindingum Landsbankans, mundi verða sú, að alment yrði tekið út úr sparisjóðunum alt innstæðufje og flutt í Landsbankann til þess að láta það njóta ríkisábyrgðar. En jeg spyr: Hví hefir ekki borið á þessu alt það langa tímabil, sem fyrirkomulagið var að nokkru leyti svo sem nú er til ætlast, að það verði? — Jeg get ekki varist því að efast um, að alt þetta hafi verið talað í fullri alvöru. Mjer hefir fundist sú aðferð, sem notuð hefir verið til þess að vekja andúð gegn frv., hafa verið — jeg vil ekki segja lævísleg — en þó eitthvað í þá áttina; hefir alt verið týnt til, sem fært hefir þótt að bera fram, til þess að gera ákvæði frv. tortryggileg.

Út af umtali og orðahnippingum milli mín og hv. 1. þm. G.-K. út af störfum matsnefndarinnar gat háttv. 3. landsk. þess, að nefndin hefði ekki verið skyldug til þess að gefa sundurliðaða skýrslu um störf sín.

Eftir þessa yfirlýsingu hv. þm. verð jeg að álíta svo, að það hafi verið með hans ráði, að nefndin hefir neitað að gefa slíka skýrslu. Því finst mjer það óbilgirni að heimta þessa skýrslu, sem ekki er til, af mjer; skýrslu um störf nefndarinnar, sem hún var ekki skyldug til að láta mjer í tje, að áliti hv. 3. landsk.

Báðir hv. minnihlutamenn, hv. 1. þm. G.-K. og hv. 3. landsk., eru sammála um það, að öll trygging, sem væri í frv. frá 1927 um eftirlitsstörf bankaráðs, væri nú numin burtu, og þykir þeim það mjög bagalegt, sem vonlegt er, ef rjett væri. En þetta eru hreinustu öfugmæli. Eftirlit það, sem bankanefndin og bankaráðið koma til með að hafa með bankanum, er í raun og veru langtum meira og vissara heldur en lögin gera ráð fyrir. En jeg býst ekki við, að vitinu verði komið fyrir háttv. þm. í því efni, og verði við svo búið að standa.

Jeg ætlaði mjer áðan að minnast á það sjerstaklega, hve fráleitt það væri, að þessir hv. þm. væru svo mjög að fárast yfir því, hve hættulegt það væri, að pólitík kæmi nærri þessum málum. Jeg ætlaði mjer aðallega að leggja út af þessu. En hv. frsm. meiri hl. tók efnið og ómakið af mjer, og

ætla jeg ekki að fara að endurtaka ummæli hans. Til þess að eyða ekki tímanum í óþarfa er þá rjettast að koma nú þegar að spurningunni, sem fyrir mig var lögð. Reyndar álít jeg í sjálfu sjer óþarft að svara henni, því að svarið liggur svo í augum uppi. Jeg fæ ekki annað sjeð en öllum ætti að vera ljóst, að verði frv. samþ. nú á þessu þingi í þeirri mynd, sem það birtist nú í, hljóti afleiðingin af því að verða sú, að bankanefndin verði kosin áður en þessu þingi slítur og nefndin muni þá um sama leyti velja bankaráðsmenn, sem henni ber. — Hvað snertir formann bankaráðsins, þá er allmikið samband þar á milli. Geri jeg fastlega ráð fyrir því, að ekki verði hjá því komist, að ný skipun fari fram eftir að undan er gengin kosning nefndarinnar og val fjögurra bankaráðsmanna, og til þess að samræma það, sem í lögunum stendur, verði skipun formanns bankaráðs af hálfu ríkisstjórnarinnar að fara fram á svipuðum tíma. — Jeg skil ekki annað en hv. 3. landsk. fallist á, að þetta sje sú rjetta skoðun á þessu atriði málsins. Framkvæmdirnar hljóta að fara fram mjög bráðlega eftir samþykt laganna.

Jón Þorláksson: Til þess að stytta það, sem jeg þarf að segja við 3. umr., ætla jeg nú þegar að svara sumu, sem sagt hefir verið hjer í kvöld.

Háttv. 5. landsk. gerði borgunina til matsnefndarinnar að umtalsefni, fyrst á þann hátt, að hann sagði — og var heldur en ekki rökveila í hugsuninni —, að borgun sú, er matsnefndarmennirnir fóru fram á fyrir störf sín við úttekt bankans, væri á mína ábyrgð, af því að jeg hefði *ekki* um hana samið. Ef hann hefði getað sagt, af því að jeg hefði samið um einhverja vissa upphæð, þá bæri jeg ábyrgð á, hversu há hún væri, þá var það þó hóti nær rökrjettri hugsun. En jeg hafði ekki samið um neitt kaup, og býst jeg við, að fáir verði hv. þm. sammála um að eigna mjer ábyrgðina. Sannleikurinn er sá, að um starf þetta var svo ákveðið, að ráðherra hefði úrskurðarvald um upphæð reiknings fyrir kaupgreiðslunni. Hvort upphæðin, sem farið var fram á, hafi verið of há ellegar ekki, skal jeg ekkert um segja. Jeg tel mig ekkert um það vita, þótt jeg hafi heyrt hv. 5. landsk. hafa það eftir sögusögnum hjer úr bænum, að kaupkrafan hafi verið ískyggilega há. Hæstv. fjmrh. hefir valið þann kostinn að borga reikninginn umtölulaust. Skal jeg hvorki lofa hæstv. eftirmann minn nje lasta fyrir það.

Mjer er legið á hálsi fyrir það og það ekki talið rjett af mjer að hafa skipað nefndina og formann bankaráðsins, þar sem kosningar fóru fram og stjórnarskifti voru í vændum. Jeg taldi þessar stjórnarathafnir skyldu mína, sem jeg gæti á engan hátt skorast undan, ekki af því að jeg hafi svo gaman af sem sumir aðrir að sinna stjórnarstörfum, heldur vegna hins, að lögunum var mjer skylt sem ráðherra að framfylgja, eða gerast sekur um lögbrot ella. Landsbankalögin gengu í gildi nokkru áður en kosningar fóru fram með þeim úrslitum, sem kunn eru orðin. Jeg varð að álíta mjer skylt, er jeg hafði útvegað konungsstaðfestingu á lögunum, að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til þess að byrja á

framkvæmd laganna. Og fyrsta sporið varð þá vitanlega að vera það, að skipa nefnd þá, er átti að annast úttekt bankans.

Hvað kosningarnar snertir, þá hefir það hingað til verið föst venja, sem fyrst var vikið frá í sumar, að stjórnarskifti fari ekki fram nema á þingi. Þótt sýnt þætti, að breyting sú, er kosningarnar höfðu í för með sjer á flokkaskipun þingsins, mundi óhjákvæmilega leiða til stjórnarskifta, mátti við því búast, að þau yrðu ekki framkvæmd fyr en Alþingi kæmi saman laust eftir áramót. Um það gat jeg ekkert vitað ákveðið, þótt jeg fyrir mitt leyti hefði allar óskir um það, að stjórnarskifti gætu fram farið sem fyrst. Jeg gat ekki dregið þessa stjórnarathöfn vegna kosninganna, þar sem jeg gat búist við, að það þýddi drátt á framkvæmd laganna fram á næsta þing, en það hefði verið alveg óverjandi og við því búið, að jeg hefði fyrir þá vanrækslu verið dreginn fyrir landsdóm, ef svo hefði farið, sem alt eins mátti búast við, að stjórnarskifti yrðu ekki fyr en um áramót eða eftir þau. Hefi jeg aldrei, hvorki fyr nje síðar, heyrt þetta átalið af nokkrum manni, nema nú af hv. 5. landsk. Hvernig þessi útnefning hafi tekist, um það má aftur á móti deila. Og svo er um flestar, ef ekki allar stjórnarathafnir, að deildar meiningar eru um það, hversu þær sjeu af hendi leystar, þótt hitt orki ekki tvímælis, að þær hafi átt að framkvæmast, en ekki að vera látnar ógerðar. En jeg vil nota tækifærið til þess að segja frá því, af hverju jeg ljet leiðast í valinu á úttektarmönnum bankans. Það voru ekki eintómir flokksmenn mínir, sem jeg valdi í þessa nefnd, eins og haldið hefir verið fram hjer í deildinni af hv. 5. landsk. (**JBald:** Það voru alt flokksbræður hv. þm. nema einn embættis- eða sýslunarmaður, sem ekki varð framhjá gengið vegna stöðu hans). Það voru ekki pólitískar skoðanir, sem jeg fór eftir, heldur áleit jeg fyrst og fremst æskilegt að reyna að stilla svo til, vegna þess sem fer milli stjórnar Landsbankans og viðskiftamanna hans, að sem fæstir óviðkomandi menn ættu sæti í nefndinni, þannig að tala þeirra manna, sem vitneskju hefðu um innri hagi bankans, þyrfti ekki að aukast mikið. Við þetta var valið miðað. Eftirlitsmann banka og sparisjóða tók jeg í nefndina vegna þess, að hann á að vera sjerstaklega fær til þess að framkvæma slíkt mat sem nefndinni var ætlað, sakir kunnugleika síns af þeim málum. Þá tók jeg skattstjórann hjer í Reykjavík, sem samkvæmt stöðu sinni hefir embættisskyldu til að vera kunnugur efnahag og ástæðum manna hjer í Reykjavík, en hjer eru margir stærstu viðskiftamenn bankans búsettir. Sem þriðja mann tók jeg fyrv. bankastjóra við Landsbankann, sem auðvitað hafði fullan kunnugleika á högum viðskiftamannanna til þess tíma, er hann ljet af bankastjórn. Þá tók jeg sem fjórða mann í nefndina þann mann, er jeg áleit, að skipaður myndi verða endurskoðandi samkvæmt bankalögunum. Jeg gerði ráð fyrir því, að til þess myndi valinn maður með fullri sjerþekkingu í þeirri grein, og hann var þá hinn eini í landinu, sem hafði

þá sjerþekkingu, þótt einn hafi bætst við síðan. Og loks tók jeg sem hinn fimta þann mann úr verslunarstjettinni, sem njóta mun einna almennasts og óskoraðsts trausts allra sinna stjettarbræðra og alls almennings. Jeg held því, að valið á þessari nefnd hafi ekki tekist illa. Enda hefi jeg aldrei heyrt neinar aðfinslur um það fyr en nú. Og þær aðfinslur hefir heldur ekki verið reynt til að rökstyðja, enda hygg jeg, að það sje ekki hægt. — Þá skal jeg um leið segja frá því, að þegar jeg valdi formann í bankaráðið, þá var það tvent, sem jeg óskaði að sameina. Annað var það, að hann hefði þekkingu á bankamálum, hitt, að hann nyti fullrar virðingar út á við. Jeg held nú, að jeg hafi getað fullnægt þessari ósk minni um að sameina þetta tvent. Maður sá, er valinn var formaður bankaráðsins, hefir tekið háskólapróf í þeirri fræðigrein og hann er sá maður, sem vegna þekkingar sinnar og hæfileika mun auka virðingu bankans út á við, auk þess sem hann er þektur og velmetinn borgari fyrir langt og gott starf. Um stjórnmálahlutdrægni um þessa skipun getur ekki verið að ræða, þar sem þessi maður hefir ávalt haldið sjer algerlega utan við stjórnmál, að öðru leyti en því, að hann hefir sem borgari neytt kosningarrjettar síns. — Til viðbótar því, er jeg sagði um nefndarskipunina, skal jeg taka það fram, að það kom mjög til yfirvegunar fyrir mjer, þegar jeg skipaði nefndina, hvort ekki væri fært að taka aðra menn, og þá einkum úr öðrum stjórnmálaflokkum. En um alla þá menn, er annars gátu komið til greina, var því svo varið, að þeir voru annaðhvort sjálfir stórir viðskiftamenn og lántakendur Landsbankans, eða þeir voru í þjónustu stærri fyrirtækja, sem einnig voru lántakendur bankans, en slíkir menn áleit jeg, að ekki gætu átt sæti í matsnefndinni.

Þá sýndi hv. 5. landsk., að hann hefir ekki skilið muninn á almennri ríkisábyrgð á bankanum annarsvegar og þeirri ábyrgð, sem stjórnin hefir tekið á tilteknum skuldbindingum bankans hinsvegar, og telur, að jeg hafi haft skoðanaskifti um þetta mál. En jeg hefi aldrei talið það rangt hjá Klemens Jónssyni, þótt hann teldi sig hafa heimild til að ganga í slíka ábyrgð. Jeg hefi þvert á móti stuðst við það fordæmi sem heimild fyrir mig til að gera hið sama. En þetta sannar það, að þessar tvær fyrverandi landsstjórnir hafa litið svo á, að til þess að um ábyrgð ríkisins væri að ræða, þá þyrfti að skrifa upp á, enda hefir Landsbankinn ekki talið sig hafa fullgilda ábyrgð ríkisins nema það væri gert. Þetta er því engin undantekning frá hinni almennu reglu.

Hæstv. fjmrh. hjelt því fram, að jeg hefði verið á annari skoðun um þetta mál árið 1926. En jeg held, að hæstv. ráðh. sje nú farið að förlast minni, því þetta mál kom fyrir á þingi 1924 og hefir verið til meðferðar á hverju þingi síðan. En í því frv., er jeg lagði fyrst fyrir þingið, var það ótvírætt tekið fram, að ríkið legði ekki fram aðra almenna ábyrgð en stofnfje eða innskotsfje það, er ríkið leggur bankanum. Allri annari almennri ábyrgð, nema sjerstök ákvörðun sje um það tekin, hefi jeg altaf verið mótfallinn. Það er því alger óþarfi fyrir hæstv. fjmrh. og hv. 5. landsk. að vera að bregða mjer um

skoðanaskifti í þessu máli. Skoðun mín hefir ávalt verið hin sama. (**JBald:** Nei, hún breyttist á þinginu í fyrra!). Nei, hún breyttist ekkert þá. Í frv. þá kom alveg hið sama fram og Klemens Jónsson lagði til grundvallar fyrir sínum gerðum, það, að ríkisstjórnin hefði heimild til að ganga í ábyrgð fyrir bankann, en ekki það, að bankinn nyti ábyrgðar ríkissjóðs alment án þess að ríkisstjórnin gæfi sjerstaka skuldbindingu út í hvert skifti.

Þá hjeldu þeir því báðir fram, hæstv. fjmrh. og hv. 5. landsk., að í meðvitund almennings væri það álitið, að ríkið bæri algerða ábyrgð á bankanum. Jeg fullyrði, að þetta er ekki svo. Það er alls ekki almenningsálit, að ríkið beri lagalega ábyrgð á bankanum. En það er alment álitið, að til þess muni ekki koma, nema um alveg sjerstaka og óviðráðanlega atburði sje að ræða, að innstæðueigendur geti tapað fje sínu þar. Í þessu sambandi er rjett að nefna það, að það hafa verið gerðar tilraunir til þess hvað eftir annað á síðari þingum, af hálfu sumra þeirra manna, er nú standa að þessu frv., að skerða þetta innlánsfje með tillögum um stýfing eða lækkun krónunnar. Þeirri ráðstöfun átti ekki að undanþiggja innstæðueigendur í Landsbankanum. Og þær till. bera vitni um, að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á innstæðufje manna í bankanum. (**JBald:** Þetta er nokkuð langt sótt skýring!). Nei, það er ekki langt sótt; það þarf ekki að fara lengra en til þingsins í fyrra. — Þá hafa þeir litlu getað svarað, sem naumast heldur er von, því, er jeg sagði nú og hefi sagt áður á þingi um hættu þá, er af því mundi stafa fyrir sparisjóði landsins, ef ríkisábyrgð væri veitt á sparisjóðsfje Landsbankans, en ekki á öðru sparisjóðsfje. Það hefir enn ekkert ríki leyft sjer að gera slíkan mannamun á rjetti þegnanna eins og hjer er farið fram á að gera. Þetta gæti hvergi átt sjer stað, nema þá í ráðstjórnarlöndum, þar sem bankarnir eru algerlega í höndum ráðstjórnarinnar. Og vegna hvers? Jú, það er af einni og sömu ástæðu alstaðar, að enginn hefir sjeð sjer fært að gera þetta. Og ástæðan er sú, að sú stofnun, sem tekin væri slík ábyrgð á, myndi algerlega eyðileggja aðrar samskonar stofnanir. Það hefir að vísu verið gert í einstaka löndum að veita bönkum takmarkaða ábyrgð um stundarsakir á krepputímum, vegna þess að þeir hafa komist í þröng og talinn hefir verið þjóðarhagur að styðja þá í bili. En þeir hafa um leið verið settir undir opinbert eftirlit, sem meðal annars hefir varnað því, að þessir bankar drægju til sín óeðlilega mikið fje frá öðrum bönkum eða stofnunum. Þetta hefir aðeins verið gert sem neyðarráðstöfun og alment verið álitið, að mjög varlega þyrfti að fara í því efni, ef það ætti ekki að verða öðrum peningastofnunum til tjóns. Þetta myndi koma afarilla niður hjer, því stórir landshlutar eru svo settir, að þeir ná ekki til Landsbankans nje útibúa hans um viðskifti sín. Og þegar búið væri að eyðileggja sparisjóðina í þeim hjeruðum, þá væru þau svift öllum bankaviðskiftum. Einkum næði þetta til allra smærri viðskifta.

Ef litið er á þetta mál frá pólitisku sjónarmiði, þá má nú segja það, að jeg ætti ekki að álíta, að það væri andstæðingum mínum of gott að gera þessa skyssu, sem áreiðanlega mundi verða þeim að falli. En þótt jeg vildi ekki telja þá undan því, þá vil jeg þó ekki, að það lendi svo geipilega á landsmönnum sem þetta myndi gera, því þetta myndi verða til ómetanlegs tjóns fyrir alla þá mörgu, sem ekki ná greiðlega til Landsbankans, svo sem er um afskekt hjeruð og flest smærri viðskifti manna, sem nú fara fram við sparisjóðina. Hv. 5. landsk. hefir ekki getað svarað þessu öðru en því, að ríkið eigi Landsbankann; en það er ekki nema önnur hlið málsins. Hin hliðin snýr að landsmönnum, og þeim er sama ranglætið sýnt, hvort sem bankinn er eign ríkisins eða ekki. Jeg get fullvissað hv. 5. landsk. um það, að það er misskilningur hjá honum, að það sje almenn ósk, að ríkið taki slíka ábyrgð fyrir Landsbankann. Það kann að vera almenn ósk um það, að innstæðueigendur hans verði ekki fyrir neinu tapi á innlánsfje sínu. En það er áreiðanlega alt annað en almenn ósk, að gert sje þannig upp á milli lánsstofnananna, að allar inneignir manna dragist frá sparisjóðunum og lendi hjá Landsbankanum, svo að hann verði hin eina lánsstofnun, sem hefir yfir sparifjárpeningum að ráða. Reynslan síðan í fyrra, er lögin voru samþykt, hefir líka sýnt það, að bankinn þarf ekki þessarar ábyrgðar við. Bankinn hefir engan álitshnekki beðið af þeim lögum, enda þurfti ekki við því að búast, þar sem það fje var aukið, sem skoða má sem tryggingu fyrir innlánsfjenu.

Þá hefir hv. 5. landsk. algerlega mistekist að skýra tilgang brtt. við 1. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því, sem ómögulega getur skeð, sem sje að bankinn geti tekið lán „án tryggingar í sjálfs sín eignum". Þetta getur aldrei komið fyrir. Allar stofnanir, sem taka lán, tryggja það með eigin eignum. Svo er það t. d. með bæjarfjelagið hjer. Jeg hefi átt sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur, og er mjer kunnugt um, að öll lán, sem þar voru tekin, voru trygð með eignum lántakanda. (**J. Bald:** En það er ekki nægilegt fyrir Landsbankann). Mjer skilst af því, sem hv. 5. landsk. segir nú, að hann muni meina ný erlend lán og að til þess þurfi lagaheimild. Það er nú fult vit í því, ef brtt. gerði ráð fyrir þessu, en hún bara gerir það nú ekki.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði sagt, að það myndi vekja tortryggni gagnvart bankanum, ef ábyrgðin væri samþykt. Það sagði jeg ekki. En jeg sagði, að það mundi vekja tortrygni, að verið væri að nema úr lögum alt eftirlit með bankanum, um leið og tekin væri ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Þessu reyndi hv. þm. ekki að hnekkja.

Umr. hv. þm. (JBald) um pólitík mun jeg geyma mjer að svara, þar til við 3. umr. þessa frv. Mun jeg þá koma að því nánar í sambandi við þann þátt þessa frv., er jeg mun þá gera að umtalsefni.

Jeg hefi nú með því, sem jeg hefi sagt, svarað hæstv. fjmrh. að mestu leyti. En jeg get þó sagt hæstv. ráðh. það, að hann fór höfuðvilt, þegar hann eignaði mjer, að ekki skifti máli, hvort ábyrgð ríkisins á Landsbankanum væri lagaleg eða siðferðisleg. Það var hv. 5. landsk., sem hjelt því fram.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði ekki verið á móti landsbankanefndinni áður. Það er satt, að jeg gerði það ekki að neinu ágreiningsatriði, þótt jeg hinsvegar sæi enga ástæðu til að halda fast í hana. Mjer fanst, þar sem þingið er nú svo fáment, að þá væri það í raun og veru tilgangslítið að vera að hafa tvöfaldar kosningar. En jeg var þó ekki neitt mótfallinn henni, og er ekki enn. En jeg er á móti því, að þetta sje notað sem átylla til að fremja þá óhæfu móti Alþingi og þess virðing og valdi, sem aldrei hefir þekst fyr. — En jeg mun geyma mjer nánari umræður um það efni til 3. umræðu.

Þá viðhafði hæstv. fjmrh. nokkur skemtileg ummæli um þjáningar fyrv. sjálfstæðismanns, háttv. 1. þm. G.-K., er hann hlyti að líða við það að vera í Íhaldsflokknum. Jeg verð nú að segja það, að hæstv. ráðh. nýtur þess oft hjá fyrverandi flokksbræðrum sínum, að hann er gamall heimastjórnarmaður. Fyrir þá sök hefir hann oft notið velvildar og hlífðar. En eigi fæ jeg annað skilið en að núverandi sambandi hans við sósíalista sje þannig varið, að hann ætti ekki að vera að tala um þjáningar hjá öðrum. Jeg skil ekki í, að hæstv. ráðh. sje svo dauður úr öllum æðum, að slíkt samband veki ekki óþægilegar tilfinningar svona við og við.

Þá hjelt hæstv ráðh. því fram, að ríkissjóður bæri ábyrgð á innstæðufje manna í Landsbankanum síðan 1914, eða nálægt þeim tíma. Jeg veit nú ekki, hvað hæstv. ráðh. á við með þessu. Jeg veit ekki til, að 1914, eða á neinu ári nálægt því, hafi verið gerð nokkur breyting á aðstöðu ríkissjóðs til Landsbankans hvað þetta snertir. Jeg vildi gjarnan heyra við 3. umr. þessa frv., hvað hæstv. ráðh. á við.

Þá sagði hæstv. fjmrh. út af matinu á bankanum og þögn hans um niðurstöðu þess, að það væri óbilgirni af mjer að ætlast til þess, að hann gæfi upplýsingar hjer, af því að nefndin hefði ekki gefið honum sundurliðaða skýrslu. Jeg held nú, að jeg hafi sagt áður, að það hafi enginn ætlast til þess, að hann gæfi aðrar upplýsingar en þær, sem hann hefir fengið frá nefndinni, og það getur held jeg ekki talist óbilgirni. Það er miklu frekar óbilgirni gagnvart þinginu, að það fái ekkert að vita um niðurstöðuna af þeirri athugun á hag bankans, sem það hafði ákveðið, að fram skyldi fara. Jeg vil þó ekki ámæla hæstv. ráðh. fyrir þetta. Hann getur haft gilda ástæðu til að vilja ekki skýra frá þessu, en hann getur þá ekki talið það óbilgirni af mjer, þó jeg spyrji hann, hvort hann vilji skýra frá því. Annars skal jeg nú, þar sem nú er orðið áliðið kvölds, geyma frekari athugasemdir til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það eru aðeins nokkur orð, einkum út af ræðu hv. frsm. meiri hl., að því leyti, sem hún snerti mig sjerstaklega. Hann reisti mjög kambinn, sem hann er annars óvanur í umr. Hann var að tala um ósamræmi innan bankastjórnar Landsbankans. Við lítum nú svo á, að þessi banki sje ekki skapaður vegna bankastjóranna, heldur vegna allrar þjóðarinnar. Okkar till. eru miðaðar við það, hvað við teljum þjóðinni hollast og best. Sje eftirlitið ófullkomið, skapast tortrygni, og það hefir því

hver bankastjóri best af því sjálfur, að eftirlit sje framkvæmt.

Þá var hv. þm. að gamna sjer að því að tala um orðalag okkar og sagði, að það hefði verið á þrjá vegu. Það má nú vel vera, að orðalagið hafi verið mismunandi, en meiningarmunur var enginn. Hvort sem þetta var orðrjett eða ekki, þá var ekki vikið hársbreidd frá rjettri meiningu. Þá fór hann að tala um, hvað nefndin hefði tekið mikið fyrir störf sín. Þetta kom nú auðvitað ekki málinu við, en það er rjett, að nefndarmenn tóku þetta, sem hann nefndi, 6 þús. krónur. Það var haldinn fundur um þetta í nefndinni og var talið, að þóknunin mætti ekki vera mikið minni en tilsvarandi við það, sem bankaeftirlitsmaðurinn fær fyrir sitt starf. Hann mun nú hafa um 15 þús kr. á ári. Það er rangt, sem hv. frsm. meiri hl. hjelt fram, að nefndarmenn hefðu getað sint sínum eigin störfum meðan á nefndarstarfinu stóð. Það gátu þeir að minsta kosti ekki meðan á þeim ferðalögum stóð, sem þeir fóru bæði austur, vestur og norður í land til að meta útibúin. Það hefir verið hrakið, að nefndin hafi ekki látið stj. í tje niðurstöðu sína um matið. Hún var afhent 16. febrúar síðastl. og stj. fjekk að vita, hvernig hagur bankans var, og hún fjekk að vita meira. Hún fjekk líka upplýsingar um hag hinna einstöku útibúa bankans. Lengra gat nefndin ekki gengið samkv. sínu erindisbrjefi. Henni er bannað, eins og altaf er gert þegar um slíkt mat er að ræða, að skýra frá hag einstakra manna, sem skifti hafa við bankann. Þess vegna er það alveg rangt að heimta af nefndinni, að hún gefi frekari upplýsingar en hún gerði. Það er alveg rangt eftir því erindisbrjefi, sem henni var sett og sem hvaða stj. sem var hefði sett.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að jeg hefði sagt, að aðeins íhaldsmenn hefðu þekkingu á bankamálum. Þetta sagði jeg nú alls ekki. Hitt sagði jeg, að allir þeir menn, sem öðrum fremur bæru sjerstaklega skyn á þessi mál hjer í þinginu, væru okkur sammála. Þetta er alt annað. Þessum hv. þm. er svo hætt við að rangfæra ummæli annara og snúa út úr þeim, að jeg þekki engan mann annan hjer í þinginu, sem þurfi að hafa svo vakandi auga á í þessu efni.

Þá fór hv. þm. að skýra lögin frá síðasta þingi og sagði, að ekkert væri ákveðið um, hvað ríkið ætti að leggja bankanum til. Í lögunum segir svo í 5. gr.: „Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til“ o. s. frv. Það liggur í augum uppi, að ríkissjóður verður að láta þetta fje af hendi. Það er ekkert undanfæri. — Þá heldur hv. þm. því enn fram, að fyrir bankann standi alveg á sama, hvort innskotsfjeð sje til eða ekki. Nú er það ákveðið í gildandi lögum, að það sje hluti af stofnfje seðlabankans. Þetta alt sýnir, hvað óskaplega litla þekkingu þessi hv. þm. hefir á bankamálum. Þetta er alveg sama og að segja, að það sje sama, hvort við höfum innleysanlega seðla eða óinnleysanlega. Nú er það alment viðurkent um allan heim, að innleysanlegir verði seðlarnir að vera, blátt áfram til þess, að þeir falli ekki í verði.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði kallað landsbankanefndina ráðstjórn. Einn-

ig þetta er rangfært. Jeg sagði, að hún hefði á sjer meiri ráðstjórnarblæ en núverandi bankaráðsfyrirkomulag. Þessu til sönnunar þarf ekki annað en benda á frv. sjálft. Samkvæmt því á formaður bankaráðsins einn að hafa eftirlit með bankanum fyrir hönd bankaráðsins. (**JBald:** Er engu skotið inn hjer?). Nei, það er alls ekki ætlast til þess eftir frv., að aðrir bankaráðsmenn en formaður komi inn í bankann. Enda væri annars ekki verið að breyta þessu.

Þá er meiningin að leggja niður bankagjaldkerastarfið. En ef við lifum nokkur ár enn, þá munum við sjá, að það verður tekið upp aftur. Hvers vegna hefði bankinn annars verið að kosta upp á að hafa tvo gjaldkera löngu áður en hann var orðinn svo stór sem hann nú er orðinn, ef þetta væri óþarft?

Jeg get ekki verið að þrátta um lánsheimildartill. Það er auðsætt, að hún er óþörf. Jeg lít svo á, að í 62. gr. gildandi laga sje alveg skýlaus heimild fyrir stjórnina til að taka lán, eftir því sem með þarf, til greiðslu á stofnfje bankans, og þess vegna er sú brtt. óþörf.

Við skulum nú sjá, hvað bankastjórnin sjálf segir um þetta, um þörfina á stofnfje. Bankastjórnin kemst svo að orði um þetta: „— — Bankanum er nauðsyn að fá nýtt *eigið* fje, en nýtt lánsfje kemur honum eigi að gagni. Fljótt á litið kann að virðast lítill munur á því, hvort ríkissjóður tekur sjálfur lán og leggur bankanum það til sem stofnfje, eða bankinn sjálfur taki jafnhátt lán. En á þessu er sá munur, sem úr sker fyrir bankann. Í fyrra tilfellinu fær bankinn eigið fje til umráða, og það eitt skapar bankanum örugga aðstöðu til að vinna að aðalhlutverki sínu, sem er að hafa til frambúðar tök á gjaldeyri landsins — —." Þrátt fyrir þetta heldur hv. þm. því fram, að það sje sama fyrir bankann, hvort hann fær fje að láni eða til eignar. Nei, það er ekki sama, hvort jeg hefi að láni alt, sem jeg hefi undir höndum, eða jeg á það sjálfur.

Alveg sama er að segja um þörfina á að hafa liggjandi gullforða fyrir þeim seðlum, sem í umferð eru.

Jeg verð að segja, að mjer finst hv. 5. landsk. hafa farið á of miklu hundavaði yfir þetta mál, enda hefir hann, sem eðlilegt er, litla þekkingu á því.

Sama er að segja um hæstv. fjmrh. Honum þótti jeg gera lítið úr sinni þekkingu á þessum málum. Það er satt, jeg treysti ekki hans þekkingu á bankamálum. Þó að hann hafi starfað eitthvað við stjórn sparisjóða eða verið settur bankastjóri í fjarveru annars, þá hefir hann ekki þá „teknisku" þekkingu á þessum málum, sem nauðsynleg er til þess að semja seðlabankalög. Jeg veit það um sjálfan mig og viðurkenni það, þó að jeg hafi starfað 9 ár í banka á eigin ábyrgð og lagt mig talsvert eftir bankamálum, að jeg á mikið eftir að læra enn. (**Fjmrh. MK:** Það skal jeg fúslega viðurkenna). Þess vegna verð jeg líka að byggja á reynslu annara þjóða, sem hafa meiri reynslu en við í þessum efnum og sumar haft seðlabanka um margar aldir.

Þá þótti hæstv. fjmrh. undarlegt, að jeg skyldi verjast allra sagna um mátið á bankanum og ætlast til þess, að hann skýri frá því. En það er nú

svo, að þó að jeg viti um þetta, þá er það ekki öllum þingheimi kunnugt fyrir því, og auk þess er jeg bundinn þagnarskyldu. Jeg tel mjer ekki leyfilegt að skýra frá því, enda væri það beinlínis óviðeigandi eins og á stendur. Ef jeg væri „bolsi“, mundi jeg ef til vill sjá mjer fært að hegða mjer eftir öðrum velsæmisreglum, en jeg er það nú ekki og þess vegna beygi jeg mig undir þá þagnarskyldu, sem jeg er bundinn samkvæmt mínu erindisbrjefi og öllum siðaðra manna háttum.

Það hefir nú margt verið sagt hjer í dag og er mörgu ósvarað, til dæmis því, hvers vegna á að svifta þjóðina og þingið allri vitneskju um það, sem gerist innan veggja Landsbankans, en jeg læt hjer staðar numið, þar sem nú er orðið áliðið kvöldsins. (**Fjmrh. MK:** Þessu hefir verið margsvarað. Þetta er aðeins hugarburður þm.).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 198, n. 477 og 517).

ATKVGR.

Brtt. 477,1 (ný 1. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

— 477,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

— 477,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 477,4 samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv.

7.—12. gr. samþ. með 8:6 atkv.

13.—20. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 477,5 (ný 21. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

22.—24. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 477,6 samþ. með 8:6 atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 477,7.a—c (í stað 26. gr. þrjár nýjar gr., sem verða 26., 27. og 28. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

27.—28. gr. (verða 29.—30. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 477,8 samþ. með 8:6 atkv.

29. gr. (verður 31. gr.) svo breytt, samþ. með 8:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 550).

Jón Þorláksson: Jeg gat þess við 2. umr., að jeg geymdi mjer til 3. umr. að gera að umtalsefni eitt af þeim atriðum þessa frv., sem jeg taldi óhjákvæmilegt að minnast á, og það er um breytingar þær, sem frv. fer fram á að gera á skipun núverandi bankaráðs.

Sú grein, 21. gr., sem um þetta hljóðar í upphaflega frv., var þannig samin, að hún er ekki í samræmi við önnur ákvæði frv. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að kosning í bankaráðið fari fram á Alþingi 1928, en annarsstaðar í frv. er gert ráð fyrir, að Landsbankaráðið kjósi í það. Var því ekki gott að vita, hver tilætlunin var. En nú hefir meiri hl. borið fram brtt. við 21. gr., og er það 5. brtt. á þskj. 477. Eftir henni á að kjósa 15

manna Landsbankanefnd á Alþingi 1928, og þegar þessi lög eru gengin í gildi á að kveðja nefndina á fund og á hún þá að kjósa fjóra menn í bankaráðið, en ráðherrann á að tilnefna formann í ráðið.

Bankaráðið var sett á laggirnar með lögum 1927 og samkv. ákvæðum þeirra laga hefir bankaráðið verið fullskipað, og allir mennirnir eru skipaðir til ákveðins tíma. Af 4 þingkjörnum bankaráðsmönnum eru 2 kosnir til 4 ára og 2 til 2 ára, en hinn stjórnskipaði formaður til 3 ára. Nú stendur hvergi neitt um það í frv., að umboð þessara bankaráðsmanna eigi að falla niður, er frv. verður að lögum. Þegar nú litið er á þessa þögn og ákvæði 21. gr., finst mjer, að þetta verði ekki samræmt öðruvísi en á þann hátt, að ákvæði 21. gr. komi til framkvæmda jafnóðum og sæti losnar í bankaráðinu.

Jeg hafði samt grun um, að sú væri tilætlunin, að sópa núverandi bankaráðsmönnum út úr bankaráðinu, og því vildi jeg ekki taka þetta atriði til ítarlegrar meðferðar fyr en jeg hefði heyrt skilning hæstv. fjmrh. á frv. með brtt. meiri hl. nefndarinnar. Og hvernig er svo sá skilningur?

Hæstv. fjmrh. telur það svo sjálfsagt, að bankaráðsmenn þeir, er Landsbankanefnd kýs og stjórnin skipar eftir brtt. meiri hl., taki sæti strax í bankaráðinu, að hann telur spurninguna óþarfa með öllu (**Fjmrh. MK:** Ekki er þetta alveg rjett). Það skyldi gleðja mig, ef svo væri ekki. Það má vel vera, að spurningin hafi verið óþörf, því að hv. frsm. meiri hl. hafði lýst ótvírætt yfir því, að hann teldi til einskis að taka upp Landsbankanefnd án þess að skifta um bankaráð. Jeg mun því að sinni beina máli mínu til hv. frsm., nema því aðeins, að hæstv. fjmrh. telji sig samþykkan honum.

Það mun vera einhver hin viðurkendasta grundvallarregla stjórnmálalegs siðferðis, að þótt skifti um menn á löggjafarþingi, þá haldi þingið áfram að vera ein og samfeld stofnun. Því verður að gera þær kröfur til Alþingis, að hver sú skuldbinding, sem það tekst á hendur gagnvart einhverjum öðrum, eigi að standa, hvaða mannaskifti sem kunna að verða þar við kosningar. Nú stendur svo á hjer, að ákvæðin um bankaráðið frá síðasta þingi eru bindandi gagnvart tveim aðiljum: Landsbankanum, sem fær ákveðna menn í ákveðinn tíma, og gagnvart þessum sömu mönnum. Jeg efast um, að þing eða stjórn geti skift um þessa menn á löglegan hátt, áður en tími þeirra er útrunninn, en jeg er ekki lögfræðingur, og skal því ekki fullyrða um það. En jeg teldi það óverjandi hneisu, ef víkja á frá þeirri reglu, að Alþingi sem stofnun standi við gerðir sínar, sem eru bindandi gagnvart öðrum aðilja.

Það er rjett, að löggjafarvaldið getur breytt lögum og að lögin eiga að gilda jafnt fyrir alla, en þó eru til undantekningarákvæði. Sum lög gefa tilteknum mönnum eða stofnunum rjett, sem ekki verður af þeim tekinn með nýjum lögum; löggjafarvaldið getur ekki fremur en aðrir riftað gerðum samningum milli sjálfs sín og annara.

Hvað sem nú lagahliðinni viðvíkur

og hvort sem þessir menn hafa öðlast þennan rjett með lagasetningunni og kosningunni eða skipuninni frá 1927 eða ekki, þá get jeg ekki sjeð, að Alþingi geti verið þekt fyrir það tiltæki, sem kallast myndi óorðheldni hjá einstaklingum. Jeg vona fastlega, að Alþingi láti sig ekki henda þá ósvinnu, sem farið er fram á í nál. meiri hl., eftir því sem hv. frsm. skýrði frá og hæstv. fjmrh. virtist fallast á.

Þá er að líta á 5. sætið í bankaráðinu, formannssætið. Enginn munur er á frv. og gildandi lögum um þetta efni, nema eftir frv. á að skipa formanninn til 5 ára, en eftir lögunum frá 1927 til 3 ára. — Raunar er einnig sá orðamunur, að í lögunum segir, að „ríkisstjórnin" eigi að skipa formanninn, en í frv. segir, að sá „ráðherra, sem fer með bankamál", eigi að gera það. En á þessu er alls enginn efnismunur. — Nú liggur fyrir brtt. frá hv. meiri hl. um að færa þetta til sama horfs og í gildandi lögum er, að bankaráðsformaðurinn sje skipaður til 3 ára. Ef þessi brtt. verður samþykt, gerir frv. enga breytingu á skipun formanns bankaráðsins. Sami aðili á að skipa hann og til sama tíma.

Þó að mannaskifti verði í stjórninni, verður hún að muna, að eftir sem áður heldur hún áfram að vera sama stofnun. Hún er eftir sem áður stjórn landsins, og það, sem ein stjórn hefir gert og er bindandi gagnvart einhverjum öðrum aðilja, verður næsta stjórn að halda, þótt hún sje því ekki samþykk að efni. Því geta formannsskifti í bankaráðinu ekki átt sjer stað, fyr en skipunartími núverandi formanns er útrunninn, nema hann leggi niður embætti sitt af sjálfsdáðum. En þá á varamaður hans að taka við og stjórnin að skipa nýjan varamann. (**JBald**: Það er þá þessi maður, sem hefir allan rjettinn, en ríkið engan). Svona er búið að ráðstafa þessu um þennan tilsetta tíma. Og jeg vil ekki, að þeim sið sje komið á, að ný stjórn þurfi ekki að standa við skýrar skuldbindingar fyrri stjórnar gagnvart mönnum og stofnunum. Sumar slíkar ráðstafanir mundu ekki standast fyrir dómstólunum. Jeg skal ekki fullyrða, hve dæmt yrði um þetta, sem hjer um ræðir, því að jeg er ekki lögfræðingur. En jeg fullyrði, að það gerir stjórnina ómerkari en hún á að vera og má vera, ef tekin er upp slík brigðmælgi á gefnum loforðum, sem hjer er um að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. flutti hjer smápistil um pólitík. Hún væri alstaðar fyrir, svo að það væri ekki annað en tilgangslaus uppgerðarvandlæting að tala um, að hún mætti ekki komast alstaðar að. Hann viðurkendi, að mjer skildist, að þessi ákvæði frv. eru flutt til þess að ná í hendur núverandi stjórnarflokki meiri völdum í bankaráðinu en hann getur haft samkv. gildandi lögum og þeim kosningum og útnefningum, sem fram hafa farið eftir þeim á síðastl. ári. Jeg verð að segja, að mjer þætti fara vel á því, að bæði þessir menn og aðrir kynnu pólitískum kröfum sínum nokkurt hóf. Það lítur ekki vel út, ef menn eru svo óðfúsir að jötunni, að þeir þola ekki að doka við, þangað til þeir eru farnir frá, sem komnir eru að einhverjum starfa samkvæmt ákvæðum, sem ágreiningslaust voru samþykt á síðasta ári. Því að það, að kjósa bankaráðsmenn til 2 og 4 ára, var samþykt

ágreiningslaust af hálfu núverandi stjórnarflokka, og eins það, að skipa formanninn til þriggja ára. Í stjfrv. var lagt til, að hann væri skipaður til 5 ára, en því var einmitt breytt samkv. till. þáverandi stjórnarandstæðinga í 3 ár. Með þessu hlaut þeim að vera ljóst, að þeir gerðu ómögulegt að skifta um menn í bankaráðinu fyr en 1929, er tveir menn ganga úr því, 1930, er formaður á að ganga úr, og 1931, er tveir síðari bankaráðsmennirnir eiga að fara frá.

Mjer væri í sjálfu sjer alveg sama, þótt núverandi stjórnarflokkur fengi meiri hluta í bankaráðinu. En mjer stendur ekki á sama, þótt tekin sje upp sú stjórnarvenja að brjóta niður lögleg verk fyrri stjórna og þinga. En það virðist mjer gert, ef svo á að skilja þetta frv. sem hv. frsm. meiri hl. túlkaði það. Jeg álít það sjerstaklega þýðingarmikið, að Alþingi og stjórn standi við öll gefin loforð, a. m. k. svo lengi sem ekki er vjefengt, að loforðin sjeu löglega gefin. Ef einhverri stjórn verður það á að gefa loforð út í framtíðina, sem ekki eru lögum samkvæm, eða fara þjóðfjelaginu til óhagræðis út yfir heimildir stjórnarinnar, þá verður að vega það hverju sinni, hvort þau beri að halda. En til þess verður jafnan að taka fult tillit, að virðing hvers ríkis heimtar, að staðið sje við stjórnarloforð. Þetta á við, þegar ræðir um skipun trúnaðarmanna ríkisins ekki síður en um önnur loforð. Það má alls ekki koma fyrir, að slíkum skipunum sje riftað án þess að hlutaðeigandi maður hafi gert eitthvað fyrir sjer. Slíkar athafnir mundu varpa yfir stjórn landsins svip óheiðarleika og óáreiðanleika, sem ekki er við unandi. Á okkur, sem skipað höfum stjórn landsins síðan Ísland varð sjálfstætt ríki, hvílir enn meiri ábyrgð í þessu efni heldur en á öðrum. Á okkur fellur sá vandi að mynda stjórnarvenjur þær, sem framvegis á að fara eftir. Því verðum við ekki aðeins að bera ábyrgð á okkar eigin mistökum, heldur og á þeim mistökum í framtíðinni, sem orsakast af því, að við höfum farið út á villistigu. Reynslan hjer í Norðurálfu hefir og orðið sú, að því landi hefir vegnað best í stjórnarfarslegu tilliti, þar sem lagabókstafirnir eru fæstir, en stjórnarvenjurnar fastastar. Á jeg þar við Stóra-Bretland, sem ekki hefir einu sinni neina skrifaða stjórnarskrá, en stjórnarskipunin hvílir að öllu leyti á gömlum og góðum venjum. Framkvæmd þessa verður auðveld í því landi, þar sem öll þjóðin, hverjum flokki sem hver einstaklingur tilheyrir, telur sjálfsagt að hlýða fornum stjórnarvenjum í hverju einasta máli. — Við höfum hjer það hlutverk, að skapa þær góðu venjur, sem eftir megi fara í framtíðinni. *Orðheldni* er eitt af því, sem mest á ríður og síst má vanta hjá þingi og stjórn. Vona jeg, að hver sem forlög þessa frv. annars verða, verði samkomulag um að fella niður 21. gr. Eins og hún er í frv. getur hún ekki staðist, og sama er að segja um hana, þótt brtt. hv. meiri hl. sje samþ. Sje greinin feld niður, er öldungis ljóst, hvernig á að haga kosningum í bankaráðið. Jafnóðum og núverandi meðlimir þess hverfa úr því, kýs landsbankanefndin menn í þeirra stað, og landsstjórnin skipar nýjan

formann, þegar kjörtímabil hins núverandi er útrunnið.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Við höfum nú hlýtt á þessa siðferðisprjedikun hv. 3. landsk., og höfðum raunar áður heyrt meiri hluta hennar, við 2. umr. þessa máls. En aldrei er góð vísa of oft kveðin. Aðalatriðið fyrir hv. þm. sýnist vera það, að núverandi bankaráð og formaður þess haldi áfram störfum allan hinn upphaflega kjörtíma sinn.

En til þess að rugla ekki samhengið, mun jeg fresta að svara þessu og víkja fyrst að orðum hv. 3. landsk. við 2. umr., sem jeg átti þá ósvarað. Jeg veit ekki, hvort það tekur því að svara hv. frsm. minni hl., og verður það að fara eftir því, sem mjer endist tími til. — Jeg get ekki að því gert, þótt nokkuð kunni að bresta á fullkomið samhengi í því, sem jeg nú segi, því að jeg hefi aðeins skrifað hjá mjer nokkur atriði, sem mjer þóttu helst svara verð. Og það fer altaf svo, að bresta vill á samhengið, þegar ýmsu er svarað, en ekki öllu.

Hv. 3. landsk. fór mjög ítarlega inn á það atriði, sem sumir hafa drepið á, að gjald það, er endurskoðunarnefndin fer fram á fyrir starfa sinn, verði að teljast of hátt. Tók hv. þm. mjög eindregna afstöðu til þess, að ekki væri honum að kenna, þótt svo kynni að virðast, því að það hafi verið algerlega óumsamið af hans hálfu, hvað þeir ættu að fá. Ef þeim væri greitt of hátt kaup, væri það núverandi stjórn að kenna. Jeg held nú alveg hið gagnstæða. Ef einhver maður er fenginn til að vinna verk án þess að um kaup sje samið, verður að greiða honum það, sem upp er sett, nema það sje bersýnilega ósanngjarnt. (JÞ: Mættum við ekki fá skipunarbrjef nefndarinnar úr stjórnarráðinu?). Jú, sannarlega, en það er varla hægt að ná því í snatri. Jeg hefi líka orðin rjett eftir hv. 3. landsk. og hygg, að þar þurfi engra sannana. Jeg leyfi mjer að gera ráð fyrir, að sá hv. þm. fari ekki með neitt fleipur, sem hann getur ekki staðið við. Því ætti brjefið að vera allsendis óþarft.

Annað atriði, sem mjer virtist hv. þm. ekki hafa fullkomlega rjettan skilning á, var það, að hann vildi gera mjög mikið úr því, að jeg sagði, að bankamálið hefði fyrst verið til verulegrar meðferðar á Alþingi 1926. Þetta fann hv. 3. landsk. ástæðu til að leiðrjetta sem einhverja höfuðvillu. En jeg held því ennþá fram, að það hafi verið fyrst eftir að milliþinganefndin lauk störfum sínum, sem menn gátu sagt, að bankamálið væri lagt hjer fyrir til verulegrar meðferðar. Það, sem áður hafði verið gert, getur ekki talist annað en lítill undirbúningur.

Þá lagði hv. þm. út af því, hve afarvarhugavert væri að breyta ákvæðunum um ábyrgð ríkissjóðs. Taldi hann það sjerstaklega hættulegt gagnvart sparisjóðum landsmanna, því að ganga mætti að því vísu, að landsmenn hlypu upp til handa og fóta og flyttu innieignir sínar til Landsbankans úr sparisjóðunum. Sagði hv. þm., að engin ástæða væri til að gera innieigendum í Landsbankanum hærra undir höfði en öðrum, sem peninga ættu í sparisjóðum. Kann rjett að vera. En hv. þm. sagði, að sama ástæða væri til að koma í veg fyrir, að innieignir manna

í bönkum og sparisjóðum rýrnuðu vegna gengisbreytinga. Það kemur nú lítið þessu við og er alt annað mál, og yfirleitt virðist mjer margt það tínt til í þessu máli, sem nálgast það, að mega teljast fjarstæður.

Eitt af því, sem þeir voru sammála um, hv. 1. þm. G.-K. og hv. 3. landsk., var það, að með breytingum þessa frumvarps á Landsbankalögunum væri svift burt öllu öryggi um stjórn bankans og fyrirkomulag. Þetta rökstuddu þeir að vísu ekkert, og skal jeg ekki lá þeim það, því að svona fjarstæður er ómögulegt að rökstyðja. Eftirlitið verður hið sama, og öryggið því líka óbreytt. Hv. þm. gerði mikið úr því, að í frv. er ekki ákveðið, að daglega skuli einn bankaráðsmaður auk formanns koma í bankann til eftirlits. Þetta, að tveim bankaráðsmönnum er ekki *lögskipað* að koma daglega í bankann, á að vera nóg til þess, að hann sje eftirlitslaus með öllu. Jeg held, að þarna hljóti hv. þm. að hafa talað gegn betri vitund. Hv. þm. hafði um þetta stór orð. Sagði, að ef meiri hlutinn hjeldi fast við að framkvæma þessa „reginskyssu", þá mundi það áreiðanlega ríða honum að fullu, — jeg held við næstu kosningar. Það átti að verða banabiti meiri hlutans. Má vel vera, en jeg býst við, að hv. 3. landsk. væri ekki svo hryggur í huga, ef hann tryði því, að svo gæti orðið. Jeg er þvert á móti fullviss um, að hann myndi ekki fagna öðru meira en því, ef afleiðingin gæti orðið sú, að núverandi þingmeirihl. kæmist í minni hluta. Annars viðhafði hv. þm. venju fremur stór orð, orð, sem ekki geta talist annað en stóryrði. Hann sagði, að með því að halda frv. þessu til streitu væri verið að fremja „óhæfilega óhæfu" gagnvart Alþingi. Þetta er vitanlega ekkert annað en sleggjudómur. Eða hvað gerði þingmeirihlutinn 1925, þegar hann lagði niður tóbakseinkasöluna? Var hann þá ekki að fremja „óhæfilega óhæfu" gagnvart Alþingi og þjóðinni í heild sinni? Jeg býst ekki við, að hv. þm. geti neitað, að svo hafi verið, ef hann telur, að slíkt sje verið að fremja með þessu frv. Nei, slík stóryrði sem þessi hafa engin áhrif á úrslit málsins eða aðstöðu manna til þess.

Það var eitt atriði, sem jeg játa, að jeg hafi kannske ekki farið alveg rjett með, þegar mál þetta var síðast til umræðu. Skal jeg því gera grein fyrir því, hvað fyrir mjer vakti þá. Jeg sagði, að ábyrgð ríkissjóðs gagnvart bankanum hefði áður átt sjer stað, og bygði jeg það á því, að með lögum frá því ári er það beinlínis fyrirskipað að geyma alla opinbera sjóði í Landsbankanum. Af því hygg jeg, að flestir líti svo á, að ríkissjóður beri ábyrgð á því fje, og það er mitt álit líka. Hv. 3. landsk. þóttist sjá sjer leik á borði og vildi gera mikið úr þessari fávisku minni, en jeg fæ ekki betur sjeð en það, sem jeg sagði, geti fullkomlega staðist í þessu sambandi.

Til þess að verða ekki alt of langorður, ætla jeg aðeins að víkja að þeim atriðum í ræðu hv. 3. landsk., sem hann lagði mesta áherslu á.

Mjer var það næsta mikið undrunarefni, að hv. 3. landsk. skyldi halda því fram, að útnefning bankaráðsmannanna á síðasta þingi og skipun fyrverandi stjórnar á form. bankaráðsins væri svo óhagganleg, að ekki

mætti breyta henni með lögum. Út af þessu spunnust öll umvöndunarorð hv. þm. til deildarmanna, sem grundvölluðust á því, að þeir fyndu ekki til þeirrar ábyrgðartilfinningar, sem á þeim hvíldi, ef þeir færu nú að hagga við þessari skipun.

Jeg lít alt öðruvísi á þetta atriði en hv. þm. Jeg tel þvert á móti, að með nýjum lögum megi breyta eldri lögum, og enda þótt svo hafi verið ákveðið, að þau giltu um tiltekinn tíma. Þessa heimild hefir löggjafarvaldið altaf haft, og hefir enn, og er því þessi meginröksemd hv. þm. fallin.

Hv. 3. landsk. hafði það eftir mjer frá 2. umr., að jeg hefði sagt, að kosning í bankaráðið færi eftir því, hvað samþ. yrði um það nú á þessu þingi. Jeg sagði aðeins, að um það væri ekki hægt að segja með vissu, hvenær nefndin skipaði bankaráðið. Að jeg hafi fullyrt annað, því neita jeg. Það stendur að vísu í frv., að sá maður, sem flest fær atkvæði í bankanefndina, skuli boða til fundar til þess að kjósa í bankaráðið. En jeg fæ ekki sjeð, að nefndinni sje takmarkaður neinn tími, hvenær hún eigi að kjósa þessa menn, heldur sje hún alveg einráð um það. Þá er heldur ekki útilokað, að endurkjósa megi núverandi bankaráðsmenn, og jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að ekki sje nein veruleg ástæða til þess að skifta um þá. Jeg skil nú alls ekki, hvers vegna hv. 3. landsk. lætur eins og hann lætur. Honum ætti þó að vera það ljóst, að hjer er ekki stefnt til neinnar byltingar.

Það er rjett, að það er ekki á valdi bankanefndarinnar að skipa formann bankaráðsins, heldur er það stjórnarinnar að skipa hann. En jeg fyrir mitt leyti þykist ekki þurfa að fara að skýra frá því á þessari stundu, hvaða aðferð verði viðhöfð við skipun hans. Það er nægur tími til að skýra frá því, þegar þar að kemur. Annars hygg jeg, að það muni fara mikið eftir því, hvernig bankanefndin fer með sitt hlutverk.

Þá veit jeg ekki, hvort jeg á að minnast á það, sem fram kom í ræðu hv. 3. landsk., að það væri ósæmilegt gagnvart Landsbankanum, ef breyting væri gerð um skipun bankaráðsmannanna. Mjer vitanlega hefir stjórn bankans ekki látið í ljós, að hún telji núverandi bankaráð þann hvalreka fyrir bankann, að það sje honum alveg óbætanlegt. Um slíkt er mjer alveg ókunnugt, en vel má vera, að hv. 3. landsk. viti til, að bankastjórnin hafi talað um þetta. En þó er mjer næst að halda, að þessi ástæða sje gripin úr lausu lofti, því að án þess að jeg vilji vera að kasta nokkurri rýrð á núverandi bankaráðsmenn, þá fæ jeg ekki sjeð, að bankinn þurfi neitt að óttast hvað þetta snertir, því líklega verða bankaráðsmennirnir flestir endurkosnir.

Þá var þessi hv. þm. með svigurmæli eða stóryrði í garð núverandi þingmeirihluta, og var jeg hálfhissa á því, því að hann er að jafnaði ekki vanur að viðhafa slík orð eða komast í slíkan hita, þó að í stærra máli sje en þessu. Hann var að reyna að leggja mótstöðumönnum sínum heilræði um það, að þeir yrðu jafnan að kunna sjer hóf í hinum pólitísku kröfum. Þetta væri gott, ef það kæmi frá óhlutdrægum manni. En þegar það kemur frá formanni mótstöðuflokks stjórn-

arinnar, þá held jeg, að meiri ástæða hefði verið til að beina því til fyrv. þingmeirihluta og formanns þess flokks. Annars sje jeg ekki, að neitt tilefni hafi verið gefið til þess, að þessi hv. þm. fari að gerast ráðunautur núverandi þingmeirihluta. Mjer vitanlega hefir engin ástæða gefist til þess.

Þá þótti mjer það furðu gegna, að hv. þm. skyldi halda því fram, að frv. þetta væri þannig úr garði gert, að með því væri verið að niðurbrjóta virðingu þingsins. Þetta er áreiðanlega ofmælt hjá hv. þm., og jeg hygg, að margir muni verða mjer sammála um það, að þessi orð hans sjeu töluð í hita og lítilli yfirvegun, og af minni skynsemi en vænta mátti af honum. Jeg mun svo ekki elta ólar við þennan hv. þm. öllu lengur, því að það skynsamlegasta, sem hægt hefði verið að gera í þessu máli nú, var það, að ræða það lítið, því að það var þrautrætt áður, á síðasta þingi, því að það, sem hjer er verið að fara fram á, er ekkert nýtt; það er aðeins verið að gera tilraun til þess að færa málið í það horf, sem það var í, þegar það kom frá milliþinganefndinni, sem skipuð var í bankamálin, og eins og fyrv. stjórn lagði það fyrst fyrir þingið. Því eins og kunnugt er, var það fyrst á þinginu 1927, sem farið er að „grauta með grallarann og gera hann allan vitlausan". Það er þá fyrst, sem fyrv. stjórn sjer ástæðu til þess að fara að breyta frv. í verulegum atriðum frá því, sem það kom frá milliþinganefndinni. Það þarf því engan að undra, þó að sá minni hl., sem barðist á móti þessum breytingum á síðasta þingi, reyni nú, þegar hann er kominn í meiri hluta, að koma málinu í viðunandi horf. En það er, eins og jeg tók fram áðan, í það sama horf og hv. 3. landsk., fyrv. fjmrh., lagði málið upprunalega fyrir þingið. Hvers vegna hann ljet troða upp á sig á síðasta þingi þessum miður nauðsynlegu breytingum á frv., sem nú er verið að taka út, skal jeg hlífa honum við að tala um í þetta sinn.

Þá vil jeg nota tækifærið til þess að minnast á tvö atriði úr ræðu hv. 1. þm. G.-K. Hann talaði langt mál um það, eins og hv. 3. landsk., hve afskaplega hættulegt spor væri verið að stíga gagnvart bankanum með frv. þessu, því að það myndi svifta hann öryggi. Þessu hefi jeg margsvarað áður og sýnt fram á, að það er hreinn og beinn hugarburður. Þeir, sem því halda slíku fram, hljóta að vera meira en lítið taugaveiklaðir, eða þá að þeir gera það af blekkingu, en sje svo, þá er það ekki þess vert að taka það alvarlega.

Þá var dálítið rætt um það, að þessi hv. þm., sem maður verður að telja einn af meiri háttar starfsmönnum í úttektarnefnd Landsbankans, hjelt því fram í fullri alvöru, að erindisbrjef það, sem hann fjekk hjá fyrv. fjmrh., hafi verið orðað á þann hátt, að honum og nefndarmönnum hafi verið stranglega bannað að veita nokkrum manni vitneskju um hag nokkurs manns, sem viðskifti hefði við bankann, og þá sjerstaklega ekki um hag þeirra, sem búast mætti við, að bankinn biði tap af. Með öðrum orðum, ráðherrann bannar þeim eftir þessu að gefa nokkrar upplýsingar um starf sitt. Þess vegna furðar mig, að það skuli veitst að mjer og heimtað,

að jeg gefi fjhn. upplýsingar um þessi atriði, þar sem jeg samkv. yfirlýsingu hv. 1. þm. G.-K. hefi engar upplýsingar getað fengið. Það er líka þeim mun meiri óþarfi fyrir hv. 1. þm. G.-K. að vera að krefja mig til sagna um þessa hluti, þar sem það er hans bjargfasta sannfæring, að hann sje eini maðurinn hjer á landi, sem beri skyn á bankamál og fjármál yfirleitt. Þetta hefir hann um langt skeið látið á sjer skiljast og beint því jafnframt til manna, að það þýddi ekkert fyrir þá að vera að tala um þessa hluti, og hefi jeg meðal annara orðið fyrir þeim heiðri. Annars hefir mjer fundist þetta sjálfsálit hv. þm. ganga nokkuð langt, því að það er ekki hið sanna einkenni viturra manna, að vera altaf að halda því á lofti, að þeirra hæfileikar sjeu meiri en alment gerist.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg ætla aðeins að minnast nokkrum orðum á örfá atriði í ræðu hv. 1. þm. G.-K. Hann hafði eftir mjer nokkur ummæli, er hann kvað mig hafa haft við 2. umr. þessa máls.

Jeg hafði við 2. umr. sagt það frá sjálfum mjer, að mjer fyndist það vel geta komið til mála að hafa ríkisábyrgð á skuldbindingum Landsbankans, en jeg sló því fram um leið, að jeg vissi, að hjátrúin á gullið væri svo rík, að ekkert mundi þýða að bera fram till. í þá átt. Jeg sló þessu aðeins fram utan við efnið, en hv. frsm. minni hl. hefir víst tekið þetta svo, — að minsta kosti sagði hann frá því svo —, að það væri eins og meiri hl. teldi ríkisábyrgð alveg nóga fyrir bankann. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, sló jeg þessu aðeins fram sem hugmynd frá sjálfum mjer, en ekki sem atriði í brtt. við Landsbankalögin. (**BK:** Það er gott að trúin á gullið stendur). Jeg held, að það hafi ekki verið svo ýkjamargt fleira, sem tekur að svara í ræðu hv. frsm. minni hl. Hann var með nokkur köpuryrði til mín, en jeg get alveg leitt hjá mjer að svara þeim.

Hv. frsm. hefir altaf misskilið það, sem við köllum viðbótarstofnfje í stað „stofnfje", og nenni jeg ekki að vera að fara frekar út í það, með því líka að tími er takmarkaður.

Hv. 3. landsk. ljet svo dólgslega við 2. umr. þessa máls, að það leit út fyrir, að menn mættu búast við heljardembu frá honum næst þegar bankamál bæri á góma hjer í deildinni. En það varð lítið úr þessu hjá honum, eins og við var að búast, því að það, sem hann sagði hjer í dag, var að mestu leyti uppsuða úr því, sem hann sagði við 2. umr. Hann reiddi hátt til höggs, en úr varð hið mesta vindhögg, svo sem vonlegt var og við mátti búast, þar sem málstaðurinn var slíkur sem hann var.

Það er ákaflega hlægilegt að heyra hann ásaka núverandi þingmeirihluta fyrir það, að hann skuli vilja koma fram áhugamálum sínum, því að jeg held, að flestir muni segja, að hv. 3. landsk. og hans flokkur hafi reynt slíkt hið sama eftir megni, þegar hann var í meiri hluta. Hjer er ekki um neinar nýjar tillögur að ræða, heldur aðeins þær sömu, sem sömu menn hjeldu fram hjer í fyrra. Það er því alt tómt mas, sem hann sagði um þessar fyrirhuguðu breytingar á bankanum, þar sem hann kallaði þær „ó-

verjandi", „óorðheldni", „blett á Alþingi" o. s. frv.

Þá segir hann, að bankaráðið sje skipað samkv. núgildandi lögum, og efast því um, að hægt sje að skipa nýja menn í það nú eftir nýjum lögum. En þetta er herfilegur misskilningur hjá honum. Jeg veit ekki annað en að þingið geti breytt gildandi lögum. Það hefir margoft breytt einmitt Landsbankalögunum; t. d. má nefna þá breytingu, sem gerð var á þeim 1917. Og yfirleitt er þetta svo algengt í löggjöfinni, að það er óþarfi að nefna þess dæmi, þótt þau mætti fjölmörg finna.

Það, sem hv. 3. landsk. sagði um „pólitík" í þessu sambandi, tekur enginn alvarlega. Það er svo fjarstætt, að *hann* skuli vera að finna að því, að núverandi meiri hl. skuli halda fram því sama, sem hann hefir áður haldið fram. Það hefði ef til vill heldur verið ástæða til þess fyrir hann, ef meiri hl. hefði fallið frá fyrri skoðunum sínum, því að það hefði verið aðfinsluverður heigulsskapur.

Jafnfjarstætt er það, sem hann heldur og fram, að alt, sem Alþingi gerir, sje bindandi fyrir það um allan aldur gagnvart mönnum. (**JÞ**: „Alt, sem Alþingi gerir *og er* bindandi", sagði jeg). Fyrst hv. 3. landsk. vill orða það svo, þá lítur út fyrir, að gerðir þingsins sjeu aðeins bindandi gagnvart vissum mönnum, þegar þær koma fram sem nokkurskonar samningur við menn, eins og þegar prófessor Guðmundur Finnbogason er skipaður *með nafni* í landsbókavarðarstöðuna. En ekkert slíkt er um að ræða í þessu máli. Ákvæðið í Landsbankalögunum er algerlega ópersónulegt. Það segir ekki, að Sigurður Briem, Magnús Jónsson, Jón Árnason o. s. frv. skuli skipaðir í bankaráðið. Ef því þessu ákvæði bankalaganna er breytt, þá falla þessar skipanir niður jafnskjótt og ný lagaákvæði þeim viðvíkjandi ganga í gildi. Þetta er rjettur og vald þingsins, að breyta með löggjöf stjórn þeirrar stofnunar, sem það ræður yfir.

Þá talaði hv. 3. landsk. um, að það, sem ein stj. hafi gert og sje bindandi gagnvart einum aðilja, það verði næsta stjórn að halda. Þetta segir hv. 3. landsk., þótt það hafi komist upp um hann, að hann hefir brotið þau loforð, sem næsta stjórn á undan honum hefir gefið, og það enda þótt sami maður, sem þessi loforð gaf, væri enn í stj., og meira að segja forsrh.

Jeg skal ekki fara frekar út í það atriði nú, en aðeins benda á dæmið um Hjeðin Valdimarsson og ráðningu hans sem embættismanns við hagstofuna.

Jeg hefði gjarnan viljað fara nánar út í ýmislegt, sem hv. 3. landsk. sagði. Jeg hefi aðeins drepið á það, sem gekk eins og rauður þráður gegnum alla ræðu hans, sem sje það, að hann vildi neita Alþingi um rjett til þess að breyta Landsbankalögunum með nýrri löggjöf, og skipa þar með nýja framkvæmdarstjórn. Háttv. 3. landsk. veit þó, að valdið til þessa er í höndum Alþingis, og hann veit ennfremur, að hver þingmeirihluti neytir valds síns til þess að koma fram því, sem honum er hugleikið og hann telur rjettast. Og hjer er ekki um neinar nýjar uppfyndingar að ræða, heldur má skírskota til þess, að núverandi

meiri hluti, sem í fyrra var minni hl., hjelt í fyrra fram því sama og hann heldur nú fram, og sama er auðvitað að segja um minni hlutann nú, sem þá var meiri hluti. En það er auðvitað hægt að skilja gremju hv. 3. landsk., sem kemur af því, að hann hefir ekki fyllilega áttað sig á því ennþá, og því síður sætt sig við það, að hann er nú í minni hluta og ræður ekki lengur lögum og lofum hjer á Alþingi.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í ræður þeirra hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. G.-K., enda tók hæstv. fjmrh. þær til svo rækilegrar meðferðar. Jeg vil heldur ekki nota tækifærið og fara rækilega út í það, svo sem verðugt væri, að rifja það upp, hvernig hv. 3. landsk. misbrúkaði það vald, sem honum var falið á sínum tíma. En hæstv. forseti hjelt fundinum áfram í því trausti, að þetta yrði stutt hjá mjer, og skal jeg því ekki hafa það lengra í þetta sinn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. þá, er hæstv. forseti hefir þegar lesið upp, og vænti þess, að hæstv. stjórn og hv. deild leyfi henni að komast að.

Eins og nú hagar til, eru 3 fastir starfsmenn í Landsbankanum auk bankastjóranna þriggja: aðalfjehirðir, bókari og fjehirðir. Eftirleiðis á að vera aðeins einn fjehirðir við bankann. En í 23. gr. frv. er svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: „Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af störfum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.“ Með öðrum orðum er hjer sleginn varnagli við því, að ákvæði laganna taki til aðalfjehirðis og bókara, en þriðja fasta starfsmanninum er slept. Það hlýtur að vera athugaleysi, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafi viljað gera mun á þessum starfsmönnum. Því tel jeg rjett að bæta aftan við 23. gr. þessari setningu: Staða fjehirðis helst óbreytt meðan núverandi fjehirðir gegnir henni. Að öðru leyti ætla jeg ekki að blanda mjer inn í umræðurnar um þetta mál. En jeg tel þetta svo sjálfsagt ákvæði, að jeg skil ekki í, að nokkur hafi neitt við það að athuga.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Meiri hl. fjhn. getur ekki fallist á þessa brtt., af sömu ástæðum og tekið var fram við 2. umr. Það er óþarfi að hafa slíka stöðu sem þessa ákveðna í lögum. Mætti þá eins hafa líka bókara með ákveðnum launum og skipaða af bankaráðinu. Bankastjórar Landsbankans hafa fallist á, að þetta væri óþarfi. En þetta atriði heyrir annars undir bankaráðið eða framkvæmdarstjórn bankans.

Það munu flestir líta svo á, að engin ástæða sje til að hafa svo hátt launaða stöðu í bankanum sem þessi fjehirðisstaða er. Jeg geri ekki ráð fyrir, að sá maður, sem henni gegnir nú, verði látinn fara úr bankanum fyrir því, þó að hún sje ekki ákveðin í lögum eins og nú. Það mætti eins setja bókara auk aðalbókara eins og hafa fastan fjehirði auk aðalfjehirðis. Vitanlega þarf fleiri til þess að telja peninga heldur en aðalfjehirði einan. Hann aðeins sjer um það og hefir aðalverkið með höndum. Álit meiri hl. fjhn. er því, að ekki sje rjett að samþykkja till., en það er fjarri því

að hann sje fyrir því að amast neitt við manni þeim, sem í stöðunni er.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og jeg tók fram áðan, þá eru aðeins 3 fastir starfsmenn við bankann auk bankastjóranna, aðalfjehirðir, bókari og fjehirðir. Það er næsta ósanngjarnt, að mismunandi reglur gildi um þessa starfsmenn. Tveir þeirra eiga að halda stöðum sínum með óbreyttum kjörum, en hinn þriðji á að eiga það undir náð, hvort hann verður rekinn eða ekki. Bankastjórarnir allir hafa lagt með því, að stöðunni verði haldið meðan hans nýtur við, og að hann fái að vera kyr í þessari stöðu, sem hann hefir gegnt með sóma um langt skeið. Jeg leyfi mjer því að vænta þess, að hv. deild geti fallist á þessa sjálfsögðu breytingu.

Jón Þorláksson: Það er aðeins örlítil athugasemd, sem jeg þarf að gera út af ummælum hæstv. fjmrh. um kaup úttektarnefndar bankans. Jeg hafði sagt það við 2. umr., að það væri fjármálaráðherra að úrskurða reikninga nefndarmanna. Hæstv. fjmrh. vill bera brigður á þetta. Hann heldur því fram, að af því að kaupið var óumsamið, verði eftir almennum reglum að greiða það, sem upp er sett. En hæstv. ráðh. hefir víst ekki athugað, hvaða ákvæði jeg setti í skipunarbrjef formanns úttektarnefndarinnar. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp endinn á því skipunarbrjefi. Þar segir svo: „Kostnaðinn við nefndarstörfin ber Landsbanka Íslands að greiða eftir reikningum, sem fjármálaráðherra úrskurðar.“ Þetta orðatiltæki hefir alveg fasta merkingu og þýðir, að ráðherra hafi vald til þess að setja upphæð reikningsins niður, ef hún þykir of há.

Það fer ekki milli mála, að eins og frá var gengið af minni hálfu, þá er það algerlega á ráðherrans ábyrgð, hvað greitt var fyrir störf nefndarmanna. Eftir greinargerð hv. 1. þm. G.-K. sýnist svo, sem það hafi ekki verið ofgreitt, og hæstv. fjmrh. er þá ekki ámælisverður fyrir það að hafa greitt of hátt kaup fyrir þessi störf. En valdið hafði hann til þess að færa reikningana niður, ef honum hefði þótt þurfa.

Hæstv. ráðh. kom inn á nokkur atriði úr ræðu minni við 2. umr. Jeg þarf ekkert að segja um það frekar. Jeg hefi gert fulla grein fyrir mínum málstað við 2. umr. Það stendur fast, eins og tekið er fram í nál. okkar minnihl.manna, að með lagabreytingum þessum, sem hjer um ræðir, stefnir mjög að því að draga úr öllu eftirliti með rekstri bankans, sjerstaklega frá þingsins hálfu og þeirra, er þingið setur til eftirlits.

Það hefir glatt mig mjög, að hæstv. ráðh. hefir í raun og veru viðurkent þá hættu fyrir sparisjóði landsins, sem jeg hefi bent á í frv. Eftir er aðeins að draga afleiðingarnar af þeirri viðurkenningu með því að gera tilsvarandi breytingar á frv.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, sem var aðalatriði ræðu minnar, um brigðun á framkvæmdum gerðum af hálfu Alþingis. Líkti hann því við niðurlagningu tóbakseinkasölunnar 1925. En þar er ólíku saman að jafna. Engum einstaklingum var veittur neinn rjett-

ur, sem brotinn væri, þótt einkasalan væri lögð niður með hæfilegum fyrirvara. Þá vísar hann í það, að ný lög breyti gömlum lögum. Í raun og veru er ekki um það deilt, heldur hitt, að hafi einhver öðlast rjettindi samkv. eldri lögum, þá verði þau ekki af honum tekin með nýjum lögum. Það er t. d. ekki hægt með lögum að breyta gerðum samningum. Hjer stendur svo á, að Alþingi og stjórn hefir ráðið menn til að starfa vissan tíma og gert við þá samninga, sem gefa þeim rjett þann tíma, sem skipun þeirra nær yfir, og sá rjettur verður ekki af þeim tekinn. Það er ekki hægt að taka embættismann bótalaust úr embætti án saka og setja annan í hans stað. En þessi rjettur, sem skipun í embætti veitir, nær þó ekki lengra en það, að hann kemur ekki til greina, ef embættið er lagt niður. Ef bankaráðið fjelli niður að lögum, fjelli og ráðning bankaráðsmanna niður um leið. Hitt er ekki hægt bótalaust, að setja aðra menn til þess starfa áður en kjörtímabil þeirra, sem nú gegna honum, er úti. Þetta gildir bæði um þá þingkosnu bankaráðsmenn og hinn stjórnskipaða formann. Nú á að sópa burt að forminu til allri yfirstjórn bankans og setja aðra menn í staðinn. Jeg álít það fortakslaust rýra sæmd þings og stjórnar að fremja nokkuð það, er ríki eða bankinn yrði að greiða skaðabætur fyrir. En það, sem á að fremja hjer að yfirlögðu ráði og vítalaust, er brot á grundvallarreglu, sem hvorki þing nje stjórn má fremja. Það kemur þessu ekkert við, hvort núverandi bankaráðsmenn eru nokkur „hvalreki“ fyrir bankann eða ekki, svo að jeg noti orð hæstv. fjmrh. Það hefir komið áður fyrir leiðinlega svipað atvik þessu. Starfsmanni var án saka vísað frá stöðu sinni og hann leitaði aðstoðar fógeta til þess að vera settur inn aftur. **(JBald:** Var það löggjöfin, sem gerði það?).. Ó-nei, það var stjórnin, sem gerði það. En jeg tel það enga umbót eða framför, þótt leitað verði til löggjafarvaldsins til þess að framkvæma slíkt.

Þá mintist hæstv. fjmrh. enn ofurlítið á önnur atriði viðvíkjandi þessu máli. Hann sagði, að skylda sú til að geyma opinbera sjóði, sem á bankanum hefði legið, hefði þýtt sama sem að bankinn bæri ábyrgð á þessu fje. Þessari skyldu hefir ekki fylgt nein ábyrgðarkrafa fyrir ríkið. Það hefir ekkert staðið um það, að ríkið bæri ábyrgð á þessum sjóðum. Hinsvegar hefir þótt tryggilegt með öllu að láta þá ávaxtast í Landsbankanum, þar sem þeir nytu þar forrjettinda, ef til kæmi.

Hæstv. ráðh. vildi telja, að í þessu frv. væri ekkert nýtt. Það væri verið að færa fyrirkomulagið aftur í það form, sem milliþinganefndin hefði skapað, og stjfrv. 1926 hefði að mörgu leyti verið sniðið eftir till. sömu nefndar. Jeg vil benda á, að af höfuðatriðum þess frv., sem bygt var á áliti milliþinganefndarinnar, var ekkert sameiginlegt við þetta frv., nema eitt, og það er landsbankanefndin. Ríkisábyrgð var ekki nefnd á nafn í því frv. Með því var bankanum lagt nýtt stofnfje. Nú á að kasta því ákvæði burtu. Í þessu eru tvær höfuðbreytingar frá frv., sem lagt var fyrir þingið 1926. Landsbankanefndin er að vísu sett inn aftur. Jeg hefi altaf

skoðað það ekki verulegt atriði, hvort hún væri eða ekki. En það er verið að nota þetta, að setja landsbankanefndina aftur inn, sem átyllu fyrir því að sópa í burtu allri núv. yfirstjórn bankans. Þetta er í rauninni þriðja höfuðatriði málsins. Þessi þrjú höfuðatriði, ábyrgðin, burtnumning stofnfjárins og röskun á yfirstjórn bankans, valda mestu um okkar afstöðu til málsins. — Þá þótti mjer leiðinlegt að heyra hæstv. fjmrh. enn halda því fram, að honum sje legið á hálsi fyrir að vilja ekki skýra frá því, sem honum væri ekki kunnugt um, nefnilega niðurstöðunni af matinu á bankanum. Jeg er nefnilega alveg viss um, að form. fjhn. hefir ekki óskað eftir upplýsingum um annað en það, sem hæstv. ráðh. vissi og gat gefið upplýsingar um. Það var ekki annað, sem um var að ræða, en niðurstaða matsnefndarinnar, og hana fjekk hæstv. ráðh. Hann var ekki spurður um annað. Hann hefir nú færst undan að svara þessu, og er þá ekki hægt að byggja neinar till. um stofnfje á þessu mati, úr því að það liggur ekki fyrir. Þó að hv. 1. þm. G.-K. viti um þetta, þá veit jeg það ekki. Hvorki hefi jeg viljað spyrja hann um það, og hann mundi heldur ekki vilja svara því, enda er hann bundinn þagnarskyldu.

Jeg hefi nú líka að mestu leyti svarað hv. frsm. meiri hl. Hann vísaði í, að jeg hefði brotið loforð mitt gagnvart Hjeðni Valdimarssyni, sem var aðstoðarmaður í hagstofunni. Það hefi jeg alls ekki gert. Hann hafði fengið loforð um að þurfa ekki að fara í stöðu sína strax, og hafði hann neytt þess leyfis um 7 ár, og reyndar lengur en til stóð, því að í fyrstu var aðeins ætlast til, að það gilti meðan hann væri forstjóri landsverslunar. Jeg hjelt þetta loforð á þann hátt, að jeg gaf honum kost á að velja um og bauð honum að fara í þessa stöðu sína, ef hann vildi. Slíkt leyfi gat auðvitað ekki staðið óendanlega lengi. Hann varð nú að segja til, hvort hann vildi halda þessari stöðu. Annað eða meira var ekki hjer um að ræða. Enda hygg jeg, að ef þetta hefði verið nokkuð í þá átt, þó ekki hefði verið meira en brigð á vilyrði, þá hefði sá maður, sem þá var forsrh., sagt mjer til um það. Svo samviskusamur maður var hann. En hann áleit ekki neitt athugavert við það, þó þetta ástand væri látið taka enda.

Jeg efa það alls ekki, að hv. þingmeirihluti muni haga lögum landsins eins og honum þykir hentast og best. En jeg hefi nú sýnt fram á ókosti og galla þessara þriggja höfuðbreytinga á lögum bankans. Jeg álít þær óheppilegar, og jafnvel hættulegar, og það, að sópa burtu yfirstjórn bankans, getur ekki orðið lýtalaust í framkvæmdinni eða án skaðabóta til þeirra, sem fyrir þessu verða, ef þeir vilja halda fram sínum rjetti. Jeg held, að það út af fyrir sig sje bending um, að þetta sje nokkuð, sem ekki sje rjett að gera.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það eru aðeins fá orð, sem jeg vil segja út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann fór mörgum orðum um þessar öryggisráðstafanir, sem eru í núverandi bankalögum, en sem hann vill fella burtu. Hæstv. ráðh. hjelt, að jeg væri annaðhvort taugaveiklaður eða þá að jeg meinti þetta ekki. Til þess nú að sýna honum, að þetta er ekki

gripið alveg úr lausu lofti, vil jeg leyfa mjer að lesa upp eina grein úr löggjöf Noregsbanka. Jeg skal reyna að lesa hana svo skýrt og ódönskulega, að allir megi skilja:

„Direktionens Forhandlingsprotokol underskrives af samtlige tilstedeværende Direktörer, hvorefter de staar til fælles Ansvar for det besluttede, medmindre nogen af dem har ladet sin Protest derimod antegne i Protokollen. Ogsaa de fraværende Direktörer deltager i Ansvaret medmindre de, naar de kommer tilstede gjör Indsigelse i Protokollen mod den fattede Beslutning. Forsaavidt bestemt og motiveret Indsigelse gjöres af nogen tilstedeværende Medlemmer mod nogen til Diskontering eller Laan frembudt Papir, bör dette ikke antages".

Jeg vona, að allir hv. þdm. skilji þessa grein. Hún segir í fyrsta lagi, að framkvæmdarstjórar bankans eiga að halda gerðabók. Í öðru lagi, að framkvæmdarstjórarnir eiga allir að skrifa undir. Í þriðja lagi það, að ef einhver ágreiningur á sjer stað, þá hefir hver bankastjóri rjett á að fá ágreiningsatriði sitt skrifað inn í gerðabókina. Ennfremur ef einhver bankastjórinn er fjarverandi, þá beri hann einnig ábyrgð á því, sem gerist í fjarveru hans, nema því aðeins, að hann skrifi athugasemd um það í gerðabókina, þegar hann kemur heim. Loks ef einhver bankastjórinn gerir rökstudd mótmæli í gerðabókina gegn því að einhver víxill sje keyptur eða lán veitt, þá má ekki veita það. Að því er síðasta atriðið snertir er ekki nærri eins langt gengið og Norðmenn gera. Þar er aðeins sagt, að *að öllum jafnaði* megi ekki framkvæma ályktun um *meiriháttar* atriði, ef einn bankastjóri hefur rökstudd andmæli.

Þarna eru þá 5 af þeim atriðum, sem strika á út, gildandi í löggjöf Noregsbanka. Ef jeg mætti eyða tíma þingsins í að leita að hinum atriðunum, væri auðvelt að finna þau líka. Jeg vona, að þegar hæstv. fjmrh. heyrir þetta, þá hætti hann að hamra á taugaveiklun eða alvöruleysi í sambandi við þessar till. mínar og baráttu mína fyrir því að koma lögum Landsbankans í það horf, sem lög seðlabanka nauðsynlega þurfa að vera í. Það er velkomið, ef tíminn leyfir það, að jeg færi gild rök að því, að öll þau ákvæði, sem jeg hefi barist fyrir, að sett yrðu inn í lög Landsbankans, eru í gildi annarsstaðar. Ef t. d. hæstv. ráðh. kynnir sjer nýju bankalögin þýsku, sem menn frá 8 löndum unnu að, þá mun hann sjá, að þar er ekki skorið við neglur sjer að tryggja sem best öryggi bankans. Þar eru ákvæðin svo ströng að því er lánveitingar snertir, að slíks eru ekki dæmi annarsstaðar. Jeg vona nú, að hæstv. ráðh. hafi skilist, að mínar till. eru ekki gripnar úr lausu lofti.

Þá er því enn haldið fram, að matsnefndin hafi enga skýrslu gefið. Jeg hefi nú skýrt það, að hún hafi gefið rækilega skýrslu, og það gerði hún. Hún gaf rækilega skýrslu um störf sín og loks niðurstöðu sína í ákveðnum tölum. En auk þess, undir eins og stj. fór fram á að fá að vita, hvaða tap væri áætlað á hverjum stað, þá er því einnig svarað. Frekari skýrslu var ekki hægt að gefa, nema þá að skýra frá hag einstakra viðskiftamanna bankans, en það gat nefndin ekki, því að hún er bundin

þagnarskyldu um alt slíkt. Skal jeg því til sönnunar lesa niðurlagið á skipunarbrjefi mínu, dagsettu 15. júlí 1927. Þar segir svo:

„— — Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu gagnvart öllum óviðkomandi um alt það, er þeir vegna nefndarstarfanna komast að um hagi einstakra manna, fjelaga og firma".

Þetta ætti að sýna, að lengra gat nefndin ekki gengið. Jeg get ekki verið að elta ólar við það, sem hæstv. fjmrh. hefir verið að tala um, að jeg hefði mikið álit á mjer og teldi mig bankafróðan. Mjer finst hann hafa miklu meira álit á sjálfum sjer, þegar hann leyfir sjer að tala um taugaveiklun og „humbug" í sambandi við gildandi reglur í bankalögum annara þjóða.

Jeg tók það fram við síðustu umr. um málið, að jeg viðurkendi, að mikið vantaði á, að jeg hefði fullnægjandi þekkingu á þessum málum, en jeg ber traust til þess, sem stendur í bankalögum annara landa. Fyrir það má ámæla mjer, en ekki fyrir sjálfsálit.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Um þetta margþvælda og mikla daglega eftirlit vil jeg aðeins segja það, að jeg sje ekki, að það sje til neins annars en að draga úr ábyrgðartilfinningu bankastjóranna og tefja störf þeirra. Jeg álít alveg fullforsvaranlega gengið frá því atriði í því frv., sem fyrir liggur. Það hefir verið klifað á því, að bankaráðsmennirnir fái ekkert að vita um, hvað fram fer í bankanum, nema formaðurinn einn. Jeg vil nú aðeins, þessu til skýringar, lesa ákvæði 14. greinar frv. um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans — —".

Jeg sje ekki neina þörf á að taka sterkara til orða um þetta til þess að veita bankaráðinu rjett til íhlutunar og eftirlits með rekstri bankans, enda getur slíkt falist í reglugerð, er setja á um þetta.

Hv. 1. þm. G.-K. las upp kafla úr erindisbrjefi sínu sem matsnefndarmanns. Þar er lögð áhersla á, að engum *óviðkomandi* megi skýra frá neinu um hag einstakra manna og fyrirtækja. En þá vil jeg spyrja hv. þm.: Telur hann hæstv. fjmrh. óviðkomandi þessi mál? Álítur hann fjmrh. óviðkomandi mann í þessu falli? Hann, sem hefir skipað nefndina og kveðið svo á, að hún skuli gefa skýrslu um starf sitt. Jeg býst við, að fleiri en jeg muni líta svo á, að fjmrh., sem líka er yfirmaður bankans, sje ekki óviðkomandi maður í þessu máli, og því geri matsnefndin rangt í því að halda fyrir honum matinu.

Þá voru nokkur atriði í ræðu hv. 3. landsk., sem jeg ætla að athuga nokkuð. Hann álítur, að þeir bankaráðsmenn, sem ekki verði kosnir aftur í bankaráð af Landsbankanefndinni, samkvæmt þeirri breytingu, sem hjer er um að ræða, geti gert kröfu til skaðabóta vegna launataps.

Já, það má segja sem svo, en jeg skil ekki, að þó einhverjir þessara manna ekki yrðu áfram, vegna þess að Alþingi breytti lögunum, þá fylgi því nein skylda til að greiða þeim laun áfram, og jeg skil ekki í, að slíkt skaðabótamál mundi vinnast fyrir dómstólunum. Sennilega er þá ekki um gagnkvæma skyldu að ræða. Jeg

veit heldur ekki betur en að stöður hafi þráfaldlega verið lagðar niður án þess að viðkomandi mönnum væri bætt það tjón, sem þeir biðu við það.

Þegar hv. 3. landsk. var fjmrh. 1925, var af hans hálfu flutt frv. í þinginu, sem gekk í þá átt, að minka mjög tekjur lögreglustjóra í landinu, er þeim hafði áður verið veitt með lögum.

Í lögum frá 1921 um skipagjöld og lögum um rjett til fiskveiða í landhelgi eru lögreglustjórum veitt öll skipagjöldin sem aukatekjur. En hv. 3. landsk. fjekk fjhn. Nd. til þess að flytja frv. um að svifta þá þessum tekjum að miklu leyti. Jeg hefi ekki orðið var við, að þeir hafi komið fram með neinar skaðabótakröfur út af þessu. Það kom að vísu fyrir hjer um árið, þegar laun ráðgjafarnefndarmanna voru lækkuð, að nefndarmönnum þótti sjer gert rangt til og fóru í mál. En hvernig fjell sá dómur? Nefndarmenn töpuðu málinu. Þetta ætti að vera bending um það, að það kemur ekki til mála, að dómstólarnir mundu fallast á slíkar kröfur.

Það er ekki rjett hjá hv. 3. landsk., að vilja líta á bankaráðsmennina sem embættismenn. Þessir menn eru alveg fyrir utan það, því að jeg hygg, að það sje ekki aðalstarf nokkurs mannsins að vera í bankaráðinu; þetta er sýslun, sem þeir eru kosnir í, og algerlega ólíkt því, þegar embættismenn eru skipaðir af konungi eða landsstjórn í embætti, sem stofnuð eru með lögum. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að skaðabætur verði dæmdar bankaráðsmönnunum, og þess vegna er óhætt að samþykkja breytingarnar.

Svo vil jeg að lokum minnast á kaup það, sem matsnefnd Landsbankans hefir verið greitt. Það er náttúrlega ekki nokkur vafi á því, að það kaup, sem þeir hafa fengið, er alt of hátt. Það voru 5 menn að þessu starfi í tæpa 7 mánuði og unnu að sögn eigi meira en 2—3 klt. á dag, og er mjer sagt af nákunnugum manni, að þetta hefði verið sæmileg vinna í 2 til 3 mánuði. Þeir hafa þá haft um 3 þús. króna laun á mánuði, og þykja það ekki nein smánarlaun, svo að þeir hafa sannarlega ekki hikað við að setja upp fyrir vinnu sína við þennan starfa, og ekki sleptu þeir heldur niður aðalstarfi sínu. Jeg býst við, að það hefði orðið sama sagan, ef fjmrh. hefði ætlað að takmarka kaup þeirra; þeir hefðu sjálfsagt hótað að fara í mál.

Það er búið að tala svo mikið um þetta mál, að það er hætt að koma fram nokkuð í því, sem er nýtt. Jeg hygg því, að rjettast væri að láta til skarar skríða um atkvæðagreiðslu í þessu máli. Jeg býst ekki við, að neitt það komi fram, sem geri neinar breytingar á hugum manna til málsins.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi enga ástæðu til þess að svara hv. minnihl.mönnum viðvíkjandi þessum síðustu ræðum þeirra, því að alt, sem þeir hafa sagt nú, það er áður margþvætt um, og það er alveg fráleitt að vera hjer með endurtekningar, frekar en orðið er.

Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. G.-K., sem jeg skal benda á; það er, að þó sá hv. þm. læsi upp þennan kafla um reglur í erlendum bönkum, þá er megnið af þeim ákvæðum, sem honum þótti svo mikils um

vert að koma inn í lögin á síðasta þingi, beinlínis reglugerðarákvæði, sem nýtt kynni að vera í tillögum hv. þm., svo að jeg tel það ekki hafa neina þýðingu, hvort það stendur í lögunum eða ekki. Hvort bankaráðsmennirnir koma í bankann einn eða fleiri, mun jeg halda fram, að sje reglugerðarákvæði, svo að sú ástæða er afarljettvæg.

Hvað snertir ræðu hv. 3. landsk., þá var það aðalinntakið, sem margir hafa áður tekið fram, að með þessu ákvæði, sem nú er í frv., væri kipt í burtu öllum öryggisráðstöfunum. Mjer er öldungis óskiljanlegt, hvernig hv. minni hl. getur haldið slíku fram og endurtekið það hvað eftir annað, því að jeg hygg, að það sje alveg sama öryggi til staðar, hvort sem þessar breytingar verða samþyktar eða ekki.

Sami hv. þm. tók það fram, að hjer væri um þrjú aðalatriði að ræða. Eitthvert hið mikilvægasta þeirra væri það, að hjer er gert ráð fyrir burtfelling stofnfjárins. Jeg álít, að þetta sje ofsagt, því að það er ekki gert ráð fyrir því skilyrðislaust að fella í burtu stofnfjeð; það er einmitt opin leið til þess, að bankanum sje veittur allur sá stuðningur, sem hann þarf á að halda, í hverju sem er. Jeg hefi áður gert nokkurnveginn grein fyrir því, að allar líkur benda til þess, að af þessu muni alls ekki þurfa að leiða það, að skift verði um bankaráðsmenn, og jeg hefi ekki orðið var við, að hv. 3. landsk. hafi hrakið það, því eins og við vitum, eru engar líkur til þess, að kosning bankaráðsnefndar muni þurfa að hafa það í för með sjer, þar sem hlutfallskosning þeirra manna gerir það að verkum, að búast má við, að nákvæmlega sama niðurstaða komi fram. En hvað hitt snertir, ef svo skyldi takast til, að einhverjar breytingar yrðu á um bankaráðsmennina, að þá myndu þeir að lögum hafa skaðabótarjett, það held jeg, að hvorugur okkar sje fær til að fullyrða nokkuð um, og jeg er alls ekki neitt kvíðandi um það, hver niðurstaðan mundi þá verða.

Af því að jeg tel það óþarft og ástæðulaust að vera að lengja þessar umræður meira, skal jeg láta hjer staðar numið, og jeg geri ráð fyrir því, að þótt þessir hv. þm., sem hjer hafa talað á móti frv., telji, að hjer sje verið að breyta til hins lakara, þá mun jeg láta hjer við sitja.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri opin leið um útvegun stofnfjár, en það er ekki svo eftir stjfrv. Það er beinlínis lagt til að fella hið nýja stofnfje burt, og þótt fram komi brtt. um að heimila þeirri stjórn að leggja til stofnfje, sem sjálf hefir farið fram á að fella það í burtu, þá hefi jeg ekki mikla trú á, að sú stjórn noti heimildina; uppástunga hennar bendir ekki í þá átt.

Hv. 5. landsk. reyndi að færa nokkur dæmi þess, að það hefði verið gert eitthvað líkt eins og sú afsetning bankaráðsmannanna, sem nú er áformuð, en það er ekkert hliðstætt til.

Að því er skipagjöldin snertir, vil jeg benda á, að jeg hafði þegar látið í ljós þann skilning minn, að ríkissjóður ætti þessar tekjur, en ekki þeir embættismenn, sem innheimtu þessi gjöld, og í minni uppástungu er þess

vegna ekki farið fram á annað en að slá föstum mínum skilningi, og eftir minni skoðun var ekkert tekið af þeim.

Um að taka stimpilmerkjagjaldið af lögreglustjóranum í Reykjavík er það að segja, að til þess hafði hann engan rjett, því að það er aðeins heimild fyrir stjórnina til að greiða þessi 2%, og sú heimild getur ekki gefið neinum embættismanni rjett til að krefjast þeirra, og því er ekki verið að taka neitt af neinum með því.

Það var breytt um laun hjá sambandslaganefndinni. Laun hennar eru ákveðin í fjárlögum, og þinginu er vitanlega heimilt að setja aðrar upphæðir í ný fjárlög heldur en þær, sem staðið hafa í eldri fjárlögum, ef engir aðrir gerningar eru til um það, hvaða upphæðir það eigi að vera. Loks vísaði hv. þm. til þess, að embættin kynnu að verða lögð niður, og ef farið væri fram á það, þá gætu bankaráðsmennirnir ekki kvartað neitt yfir því. Jeg veit ekkert um það, hvort þeir myndu fara í mál út af því, en jeg vil benda á, að ef það yrði framkvæmt, sem nú er verið að lögleiða, þá yrði hið opinbera skaðabótaskylt, en þetta, að það bakar fremjandanum skaðabótaskyldu, sýnir, að hjer er verið að fara fram á að fremja það, sem er óhæfa fyrir jafnvirðulega stofnun og löggjafarþing hverrar þjóðar er.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hv. 3. landsk. segist hafa haldið fram sinni skoðun um skipagjöldin, en ekki öðru. En sýslumenn og bæjarfógetar, sem hlut áttu að máli, munu hafa litið svo á, að þeir ættu þessi gjöld að lögum. Hjer deilum við þannig um þetta, að við höfum hvor sína skoðun. Jeg lít þannig á, að bankaráðsmennirnir hafi engan rjett til skaðabóta, en hv. 3. landsk. segir, að ef bankaráðið verði lagt niður, þá eigi þeir engan kröfurjett, en mjer finst, að ef þetta verður samþykt hjer, bankaráðið lagt niður og annað nýtt bygt upp á alt öðrum grundvelli, þá sje ákaflega hæpið að halda þessu fram.

Svo er það að segja viðvíkjandi sambandslaganefndinni, að hún taldi sig hafa rjett til hærri launa en þingið vildi vera láta. Þeir töldu sig hafa loforð stjórnarinnar og fóru í mál um þetta. Í þessari nefnd voru tveir færustu lögfræðingar landsins, núverandi skattstjóri í Reykjavík og hv. þm. Seyðf. (**JóhJóh:** Þm. Seyðf. fór ekki í mál). En það gerði skattstjórinn, og hv. þm. Seyðf. hefði notið góðs af, ef hann hefði unnið málið. En nú tapaði hann þessu máli, svo að það er alveg hliðstætt því, sem hjer er um að ræða. Það er þingið, sem getur breytt þessu. Það getur breytt um launakjörin; það er sýnt af umræðum málsins, og þá eiga þessir bankaráðsmenn heldur ekki kröfu til neinna skaðabóta, þótt breytt sje með lögum og starf þeirra lagt niður, enda er líka hv. 3. landsk. kominn svo langt í játningu sinni um þetta, að hann getur á engan hátt sloppið frá henni.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Hv. 5. landsk. var að tala um það, að það væri sjeð fyrir eftirliti í Landsbankanum með þessu frv., og vísaði þar til 14. gr., því að eftir fyrirmælum hennar ætti að halda fund 1. og 15. dag hvers mánaðar, og þar ætti að leggja skýrslur fyrir

þetta bankaráð. Mjer þykir vont, og það þætti hv. þm. líka, ef hann þekti nokkuð til bankastarfsemi, að bankaráðið fær ekki að sjá „obligations"-bækur bankans, þar sem það gæti sjeð, hvort einu firma væri lánað langt fram yfir það, sem heimilt er, en það getur bankaráðið ekki sjeð af þeim skýrslum, sem fram eru lagðar, frekar en maður getur það með því að lesa bankareikninginn sjálfan. En það er einmitt sú hlið eftirlitsins, sem er aðalatriðið í eftirliti hvers bankaráðs; það er að vita, hvernig fjenu er varið, og sjerstaklega að vita, hve mikið hver maður fær út af fyrir sig, miðað við efnahag mannsins og tryggingar. Þetta eftirlit vantar alveg, þegar bankaráðsmennirnir mega ekki ganga í bækurnar og skoða skuldabækur, bæði fyrir víxla og lán. Þetta er aðaleftirlitið, sem þarf í öllum bönkum, svo að hv. þm. getur ekki verið neitt hróðugur af því, þótt þetta standi í 14. gr. laganna, að bankaráðið eigi að halda fundi og að fá einhverjar skýrslur.

Þá telur hv. þm. mjer skylt að segja hæstv. fjmrh. frá hag einstakra manna og spyr, hvort honum sje það óviðkomandi. Það getur vel verið, að nefndin hefði trúað hæstv. fjmrh. einum fyrir að vita um þetta, en menn vita það, að brjef eða skýrslur, sem sendar eru til stjórnarráðsins, fara þar margra manna á milli, og þess vegna er ómögulegt fyrir nokkra nefnd að gefa slíka skýrslu. Það veit jeg að hv. þingmenn sjá.

Þá sagði hv. þm., að hann gæti ómögulega skilið, að bankaráðið ætti nokkra kröfu til skaðabóta. Því hefir hv. 3. landsk. þegar svarað, en jeg vil þó bæta því við, að það myndi vera vafasamt, hvort hægt væri að vísa bankaráðinu þegjandi frá. Jeg talaði við hinn glöggasta hæstarjettarmálaflutningsmann, sem jeg þekki hjer, og hann sagði alveg skýlaust, að bankaráðið ætti, ef það yrði að fara frá, rjett á launum fyrir allan þann tíma, sem eftir væri. (**JBald:** Jeg hefi talað við tvo lögfræðinga um þetta, og þeir voru á alveg gagnstæðri skoðun). Hann sagði, eins og hv. 3. landsk., að hjer væri um samning að ræða, þeir væru ráðnir, eins og venjulegt er, um ákveðinn tíma, og ef vistráðin eru riftuð, verður að borga skaðabætur. Annað mál er það, hvort bankaráðsmennirnir krefðust þess, en þó þykir mjer dálítið ólíklegt, að þeir myndu fara að gefa eftir 2—3 ára kaup; það myndi jeg ekki gera.

Þá var ennþá farið að tala um, að kaup nefndarinnar mundi hafa verið of hátt. Jeg sagði, að það yrði að vera miðað við samsvarandi starf hjá öðrum, t. d. við starf eftirlitsmanns banka og sparisjóða. Jeg sagði, að sá maður myndi hafa um 15 þús. kr. í laun, og kom okkur saman um að miða við laun hans. Við reiknuðum okkur 6 þús. kr., en að við hefðum ekki unnið nema 3 tíma á dag, þótti hv. 5. landsk. alt of stuttur vinnutími. Hv. þm. hyggur, að það að rýna í gegnum svona skjöl sje jafnljett verk og að hnoða deig, eða eitthvað því um líkt, en það er svo þreytandi starf, að þegar maður hefir setið í 3 tíma við það, þá er maður orðinn dauðuppgefinn. En auk þess höfðum við annað jafnhliða; við urðum að fara út um allan

bæ þess á milli, til að afla ýmsra upplýsinga. Við vorum á 7. mánuð að þessu, og að því er launin snertir er það að segja, að við reiknuðum okkur þó ekki nærri eins há laun og bankaeftirlitsmaðurinn tekur, og vinnur hann þó ekki 3 tíma á dag árið um kring.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að þótt jeg hefði lesið upp úr erlendum lögum, þá myndu þessi ákvæði ekki standa í lögum, heldur í reglugerð, og fanst mjer hæstv. ráðh. viðurkenna, að það væri full þörf þessara ákvæða. En ef hæstv. ráðh. viðurkennir, að þetta standi í erlendri löggjöf, þá vil jeg spyrja, hvort nokkuð sje að því, þótt samskonar ákvæði standi í íslenskum lögum. En ef hæstv. ráðh. viðurkennir, að þetta standi í erlendum bankareglugerðum og að ákvæðin sjeu nauðsynleg, þá vona jeg, að hann taki þau líka næst upp í reglugerð fyrir Landsbankann. — Meira held jeg, að jeg þurfi ekki að segja til andsvara því, sem sagt hefir verið um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 550, 569).

ATKVGR.

Brtt. 569 samþ. með 7:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins, IHB.

Frv. afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 579).

Á 57. fundi í Nd., 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Eggerz: Mjer finst óþolandi að taka þetta mikilsverða mál til umr. nú í kvöld; vil jeg því leyfa mjer að skora á hæstv. forseta að taka heldur eitthvert annað mál, sem minna er um vert, og láta heldur byrja á þessu á morgun.

Ólafur Thors: Jeg vil leyfa mjer að styðja mál hv. þm. Dal.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins segja það, að jeg sje ekki annað, þar sem meiri hluti þessarar háttv. deildar er hjer að vinnu og klukkan ekki nema 11 ennþá, og sjerstaklega þegar litið er til dugnaðar manna á sjónum við að halda vel út, en að hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. G.-K. ættu að geta haldið lengur áfram.

Ólafur Thors: Úr því að jeg hefi þá ánægju að sjá hæstv. dómsmrh. hjer í deildinni, sem sjaldan á sjer stað, nema þegar hann birtist til að hreyta ónotum og ókvæðisorðum í menn, þá skal jeg gjarnan halda áfram.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins taka það fram, að það, sem fyrir mjer vakir, er ekki það, að jeg telji það eftir mjer að sitja hjer við umr. En mjer finst, að það muni vera illa til fallið að fara þannig yfir þetta mál, að það verði afgr. eftir að kl. er farin að ganga 12 að nóttu. Jeg tel sjálfsagt, að svo verði vandað til meðferð-

ar á svo merkilegu máli sem þetta er, að menn sjeu ekki þreyttir og úrvinda sökum svefnleysis við afgreiðslu þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins minna á það, að þetta mál hefir verið hjer fyrir þrem þingum áður og að það eru að mestu leyti sömu atriðin, sem hjer liggja fyrir og þrautrædd hafa verið áður á þessum þrem þingum. Þetta er 1. umr. málsins, og mjer finst, að vel megi vísa því til 2. umr. og nefndar umræðulaust, eða a. m. k. tafalaust, því að það virðist alveg óþarft að hafa langar umræður um þetta mál, áður en það fer til nefndar. Jeg vildi því aðeins beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann hjeldi áfram þar til umr. er lokið.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að vekja athygli á því, að þetta er áreiðanlega stærsta mál þjóðarinnar af innanlandsmálum, og því veitir sannarlega ekki af, að það sje vel athugað.

Ólafur Thors: Jeg veit nú ekki, hvort mín orð verða mikils metin hjer, ekki síst þar sem hæstv. dómsmrh. kallaði mig og hv. þm. Dal. „idiota" áðan, þótt hann kæmi því þá ekki í þingtíðindin. En jeg vildi gjarnan heyra ýmislegt um málið, því að jeg er ekki sjerfróður í bankamálum, en eins og menn vita, hefir störfum þingsins hingað til verið hagað á þann veg, að við neðrideildarmenn höfum ekki átt kost á að hlýða á hyggilegar umr. um málið í hv. Ed.

Magnús Jónsson: Hæstv. forsrh. eru náttúrlega fengin mikil völd í hendur í landinu, en samt ekki yfir því, hvenær menn taka til máls hjer á þingi, og hæstv. ráðh. getur ekki gefið neinar fyrirskipanir um það, hvort það sje geymt til 2. umr., sem menn hafa ætlað að segja við fyrstu. Auk þess er það svo, að það er sjerstakt, sem á að ræða við 1. umr., og svo aftur annað, sem á að ræða við 2. umr., og til þess eru lögákveðnar þrjár umr. um hvert mál, að allur undirbúningur verði tryggari fyrir það, og hjer skiftir það mjög miklu máli, þar sem hjer á að gera grundvallarráðstafanir. Ef á hinn bóginn það er hald einhverra, að menn muni stytta ræður sínar af því að nótt fer í hönd, þá er það fullkominn misskilningur, og þó að það sje vilji hæstv. stjórnar, að þröngva okkur, andstæðingum hennar, til þess að þegja um þau vondu mál, sem hún er að bera hjer fram, þá skal henni ekki verða kápan úr því klæðinu. Á leti og sjerhlífni okkar skal stjórnin ekki vinna okkur, og mun jeg tala hjer eins og dagur væri.

Þegar maður lítur á það, að þessi lög, sem nú er farið fram á að breyta, voru sett hjer á þingi í fyrra, og því ekki nema ársgömul, og þegar það eru þar að auki lög um stofnun, sem ekki er þess eðlis, að hún þurfi tíðra breytinga við, heldur þvert á móti, þá skyldi maður ætla, að þessu máli hefði verið ákaflega flaustrað af eins og það var afgreitt í fyrra, úr því að nú kemur frumvarp um allvíðtæka breytingu á þeim. Þessu fer þó mjög fjarri; það er líklega ekkert mál hjer á landi, sem hefir verið afgreitt eftir öllu rækilegri undirbúning heldur en

þau lög um Landsbanka Íslands, sem samþykt voru í fyrra. Frá því það var ákveðið 1921, að Íslandsbanki skyldi sleppa seðlaútgáfurjettinum, hefir þetta mál, ráðstöfun seðlaútgáfunnar, verið á döfinni, en er fyrst tekið verulega upp á þinginu 1924. Þá kom málið fram í Ed. Hafði stjórn Landsbankans undirbúið málið og gert frv., sem fjhn. Ed. svo flutti að tilhlutun stjórnarinnar. Á sama þingi kom fram frv. um aðra ráðstöfun seðlaútgáfunnar, og voru þessi mál tekin til meðferðar, en ekki afgreidd. Þá undirbjó stjórnin málið vandlega undir næsta þing, fjekk umsögn besta sjerfræðings Dana um málið, mjög ítarlegt skjal (eða rjettara sagt tvö álitsskjöl alllöng) og auk þess umsögn Jóns Krabbe, sem er maður mjög vel að sjer á þessu sviði. Var málið svo tekið til rækilegrar meðferðar af þinginu. Fjhn. Ed. fjórklofnaði, að mig minnir, og voru skrifaðar um málið heilar bækur af nefndarhlutunum. — En samt þótti málið ekki nógu vel athugað og var því skipuð milliþinganefnd til þess að rannsaka það. Hún fjekk meðal annars umsagnir allra þjóðbankastjóra á Norðurlöndum og vann málið út í æsar. Þá tók stjórnin við málinu og vann mikið að því og lagði það síðan fyrir þingið. En samt þótti enn of fljótt að afgreiða málið, og var það fyrst gert á þingi í fyrra. Þannig hefir þetta mál verið undirbúið af 2 stjórnum, sætt meðferð milliþinganefndar og fjögurra þinga og um það verið fjallað bæði af innlendum og erlendum sjerfræðingum; þar að auki hefir það verið rætt á fundum og í blöðum. Nefndir um það klofnuðu að jafnaði, svo að málið fjekk meðferð frá öllum hliðum. Jeg veit ekki, hverja meðferð rækilegri en þessa það gat fengið. En þessi löggjöf fær ekki að standa nema eitt ár. Það er áreiðanlegt, að hjer liggur einhversstaðar fiskur undir steini.

Þetta frv. um breytingar á lögum um Landsbankann er ekkert smásmíði, því að það er í 31 gr. Það eru margvíslegar breytingar á lögunum, þótt auðvitað sjeu þær margar smávægilegar. Það liggur ekki fyrir nú að ræða einstök atriði málsins. Því mun jeg ekki taka fyrir hinar smávægilegu breytingar. En það get jeg sagt, að jeg álít sumar þeirra beinlínis til skaða, t. d. að taka burt það ákvæði, að einn skuli vera aðalbankastjóri og hafa sjerþekkingu og reynslu í viðskiftamálum. Jeg legg mikið upp úr þessu atriði. Annað er aftur á móti þýðingarminna, svo sem t. d. það, að aðeins skuli vera einn gjaldkeri. Eins er um hið daglega eftirlit, að enda þótt jeg fyrir mitt leyti leggi ekki mjög mikið upp úr gagnsemi þess, þá er það bæði óþarft og einkennilegt að gera lagabreytingar til þess að afnema það og sýna, að verið er að minka eftirlitið. Auk þess eru ýms smáatriði, sem mjer persónulega hefði þótt til bóta, en ekki dottið í hug að bera fram brtt. um.

Þá eru enn nokkur smáatriði, sem hafa verið smíðagallar á frv. upphaflega; en út í það fer jeg ekki. Þetta frv. er annars yfirleitt sú aumasta hroðasmíð, svo að hverri stjórn mætti vera minkun að því að hafa látið bera fram fyrir sína hönd annað eins, og það um slíkt stórmál, sem hjer er á ferð. En því hefir verið yfirlýst, að það væri flutt að tilhlutun stjórnar-

innar. Þar sem nú á að fella þetta frv. inn í texta laganna, þá er dálítið leitt að alt annað skuli standa í 41. gr. heldur en í 21. gr. og eitt reki sig á annars horn. En það eru ekki þessi smáatriði, sem valda því, að jeg tek til máls, heldur stóratriðin, sem farið er fram á að breyta.

Það er þá fyrst þetta, sem jeg verð að finna að: að verið er að breyta lögunum nú þegar, ári eftir að þau eru sett. Jeg álít það óheppilegt í meira lagi að vera að hringla með löggjöf um slíka stofnun sem þjóðbankinn er. Það er ekkert eins nauðsynlegt fyrir hana eins og það, að um hana sje friður á allar lundir sem unt er. Það má að vísu ekki kaupa þann frið of dýru verði. En þar sem slíkar stofnanir eru algerlega bygðar upp á trausti þeirra, sem á einhvern hátt trúa þeim fyrir fje sínu, sem innstæðufje eða sem lánsfje, þá er auðsjeð, að þær má setja á heljarþröm með því að vekja um þær ófrið, sem jafnan skapar tortrygni. En þannig er það æfinlega, að þegar ný löggjöf er á döfinni, skapast um þær meiri og minni ófriður. Í fám orðum sagt eru það erfiðleikatímar fyrir slíka stofnun meðan verið er að komast á fastan grundvöll um löggjöf hennar. Það er sett nefnd til þess að rannsaka hag hennar og bankinn kemst á dagskrá í daglegum viðræðum og er í hvers manns munni. Við það skapast oft óheppilegir og miður rökfastir dómar. Alt er þetta mjög óheppilegt, og því óheppilegra, ef aldrei er hægt að treysta því, að föst niðurstaða sje fengin, heldur má altaf búast við nýjum breytingum og nýju hringli. Menn þurfa að vita alt um bankann með vissu; annars missa menn traust á stofnuninni. Einmitt til þess að forðast slíkt er það, að í nágrannalöndunum er sem minst hróflað við löggjöf um bankana. Það eru aðeins smáfyrirkomulagsbreytingar, sem gerðar eru eftir því sem viðskiftalífið breytist. Þar er reynt að búa svo um hnútana hvað snertir eftirlit með bönkum, að ekki þurfi að vekja eftirtekt almennings, þótt þeir sjeu rannsakaðir niður í kjölinn. Það eru einstakir eftirlitsmenn, sem annast þá rannsókn, til þess að stj. þurfi ekki að gera neitt veður, þótt þær vilji vita um hag einhverrar peningastofnunar. Þetta fyrirkomulag skapar frið og öryggi. En full ástæða er til að halda, að sá leikur, sem hjer á sjer stað, að breyta bankalögunum ári eftir að þau eru sett, geti gert bankanum ekki alllítinn óleik. Það er ótækt, ef haldið verður áfram á þessari braut, að hver meiri hluti, eftir því sem flokkaskifting breytist á þingi, noti tækifærið til að breyta til eftir geðþótta, og þannig verði hringlað fram og aftur með löggjöf helstu peningastofnunar landsins. Sjerstaklega er það óheppilegt gagnvart erlendum viðskiftamönnum bankans. Nú mun þegar búið að þýða lög bankans á útlend mál og þau eru orðin kunn helstu viðskiftasamböndum hans úti um heim. Það er því gefinn hlutur, að þeir gæta að því, hvað hjer er á ferðinni, og veita því sjerstaka athygli, sem dregur á einhvern hátt úr öryggi bankans. Þetta er sjerstaklega óheppilegt fyrir okkur, sem erum svo fáir og smáir og ekki mikið þektir út á við. Við eigum svo ákaflega erfitt með að fá menn til þess að trúa á okkur; heimurinn á svo bágt með að komast í skilning um, að við höfum

nokkra fjárhagslega getu. Við bíðum árlega stórtjón af því, hve erfitt er að fá aðrar þjóðir til þess að fá trú á því, að við getum lifað hjer sem sjerstök þjóð. Þær treysta okkur ekki, þora ekki að reiða sig á okkur. Það er t. d. ekki af því, að ekki sjeu nógir ódýrir peningar til úti í löndum, að við þurfum að vinna og starfrækja okkar atvinnufyrirtæki með rándýru fjármagni, heldur af því, að þeir, sem ráða yfir peningunum, hafa ekki nóga þekkingu og ekki nógu mikið traust á þjóðinni og fjármálum hennar til þess að þeir sjeu fúsir til þess að láta fje sitt hingað að láni. Þegar því bankinn hefir unnið sig upp í áliti erlendra fjármálamanna og fengið góð sambönd til viðskifta, þá er verulega ilt og óheppilegt að kasta skugga á það traust, því að mikið kostar að vinna það aftur, ef það tapast, en rýrnun á trausti kostar landið óhemjufje í hækkuðum vöxtum.

Eitt meðal annars, sem sýnir, hve óheppilegt og óþægilegt þetta hringl er, kemur fram í aðgerðum hæstv. stjórnar gagnvart bankanum. — Það er annars einkennilegt, að þessi hæstv. stjórn, sem leggur mikið kapp á að neyða þingmenn til næturfunda, skuli ekki nenna að vera sjálf viðstödd, þegar slík stórmál eru rædd sem þetta. Mig furðar á, að hæstv. fjmrh. skuli ekki einu sinni láta sjá sig hjer og forsvara handaverk sín. Jeg þyrfti þó að víkja ýmsu að honum. — Það er öldungis óforsvaranlegt, hvernig hæstv. fjmrh. hefir orðið að koma fram gagnvart bankanum. Meðal annars hefir ekki fengist staðfest reglugerð bankans. Það hefir ekki verið hægt að gefa starfsmönnum við bankann erindisbrjef, ekki verið hægt að prenta viðskiftabækur o. s. frv., vegna þess að ómögulegt hefir verið að toga reglugerðina út úr hæstv. fjmrh. Bankaráðið hefir lokið við reglugerðina fyrir löngu og hún beðið fullprentuð. En staðfesting hefir ekki fengist. Nú fyrst er það vitað, af hverju þetta tómlæti hæstv. ráðh. stafaði. Hæstv. stjórn hafði sem sje hugsað sjer að breyta löggjöf bankans og vildi því fresta að gefa út reglugerðina, þar til sú breyting væri komin í kring.

Nú fyrst er það líka vitað, af hverju hæstv. stjórn þumbaðist við að greiða bankanum eitthvað af því stofnfje, sem honum bar að lögum, svo að seðlaútgáfan hefir fyrir þær sakir verið í ólagi alt til þessa. Þessi dæmi nægja til þess að sýna, hve óheppilegt slíkt hringl er, að ekki skuli vera hægt að gera bráðnauðsynlegar ráðstafanir. Ef gera á breytingar á löggjöf bankans, verða að liggja til þess ríkar ástæður, sem vegi upp á móti þeim skaða og óþægindum, er af hljótast meðan á breytingunum stendur.

En svo er fjarri því, að um slíkar mikilvægar umbætur sje að ræða, að breytingarnar eru í öllum aðalatriðum til stórskemda.

Eitt aðalatriðið í frv. hæstv. stjórnar var það, að bankanum skyldi ekki greitt neitt viðbótarstofnfje fram yfir það, sem honum var fengið með lögum 1913, 2 milj. kr. Eins og menn muna, var svo ákveðið í bankalögunum frá í fyrra, að stofnsjóður bankans skyldi teljast 5 milj. kr. Sú grein laganna, sem þetta stendur í, er ekki ljóst orðuð, svo að gerð var fyrirspurn til stjórnarinnar um það, hvernig bæri

að skilja ákvæði hennar. Fyrirspurninni var svarað á þá leið, að greinina bæri að skilja svo, að þegar lögin gengju í gildi, skyldi bankinn eiga þetta fje óskert, 3 miljónir króna umfram þær 2 milj., sem ríkissjóður lagði bankanum til sem innskotsfje samkvæmt lögum 1913. Ef bankinn hefði beðið töp, sem meiru næmu en varasjóði, ætti að bæta honum það upp, svo að hann byrjaði raunverulega með 5 milj. króna stofnfje. Þetta var ekki nema alveg eðlilegt, ef hann átti að geta haft nauðsynlegt traust og hafa hemil og ábyrgð á „valútunni." Það var lítið vit í að ákveða, að bankinn skyldi hafa þessar 5 milj. óskertar, ef hann hefði verið búinn að tapa einhverju af sínu upphaflega stofnfje.

Nú fór hæstv. stjórn fram á það, að bankinn skyldi ekki einasta sviftur þessum 3 miljónum, heldur skuli honum ekki heldur bætt upp þau töp, sem hann kann að hafa orðið fyrir, svo að það má hugsa sjer, að bankinn byrjaði með minna en ekki neitt. Efri deild bætti að vísu inn í frv. heimild til þess fyrir ríkisstjórnina að greiða bankanum 3 milj. kr. „viðbótarstofnfje". En engin trygging er fyrir, að bankinn eigi raunverulega það fje, þótt hann fengi það. Í háttv. Ed. komu fram fyrirspurnir um, hvað skoðun sú, sem fram fór á bankanum í vetur samkvæmt ákvæðum laganna í fyrra, hefði leitt í ljós um ástand bankans. Við þeim fyrirspurnum fjekst ekkert svar. Enginn hefir hugmynd um, hvernig bankinn er raunverulega stæður, er hann á að taka upp sitt seðlabankahlutverk. Svo er sá mikli munur á, hvort ákveðið er í lögum, að bankanum *skuli* greitt viðbótarstofnfje eða til þess er aðeins *heimild*. Í fyrra var það eftir lögunum skylda að greiða bankanum þetta fje og þar með trygt, að hann fengi það, þótt það hafi dregist vegna þess, sem til stóð. Nú eftir frv. er það aðeins heimild, og mjer finst líklegt, að meðan forsjónin refsar okkur með þeirri hæstv. stjórn, sem nú situr, þá sjeu litlar líkur til þess, að bankinn fái nokkurntíma þá heimild notaða. Stjórnin sýndi hug sinn í þessu máli með því að ætla bankanum ekkert slíkt „viðbótarstofnfje" í frv., og heimild, sem neytt er upp á þráa og skilningslitla stjórn, er ekki mikils virði.

Fjeð fer í síldarverksmiðju, letigarð o. s. frv. Hinsvegar sjest ekki, að það eigi að ljetta neitt á bankanum af gulltryggingu seðlanna. Enda er þess enginn kostur. Það er því augljóst, að bankinn hefir ekkert annað ráð til þess að koma seðlatryggingunni í lag en það, að kalla inn harðvítuglega það fje, sem hann á útistandandi, til þess að safna erlendum innieignum ellegar kaupa gullforða. Þessi möguleiki er vitaskuld fyrir hendi. En þá verður að líta á hitt, hvort það sje fært vegna atvinnuveganna að draga inn útistandandi lán í stórum stíl. Sannast sagt heyrist oftar yfir öðru kvartað hjer en því, að lánsfje fljóti of ört til atvinnuveganna.

Jeg álít því, að með ákvæðum frv. sje stefnt út í hreinustu ófæru. Það getur ekki komið til mála að láta bankann hefja seðlabankastarfsemi sína með engu. Það er meira að segja hæpið, hvort 3 milj. væru nóg viðbótarstofnfje. Og bankinn á auk þess

undir högg að sækja, hvort hann fær nokkuð af því greitt.

Í 1. gr. laganna stendur það ákvæði, að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum bankans. Í frv. var það dálítið vægar orðað, en því er nú breytt í það, að ríkið beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Jafnframt er tekið fram, að sjerstaka lagaheimild þurfi í hvert sinn til þess að taka lán erlendis.

Það liggur í augum uppi, að þessi ábyrgðarheimild getur ómögulega komið í stað stofnfjár. Bankinn getur ekki keypt gullforða eða öðlast innieign fyrir ábyrgð ríkissjóðs, þegar ábyrgðin nær ekki til erlendra lána, nema sjerstök lagaheimild komi til í hvert sinn. Og þó að ríkið vildi ábyrgjast bankanum lán í þessu skyni, sjá allir, hver er munurinn. Það mundi þýða, að bankinn yrði að tryggja seðlana upp í topp með gulli. En eftir lögunum er heimilt að tryggja með innieign umfram skuldir erlendis. Og það er að öllu leyti heppilegra fyrir bankann að geta notað meðfram innieign erlendis í þessu skyni. Bæði getur hann fengið lága vexti af því fje, sem svo er bundið, auk þess sem það er hentug eign fyrir bankann. Þar að auki er það ljóst, að aðstaða bankans verður alt önnur, ef hann getur starfað með sínu eigin fje, sem hann þarf þá ekki að greiða vexti af, heldur en ef hann þarf að nota lánsfje. Seðlabankann má ekki neyða til þess að starfa eins og gróðafyrirtæki; heldur verður hann að haga „dispositionum" sínum eftir því, sem tryggast er fyrir þjóðina og peningamálin í landinu í heild sinni. En ef hann þarf að nota eingöngu lánsfje, þá er það óhjákvæmilegt, að starfsemi hans mótast af þeirri þörf, að gera sjer fjeð arðberandi. Það er því hreint og beint að gefa bankanum steina fyrir brauð að svifta hann stofnfjenu, en láta hann hafa ríkisábyrgð í staðinn.

Svo er önnur hlið á þessu máli, sem er óviðkomandi seðlatryggingunni, og það er, hvort heppilegt sje fyrir peningamálin í landinu, að bankinn sje þannig á örmum ríkissjóðsins. Því það er bersýnilegt, að þetta ákvæði hlýtur að leiða til þess, að fjeð streymir úr sparisjóðum og öðrum bönkum að Landsbankanum. Gegn þessu hefir það verið borið fram, að bankinn gæti altaf varist of miklu aðstreymi með því að lækka innlánsvextina. En jeg er hræddur um, að á hættulegum tímum hætti menn að spyrja um það, hvað vextirnir sjeu háir, heldur verði spurt að því einu, hvar tryggasti geymslustaðurinn sje. Og það þarf meira en litla árvekni, ef ekki á að taka á móti of miklu fje, fyrir nú utan það, hvað það er meinlegt að draga fyrst fjeð að sjer með ríkisábyrgð úr sparisjóðum og bönkum úti um land og ætla svo jafnframt að halda því frá sjer með óeðlilegum ráðstöfunum. Auk þess er þetta mjög óheppilegt fyrir bankann sjálfan. Það var rætt um það í milliþinganefndinni, hvort heppilegt væri að taka þetta ákvæði inn í bankalögin. Var jeg sá eini, er gerði þetta beinlínis að ágreiningsatriði, en öllum í nefndinni var það ljóst, að ekki væri heppilegt fyrir bankann sjálfan, að ofvöxtur hlypi í sparisjóð hans. Það er líka dálítil freisting fyrir bankastjórnina að leggja ekki á móti þessu. Því jafnvel þó henni sje það ljóst, að þetta er í

raun og veru ekki heppilegt, þá er það freistandi að banda ekki hendinni á móti slíku starfsfje, þar sem bankinn yrði annars að nota erlent lánsfje, sem ekki er heppilegt fyrir hann sem seðlabanka.

En svo er önnur hlið á þessu, er veit að sparisjóðunum, og hún er sú, að þetta er hreint banatilræði við þá. Og ef það verður ekki til þess að sálga þeim, þá byggist það ekki á öðru en þroskaleysi þeirra, er peningana eiga. Ef slíkt ætti sjer stað erlendis, þá mundi það verða til þess, að fjeð streymdi óðfluga í svo trygga stofnun. Það er meðal annars þess vegna, að seðlabankar þora ekki að taka við sparisjóðsfje. Bankastjórn Frakklandsbanka var einu sinni spurð að því, hvort hún vildi ekki taka við sparisjóðsfje gegn því að greiða einhverja, mjög lága, vexti. En hún neitaði því eindregið, því þá mundi fjeð streyma að, svo að til stórtjóns myndi leiða og erfiðleika. Þar skilja menn, hvers virði það er að setja fje sitt þar, sem tryggingin er best. Frá Danmörku er til skemtileg saga, sem sýnir, hvernig á þessi mál er sumstaðar litið. Bicuben, annar stóri sparisjóðurinn í Kaupmannahöfn, hækkaði einu sinni vextina um ½%. Kom þá öldruð kona ein til sparisjóðsins og tók út fje sitt af þeim ástæðum, því hún sagðist ekki vilja hafa fje sitt í svoleiðis „svindilforretningu".

Eftir því sem þjóðin er þroskaðri í þessum efnum, því næmari eru menn fyrir þessum atriðum. Hjer hefir það tíðkast, að menn spyrðu aðeins um það, hvar vextirnir væru hæstir, en þetta eldist af þjóðinni eins og hver annar barnasjúkdómur. Menn fara að sjá, að margt getur komið fyrir sparisjóðina og þeir á ýmsan hátt tapað því fje, er þeir hafa með höndum, og afleiðingin verður vitanlega sú, að peningarnir dragast með ómótstæðilegum krafti þangað, sem ríkistryggingin er og ekki er hætta á, að þeir tapist.

Vitanlega verður enginn herbrestur, þó þetta ákvæði verði samþ., heldur þokast þetta smátt og smátt í þessa átt. Það er með þetta eins og mann, sem smitast af holdsveiki. Hann dettur ekki strax dauður niður. Hann gengur ef til vill með veikina árum saman án þess að hann viti af því, en svo fer hún smátt og smátt að koma í ljós og endirinn verður sá, að hún gerir út af við hann. Sama verður tilfellið með sparisjóðina. Það er ekki hætta á því, að þeir detti strax dauðir niður, heldur verkar þetta hægt og hægt. Með þessu ákvæði er búið að leggja einskonar sogpípu úr öllum sparisjóðum og peningastofnunum landsins yfir í Landsbankann. Þessa skoðun mína byggi jeg ekki á neinu öðru en því, að Íslendingar sjeu ekki vitlausari í fjármálum en aðrar þjóðir, þegar þeir aukast að aldri og reynslu. Þetta ábyrgðarákvæði kann að líta vel út gagnvart bankanum, og getur vel verið, að ýmsir sjeu svo grunnhygnir, að þeir taki þetta fyrir umhyggjusemi fyrir landsins stofnun. En það er misskilin umhyggja, líkt og þegar hreddd móðir dúðar barn sitt í treflum og sjölum, hvenær sem það kemur út fyrir húsdyr, og þetta verður svo til þess eins, að barnið er með sífelt kvef og kvilla. Það heppilegasta er að fá

bankanum öflugan sjóð, svo hann geti notað sitt eigið fje. Með því vinnum við honum gagn, en alt annað er honum miður í hag. Það er því svo langt frá því, að jeg álíti, að þessi ábyrgð bæti honum upp stofnfjármissinn, að jeg er viss um, að bankinn verður ver stæður, ef þessi breyting nær að ganga fram. Enda kemur það skýrt fram í brjefi bankastjórnarinnar, sem þó er mjög vingjarnlegt gagnvart þessum breytingum og reynir að færa þeim alt til bóta, sem mögulegt er, að hún sjer sig knúða til þess að mæla á móti þeim. Bankaráðið lagði líka á móti þeim, af því að það taldi óheppilegt að vera altaf að breyta lögum bankans.

Þó jeg gæti þreytt hv. þdm. á því að tala um þetta mál margt og mikið enn, þá skal jeg nú samt ekki gera það, því jeg kæri mig ekki um að vera bendlaður við neitt málþóf. En jeg vil aðeins óska þess, ef þetta frv. á að fara til nefndar, að hún taki til rækilegrar athugunar þá hrákasmíði, sem hjer er á ferðinni. Og það er ótrúlegt, að hæstv. stjórn og hv. flm. og hv. meiri hl. nefndarinnar í Ed. skyldu geta orðið samtaka um það að láta það fara frá sjer í þessum búningi. En hreinsunareldurinn sýnist hafa verið eitthvað daufur meðan þetta mál fór í gegnum hann, og mun þörf á, að nefndin hjer í þessari hv. deild blási í glæðurnar.

Sigurður Eggerz: Eins og jeg tók fram áðan, hefði jeg mjög óskað þess, að umr. um þetta mál hefðu farið fram á öðrum tíma heldur en nú um miðja nótt. Og að jeg fór þess á leit, var af því, að jeg er sannfærður um, að þetta er eitthvert stærsta mál þjóðarinnar. Jeg get ekki látið hjá líða, úr því jeg tala hjer, að minnast á það, sem jeg hefi oft sagt áður hjer á Alþingi, að jeg er sannfærður um, að því miður er ekki ennþá búið að leggja hinn rjetta grundvöll undir peningamál þjóðarinnar. Ljósast dæmi þess er það, að eftir að samþ. hafa verið lög um seðlabanka, skuli eftir eitt ár vera komið með jafnstórvægilegar breytingar og hjer eiga sjer stað. Jeg skyldi nú ekki gráta, þó gerðar væru breytingar á þessu máli, ef þær færu í þá átt, að með þeim væri lagður hinn rjetti grundvöllur undir þessi mál; en því er nú ekki að heilsa.

Jeg skal nú að vísu ekki fara út í gamlar deilur, því jeg býst ekki við, að það verði til neins gagns fyrir þann málstað, sem jeg og fleiri höldum fram, að sje sá rjetti. En mjer finst þó rjett að minna á, að það muni hefna sín að ganga á móti erlendri og íslenskri reynslu í þessu máli. En það hefir verið gert í bankamálinu. Því það er nú svo samkvæmt yfirlýsingum allra þeirra erlendra sjerfræðinga, sem spurðir hafa verið, að frambróunin er sú erlendis, að seðlabankinn verður meir og meir banki bankanna. Jeg hefi heyrt, að koma myndi frá hæstv. forsrh. till. um að koma á fót fasteignaveðbanka, og jeg verð að segja, að það gleður mig. En þó hefði jeg glaðst meira, ef hún hefði komið á þeim rjetta tíma og að þessi banki hefði verið í sameiningu við seðlaútgáfuna. (**MG:** Þetta verður eingöngu landbúnaðarbanki. — **Forsrh. TrÞ:** Landbúnaðarbanki fyrst og fremst).

Jeg get vel ímyndað mjer, að þessi

breyting, sem nú kemur fram, strax eftir eitt ár, stafi einmitt af því, að undir niðri sjeu menn óánægðir. En eitt er víst, að með þessum breytingum, sem nú er farið fram á, er ekki verið að bæta úr kórvillunni, sem gerð var í þessu máli í fyrra, heldur síður en svo.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um þá miklu hættu, sem stafaði af ríkisábyrgðinni, því hún mundi leiða til þess, að fje streymdi að Landsbankanum frá öðrum bönkum og sparisjóðum. En hvað skapast upp úr því? Hrein bankaeinokun. En af öllum einokunum, svo slæmar sem þær eru, er hún þó sú langhættulegasta. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að jeg sá nýlega í erlendum blöðum, þar sem aðstaða Landmandsbanken var gerð að umtalsefni, að Handelsbanken hafði verið spurður að því, hvernig hann liti á þetta mál. Svar hans var á þá leið, að hann áliti nauðsynlegt að halda Landmandsbanken uppi, því að það væri of lítið að hafa aðeins 2 einkabanka í Danmörku. Við það mundi skapast of mikil einokun í peningamálum þjóðarinnar og þess vegna mættu þeir ekki vera færri en 3. Þetta sýnir, hvað mikil áhersla er lögð á það, þar sem menn eru vel þroskaðir í þessum efnum, að ekki sje einokun í bankamálum.

Eitt er það, sem jeg hygg, að við getum allir verið sammála um, og það er það, að skapa þann frið utan um þennan banka og láta hann hafa þá kyrð í kringum sig, sem honum er nauðsynleg. Síðasta þing ákvað, að ríkissjóður skyldi ekki bera ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum bankans, og er jeg því alveg samþykkur. Því ef bankinn á að verða seðlabanki, eins og alt útlit er fyrir, þá verður að fara aðra leið. Þá verður að láta hann hafa svo mikið starfsfje sem hann þarf, svo að hann geti orðið sterkur banki, banki, sem óhætt er að treysta á. Jeg er sannfærður um það, að höfuðatriðið fyrir hvern seðlabanka er það, að andrúmsloftið sje sem hreinast kringum hann. Og jeg held, að það yrði ekki til mikillar hamingju fyrir bankann, ef farið væri að setja á hann þetta stóra höfuð, sem nú er gert ráð fyrir.

Með því að þessi umr. er 1. umr., tala jeg aðeins alment um málið, en fer ekki neitt út í einstök atriði. Það verður auðvitað látið fara til nefndar, og þá vísast til fjhn. Jeg veit nú ekki, hvað hv. form. hennar segir, en mjer fyndist mjög hyggilegt, að bætt væri 2 mönnum í nefndina, þar sem um svo mikilsvert mál er að ræða og mikið er undir komið, að tekið sje þeim rjettu tökum. Og með því að þingtíminn fer að styttast og þm. hafa áhuga á því að flýta þinginu, þá fyndist mjer mjög æskilegt, að þessi fjölgun ætti sjer stað, svo málið yrði íhugað sem fljótast og best.

Það er mikill misskilningur, ef einhver hefir ætlað, að ástæðan til þess, að jeg óskaði þess í kvöld, að þetta mál yrði ekki rætt nú, væri sú, að jeg vildi draga þingið á langinn. Það hefir mjer aldrei dottið í hug, og jeg hygg, að fáir hafi jafnmikinn áhuga og jeg á því, að þinginu ljúki sem fyrst. En jeg verð að segja það, að mjer virðist það skifta miklu, að virðing sje borin fyrir ýmsum góðum venjum, sem ráðið hafa hjer á þingi. Ein þeirra er sú, að sýna stórmálum þjóðarinnar svo mikla virðingu að ræða þau ekki

þegar aðeins eru 3 til 4 þingmenn viðstaddir. Það er meira að segja farið að tala um það hjer í þessum bæ, að það sje merkilegt þing, er nú sitji, því ef maður komi þangað, sjáist í hæsta lagi 3—4 þm. í salnum. Hvað mundi þá verða sagt, ef þannig er ástatt, þegar verið er að ræða stórmál þjóðarinnar?

Jón Auðunn Jónsson: Mjer kom ekki á óvart, þó að í einhverju yrði reynt að breyta Landsbankalögunum, sem hjeðan voru afgreidd í fyrra. En hitt kom mjer þó ekki til hugar, að farið yrði að hringla með bankann fram og aftur ár frá ári. Og það er víst, að ef farið hefði verið að tillögum mínum og fleiri um sjerstakan seðlabanka, hefði þetta ekki komið til. Með þá stofnun hefði ekki verið hægt að hringla á ýmsa vegu.

Eitt af því, sem bankanum er nauðsynlegast, er að hafa um sig sem fullkomnastan frið. Lög hans og reglugerðir verða að vera svo, að þeim þurfi ekki að breyta árum saman, helst ekki áratugum saman. En af því að Landsbankanum hafa verið fengin fleiri hlutverk en seðlaútgáfan og gjaldeyrisverslunin, er það látið afsaka hringlandann.

Það má segja um nærfelt allar þær breytingar, er hjer liggja fyrir, að þær miða að því að þrengja að bankanum. Fyrsta breytingin, ríkisábyrgðin á skuldbindingum bankans, verður vissulega til að þrengja að bankanum, þegar kreppuárin koma. Það er hættulegt fyrir hvern banka að hafa mjög mikið sparisjóðsfje, eins og háttar um það hjer á landi. Sparisjóðsfje er ótryggara hjer á landi en annarsstaðar. En í öðrum löndum er það þó svo, að einkabankarnir vilja hafa mjög takmarkað innlánsfje. — Í Englandi, sem er elsta bankaland í álfunni, ef frá eru taldir einn eða tveir bankar í Ítalíu, hafa bankarnir hlotið meira traust fyrir það, hve lítið innlánsfje þeir hafa notað í starfsemi sinni. Stórbankarnir fimm, „The big five", sem kallaðir eru, aðhyllast t. d. þá reglu að hafa sem minst innlánsfje. Hjer er stefnt í gagnstæða átt. Það á að neyða Landsbankann til að taka við svo að segja öllu innlánsfje landsmanna. Þetta held jeg, að væri mikill bjarnargreiði við bankann. Það verður einnig landsmönnum sjálfum og allri peningamálastarfsemi í landinu til hinnar mestu óþurftar, ef stefnt er að því, að sparisjóðirnir úti um land leggist niður. En það er tvímælalaust gert með frv. Menn úti um land, sem fjarri búa útibúum bankanna, eiga ákaflega erfitt með að afla sjer rekstrarlána, en þar hafa sparisjóðirnir bætt mikið úr. Með þessu frv. er stefnt að því, að Landsbankinn, seðlabanki ríkisins, hafi einn ábyrgðina og áhættuna, þegar kreppuárin koma, á þeim tímum, þegar það er vitað, að allar peningastofnanir bíða hnekki og fjárhagslegan skaða. Bankanum eru bundnar þessar byrðar að nauðsynjalausu og honum til tjóns.

Þá er með frv. felt niður ákvæði gildandi laga um aukið stofnfje til bankans. Það er viðurkent, að 5 miljónir króna er hið minsta eignarfje, sem bankinn má byrja með. En í þessu frv. er það lagt á vald stjórnarinnar, hvort hún leggur bankanum aukið stofnfje eða ekki. Jeg sje enga skynsamlega ástæðu til þess, að þingið

efni ekki í þessu efni það, sem það lofaði í fyrra. Einasta ástæðan til þess, að í frv. sje sagt „heimilt", en ekki „skylt", hygg jeg, að geti verið sú, að þetta eigi að nota sem *keyri* á Landsbankastjórnina. Mjer er raunar ekki ljóst, til hvers á að nota þetta keyri, og jeg held, að svona aðferðir sjeu eins dæmi, þegar um stofnun seðlabanka er að ræða.

Um stjórnarfyrirkomulag bankans hafa jeg og aðrir þráfaldlega deilt. Það mundi taka of langan tíma, ef farið væri að rekja hjer allar þær deilur. En það er ekki til að skapa öryggi um bankann, að þetta nýja, stóra höfuð er sett á hann. Það er gert til að dreifa ábyrgðinni. Ef til þess kæmi, að stjórnendurnir ættu að bera ábyrgð á stjórn sinni á bankanum, væri hún svo dreifð, að hvergi væri hægt að koma henni fram. Þetta fyrirkomulag um mannmargar stjórnarnefndir var upphaflega tekið upp í sambandi við hluthafabanka, til þess að fá auðuga menn til að leggja fram fje til þeirra. Þeir fengu svo að vera í stjórnarnefnd, sem ekkert gerði annað en að skrifa undir reikninga og þess háttar, en fengu góðan skilding fyrir. — Jeg legg ekki mikið upp úr því, að nefndin eigi að vera launalaus. Krafan um þau kemur áreiðanlega eftir fá ár.

Jeg vildi aðeins benda á þessi atriði til athugunar fyrir nefnd þá, er málið fær til umsagnar og álita.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál. Við hv. þm. Dal. erum algerlega gagnstæðrar skoðunar um það, hvernig koma hefði átt fyrir seðlaútgáfunni. Milliþinganefndin í bankamálum klofnaði um þetta atriði, og yrði það langt mál, ef farið væri að ræða ágreiningsatriðin frá rótum. En þar sem hv. þm. talaði um, að framþróunin í öðrum löndum hefði meira og meira stefnt að því, að seðlabankarnir yrðu bankanna bankar, þá neitar því enginn maður. Spurningin er aðeins sú, hvar við erum nú staddir í framþróuninni. Þó að fullorðnum mönnum hæfi betur að vera í fullvaxinna manna fötum en barnafötum, er ekki þar með sagt, að börnin eigi strax að klæðast í fullorðinsföt. Þó að löndum með fjölbreyttu viðskiftalífi og mörgum bönkum hæfi seðlabankar, sem eru „bankanna bankar", er ekki sagt, að það fyrirkomulag eigi hjer við. Hjer er alls ekki sama ástandi til að dreifa. Við eigum að aðgæta, hvað öðrum þjóðum hentaði, þegar þær stóðu á sama stigi og við nú. Okkur er engin niðurlæging að því að viðurkenna, að við erum ekki komnir eins langt í bankamálum og Englendingar. Norðmenn og Danir, sem þó standa okkur mun framar, viðurkenna þetta fyrir sitt leyti. Í Englandi er það svo, að Englandsbanki er ekki aðeins bankanna banki, heldur eru fleiri bankar, svo sem „The big five", sem hv. þm. N.-Ísf. nefndi, sem hafa nálega eingöngu skifti við aðra banka, „brokers" og víxlara. Þessir bankar taka ekki einu sinni við fje að innláni, sem hefja má með tjekkávísunum, nema frá gömlum og þektum stofnunum. Þetta er í sjálfu sjer eðlilegt fyrirkomulag í Englandi. Þeir peningamenn, sem hafa yfir miljónum punda að ráða, geta ekki þekt alla þá, sem lán vilja fá, og því taka þeir það ráð að skifta við aðra, sem meiri kynni

hafa af almenningi. Þetta er hið fullkomnasta form á peningaverslun, sem þekkist hjer á jörð. Þarna eru bankarnir eins og fínasti mælir, sem segir til við hverja einustu vaxtasveiflu, þótt ekki sje nema brot úr prósentu. Og hjer er ráðstöfun fjárins dreift á eins margar hendur og frekast er unt, til þess að tryggja sjer kunnugleika þeirra, sem fjenu ráðstafa.

Ef Landsbankinn hjer ætti að verða „bankanna banki", þ. e. að skifta ekki við aðra en banka, þá yrði hann til handa aðeins einum banka. Hann yrði banki Íslandsbanka. (**JAJ:** En sparisjóðirnir?). Ef til vill mundi hann og skifta við sparisjóðina, en það er samt engan veginn víst, og að minsta kosti er ekki enn búið að koma þeim samböndum í horf. — En sem sagt, deilan er ekki um framþróunina í öðrum löndum, heldur um það, hvar við stöndum í þróuninni, hvað okkur henti best á því stigi, er við stöndum. Þess er þá vert að minnast, að bankastjórum allra þjóðbankanna á Norðurlöndum kom saman um, að við ættum að fara þá leið, er við völdum. Rygg, aðalbankastjóri Noregsbanka, sem skrifaði ítarlegast um málið og tók það föstustum tökum, tók þetta mjög skýrt fram. En þetta er nú alt umliðið og ekki hjer til umræðu.

En um samband milli fasteignabanka og seðlabanka veit hv. þm. Dal. það, að þar er ekkert eðlilegt samband á milli. Þetta eru einmitt andstæðurnar í bankastarfsemi. Fasteignabankinn veitir lán gegn öruggum veðum til langs tíma, en seðlabankinn þarf að hafa stöðugur gætur á sveiflum í gengi og vöxtum og hafa fje sitt sem lausast og tiltækilegast á hverri stund sem er. Hitt felst jeg á, að seðlabankastjórnin mundi ekki hafa meira annríki en svo, að hægt væri að hafa „persónusamband" milli bankanna. Enda býst jeg nú við, að hv. þm. Dal. hafi átt við það. Hann hlýtur að vera horfinn frá þeirri fornaldarhugmynd að tryggja seðla með fasteignum. Það er t. d. nafnfrægt, að einu sinni átti að tryggja seðla með nýlendum í Ameríku, en fór auðvitað alt á hausinn. En út í þetta þykist jeg nú ekki þurfa að fara frekar. Seðlabankamálið er nú endanlega útkljáð, — nei, það er víst ekki óhætt að segja svo mikið, því að nú sýnist orðið lítið um endanlegar ákvarðanir.

Jeg er samferða hv. þm. N.-Ísf. í því, að jeg fæ ekki skilið, hvað á að rjettlæta, að stofnfjárgreiðslan til bankans sje aðeins heimiluð, en ekki fyrirskipuð. Mönnum hlýtur að koma til hugar sú skýring, sem hann drap á, að þetta eigi að verða einhverskonar keyri á bankann. — Annað er þó enn undarlegra, að nú á að fara að taka ábyrgð á bankanum, án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um hag hans. (**ÁÁ:** Ríkissjóður ber ábyrgð á núverandi „status" bankans). Sú ábyrgð nær a. m. k. ekki fram yfir þær skuldbindingar, er á bankanum hvíldu, er nýju lögin um hann gengu í gildi. Það er einnig mjög um það deilt, hvort ríkissjóður hafi borið ábyrgð á innstæðum manna í bankanum eftir gömlu landsbankalögunum. Í lögunum frá 1885 eru engin ákvæði um þetta, nema ef bankinn er lagður niður. Þá á fyrst að greiða öllum lánsölum bankans allar skuldakröfur þeirra, að undanskildum landssjóði sem lánsala að seðlaupphæð þeirri, er

hann hefir lánað bankanum. Þær eignir, sem þá eru eftir, renna í landssjóð, og leysir hann síðan til sín hina útgefnu seðla með fullu ákvæðisverði. (**ÁÁ:** Ábyrgðin er í Landsbankalögunum frá síðasta þingi). Í þeim er ákveðið, að ríkissjóður beri *ekki* ábyrgð á bankanum. (**ÁÁ:** Í því, að ríkissjóður ábyrgist óskert stofnfje bankans). Jeg vænti, að hv. þm. V.-Ísf. geti skilið muninn á því, að ábyrgjast hag bankans á einhverjum ákveðnum tíma og að ábyrgjast allar skuldbindingar bankans um ókomna tíma. Ástand bankans á hverju ákveðnu augnabliki ræður mjög miklu um hag hans og ráðstafanir í framtíðinni. Auk þess er nokkur vafi um skilninginn á 5. gr. laganna. Jafnvel þótt minn skilningur sje tekinn gildur, þá segir greinin ekki annað en að stofnsjóðurinn eigi að vera óskertur, þegar bankinn tekur til starfa eftir nýju lögunum. En það sýnist óneitanlega liggja nærri, að a. m. k. fjárhagsnefndum í Alþingi sje skýrt frá hag bankans um leið og farið er fram á almenna ábyrgð á skuldbindingum hans.

Jeg hygg, að talsverð ástæða sje fyrir þá nefnd, er mál þetta fær til meðferðar, að athuga frv. vandlega í einu og öðru. Úr því að farið er að breyta Landsbankalögunum á annað borð, er t. d. undarlegt að kippa ekki í burt einum forngrip, sem þar hefir leynst síðan 1924 eða 1925, í þeim kafla, sem einna minst hefir verið þráttað um. Í 53. gr. er sem sje talað um arðmiða af hlutabrjefum bankans. Ef lögunum er breytt á annað borð, sýnist lítið vit í öðru en að kippa burtu þessu ákvæði. En þar fyrir er þetta svo smávægilegt, að engin ástæða er til að breyta lögunum fyrir þá sök eina. — Þá er það og einkennilegt, að svo er að sjá af þessu frv., að bæði bankaráðið og Landsbankanefndin eigi að semja reglugerðir fyrir bankann. Er engu líkara en að reglugerðirnar eigi að vera tvær.

Þá er það og merkilegt, að svo lítur út, sem reikningar bankans eigi að endurskoðast af tvennum endurskoðendum. Eftir 21. gr., sem ekki er hróflað við, skal reikningur bankans endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðs. En í 41. gr., sem verður ný grein í lögunum, er tekið fram, að landsbankanefndinni beri „að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra". — Eins er um úrskurð á reikningum bankans. Eftir 22. gr. laganna á ráðherra að úrskurða ársreikninga bankans, og eftir frv. á landsbankanefndin líka að úrskurða reikninga bankans. Þannig eru þá tvennir endurskoðendur og tveir aðiljar, sem úrskurða reikninga bankans.

Frv. er í heild sinni slíkt hrákasmíð frá upphafi til enda, að annað eins hefir ekki sjest um langan tíma.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla aðeins að leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort hún vilji ekki láta þingmönnum eða þingnefnd í tje skjöl og skýrslu þeirrar nefndar, sem athugaði hag bankans. Það er nauðsynlegt fyrir þingmenn að fá að vita um niðurstöðu

þeirrar rannsóknar, sem úttektarnefndin gerði á bankanum, til þess að mynda sjer skoðun í þessu máli. Vitanlega verður það að skoðast trúnaðarmál gagnvart þingmönnum, ef eitthvað er í skjölum nefndarinnar, sem ekki má fara út fyrir þingið. Það er hættulegt, þegar ýktar og afbakaðar sagnir berast um hag bankans, og sýnist sjálfsagt, að þingmenn að minsta kosti fái að vita hið sanna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hæstv. fjmrh. hefir ekki getað verið viðstaddur hjer í kvöld. En þetta mál heyrir undir hann. Skal jeg í fyrramálið koma þessum skilaboðum til hans og sjá til, að hv. 1. þm. Skagf. fái að vita svar hans á morgun.

Sigurður Eggerz: Nú er komið fram á nótt og allir vilja sem fljótast komast heim. Verð jeg því að tala lauslegar um þá hluti, sem mjer liggja á hjarta í þessu máli, en ella mundi. Neyðist jeg til í þessari ræðu minni að grípa aðeins á nokkrum höfuðatriðum, sem ræða hv. 1. þm. Reykv. gaf tilefni til.

Mjer þótti vænt um að heyra það frá hv. 1. þm. Reykv., að hann viðurkennir, að framþróunin í bankamálum væri sú, að seðlabankinn væri meir og meir að verða bankanna banki. Sjerfræðingum kemur öllum saman um og telja engan vafa á, að framþróunin fari öll í þessa átt. En hv. þm. segir, að þetta sje að vísu rjett, að seðlabankinn sje annarsstaðar að verða bankanna banki, en við sjeum hinsvegar ekki komnir ennþá á það stig í framþróuninni, að ástæða sje til fyrir okkur að taka upp það fyrirkomulag.

Jeg verð nú gagnstætt þessu að halda því fram, að við verðum að leitast við að haga okkar bankamálum eftir því fyrirkomulagi, sem við teljum best í heimi, og hagnýta okkur alla þá reynslu, sem við sjáum, að þær þjóðir, sem lengst eru komnar, hafa í þessum málum. Það hefir verið tekið fram, að engum dytti í hug að fara að taka upp aftur til fiskiveiða seglskip eins og þau, sem notuð eru í Færeyjum, og leggja niður togarana. En nákvæmlega það sama er farið fram á hjer með því að koma á þessu úrelta fyrirkomulagi, sem menn hafa fyrir löngu horfið frá annarsstaðar.

Ástæðurnar, er vjer færðum gegn því að gera Landsbankann að seðlabanka, eru kunnar. Hann ávaxtar mikið sparisjóðsfje og er bygður yfir mikil áhættuviðskifti. Og enn eru fleiri ástæður, sem ekki er hjer tími til að ræða um.

Jeg hafði minst á það í ræðu minni áðan, að það hefði verið æskilegt að hafa seðlaútgáfuna í sambandi við fasteignabanka. Væri þá nokkurskonar persónusamband milli seðlabankans og fasteignabankans, þannig að seðlabankastjórnin gæti um leið stýrt fasteignabankanum. Á fáu er meiri þörf nú en að koma fasteignalánum í gott horf og fast. Það verður ekki gert á annan hátt betur en koma öllum fasteignalánum undir einn hatt.

Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki vilja gera upp á milli þeirra ýmsu erlendu bankafræðinga, sem spurðir voru álits.

En þó var einn erlendur sjerfræðingur, sem hv. þm. hrósaði sjerstak-

lega. Og það er norski bankastjórinn Rygg. Hann er ákaflega mikill og merkilegur fjármálamaður og hefir mjög mikla þýðingu fyrir sitt land. En það er einkennilegt við umsögn hans, að þegar hún er lesin niður í kjölinn, kemur það berlega í ljós, að í þeim hlutum norska ríkisins, þar sem bankamálin eru lengst komin, þá er það að sýna, að seðlabankinn er bankanna banki.

Með því að nú líður á nóttina, vil jeg ekki lengja umræður meira en alveg nauðsynlegt er, og mun jeg því ekki fara eins ítarlega inn á þetta efni og jeg í raun og veru æski. Verð jeg að láta mjer nægja að drepa á það, sem óhjákvæmilegt er.

Jeg verð að minna á það glögga rit, sem hæstv. forseti (BSv) ritaði um bankamálið. Og mig langar til þess að biðja hv. deildarmenn áður en þessari umr. er lokið að kynna sjer þá glöggu grein, sem hann gerir þar fyrir afstöðu sinni. Það er í raun og veru það sorglegasta í þessu máli að þurfa að horfa upp á, að þeir menn, sem hafa sett sig vel inn í þetta mál og kynt sjer það svo sem þeir hafa getað, skuli vera ofurliði bornir, að þurfa að horfa upp á, að hjer á hv. Alþingi skuli vera gengið beint á móti þeirri reynslu, sem fengin er, ekki aðeins erlendri, heldur og okkar eigin innlendu reynslu í þessum efnum.

Jeg held það eigi ekki við að tala alt of langt mál um einstök atriði við þessa umr. Að því er snertir það atriði, sem hjer hefir verið vakin eftirtekt á, að nefnd manna hefir rannsakað hag bankans, en álit þeirrar nefndar hefir enn ekki verið látið uppi, þá vil jeg bíða að tala um það, þar til jeg heyri umsögn hæstv. fjmrh., sem ekki er staddur hjer í deildinni. En mjer þykir rjett að benda á, að jeg hefi sem ráðherra komið því í gegnum þingið, að settur var bankaumsjónarmaður. Það vakti fyrir mjer með því, að heppilegt væri, að til væri maður með bankasjerþekkingu, er gæti hvenær sem er rannsakað ástand bankanna án þess að það vekti óróa og umtal. Á þann hátt ætti að vera hægt að fá sem tryggasta vitneskju um hag banka á hverjum tíma án þess að þurfa að vekja ókyrð út af því. Áreiðanlega verður það aldrei tekið nógu oft fram, hve óhemju mikla þýðingu það hefir fyrir peningastofnanir, að menn kunni að umgangast þær. Það er hálft líf hvers banka að fá að vera í friði. Það er áreiðanlegt, að bankar í þessu landi fengju að vera í friði fyrir öllu umróti, ef skilningur á því væri nógu djúpur, hvaða þýðingu bankar hafa og hvaða hlutverk þeim er ætlað að vinna; ef menn vissu, að framþróun atvinnuveganna byggist að stórmiklu leyti á því, að bankinn fór að vinna að framþróuninni. Umfram alt má enginn stjórnmálaflokkur eða meiri hluti, hversu sterkur sem hann er, nota vald sitt og aðstöðu til þess að skapa ókyrð og óvild gagnvart bankanum.

Jeg er þeirrar skoðunar, að nægilegt hefði verið, að bankaumsjónarmaðurinn hefði skoðað bankann. En nú er nefnd búin að skoða bankann, og ef stjórnin vill ekki birta niðurstöðuna af þeirri skoðunargerð, þá ætti hún að gefa yfirlýsingu um, að það, að skýrslan væri ekki birt, stafaði

ekki af því, að neitt væri athugavert við bankann. Annars gætu risið ótal spurningar. En jeg vil leggja áherslu á það að lokum, að þótt jeg fylgi því ekki, að tekin verði fullkomin ábyrgð á bankanum, þá er það eingöngu af því, að jeg tel tryggara, að önnur leið sje farin. Jeg vil styðja að því, að Landsbankanum verði veittur svo mikill beinn stuðningur, að engum detti í hug að efast um, að þessi stofnun sje svo sterk sem hún ætti og verður að vera.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. V.-Ísf. skaut því fram í hjá hv. 1. þm. Reykv., að eins og nú stæðu sakir bæri ríkissjóður ábyrgð á Landsbankanum samkvæmt landsbankalögunum. Það er að vísu rjett, að svo er til ætlast með lögunum frá í fyrra, að ríkissjóður beri ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum þeim, sem bankinn nú hefir, en ef ríkissjóður skýtur fram af sjer að sjá bankanum fyrir auknu starfsfje og svíkur þannig loforð sitt, þá álít jeg, að ábyrgð ríkissjóðs hafi þar með fallið niður.

Væntanlega verður tilefni og tækifæri til þess að tala um bankafyrirkomulagið í öðrum löndum við 3. umr. En það verð jeg að leiðrjetta hjá hv. 1. þm. Reykv., að stóru bankarnir í Englandi — the big five — sjeu bankanna bankar. Það eru þeir ekki að meira leyti en áður. Þeir hafa að vísu á síðustu árum gleypt fleiri hundruð smábanka, en það er aðeins til þess að geta fullnægt þörfum hinna stóru verslunar- og iðnaðarfyrirtækja. Þeir gátu ekki fullnægt nema örfáum af hinum stóru lánbeiðnum, vegna þess, að eftir styrjöldina miklu kom upp sú stefna að steypa saman mörgum stórum fyrirtækjum, í eitt, en við það varð lánsþörfin hjá þeim stórum meiri á hvert einstakt fyrirtæki en áður var. Að þeir tóku aðra smærri banka inn í sig, var til þess að þeir gætu betur og á hagkvæmari hátt en áður fullnægt eftirspurn þessara stóru fyrirtækja. Hitt er rjett, sem hv. þm. tók fram, að ekki er hægt að koma innlánum til þessara banka nema undir sjerstökum kringumstæðum. Þessir bankar taka ekki við innlánum frá mönnum, sem þeir þekkja ekki til um, fyr en þeir hafa aflað sjer upplýsinga um þá og vita, hvort fjáreigandi muni láta innlánið standa eða þurfi á peningum að halda fyrirvaralaust.

Þeir bankar, er fást við að ávaxta sparifje almennings, vinna mest á því að kaupa og selja ríkisskuldabrjef, sem gilda 6—12 mánuði, eða mest 1½ ár.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. N.-Ísf. játaði, að ríkið bæri ábyrgð á bankanum eins og er, en hún gæti fallið niður, ef honum væri ekki lagt aukið starfsfje. Þetta má að vísu vera rjett, en hefir enga þýðingu, því að núgildandi ákvæði falla ekki niður fyr en á sömu stundu og ný lög eru staðfest. Breytingin, sem þetta frv. gerir, er aðeins sú, að í staðinn fyrir núgildandi ábyrgð á stofnfje bankans kemur almenn ábyrgð. En sú ábyrgð er ekki meiri nje hættulegri en ábyrgðin á stofnfjenu er nú. Hjer er ekki um breytingu að ræða, sem breyti í neinu núverandi afstöðu ríkissjóðs til bankans. Það kemur ekki þessu máli við, hvernig bankinn stendur sig nú. Ábyrgð á núverandi ástandi er nú í

lögum. Þess vegna þarf engar upplýsingar að heimta um hag bankans nú sjerstaklega vegna ábyrgðarákvæðisins. Í fyrra mátti miklu fremur telja ástæðu til að spyrja um hag bankans. Jeg bar þá fram fyrirspurn til stjórnarflokksins um það, hvort hann væri ekki hræddur við að taka ábyrgð á stofn fje bankans, og fjekk það svar hjá hæstv. forsrh., að hans flokkur kviði engu í því sambandi. Jeg sje enga ástæðu til að óttast nú það ákvæði, sem raunverulega felur í sjer sömu fjárhagsskuldbindingu og það, sem hjer var samþykt í fyrra, athugasemdalaust af þeim, sem nú eru hræddastir.

Magnús Jónsson: Mjer er sama, þótt hv. þm. Norður- og Vestur-Ísfirðinga komi saman um það; það er samt alls ekki fullkomin ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans í gildandi lögum. Ef sá skilningur er rjettur, sem jeg lagði í 5. gr., en hann er þó ekki vafalaus, má að vísu segja, að ríkið beri ábyrgð á, að stofnsjóður bankans sje óskertur, þegar bankinn tekur til starfa eftir nýju lögunum. Önnur ákvæði eru ekki um ábyrgð ríkissjóðs á bankanum. Í 56. gr. er raunar bráðabirgðaábyrgð á sparisjóðnum, en hún fellur úr gildi, þegar varasjóður hans er orðinn 10% af innstæðunum. Það er því ljóst, að í Landsbankalögunum frá síðastl. ári er engin almenn ábyrgð tekin á skuldbindingum bankans, heldur þvert á móti skýrt tekið fram, að ríkissjóður beri *ekki* ábyrgð á skuldbindingum bankans fram yfir stofnfje og varasjóð.

Líking hv. þm. Dal. um það, að við ættum eftir minni röksemdaleiðslu að leggja niður togaraveiðar og gufuskip til milliferða, en taka upp skútuveiðar og seglskipaferðir, er ekki rjett. Það er ekki sagt, að hver þjóð þurfi að ganga gegnum öll millistig í þróuninni. Ef við tökum upp seðlabankafyrirkomulag stórþjóðanna, er það hliðstætt því, að við tækjum upp 15 þúsund smálesta línuskip til milliferða. Svo stórir farkostir hæfa okkur ekki nú, en þar með er engan veginn sagt, að við eigum ekki að nota þá, þegar við erum orðnir miljónaþjóð, hvenær sem það nú verður. — Þetta skildi Rygg bankastjóri Noregsbanka, þótt hv. bankastjóra Íslandsbanka gangi illa að átta sig á því. Rygg bankastjóri segir meira að segja, að það komi ekki til mála, að Noregsbanki sleppi þeim beinu viðskiftum, er hann hefir nú. Þau sjeu honum nauðsynleg, ef bankastjórnin eigi ekki að trjenast upp og komast algerlega úr snertingu við atvinnuvegina.

Það var áreiðanlega rjett spor, sem við stigum, þegar við fórum eftir tillögum hinna erlendu bankastjóra og sniðum bankann eftir staðháttum og því stigi, sem við stöndum á, en höfðum fyrirkomulagið þó svo liðugt, að bankinn gæti tekið eðlilegri þróun. Því er honum skift í deildir, sem eru ekki í nánara sambandi en svo, að hægt er að skilja sparisjóðinn og veðdeildina frá bankanum, hvenær sem þess þykir þörf.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er hissa á því, að hv. þm. V.-Ísf. skyldi engan mun finna á þeim tveim ábyrgðum, sem hjer ræðir um. Það er alment álitið hættuminna að ganga í þá ábyrgð, sem menn vita fyrirfram hver er,

heldur en í ábyrgð fyrir óákveðinni upphæð, sem ekki kemur á daginn fyr en síðar, jafnvel eftir áratugi, hve stór verður. Eins og gengið var frá Landsbankalögunum í fyrra, ber ríkissjóður ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum manna, þar til sparisjóðurinn hefir myndað sjer ákveðinn varasjóð, en ekki lengur. En með þessu frv. er fyrst og fremst gefin ríkissjóðsábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands, og hún hlýtur að verða þeim mun meiri, sem sparisjóðsfje hans hlýtur að aukast að miklum mun, einmitt vegna ábyrgðarinnar. Einnig skapar það bankanum sjálfum verri aðstöðu, að ryðja þannig inn á hann máske öllu innlánsfje landsmanna. Með þessu er sparisjóðunum úti um land bundinn helskór, og þeir hljóta að leggjast niður eftir að næsta fjárhagskreppa er hjá liðin, ef frv. verður að lögum.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er rangt hjá hv. þm. N.-Ísf., að jeg hafi sagt, að jeg sæi engan mun á þeim tveim tegundum ábyrgða, sem hjer ræðir um. Jeg sá þann mun í fyrra, og sje hann enn. En það, sem jeg lagði áherslu á, var það, að enginn munur er á ábyrgðinni á núverandi ástandi bankans eftir þessu frv. og eftir gildandi lögum. Því er þessi ábyrgð engin röksemd fyrir því að heimta opinberaða þá rannsókn, sem fram hefir farið á bankanum. (**MG:** En mega þingmenn ekki vita um rannsóknina fyrir því?). Jú, vitanlega, en sú krafa kemur ekki þessu máli við. Eins og jeg sagði áður, hefir það engin áhrif á núverandi ástand um ábyrgð á bankanum, hvort þetta frv. er samþykt eða ekki. Ef hjer er um synd að ræða, er hún drýgð af fyrverandi stjórnarflokki með því að ábyrgjast óskert stofnfje bankans. — Hv. 1. þm. Reykv. vildi ekki fallast á, að ríkisábyrgð væri á bankanum eins og nú er. Út af þessu get jeg vitnað í orð, sem sögð voru í fyrra af þáv. fjmrh.: „En um stofnfje hans (bankans) fer vitanlega eftir mati úttektarmanna, hve mikið ríkissjóður leggi til". (Alþt. 1927, B. 3229). Þessi orð eru ótvíræð og þeim var ómótmælt af hv. 1. þm. Reykv. (**MJ:** Þau voru framkölluð af mjer). Ummælunum var ómótmælt af háttv. þm., en komu fram út af ræðu, sem jeg hafði haldið. — Mjer virðist ekki þurfa frekar um það að deila, að koma verða fram einhver önnur rök fyrir því að heimta opinbera skýrslu um hag bankans heldur en þau, að þetta frv. geri breytingu á ábyrgðinni.

Sigurður Eggerz: Hv. 1. þm. Reykv. var að líkja tillögunum um sjerstakan seðlabanka við það, að við fengjum okkur 15 þús. smálesta línuskip til milliferða. En þetta er mikill misskilningur. Því að þótt við sjeum lítið þjóðfjelag, hefir það sýnt sig, að enginn aukinn kostnaður er að því að taka upp hið nýja fyrirkomulag á seðlabönkum. Gallarnir á gamla fyrirkomulaginu hafa alstaðar verið skornir burt með því að hafa seðlabankann banka bankanna. Til þess að þetta geti átt sjer stað, þarf ekki fjölbreytt þjóðfjelag. — Þó að einhver verslun sje lítil, er það engin sönnun þess, að hún eigi að nota gamaldags bókhald. Nei, vitanlega á hún að hafa nýtísku bókhald. Eins á þjóðin að hegða sjer í bankamálum. Hún á að taka upp það

fyrirkomulag, sem er óbrotnast og öruggast. Í því liggur dauðasynd okkar, að við höfum tekið hið úrelta fyrirkomulag og skipað því til hásætis. Ef farin hefði verið sú leið, sem minni hl. bankanefndarinnar lagði til 1926, væri nú ekki verið að hræra í því, sem búið er að gera. Þó að þetta frv. verði að lögum, hlýtur óróinn að halda áfram, því að hinn rjetta grundvöll undir seðlabankann vantar eftir sem áður.

Það er engin röksemd fyrir því, sem samþykt var, að það væri í miklum meiri hluta í fyrra. Minni hlutinn hefir oft rjettara fyrir sjer, og við það verður hann með tímanum að meiri hluta.

Jeg þarf lítið meira að segja. En jeg vil að lokum skjóta til hv. 1. þm. Reykv. einni athugasemd, sem jeg vil biðja hann að sofna á, — því að einhverntíma hlýtur að koma að því, að hv. deild fái að ganga til hvíldar. Jeg vildi segja hv. þm., að hann fær áreiðanlega oftar en nú að súpa seyðið af því að hafa tekið þátt í að afgreiða þessi mál á ramvitlausum grundvelli.

Ólafur Thors: Það undrar mig, að þeir, sem mest hafa hvatt til þess að halda þessari umræðu áfram, sjást nú ekki á fundinum. Beini jeg þessu einkum til hæstv. dómsmrh. Jeg get vel skilið, að honum þyki þægilegt að láta okkur neðrideildarmenn sitja á fundum frá því snemma á morgnana til kl. 3 eða 4 á nóttunni, meðan hann lúrir sjálfur á hægum dýnum. Þetta er líka í ágætu samræmi við bannið gegn næturvinnu, sem nú á að fara að samþykkja.

Eiginlega var það þó ekki þetta, sem fjekk mig til að standa upp. Jeg greip áðan fram í fyrir hv. þm. V.-Ísf. og sagði, að ein syndin byði annari heim. Hann sneri því þá að mjer, að íhaldsmenn hefðu í fyrra samþykt ábyrgð á stofnfje bankans, án þess að fyrir lægju upplýsingar um hag hans. Engin ný ástæða væri til að heimta upplýsingar um þetta efni nú, þar sem ríkissjóður myndi, á því augnabliki, sem lögin gengju í gildi, ekki bera neina nýja eða aukna ábyrgð á bankanum. Jeg veit nú ekki, hvort skilningur hv. þm. á 5. gr. Landsbankalaganna er rjettur, en þótt svo sje álitið, er nokkur munur á því, hvort ríkissjóður ber ábyrgð á stofnfje bankans samkv. henni, eða tekur á sig almenna framtíðarábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Því er ný ástæða til að spyrja um hag bankans, þegar á að taka svona almenna skuldbindingu á ríkissjóð.

Jeg veit ekki, hvað er verst við þetta frv., en eg hygg, að alt sje ilt um það. Það sætir undrum, eftir allan þann undirbúning, sem Landsbankalögin höfðu fengið, að á fyrsta þingi eftir að lögin eru sett skuli eiga að breyta þeim í verulegum atriðum. — Það, sem jeg tel stórvægilegast af þeim breytingum, sem nú á að gera, er það, að gera á ráðstafanir, sem draga allan merg úr sparisjóðum landsins, en verða samt sem áður bankanum til skaðræðis. — Þá er það undarlegt, að núverandi bankaráð, sem skipað er til ákveðins tíma, á að víkja sæti, þótt stofnunin eigi að halda áfram að vera til.

Jeg ætla ekki að telja fleira til, en jeg segi það svo hátt, að hæstv. dómsmrh. megi heyra, ef hann leynist nokkursstaðar í húsinu, að þetta frv.

er svo formlaust og illa samið, að engum öðrum en honum er trúandi til að hafa samið það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:4 atkv.

Halldór Stefánsson: Menn vilja vísa þessu frv. til fjhn. En jeg verð að telja það mjög vafasamt, ef hugsað er til þess, að þetta mál komi til fullrar afgreiðslu á þessu þingi, að vísa því til nefndar, sem ekki fær starfstíma. Jeg hygg, að það sje nóg, að þau mál sofni þar, sem þegar liggja þar fyrir, þó að þessu stórmáli verði ekki bætt við.

Jeg get ekki stilt mig um að minna á það, að í gær, þegar fjhn. var neitað um starfstíma, var ekki eftir af fundartíma hennar nema ¼ stundar, þegar umræðufundur byrjaði.

Forseti (BSv): Ef svo fer, að nefndin hefir ekki nægilegan tíma til starfa sinna á venjulegum fundartíma hennar, getur hún þá ekki starfað milli kl. 11 og 12 árdegis?

Ólafur Thors: Jeg vil aðeins geta þess, að á þeim tíma get jeg ekki mætt á nefndarfundum, og hygg jeg, að svo geti verið um fleiri nefndarmenn. Enda finst mjer undarlegt að fara nú að breyta fundartíma nefnda, þegar svo er orðið áliðið þings, og leyfi jeg mjer að mótmæla því algerlega. Sýnist mjer eins hægt að haga umræðufundum þannig, að nefndin geti fengið tíma til starfa á tilsettum tíma.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi aðeins skjóta því fram, hvort ekki væri rjett að bæta við mönnum í fjhn. Má ætla, að henni sækist störfin fyr með auknum starfskröftum.

Halldór Stefánsson: Það er stungið upp á því að fjölga mönnum í nefndinni. Jeg fæ ekki sjeð, hvaða virðingarauki henni er ger í því, ef hún fær ekki tíma til starfa eftir sem áður. Það er mitt álit, að afgreiðsla mála í nefndinni gangi ekki greiðlegar, þótt nefndin sje mannfleiri, heldur þvert á móti. Lít jeg svo á, að það yrði aðeins til þess að tefja framgang mála, ef mönnum yrði fjölgað í nefndinni. Legg jeg þess vegna algerlega á móti því, því að mig langar til þess — og sama hygg jeg megi segja um aðra nefndarmenn —, að þau mál geti orðið afgreidd, sem nú þegar liggja fyrir nefndinni.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins mælast til þess, að starfstími nefndarinnar yrði ekki færður til kl. 11—12 árdegis, heldur vil jeg mælast til þess, að hann verði ákveðinn kl. 8—10 árdegis.

Forseti (BSv): Það væri æskilegt, að það, sem nefndarmönnum ber á milli um starfstíma sinn og skipan nefndarinnar, sje fyrst rætt í nefndinni sjálfri.

Halldór Stefánsson: Jeg mun ekkert hlutast til um það, hverja tilhögun Alþingi vill hafa á starfsháttum

sínum. En jeg vil aðeins geta þess, að jeg legg ekki mikið upp úr því, að henni sje ætlað að hafa fundi á öðrum tímum en þeim, sem henni hafa verið úthlutaðir af forsetum og samvinnunefnd, eins og þingsköp standa til.

Ólafur Thors: Er það úrskurður hæstv. forseta, að till. þurfi að koma frá nefndinni sem slíkri, en ekki frá einstökum mönnum?

Forseti (BSv): Já, svo er. Og vil jeg í því sambandi vitna til þess, að í fyrra var tveim mönnum bætt í nefndina á þann hátt.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 579, n. 698).

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Áður en gengið er til dagskrár, vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það sje eðlilegt og rjett, að mál þetta sje rætt nú þegar, þar sem nefndarálitin eru ekki komin öll fram enn; því eins og kunnugt er, verða þau þrjú, en aðeins eitt er nú þegar komið fram. Mjer virðist nefnilega eftir 18. gr. þingskapanna það geta verið álitamál, hvort ekki beri að bíða með umræðuna, þar til nál. eru komin fram. Í 18. gr. þingskapanna segir svo: „Nefndin lætur uppi álit sitt, og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt." Hjer er að vísu talað um nál. í eintölu, og er því ekki um að villast, ef það er aðeins eitt, sem um er að ræða; en mjer finst það samkvæmt þessari grein þingskapanna geta orkað tvímælis, þegar um þrjú nál. er að ræða. Jeg leyfi mjer því að beina því til hæstv. forseta, hvort hann telji það ekki rjett, að beðið sje eftir öllum nál., þegar líka um jafnstórt mál er að ræða og hjer.

Forseti (BSv): Það hefir að vísu aldrei verið skoðað sem afdráttarlaust skilyrði fyrir því að taka mál á dagskrá, að fram væri komið nál. um það, og hefir því stundum komið fyrir, að mál hafa verið tekin til umræðu jafnvel áður en nokkurt nál. hefir komið fram. Þessu hefir stundum verið beitt, þegar dregist hefir mjög úr hófi, að nefndir hafi skilað áliti um þau. En nú er ekki um það að ræða, að mál þetta hafi tafist fyrir þessar sakir, þar sem nál. frá meiri hl. er komið fram, og það fyrir svo löngum tíma, að það þarf ekki að sæta afbrigðum frá þingsköpum til þess að komast að. Þar sem fastlega hefir verið óskað eftir því frá meiri hl., að málið yrði tekið á dagskrá, þá hefi jeg eigi sjeð brýna ástæðu til að standa á móti því, að það verði tekið til umræðu í dag. Hinsvegar mun leitað afbrigða frá þingsköpum um brtt., sem lýst hefir verið, að koma myndu frá meiri hl. fjhn., en ekki hefir verið útbýtt enn.

Álit mitt er því það, að málið geti verið á dagskrá nú, þar sem nál. meiri

hl. hefir verið útbýtt fyrir tveimur nóttum, og verður það því tekið fyrir.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Eins og bert er orðið af þeim umr., sem þegar hafa farið hjer fram um þetta mál, hefir fjhn. ekki getað orðið sammála um tillögur sínar. Þess er líka getið í nál. meiri hl. á þskj. 698.

Jeg mun ekki fara mikið út í almennar umræður um mál þetta nú, því að slíkar umræður eiga betur við við 1. og 3. umr. málanna. Þó vil jeg víkja stuttlega að undirbúningi bankalaganna á undanförnum þingum, og eins að þeim höfuðbreytingum, sem frv. er ætlað að gera á gildandi lögum. Lög þessi um Landsbanka Íslands fengu mjög rækilegan undirbúning. Þau voru rædd á mörgum undanförnum þingum. Og auk þess var sett milliþinganefnd til þess að athuga bankamálið í heild, og einkum hvernig skyldi fyrir koma endanlega seðlaútgáfurjettinum, og gerði sú nefnd mjög ítarlegar tillögur um málið. Við samþykt laganna í fyrra var að miklu leyti bygt á áliti og tillögum þessarar nefndar, þó að vikið væri frá þeim í sumum allverulegum atriðum. Þá var það svo, að nokkur hluti þingsins vildi hallast að till. milliþinganefndarinnar og var óánægður með, að frá þeim var vikið. Þau atriði, sem um var deilt, voru aðallega tvö. Það fyrra snertir ábyrgð ríkissjóðs á bankanum, hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á sínum eigin banka. En hitt var um fyrirkomulag á stjórn bankans. Þær breytingar á bankalögunum, sem felast í frv. þessu, hníga því í þá átt að breyta lögunum til þess horfs, sem milliþinganefndin lagði til og minni hluti þingsins í fyrra vildi hafa. Þar sem því þessi atriði voru rækilega rædd á þinginu í fyrra, mun jeg ekki fara mikið inn á þau nú. Líka var mikið um þau rætt í Ed. núna, svo að ekki virðist ástæða til að fara mikið inn á umræður um þau nú, því að þau hljóta að vera orðin öllum hv. þdm. kunn.

Eins og jeg gat um áðan, eru höfuðbreytingarnar tvær; hinar breytingarnar, sem í frv. felast, eru beint eða óbeint afleiðingar af þeim. Um fyrri breytinguna, að ríkið taki ábyrgð á sínum eigin banka, er það að segja, að það hefir altaf verið í siðgæðismeðvitund þjóðarinnar, að þar sem bankinn væri eign þjóðarinnar, hlyti ríkið að bera ábyrgð á honum. Þetta hafa verið óskrifuð lög í siðgæðismeðvitund þjóðarinnar.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar vildi líka hafa þetta svo, að ríkið bæri ábyrgð á sínum eigin banka. En meiri hl. þingsins í fyrra var því fráhverfur; hann hafði ekki þá siðgæðismeðvitund til að bera, að hann skildi jafnsjálfsagðan hlut sem þennan.

Það verður varla um það deilt, fyrst ríkið á bankann og kannast er við, að það hafi stofnað hann og átt hann frá upphafi, þá hlýtur það líka að hafa siðferðislega skyldu til þess að ábyrgjast skuldbindingar hans. Hitt, að segja og viðurkenna, að ríkið eigi bankann, en beri þó ekki ábyrgð á honum, það er álíka siðgæðistilfinning og kemur fram hjá ófullveðja manni, sem stofnað hefir til skuldar, en vill skjóta sjer undan því að greiða hana, og hefir slík framkoma verið jafnan talin ódrengileg. Og þar sem ekki er talið sæmandi einstaklingum

að hirða ekki um að standa við skuldbindingar sínar, þá getur það heldur ekki talist sæmandi fyrir ríkið. Og læt jeg þá útrætt um þetta atriðið.

Hin höfuðbreytingin á lögunum er um stjórnarfyrirkomulag bankans. Það er viðurkent af öllum, að nauðsynlegt sje, að um aðalseðlabanka ríkisins sje sem mest ró og að hann geti verið sem óháðastur snöggum skoðanabreytingum hjá þingi og þjóð. M. a. var það álit milliþinganefndarinnar, að setja bæri fjölmenna nefnd yfir bankann, til þess að tryggja það, að bankinn væri óháður sveiflum stjórnmálanna. Milliþinganefndin fann þetta ekki sjálf upp, heldur hafði hún kynst þessu fyrirkomulagi hjá tveimur þjóðum, einkum þó hjá Svíum, sem hún vildi taka til fyrirmyndar, enda voru Svíar sú þjóðin, sem best stóð af sjer allar sveiflur og byltingar stríðsáranna. Og þetta þökkuðu Svíar því, að bankar þeirra stóðu á traustum grunni. Þessi fjölmenna bankanefnd á svo að velja bankaráðið, en stjórnin skipar formann þess.

Þetta eru þá þessar tvær höfuðbreytingar, sem frv. gerir á lögum bankans frá í fyrra.

Meiri hl. fjhn. hefir lagt til, að gerðar verði lítilsháttar breytingar á frv. eins og það liggur fyrir nú, eftir afgreiðslu þess í hv. Ed., og lúta þær sumpart að því að tryggja enn betur þá ró, sem bankinn þarf að hafa til þess að vera óháður snöggum skoðanaskiftum hjá þjóð og þingi, en sumpart eru þær aðeins leiðrjettingar, sem hv. Ed. hefir skotist yfir að lagfæra.

Jeg ætla þá með fáum orðum víkja að brtt. meiri hl. á þskj. 698.

Með 1. brtt. er lagt til, að inn í frv. bætist ný grein, sem verði 3. gr., og má telja það leiðrjettingu. Það var bent á það við 1. umr., að eftir frv. væri landsbankanefndinni ætlað að kjósa endurskoðendur, en það stendur einnig í lögunum og hafði sjest yfir að leiðrjetta það. Nú leggjum við til, að standi áfram eins og það er í frv., en falli niður úr lögunum. Í lögunum stendur, að endurskoðendurnir skuli kosnir til 3 ára, en frv. leggur til, að þeir verði kosnir til eins árs í senn. Á þetta leggur meiri hl. enga áherslu, en telur þó rjett, að höfð sje opin leið til þess að kjósa endurskoðendur árlega, því að altaf má endurkjósa þá, sem landsbankanefndin treystir til starfans.

Jeg vil geta þess, að lýst hefir verið frá forsetastóli brtt. frá meiri hl. nefndarinnar, sem enn hefir ekki verið útbýtt, og er um úrskurð reikninga bankans. Í frv. er gert ráð fyrir, að landsbankanefndin úrskurði reikninga bankans, en í lögunum stendur, að ráðherra eigi að gera það, og hafði gleymst að fella það niður. Nú leiðir af sjálfu sjer, að þetta hvorttveggja getur ekki samrýmst í lögunum framvegis, og því hefir meiri hl. borið fram brtt. til þess að leiðrjetta það, enda virðist rjettara, að það sje í höndum nefndarinnar að úrskurða reikninga bankans.

Önnur brtt. snertir kjörtíma formanns bankaráðsins. Í frv. er lagt til, að hann sje kosinn til 3 ára, en meiri hl. nefndarinnar vill lengja kjörtíma hans upp í 5 ár. Hugsunin er sú, að með því skapist meiri festa og ró um bankann. Það stóð líka svo í frv. upp-

haflega, að bankaráðsformaðurinn skyldi kosinn til 5 ára, en hv. Ed. færði það niður í 3 ár. Þá breytingu teljum við meiri hl. til spillis og stríði á móti höfuðtilgangi frv. Þess vegna viljum við halda okkur að því, sem upphaflega stóð í frv., að formaður bankaráðsins skuli kosinn til 5 ára.

Þriðja brtt. er við 14. gr. Í frv. er ákveðið, að bankaráðsformaðurinn einn skuli hafa daglegt eftirlit í bankanum. Nú er það svo, að formaður bankaráðsins og hinir bankaráðsmennirnir eru ekki tilnefndir af sama aðilja; formaðurinn skipaður af stj., en bankaráðsmennirnir kosnir af landsbankanefndinni. Meiri hl. nefndarinnar þótti rjett, að áskilið væri, að einn bankaráðsmaðurinn ásamt formanninum hafi daglegt eftirlit með störfum bankans.

Fjórða brtt. er við 15. gr. frv. og er viðaukatill. Í 38. gr. bankalaganna undir staflið n. stendur, að það sje eitt af verkefnum bankaráðsins að setja reglugerð um bankann og starfshætti hans, en samkvæmt 15. gr. frv. er landsbankanefndinni ætlað að gera þetta. Nú leiðir það af sjálfu sjer, að hvorttveggja þetta getur ekki staðist, og því er lagt til með þessari viðaukatill., að landsbankanefndin setji bankanum reglugerð eftir till. bankaráðsins.

Fimta brtt. er breyting á framsetningu á sama efni vegna þess að inn er skotið einu atriði. Með frv. er ætlast til, að allir starfsmenn bankans sjeu bundnir þagnarskyldu, og virðist þá einnig rjett, að sú þagnarskylda hvíli á landsbankanefndinni. Nú má gera ráð fyrir, að nefndin fái kannske ekki alt að vita um starfrækslu bankans, en ætti þó að fá það, og virðist því rjett, að þagnarskylda nái einnig til hennar. Þó að brtt. sje sett niður í stafliði — en þannig er greinin ekki orðuð í frv. —, þá er það aðeins formsatriði vegna þessarar einu efnisbreytingar, sem nú er lýst.

Sjötta brtt. er við 20. gr. frv. Í 53. gr. bankalaganna er talað um hlutabrjef bankans og arðmiða af hlutabrjefum. Nú er það vitanlegt, að bankinn á engin hlutabrjef, og því getur ekki verið um neina arðmiða að ræða af hlutabrjefum. Þetta eru leifar, sem stafa frá þeim tíma, er talað var um að gera bankann að hlutabanka. Því virðist ekki nema rjett að fella þetta niður, og er með 6. brtt. lagt til, að svo verði gert.

Þá er 7. brtt. og sú síðasta, og er lagt til, að síðasti málsliður 23. gr. falli niður. Sá málsliður er þannig til kominn, að í hv. Ed. var gerð sú breyting, að staða fjehirðis hjeldist óbreytt á meðan núverandi fjehirðir gegnir starfi sínu. En þar sem taka á þegar upp annað skipulag um alla starfrækslu bankans, þá er það till. meiri hl. fjhn., að þessi eini maður verði ekki undantekinn, og leggur því til, að síðasti málsliður 23. gr. falli niður.

Jeg hefi þá minst á allar brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 698 og gert grein fyrir þeim. Og í upphafi ræðu minnar rakti jeg lítilsháttar þau höfuðatriði, sem frv. breytir frá því, sem er í núgildandi lögum um Landsbanka Íslands. Get jeg því látið máli mínu lokið og býst ekki við að þurfa að segja fleira að sinni.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur

Thors): Jeg vil byrja með að vekja eftirtekt hv. þdm. á því, að þegar við erum kvaddir saman á fund hjer í hv. deild, og það á óvenjulegum tíma, þá sjást ekki ráðherrarnir, og ekki einu sinni sá hæstv. ráðherrann (MK), sem þetta mál heyrir undir. Hæstv. stj. hlutast til um, að þingmenn mæti á þingfundum, hvort sem heldur er á nótt eða degi, en sjálf fer hún í felur eða hirðir ekki um að láta sjá sig. Og þó að við stjórnarandstæðingar viljum ræða málin og bera fram rök, sem ekki verða hrakin, þá er það virt að vettugi og hnefarjetturinn látinn ráða.

Hæstv. forsrh. hefir að vísu sýnt sig alloft í þessari hv. deild, enda á hann sæti hjer sem þm. En það verð jeg að segja, að hv. þm. Str. hefir stundum verið fyrirferðarmeiri hjer heldur en í vetur.

Jeg finn ástæðu til að víta hæstv. stj. fyrir það alvöruleysi, sem lýsir sjer í því að sækja ekki þingfundi og hlusta á rök þau, sem andstæðingar hennar hafa fram að færa í jafnstóru máli sem þessu. Og jeg heimta skýr svör við því, hvers vegna hæstv. stj. gengur svo hart eftir, að hæstv. forseti kemst ekki hjá að kalla þm. á fund á jafnóvenjulegum degi og í dag.

Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að máli því, er fyrir liggur.

Jeg hefi lagt til í nál. mínu, sem ekki er búið að útbýta, að frv. þetta verði felt, og til þess liggja mörg rök, sem jeg skal nú víkja að í höfuðdráttunum.

Lögin um Landsbanka Íslands, þau er sett voru á Alþingi í fyrra og nú er farið fram á að breyta, voru ekki það flaustursverk, að þess væri að vænta, að svo bráðlega þyrfti að breyta þeim. Að vísu voru ekki allir sammála um þá lagasetning og þá niðurstöðu, sem komist var að endanlega, en um hitt getur ekki leikið á tveim tungum, að málið var mjög rækilega undirbúið. Lágu frumvörp um þetta mál fyrir öllum þingum frá 1924, og stundum fleiri en eitt, og voru rædd vel og vandlega. Bankastjórn Landsbankans hafði samið fyrsta frumvarpið og jafnan verið í ráðum með, erlendir sjerfræðingar, bæði fræðimenn á sviði bankamála og bankastjórar allra þjóðbanka Norðurlanda, höfðu rannsakað málið og gefið umsagnir sínar, og tvennar ríkisstjórnir höfðu búið málið undir þing. Auk þess hafði málið verið rætt í blöðum og á fundum. Það mun því leitun á því, að mál hafi fengið rækilegri undirbúning.

Það verður að teljast mjög varhugavert að vera oft að breyta löggjöfinni um slíka stofnun sem Landsbankinn er, í nokkru því, er verulegu máli skiftir. Með lögunum frá 1927 var bundinn endir á ýms deilumál, sem bankanum er óhagstætt, að ófriður sje um, en vita má, að gjósa upp í hvert sinn, sem verið er að hrófla við löggjöfinni um bankann. Og yfirleitt er það eitt af meginskilyrðunum fyrir því, að banki geti þrifist, að um hann sje sem mestur friður, sem mest rjett aröryggi og sem öruggust vissa um alt, sem honum viðkemur. Allur ófriður, öll óvissa og hringl með slíka stofnun, sem fyrst og fremst lifir á trausti manna hjer og erlendis, hlýtur að baka bankanum meira tjón beint og óbeint en svo, að tölum verði talið.

Breyting á lögum Landsbankans, sem ekki hafa enn verið í gildi í fult

ár, hlýtur að vekja þær grunsemdir, sem þó eru rakalausar, eins og áður hefir verið sýnt, að löggjöfin um hann hafi verið óvönduð og gölluð. Svo fljót breyting og stórfeld hlýtur og að vekja þann óhug hjá mönnum, að þessu eða því líku eigi fram að fara eftirleiðis, að hringlað verði með löggjöfina um bankann, hvenær sem nýr meiri hluti í þinginu sjer leik á borði að hafa sinn vilja fram. Veit þá enginn, hvað hann má eiga víst, að því er bankann snertir, til langframa.

Ástæður til breytinga á lögum bankans þurfa því að vera mjög brýnar og hafa í för með sjer ótvíræða hagsmuni fyrir bankann, til þess að til mála geti komið að fallast á þær, en því fer fjarri, að hjer sje slíku til að dreifa. Þvert á móti verður að telja breytingar frumvarpsins flestar til hins lakara, og stærstu breytingarnar til stórmikils ógagns bæði fyrir bankann sjálfan og peningamálin í landinu. En öryggi peningamálanna í landinu yfirleitt er höfuðatriði í skipulagi seðlabankans og þjóðbankans, og jafnvel stærra atriði en sjálfur hagur bankans, ef þetta tvent gæti á annað borð verið aðskilið.

Fyrsta breytingin, sem farið er fram á að gera, er sú, að *ríkið taki fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans,* í stað þess að nú tekur ríkið ábyrgð á seðlabankanum með stofnfje því, sem það leggur honum, og frekar ekki, og á skuldbindingum sparisjóðsdeildar ber svo seðlabankinn ábyrgð með upphæð, sem nemur innstæðufje ríkissjóðs samkvæmt lögunum frá 1913, þar til er varasjóður sparisjóðsdeildar nær 10% af innstæðum í sparisjóði.

Það er þegar augljóst, hver munur er á þessu tvennu. Eftir lögunum ber ríkissjóður að vísu óbeinlínis ábyrgð á því, að ekkert tapist hjá bankanum af því, sem þar er, þegar lögin ganga í gildi. Fram til 1927 ljek sem sje nokkur vafi á því, hvort ríkisábyrgð væri á sparisjóðsinnstæðum og öðrum skuldbindingum bankans, og var því ekki rjett, að neinn þyrfti að óttast um sitt fje, sem slíkri ríkisábyrgð hafði treyst. En upp frá því nær ábyrgð ríkissjóðs ekki lengra en til stofnfjárins. Hann gerir bankann svo vel úr garði sem þörf er talin til þess að hann megi heita vel tryggur og sterkur banki, en lætur hann að öðru leyti sigla sinn sjó.

Þetta er jafnnauðsynlegt fyrir Landsbankann og aðrar peningastofnanir í landinu. Bankanum sem seðlabanka er ekki sjerlega hentugt, að í hann sogist megnið af sparifje landsmanna. Það er erfitt fyrir hann að ávaxta það svo trygt sje, og gæti m. a. lent í því, að hann yrði að gefa lægri vexti af því en smærri peningastofnanir gætu gefið. En sjeu tímarnir á hinn bóginn varasamir og tortrygni innstæðueigenda vöknuð, fara þeir með peningana þangað, sem þeir telja þá studda af ábyrgð ríkisins, jafnvel þó að þeim sje annars skaði að því.

Á hinn bóginn hlýtur ríkisábyrgð á einum sparisjóði í landinu að gera öðrum sparisjóðum ómögulegt að halda innstæðum manna, nema þá með því að fara að bjóða óeðlilega háa innlánsvexti, en það verður bæði þeim háskalegt og hjeruðum þeim, sem njóta eiga útlána úr þeim, til afarmikilla örðugleika. En það verður að teljast eitt hið nauðsynlegasta í

okkar fjármálum, að peningastofnanir geti þrifist sem víðast úti um landið, og ætti ekkert að gera, sem getur komið í veg fyrir stofnun nýrra sparisjóða eða dregið úr krafti þeirra, sem fyrir eru.

Í þessu máli mun best að forðast báðar öfgarnar: Of mikinn ótta við það, að sparisjóður sje starfræktur með gætni við hlið seðlabankans, og á hinn bóginn óeðlilegar ráðstafanir til þess að draga sem allra mest sparisjóðsfje að bankanum.

Þá var í frv., eins og það var upprunalega borið fram, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar farið fram á það, að *svifta bankann stofnsjóði* þeim, sem honum er ætlaður eftir lögunum frá 1927 og sem á bæði að efla bankann alment, gera honum mögulegra að starfa án stórfeldra erlendra lána og einkum gera honum kleift að hafa seðla sína fulltrygða. — Þessu hefir nú verið breytt þannig, að ríkisstjórninni er heimilt að leggja bankanum til *„viðbótarstofnfje“*, alt að 3 miljónum króna.

Þetta bætir að vísu allmikið úr skák, er til þess kemur fyrir bankann að gulltryggja seðlana. Eftir brjefi Landsbankastjóranna, dags. 28. febr. þ. á., mundu 3 miljónir sennilega endast til þess, að hægt væri að koma gulltryggingunni í rjett horf án þess að grípa þurfi til þess óyndisúrræðis að draga fje úr viðskiftaveltunni að mun, til þess að ná innieign erlendis.

En hjer er sá munur á, að þessi stofnfjárauki á að vera kominn undir geðþótta stjórnarinnar, í stað þess að vera skýlaus krafa, sem bankinn á, og er þetta tvent ólíkt.

Eins og kunnugt er, hefir nú alveg nýlega farið fram gagnger skoðun á öllum bankanum og mat á hag hans. En þótt einkennilegt megi virðast, hefir ekki fengist nein skýrsla frá ráðherra um niðurstöðuna af þessari skoðun. *Ef* svo er, sem vonandi er, að skoðunin hafi ekki leitt í ljós eignatjón af töpum, sem skerði innskotsfje ríkissjóðs í bankanum, og *ef* ríkisstjórnin notar heimildina til þess að greiða bankanum „viðbótarstofnfjeð“ að fullu, þá fær bankinn þann stofnsjóð, sem honum var ætlaður með lögunum frá 1927. En sje misbrestur á öðruhvoru þessu, er bersýnileg skerðing á styrkleika bankans fólgin í þessari breytingu, og bankinn gerður að sama skapi ómáttugri til þess að inna af hendi aðalhlutverk sitt, „að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins“. Þessa tvíþættu óvissu í svo mikilsvarðandi máli teljum við einn höfuðókost frumvarpsins, þegar það er borið saman við núgildandi lög bankans.

Þá er farið fram á það, að breyta í ýmsum atriðum stjórn bankans og starfstilhögun. Má að vísu segja, að flest af því hafi fremur litla þýðingu fyrir hag bankans alment. En bæði má segja um þetta það sama, sem hjer hefir áður verið sagt um löggjöfina um bankann alment, að óheppilegt sje að gera á þessu tíðar og tilefnislitlar breytingar, og svo sýnist sumt af þessum breytingum miða að því helst að láta nýjan meiri hluta í þinginu, sem nú er kominn að völdum síðan lögin voru sett í fyrra, ná þegar í stað yfirhönd í stjórn bankans. En það verður að teljast eitthvað það skaðlegasta, sem hugsast getur fyrir peningastofnanir, að þær verði augljóslega að leiksoppi stjórnmálaflokk-

anna. Kemur það ekki heldur sem best heim við það, sem á að vera tilgangurinn með einni aðalbreytingu frumvarpsins, kosningu landsbankanefndarinnar, sem sagt er, að eigi að verða skjólgarður fyrir bankann gegn sviftivindum þeim, sem ráða aflsmun flokkanna í þinginu. Slíkir skjólgarðar, sem að vísu gætu verið gagnlegir, verða að litlu haldi, ef hver nýr meirihlutaflokkur neytir aflsmunar til þess að láta yfirstjórn bankans víkja og kjósa eða skipa þar nýja menn.

Breytingarnar eru þessar helst:

Kjósa á landsbankanefnd, 15 menn, sem svo kýs aftur 4 menn í bankaráð, setur reglugerð fyrir bankann, kýs endurskoðendur, úrskurðar reikninga bankans og tekur ákvarðanir um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Þessi tilhögun er tekin eftir tillögum milliþinganefndar í bankamálum, og átti að vera til þess, að síður gætti í stjórn bankans þeirra snöggu breytinga, sem stundum geta orðið í þinginu. En áhersla mun aldrei hafa verið á það lögð af nefndinni, þó að hún vildi leggja þessa uppástungu fyrir þingið. En hafi það þótt álitamál á sínum tíma, hvort rjett væri að skipa þetta mikla nefndarbákn, sem vitanlega er nokkuð þungt í vöfum, þá sýnist engin minsta ástæða vera til þess að vera nú að hringla með þetta mál frá því, sem einu sinni var ákveðið. Dálítinn kostnað getur þetta líka haft í för með sjer.

Athygli skal vakin á því, að störf landsbankanefndarinnar eru talin í grein þeirri, sem á að verða 41. gr., en jafnframt hefir láðst að fella niður ákvæðin um skipun sömu mála annarsstaðar í lögunum. T. d. er ekki feldur niður n-liður 38. gr., þar sem bankaráðinu og ráðherra er ætlað að setja reglugerð um bankann, ekki ákvæði 21. gr. um það, að ráðherra skipi endurskoðendur bankans eftir tillögum bankaráðs til 3 ára, og ekki síðasta málsgrein 22. greinar um það, að ráðherra úrskurði ársreikninga bankans. Öll þessi störf eru ætluð landsbankanefndinni eftir frv., og á sumum þessum störfum er breytt tilhögun. Má vera, að fleira sje af líku tægi í frv., en þar sem jeg legg það til, að frv. verði ekki afgreitt, hefi jeg ekki hirt að leita það uppi.

Feld er niður sú tilhögun, að einn af bankastjórunum sje aðalbankastjóri, og látið vera svo rúmt um ákvæðin um laun hans, að bankaráðið geti svo að segja tekið í þá stöðu hvaða mann á landinu, sem það treystir best. — Þetta verður að teljast tvímælalaust til hins lakara. Er jafnan sterkast, að höfuðábyrgðin sje á eins manns herðum, en hæfileikar og kunnugleiki allra bankastjóranna gátu jafnt notið sín fyrir því.

Daglegt eftirlit bankaráðsmannanna er felt niður í frv. Þetta daglega eftirlit getur verið mikils virði. Og hvað sem því líður, er það ófært afspurnar, að verið sje að draga úr því eftirliti með bankarekstrinum, sem eitt sinn hefir verið sett. Stofnanir, sem eru jafnmikið reistar á trausti allra út á við eins og bankar eru, mega ekki við því, að verið sje að leika sjer að því að veikja það traust með neinu. Er eðlilegt, að þeir, sem nokkuð eiga í húfi viðvíkjandi bankanum, spyrji, hverju það sæti, að nú sje þegar verið að ómaka sig að gera lagabreytingu um þetta atriði, og getur það á þann

hátt vaxið í hugum manna, jafnvel langt fram yfir það, sem það á skilið.

Loks má nefna ýms smávægilegri atriði, sem feld eru burtu, svo sem skylduna að skýra fráviknum bankastjóra skriflega frá frávikningarsökinni. Sýnist þó varla minna mega vera, þegar starfsmaður verður fyrir svo stóru áfalli sem frávikning er. Feld er niður sú sjálfsagða starfsregla, að meiri háttar ráðstafanir sjeu ekki framkvæmdar nema allir bankastjórar samþykki. Feld er og niður skyldan að halda ýmsar fundabækur og dagbækur og ýms önnur ákvæði, sem miða til þess að tryggja góða afgreiðslu mála og annað slíkt. Þótt í smáu sje, vekur það ekki þá tilfinningu, nema síður sje, að verið sje að hlynna að þessari stofnun og auka henni traust.

Af því, sem nú hefir sagt verið, má það verða ljóst, að breyting sú á Landsbankalögunum, sem hjer er farið fram á, verður ekki til þess að bæta fyrir bankanum eða skipa peningamálum landsins betur en verið hefir. Sjálf breytingin hlýtur að vekja eftirtekt og undrun þeirra viðskiftamanna erlendis, sem hafa fengið lög bankans frá því í fyrra í hendur og eru óvanir slíkum stökkbreytingum á löggjöf aðalbankanna. — Þessi skaðlegu áhrif af breytingunni verða þó auðvitað meiri við það, að nálega allar breytingarnar miða að því að gera bankann veikari fjárhagslega og að því er snertir stjórn og eftirlit. Þess þarf ekki að geta, að háskalegast fyrir traust manna á bankanum og álit á þeim, sem um mál hans fjalla, væri þó það, ef tækifærið væri nú tekið til þess að skifta um menn í yfirstjórn bankans vegna þess að breyting hefir orðið á í stjórnmálunum. Ef menn úti í löndum ættu að sjá það, að hjer á Íslandi væri skift um yfirstjórn seðlabankans eftir því, hver stjórnmálaflokkur hefir yfirhöndina, mundi vera rothögg á það traust, sem þeir nú bera til fjármála okkar.

Reynt hefir verið að ná samkomulagi við meiri hl. fjhn. og leitað hófanna hjá ráðandi mönnum í stjórnarfl. um 3 breytingar:

1. Ábyrgðarákvæðið gildi aðeins seðlabankann.
2. breytingar á bankaráðinu komi ekki til framkvæmda fyr en kjörtímabil núverandi bankaráðs er útrunnið.
3. heimildin um viðbótarstofnfje verði skylda.

En þetta hefir reynst árangurslaust, og teljum við því vonlaust að bera fram brtt. um þetta.

Jeg vil segja það í sem fæstum orðum, að jeg álít frv. skaðlegt fyrir Landsbankann. Jeg álít, að það sje fram komið til minkunar fyrir löggjöfina, þar sem nú á að fara að breyta því, sem samþ. var í fyrra og búið var að fá þann undirbúning, sem þurfa þótti. Jeg álít, að frv. lýsi pólitískum vanþroska og hlutdrægni og verði til spillingar. Auk þess, sem frv. er stórskaðlegt, hefir það þann ágalla, að með því er stefnt að því að breyta einni höfuðlöggjöf landsins, eftir að búið er að ganga frá henni fyrir ári síðan. Jeg verð að segja það, að jeg álít yfirleitt betra, að löggjafarnir vandi starf sitt og að færri frv. sjeu borin fram, svo að ekki þurfi að breyta því árinu á eftir, sem gengið

var frá árinu á undan. Jeg þekki ekki víða annarsstaðar til, en jeg er þess fullviss, að við þolum engan samanburð í þessu efni. Eins og þessu þingi er farið, er ekki von, að það afgreiði nokkurt mál skammlaust. Fyrir því liggur meiri málafjöldi en nokkru sinni áður, þingtíminn á að vera skemri en venjulega er og þingfundirnir standa lengur en áður hefir verið. Stj. rekur hart á eftir, svo að lítill tími vinst til að athuga málin, enda er afgreiðsla margra þeirra til skammar. Sömu mennirnir, sem flytja málin, eru látnir athuga þau í nefnd. Jeg hefi sjeð frv. frá Ed. með broslegum formgöllum, en þó eðlilegum, þegar þess er gætt, hve lítill tími vinst til að athuga málin. Jeg endurtek það, að það er auðvelt fyrir hæstv. stj. að heimta fundi, þegar hún mætir ekki sjálf á þeim til þess að gefa skýringar og svara því, sem að henni er beint. Starf okkar stjórnarandstæðinganna, sem engu fáum ráðið, er fyrst og fremst það, að gagnrýna málin, og þetta starf okkar er gert erfitt með því að halda okkur á fundum fram á nótt og meina okkur jafnvel að vinna á nefndafundum.

Frsm. annars minni hl. (Sigurður Eggerz): Mig langar til í byrjun máls míns að gera litla athugasemd. Svo lítur út fyrir, að farið sje að brydda á þeim hugsunarhætti hjer á hinu háa Alþingi, að óviðfeldið sje að eyða tímanum til þess að tala um stóru málin. Jeg verð að álíta það næsta óheppilegt, að stóru málunum, málunum, sem mest ríður á að athuga ítarlega, að þeim sje hespað af í flýti. Og flýtirinn á að vera svo mikill, að þeir, sem standa upp til að tala um þau, eru jafnvel illa sjeðir af meiri hlutanum. En hve miklu betra væri það ekki, að eytt væri minni tíma til að tala um smámálin, þau, sem þvælt er hjer um tímunum saman, en stóru málunum væri helgaður meiri tími. Hver veit nema niðurstaðan yrði þá hollari fyrir þjóðina. —

Það er alkunnugt, að lög þau, er nú gilda um Landsbankann, frá 31. maí 1927, eru til orðin í náinni samvinnu stóru flokkanna. Því er ekki að neita, að þau hafa fengið óvenjumikinn undirbúning. Undirbúningurinn stóð um mörg ár, milliþinganefnd var skipuð og leitað var álits sjerfróðra manna um gervöll Norðurlönd. En þótt æðimikið þingfylgi stæði bak við lögin að lokum, þá var þó harðsnúin mótstaða gegn þeim á þinginu, og svo að segja öll verslunarstjettin og margir hinna merkustu fjármálamanna landsins voru þeim andvígir. Hæstv. forseti Nd., Benedikt Sveinsson, varð í minni hluta í milliþinganefndinni og ritaði mjög hvast nál. gegn lögunum. Sýndi hann þar fram á, að þróunin gengi alstaðar í þá átt að gera seðlabankann að bankanna banka. Jeg skal ekki eyða lengri tíma í að skýra frá allri þeirri baráttu, sem um málið stóð. Andstæðingar laganna sýndu þá fram á, að lögin voru í stríði við erlenda reynslu og að þau voru í stríði við innlenda reynslu. En ekkert dugði. Meiri hlutinn fjekst varla til að hlusta á þessar athugasemdir. Og niðurstaðan af þessu varð sú, að Landsbankinn er, gegn allri innlendri og erlendri reynslu, orðinn að seðlabanka. Það er sýnt, að það þing, sem nú situr, er þannig skipað, að ekki þýðir að reyna að draga það inn á rjetta braut í

þessu máli. Þess vegna verð jeg að beygja mig fyrir virkileikanum og ræða málið á þeim grundvelli, sem það hvílir á nú.

Mig langar til að gera þá athugasemd, að mig furðar mjög á því, að hæstv. stjórn skyldi ekki, þegar hún einu ári eftir að seðlabankalögin verða til kemur fram með svo stórfeldar breytingar, gera neinar tilraunir til að rökstyðja þær breytingar. Jeg held, að allir sjeu sammála um, að mjög er óheppilegt að vera að hringla með löggjöf um seðlabankann. Mín skoðun er sú, að hver sú breyting, sem gerð er, verði að vera rökstudd fast og ítarlega.

Það er augljóst, að veigamesta breytingin er í 1. gr. frv. Þar er svo ákveðið, að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Þær takmarkanir eru gerðar á ábyrgðinni, að til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum þurfi sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, en þó að þeim lánum undanteknum, er ræðir um í lögum nr. 10 frá 31. maí 1927. Nú sýnist mjer, að hjá því verði ekki komist að athuga fyrst og fremst, hvað þessar takmarkanir þýða. Jeg vil þá fyrst benda á, að svo fremi hjer væri sett á fót víxlarafjelag, sem hefði mikil sambönd erlendis, liggur það í hlutarins eðli, að Landsbankinn gæti tekið lán hjá því firma án þess að til kæmi lagaheimild. Í Danmörku er til dæmis fjelag, sem heitir „Nord Trust". Það hefir sambönd úti mjög víða og virðist ráða yfir miklu fje. Ef svipað fjelag væri stofnað hjer, væri ekkert því til fyrirstöðu, að Landsbankinn gæti tekið þar lán án lagaheimildar. En nú hefir því verið slegið föstu í lögunum, að svo framarlega sem Landsbankinn veðsetur sína víxla og aðrar eignir, þarf hann ekki að fá neina lagaheimild. Hvað þýðir þetta? Vjer skulum hugsa oss, að Landsbankinn taki miljóna lán. Hann veðsetur eignir sínar. Þá fara úr höndum ríkissjóðs tryggingar, er hann hefði getað haldið sjer til. Þessar takmarkanir á ábyrgðinni eru því svo að segja þýðingarlausar. Ríkissjóður hefir þeim mun minna að halda sjer til, ef Landsbankinn tekur lán og veðsetur eignir sínar fyrir þeim, ef til tryggginganna yrði tekið.

Jeg hefi beðið einn af hagfræðingum okkar, Gunnar Viðar, um að rannsaka, hvernig til hagaði með ábyrgð á seðlabönkum annarsstaðar. Álit hans er prentað í nál. mínu, og skal jeg ekki lengja umræðurnar með því að lesa það upp, því að jeg vænti þess, að hv. þdm. kynni sjer það vandlega.

Jeg vil aftur víkja að ábyrgðinni. Jeg get ekki betur sjeð en að með þeirri ábyrgð, sem hjer á að vera, sje stigið öfugt spor í peningamálum þjóðarinnar. Ábyrgðin þýðir það að tryggja, að sem mest af sparisjóðsfje renni til seðlabankans. En það er álitið vera á móti þeim grundvallarreglum, sem gilda í þessum efnum. Það er ekki nóg, að þær grundvallarreglur eru brotnar með bankalögunum frá í fyrra. Nú á að ganga enn lengra og tryggja það, að altaf streymi meira og meira sparisjóðsfje til bankans, sem hann á að ávaxta. Hvernig á hann að ávaxta það? Við vitum, að öll starfsemi hjer á landi er á þann veg, að bankinn yrði og verður að

lána fje út, auðvitað í áhættusöm fyrirtæki, sjávarútveg og annað, sem allir vita, að er áhættusamt. Það er því með þessari breytingu verið á ný að herða á þeim veilum, sem liggja í byggingu Landsbankans sem seðlabanka. Seðlabankar annarsstaðar taka ekki við sparisjóðsfje til ávöxtunar. Þessi banki hefir mikið fje og þingið vill láta það verða enn meira. Ætli það gæti ekki verið ástæða til að eyða dálitlum tíma til þess að athuga önnur eins grundvallaratriði og þau, sem hjer eru á ferðinni?

Það er önnur hlið á þessu máli og hún ekki síður merkileg. Það er sú hlið, sem veit að ríkissjóði. Eins og kunnugt er, er svo ákveðið í stjórnarskrá landsins, að ekki megi veita fje án heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það er búið fast um þessa hnúta til þess að tryggja aðstöðu ríkissjóðs. En hvað er verið að gera hjer? Hjer er verið að fara í kringum öll þessi ákvæði. Ef þessi ábyrgð er tekin, verða í raun og veru tveir ríkissjóðir: Sá, sem stjórn og þing eiga að gæta og augu allra landsmanna hvíla á, og svo Landsbankinn. Ef þessi ábyrgð er tekin, er nokkrum mönnum gefin heimild til að gera ráðstafanir, sem enginn efast um, að geti falið í sjer hættu fyrir ríkissjóð. Jeg lít svo á, að þessar ráðstafanir geti verið hættulegar fyrir traust ríkissjóðs. Ef ríkissjóður þarf að fá lán erlendis, er það siður, að þeir, sem leitað er til um lántökuna, bankar eða fjelög, spyrji fyrst, áður en þeir veita lánið: Hvernig er hagur ríkissjóðs? Sá, sem kemur af hálfu þjóðarinnar til þess að taka lánið, verður að kunna upp á sína tíu fingur, hvaða skuldbindingar hvíla á ríkissjóði. Ef þessi ábyrgð er tekin, vill hinn erlendi lánveitandi ekki aðeins vita um hag ríkissjóðs, heldur líka um hag Landsbankans, því að þá verður ríkissjóður og Landsbankinn eitt. Ef Landsbankans hagur er slæmur, er hagur ríkissjóðs líka slæmur, af því að hann ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Jeg verð að segja, að jeg er ekki viss um, að það sje í samræmi við hina gildandi stjórnarskrá að veita þessa ábyrgð. Hin ströngu ákvæði stjórnarskrárinnar eru til þess gerð, að reynt verði að koma í veg fyrir óhugsaðar og hvatvíslegar ráðstafanir á fje sjóðsins. Ef þessi undanþága er veitt, geta alt aðrir menn en Alþingi og ríkisstjórn gert ráðstafanir, sem taka til ríkissjóðs.

Þó að jeg tali svo ákveðið á móti ríkissjóðsábyrgð, er það ekki af því, að mjer sje ekki ljóst, að Landsbankann sem seðlabanka beri að styrkja á alla vegu. Mín skoðun er sú, að þegar Landsbankinn er orðinn að seðlabanka, sje ríkið skyldugt til að veita honum allan þann fjárstyrk, sem hann þarf á að halda. Það verður að undirbyggja hann svo með fje, að í gegnum það skapist traust á bankanum. Hann verður að fá 5 milj. króna stofnfje, og það verður að vera trygt, að það sje skuldlaust. En til þess að hægt sje að gera tillögur í þessa átt, verður ríkisstjórnin að láta að minsta kosti fjárhagsnefndir hjer vita, hvað bankinn þarf mikið fje. Stjórnin hlýtur bæði með hliðsjón af mati bankaendurskoðunarnefndar og að fengnum tillögum bankaumsjónarmanns, sem jeg hefi hið mesta traust á í þessum málum, að láta fjárhagsnefndir vita um þetta.

Jeg lít svo á, að ekki sje hægt að komast hjá því að láta bankann fá nóg fje til þess að rækja sínar seðlabankaskyldur. Jeg gæti gripið niður í lögin og tilfært ýmsar greinar, sem sýna þetta. Mjer er ómögulegt að sjá annað en að það sje mikil vanræksla, eftir að Landsbankinn er orðinn seðlabanki, að hann fái ekki alt það fje, sem hann þarf nú. Og þó jeg standi gegn ábyrgðinni, þá tel jeg sjálfsagt, að borgað verði það tap, sem bankinn kynni að hafa nú. Jeg álít, að öll sýtingssemi í þessu efni hefni sín harðlega og að alt, sem þarf að gera, eigi að gera fljótt og vel. Það liggur í hlutarins eðli, að það má ekki hvíla nokkur skuggi af vafa á því, að Landsbankinn sje ekki fær um að vera seðlabanki. Hann verður skilyrðislaust að fá það fje, sem hann þarf.

Svo að jeg víki að matinu, skal jeg taka það fram, að það er augljóst, að mjög erfitt er að meta slíkar stofnanir, því að matið er komið undir framþróun atvinnuveganna. En ef farin er sú leið, sem jeg er talsmaður fyrir, e· jeg sannfærður um, að niðurstaðan á öllum hag bankans verður betri. því að þegar bankinn er búinn að fá þann kraft, sem hann þarf til þess að hafa tök á fjármálalífi þjóðarinnar, er líklegt, að ýms fyrirtæki lifnuðu þannig við, að mjög drægi úr því tapi, sem nú er gert ráð fyrir, að verði á bankanum.

Í frv. er önnur höfuðbreyting en sú, sem jeg hefi þegar nefnt. Það á að kjósa 15 manna bankanefnd, sem hefir á hendi yfirstjórn bankans með hlutaðeigandi ráðherra. Verksvið nefndarinnar er það, að hún á að setja reglugerð um stjórn bankans, kjósa 4 menn í bankaráð, kjósa endurskoðendur bankans, úrskurða reikninga bankans og taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt Landsbankalögunum eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi tillaga sje vottur um tilhneigingu til þess að hlaða embættistildri í bankann, sem aðeins mundi hafa óheppileg áhrif á hann. Svo er ákveðið, að nefndin komi saman aðallega einu sinni á ári. Jeg býst við, að þar sem gera má ráð fyrir, að í nefndina verði settir ýmsir menn, sem litla eða enga þekkingu hafa á bankamálum, fái þessir menn ekkert tækifæri til að afla sjer náinnar þekkingar á bankanum, ef nefndin á ekki að koma saman nema einu sinni á ári. Og það er enginn vafi á því, að þar sem þessir 15 menn verða sinn frá hverju landshorni, munu þeir gera miklar kröfur hver í sínu lagi til Landsbankans. Alt öðru máli er að gegna um það 5 manna bankaráð, sem nú er. Um það hefir ýmislegt verið sagt, meðal annars það, að það væri ákveðið pólitískt. Jeg skal viðurkenna, að það er ekki hægt að neita því, að það hefir á sjer pólitískan svip. En samt verð jeg að líta svo á, að þessum mönnum sje eftir gildandi lögum ætlað það starf og þau afskifti af bankanum, að þeir hljóti að fá þá þekkingu, sem er nauðsynleg til þess að þeir geti gert hollar tillögur um starfsemi bankans. Hvað pólitískt sem nefndin er kosin, er það trú mín, að þegar hún hefir fengið aukna þekkingu á öllum hag bankans, muni hinn pólitíski rígur hverfa og nefndin gera þær tillögur einar, sem hún, að fenginni náinni þekkingu, álítur heppilegastar. Í þekk-

ingunni felst mikill styrkur. Þegar menn hafa öðlast þekkingu, fara þeir að skilja ýmislegt, sem þeir hafa ekki skilið áður, eins og það, hversu nauðsynlegt er að hafa ró og frið um bankann. En því verður ekki neitað, að í okkar opinbera lífi hefir marga menn brostið skilning á því, hvað mikla þýðingu það hefir að hafa frið um báða bankana. Þeir hafa stundum verið dregnir inn í pólitík, og það hefir ekki orðið þeim til góðs. Þeir, sem eru komnir inn í bankamál, skilja þetta, úr hvaða flokki sem þeir eru.

Jeg held, að þetta mikla höfuð, sem hv. meiri hl. vill setja á Landsbankann, verði honum ofvaxið. Þó að í byrjun sje gert ráð fyrir, að aðeins eigi að greiða kostnaðinn við 15 manna bankanefnd, án þess að greiða nefndarmönnum laun, má búast við, að þegar tímar líða fram, verði einnig farið að greiða þeim laun. Yfirleitt finst mjer sú ráðstöfun einkennileg á þeim tímum, þegar tilhneiging manna fer í þá átt að gera alt sem einfaldast, að vera að hlaða upp þessu mikla embættistildri. Mjer sýnist það ganga í þveröfuga átt við þá stefnu, sem hefir komið fram hjá ýmsum bestu mönnum þjóðar vorrar, að reyna að gera hið opinbera líf sem óbrotnast og fækka embættum. Það er verið að gefa þeirri stefnu rothögg með þessu mikla höfði, sem hv. meiri hluti ætlar nú í páskafríinu að setja á Landsbankann. Jeg get nærri því skilið það, eftir því sem jeg athuga það betur, að hjá þeim, sem að þessari breytingu standa, sje mikil tilhneiging til þess að kveða sem mest niður umræður um þetta mál. En höfuðið, sem á að láta á bankann, ber svo hátt, að þjóðin hlýtur að koma auga á, að hjer er um hið mesta hjegómatildur að ræða, sem aldrei verður til annars en að gera bankanum bölvun, en ekkert gagn.

Það er eitt ákvæði í þessum breytingum, sem jeg tel vera mjög óheppilegt. — Samkvæmt gildandi lögum var kosið bankaráð til þess tíma, er ákveðinn var í lögunum, og skipaður bankaráðsformaður á sama hátt, hvorttveggja skilyrðislaust til þess tíma, er lögin sögðu fyrir um. Nú á að kjósa nýtt bankaráð og skipa nýjan bankaráðsformann.

Það hefir hingað til verið grundvallarregla í landi voru og víðar, að þótt nýjar stjórnir taki við völdum, þá sje ekki ýtt við þeim embættis- og sýslunarmönnum, sem fyrir eru við opinber störf, svo framarlega sem þeir rækja skyldur sínar, heldur sjeu þeir látnir sitja í friði. Um hina er ekki tiltökumál. Jeg ætla alls ekki að tala um þetta mál út frá sjónarmiði þeirra, sem eiga að fara frá, heldur frá því sjónarmiði, er horfir að hag bankans. Bankanum er það áreiðanlega fyrir bestu, að ekki skifti óeðlilega oft um þá menn, er um mál hans fjalla. Það þyrfti að vera sem mestur og bestur friður í kringum bankann. En jeg get ekki sjeð, að það sje á annan hátt betur hægt að kveikja ófrið um bankann en með þessum tillögum.

Það er sjálfsagt að vera hreinskilinn við hæstv. stjórn og segja henni afdráttarlaust, hvað menn hugsa um þessar breytingar. Það skilja þær margir svo, að hæstv. stjórn vilji ná sem tryggustum tökum á bankanum, til þess að geta haft ráð hans alt í hendi sjer. Ef haldið væri áfram á

þessari braut, sem nú á að ganga inn á, gæti nýr meiri hluti með sama rjetti breytt lögunum aftur að sínu skapi, tekið stóra höfuðið af og sett aftur á litla höfuðið, 5 manna bankaráðið, og látið fara fram nýjar kosningar í það. Með þessu er verið að kveikja þann heitasta eld, sem hægt er að kveikja og ilt verður að slökkva, ef að er blásið. Enginn er kominn til þess að segja, hve mikið af verðmætum kann að brenna í þeim eldi. Jeg vil því alvarlega ráða þeim mönnum, sem ábyrgðina bera, að láta ekki þetta ákvæði um nýjar kosningar koma til framkvæmda fyr en útrunninn er tími þeirra, er nú sitja í bankaráðinu. Það mun reynast hyggilegast allra hluta vegna. Ef nokkur stofnun er til, sem æskilegt er að halda utan við hinn pólitíska eld, þá er það þessi. Með þessu er verið að leggja grundvöllinn að því að halda henni í stöðugum pólitískum eldi. Það eru til ýms óskrifuð lög í þjóðfjelaginu, sem hingað til hefir þótt rjett að bevgja sig fyrir. Ein af þeim óskrifuðu lögum er þetta, að stjórnir, sem við taka, telji sjer skylt að bera virðingu fyrir eða að minsta kosti fari ekki að umturna fyrirvaralaust því, sem fyrverandi stj. hafa sett, ef það er á heilbrigðri skynsemi og viti bygt. Jeg veit að vísu, að í Ameríku er sú regla í gengi, að nýjar stjórnir sópi burtu öllu starfsmannaliði fráfarandi stjórnar og setji sína gæðinga til embætta í staðinn. En jeg spyr: Er það heppilegt, að við tækjum upp þessa reglu? Jeg hygg, að fæstir yrðu til þess að svara þeirri spurningu játandi. En þó er hjer verið að fara nokkuð í áttina.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg get fyrir mitt leyti fallist á, að allir bankastjórarnir sjeu jafnrjettháir. Jeg tel það ekkert happ að hafa 1 aðalbankastjóra og 2 undirbankastjóra. Óhjákvæmilega hlýtur það að verða til þess að draga úr ábyrgðartilfinningu hjá þessum undirbankastjórum. Hitt get jeg líka fallist á að sje til bóta, að bankaráðsformaður einn, en ekki bankaráðið alt, hafi daglegt eftirlit í bankanum og blandi sjer inn í dagleg störf hans. Hinsvegar er sjálfsagt, að það hafi heimild til að skoða bankann hvenær sem það vill.

Jeg hefi þá stuttlega reynt að gera grein fyrir afstöðu minni. Þetta er stórt mál og alvarlegt mál, sem miklu skiftir, hversu ráðið er til lykta.

Jeg vil að síðustu beina þessum orðum til hins hv. meiri hl., sem hjer hygst að fara sínu fram: Það er stundum hyggilegt að hlusta eftir því, sem andstæðingarnir segja. Það fer oft svo, ef meiri hl. svndgar stórlega, þá hættir hann von bráðar að vera meiri hl., sjerstaklega ef hann svndgar á máli, sem hefir mikla þýðingu fyrir alþjóð.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal taka undir það, sem hjer hefir verið sagt, að þetta er stórmál, sem nú er á ferð undir þinglokin, eins og oft er um stórmálin; þau eru afgreidd síðust og stundum í flaustri.

Þetta er að mínu áliti mesta stórmálið, sem fyrir þessu þingi liggur. Svo er um þau mál, er að einhverju leyti snúast um peningastofnanir hvers lands. Bankamálin hljóta ávalt að vera mál málanna, ekki síst hjer. Jeg ætla að fullyrða, að hvergi í mentuðum heimi ríki önnur eins óreiða og óregla

á sviði bankamálanna og hjer á landi. Umræður um þetta mál virðast mjer hafa farið nokkuð á svig við aðalkjarna þess og meira snúist um formshlið þess en góðu hófi gegnir. Og skal jeg reyna, eftir því sem jeg get, að koma nokkru nær kjarna málsins. Sá er munurinn hjer heima og annarsstaðar í mentuðum heimi, að eftir stríðið, sem olli stórkostlegu hruni í bankamálum yfirleitt, hafa aðrar þjóðir skorið fyrir meinið, strax er tími gafst til, og svo, að það er nú í nálægum löndum læknað, en það hefir okkur ekki tekist.

Fyrri þing hafa verið ákveðin í því að láta rannsaka Íslandsbanka og „rekonstruera" hann eftir því sem hægt væri. En jeg sagði, er jeg átti hjer sæti á Alþingi hið fyrra sinn, og jeg ætla jeg væri einn um þá skoðun, að það væri alveg eins mikil þörf á að rannsaka sjálfan þjóðbankann, ef ekki miklu meiri. Það hefir líka komið á daginn, að jeg hafði rjett fyrir mjer. Sú virðingargerð, sem fram fór á bankanum í vetur, sýnir það ljóslega. Jeg vil taka það fram, að jeg tel það misráðið að leggja launung á þessa rannsókn. Jeg veit, að álit slíkrar rannsóknar berst út meðal fólksins hvort sem er, og þá oftast ýkt, og er það illa farið. Og engin ástæða er til að ætla, að öðruvísi fari erlendis.

Það hefir verið tekið fram hjer og er rjett, að það er aldrei hægt að fá nákvæma virðingu á hag bankans. Jeg vona, að sú virðing, sem nú hefir farið fram á bankanum, og jeg veit vel um, þótt jeg vilji ekki rjúfa þögnina, reynist ekki of há. Það hefir hvergi komið í ljós í næstu löndum, þar sem slík rannsókn sem þessi hefir farið fram, að hún reyndist of bjartsýn, heldur þvert á móti.

Erlendir fjárgróðamenn skilja ekki, að neinu þurfi að leyna í sambandi við virðingargerð bankans. Þeir heimta skýlaust að vita, hvernig hag hans er komið, ef þeir eiga að fást til að lána honum fje. Hitt má ekki vaxa okkur í augum, þótt bankinn hafi orðið fyrir nokkurra milj. kr. tapi. Við verðum að muna, að þjóðin framleiðir fyrir ca. 80 milj. árlega, svo að tapið er ekki svo mikið á erlendan mælikvarða. Það fyrsta, sem lánveitandi spyr um, ef beðið er um lán, er það, hvernig fjárhagurinn sje. Þegar hann veit það, er hann kannske tilleiðanlegur, en alls ekki, ef hann fær ekkert að vita.

Jeg sagði áðan, að jeg mundi koma nær kjarna málsins um stjórn Landsbankans.

Jeg er mjög tilleiðanlegur til þess að gera þessar breytingar á lögum bankans. En mjer skilst, að til þess að haldi komi þurfi að fara fram alger stefnubreyting um stjórn bankans. En þá þarf að stíga stærra spor en gert er með þessu frv. Það þarf að skifta algerlega um stjórn í bankanum eða setja honum yfirstjórn, er taki í taumana. Það þarf að verða grundvallarbreyting á stjórn bankans á einhvern hátt. Það er vitanlegt öllum, að ýmislegt við lánafyrirkomulagið er öðruvísi en í öllum öðrum menningarlöndum. Fjenu hefir verið ausið út fyrirhyggjulítið í einstaka menn og peningastofnanir án þess hægt væri að fá góðar tryggingar. Afleiðingin er sú, að bankinn hefir orðið fyrir allstórum töpum, stórum á okkar mælikvarða. Á það hefir verið minst áður,

hve ýmislegt annað hefir setið á hakanum, sjerstaklega að því er fasteignaveð snertir. Hefir aldrei fengist lán út á fasteignir nema gegn 1. veðrjetti. Um tíma var jafnvel svo, að fasteignir voru alls ekki veðhæfar; það var alls ekki lánað út á þær. Hjer hefir mest ranglætið verið framið í því, hve misgreiðan aðgang menn hafa átt að bankanum. Ef til vill stafar það af því, að bankinn hefir haft of lítið veltufje. En það er þá landsstjórnarinnar að bæta úr því. Og það er í trausti til þess, að hæstv. stjórn reyni að stíga spor í þá átt að lagfæra þetta, að jeg greiði atkvæði með þessum breytingum. Mjer er ekki sárt um bankalögin frá í fyrra, því að jeg er á móti þeim að „principinu“ til. Jeg get því verið með breytingum, og það sem víðtækustum breytingum. Jeg hefi verið og er enn því fylgjandi, að stofna öflugan fasteignaveðbanka, sem yrði banki bændanna, en þó svo að hann tæki húseignir og lóðir í bæjum sem tryggingar fyrir lánum. Því verður ekki neitað, að landið sjálft er tryggasti grundvöllur undir banka. Fasteignabankinn ætti að hafa seðlaútgáfuna með höndum, en ekki sparisjóðsstarfsemi. Það var aðallega þess vegna, að mjer þótti Framsóknarflokkurinn hafa hvikað frá þessari stefnu, að jeg var ekki í kjöri fyrir þann flokk við síðustu kosningar. En það gleður mig, að hæstv. atvmrh. gefur í skyn, að seðlaútgáfan verði sett í samband við þennan banka, er hann verður stofnaður. Og jeg skora á hæstv. stjórn að gera þá breyting á, að seðlaútgáfan verði lögð við þennan banka, er hann verður settur á stofn.

Jeg skal taka það fram, að jeg tel nauðsyn á, ef ríkissjóður á að taka ábyrgð á bankanum, að þingmenn viti, hvað þeir eru að ábyrgjast fyrir landsins hönd. Það kann að vera, að margir hv. þingmenn viti um matið á bankanum, en þeir eru ekki allir, sem vita um niðurstöðu þess. Og það er alls ekki rjett að ætlast til þess af mönnum, að þeir gangi að ábyrgð á því, sem þeir vita ekki neitt um.

Hagur Landsbankans og landsins í heild sinni er svo samfljettað og nátengt, að vart verður aðskilið. Þess vegna er svo mikilsvert og nauðsynlegt, að bankanum sje vel stjórnað, eins og jeg mintist á og hefi lagt áherslu á í þessu sambandi, en mun nú ekki fara frekar út í.

Ef jeg greiði atkvæði með þessum breytingum, sem jeg býst við að gera, því að mjer er sem sagt ósárt um fyrirkomulagið eins og það er og vildi helst gerbreyta því, þá er það í trausti þess, að hæstv. landsstjórn láti hendur standa fram úr ermum og undirbúi fyrir næsta þing löggjöf um að „rekonstruera“ bankann og gera hann sem sterkastan. Þá fyrst er mögulegt, að hann taki að sjer seðlaútgáfuna fyrir alvöru, ef honum er sjeð fyrir meira rekstrarfje. En það er tæplega hægt eins og er að leggja honum slíkan vanda á herðar, og lítt verjandi því vitanlega er bankinn „insolvent“. En jeg teldi þó æskilegt og vænti þess, að hæstv. stjórn taki það til athugunar að koma á fót fasteignaveðbanka, banka sveitanna og þeirra allra, sem eiga fasteignir við sjó, og seðlaútgáfan verði sett í samband við hann og jafnframt gerð gangskör að því að

láta verða straumhvörf í stjórn Landsbankans, svo að það geti ekki komið fyrir, að sumir menn fái margar miljónir, en aðrir ekki neitt og bankinn þurfi ár frá ári að afskrifa stórupphæðir fyrir töpum af þeim sökum.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Hv. minni hl. fjhn. hefir nú látið ljós sitt skína um stund. Er ekki nema gott eitt um það að segja. Jeg var svo óheppinn, að jeg heyrði ekki alla ræðu hv. 2. þm. G.-K. Jeg gat ekki hlustað á fyrri part ræðu hans, því að jeg var bundinn við önnur störf, er ekki gátu beðið. En jeg hefi heyrt, að hann hafi hálfvegis gert boð fyrir mig. Mun jeg því eiga orðastað við hann síðar lítillega. Jeg geri ráð fyrir, að það megi að allmiklu leyti svara þessum hv. þm. (ÓTh og SE) sameiginlega. Jeg býst sem sje ekki við, að neitt nýtt hafi komið fram í málinu. Að minsta kosti var það svo um ræðu hv. þm. Dal., enda varla við því að búast, þar sem málið er þrautrætt á þingi áður ár eftir ár. Þegar svo er komið, álít jeg eiginlega ekki sjerlega mikið á umræðum að græða. Þeir hafa getið um það, þessir hv. þingmenn, að svo líti út, sem stjórnin mundi helst kjósa, að umræður dyttu niður. Jeg neita því, og jeg skal gera grein fyrir, hvernig jeg lít á þetta sjálfur. Jeg álít óþarfa að hafa mjög langar umræður um þetta mál úr því sem komið er og get fyrir mína parta vísað hv. þm. í það, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál fyr og síðar, bæði í Alþingistíðindunum, sem er að fá í skrifstofu þingsins, og í ræðum þeim, sem jeg hefi haldið á þessu þingi og liggja í handritum skrifaranna frammi í lestrarsal. Og jeg skal skýra nánar, hvers vegna jeg álít ekki þörf á að ræða málið lengur: jeg vil forðast að gefa mælgisýki þessara manna nýja næringu með því að gera þeim það til eftirlætis að andmæla þeim. En úr því að skorað var á mig, skal jeg gera þeim úrlausn.

Fyrst ætla jeg að víkja að hv. þm. Dal. og stend þeim mun betur að vígi gagnvart honum, sem jeg heyrði ræðu hans alla; en aftur á móti á jeg erfiðara með hv. 2. þm. G.-K., ekki af því, að hann sje það hættulegri viðureignar, heldur hinu, að jeg renni þar blint í sjóinn með það, hverju jeg á að svara, því að jeg heyrði ekki, hvað hann sagði. **(HStef:** Það stendur alt í nál.). Nú, var hann ekki annað að gera en lesa nál. sitt? Því á jeg bágt með að trúa, að hann hafi ekki einhverju bætt við frá eigin brjósti. **(ÓTh:** Nál. var frá eigin brjósti!).

Hv. þm. Dal. tók það fram, sem hann hefir svo oft sagt áður, að Landsbankinn mætti ekki vera seðlabanki, af því að hann ræki sparisjóðsstarfsemi, en það gerðu engir seðlabankar aðrir. Þessi mótbára er á engum rökum bygð, og jeg fæ ekki skilið, hvers vegna svo þarf að vera, sjerstaklega vegna þess, að þessar deildir bankans, seðladeildin og sparisjóðsdeildin, starfa algerlega sjerstæðar hvor út af fyrir sig. Að því leyti get jeg ekki sjeð, hvaða hætta seðlabankanum ætti að stafa af sparisjóðsstarfseminni. Það er ómögulegt að ætlast til þess, að hægt sje að sníða starfsemi íslenskra banka eftir útlendri fyrirmynd. Alt er í svo smáum stíl hjá okkur, að það væri blátt áfram hlægilegt að hugsa sjer að hrófa upp margskonar bönkum, sem hver hefði

sitt afmarkaða starfssvið, einn ætti t. d. að telja og útbýta nokkrum milj. seðla, sem eru í umferð hjá okkur; annar ætti eingöngu að ávaxta sparifje manna, þriðji annast fasteignalán, o. s. frv. Það yrði eitt óstjórnlegt bankafargan. Og það er fjarri að ná nokkurri átt, að bankinn megi ekki hafa með höndum aðra starfsemi en seðlaútgáfuna, er hann hefir tekið hana að sjer.

Mjer skilst svo, sem menn gæti þess ekki nógu vel, að hjer getur verið um tvenskonar tryggingu á seðlabankanum að ræða. Það getur verið ríkistrygging, sem ein út af fyrir sig hlýtur að vera og á að vera nægileg. En ef hún ekki telst vera nægileg, þá þarf að stuðla að því, að bankinn eignist gullforða. Það er nú algild regla um seðlabanka, að þeir eigi gullforða. En annað mál er það, hversu rjett það er. Getur það verið álitamál, því það leiðir ávalt til þess, að bankinn verður að liggja með þennan gullforða, sem ekki er arðberandi, þar sem hann liggur sem trygging fyrir seðlunum. Tel jeg því í raun og veru ríkisábyrgð sjálfsagða. Hefir það og verið gert hjer áður og gefist vel. Seðlar þeir, sem Landsbankinn hefir gefið út, hafa verið trygðir með ábyrgð ríkissjóðs.

Hv. þm. Dal. hjelt því fram, að engin tilraun hefði verið gerð til að rökstyðja breytingar þær, sem felast í þessu frv. — Annaðhvort hefir háttv. þm. sagt þetta í hugsunarleysi, án þess að íhuga, hvað hann var að segja, eða hann hefir sagt þetta móti betri vitund. Tilgang þessa frv. er búið að margskýra og rökstyðja. Hjer er aðeins verið að færa þetta mál í það horf, sem núverandi meiri hluti þingsins hefir ávalt óskað eftir, að það kæmist í. Einmitt sama horf og milliþinganefndin í bankamálinu áleit eftir gaumgæfilega athugun vera rjetta. Þetta eru því ómakleg ummæli og alveg órjettlát. (**SE:** Jeg vísa til nál. hæstv. forseta!). Það er engin málsbót að vísa til álits hæstv. forseta. Mjer finst ekki ástæða að ætlast til þess, að meiri hlutinn gangi frá sínu áliti og gangi yfir á álit minni hlutans. Það þýðir ekki að ætla sjer að byggja á því.

Ein af þeim staðhæfingum, sem hv. þm. Dal. kom fram með til þess að gera frv. þetta tortryggilegt í augum þingsins, var sú, að ekki væru nægilega bundnar hendur Landsbankans hvað lántökur snertir, þegar ríkið væri búið að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Hjer er um innlend lán að ræða, því sjerstaka ábyrgð þarf í hvert sinn fyrir hinum erlendu lánum. En hv. þm. virtist gera ráð fyrir því, að útlendar peningastofnanir mundu flytja fje inn í landið, sem Landsbankinn svo gæti tekið að láni án þess að þurfa að leita samþykkis Alþingis. Að þessu leyti áleit hv. þm. hættulegt eða ótrygt að veita bankanum ríkisábyrgð. En jeg sje ekki, hvaða hætta gæti legið í þessu. Jeg tel, að stjórnarfyrirkomulag bankans verði svo tryggilegt, að engin hætta gæti af því stafað, þótt bankinn ætti kost á slíku fje. Fyrst og fremst eru það bankastjórarnir, sem ættu að sjá hag bankans borgið í þessu efni. Þá er það í öðru lagi bankaráðið, með yfirliti bankanefndarinnar að baki sjer, sem mundi líta eftir því, að ekki yrði

rasað fyrir ráð fram um slíka hluti. Þessi mótbára er því ærið veigalítil og tel jeg ekki eyðandi fleiri orðum að henni.

Næsta meginatriðið, sem hv. þm. Dal. vildi gera mikið úr, var sú hætta, er hann taldi vera á því, að sparisjóðsfje landsmanna mundi að miklu leyti lenda hjá Landsbankanum. — Jeg veit ekki betur en að mikill hluti sparifjárins sje nú hjá Landsbankanum. Og satt að segja veit jeg ekki, hvar það ætti að vera betur komið en í þjóðbanka landsins. — Það getur reyndar hugsast, að hv. þm. Dal. telji það betur komið í Íslandsbanka. Jeg efast að vísu ekki um, að það myndi vera vel geymt þar. En jeg hygg þó, að þjóðinni sje það ekki sá ávinningur, að það sje geymt þar, að til þess þurfi að gera sjerstakar ráðstafanir, að svo verði gert í framtíðinni. — Áður en lengra er haldið verð jeg að biðja afsökunar á því, ef jeg kann að tala helst til lengi. Jeg er sem sje að reyna að fylgja bræðinum í ræðu hv. þm. Dal. Það er því á ábyrgð þessa hv. þm., ef jeg verð of langorður og of leiðinlegur, því að það kemur til af því, að jeg er að fylgja hans óskemtilega hugsanagangi.

Þá var hið næsta, sem hv. þm. sagði, að sú ábyrgð, sem ætlast væri til, að ríkið veitti Landsbankanum, væri stórhættuleg fyrir það, að hún myndi rýra mjög lánstraust ríkissjóðs í útlöndum. Jeg ímynda mjer, að þá ætti með eins miklum rjetti að vera hægt að segja, að þær ábyrgðir, sem ríkið hefir til þessa gengið í vegna erlendra lána, hafi átt að valda hinu sama. Ekki þá hvað síst hið stóra lán, sem ríkið ábyrgðist vegna Íslandsbanka. En jeg hefi nú ekki orðið var við slíkt ennþá, þegar um það hefir verið að ræða að taka lán erlendis, sem ætluð hafa verið til skynsamlegra fyrirtækja. Og jeg hygg, að svo muni enn fara. Jeg hygg, að þeir, sem veita slík lán, muni leggja þann mælikvarða á okkur, sem þeir fá í hendur við athugun landsreikninganna eða bankareikninganna. Og ef einhver hætta væri á ferðum um afkomu okkar, þá sje jeg þó ekki, hvernig almenn ábyrgð á Landsbankanum gæti rýrt traust ríkisins í fjármálum út á við.

Þá vildi hv. þm. slá því föstu í eitt skifti fyrir öll sem óumþrætanlegum sannleika, að leggja þyrfti bankanum til 5 milj. króna nú þegar. Þetta er sem fleira algerlega órökstudd fullyrðing hjá hv. þm. — Þó þetta væri gert, þá er þó ekki hægt að segja, að það skapi það öryggi, sem ekki geti haggast. Það er nú þegar ráðgert að leggja bankanum til 2 milj. kr. og auk þess veitt heimild að bæta við það 3 miljónum, ef það þykir nauðsynlegt. Sje þetta skoðað frá skynsamlegu og búmannslegu sjónarmiði, þá er engin ástæða til þess, að ríkið taki þessi lán handa bankanum. Hitt er alt eins gott, að bankinn taki þau sjálfur með ábyrgð þingsins. Meðal annars er slíkt hagkvæmara í reikningsfærslu. Sú aðferð, sem gert er ráð fyrir í frv., er því bæði skynsamlegri og hagkvæmari bankanum. Munurinn er aðeins sá, að hv. þm. vill taka strax stórlán handa bankanum, sem svo verður smámjatlað út í lán til viðskiftamannanna. En eftir frv. getur bankinn sjálfur tekið þessi lán á ábyrgð ríkissjóðs, þegar hann þarf þeirra með og er hagkvæmt að taka þau. — Hv. þm.

Dal. kvað svo ríkt að orði, að það væri hrein og bein vanræksla að láta Landsbankann ekki fá þær 5 milj. kr. þegar í stað, sem hann ætti að fá samkvæmt lögunum frá í fyrra. Jeg mótmæli þessari fullyrðingu algerlega. Og jeg tel það þörf, vegna þess, að úr henni verður reynt að gera það, hvað ástandið sje ískyggilegt um hag Landsbankans. — Það hefir flogið fyrir, að nefndin, sem skipuð var til að meta hag Landsbankans, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að hagur bankans væri ekki svo góður sem æskilegt væri, eða hann mundi tapa svo miklu á lánum sínum, að vafasamt mætti telja um hag hans. En jeg vil þá geta þess, að sá maðurinn, sem fróðastan má telja um þetta, bankaeftirlitsmaðurinn, hefir sjerstöðu um þetta. Hann var búinn að athuga hag bankans rjett áður en nefndin tók til starfa og hefir ekki getað fallist á, að mat nefndarinnar væri rjett. Og þótt nú svo væri, að álit hins hluta nefndarinnar væri ekki fjarri sanni, þá hefir hún þó ekki tekið tillit til þess í niðurstöðum sínum, að bankanum hefir bætst það fje, sem hann hefir grætt á rekstri sínum á síðastliðnu ári og það sem af er þessu ári. Og jeg býst við, að tap bankans muni ekki vera meira en það, sem nemur gróða bankans þetta ár og árið sem leið. Jeg hygg, að það muni vega móti því tapi, sem gert er ráð fyrir við aðalbankann. Jeg hefi tekið þetta fram vegna þess, að verið var að blása að þeim kolum og útbreiða þá skoðun meðal manna, að hagur Landsbankans væri mjög bágborinn. Hv. þm. Dal. og fleiri hafa verið að blása að þeim kolum. (**SE**: Jeg hefi ekkert talað um það!). Jú, hv. þm. hefir víst verið að gefa það í skyn, — en það er gott, að hann vill nú ekki kannast við það.

Jeg held nú, að jeg hafi yfirleitt minst á alt það, er máli skiftir í ræðu hv. þm. — Hitt þýðir ekki, að fara að eltast við hin skáldlegu ummæli í ræðu hans. Hv. þm. hefir nú gaman af því sjálfur að reyna að vera orðhagur með köflum. Hann sagði t. d., að bankarnir ættu að vera lifandi liðir í lífi þjóðarinnar. Jeg vænti nú þess, að þetta sje rjett skoðað. En jeg veit bara ekki, hvernig getur sjerstaklega átt við að minna á það nú. — Bankinn verður eins lifandi liður í lífi þjóðarinnar eftir þessu frv. eins og eftir frv. því, er drifið var í gegn á síðasta þingi fyrir atbeina íhaldsmanna, þvert á móti vilja framsóknarmanna og jafnaðarmanna, sem nú skipa meiri hlutann. Það er því ekkert nema eðlileg rásviðburðanna, sem veldur því, að þessar breytingar, sem hjer liggja fyrir í þessu frv., eru fram komnar. Jeg álít, að því mætti treysta, að þeir þm., sem mynduðu meiri hlutann á síðasta þingi og ekki virtust sýna minni hl. þá neina meðaumkun, beri sig karlmannlega nú, þótt þeir sjeu í minni hluta um stund í þessu máli og fleirum. (**SE**: Greiddi Framsóknarflokkurinn ekki atkv. með lögunum í fyrra?). Meiri hluti flokksins var áreiðanlega mótfallinn ýmsu í lögunum, enda þótt einstaka framsóknarmaður hafi greitt því atkvæði sitt út úr þinginu, af þeirri ástæðu, að þeir vildu ekki verða til þess, að það drægist von úr viti að setja lög um seðlaútgáfuna. En fleiri atkv. innan flokksins voru þó áreiðanlega móti frv.

Þá sagði hv. þm. Dal., að banka-

nefndarfyrirkomulagið væri ekki annað en hjegómatildur, sem ekki yrði nema til bölvunar. Þetta voru orð hv. þm. Er ekki hægt neitt annað um þau að segja en að þau sjeu órökstutt, ógætilegt fleipur, aðeins notuð til þess að viðhafa sterk orð, ef unt væri að slá ryki í augu manna með þeim. — Þá finst mjer það sitja illa á hv. þm. Dal. og öðrum þeim, sem verið hafa að tala um það, að það riði lífið á því, að pólitík kæmist ekki í bankamálin. Þetta er auðvitað ekkert annað en barnaskapur, því hvar er það eiginlega, sem pólitíkin, í orðsins fylstu merkingu, kemst ekki að? Jeg hefi nú nokkuð skilgreint það áður, en svona barnalegar setningar frá hv. þm. sýna það, að hann hefir ekki skilið þetta mál. Einmitt þessi skipun bankanefndarinnar er gerð til þess að setja skjólgarð um bankann, sem verji eftir föngum, að ekki sje drifin ófarsældarpólitík í bankamálunum. Nefndin er öruggasta ráðið til þess, að yfirstjórn bankans verði svo skipuð, að í fullu samræmi sje við þær stefnur um stjórnskipulag, sem með núverandi fyrirkomulagi eru löglegar. Þessi orð hv. þm. um hjegómlegt tildur og að fyrirkomulagið um stjórn bankans muni verða til bölvunar falla því máttlaus til jarðar. Ennfremur virtist hv. þm. Dal. hafa stórar áhyggjur út af því, ef frv. þetta verður samþ., að þá verði farið að kjósa nýtt bankaráð, og þá líklega ekki hvað síst nýjan bankaráðsformann. Jeg held, að þessi ótti hv. þm. sje ástæðulítill. Fyrst og fremst liggja nú engin óyggjandi gögn fyrir um það, að svo vel hafi verið valið í bankaráðið, að jafngóða nje betri menn sje ekki að finna á öllu landinu. En í öðru lagi má nefna það, að engin ástæða er til þess að ætla, að skift verði um þessa menn, þótt frv. verði að lögum. Mjer finst að minsta kosti ástæðulaust fyrir hv. þm. að bera mikinn kvíðboga fyrir því.

Jeg get nú farið að hverfa frá þessum fátæklegu athugunum, sem hv. þm. Dal. kom með máli sínu til stuðnings. Jeg verð þó að nefna eina stóra fjarstæðu enn: Hv. þm. sagði, að með þessari fyrirhuguðu breytingu á bankalögunum væri bankanum hrundið út í þann heitasta eld, sem öllu myndi eyða. Jeg tel þetta bara sem skáldlegar líkingar, sem hv. þm. er svo gjarnt á að slá um sig með, án þess þær eigi nokkurn stað í veruleikanum. Mjer dettur því ekki í hug að taka þessa nje aðrar slíkar setningar hv. þm. neitt alvarlega.

En áður en jeg skilst að fullu við hv. þm. Dal., ætla jeg, þótt óþarft ætti að vera, að endurtaka enn aðalatriði og merg þessa máls, sem hjer um ræðir, enda eru þau ekki mörg:

Fyrst er það stjórnarfyrirkomulag bankans. Jeg hefi áður gert fulla grein fyrir því, að þetta nýja fyrirkomulag miðar að því að skapa meira öryggi, festu og ró um bankann.

Í öðru lagi er aðeins um fyrirkomulagsbreytingu að ræða um þann fjárstuðning, sem samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkið veiti bankanum. Munurinn er sá, að núgildandi lög gera ráð fyrir, að nokkur hluti þessa fjár verði tekinn að láni strax og lagður í fjárhirslu bankans, en eftir frv. er ætlast til, að það verði ekki gert strax, heldur eftir þörfum, og er þetta gert af „praktiskum“ ástæðum.

Þriðja atriðið, sem virðist vera minni hlutanum einna mestur þyrnir í augum, er ákvæðið um, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans í innanlandsviðskiftum. Þetta er heldur ekki annað en fyrirkomulags- eða formsatriði. Enda skilst mjer, að allir þeir hv. þm., sem um málið hafa rætt, telji það sjálfsagðan hlut, að ríkið beri siðferðislega ábyrgð á sínum banka. Það, að gera hjer mun á þeirri siðferðislegu og fjárhagslegu ábyrgð, sýnist mjer hreinn óþarfi. Þetta tvent á og verður að fara saman, að ríkið beri bæði siðferðislega og fjárhagslega ábyrgð á sínum eigin banka. Andmælin gegn þessu eru yfirleitt ekki annað en málþóf, tímatöf og skæklatog, sem ber alt að sama brunni. Það er ekki hægt að sýna fram á, að þessar breytingar sjeu skaðlegar eða hættulegar fyrir hag bankans eða velferð þjóðarinnar, enda mun það ekki í alvöru gert að halda slíku fram hjer á þingi.

Það gleður mig að sjá hv. 2. þm. G.-K. hjer í deildinni aftur, en jeg vildi helst hafa hann á sínum rjetta stað, hið næsta mjer. (**ÓTh:** Alveg sjálfsagt). Mjer þykir það skemtilegra sakir fornrar vináttu og góðrar samvinnu, sem verið hefir með okkur.

Jeg gat þess áðan, að jeg hefði verið svo óheppinn — eða heppinn — að geta ekki hlustað á alla ræðu hv. 2. þm. G.-K. En ef ekki hafa komið fram í henni önnur rök en í nál. hans, sem jeg hefi lesið gaumgæfilega, þá held jeg, að jeg hafi ekki farið mikils á mis, og verð jeg víst að svo komnu að taka þessu með stillingu.

Mjer skildist, eftir að jeg kom í deildina í morgun, að aðalákæruefnið væri það, að stj. forðaðist að vera hjer viðstödd umr. Þetta á ekki við um mig, það verð jeg að segja. Jeg get sagt eins og karl einn karlægur komst að orði: „Berið mig þangað sem slarkið er.“ Jeg hefi ekki annað en ánægju af að ræða við hv. þm. hjer í deildinni, og ekki síst hv. 2. þm. G.-K., en jeg tel mjer þó oft standa nær að vera á fundum hv. Ed., þar sem jeg á þingmannssæti. Hinsvegar mega menn ekki kippa sjer upp við, þótt við eyðum nokkrum tíma til hinna daglegu stjórnarstarfa, eftir því sem nauðsyn krefur og við verður komið. Af þessum ástæðum má vera, að jeg sje ekki eins tíður gestur hjer í deildinni eins og háttv. 2. þm. G.-K. helst hefði óskað, og þykir mjer það að vísu leitt, en tek mjer hinsvegar til „inntekta“, að hann hefir þvílíka ánægju af að sjá **mig.**

Annars þótti mjer mjög miður að heyra hv. þm. svívirða Alþingi sjálft. Mjer þótti það líka koma úr hörðustu átt, því að þær ásakanir, sem hann bar á þingið, koma ekki síður niður á honum en öðrum hv. þm. Hann sagði, að vinnubrögðin hjer hjá okkur væru á þá leið, að þau væru þinginu til skammar. Jeg veit satt að segja ekki, hvert stefnir fyrir þeim hv. þm., sem tekur sjer þetta og þvílíkt í munn, því að allir vita, að þetta er ekki annað en órökstutt, staðlaust fleipur. Það gæti verið skiljanlegt, að einhver strákur eða taugaveiklaður blaðasnápur færi með slíkt, en að einn hv. þm. skuli láta sjer slíkt sæma, það gengur alt lakar að skilja. En hann virðist hafa talað fyr en hann hugsaði. Þetta verð jeg að átelja harðlega, og jeg vona, að hann taki mjer það ekki

illa upp, þó að jeg áminni þennan framgjarna, stórláta og mikilhæfa þm. um, að hann láti sig ekki slíkt henda framvegis.

Hv. þm. sagði, að mjög tíðar lagabreytingar mættu ekki eiga sjer stað á Alþingi. Jeg verð að álíta, að það sje fullmikið af því góða íhaldi og afturhaldi, sem lýsir sjer í þessu. Hv. þm. ætti að láta sjer skiljast það, að tíðar lagasetningar bera einmitt vott um framþróun. Þá erum við að nema úr gildi það úrelta og óhæfa og setja eitthvað betra í staðinn. Jeg ætla ekki út af þessu að velja þau orð, sem mjer finst, að liggi næst, en vil aðeins segja það, að jeg álít, að hv. þm. hafi sagt þetta án verulegrar íhugunar að minsta kosti.

Jeg þykist ekki þurfa gagnvart þessum hv. þm. að fara inn á einstök atriði frv. Jeg hefi rakið efni þess rækilega bæði fyr og síðar og jeg vona, að hann láti sjer nægja svar mitt til hv. þm. Dal. að því leyti.

Sami hv. þm. (ÓTh) kvartaði sáran um vinnuhörku hjer á þingi og sagði, að hjer væri unnið nótt og dag. Jeg verð að álíta, að hann eigi sinn þátt í því með sínu málþófi að tefja tímann um of að óþörfu, svo að dagsverkin ganga fram á nætur. Hv. þm. ætti að reyna að komast að samningum við sjálfan sig um að færa þetta í lag. Þá er á hitt að líta, hvort vinnuharkan er í raun og veru óhæfileg. Þegar talað hefir verið um vinnubrögðin á togurum þessa hv. þm., hefir hann ekki talið eftir sjómönnunum að vinna erfiðisvinnu 16—18 tíma á sólarhring, og jeg get alls ekki talið eftir hv. þm. að sitja á fundum nokkuð fram yfir venjulegan fundartíma stöku sinnum.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta að sinni, en mjer þykir ekki ósennilegt, að jeg segi nokkur orð síðar, ef jeg gæti orðið viðstaddur.

Magnús Jónsson: Mjer þykir hálfleiðinlegt, þegar hæstv. fjmrh. loks úthellir anda sínum hjer í deildinni yfir okkur, að hann skuli eyða eins miklum tíma eins og hann gerði til að kalla þessar umr. af hálfu andstæðinga sinna málþóf, skæklatog og fleiri fögrum nöfnum, sem þó eru óneitanlega lítil rök í málinu. Það er líka leiðinlegt að heyra þá, sem málið flytja, halda því fram, að hjá hinum komi ekki fram neitt nýtt.

Þetta mál hefir nú fengið þá meðferð hjer á þingi, sem er því algerlega ósamboðin. Það hefir verið mikið rætt á undanförnum þingum, og má að vísu segja, að þau atriði, sem nú er mest deilt um, geti ekki talist alveg ný í sögunni. En þegar loks var búið að ganga frá þessu máli og þegar svo næsta þing á eftir tekur málið upp aftur til gagngerðra breytinga, þá er ómögulegt að átelja það, þó að upp rísi menn, sem deila á þetta. Það verður að teljast mjög óviðfeldið að ætla að stinga þannig upp í þm. (**Fjmrh. MK:** Hver hefir sýnt sig í því?). Hæstv. fjmrh. hefir gert það, með því að kalla þessar umr. óþarft málþóf, og fleiri nöfnum nefndi hann þær, sem mjer ekki tókst að skrifa upp. Vonandi hefir þingskrifaranum tekist betur.

Þegar þetta mál kom inn í þingið nú að tilhlutun stj., var það svo flausturslega samið, að enn er ekki búið að lagfæra þá smíðagalla, sem á því voru. Það er ekki ofmælt, að ef frv. hefði

verið samþ. eins og það var, þá hefðu slík vinnubrögð orðið þinginu til skammar. Jeg verð að álíta, að það hefði verið leiðinlegt til afspurnar fyrir okkur, þegar lögin hefðu verið þýdd og send út um heim, að Alþingi hefði gengið þannig frá þeim, að til dæmis sama starfið væri ætlað tveim aðiljum. Þegar svo frv. kemur hingað til þessarar hv. deildar, er það tekið til 1. umr. þegar komið er undir miðnætti. Þá var farið fram á, að málinu væri frestað, en það fjekst ekki, þrátt fyrir það, að hæstv. fjmrh. var fjarstaddur. Hefði það þó átt vel við, að hann hefði þá verið í sínum stóli og fylgt málinu af stað með því að biðja vel fyrir því. Þá sagði hæstv. forsrh., að umr. mætti fresta til 2. umr. En hvað skeður svo? Málið er tekið til 2. umr. á laugardaginn fyrir páska, þegar nokkrir þm. eru fjarverandi með leyfi forseta og fundur getur hvort sem er ekki staðið nema skamma stund vegna hátíðarinnar. Það hefði meira að segja alls ekki verið of mikið, þó að þm. hefðu haft „frí“ í dag frá fundahöldum, svo mikið hefir verið starfað hjer undanfarið.

Það er ekki til neins að kalla þessar umr. málþóf o. s. frv. Hæstv. fjmrh. ætti að spyrja þann ráðh. (JJ), sem venjulega situr við hlið honum, hvort hann hafi ekki oft þurft að halda langar ræður, þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Þegar talað er um vinnuhörkuna hjer á Alþingi, er altaf farið að tala um togaravökulög o. s. frv. En hvað kemur slíkt málinu við? Ef þm. sitja óhóflega lengi á fundum, hafa þeir þeim mun minni tíma afgangs til að athuga þau mál, sem fyrir þinginu liggja. Slíkt gengur því út yfir þingstörfin. Þau verða ekki eins vel athuguð og ella mundi.

Það hefir verið sagt hjer, að ekki væri um annað að ræða nú en að færa bankalögin í það horf, sem millibinganefndin hefði stungið upp á. Mun með því fyrst og fremst vera átt við landsbankanefndina. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að yfirleitt hafi nefndin ekki talið þetta ákvæði mjög mikils virði, þó að hún styngi upp á því. Að minsta kosti var það svo um mig. Hugmyndin var, að nefnd þessi ætti að halda bankanum utan við þær snöggu sveiflur, sem oft verða á þingmeirihlutanum og raskað geta ró hans. Landsbankanefndin ætlaði þessari nefnd svipað hlutverk við bankann eins og hluthafafundur hefir í hlutafjelagi. Jeg skal ekkert hafa á móti fyrirkomulagi landsbankanefndarinnar út af fyrir sig; en það er langt frá því, að jeg vilji fara að breyta lögunum nú til þess að bæta þessu inn í þau, úr því að það var ekki gert strax. (**Forseti BSv:** Er þm. kominn nálægt lokum ræðu sinnar?).

Hæstv. forseti spyr mig, hvort jeg hafi bráðum lokið máli mínu. Það er langt frá því. En hinsvegar get jeg skift ræðu minni hjer, ef hæstv. forseti telur það heppilegt.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 579, n. 698, 713 og 714, 715).

Magnús Jónsson: Hæstv. fjmrh. bar

það fram við fyrri hluta þessarar umr., að þetta frv. gengi út á að færa Landsbankann í svipað horf og milliþinganefndin 1925 lagði til. Jeg var byrjaður í fyrri hluta ræðu minnar að hrekja þessa staðhæfingu hæstv. ráðh. Jeg lagði áherslu á það, að þeir, sem voru í nefndinni þá og gátu aðhylst það fyrirkomulag, sem hún lagði til, gætu gjarnan verið á móti þessu frv. Þær breytingar, sem farið væri fram á, gætu verið svo lítilvægar, þótt þær væru til bóta, að ekki svaraði kostnaði að fara að breyta ársgömlum lögum þeirra vegna. Jeg tók til dæmis landsbankanefndina, sem milliþinganefndin lagði til, að kosin yrði á Alþingi og væri nokkurskonar yfir-yfirstjórn í bankanum. Alveg sama get jeg sagt um það atriði, að bankaráðið skuli ekki hafa daglegt eftirlit nema fyrir milligöngu formanns bankaráðs, sem tekið hefir verið upp í þetta frv. og milliþinganefndin lagði til. Eftir lögunum á alt bankaráðið að hafa þetta eftirlit á hendi. Jeg er nú á þeirri skoðun, að slíkt sje fremur óþarft; jeg álít, að nægilegt sje, að alt bankaráðið komi saman á hálfsmánaðarfresti. En þetta er lítið atriði og jeg álít óheppilegt að fara nú að draga úr þessu eftirliti, úr því að það er komið inn í lögin á annað borð.

En það er heldur alls ekki rjett hjá hæstv. ráðh., að verið sje að færa lögin í sama horf og milliþinganefndin lagði til, eins og jeg skal nú sýna.

Í fyrsta lagi var ótakmörkuð ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum í bankanum ekki borin fram af milliþinganefndinni allri, heldur aðeins af meiri hl. meiri hlutans í nefndinni. Nefndin klofnaði um mikilsvert „princip“-mál í tvo hluta, en jafnvel meiri hl. var ekki allur sammála um þetta ákvæði. Og auk þess er orðalag frv. um ríkisábyrgðina alt annað og óviturlegra í frv. en í till. meiri hl. meiri hlutans í milliþinganefndinni.

Þá er ákvæðið um stofnfje bankans. Það er langt frá því, að verið sje að færa það í sama horf og milliþinganefndin hafði hugsað sjer. Hún lagði til, að bankanum væri borgað út stofnfje fram yfir innskotsfje ríkissjóðs 1913. Þar sem ríkissjóður átti að ábyrgjast, að þetta stofnfje hjeldist óskert, hefði það átt að vera óskert í upphafi. En til þess er ekkert tillit tekið í frv., hvernig hagur bankans er nú. Milliþinganefndin vildi láta bankann byrja með 3 milj. kr. stofnfje, sem væri raunverulega til, er seðlabankinn tæki til starfa. Það er aðeins áframhald á sömu braut, að Landsbankalögin ákveða, að stofnfjeð skuli vera 5 miljónir með tilliti til þess, að ríkisábyrgðin er þar af tekin; en hitt er beint frávik frá till. nefndarinnar, að stofnfjeð skuli ekki vera annað en innskotsfje ríkissjóðs, jafnvel þótt greitt sje viðbótarstofnfje eins og lagt var til í Ed.

Þá lagði milliþinganefndin til, að einn bankastjóranna skyldi vera aðalbankastjóri. Þetta ákvæði hefir verið tekið upp í Landsbankalögin, en eftir þessu frv. eiga allir bankastjórarnir að vera jafnir að völdum.

Þá er sá mikli munur á frv. milliþinganefndar og Landsbankalögunum, að eftir tillögum nefndarinnar átti ekki að skifta bankanum í þrjár deildir, heldur aðeins aðskilja bókhald deildanna. En lögin kljúfa bankann ofan frá og niður í gegn. Að vísu á

að vera ein stjórn yfir öllum bankanum, en hinsvegar sjerstakur varasjóður fyrir hverja deild. Þessu er ekki breytt í frv.

Þá lagði nefndin ekki til fullkomna gullinnlausn, heldur gullmiltainnlausn. Það er nokkurnveginn sama og taka upp gullvíxilfót í staðinn fyrir gullmyntfót. Með því móti gæti ekki hver sem er farið með 10 kr. seðil í bankann og heimtað gull út á hann, heldur yrði gullmiltainnlausnin aðeins notuð, er um stórar upphæðir væri að ræða, eða sendingar á milli landa.

Í Englandi og Finnlandi hefir þannig innlausn með gullmiltum verið upp tekin og hefir þótt gefast vel. En jafnvel þar sem um svona mikið „princip"-atriði er að ræða, færir frv. lögin ekki í sama horf og milliþinganefndin lagði til.

Þá má enn nefna gulltryggingarhlutfallið. Nefndin lagði til, að gulltryggingin næmi ⅓ upp að vissri upphæð, en hlutfallið átti að hækka eftir því sem veltan ykist. Þessu er ekki fylgt í frv., heldur gömlu Íslandsbankareglunni um ⅜ hluta, og ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á hlutfallinu, þótt seðlaflóðið aukist. Það er því hrein fjarstæða, að þetta frv. gangi í sömu átt og till. milliþinganefndar, heldur er jafnvel vikið frá Landsbankalögunum, þar sem þau eru í samræmi við nefndina.

Jeg ætla ekki að fara út í einstök atriði í ræðu hæstv. fjmrh., enda er sumt af því, er hann sagði, farið að fyrnast fyrir mjer, og svo er hæstv. ráðh. ekki viðstaddur. Hann sagði t. d., að það bæri vott um örar framfarir í atvinnulífinu, að oft þyrfti að breyta lögum. Mjer finst, að það geti alveg eins borið vott um hraflkenda löggjöf og óþarflega mikla löngun til að breyta.

Þá sný jeg mjer að frv. sjálfu og einstökum greinum þess. Verður þá fyrst fyrir mjer 1. gr., þar sem langmikilvægasta breytingin er fólgin, sú, að ríkissjóður beri ábyrgð á innstæðum bankans, í stað þess, að í núgildandi bankalögum er skýrt tekið fram í fyrstu grein, að ríkið beri ekki ábyrgð á þeim. Þetta er mikilvæg breyting, sem kemur til með að hafa ýmsar afleiðingar, og er því ekki furða, þótt menn greini á um hana.

Vil jeg nú fyrst líta á, hvaða ábyrg ríkissjóður hafi borið á bankanum fram að lögunum í fyrra. Það hefir verið dregin inn í þessar umræður sú spurning, hvort ríkið hafi borið ábyrgð á bankanum þangað til. Til að ganga úr skugga um þetta verður að gæta í landsbankalögin frá 1885. Þar er ekkert tekið fram um ábyrgð á bankanum, en í síðustu grein laganna segir svo, að ef bankinn verði lagður niður, skuli fyrst greiða öllum kröfur þeirra á bankann, nema landssjóði aðalskuldina. Það, sem þá verði afgangs, gangi svo til landssjóðs, en hann innleysir seðlana.

Það er ljóst af þessu, að ríkið ber ábyrgð á seðlum bankans. Jeg hefi spurt lögfræðinga um það, hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á öðru en seðlunum eftir þessum lögum. Að vísu hefi jeg fengið misjöfn svör, en flestir hafa verið á þeirri skoðun, að svo væri ekki.

Þá hefir verið deilt um það, hvort ábyrgð ríkisins leiddi ekki af því, að

ríkið ætti bankann. Jeg ætla ekki að hætta mjer út í svo hárfínar lögfræðiskýringar, en meiri hl. bankanefndarinnar, sem var með ríkisábyrgð, var þó ekki viss um það og segir um það í áliti sínu, bls. 27:

„Um það má sjálfsagt deila, hvort ríkið beri samkv. núgildandi löggjöf um Landsbankann ábyrgð á bankanum lagalega. Sjálfsagt mun það rjett, að sú ábyrgð sje ekki ótakmörkuð lagalega".

Það má að vísu segja, að bankanefndarmenn hafi ekki haft meiri skilning á þessu en hverjir aðrir, en nefndin gerði sjer þó far um að afla sjer upplýsinga og glöggur lögfræðingur, Sveinn Björnsson, átti sæti í henni.

Hitt hefir ávalt verið ofarlega í mönnum, að ríkið bæri siðferðislega ábyrgð á bankanum, af því að það ætti hann. Sá munur er á siðferðislegri og lagalegri ábyrgð, að ef ábyrgðin er aðeins álitin siðferðisleg, er það Alþingis að skera úr á hverjum tíma, hvort ríkið hafi meiri siðferðislega ábyrgð gegn bankanum eða skattþegnunum. Jeg man, að þegar rætt var um Íslandsbanka í Ed. 1921, þá var talað um, að ríkið bæri siðferðislega ábyrgð á þeim banka, og jeg tel það rjett vera, þar sem það hefir veitt honum rjett til seðlaútgáfu. Jeg held, að einnig sje hægt að tala um nokkurskonar siðferðislega ábyrgð á innstæðufje í sparisjóðum, en alt til þessa hefir engum dottið í hug að blanda lagalegri ábyrgð þar inn í. Svo var um sparisjóðinn á Eyrarbakka, að það kom til kasta Alþingis að úrskurða um það, hvort Landsbankinn skyldi ljetta tapi af innstæðueigendum þar. Sýnir sú ráðstöfun, að ríkið taldi sjer ekki alveg óviðkomandi, hvort innstæðueigendur í sparisjóðum tapa eða eigi, og er þó alveg tvímælalaust, að þar er engin lagaleg ábyrgð.

Aðalröksemdin með ríkisábyrgðinni er sú, að úr því að ríkið beri siðferðislega ábyrgð á bankanum, þá sje heimska að neita lagalegri ábyrgð á honum. Þetta er sú eina verulega röksemd, sem fram hefir verið borin.

Verður þá að rannsaka, hvort það sje holt fyrir peningamál þjóðarinnar, að bein lagaleg ábyrgð á bankanum komi í stað hinnar siðferðislegu ábyrgðar.

Meiri hl. milliþinganefndarinnar var á þeirri skoðun, að ekki væri um lagalega ábyrgð að ræða, nema tekið væri fram um það í lögum.

Þá er allmikill munur á orðalagi í till. milliþinganefndar og frv. því, sem yfirlýst er, að flutt sje fyrir hönd stjórnarinnar. Í þessu frv. er tekið fram í 1. gr., að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Þetta er miklu viturlegar orðað í till. milliþinganefndar.

Í áliti milliþinganefndar var ákveðið, að stofnfjeð skyldi ávalt vera 3 milj. og jafnan haldast 3 milj. Ef bankinn tapar svo miklu, að arður bæti ekki upp nje varasjóður, skyldi bæta stofnsjóði það upp, svo að hann hjeldist ávalt 3 milj. Þetta er varlega til tekið, og jeg skil ekkert í stjórninni að taka ekki þetta ákvæði upp, úr því hún þykist hafa verið að færa lögin í það horf, sem milliþinganefndin lagði til.

Fyrst verður að líta á þá áhættu, sem fylgir ábyrgðinni. Hún er þó ekki aðalatriðið að mínum dómi. En þó er

áhættan ekki svo lítil, þegar það er aðgætt, að í bankanum er innstæðufje, sem nemur 30—40 milj. króna, og bankinn starfar oft með mörgum miljónum erlends lánsfjár. Skuldbindingar bankans eru því miklar og aukast með ári hverju.

Jeg býst við, að ef ætti að bæta þessari ábyrgð við, þá verði hún sá segull, er drægi samskonar fje inn í bankann, sem þá um leið yki ábyrgð ríkissjóðs.

Nú mætti náttúrlega benda á reynsluna. Landsbankinn er nú búinn að starfa yfir 40 ár og Íslandsbanki talsvert á þriðja áratug, og það mætti benda á, að mikil fjárkreppa hafi ekki getað riðið þessum bönkum að fullu eða komið það fast við þá, að menn hafi tapað innstæðum í þeim. En þó finst mjer, að þessi reynsla sje ekki svo löng, að maður geti alveg á henni bygt. Það verður að líta á það, að það er varla hægt að hugsa sjer, að bankastörf geti verið öllu hættulegri en hjer á landi. Sá atvinnuvegur, sem krefst mests lánsfjárins, sem sje sjávarútvegurinn, er ákaflega stopull og hættulegur atvinnuvegur; svo að þótt hann með skynsamlegum rekstri geti á nokkuð löngum tíma gefið yfirleitt meiri ágóða heldur en tapið er í vondu árunum, þá er altaf sá möguleiki fyrir hendi, að lánsstofnanir verði að taka þennan atvinnuveg að sjer að svo og svo miklu leyti. Og það er reyndar á allra vitorði, enda sjest það af reikningum bankanna, að þeir hafa þegar orðið að afskrifa á nokkrum árum stórfje, sem hefir tapast. Reikningarnir bera þetta ekki svo alveg með sjer að vísu, en jeg býst við, að frá 1922 og fram til þessa tíma hafi bankarnir afskrifað vafalaust mikið á annan tug miljóna. Þetta sýnir, hvað það er ákaflega fjarri í raun og veru, að bankarnir hjer sjeu stofnanir, sem svo vel eru grundvallaðar, að þær geti ekkert haggast.

Það hefir verið sagt, að enginn sje munur á raunverulegri ábyrgð og siðferðislegri ábyrgð. En jeg get ekki fallist á það óskorað. Þó að maður geti sagt, að eftir því sem getan leyfir eigi þar enginn munur að vera, þá verður mikill munur raunverulegur. Við skulum hugsa okkur, að svo færi, að Landsbankinn yrði fyrir svo miklum skakkaföllum, að innstæðufje væri komið í verulega hættu. Þá er óhugsandi annað en á undan slíkum ósköpum hafi farið svo mikið hrun atvinnuveganna, svo mikil óáran, ef til vill eldgos, hallæri og drepsótt, eða alt til samans, að mjer þykir trúlegt, að það færi að álítast vafamál, hvort lengur væri rjett að taka miljónir af skattþegnum slíkrar þjóðar, sem það hefði þolað, til þess eins að greiða innstæðueigendum. Jeg býst við, að það Alþingi, sem kæmi saman á slíkum hörmungatíma, myndi eiga svo erfitt með að fá upp í brýnustu þarfir, að það færi að renna á margan tvær grímur um það, hvor siðferðislega ábyrgðin væri meiri og hvort innstæðueigendur ættu ekki að taka þátt í því stóra sameiginlega skipbroti, sem allir hefðu orðið fyrir.

Eða ef maður tekur það dæmi, að gjaldeyririnn, fyrir aðgerðir einhverrar stjórnar eða fyrir byltingar í viðskiftalífinu úti um heim, fjelli til grunna, líkt eins og gjaldeyrir sumra stríðsþjóðanna. Á slíkum tímum gæti það verið meira en lítið hæpið að ber-

ábyrgð á öllum innstæðum. Yfirleitt finst mjer þessi ótakmarkaða ábyrgð að því er snertir áhættuna gera alt of lítið fyrir þeim raunverulega möguleika, sem fyrir getur komið, þótt ólíklegur og óæskilegur sje. Jeg vil láta hina siðferðislegu ábyrgð eina gilda, svo að þegar innstæðufje er komið í hættu vegna hörmunga, sem hafa yfir dunið, þá sje þinginu frjálst, að hve miklu leyti ætti að greiða innstæðueigendum.

En það er samt ekki þetta, sem er aðalatriði fyrir mjer viðvíkjandi þessu máli. En mjer fanst rjett, að það yrði einnig dregið fram, að það er ekki tómur leikur að taka ábyrgð á 30—50 miljónum, eða hvað það nú er, sem svo lauslega er orðað í 1. gr. frv. Það er alls ekki formssök ein. Það var líka einu sinni reynt að telja mönnum trú um, að það væri ekki nema formssök að gerast ábekingur á víxlum.

Í þessu sambandi rifjast upp fyrir mjer, að hæstv. fjmrh. sagði, að það mætti ekki spilla fyrir bankanum með því að neita honum um þessa ábyrgð. Jeg mun koma að því síðar, að jeg tel það síður en svo spilla fyrir bankanum. En ef hann má heyra til mín, vildi jeg minna hann á, hve viðkvæmur hann var gagnvart öðrum banka, sjerstaklega 1923. Þá var ekki eins mikil viðkvæmni í málrómnum.

Önnur hlið þessa máls er það, að jafnvel þó að aldrei kæmi til, að ríkið þyrfti að borga neitt af innstæðum manna í Landsbankanum og skuldbindingum bankans inn á við eða út á við, þá hlýtur ábyrgð á bankanum að hafa áhrif á lánstraust landsins. Það er ómögulegt annað. Fjármálamenn, sem leitað er til um það að leggja fje hingað, eru eðlilega mjög tortryggir. Þeim finst þetta vera einkennilegt fyrirbrigði, að hjer sje þjóð upp á 100 þús., sjálfstæð í stjórnmálum og atvinnurekstri. Þeir gæta alveg sjerstaklega vel að því, hvort í raun og veru sje tryggilega um alt búið hjá henni. Við höfum orðið að kenna mjög á því, hve erfitt er fyrir okkur að afla trausts útlendra fjármálamanna, og hefir það komið fram í þeim vaxtakjörum, sem við höfum átt við að búa. Það er óhugsandi annað en þessir fjármálamenn taki tillit til þess, hvort ríki, sem hefir fjárlög fyrir 8—10 milj., sje í ábyrgð fyrir banka, sem stendur í viðskiftum við hættulegan atvinnuveg, og ábyrgist fyrir hann 30—50 milj. króna. Það hlýtur að hafa áhrif á lánstraustið. Það myndi a. m. k. hver banki láta eitthvað slíkt hafa áhrif á sitt álit á hverjum einstökum viðskiftamanni. Það hefir reynst svo þráfaldlega, að einmitt þær ábyrgðir, sem taldar voru öruggar, hafa samt sem áður tekið að gerast ískyggilegar; og það hefir vitanlega áhrif á lánstraust hlutaðeigenda, hvort sem það eru einstakir menn, bæjarfjelög eða ríki. Jafnvel þó að ríkið þurfi aldrei að greiða innstæður manna, mun það verða að greiða stórfje fyrir þessa ábyrgð í erfiðari vaxtakjörum. Þau erfiðu vaxtakjör lenda síðan á öllum atvinnuvegum landsins, öllum þeim, sem á peningum þurfa að halda. Jeg hefi ekki sett upp það reikningsdæmi, hvað það kostar, ef vextir hækka um ¼%, en það verður allmikið, þegar til lengdar lætur. Jeg hefi aldrei sjeð þá hlið málsins athugaða, en jeg vildi vekja athygli hv. þdm. á þessu atriði.

Jeg vil leyfa mjer að lesa nokkur orð úr milliþinganefndaráliti, bls. 29, þar sem jeg geri grein fyrir ágreiningi mínum út af þessu atriði:

„Í raun og veru er afstaða mín tekin skýrt fram í ummælum Ryggs bankastjóra, þeim, sem tilfærð eru hjer að framan. Þó að hjer sje nauðsynlegt að leyfa seðlabankanum að reka sparisjóðsstarfsemi, til þess að gera hann öflugri, þá er að mínu áliti jafnnauðsynlegt að forðast alt það, sem safnar óeðlilega að honum sparifje, en það mundi ríkisábyrgðin gera. En í þessu liggur hætta, bæði fyrir bankann sjálfan og heilbrigða bankastarfsemi yfirleitt í landinu".

Rygg bankastjóri hafði einmitt lagt áherslu á, að seðlabankinn mætti ekki nota aðstöðu sína til þess að slá aðra banka af hólmi.

Jeg býst við, að með þessum orðum bankastjórans og þeim orðum, sem jeg dró út af þeim í milliþinganefndinni, sje gripið á sjálfu kýlinu, — það eru áhrifin, sem þetta hefir á hreyfingu sparifjárins í landinu. Þetta er í mínum augum stærsta atriðið í málinu.

Hæstv. fjmrh. hafði talað um það, að andstaða móti ábyrgð miðaði að því að spilla fyrir bankanum; en jeg vil leitast við að sýna fram á, að of mikið aðstreymi sparifjár, sem myndi leiða af ábyrgðinni, verður bankanum beinlínis til skaða. Jeg byggi einmitt á orðum, sem jeg las upp eftir meiri hl. bankanefndarinnar áðan, þar sem hann telur of mikið sparifje geta orðið bankanum til erfiðleika. Þar er þetta prentað með skáletri í nefndarálitinu: „Meiri hl. lítur svo á, að bankanum beri að hafa hemil á sparisjóðsstarfsemi sinni, í samræmi við greint álit Ryggs bankastjóra". — Þetta sögðu þeir, sem voru með ríkisábyrgð í milliþinganefndinni.

Þetta segir ekki meiri hl. til þess að spilla fyrir bankanum, heldur af því, að þeir, sem hafa sett sig inn í þetta mál, þeir geta ekki komist á aðra skoðun en þessa. Og þetta liggur í augum uppi, að á þeim, sem tekur við miklu sparifje og greiðir af því vexti, hvílir sú erfiða skylda að lána þetta fje út aftur til þess að láta það bera meiri vexti en hann borgar öðrum. En atvinnuvegurinn, sem stærstu lánin þiggur, er óviss og nokkuð hættulegur fjárhagslega. Jeg hefi bent á, að töpin, sem bankarnir hafa orðið fyrir á 6 árum, nema hátt upp í 20 milj. króna. Þetta er það, sem beinlínis er komið í ljós, en ekki verður sagt, hvað meira kynni að koma í ljós, ef skoðað væri niður í kjölinn. Þetta sýnir, að það er ekki eintómt fagnaðarefni fyrir banka, sem á að vera seðlabanki og á að geta hagað sjer eftir peningamarkaðinum, að það rakist að honum 30—50 milj. króna innlánsfje til að ávaxta. Nei, einmitt þetta of mikla sparifje neyðir bankann út í of víðtæka starfsemi, sem áður en nokkur veit af er búin að binda hendur bankans meira en honum er heppilegt. Því var það, að þó að meiri hl. væri sammála um það, að það væri miklu frekar styrkur fyrir seðlabankann að mega taka við innlánsfje, þá var það örugg sannfæring allra, að það ætti að hafa hemil á slíkri viðskiftastarfsemi, eftir því sem heilbrigt yrði að teljast.

Það má náttúrlega segja, að svo lengi sem lán bankans eru hreyfanleg, þannig að hann geti náð þeim inn á

skömmum tíma, þá sje ekki mikið að óttast. En það er svo um hreyfanlegu lánin, að þau geta áður en nokkur maður veit af orðið óhreyfanleg. Fyrirtæki, sem hefir svo og svo langan tíma getað staðið í skilum, getur alt í einu komist í kreppu; og sú sama kreppa hefir þá gengið yfir mörg fyrirtæki, svo að áður en nokkur veit af, er fjeð orðið fast og óseðlabankahæft. Á erfiðu árunum hefir reynslan sýnt það, að mikið fje bindst í aðalatvinnuvegum landsmanna, sem þeir geta ekki svarað út á sama ári og kemur þá fram í skuldum bankanna, og eins og hjer hagar til, í skuldum bankanna erlendis. Þetta verður því til að fjötra bankann við erlent lánsfje, sem honum er sem seðlabanka mjög óhentugt. Bankinn ætti að komast í það horf, að hann þyrfti aldrei að vinna með slíku erlendu lánsfje, nema ef vera skyldi með löngum umsömdum lánum. Bankanum er vitanlega hentugast að geta trygt seðla sína með innieign erlendis, í stað þess að þurfa að liggja með gersamlega arðlausan gullforða. En þeim hagsmunum er haldið fyrir bankanum meðan hann verður að nota erlent lánsfje að svo og svo miklu leyti; því að vitaskuld verður sú erlenda innieign, sem tryggir seðlana, að vera að frádregnum skuldum bankans.

Jeg hefi orðið ákaflega mikið var við það síðan jeg kom á þing, að menn halda, að það sje einungis til góðs að safna fje í Landsbankann. Þetta kemur fram í ýmsu, meðal annars ákvæðunum um það að geyma alla opinbera sjóði og þvílíkt í Landsbankanum. Það getur náttúrlega verið gott og bessað, að Landsbankinn hafi mikið sparifje, en það má alls ekki halda, að það sje einungis til góðs að safna að honum sem mestu af fljótandi sparifje, sem bæði þarf að ávaxta og taka áhættu af, og má meira að segja kippa úr bankanum án mjög langs fyrirvara. Og það verður sjálfsagt fyrir bankann að taka upp þá reglu, að setja sjer ákveðna upphæð, sem heppilegt sje að hafa af sparifje, og fara þar ekki út fyrir.

Eins og kunnugt er, telja margir erlendir bankafræðingar, að seðlabanki sje þess eðlis, að hann eigi að starfa með eigið fje einungis, en ekki sælast eftir öðru starfsfje. Þannig starfa seðlabankar yfirleitt, og starf þessa seðlabanka á að hníga í sömu átt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hann gæti ekki skilið í því, hvar sparisjóðsfje væri betur komið annarsstaðar en í Landsbankanum. — Þetta er sú villukenning, sem þörf er að leiðrjetta. Jeg er viss um það, — og jeg get sagt það, að jeg er vinur Landsbankans, svo það álit mitt stafar ekki af því, að jeg vilji Landsbankanum ilt —, að það er mjög óheppilegt, ef alt sparisjóðsfjeð sogaðist að honum. Miklu heppilegra er, að sparifjeð standi í dreifðum stofnunum.

Þá hefi jeg nú vikið að því, hvaða áhrif það hefir fyrir bankann sjálfan, að sogað sje óeðlilega að honum sparifje með ríkisábyrgð. Næst er þá á það að líta, hvaða áhrif það hafi á aðrar stofnanir. Það hefir engu síður áhrif á heilbrigt ástand peningamálanna í landinu, og þar með óbeinlínis á seðlabankann, hvort þeim er gert nokkuð til miska eða ekki. Á undanförnum árum hefir sparisjóðsfjeð aðallega sogast í þá tvo banka, sem

hjer hafa starfað, og þó langmest til Landsbankans. Eftir því sem jeg man best, hefir Landsbankinn yfir 30 milj. kr. af sparisjóðsfje, Íslandsbanki um 11 milj. kr. og um 50 sparisjóðir, sem til eru alls á landinu, liðugar 7 milj. kr. Jeg hefi ekki athugað þetta nýlega og hefi ekki tölurnar fyrir mjer, en jeg hygg þó, að þetta sje nálægt því rjetta. Þegar þetta er athugað, sjest, að hjer er um alveg einstætt fyrirkomulag að ræða, borið saman við það, sem er hjá nágrannaþjóðunum. Þar er langminstur hluti sparisjóðsfjárins hjá seðlabönkum. Án þess að mjer detti í hug, að það sje rjett að breyta þessum hlutföllum hjer mjög skyndilega, þá er þó ekki heppilegt að auka á þessi öfugu hlutföll, sem hjer ríkja á þessu sviði. — Áreiðanlega er það heppilegt, að innlög manna sjeu dreifð milli sparisjóðanna. Sparisjóðirnir hafa yfirleitt reynst þjóðþrifastofnanir fyrir þau hjeruð, sem hafa notið þeirra. Afstaða þeirra er líka sú, að þeir geta lánað út án mikillar áhættu, og jafnvel meö vægari kjörum, en þó staðist. Þetta er og eðlilegt, því þau nokkur hundruð augu, sem líta á ástæður lántakenda, sjá eðlilega betur en þau 6 augu, sem horfa út um Landsbankagluggana og eiga þaðan að meta hag manna um alt land. Óhugsandi er því, að bankastjórar eins banka geti eins vel ráðstafað 50 milj. kr. sparisjóðsfje eins og forstöðumenn sparisjóða, sem dreifðir eru víðsvegar og gerþekkja ástæður manna, hver á sínu svæði. Þetta liggur í augum uppi og reynslan hefir líka staðfest það. Gæti því þessi brevting á bankalögunum orsakað það, að fjeð streymdi frá heilbrigðara skipulagi til verra. Vjer höfum ekki úr svo miklu fje að spila, að ástæða sje til að fara þannig með það. En nú mætti segja sem svo, að þetta sje nú gott og blessað, en spurningin sje bara sú, hvort þetta sje annað en hugarburður. Hvort þetta muni breytast nokkuð við þetta. En jeg vil þá sem svar endurtaka þá samlíkingu, sem jeg notaði við 1. umr. þessa máls. Jeg sagði, að þetta mundi fyrst um sinn haga sjer líkt og þegar sóttkveikja af hættulegum sjúkdómi berst inn í mann. Það ber að vísu ekkert á henni fyrst í stað, en maðurinn er eigi að síður smitaður og veikin situr um hvert tækifæri til að fá yfirhöndina. Seinast fer svo, að ekki þarf nema dragsúg eða annað lítið atvik til þess að sjúkdómurinn nái yfirhöndinni og sjúklingurinn verði altekinn. Eins verður um sparifjeð, að ekki mun bera mikið á þessu meðan alt gengur vel. En verði sparisjóðirnir tæpt staddir á einhverjum tíma, þá streymir fjeð þaðan, þangað sem öruggara er. Og það er alveg eðlilegt. Jeg þarf ekki annað en stinga hendinni í minn eiginn barm. Ef jeg væri búsettur norður í Skagafirði eða austur á landi og ætti 50—60 þúsundir í sparisjóði, þá myndi jeg hugsa mig um tvisvar áður en jeg afrjeði að breyta ekki til um geymslu á því. Ekki þarf nú svo mikið fyrir að koma, svo sparisjóðunum geti ekki skrikað fótur. Ekki þarf til þess annað en grasbrest, felli í því hjeraði eða annað því um líkt. Jeg myndi því sennilega velja heldur þann kostinn, að hafa peninga mína svo vel geymda, sem það er víst, að ríkið geti staðið við skuldbindingar sínar. — Þetta

ástand gerist vitanlega ekki á augabragði. En það smákemur. Þessi ríkisábyrgð dregur áreiðanlega peningana að Landsbankanum frá sparisjóðunum. Þá þarf vitanlega ekki að tala um það, hvernig fer með aðra banka, sem eiga viðskifti sín undir því, hvernig atvinnuvegirnir ganga og líða súrt og sætt með þeim. Það má minna á Íslandsbanka, sem á svipstundu tapaði svo miljónum skifti af sparisjóðsfje, nú fyrir nokkru, við það, að sá kvittur flaug fyrir, að bankinn væri ekki svo sterkur sem vera bæri. Og þetta er ofureðlilegt. Það er ekki sú sitjandi sæla hjer á landi að græða fje, að menn hugsi ekki um að geyma það þar, sem tryggast er. Erlendis er þetta líka svo nákvæmt, að eitt ógætilegt orð getur valdið því, að stórar upphæðir sjeu sendar landa á milli. T. d. flutt frá Englandi til Ameríku, eða frá Ameríku til Englands, eða hvert annað sem vera vill, eftir því sem tryggast þykir í þann svipinn. — Hjer er þetta nú máske ekki enn orðið svona viðkvæmt. En það getur fljótlega orðið það. Eftir því sem atvinnulífið verður hjer fjölþættara og afkoma viðskiftalífsins undir fleiru komin, eftir því verður þessi ríkisábyrgð, sem nú er verið að veita Landsbankanum, sterkari og sterkari sogpípa, sem sogar til hans alt sparisjóðsfje landsmanna.

Þá mun þetta algerlega spyrna móti því, að hjer rísi upp fleiri viðskiftabankar í framtíðinni. Hjer vantar þó lánsstofnanir, er sinni atvinnuvegunum. Og það væri fengur fyrir þá að fá hingað starfandi fje. Og það væri miklu heilbrigðara og eðlilegra að fá hingað erlent hlutafje, er lagt væri í starfandi banka, heldur en að verða sí og æ að framkvæma alt fyrir erlent lánsfje fyrir milligöngu ríkissjóðs. Það væri miklu betra, að útlendingar legðu hjer fram nokkrar miljónir í banka. En fyrir því er spilt með þessu ákvæði.

Jeg gat um það áðan, að meiri hluti bankanefndarinnar hefði verið sammála um það, að óheppilegt væri fyrir seðlabanka að hafa mikið sparisjóðsfje með höndum. En hvernig stóð þá á því, að meiri hl. meiri hlutans í bankanefndinni lagði til, að tekin væri af ríkinu full ábyrgð á bankanum? — Jú, það var af því, að þeir álitu, að bankinn gæti tekið upp aðra aðferð til þess að ákveða, hvað mikið hann vildi hafa af innlánsfje, og haldið frá sjer því, er hann vildi. Sú aðferð, er þeir vilja að bankinn hafi, er tekin fram í áliti meiri hl. milliþinganefndarinnar á bls. 29, og er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðferðin til að halda frá sjer sparifje er ekki erfið. Ekki þarf annað en lækka innlánsvextina; má gera það alt niður í það, að greiða enga vexti af innlánsfje. En eins og kunnugt er, er enginn seðlabanki í heiminum, sem neitar að taka fje manna til geymslu án vaxta."

Þetta er nú skarplega skrifað. En sje litið á þessa aðferð, að setja fyrst ákvæði, sem eru þess valdandi, að fje sogast að bankanum, en verða svo að gera óeðlilegar ráðstafanir til að halda því frá bankanum, með lágum vöxtum, þá minnir það á þær tillögur, sem fram hafa komið hjer í vetur, að verja stórfje til að byggja nýtt strandferðaskip vegna þeirrar nauðsynjar að greiða fyrir samgöngum umhverfis

landið, en stimpla svo alla, sem með þessum skipum ferðast, vegna þess að ferðalögin sjeu óþörf! Þetta miðar alt hvað á móti öðru. — Maður getur athugað, hvernig þetta tekur sig út: Á öruggum tímum dreifist sparifjeð milli sparisjóðanna og annara stofnana. En strax og hagsveiflurnar komast á niðurleið, þá streymir fjeð til þeirrar stofnunar, sem er talin öruggust, og fer þá hart. En þá verður bankinn að taka til þessa viturlega ráðs, að fella niður vextina. En það væri til hins mesta tjóns fyrir þjóðina, því þótt bankinn sæi sjer ekki fært að ráðstafa því fje, sem þannig bærist, til tryggra útlána, þá væri því alt öðruvísi varið, ef þetta fje væri dreift út um bygðir lands. Þar mætti lána fjeð í örugga staði. Margir sjá betur en fáir, og forráðamenn sparisjóðanna um land alt hefðu betri skilyrði til að veita fjenu á þá staði, sem upp úr munu standa, þegar flóðbylgja erfiðleikanna skellur yfir. Þetta er því þjóðinni stórtjón, en getur þó komið fyrir. Og það verður falsboðskapur, sem þjóðinni er færður, að segja, að ríkið ábyrgist innlánsfje hennar í Landsbankanum, ef svo eru engir vextir borgaðir af því fje, meðan hægt er að fá fulla vexti af því úti um land. Þetta er að minsta kosti áttin, sem í er stefnt, þótt jeg kunni að hafa sett afleiðingarnar nokkuð skarpt fram hjer til þess að gera málið skýrara. En þetta glæsilega ráð miðar þó að því, að fyrir geti komið, að Landsbankinn greiði enga vexti. Þeir, sem því eiga fje sitt hjá þessum fína seðlabanka, fá enga vexti greidda, og þeir, sem þurfa að fá lán, fá engin lán. Lánsþörfinni er ófullnægt í tryggum stöðum úti um land. En fjeð liggur vaxtalaust á ríkisins ábyrgð í Reykjavík.

Það hefir verið allmikið deilt um það fyrirkomulag, sem ætti að vera á seðlabanka. Jeg skal nú ekki fara langt út í það, því jeg er að reyna að vera sem stuttorðastur. En það, sem rjeði því, að meiri hluti bankanefndarinnar, sem þó hafði opin augu fyrir kostum sjerstaks seðlabanka, aðhyltist þó ekki það fyrirkomulag, var það, að hann vildi, að okkar bankamál fylgdu jafnri þróun. En samkv. frv. leit út fyrir, að seðlabanki einstæður mundi verða kraftlaus og einangruð stofnun. Þetta var líka álit Ryggs, aðalbankastjóra Noregsbanka, sem taldi, að Noregsbanki vildi ekki missa bein viðskifti og taldi þau meginþátt bankans. En með þessu ákvæði um ríkisábyrgð verða vafalaust margir reknir á þá skoðun, að setja á fót hreinan seðlabanka, láta ríkið reka hann og taka fulla ábyrgð á honum. En hin deild Landsbankans verði þá rekin sem hver annar sparisjóður. Jeg veit heldur ekki, hvers vegna verið er að taka einn sparisjóð út úr og ábyrgjast alt fyrir hann, en eyðileggja alla aðra sparisjóði með því um leið. Það er ekki viturlegt. Jeg tel heppilegast, úr því sem komið er, að skilja þetta sundur og losna þannig við ábyrgðina á innlánsfjenu; en seðlabankinn hafi ríkisábyrgð, enda er það engin hætta. Vitanlega má seðlabanki ekki fara á höfuðið. En að tengja við hann marga tugi miljóna af innlánsfje gæti algerlega riðið honum að fullu. Jeg álít nú reyndar, að enn sje ekki kominn

tími til þess að stofna sjerstakan seðlabanka, þar sem enn er um svo fáar stofnanir að ræða, er hann getur skift við.

En jeg set þetta fram sem viðvörun þeim til handa, sem sannfærðir eru um, að það sje heppilegasta lausn á málinu að fela Landsbankanum — sem ríkið hefir átt í hálfa öld — seðlaútgáfuna jafnhliða annari bankastarfsemi, þessum banka, sem þrátt fyrir allar hrakspár hefir reynst bjargvættur þjóðarinnar. Það er að minsta kosti ekki með þessu verið að hæna menn til fylgis við þessa hugmynd með svona löguðum ráðstöfunum. Jeg hefi aldrei getað skilið, hvernig deilan reis um það, hver færi með seðlaútgáfuna. Landsbankinn átti vitanlega að hafa hana á hendi. En svo gátu menn deilt um það, hvaða breytingar yrði að gera á bankanum til þess að hann gæti farið með seðlaútgáfuna. Jeg læt þá útrætt um þetta atriði, sem er í mínum augum langstærsta atriðið í ákvæðum 1. gr. frv.

Þá kem jeg að 2. gr. frv., þar sem talað er um stofnfje bankans. Í lögum þeim, sem bankanum voru sett í fyrra, var honum ætlað mjög ríflegt stofnfje, eða þannig ákveðið, að bankinn skyldi raunverulega byrja með 5 miljónum króna. Svo mikill styrkur var þetta, að hefði það verið framkvæmt, þá hefði bankinn orðið það sterkur, að hann hefði átt að standa vel að vígi að leysa verkefni sitt af hendi. En nú hefir verið þumbast gegn því að greiða bankanum þetta fje, og því, auðsær tilgangurinn: Það á að svifta bankann stofnfjenu. Eftir stjfrv. átti bankinn ekkert stofnfje að fá annað en innskotsfje ríkissjóðs samkv. lögunum frá 1913, tvær miljónir, sem borgast bankanum smámsaman á 20 árum. Og enginn veit enn, nema matsnefndin og stjórn bankans, hvort bankinn eigi þessar 2 miljónir óskertar. En hæstv. fjmrh. ljet hughreystandi orð falla, sem skilja mátti á þá leið, að bankinn ætti sitt innskotsfje ósnert, þegar arðurinn af bankarekstrinum kæmi til. Þetta er að vísu varlega talað úr ráðherrastóli, en jeg vona samt, að óhætt sje að skilja þetta svo, að skoðunin hafi leitt í ljós, að bankinn sje sæmilega stæður.

En hvað sem hag hans líður, þá er þó sá sannleikur eftir, að eftir stjórnarfrumvarpinu er ætlast til þess, að hann missi 3 miljónir af stofnfje sínu, en fái ríkisábyrgð í staðinn, sem mun eiga að þýða það, að hann bjargist við lánsfje í stað eignar. Af innskotsfjenu frá 1913 mun hann nú vera búinn að fá 1½ miljón. Það, sem hann svo vantar til seðlatryggingar, verður hann að draga inn úr lánum — nema sú hugsunarvilla hafi stjórnað penna hæstv. ráðh., að bankinn geti tekið lán til seðlatryggingar. Þetta má náttúrlega gera, en þar með er öllum fjármálum okkar stefnt í fullkomna lausung og glundroða.

Hv. Ed. hefir fundið þetta, og þess vegna ekki sjeð sjer annað fært en að bæta 3 miljóna „viðbótarstofnfje“ við bankann.

Hver heilskygn maður sjer þann mikla mun, sem er á því, að stjórnin hafi heimild til að láta bankann fá þetta eða hitt, eða að hann hafi skýlausa kröfu. Þykist stj. eiga erfitt með að svara þessu út, getur hún hæglega látið það dragast eitt árið til, og jafnvel annað og þriðja, og hver veit hvað.

Með því að bera fram frv. um það að svifta bankann stofnfjenu, hefir stj. sýnt hug sinn til bankans, og undir velvild slíkrar stjórnar á nú bankinn að eiga um greiðslur þess fjár, sem hann þarfnast.

Hver sá, sem þekkir gang mála hjer, veit vel, að þau ganga sjaldnast eftir beinni línu. Það hefir líka verið ákveðið með lögum, að Íslandsbanki dragi inn eina miljón króna af seðlum sínum á ári, en í þinglokin á hverju einasta ári er samþ. að leysa bankann undan þessari skyldu. Jeg get hugsað mjer, að stj. mundi gera eins, leysa sig undan því að gera þetta, ef hún teldi þörf á því.

Það er helst að skilja á hæstv. fjmrh. að við gætum vel unað við ríkistrygða seðla eins og Landsbankinn hefir haft hingað til. En þetta er aumasta fáviska. Fyrst og fremst er ekki til neins fyrir okkur hjer úti á hala veraldar og með okkar litlu reynslu í peningamálum, að setjast á þann háa hest að ætla að fara að kenna öllum heiminum nýjan sannleika í bankamálum. Allur heimurinn veit, að til þess að tryggja seðla þarf gull eða annað jafngilt handbært verðmæti. Menn eru búnir að reka sig oft á í bankamálum, og af þeirri reynslu hafa þeir lært, og af þeirri reynslu eru bankafræði nútímans sprottin.

Menn ætluðu hjer á árunum að tryggja seðla með fasteignum og hjeldu, að það væri hægt. En þegar átti að taka til þessara fasteigna, varð reynslan önnur. Kröfuhafarnir vildu peninga, en ekki fasteignir, og seðlarnir fjellu í verði, því að menn vildu heldur lítið gull en stórt landflæmi.

Þá er næst á það að minnast, að það, að seðlar Landsbankans gátu haldið fullu verði, þó að ekkert stæði bak við þá nema landsábyrgð, stafaði af því einu, að seðlaútgáfa þessi var svo afartakmörkuð og altaf haldið langt fyrir neðan gangeyrisþörf landsmanna. Reynslan sýnir, að það er ákveðin upphæð seðla, sem aldrei kemur til innlausnar, af því að þeir liggja í vösum manna, eru á ferð, liggja í sjóði og kistuhandröðum og víðar. Þetta er sú upphæð, sem reynslan sýnir, að viðskifti hverrar þjóðar halda ávalt í umferð, og þessa upphæð þarf því ekki að gulltryggja.

Þetta vissi gamli Levy, sem samdi Landsbankafrv. í upphafi, enda var hann einhver slyngasti bankamaður Norðurlanda. En af þessu hefði gamli Levy aldrei dregið þá ályktun, sem fjármálaráðherrann okkar vill halda fram, að gefa mætti út toppseðla án þess að gulltrygging fylgdi. Menn geta að vísu sagt, að bæði stofnfjeð og ríkissjóðsábyrgð miði að því að auka traust á bankanum. En af því má ekki draga þá ályktun, að ríkisábyrgð geri alt sama gagn eins og eigið fje. Enda er það bersýnilegt af brjefi bankastjórnarinnar, að hún lítur svo á, að ríkisábyrgð geti alls ekki komið að sama gagni og bankans eigið fje. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Innlent lánsfje getur ekki komið í stað stofnfjár, og jafnvel þótt ríkissjóður vildi taka ábyrgð á nýju lengra láni fyrir bankann, þá fullnægir það bankanum eigi heldur í stað stofnfjárins. Bankanum er nauðsyn að fá nýtt eigið fje“ (og þetta „eigið fje“ er undirstrikað) „en nýtt lánsfje kemur honum ekki að gagni.“

Bankastjórarnir fara ekkert frekar út í þetta, en bæta þó við:

„Fljótt á litið kann að virðast lítill munur á því, hvort ríkissjóður tekur sjálfur lán og leggur bankanum það til sem stofnfje, eða bankinn sjálfur taki jafnhátt lán. En á þessu er sá munur, sem úr sker fyrir bankann. Í fyrra tilfellinu fær bankinn eigið fje til umráða, og það eitt skapar bankanum örugga aðstöðu til að vinna að aðalhlutverki sínu, sem er að hafa til frambúðar tök á gjaldeyri landsins.“ — Ef til vill trúa þeir nú bankastjórunum, sem ekki vilja trúa mjer.

Þetta stafar af því, fyrir það fyrsta, að bankinn þarf að tryggja seðla sína, og raunveruleg trygging er ekki fólgin í neinu nema eigin fje bankans. Hann verður ekki, frekar en einstaklingurinn, neitt ríkari fyrir lántöku, eða meiri ábyrgð í honum fyrir seðlunum. Í öðru lagi getur bankinn ráðstafað eigin fje eftir vild. Hann hefir engan halla af því, þó að hann láti það liggja arðlaust. En lánsfje sitt verður hann að ávaxta til hins ítrasta og verður að tefla á fremsta hlunn með að hafa það í veltu.

Og í þriðja lagi getur mikið af lánsfje því, sem bankinn starfar með, verið af honum tekið með litlum eða engum fyrirvara. En eigið fje er honum trygt. Það á við hjer sem annarsstaðar, að ríkari er eign en umboð.

Hæstv. fjmrh. sagði, að maður yrði að hugsa búmannlega, þegar verið væri að ganga frá aðalpeningastofnun landsins. Þetta er hverju orði sannara. Það þarf einmitt að hugsa búmannlega, þegar verið er að tryggja framtíð bankans. En er það ekki einmitt sá búmannlegi hugsanaferill, sem jeg vil koma mönnum inn á með því að gera mun á eignarfje og lánsfje? Hvaða búmaður er það, sem ekki veit þetta?

Þess vegna hafa erlendir seðlabankar ekki tekið við innstæðufje nema án allra vaxta. Þeir vilja ekki starfa með öðru fje en því, sem ekki bindur hendur þeirra í fjárráðstöfunum. Þegar þeir svo sjá hagsveiflurnar nálgast, geta þeir dregið sig inn í sína eigin skel, ef svo mætti að orði kveða, geta dregið fjeð úr veltu og haldið fast í við aðra banka. En þegar kreppan er dunin yfir og alt er lamað vegna svartsýnis og fjárhagsörðugleika, þá á seðlabankinn að koma til skjalanna. Þá á hann að hafa öll sín tæki í lagi til þess að geta haldið því við, sem ekki má hrynja.

En sá banki er máttlaus í þessu efni, sem svara verður 6—7% af öllu því fje, sem hann starfar með, því að það hlýtur að lamast af kreppunni. Seðlabankinn má ekki þurfa að taka tillit til neins nema þarfa viðskiftalífsins á hverjum tíma.

Jeg veit annars ekki, hvers vegna hæstv. stjórn leggur svo mikinn hug á að skera niður stofnfje bankans. Ef það er meiningin, að hún vilji ekki sitja á svikráðum við bankann og peningamál landsins í heild, þá get jeg ekki fundið neina aðra ástæðu fyrir þessu en vanþekkingu og skilningsskort, sem er alveg ósamboðinn forráðamönnum þjóðarinnar í þessum málum og háskalegur högum landsins.

Þá hefi jeg nú talað um 1. og 2. gr. frv., enda eru ákvæði þeirra þau atriðin, sem langsamlega mestu máli skifta. Um hinar aðrar greinar mun jeg segja lítið. Þar er víðast hvar um smávægi-

leg atriði að ræða, í samanburði við þau, sem nefnd hafa verið.

Um landsbankanefndina get jeg sagt, að jeg var henni áður hlyntur og álít það fremur meinlaust atriði, en álít þó andhælishátt að fara að breyta þessu nú, úr því annað fyrirkomulag var komið í lögin og farið að „praktisera“ það.

Breytingin í 8. gr., um að hætta við það fyrirkomulag bankans, að einn bankastjórinn sje aðalbankastjóri, þykir mjer miða til hins verra. Það hefir hvarvetna sýnt sig, að það er heilbrigðara að setja sem mesta ábyrgð á einn mann, í stað þess að dreifa henni á fleiri. Með þessu er þó ekki sagt, að ekki eigi að hlíta góðum ráðum, þó annarsstaðar komi frá. Enda var til þess ætlast, að bankastjórar væru þrír, eins og verið hefir, þó að aðalábyrgðin væri lögð á einn mann.

Þessi tillaga milliþinganefndarinnar var ágæt og skaði, að hún gat ekki komist í framkvæmd. En í raun og veru gat þetta ekki komist í framkvæmd fyr en eitt sæti losnaði í bankastjórninni. En slíkt er aðeins tímaspursmál, en bankinn á að standa lengi, svo þetta hefði komist á innan stundar.

Hæstv. fjmrh. sýndist það benda á hraðan vöxt atvinnuveganna, að breyta þyrfti löggjöf bankans árlega. En mjer finst það okkur og Alþingi til lítils sóma að vera að hringla með löggjöf aðalpeningastofnunar landsins frá ári til árs. Hitt hefði óneitanlega sýnt meiri þroska löggjafanna, að lofa lögunum frá í fyrra að reyna sig dálítið betur.

Þá er eitt atriði í 11. gr., um að kjósa skuli nýtt bankaráð.

Jeg er dálítið ragur að tala um þetta atriði eins og þyrfti, vegna þess að jeg er einn af þeim mönnum, sem þetta ákvæði getur gengið út yfir. En eitt vil jeg þó taka fram, sem kemur því ekkert við, hvort jeg á þar sæti eða ekki, að jeg hygg það áreiðanlega vera mjög óheppilegt fyrir bankann, að þannig sjeu gerð skifti eftir pólitískum flokkum, því að í hvert skifti og nýr flokkur kemur til valda búast menn við, að kosið verði nýtt bankaráð. Jeg er ekki þar með að segja, að ekki geti valist mestu sómamenn aftur, en það, að kjósa nýtt bankaráð í hvert skifti og nýr flokkur kemst til valda í landinu, er mest „demoraliserandi“ af öllu, sem hægt er að gera við slíka stofnun. Það er ekkert, sem hægt er að gera bankanum til jafnmikillar bölvunar og það, að hann sje bitbein pólitískra flokka, sem sópa starfsmönnum bankans út og inn eftir vild. Hæstv. ráðh. gat þess, að ef valist hefðu góðir menn í bankaráðið, þá yrðu þeir látnir sitja kyrrir. Mjer liggur við að segja: heyr á endemi. Eins og það sje nú það, sem látið er ráða eitt út af fyrir sig, þegar kosið er í bankaráðið af pólitískum flokkum á þingi? Það geta náttúrlega valist ágætir menn í bankaráðið, en það fær enginn að sitja vegna síns ágætis eins, ef andstöðuflokkurinn hefir kraft til þess að setja hann burtu og koma sínum manni að.

Hvers vegna er bankaráðið kosið með hlutfallskosningu, ef ekki til þess að styrkur flokkanna á þingi fái að njóta sín? Nei, ef einn flokkur getur komið

að 4 mönnum, þá gerir hann það, og aðrir 4 menn eru látnir fara, alveg án tillits til þess, hvort það eru góðir menn eða ekki.

Það væri alveg eins hægt að stofna nýjan flokk í landinu, sem ekkert fylgi hefði, og þó hann sendi afbragðsmenn í hvert kjördæmi, gæti svo farið, að hann kæmi engum að, vegna þess að þeir flokkarnir, sem fyrir væru, sætu að atkvæðamagninu. Eins er það þegar ráðherraskifti verða. Það er svo sem ekki vegna þess, að þeir, sem frá fara, sjeu ónytjungar og til einskis hæfir; það geta verið afbragðsmenn, en flokkarnir vilja eðlilega skipa þar á sínum eigin mönnum.

Þannig er það á öllum sviðum, og það þýðir ekkert að vera að hræsna með það, að ef valist hafi góðir menn áður, þá sitji þeir kyrrir. Það er aðeins til þess að lækka hæstv. ráðh., að vera að fara með svona staðleysubull í þessu máli. Jeg býst við því, ef valin er Landsbankanefnd nú á þingi, þá verði hlutföllin 9:6, og þegar sú nefnd kýs bankaráðið, verður hlutkesti milli 2. og 3. manns listanna. Þetta er veruleikinn, og ekkert annað.

Þá er smáatriði í 14. gr., að fella niður daglega eftirlitið, en sem nú er komin fram brtt. um að setja inn aftur. Þetta sýnir eins og annað, hvernig hringlað er úr einu í annað. Jeg lagði ekki mikið upp úr daglega eftirlitinu í fyrstu, en úr því að það var einu sinni komið inn, þá finst mjer afaróviðkunnanlegt að fella það niður, því að það getur vakið þá grunsemd hjá þeim, sem í fjarlægð búa og lítið þekkja til, að verið sje að draga úr eftirlitinu og að þess sje óskað, að eftirlitið sje ekki svo ýkjamikið.

Þá er 25. gr. Þar er talað um þá seðla, sem Landsbankinn má hafa úti auk gulltrygðu seðlanna. Jeg var altaf andvígur þessu; jeg vildi aðeins hafa eina tegund seðla, gulltrygðu seðlana. Nú var það miðað við ákveðið ár, hvenær bankinn ætti að draga inn seðlana, en eftir þessu merkilega frv. er það framlengt enn um eitt ár, eða til 1929.

Hjer er verið að framlengja um eitt ár þetta sleifarlag, án þess að það komi öðrum breytingum á bankanum nokkuð við. Það virðist vera gert af hreinni ást á sleifarlaginu og til þess eins að tefja fyrir því, að bankamálin komist í það horf, sem þau eiga að komast í eftir löggjöfinni.

Jeg benti á það við 1. umr., að nokkur atriði frv. þyrfti nauðsynlega að leiðrjetta, sökum þess að þau rákust hvert á annað. Þessi ákvæði hafa nú verið leiðrjett með brtt. meiri hl. nefndarinnar, sem leggur til, að frv. verði samþykt. En þó skal jeg ekki ábyrgjast, hvort búið er að leiðrjetta alt ennþá, t. d. tilvitnanir, því að þær eru mjög margar og gæti vel hitst svo á, að þær kæmu öfugt við og lentu á skakkri grein. Ef það kemur fyrir, verður vanalega ekki úr því annað en meinlaus vitleysa, en það er bæði leiðinlegt að hafa slíkar vansmíðar á vönduðum lögum, og svo geta rangar tilvitnanir leitt til hrapallegs misskilnings, ef örlögin taka það í sig að hæðast að mönnunum.

Vil jeg því beina því til hv. fjhn., hvort hún vilji ekki enn aðgæta það vel, að allar tilvitnanir sjeu í samræmi, ef frv. á fram að ganga. Annars var það hægðarleikur að gera frv. svo úr garði, að þar þyrfti engu að breyta.

Loks vil jeg geta þess um frv. í

heild sinni, að jeg lít á það sem illkynjaða árás á bankann, sökum þess hve slík stofnun er afarviðkvæm og fara má varlega viðvíkjandi henni, og það afsakar ekki þá árás, þó að hún sje ef til vill gerð meira af fávisku en illvilja. Jeg hefi bent á það, að lög Landsbankans hafa komist víða um lönd til viðskiftabanka Landsbankans, enda er óhætt að gera ráð fyrir því, að löggjöf þjóðbankans fari víðar en flest önnur lög, sem sett eru á Alþingi. Það væri ekki nema eðlilegt, að viðskiftabankarnir spyrðu, hvernig slíkri stofnun sje farið, þegar breyta þarf löggjöf hennar árlega. Annaðhvort hljóta þeir að álíta, að löggjöfinni hafi verið hroðað af í fyrra, eða að hjer sje verið að hringla með bankann eftir því, hvernig pólitísku vindarnir blása, og meira óþurftarverk væri ekki hægt að gera peningamálum okkar en það, að ýta undir slíka skoðun. Jeg vænti þess, að allir skynsamir og velviljaðir menn slái nú skjaldborg um Landsbankann til að verja hann slíkum hnekki. Það var t. d. sagt 1923, þegar átti að skipa sjerstaka rannsóknarnefnd til þess að rannsaka hag Íslandsbanka, að við, sem vorum á móti því, hefðum slegið skjaldborg um þann banka. Jeg játa það, að jeg bar enga persónulega velvild til Íslandsbanka, því að mjer þótti öllu vænna um landsins eiginn banka, en þegar átti að hefja slíkt frumhlaup að bankanum, þá taldi jeg það skyldu mína að leggja mitt lið gegn slíku skemdarverki.

Nú er röðin komin að Landsbankanum. Sá sami flokkur, sem áður vildi sýna Íslandsbanka háskalegt tilræði 1923, er nú kominn með sömu sprengjuna að landsins eigin banka, þá sprengju, sem hverjum banka er hættulegust, að spilla trausti hans. Gegn slíku vil jeg beita mínum kröftum og vona, að þeir verði margir, sem í þá skjaldborg vilja ganga.

Jón Auðunn Jónsson: Þegar hefir verið farið um það nokkrum orðum, hvað felst í þeim breytingum, sem frv. mundi gera á Landsbankalögunum, ef það yrði samþ. Hefir verið margsýnt fram á það, að ábyrgð ríkisins á innlánsfje bankans er í fyrsta lagi viðsjárverð og í öðru lagi ýmist óþörf eða beinlínis skaðleg fyrir bankann sjálfan. Út í þá áhættu, sem af ábyrgðinni getur stafað fyrir ríkið, ætla jeg ekki að fara. En um hitt ætla jeg að bæta við nokkrum orðum, hver þörf sje ábyrgðarinnar eins og gert er ráð fyrir henni samkv. frv., og hver styrkur hún muni verða bankanum.

Það er öllum vitanlegt, sem skyn bera á þessi mál, að þau rúm 40 ár, sem bankinn hefir nú starfað, hefir hann fengið eins mikið af innlánsfje frá landsmönnum og honum hefir verið affarasælt að nota. En nú lítur út fyrir, að fylgismenn þessa frv., og þar á meðal hæstv. stjórn, álíti heppilegt, að alt innlánsfje landsmanna sje á einum stað — hjá seðlabankanum. Hæstv. fjmrh. sagði, að hann sæi ekki, að sparifje landsmanna væri betur komið annarsstaðar en í Landsbankanum. Í öðrum löndum þykir áhætta, að seðlabankar taki svo mikið sparifje, að þeir verði að lána það svo um muni út í daglegum viðskiftalánum. Í Englandi gengur varúðin svo langt, að

jafnvel „prívat"-bankar taka ekki við sparifje, nema þeir viti, hve lengi það á að standa inni; ennfremur spyrjast þeir vandlega fyrir um ástæður sparifjáreigandans, til hvers hann muni þurfa að nota fjeð o. s. frv. Jeg veit, að hjer í hv. deild eru nokkrir menn, sem eru því kunnugir, að sje fje lagt inn í enska banka, er aflað þessara upplýsinga og gengið ríkt eftir þeim, og það er af því, að bankarnir telja sparifje, sem lagt er inn til skamms tíma, hættulegt, nema þá óverulega lítið sje, samanborið við veltufje viðkomandi stofnunar. Er það þá ekki enn hættulegra fyrir seðlabanka að binda sig við sparifje? Svo mun farið um alla seðlabanka Evrópu, að þeir setja ákveðin takmörk fyrir því, hve miklu sparifje þeir veita viðtöku árlega.

Af þessum orsökum er ábyrgð sú, sem farið er fram á, að ríkið veiti, bankanum hættuleg, svo framarlega, sem stjórn hans takmarkar ekki innlánsfje. Sje meiningin sú, að Landsbankinn eigi ekki að veita innlánsfje viðtöku takmarkalaust, er háskalegt að ýta undir hann að gera það. Jeg vona, að hv. flm. þessa frv. líti svo á, eins og allir aðrir, sem skynbærir eru um þetta mál, að stórhættulegt sje fyrir bankann að láta hann hafa ótakmarkað innlánsfje. Því óskiljanlegra er, að þeir skuli vilja veita honum þessa ábyrgð. Hættan fyrir seðlabanka er í því fólgin, að ef þeir hafa mikið sparifje, sem þeir þá neyðast til að lána út til almennings, þá verður þetta fje fast og bankinn getur ekki náð því inn þegar fjárkreppu ber að höndum; en einmitt þá er það, að seðlabankinn þarf að hafa fje sínu svo fyrir komið, að hann með litlum fyrirvara geti heimt það heim, því einmitt þá — þegar fjárkreppa skellur yfir — er áríðandi, að seðlabankinn hafi mikið af handbæru fje, bæði innlendu og erlendu, til þess að geta hindrað fjárhagslegt hrun. Eignarfje hans verður því að vera tiltölulega meira en annara banka. Enginn efi er á því, að hún getur á ýmsum tímum skert lánstraust ríkisins út á við.

Samkv. frv. er ekki tekin ábyrgð fyrir ríkisins hönd á fje, sem fengið er frá útlöndum, nema til komi samþykki þingsins í hvert sinn. En eins og hv. þm. Dal. benti á, er auðvelt að fara kringum þetta ákvæði. Og ekki er annað sýnilegt en það muni verða gert. Svo hefir farið erlendis, og mun einnig fara hjer, þegar fjármál landsins eru komin í það horf, sem ætla má, að þau komist í, að umboðsmenn erlends fjármagns taka sjer aðsetur í landinu, og fyrir milligöngu þeirra eru lánin tekin. Með því móti gæti lánin orðið íslensk að nafninu, þó að fjeð væri erlent. Í Danmörku og öðrum löndum, sem þurfa á erlendu fje að halda, eru lánin venjulega fengin hjá víxlarafjelögum, sem hafa umboð erlendra lánveitenda. Svo mundi hjer fara. En samkv. frv. mundi eigi þurfa samþykki Alþingis til slíkrar lántöku.

Hjer hefir verið mikið deilt um hina siðferðislegu og fjárhagslegu ábyrgð. Ekki þætti mjer óhugsandi, að það gæti komið fyrir, að Alþingi skifti um skoðun í þessu atriði og vildi eigi láta ríkið bera ábyrgðina. Því fremur er ástæða til að búast við þessu, sem sjáanlegt er, að breyting bankalaganna er nú knúin fram með flokksfylgi og til þess eins að reyna að sjá flokkshagsmun-

um borgið. Engin sæmileg ástæða hefir verið færð fyrir nauðsyn þessara breytinga að því er hagsmuni bankans snertir. Jeg veit ekki, hvort allir hv. þdm. hafa gert sjer grein fyrir, hver hnekkir þetta yrði bankanum.

Það var fyrrum álitið, að sænski ríkisbankinn hefði ábyrgð ríkisins að baki sjer. Þó hefir komið fyrir, að hann hafi innleyst seðla sína fyrir neðan nafnverð. Þetta hefir honum liðist, og jeg hygg, að sama mundi verða hjer.

Það hefir verið gert svo mikið úr þessari ábyrgð ríkissjóðs á bankanum, að sumir þm. í Ed. hafa látið sjer það um munn fara, að ríkisábyrgðin væri eins mikils virði og gulltrygging. Þetta er mælt af fullkomnum ókunnugleik. Þessi ábyrgð kemur ekki að haldi, þar sem mest á ríður, nefnilega gagnvart erlendum lánardrotnum. Gulltrygging er miklu nauðsynlegri en margir vilja viðurkenna. Þrátt fyrir ýmsar raddir um að fella niður gulltryggingu og setja t. d. fasteignatryggingar í staðinn, hefir engin þjóð sjeð sjer fært að breyta þannig um. Þær raddir, sem voru uppi um þetta í ófriðarlokin, hafa ekki látið bæra á sjer síðustu árin. Eitt af því, sem sýnir, að mönnum finst sjálfsagt og traustvekjandi, að gulltrygging banka sje í lagi, er það, að erlendis gefa seðlabankar skýrslur um gullforða sinn á viku-, hálfsmánaðar- eða mánaðarfresti. Á stríðsárunum var það talið sjerstakt merki um góðan fjárhag ríkja, að hafa ekki of mikið af seðlum í umferð og góða gulltryggingu. Og þegar við fáum Landsbankanum seðlaútgáfuna í hendur, þá er það skylda okkar að sjá um, að gulltryggingin sje ekki í lakara horfi en hjá nágrannaríkjunum, þar sem þessum málum er vel fyrir komið.

Þá eru þær breytingar í frv. frá núgildandi lögum, að kipt er burtu ákvæðinu um, að ríkissjóður leggi bankanum til 3 milj. kr. stofnfje til viðbótar þeim 2 milj., sem bankanum voru lagðar með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913. Sumir hafa viljað segja, að þetta væri bætt upp með ríkisábyrgðinni, en slíkt er hin mesta fjarstæða. Það hefir þegar verið auglýst út um allan þann fjármálaheim, sem við höfum viðskifti við, að ríkissjóður leggi bankanum til 5 milj. kr. stofnfje. Hafa menn gert sjer ljóst, hve mikil traustspjöll kunna af því að leiða fyrir bankann, að hann verður nú, ef frv. nær samþykki, að tilkynna viðskiftamönnum sínum erlendis og öllum, sem um það spyrja, að óákveðið sje, hvort bankinn eigi nokkra sjálfseign, og að ríkissjóður hafi ekki viljað leggja þetta fje fram, er á herti? Jeg hygg, að allar þær stofnanir og einstaklingar í útlöndum, sem nokkuð skifta að ráði við bankann, spyrji um, hve fyrirkomulagi hans sje háttað. Jeg hefi fengið fyrirspurnir um þetta frá góðu firma erlendis, og hefi auðvitað svarað eins og lögin frá í fyrra gáfu tilefni til, að ákveðið væri, að Landsbankinn tæki seðlaútgáfuna í sínar hendur og ríkissjóður legði bankanum fje, svo að bankinn hefði 5 milj. kr. stofnfje. Allir, sem slíkar upplýsingar hafa gefið, neyðast nú til að skýra frá þeim breytingum, sem á þessu verða samkv. frv. Það er ekki þægilegt að verða að skýra frá þeim, en það er

skylda þeirra, sem áður hafa gefið upplýsingar, sem bygðar voru á lögunum frá í fyrra. Hafa menn athugað, hvílík traustspjöll þessar nýju upplýsingar kunna að hafa í för með sjer fyrir bankann?

Auk þess er vitanlegt, að seðlabanki, sem byrjar starfsemi sína án þess að hafa yfir eigin fje að ráða, er illa staddur, jafnvel þótt ríkið taki ábyrgð á honum, ef hann á að inna starf sitt af hendi á þann hátt, að heppilegt sje fyrir þjóðfjelagið.

Seðlabankar hafa ekki sömu aðstöðu til að græða fje og aðrir viðskiftabankar, og liggja til þess margar ástæður. Þeir liggja með mikið fje, sem er umfram vanalega veltufjárþörf landsmanna og því óarðberandi tímum saman. Þeir eru skyldir að hafa handbært æðimikið af erlendum gjaldeyri, hvenær sem er, en hans er eigi jafnmikil þörf hjer allan tíma árs, og þótt þeir aðeins útvegi erlend lán, kostar það þá mikið í lántökugjald (provision). Það er líka venja seðlabanka að reyna að halda niðri vöxtum, og hefir það auðvitað kostnað í för með sjer. Útlánsvextir seðlabanka eru ávalt 1—2% lægri en útlánsvextir „prívat"-banka.

Af öllu þessu leiðir, að seðlabankar hafa verri aðstöðu til að græða en aðrir bankar, og því lítil von um, að þeir græði fje, sem nokkru nemur. Ákvæði 3. gr. um varasjóð eru því harla lítils virði, því að enginn vafi er á því, að ef gróða bankans er skift eðlilega, lendir mestur hluti gróðans hjá sparisjóðsdeild, eða hinni almennu viðskiftadeild bankans, enda þarf svo að vera, því að þar lenda stærstu skellirnir, sem óhjákvæmilega hljóta ávalt að vera nokkrir, eins og atvinnuvegum okkar er háttað.

Auk þess þarf seðlabankinn að liggja með mikið af gulli til að tryggja seðla sína. Auðvitað fær hann vexti af seðlum, sem í umferð eru, en hann verður einnig að liggja með mikið af óarðberandi seðlum á ýmsum tímum, ef bankalífið á að vera heilbrigt fyrir þjóðina. Vonandi kemur ekki fyrir aftur, að við gefum út seðla umfram viðskiftaþörf, aðeins til að komast hjá bankahruni. Hin óeðlilega mikla seðlaútgáfa Íslandsbanka var ein af orsökum til óáranarinnar í peningamálum landsins árin 1921—1924. Eina tryggingin, sem ríkið getur gefið fyrir því, að peningamálin standi á heilbrigðum grundvelli, er sú, að það sjái seðlabankanum fyrir sæmilega miklu eigin fje í byrjun. Það þætti lítið fje, þótt bankinn byrjaði með 5 milj. kr., í samanburði við það, sem heimtað er af seðlabönkum, að þeir eigi af eigin fje nokkru meira en nemur gullforða þeim, er þeir verða að hafa til tryggingar seðlunum. Jeg skil ekki í, að ríkisvaldið vilji leika Landsbankann svo hart að svifta hann þessu nauðsynlega stofnfje, og jeg trúi því ekki, að ábyrgðarleysi hv. þm. sje svo mikið, að þeir vilji stofna til þeirra vandræða, sem af því kynni að leiða. Jeg tel það með öllu óviðeigandi, ef Alþingi ætlar að tala upp gerólíka stefnu í bankamálunum við það, sem tíðkast hjá öllum seðlabönkum Norðurálfunnar, að undanskildu Rússlandi (hæstv. landsstjórn virðist í þessu sem öðru þræða götu kommúnista) og láta þann banka, sem hefir seðlaútgáfu ríkisins með höndum, byrja ver en allslausan, enda þótt hann sje bundinn við stærra

og áhættumeira verksvið en nokkur annar seðlabanki.

Þá kem jeg að þriðju aðalbreytingunni, sem frv. fer fram á og er í því fólgin að setja þetta innantóma höfuð, landsbankanefndina, eins og einn greindur og gegn þm. komst að orði, á bankann. Engin skynsamleg ástæða hefir verið færð fyrir því, að rjett sje eða nauðsynlegt að setja þetta bákn á laggirnar, enda virðist mjer, sem meðmælendur frv. viðurkenni, að það sje nafnið tómt og ekkert annað. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sjálfsagt væri, að allir, sem við bankann störfuðu, væru þagnarskyldir um hag bankans, en hinsvegar væri þetta ákvæði ekki nauðsynlegt um landsbankanefndina, því að ekki væri líklegt, að hún fengi vitneskju um þau einstök atriði í starfi bankans, sem helst ætti að vera þagnarskylda um. Þetta er að mínum dómi alveg rjett hjá honum. Eins og stofnað er til landsbankanefndarinnar, hygg jeg, að hún geti ekki orðið fær um að kynna sjer svo hag bankans, að hún geti borið neina ábyrgð á honum. Starf hennar yrði lítið annað en að koma saman og samþykkja það, sem til væri lagt af bankaráði og framkvæmdarstjórn, gefa skýrslur, sem nefndin gæti ekki vitað af eigin þekkingu, hvort rjettar væru eða ekki, og — ef til vill — reyna að hafa pólitísk áhrif á framkvæmdir bankans. Þessi nefnd, sem hv. frsm. og sumir hv. þm. í Ed. álíta, að muni ekki fá þá vitneskju um hag bankans, að ástæða sje til, að á henni hvíli þagnarskylda, henni á að fela að úrskurða reikninga bankans. Jeg held, að ekki hafi verið hægt að sýna fram á það á nokkurn hátt, að þörf sje á þvílíku nefndarbákni, og því er eðlilegt, að meðmælendum frv. fipist í röksemdum sínum.

Þá er einnig vert að athuga það, að stjórn Landsbankans hefir skýlaust látið í ljós, að hana langi ekki til að fá þessa óstarfhæfu og þekkingarsnauðu yfirmenn, sem ekki er heldur von. Er því eins líklegt, að fyrirkomulag þetta yrði afnumið eftir nokkur ár, þótt á kæmist. Mun því heppilegast að stíga ekki þetta óþarfa spor.

Þótt svo sje ákveðið í frv., að nefndin taki ekki laun fyrir starf sitt, að frátöldum ferðakostnaði og uppihaldi, þá uggir mig, að ekki muni mörg ár líða þangað til farið verður fram á, að þessir menn fái einhverja þóknun.

Jeg fæ ekki sjeð, að nefnd þessi hafi neitt starfsvið í bankanum, enda mun það vera skoðun margra, að nefndin eigi að vera nokkurskonar pólitískt Damoklesarsverð yfir höfðum bankastjórnarinnar. Og þar sem ekki er sjáanlegt, að nefndin eigi að hafa, eða geti haft, annað en pólitísk áhrif, þá mætti svo verða, ef hún beitir þeim áhrifum, að hún verði bankanum hættulegt sverð. Ef nefndin er kosin með þetta fyrir augum, þá er verið að fremja hjer hreina og beina óhæfu.

Eitt er víst, og það er það, að með þessu margbrotna fyrirkomulagi verður ekki eins auðvelt og ella að aðskilja seðlabankadeildina frá þeim deildum, sem bankinn starfar nú í, og stofna sjerstakan seðlabanka. Einmitt með það fyrir augum, að landsbankanefndin var tekin út úr bankafrv. í fyrra og bankanum skift í ákveðnar deildir með sjerstöku starfsviði og bókhaldi, gátum jeg og fleiri, sem vildum sjerstakan seðlabanka, fallist á að samþykkja banka-

lögin í fyrra. Með þeim hætti töldum við, að sú breyting ætti sjer ekki eins erfitt uppdráttar, að skilja seðlabankann frá hinum almenna viðskiftabanka. En hjer er gengið í þá átt, að binda þetta fastar en áður og gera það miklu erfiðara, að seðlabanki ríkisins geti orðið sjerstök og sjálfstæð stofnun í framtíðinni.

Það, sem menn höfðu á móti sjerstökum seðlabanka, var það, að þeir álitu, að sá banki yrði ekki nógu sterkur í upphafi til að hafa nægileg áhrif á peningamálin í landinu. En hitt held jeg, að allir hafi verið sammála um, enda er fengin fyrir því margra alda reynsla annara þjóða, að heppilegra væri að hafa sjerstakan seðlabanka, er hafi viðskifti við útlönd og sjái um, að nægilegur erlendur gjaldeyrir sje ávalt til og endurkaupi víxla af öðrum lánsstofnunum í landinu.

Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst ekki hafa skilið þá deilu, sem reis út af því, hvort seðlabankinn ætti að vera sjerstök stofnun eða hvort fela ætti Landsbankanum seðlaútgáfuna. Jeg hygg, að hann muni rök mín og fleiri fyrir því, að fyrirkomulagið ætti að vera það, að seðlabankinn ætti að vera sjerstök stofnun, og að vegna þessarar deilu varð úr, að gengið var á móts við okkur í mikilvægum atriðum. Bankanum var skift í deildir, seðlabanka og viðskiftabanka, með aðskildum fjárhag og bókfærslu. Það fyrirkomulag, sem samþ. var á síðasta þingi, var miklu tryggara og heppilegra en það, sem milliþinganefndin í bankamálum stakk upp á.

Þó tillögur mínar og nokkurra annara þm. hafi á síðari árum ekki verið teknar til greina, þá hefir andstaða okkar borið nokkurn árangur. Ýmsar verulegar breytingar hafa fengist á hinu upphaflega frv. bankanefndarinnar, svo sem skifting bankans í deildir með aðskildum fjárhag og aðskildu bókhaldi, og að mörgu öðru leyti varð andstaða okkar til þess, að fyrirkomulag bankans varð betra og tryggilegra en orðið hefði, ef allir hefðu lagst á eina sveif með meiri hl. bankanefndarinnar. Eins og jeg gat um, þá munu flestir hafa það á meðvitundinni, að með þessu frv. sje verið að skapa háskalegt fordæmi, að hjer sje verið að breyta Landsbankalögunum til þess eins, að hægara verði að koma honum undir flokkspólitísk yfirráð. Slíkt fordæmi hlýtur að leiða til þess, að menn verða ekki ugglausir um, að þessum breytingum verði ekki svift burt innan skamms. En alt slíkt los á löggjöf bankans er háskalegt fjármálalífi þjóðarinnar.

Af smærri atriðum í frv. þessu mætti nefna það, að fella á niður ákvæði laganna um aðalbankastjórann. Það er óhætt að segja, að reynsla annara þjóða bendir í gagnstæða átt við það, sem hjer er farið fram á að gera. Englendingar telja nauðsynlegt að hafa einn aðalbankastjóra við seðlabanka sinn, Bank of England. Þeir ráða aðalbankastjórann einungis til 4 ára í senn, og það mun ekki hafa komið fyrir nema í tvö skifti, að aðalbankastjóri hafi setið lengur en eitt tímabil. Er venjulega einn af bankastjórum hinna stærri banka fenginn til að hafa starfa þann á hendi. Aðalbankastjórinn ræður mestu um höfuðviðfangsefni bankans. Á stríðsárunum kom það jafnvel fyrir, að stjórnin skoraði á aðalbankastjórann að

breyta um stefnu (taktik) í fjármálum. Hann neitaði að verða við þeirri ósk. Stjórnin reyndi ekki að bola honum frá stöðunni, og er nú alment talið, að aðstaða bankastjórans hafi haft heppileg og góð áhrif á fjármálalíf Englendinga. Það er ekki hægt að neita því, að það er mikill styrkur fyrir seðlabankann að hafa einn slíkan mann, sem gera má ráð fyrir, að verði ávalt einn af hæfustu fjármálamönnum þjóðarinnar.

Af þessu má einnig sjá það, að Englendingar — elsta og fremsta fjármálaþjóð Norðurálfunnar — beitir ekki pólitísku valdi til þess að hafa áhrif á fjármálastefnu seðlabanka síns. Enskir fjármálamenn, hvaða flokki sem þeir tilheyra, eru svo þroskaðir, að þeim kemur ekki til hugar að setja pólitískar þarfir *yfir* fjármálaþarfir þjóðarinnar. Hvað er verið að gera hjer? Er ekki verið að kasta seðlabankanum fyrir fætur flokkspólitíkurinnar?

Þá má minna á annað atriði, sem að vísu er ekki mjög stórvægilegt, en varpar þó skíru ljósi yfir það, sem á bak við liggur. Samkvæmt 36. gr. bankalaganna, þá er ráðherra og bankaráði skylt að tilgreina *skriflega* ástæður fyrir því, ef þeir víkja bankastjóra frá. En svo undarlega bregður við, að með frv. á að nema þetta ákvæði, um „skriflegar" ástæður fyrir frávikningu, burt. Jeg er meir en hissa á því, að þetta skuli hafa komið fram. Jeg hjelt, að þetta ákvæði væri ekki síður í þágu ráðherra og bankaráðs en í þágu bankastjórnar. Öllum er það ljóst, að það verða heimtaðar ástæður fyrir því, að bankastjóra er vikið frá stöðunni. Hvers vegna má ekki tilgreina skriflega þær ástæður, sem til frávikningar liggja? Sumir segja, að með þessu verði flokkspólitískum ráðherra auðveldara *í bili* að víkja bankastjóra frá. Það kann að vera þægilegra í bili, en verður miklum mun óþægilegra síðar. Það má vera, að einhverjum flokkspólitískum ráðherra þyki það þægilegra í bili að segja bankastjóra munnlega frá ástæðum, sem hann þorir ekki seinna að standa við skriflega. Jeg er hissa á því, að nokkur stjórn skuli fást til að ganga inn á aðra eins fjarstæðu og þetta er, því síður bera þetta fram.

Það, sem gert er við bankann, ef frv. verður að lögum, er í fyrsta lagi það, að brigðað er loforð það, sem hann fjekk í fyrra um 3 milj. kr. framlag auk þeirra 2 milj. kr., sem honum ber samkvæmt eldri lögum. Í öðru lagi verður bankinn meira háður pólitískum dutlungum þingflokkanna. Í þriðja lagi á flokkspólitískur ráðherra hægara með að beita bankastjórana ofbeldi en áður. En hvað fær bankinn í staðinn? Hann fær ábyrgð ríkissjóðs fyrir innlendu lánsfje sínu, ábyrgð, sem er honum ónauðsynleg og getur orðið til ills, ef ekki er farið því varlegar. Honum eru gefnir steinar fyrir brauð. Jeg er sannfærður um það, að bankanum er, vegna viðskifta sinna erlendis, meira áríðandi en flesta grunar, að ekki verði brigðað loforð það um eignarfje, sem honum var gefið í fyrra. Öllum er það vitanlegt, að traust bankans erlendis byggist á því fyrst og fremst, að hann eigi sjálfseignarfje. Um þetta atriði voru allir sammála á síðasta þingi. Við, sem aðra skoðun höfðum um seðlabankann en þá, sem ofan á varð, við fengum viðurkendar tillögur okkar

um, að nauðsynlegt væri að hækka eignarfje bankans frá því, sem áður hafði verið ráð fyrir gert. Það var orsökin til þess, að við gátum verið með í því að samþykkja frv. það, sem að lögum varð í fyrra. En jeg get sagt það fyrir mig, og að jeg hygg fyrir marga fleiri, að við hefðum aldrei samþykt frv. þá, ef okkur hefði órað fyrir því, að brigða ætti það loforð þegar á næsta þingi.

Einn hv. þm. — jeg hygg hæstv. fjmrh., en skal þó ekki fullyrða það — sagði, að Íhaldsflokkurinn hefði drifið lögin í gegnum þingið í fyrra. Mátti skilja þau ummæli svo, að það hefði verið gert með litlum meiri hluta og af flokksfylgi. Íhaldsflokkurinn var ekki í meiri hluta í þessari hv. deild í fyrra, og æðimargir framsóknarmenn stóðu fastar við hlið íhaldsstjórnarinnar í þessu máli en jeg og ýmsir aðrir íhaldsmenn. Málið var ekki flokksmál, að minsta kosti ekki frá hálfu Íhaldsflokksins. Margir íhaldsmenn voru á andstæðri skoðun við þáverandi stjórn í þessu máli. Frv. var samþykt í fyrra með 19:3 atkv. í þessari hv. deild og með 12:2 atkv. í Ed. Þetta bendir ekki á, að það hafi verið Íhaldsflokkurinn, sem fastast beitti sjer fyrir frv.; það var Framsókn, sem stóð nær stjórninni í málinu og hjálpaði henni til að koma frv. í gegn, eins og sjest af atkvgr. þeirri, sem jeg nefndi. Það er því undarlegt, ef Framsóknarflokkurinn sem heild ætlar nú að keyra í gegn breytingar á þessum lögum. Að vísu voru framsóknarmenn því fylgjandi, að stóra innantóma höfuðið — landsbankanefndin — yrði sett á bankann, en það atriði var ekki stórvægilegt. En um aukningu þess fjár, sem ríkissjóður skyldi leggja fram, var ekki ágreiningur. Tillagan um þá hækkun var komin frá þeim mönnum, sem vildu hafa sjerstakan seðlabanka og voru andstæðir því fyrirkomulagi, sem ofan á varð, vegna þess, að þeir álitu það ekki nægjanlega trygt. Til þess að bæta úr því vildum við láta bankann hafa meira sjálfseignarfje, því það var sú besta trygging, sem bankanum varð gefin, að því fráskildu, að fylgt hefði verið okkar tillögum um sjerstakan seðlabanka.

Jóhann Jósefsson:* Það er að vonum, að miklar umræður verði um þetta mál, meðal annars vegna þess, að þegar loks var bundinn sá endir á fyrirkomulagi seðlaútgáfunnar, sem gert var með lögum frá síðasta þingi, var öll ástæða til þess að vona, að það fyrirkomulag fengi að vera óáreitt, að minsta kosti meðan ekki kæmu í ljós neinir stórgallar á því. Það er ekki svo, sem hæstv. fjmrh. hjelt fram, að lög um Landsbanka Íslands og seðlaútgáfu hefðu verið borin fram af einstökum þingflokki. Hitt er rjettara, sem segir í nál. hv. annars minni hl. fjhn., að tveir aðalflokkar þingsins hafi unnið í sameiningu að því að koma lögunum á. Hv. þm. N.-Ísf. sýndi það fyrir skemstu, með því að vitna í atkvæðagreiðslu um málið, þegar það var afgreitt frá báðum deildum þingsins í fyrra, að það var ekki þáverandi stjórnarflokkur einn, sem var að verki. Það er nær sanni að segja, að þetta mál hafi verið flokksmál Framsóknarflokksins. Vitaskuld varð um svo

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

stórfelt mál eins og það, hver hagur seðlafyrirkomulagsins skuli vera, allmikill ágreiningur. Má segja, að þegar loks var fengin sú lausn málsins, sem mikill meiri hluti þingsins taldi vel við unandi og þjóðin yfirleitt gat sætt sig við, var ástæða til að ætla, að næsta þing mundi ekki þurfa að eyða miklum tíma í það að ræða fyrirkomulagsbreytingar enn á ný. Þó hefir raunin orðið sú, eins og kunnugt er. Hv. meiri hl. fjhn. í þessari deild hefir að mestu leyti farið framhjá því að rökstyðja nokkuð, hvaða ágæti sje fengið með því að breyta lögunum svo mjög sem hann fer fram á. Í ræðu hv. frsm. meiri hl. varð þess helst vart, að hv. meiri hl. heldur því fram, að með frv. sje verið að skapa einhverja ró um bankann. Þetta býst jeg við, að hafi átt að skilja svo, að með frv. væri betur en áður trygt öryggi bankans og fjármálanna í landinu og stigu stemt við ugg landsmanna um afkomu fjárhagsmálanna í framtíðinni. Þetta er það, sem jeg vil skilja við ró um bankann, og þó að því viðbættu, að útlendir viðskiftamenn landsins hafi það álit á þessari miklu og merku þjóðarstofnun, að frá þeirra hálfu sje sæmilega tryggilega búið um þessa stofnun, þannig að þessi ró eigi sjer líka rætur hjá útlendum fjármálamönnum. Þeir, sem talað hafa frá gagnrýnissjónarmiði um þetta mál, hafa sýnt fram á, að þessi ummæli hv. frsm. meiri hl. eru hin mestu öfugmæli, sem hægt er að hugsa sjer. Landsbankalögin voru samþykt síðastliðið ár, og þar með var grundvöllur lagður undir útgáfu seðla í landinu. Bankanum voru lagðar miklar skyldur á herðar, en um leið gefin ákveðin fyrirheit frá ríkisins hálfu. Skipulag var komið á stjórn hans, en svo líður ekki ár áður en núverandi ríkisstjórn ber fram tillögur til breytinga á öllu fyrirkomulagi bankans, svo stórfeldar, að menn hljóta að spyrja: Er núverandi ríkisstjórn að hugsa um að hverfa frá því að hafa Landsbankann fyrir seðlaútgáfustofnun og hugsa um eitthvað nýtt? Mjer virðist þetta engan veginn til þess fallið að skapa þá ró um bankann, sem hv. meiri hl. lætur í veðri vaka. Og því síður álít jeg, að þetta sje fordæmi til þess, að aðstaða bankans í þjóðfjelaginu verði síður fyrir áhrifum af snöggum skoðanabreytingum. Það er þegar ótvírætt búið að benda á, að það er svo langt frá því, að með þessum breytingum sje sköpuð ró um bankann, að það er einmitt verið að stofna honum í hina mestu ókyrð og pólitískar deilur. Rök þau, sem hæstv. fjmrh. bar fram í þessu sambandi, fóru alveg framhjá því marki að rjettlæta á nokkurn hátt frv., nema þá frá flokkspólitisku sjónarmiði. Frá því sjónarmiði er ekki óskiljanlegt, að slíkt frv. komi fram, en með hag landsins einan fyrir augum er engin skynsamleg ástæða fyrir því að breyta Landsbankalögunum í nokkrum verulegum atriðum.

Á síðasta þingi var það talið nokkurskonar lágmark að leggja bankanum til 5 miljónir króna stofnfje. Nú vill hæstv. stj. draga úr þeirri tryggingu, svo að eftir frv. eiga aðeins 2 miljónir að vera bankanum vísar, en 3 miljónir vill hæstv. stj. aðeins hafa heimild til þess að leggja bankanum. Þegar þetta er skoðað frá hlutlausu

sjónarmiði, til dæmis frá sjónarmiði útlendra fjármálamanna, lítur það mjög einkennilega út. Þeim hlýtur að þykja það kynlegt, að á næsta þingi eftir að seðlabankalögin eru sett vill ríkisstjórnin kippa að sjer hendinni um framlag til bankans, og það jafnvel svo freklega, að munar meiru en helmingi. Í slíku máli sem þessu afsakar það ekkert, þó að einhverjir, sem eru nú í stjórnarflokknum, hafi ekki fengið allar sínar óskir uppfyltar með löggjöfinni, sem gefin var á síðasta þingi. Það gengur næst fásinnu að halda því fram, að rjettmætt sje að gerbreyta löggjöf ári eftir að hún er gefin, einungis af því, að hinn ráðandi stjórnarflokkur hefir ekki á sínum tíma fengið nákvæmlega það fyrirkomulag, sem hann vildi hafa. Sú stjórn, sem nú situr að völdum, og stuðningsmenn hennar fylgdu því fast fram í fyrra, að Landsbankanum væri falin seðlaútgáfan. Þegar málið hefir náð fram að ganga á sæmilega tryggum grundvelli, er því mjög einkennilegt að fara fram á miklar breytingar, áður en nokkur veruleg reynsla er fengin á því fyrirkomulagi, sem byggist á lögunum frá 1927.

Jeg hefi ekki heyrt neinn af formælendum frv. gera tilraun til þess að benda á — og því síður sanna —, að núverandi bankaráð sje að neinu leyti illa starfhæft. Jeg hefi ekki heldur heyrt nein rök um það, að bankanum sje ekki full þörf á því viðbótarstofnfje, sem honum var fengið með lögunum frá 1927. Þvert á móti sagði hæstv. fjmrh., að það væri jafnvel ekki víst, að fjeð væri nóg. Það var því langt frá því, að menn gætu fengið nokkra umsögn hans um, að stofnfje bankans væri of mikið, þannig að rjett væri að draga úr því. Þess vegna verður ekki hjá því komist að álíta, að það, sem hæstv. stj. virðist ganga til, er að ná meiri yfirráðum yfir bankaráðinu en hún hefir nú. Í ræðu hæstv. fjmrh. kom það fram sem vörn fyrir þessu máli, að hann vissi engin rök fyrir því, að val á núverandi bankaráðsmönnum hefði tekist svo vel, að ekki væri hægt að fá jafngóða menn eða betri. Þetta eru feikilega lítilfjörleg rök, að ætla sjer að stjaka burt þeim bankaráðsmönnum, sem nú eru, þó að ætla mætti, að aðrir eins menn fyndust í landinu. Það má líka alveg snúa þessu við og segja, að engin rök hafi komið fram, sem sýni, að núverandi bankaráðsmenn sjeu ekki vaxnir sínu starfi.

Þá hjelt hæstv. ráðh. því fram, að tíðar lagabreytingar bæru vott um þroska, en hitt, að vilja hanga í gömlum úreltum lagaákvæðum, bæri vott um mikið íhald. Nú er þess hjer að gæta, að það er ekki að ræða um nein gömul lagaákvæði eða að hjer sje yfir höfuð að ræða um nein úrelt ákvæði að því er snertir löggjöfina um seðlabankann. Hún er flunkuný og ekki farin að sýna sig, svo að ekki er hægt að segja, hvernig hún kann að reynast, og það er ekki hægt með sannindum að benda á, að hún sje óheppileg eða illa tilfallin. Það væri sönnu nær að segja og mætti með jafngóðum röksemdum halda því fram, að það bæri vott um þroskaleysi, ef ekki annað lakara, að vilja ráðast í svo stórfeldar breytingar í slíku stórmáli fyrir þjóðina sem þessu, ástæðulítið, undirbúningslítið og tilgangslítið. Hjer er um svo stórfelt mál að ræða og

breytingar þessar geta haft svo alvarlegar afleiðingar, að allir þeir, sem vilja láta sig þessa stofnun einhverju skifta og er ant um hag hennar, hljóta að veita því athygli og fyllast ugg og ótta.

Það er dregið úr skyldu ríkissjóðs til þess að styðja Landsbankann og hann þannig veiktur sem seðlabanki. Það er dregið úr eftirliti bankaráðsins og það er unnið á móti sparisjóðum landsins og þar með fjársöfnunarþrá almennings. Með því að gefa sparifje manna forrjettindi á einum stað í landinu er unnið á móti því, að menn leggi fje sitt inn í heimasparisjóðina, hver í sínu hjeraði. Það verður til þess að sumir láta það ógert. Í öðrum löndum er gengið í þá átt að gera mönnum sem auðveldast að koma fje sínu fyrir í sparisjóði. Hjer er stefnt að því að gera mönnum erfiðara að koma fje sínu fyrir í þessum sparisjóði, sem á að vera sá allra tryggasti.

Á það var bent fyrir skömmu, að þetta mál hefir engan veginn verið flokksmál á undanförnum þingum. En nú virðist ekki hægt annað en halda því fram, að það sje flokksmál núverandi stjórnar að breyta fyrirkomulaginu á bankanum, og það óneitanlega svo, að flokkurinn hafi meiri tök á bankanum eftir en áður. Hæstv. fjmrh. vildi afsaka þetta með því, að sumt af ákvæðum bankalaganna, sem samþ. voru í fyrra, væri núverandi stjórn þvert um geð. Það er vitanlegt að sumir í hæstv. stjórn vildu í fyrra koma inn landsbankanefndinni stóru. — Ef við göngum inn á þá skoðun, að það sje rjettmætt, að sá flokkur, sem ekki fær vilja sinn allan fram, er lagasetning er gerð, þoti tækifærið hvað þetta snertir og beiti atkvæðamagni sínu til þess að færa málið í það horf, sem hagsmunir flokksins segja til, þá sýnist ekki með sanngirni vera hægt að neita því, að næsti meiri hl. hafi sama rjett. En þegar um bankamál landsins er að ræða, þá er slík aðferð sem þessi svo hættuleg fyrir alt fjármálalíf þjóðarinnar, að jeg álít, að það megi ekki með nokkru móti taka hana upp. Meðhaldsmenn þessa frv. hafa ekki sýnt fram á neinar misfellur á núverandi skipun Landsbankans sem seðlabanka, er valdi því, að nauðsynlegt sje að gera breytingar á því skipulagi nú.

Sje það rjett, að núverandi stjórnarflokkar telji sig hafa atkvæðamagn til að fara sínu fram og vilji neyta þess til þess að breyta fyrirkomulagi bankastjórnarinnar í það horf, er þeim hagnar best, þá er það hættuleg braut, sem jeg vil vara hæstv. stjórn og alla við að leggja út á.

Það hlýtur óneitanlega, verði þessum breytingum framfylgt, að líta einkennilega út í augum útlendra fjármálamanna, sem við höfum sótt ráð til að koma skipulagi á seðlabankalöggjöf landsins, að lögin skuli ekki geta haldist eitt ár í friði. Naumast eru þau komin til framkvæmda, er meiri hluti þings stofnar enn á ný til stórfeldra breytinga. Sú ró, sá friður og það öryggi, sem æskilegt er — og ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt —, að sje utan um seðlabanka landsins, skapast ekki með þessum aðferðum; heldur ekki skapast við það traust erlendra peningastofnana, nje eflist traust landsmanna sjálfra á

þeirri stofnun, sem á að fara með fjármál þeirra út á við. Ef nokkur stofnun er í þjóðfjelaginu, sem nauðsynlegt er að halda utan við hinar pólitísku deilur og láta vera óháða hinum pólitísku breytingum, þá er það seðlabanki landsins. Ef hæstv. stjórn og hinu háa Alþingi er kappsmál að skapa ró, öryggi og festu í fjármálum þjóðarinnar og halda sem fastast í traust erlendra fjármálamanna, sem við verðum að leita til, og efla traust landsmanna sjálfra, þá er markmiðið ekki það, að breyta lögum bankans á hverju þingi og hafa hann að leiksoppi stjórnmálaflokkanna í landinu, heldur það, að halda fast við þann grundvöll, sem lagður er að bestu manna ráði, að minsta kosti þangað til reynslan hefir sýnt, að þörf sje á verulegum breytingum. En sú reynsla liggur ekki fyrir nú.

Til þess að ná því markmiði, sem haldið er fram í frv. sjálfu, að skapa ró um bankann, er beinasta leiðin að fella frv. og sýna með því, að þingið vill halda gefin loforð af sinni hálfu, er seðlaútgáfan var lögð á herðar bankanum, og sýna, að þingið vill ekki gera Landsbankann að pólitískum leiksoppi til stórtjóns öllum landslýð.

Magnús Guðmundsson: Jeg mun reyna að verða ekki mjög langorður, því að sumum munu þykja umræður þegar farnar að dragast úr hófi. Jeg get ekki annað en undrast, að hæstv. stjórn skuli vinna það til að lengja þingið með því að hraða þessu máli í gegn á þessu þingi. Jeg skil ekki, að því liggi neitt á. Sökin á hinu langa þingi hvílir algerlega á hæstv. stjórn sjálfri og stuðningsflokkum hennar, en ekki á andstæðingum hennar, og veldur því sá mikli fjöldi mála, sem hæstv. stjórn og stjórnarflokkar hafa flutt á þinginu. Einn góður og gegn deildarmaður hefir látið mjer í tje skýrslu um það, hvernig tala þingmála skiftist eftir flokkum. Alls hafa verið borin fram 123 mál; af þeim flytja íhaldsmenn 12 og íhaldsmenn ásamt öðrum 9 eða 10; stjórnarfrv. voru 37; af því leiðir, að frv., sem stuðningsmenn hæstv. stjórnar flytja, eru 64 að tölu. Nú er það athugavert, að mörg þeirra, og það sum stór, hafa fyrst verið borin fram þegar langt var liðið á þing, og því ekki furða, þótt teygist úr umræðum. Jeg vil aðeins benda á þetta til þess að sýna, að það er ekki til að furða sig á, þótt mikið sje talað um frv., sem borin eru fram þegar mánuður er liðinn af þingtímanum, sum nauðalítið og sum alveg óundirbúin. Jeg skal t. d. nefna þetta frv., sem hjer er til umr. Þegar það kom frá hv. Ed. og hafði gengið gegnum allar umræður, sem lög gera ráð fyrir, og verið athugað í nefnd og lagfært sem hægt var, þá voru þó enn þau missmíði á því, að tvennir endurskoðendur áttu að endurskoða reikninga bankans og tvenn stjórnarvöld að úrskurða um þá, og sýnir það, að undirbúningur þess hefir verið með afbrigðum hroðvirknislegur. Og þar við bætist, að þessi lög, sem nú á að breyta, voru á þinginu í fyrra samþykt með miklum atkvæðamun, í Ed. t. d. með 12:2 atkv. og hjer í Nd. með 19:3 atkv. Þetta sýnir, að þótt ekki væru allir ánægðir með einstök ákvæði laganna í fyrra, þá var þó mikill meiri hl., sem fylgdi þeim. Frumvarpafjöldinn sýnir, að ekki er hægt að búast

við því, að unt sje að ljúka þinginu á skömmum tíma. Ef það var ákveðið fyrirfram, að þingið ætti ekki að vera langt, þá var það skylda hæstv. stjórnar að sjá til, að svona mörg mál væru ekki borin fram á þeim tíma, sem þinginu var skamtaður. Jeg segi, að sá á meiri sök á lengingu þingtímans, sem lætur bera fram öll þessi frv., heldur en sá, er leyfir sjer að ræða þau. Það er beinlínis skylda að ræða mál hjer á Alþingi, þótt það þyki nú orðið stundum til lítils.

Af því, hve þetta frv. er seint fram borið, vildi jeg kasta fram þeirri spurningu, hver það væri, sem óskaði eftir, að málið væri rekið fram á þessu þingi. Ekki er það Landsbankinn sjálfur, sem sjá má af brjefi frá bankastjórninni til fjhn. Ed. og prentað er í þskj. Jeg á hálferfitt með að trúa, að það sjeu þeir, sem í fyrra greiddu atkvæði með bankalögunum. Það væru þá helst þeir fáu, sem greiddu atkvæði á móti, sem ættu að hafa hrint þessu máli af stað. Jeg minnist þess, að einn meðal andstæðinga bankafrv. í fyrra var núverandi hæstv. dómsmrh., og get jeg þess vegna til, að hann sje sá maðurinn, sem bak við alt þetta stendur.

Viðvíkjandi stofnfje bankans leyfi jeg mjer að spyrja hæstv. stjórn, af því að aðeins er heimild í frv. til að greiða bankanum 3 milj. kr. viðbótarstofnfje, hvort það sje meiningin að láta bankann fá þá upphæð. Mjer skilst, að það geti ekki annað verið en að hæstv. stjórn sje þegar búin að taka ákvörðun um það atriði, af því að 5 manna nefnd hefir skoðað bankann og gefið stjórninni sitt álit á hag bankans. Jeg spurði við 1. umr., hver væri niðurstaða þessarar skoðunar, en fjekk ekkert svar. Hæstv. fjmrh. hefir að vísu síðan sagt mjer persónulega um niðurstöðuna. En jeg skal ekki skýra frá því hjer, því að jeg var ekki á því hreina með það, hvort hann ætlaðist til, að það skyldi opinskátt, er hann skýrði mjer frá. Þó að jeg viti þannig um niðurstöðuna af rannsókn á hag bankans, þá er mjer kunnugt um, að ýmsir í mínum flokki vita ekkert um hana. Jeg tel það mjög óheppilegt, að þingmönnum skuli ekki einu sinni vera skýrt frá niðurstöðunni. Það gæti orðið til þess að koma í veg fyrir getgátur og misskilning, ef það væri gert. Jeg hjó t. d: eftir því, að hv. 2. þm. Rang. sagði, að bankinn væri „vitanlega insolvent". Það er ekki gott að heyra slíkt sagt í þingdeildinni og vita kannske ekki sjálfur hið sanna. (**GunnS:** Bankinn gefur það upp sjálfur, að hann sje eignalaus). Já, að hann standi á núlli, en það stendur hvergi, að hann sje „insolvent" fyrir því. Og ef dæma má eftir framkomu hæstv. stjórnar, má ætla, að það sje ekki álit hennar, að svo illa sje komið fyrir bankanum, því að frv. hæstv. stjórnar, sem kalla má svo, gefur aðeins **heimild** til þess að greiða bankanum viðbótarstofnfje. Ef svo væri, að bankinn væri í svo sárri nauð sem hv. 2. þm. Rang. gefur í skyn, þá vildi jeg að minsta kosti mega ganga út frá því, að hæstv. stjórn væri fús til þess að hlaupa undir bagga.

Maður gæti hugsað sjer, að það kynni að vera eitthvað verra en þetta, af því að nú er stungið upp á ótakmarkaðri ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankans.

Jeg skil ekki í, að það geti verið neitt kappsmál að koma þessu frv. fram á þessu þingi. Málið hefði gott af því að bíða til næsta þings, ef ske kynni, að það yrði þá betur undirbúið. Jeg skil ekki, að það hafi neitt að segja fyrir bankann, þótt það dragist um eitt ár að koma þessum breytingum í kring. Það væri ekki nema gott að lofa landsmönnum að átta sig á því, hvort það er yfirleitt holt fyrir ríkið að taka ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Þótt undan sjeu teknar í frv. útlendar skuldbindingar, þá er vitanlega altaf hægt að breyta þeim í innlendar.

Út af 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að bankinn taki lán án tryggingar í eignum sjálfs sín, þá verð jeg að benda á, að mjer er ekki ljóst, hverskonar lán það geta verið. Jeg veit ekki betur en það sjeu lög í landi hjer og alstaðar þar, sem jeg þekki til, að taki maður lán, þá sje eign hans öll trygging fyrir láninu, hvort sem það er tiltekið sjerstaklega eða ekki. Ef maður lánar öðrum, þá hefir maður altaf tryggingu í eignum þess, er lánið þiggur. Jeg fæ ekki skilið, hvað þetta ákvæði felur í sjer, nema vera kynni, að „trygging" eigi hjer að þýða sama og „veð" í ákveðnum eignum bankans. Ef það er, þá er greinin í meira lagi undarlega orðuð og nær ekki þeirri hugsun, sem bak við það kynni að liggja.

Því hefir verið haldið fram, að það væri siðferðislega rangt að hafa ekki ríkissjóðsábyrgð á bankanum. En er þá ekki eins um erlendar skuldbindingar bankans og innlendar? Hvers vegna eiga aðrar siðareglur að gilda gagnvart erlendum skuldunautum og skiftavinum? Ef það er siðferðislega rangt gagnvart innlendum viðskiftamönnum, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á fje því, er þeir fela bankanum, þá hlýtur það líka að gilda gagnvart útlendingum. Siðferðismunur á innlendum og útlendum skuldbindingum getur ekki verið til. Annað mál er það, að jeg sje ekki þetta siðferðislega ranga við það að hafa ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans. Það er fullkomlega rjettmætt að taka ákveðinn hluta eigna sinna og setja í ákveðið fyrirtæki og láta það síðan ráða sjer sjálft án þess að hafa á því nokkra frekari ábyrgð. Þetta kemur fram bæði í hlutafjelagalögunum og hjá einstökum mönnum. Landsbankanum hefir verið fengið fje, sem hann á að ráða yfir í ákveðnum tilgangi. Og eins og hann á að njóta þess, er starfsemin gengur vel, svo á hann að bera skakkaföllin, en á ekki heimting á, að ríkið hlaupi undir bagga, hvenær sem á bjátar. Hitt er aftur á móti álitamál, hvað hyggilegt þykir að gera á hverjum tíma um stuðning við bankann, en að gefa slíkt loforð um ótakmarkaða ábyrgð fyrirfram er óvarlegt, undarlegt og óþarft.

Samkvæmt stjórnarskrá vorri er reglan sú, að enginn getur ráðið yfir fje ríkissjóðs nema Alþingi og stjórn landsins, en verði frv. þetta samþ., þá ræður stjórn Landsbankans óbeinlínis yfir því líka, þar sem tveir bankastjórar Landsbankans geta skuldbundið ríkissjóð. Þetta kemur óneitanlega dálítið undarlega fyrir, þegar þess er gætt, að hversu smávægileg fjárveiting, sem til umræðu er hjer á Alþingi, verður hún venjulega að ganga gegnum þrjár umr. í hvorri deild. Að

ganga inn á þessa braut, að aðrir en þing og stjórn geti bundið ríkissjóði fjárhagslega bagga, er því tvímælalaust á móti anda stjórnarskrárinnar, enda þótt svo kunni að vera, að það sje ekki beint á móti orðum hennar.

Annars fæ jeg ekki sjeð, að það sje verra að hafa takmarkaða ábyrgð á Landsbankanum en öllum sparisjóðum og fjölda sjóða, sem ríkið hefir stofnað, eins og t. d. Brunabótasjóð Íslands. Þar hefir ríkissjóður ábyrgð að upphæð alt að 800 þús. kr., og er ekki ábyrgur gagnvart sjóðnum fyrir hærri upphæð. Sama er að segja um Samábyrgð íslenskra fiskiskipa; þar er ábyrgð ríkissjóðs líka takmörkuð. Það á sjer því hvergi stað, að farið sje fram á jafntakmarkalausa ábyrgð ríkissjóðs eins og hjer er gert. Og hættan af þessu er auðsæ, því að bankastarfsemi er yfirleitt mjög áhættusöm, og það hefir reynslan líka sýnt okkur, eins og mörgum öðrum þjóðum, þar sem bankar okkar hafa tapað ca. 20 milj. króna á síðustu 10—15 árum. Það fer vitanlega eftir árferði, hve mikið tap bankanna er. Það er því mjög hæpið að ganga út frá því, að þessi skilyrðislausa ábyrgð á Landsbankanum geti ekki orðið hættuleg fyrir ríkissjóðinn. Mitt álit er því, að bankinn eigi að eiga sig sjálfur, vera sjálfstæð stofnun, sem standi á sínum eigin fótum. Geti hann það ekki nú, á að setja undir hann fæturna og láta hann svo eiga sig sjálfan.

Um 15 manna bankanefndina þarf jeg ekki að vera margorður. Um hana hefir svo mikið verið sagt. En jeg skal ítreka það, sem jeg hefi áður sagt, að mjer finst það höfuð, sem á bankanum er nú, vera nægilega stórt, enda er starf þessarar nefndar ekki annað en það, að kjósa bankaráðið, og þá sje jeg ekki annað en að Alþingi geti alveg eins kosið bankaráðið eins og að fela það starf 15 manna óþörfum millilið.

Þá get jeg ekki annað en tekið undir það, sem ýmsir aðrir hafa haldið fram, að það sje fyllilega óviðfeldið, og jafnvel hættulegt gagnvart öðrum peningastofnunum, að láta ríkissjóð bera ótakmarkaða ábyrgð á öllu sparisjóðsfje í Landsbankanum. Sjerstaklega getur það orðið hættulegt fyrir sparisjóði úti um land. Og jeg tel Landsbankann ekki hafa gert svo mikið fyrir sveitir landsins, að neitt rjettlæti geti verið í því að styðja hann til þess að soga til sín sparifje þeirra, sem þær annars gætu notað til útlána innan hjeraða. Jeg hjó eftir því, að háttv. 1. þm. Reykv. ljeti orð falla í þá átt, að hann teldi ekki óeðlilegt, þó að ríkið bæri ábyrgð á seðlaútgáfu bankans. En þar er jeg ekki á sama máli. Jeg held, að slíkt gæti orðið talsvert dýrt fyrir ríkissjóð, því að það mundi geta haft það í för með sjer, að bankinn væri skyldur að innleysa seðla sína á hverjum tíma fyrir nafnverð (pari). En slíka ábyrgð hafa engar þjóðir þorað að taka á sig. Hvað áhættuna snertir þarf ekki að minna á annað en hvernig fór á stríðsárunum, þegar gengismunurinn kom til sögunnar.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að jeg býst alls ekki við, að þessi breyting á bankalögunum verði til þess að skapa ró um bankann, en hún er honum nauðsynleg, eins og öðrum peningastofnunum. Og því til sönnunar þarf ekki annað en benda á, hvern-

ig gekk með Íslandsbanka meðan óróin var um hann. Þá gekk honum altaf ver og ver, en nú síðan friður varð um hann, hefi jeg fyrir satt, að honum sje farið að ganga miklu betur. Það sýnir best, hve nauðsynlegt það er, að ró sje um bankana.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Jeg get tekið undir það með hv. 1. þm. Skagf., að umræður þessar sjeu þegar orðnar óþarflega langar, og jeg efast líka um, að þær sjeu í alvöru, því að það lítur helst út fyrir, að andstæðingarnir hafi komið sjer saman um að halda uppi nokkru málrófi, því að þeir hafa staðið upp hver eftir annan og tekið upp sömu ástæðurnar. Það virðist því alveg bert, að þetta hafi verið ákveðið fyrirfram. Sömuleiðis hafa þeir leitt umræðurnar langt út fyrir efnið, með því t. d. að halda langa fyrirlestra um bankamál almennt. Líka hafa þeir verið að tala um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, sem gert var út um í fyrra og liggur því ekki fyrir nú. Það hefir því svo farið, að andstæðingar málsins hafa ekki orðið málstað sínum að því liði, sem þeir ætluðu, þar sem rök þeirra, ef einhver hafa verið, hafa kafnað í orðaflaumi. Það lítur því helst út fyrir, að þeir telji málstað sinn ekki svo góðan, að hann sje þess verður að rökræðast, og hafa því tekið þann kostinn að kæfa alt i orðaglamri. Og dettur mjer í því sambandi í hug gamli málshátturinn: „Altaf í þynnra að þynnra þynkuna allra hinna".

Hæstv. fjmrh. hefir svarað öllu því, sem fram hefir komið hjá andstæðingunum snertandi þetta mál, sem nokkru máli skiftir, því að þó langt sje síðan hann talaði, var þá alt komið fram, sem heitið geta ástæður, af því, sem þeir höfðu fram að bera. Get jeg því verið stuttorður. Og jeg mun halda mjer að nál. minni hl., því að engar ástæður hafa komið fram gegn frv., hvorki hjá hv. frsm. eða öðrum, sem ekki eru nefndar þar, og jeg mun alls ekki leggja út í það að fara að svara þessum löngu umræðum orði til orðs, heldur halda mjer við þau atriði, sem snerta málið sjálft, og svara því engu þeim atriðum, sem ekki snerta efni frv., eða útþynningunum.

Jeg skal þá strax skilja frá seðlaútgáfuna, því að hún liggur fyrir utan þetta mál nú. Þó vil jeg benda á, að með bankalögunum í fyrra var bankanum skift í þrjár deildir, aðskildar um rekstur og reikningshald, sem mjög auðvelt er að skilja í sundur, og það fljótlega, ef fyrirkomulagið þætti ekki reynast vel.

Það, sem mjer virtist vera aðalatriðið í ræðum hv. 1. minni hl. (ÓTh), var það, að honum þótti varhugavert að breyta svo fljótt Landsbankalögunum, sem samþ. voru í fyrra. En mjer finst það ekki nema eðlileg afleiðing af þeim skoðanamun, sem þá kom fram. Breytingin er gerð nú til þess að láta það fyrirkomulag, sem núverandi þingmeirihluti barðist fyrir í fyrra, fylgja bankanum frá upphafi, því að lögin frá í fyrra eru — svo að segja — ekki komin til framkvæmda enn. Þá er látið svo, sem breytingar þessar gætu frekar komið til mála síðar, t. d. eftir 3—4 ár, en þá ber þess að gæta, að slíkur tími væri þó of stuttur til að gefa nokkra ábyggilega reynslu.

Annars er það einn af höfuðkostum

þess, að hafa þing á hverju ári, hve fljótlega þá er hægt að breyta um, ef mistekst með löggjafaratriði.

Þessu fylgdi sú ásökun hjá háttv. þm. (ÓTh), að þetta væri svívirðileg tilraun til þess að ná tökum á bankanum. Út af þessum ummælum skal jeg taka það fram, að allir hv. þm., sem um málið hafa talað, hafa talað um það með fullri kurteisi, nema þessi eini þingmaður. Þessi gífuryrði hv. frsm. eru ekkert annað en rökvilla, sem hittir engan, nema þá helst hann sjálfan og þá flokksbræður hans, sem málinu fylgdu í fyrra. Skal að því vikið síðar. Einnig sagði hv. þm., að ef lögum þessum væri breytt nú, mætti búast við, að þeim yrði breytt aftur, í hvert sinn er skifti um meiri hl. í þinginu. Hann var því að hóta að gera slíkt hið sama og hann sjálfur telur svívirðilegt hjá öðrum. Annars má í þessu sambandi segja það, að þótt látið væri vera að breyta nú, þá er það engin trygging fyrir framtíðina, því að meiri hl. þings lætur aldrei binda sig — og á ekki að láta binda sig — í málum, sem hann telur mikilsverð.

Þá kem jeg að aðalatriði frv., ábyrgð ríkissjóðs á bankanum. Það kom fram hjá þessum hv. þm. o. fl., að þeir skilja ekki, hvað siðferðisleg ábyrgð er. Menn þessir virðast alveg gagnteknir af þeirri hugsun gróðafjelaganna, að hirða gróða þegar hann er að fá, en hlaupa svo frá öllum skuldbindingum þegar ver gengur og tap er. Það mætti láta sjer detta í hug, hvort hin miklu töp bankanna eigi ekki einmitt rót sína að rekja til svona hugsanagangs. Nei, það verður áreiðanlega altaf traustara, að menn byggi á þeim grundvelli, að standa við skuldbindingar sínar, eins og við ætlumst til, að gert verði með Landsbankann. Þetta hafa hv. andmælendur líka viðurkent, því að þeir hafa haft þau ummæli, að ef til kæmi, þá myndi ríkissjóður verða að hlaupa undir bagga með bankanum, svo hann bæri ekki upp á sker. Hví þá ekki að játa þetta undanbragðalaust? Þetta er reynslan líka búin að margsanna, þar sem ríkissjóður hefir hvað eftir annað hlaupið undir bagga með jafnvel einkabanka, sem áreiðanlega væri margfarinn um koll, ef ríkið hefði ekki styrkt hann.

Þá er það eitt höfuðatriðið í röksemdafærslu hv. andmælenda gegn ábyrgð ríkissjóðs á bankanum, að hún yrði til þess að draga fje frá sparisjóðum úti um land. Þeir, sem setið hafa á fyrri þingum, munu kannast við þessa röksemdaleiðslu. Menn hafa sem sje óttast, að einkabankar gætu ekki starfað, ef ríkisbankanum væru veitt einhver forrjettindi framyfir þá. Hvað snertir hættu þá, sem sparisjóðunum hefir verið talin stafa af ábyrgð ríkissjóðs á sparisjóði Landsbankans, þá held jeg, að ekkert þurfi að óttast. Til sparisjóðastarfseminnar úti um land liggja aðrar og dýpri ástæður en aðeins þær, að geyma sparifjeð tryggilega. Menn hafa stofnað þá til þess að bæta úr peningaþörf hjeraðanna, og sá hugsunarháttur hefir gripið svo fast inn í meðvitund manna, að hann mun ekki þoka fyrir annari eins hugsun og þessari. Menn úti um land, sem lagt hafa fje sitt í sparisjóðina, þekkja ekki slíkan hugsunarhátt sem þennan. Reynslan er líka margbúin að sýna,

að sparisjóðir úti um land eru tryggar stofnanir, þó að þeir hafi ekki ábyrgð ríkissjóðs. Þeir hafa tryggingu í sparisjóðslögunum og sínum varlegu starfsvenjum, og auk þess er fyrir þeim sjerstök ábyrgð. Það er alveg rjett, að ef svo færi, að einhver sparisjóður lenti í kreppu, þá er líklegt, að það myndi draga frá honum. En slíkt myndi jafnt verða, hvort sem frv. þetta yrði samþ. eða ekki, því að það eru fleiri tryggar leiðir til að ávaxta fje en að ávaxta það með sparisjóðskjörum, t. d. að kaupa vaxtabrjef veðdeildar eða ræktunarsjóðs.

Þá lagði hv. frsm. 2. minni hl. (SE) áherslu á, að það væri hættulegt fyrir „kredit" landsins, að bankinn mætti taka lán erlendis gegn veði í sjálfs sín eignum. En þetta hefir alls enga þýðingu, þegar bankinn er eign ríkisins og gengið er út frá, að það beri ábyrgð á honum.

Þá var þessi hv. þm. að tala um, að þetta fyrirkomulag á bankanum myndi koma nærri stjórnarskránni. Með stjórnarskránni væru settar strangar reglur um veitingu fjár úr ríkissjóði, en hjer væri verið að efna til þess, að væru eins og tveir ríkissjóðir, hinn minni — hinn eiginlegi ríkissjóður — og hinn stærri — bankinn. Svona tal hlýtur að koma af því, að menn skilja ekki muninn á fjárveitingum úr ríkissjóði og úr bankanum. Það fje, sem veitt er úr ríkissjóði, er venjulega ekki afturkræft, en það, sem veitt er úr bönkum, er afturkræft, enda lánað gegn tryggingum. Þessi munur ætti öllum að vera ljós. Svo er ábyrgð ríkissjóðs til frekari tryggingar, að bankinn verði ekki fyrir tjóni, ef eitthvað ber út af.

Ein ástæðan, sem færð hefir verið fram gegn frv., er sú, að með því eigi að draga frá bankanum nauðsynlegt stofnfje. Þetta er alls ekki rjett. Enda er það af flestum hv. andstæðingum játað, að ekki sje verulegur munur á frv. og gildandi lögum um þetta efni. Í öðru tilfelli er heimilað að leggja fram fje strax, en í hinu er gert ráð fyrir, að það verði gert þegar og ef með þarf. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, mun það mikið spursmál, hvort það er ekki einmitt betra fyrir bankann. Hann fer þá vel og varlega með það, sem hann hefir, og á hitt til vara, ef hann þarf með. Hitt ætla jeg að varði meiru, að bankanum sje vel og hyggilega stjórnað, en það, þó að hann fengi nú þegar einhverja viðbót við stofnfje sitt, þó það væru 3 miljónir. Því að ef litið er á það, hve miklu bankinn hefir tapað á undanförnum árum, þá hygg jeg, að jafnvel 3 miljónir mundu hrökkva skamt til að vega á móti því. Þess má líka geta, að ef honum er vel og gætilega stjórnað, svo að komist verði hjá töpum, mundi hann geta safnað sjer varasjóði allmiklum á jafnvel fáum árum, og um það er betur búið í frv. og betur fyrir því sjeð, að hann fái að njóta þess.

Þeir hv. þdm., sem verið hafa á fyrri þingum, kannast við, að fyrv. fjmrh. (JÞ) gat þess í umr. um bankamálið, að hentast mundi að leggja stofnfjeð til á þann hátt, að ríkið tæki að sjer eitthvað af þeim lánum, sem það hvort sem er stendur í ábyrgð fyrir. Ef svo væri að farið, þá yrði ríkissjóður auðvitað að standa straum af vöxtunum, en það er ekki það aðalatriði, sem skiftir verulegu máli um

afkomu bankans á svo stórkostlegri veltu sem hann hefir.

Þá var það breytingin á stjórnarfyrirkomulagi bankans. Um hana hafa komið fram nokkuð skiftar skoðanir. Sumir hafa talið hana til spillis, en aðrir ekki. Álit hv. andstæðinga okkar hefir ekki fallið á eina leið um það. Nú hafa þeir tekið það fram, að mest riði á því að skapa sem mesta ró um bankann. Þessi breyting lýtur nú einmitt að því að gera nokkurskonar skjólgarð um bankann, svo að hann verði sem minst háður tíðum skoðanaskiftum þings og stj., svo að hann geti starfað sem óháðastur. Það er því hvað á móti öðru að halda því fram, að nauðsynlegt sje að skapa ró um þessa stofnun, sem allir eru sammála um, og svo að vera á móti þessari breytingu, sem einmitt á að tryggja hana. Því verður ekki neitað, að það er ekki hægt að hafa eins snögg áhrif á stjórn bankans gegnum nefndina eins og gegnum þingið. Þetta með landsbankanefndina var líka ein af þeim till., sem milliþinganefndin lagði mesta áherslu á, einmitt út frá þeim forsendum, sem jeg nú hefi lýst.

Það var álitamál á sínum tíma, hvort það væri rjett að láta Landsbankann hafa seðlaútgáfuna, og þetta var ein af þeim varúðarráðstöfunum, sem talið var nauðsynlegt að gera til þess að það gæti talist óhætt.

Það kom berlega fram hjá hv. 1. þm. Reykv., hve auðvelt menn eiga með að skifta um skoðun, því að um leið og hann lýsti því, hve hættulegt það væri að láta stofnun eins og Landsbankann vera háða tíðum skoðanaskiftum, þá gekk mikill hluti af ræðu þessa bankaráðsmanns í það að afsaka sín eigin skoðanaskifti, að hann nú er á móti því, sem hann fylgdi meðan hann starfaði í milliþinganefndinni. Hv. 2. þm. G.-K. vildi nú setja þetta í samband við þá „svívirðilegu" tilraun andstæðinga sinna til að ná tökum á bankanum. Jeg hefi nú talað um þetta áður. En jeg vil nú spyrja hv. þm., hvort andstaða flokksbræðra hans gegn þessu máli er sprottin af því, að þeir finni nú, að þeir sjeu að missa tökin á bankanum og málefnum hans. Ef hv. þm. vill halda slíku fram, að þessar hvatir ráði afstöðu okkar til málsins, þá verður hann líka að láta sjer lynda, að dæminu sje snúið við og þetta heimfært upp á hann og hans skoðanabræður. Jeg vil ekkert um það segja. Jeg læt hann um það, hvort hann vill halda þessu fram eða ekki.

Jeg hefi þá minst á allar þær höfuðmótbárur, sem hv. andstæðingar hafa fært fram gegn málinu.

Þá er eitt atriði, sem jeg vil minnast á nokkuð, þótt mjer beri ekki fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að svara til þess, og það eru þau ámæli, sem hæstv. stj. hefir hlotið fyrir að hafa ekki gert heyrinkunnugt mat það, sem fram hefir farið á Landsbankanum. — Við, sem vorum í minni hl. í fyrra, viðurkendum ekki þetta mat og álitum það þýðingarlaust, og það er það að vísu. Það verða allir að viðurkenna, að mat á slíkri stofnun getur aldrei orðið ábyggilegt til þess að byggja neitt á fyrir framtíðina. Enda er mat ekki annað en áætlun, sem er breytileg, eftir því á hvaða tíma hún er gerð. Ef mat væri framkvæmt á

lega á bankanum, þá mundi það sýna sig, að niðurstöðurnar yrðu breytilegar. Það er álitið, að hagur bankans hafi batnað á síðasta ári, og ef vel gengi, má gera ráð fyrir, að útkoman yrði alt önnur að ári liðnu. Það er líka ástæðulaust að kippa sjer upp, þó að miður vegni eitt árið en annað. En svo er annað, sem sýnir, hvað þýðingarlítið þetta er. Það er það, að ríkið ber ábyrgð á öllu hvort sem er. Hvað þýðir þá að vera að búa sjer til tölur, sem ekkert er á að byggja í raun og veru? — Jeg vildi aðeins láta þessa athugasemd fylgja um þetta atriði.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál að svo stöddu. Jeg býst reyndar við, að andstæðingarnir rísi nú aftur upp í keðju til að „fá að tala um málið". En jeg mun ekki skifta mjer mikið af því, að minsta kosti ekki við þessa umr. Jeg sje ekki ástæðu til að skemta — jeg vil ekki segja skrattanum — með því að gefa þeim kærkomið tilefni til að hafa eitthvað til að tala um. Jeg mun því hjer eftir láta þá tala við sjálfa sig við þessa umr.

Frsm. annars minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg vil hefja mál mitt með því að taka það fram, að jeg kannast alls ekki við, að jeg hafi reynt að tefja málið. Það er dálítið hart að telja mínúturnar, sem maður talar til að verja sig gegn árásum stjórnarflokksins. — Jeg veit ekki til, að hæstv. stjórn hafi neina ástæðu til að banna umr. um mál. Það er algerlega nýtt á þingi að þurfa að sitja undir ámælum frá frsm. stjórnarflokksins fyrir að halda fram sinni skoðun. Mjer fanst líka síður ástæða til þess fyrir hv. frsm. meiri hl. að dvelja við þetta atriði, vegna þess, að mjer þótti þau rök, sem hann hafði fram að bera, svo ljettvæg, að hann hefði gott af að hlusta á meiri umr. um þetta mál en orðnar eru.

Mjer er að einu leyti óljúft að tala um þetta mál. Mjer er nefnilega fullljóst, að það hefir alls enga þýðingu, hversu þung rök sem fram eru borin. Jeg ætla þó að segja nokkur orð, og skal jeg þá snúa mjer strax að þungamiðju málsins, sem er ríkissjóðsábyrgðin. Jeg hefi ekki getað sjeð, að hv. frsm. meiri hl. hafi fært gild rök fyrir því, að þessi ótakmarkaða ábyrgð sje sjálfsögð.

Við erum auðvitað börn í bankamálum enn. Reynslan hjá okkur er svo lítil, og það er því eðlilegt, að við lítum á þá erlendu reynslu til að geta bygt á henni.

Jeg hefi í nál. mínu skýrt frá því, að jeg hefi fengið hagfræðing til að gefa upplýsingar um, að hve miklu leyti það sje regla erlendis, að ríkin beri ábyrgð á bönkunum. Jeg hygg nú, að hv. þdm. hafi kynt sjer þá skýrslu, sem hann hefir gefið um þetta og prentuð er í nál. Eitt atriði langar mig þó til að minnast á í sambandi við hana. Eins og sjá má af skýrslunni, er vafasamt, hvort nokkur banki hefir algera, ótakmarkaða ríkisábyrgð. — Í Danmörku er þó dæmi um það, um fyrverandi einkabanka, „Landmandsbanken". Um það vita allir, að það var neyðarúrræði. Síðan hafa staðið mjög harðar deilur um þessa ríkisábyrgð, og hefir orðið samkomulag um, að ríkið þurfi að losa sig úr þessari ábyrgð. Nú er sú niðurstaða orðin eftir miklar og harðar deilur, að ríkis-

sjóður Dana á að greiða tap bankans, 134 miljónir króna, og auk þess 36 miljónir í varasjóð og 50 miljónir sem hlutafje. — Þessi hlutabrjef á svo að selja, en ríkissjóður Dana á að losna úr ábyrgðinni. Hann á að leggja bankanum til fje, en svo á hann að standa á eigin fótum.

Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji líkja Landsbankanum við þennan danska banka, heldur til þess að benda á, hvernig ríkisábyrgðin hefir reynst hjá Dönum og hve mikla áherslu þeir leggja á að losna úr henni.

Í sambandi við þetta langar mig til að draga fram annað atriði. Það er það, hvernig litið er á það hjá sambandsþjóð okkar, hvað heppilegt það væri að hafa bankaeinveldi í landinu. — Því verður ekki neitað, að þegar búið er að taka ótakmarkaða ábyrgð á Landsbankanum og þannig gera ráðstafanir til að draga sparifje landsmanna alt til hans, þá fer að nálgast bankaeinokunina.

Í nýrri skýrslu frá ‚Handelsbanken' má sjá, hvernig hann lítur á það, ef ‚Landmandsbanken' hyrfi úr sögunni. Því er haldið fram, að það sje mjög nauðsynlegt að láta „Landmandsbanken" lifa. Þeir líta svo á, að vegna nauðsynja á því að skapa ekki bankaeinveldi sje nauðsynlegt að hafa fleiri en 2 einkabanka.

Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, er ekki hægt að komast framhjá því, að það er litið svo á hjá erlendum bankafræðingum, að það sje óheppilegt, að seðlabanki taki á móti fje til ávöxtunar. Nú hefir það verið ákveðið, að Landsbankinn skuli hafa seðlaútgáfuna og einnig reka sparisjóðsstarfsemi. Um það þýðir ekki að fást. En nú á að bæta úr þessu með því að stuðla að aukning sparifjárins Jeg meina, að það sje yfirleitt ekki hægt að komast framhjá því, sem er viðurkend regla í peningamálum heimsins, að hjer á Alþingi sje ekki hægt að strika yfir það með nokkrum orðum og segja, að það sje hjegómi einn, sem alstaðar er viðurkent, sem sje, að það sje ekki heppilegt, að seðlabanki fái sparisjóðsfje til ávöxtunar. Og hverjir standa betur að vígi í deilunni, þeir, sem hafa að baki sjer erlenda aldagamla reynslu um allan heim, eða hinir, sem vilja ganga nýjar leiðir, þvert gegn allri reynslu, og brjóta þar með allar viðurkendar reglur? Jeg held, að það sjeu vafalaust þeir, sem styðjast við reynsluna, og því fremur, þar sem segja má, að peningamálin sjeu „international", það er að segja, gildi sömu reglur um þau alstaðar í heiminum.

Hæstv. fjmrh. benti á það, að ríkissjóður hefði tekið ábyrgð á fleiri bönkum, fyrir Landsbankann 750 þús. og á Íslandsbanka. Jeg vil geta þess, að mjer virtist það koma berlega fram í ræðu hans, að hann var ekki að taka þetta fram í þeim tilgangi að meinast við Íslandsbanka. En jeg vil segja honum, að mismunurinn er auðvitað sá, að þar er tekin ábyrgð á takmarkaðri upphæð, og það er vitanlega alt annað en sú stórfelda ábyrgð í eitt skifti fyrir öll, sem hjer er um að ræða. Og jeg vil nú benda honum á, hvernig sú ábyrgð mundi lýsa sjer. Ef ríkissjóður þyrfti að fá lán, mundu erlendir lánardrotnar auðvitað spyrja, hvernig fjárhagur ríkissjóðs stæði, en hann mundu þeir ekki einungis meta eftir þeim skuldum, sem ríkissjóð-

væri í, heldur einnig eftir þeim ábyrgðum, sem hann væri í. Ef um takmarkaðar ábyrgðir er að ræða, getur lánveitandi altaf sjeð, hve stórar skuldbindingarnar eru. Og hvað snertir ábyrgð Íslandsbanka, þá er þess að gæta, að á bak við hana stendur föst trygging, og það skiftir miklu máli. En ef um ábyrgðir af hálfu ríkissjóðs er að ræða, þá er ekki hægt að þekkja hag ríkissjóðs nema með því að þekkja aðstöðu bankans. Og jeg held, að það geti ekki verið heppilegt fyrir fjármálalíf þjóðarinnar, að þessu sje slegið svo fast saman í eina heild. Jeg held, að það verði miklu heppilegra, eins og jeg legg til í nál. mínu, að Landsbankinn fái svo mikinn styrk nú þegar í eitt skifti fyrir öll, að hann geti staðið fast á eigin fótum. Jeg held, að það sje einmitt mjög heppilegt, að Landsbankanum, sem er nokkurskonar ríki í ríkinu, sje skipuð sú fjárhagslega aðstaða í eitt skifti fyrir öll, að hann þurfi ekki altaf við og við að vera að knýja á dyr ríkissjóðs. Jeg held, að það sje ákaflega heppilegt, að Landsbankinn fái slíka fjárhagslega aðstöðu, svo að hann geti staðið á eigin fótum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri höfuðatriðið, að framkvæmdarstjórn bankans, bankastjórnin sjálf, væri vel skipuð. Þetta er auðvitað alveg rjett; það er yfirleitt höfuðatriðið í bankamálunum að hafa sem besta bankastjóra, og það getur fleytt hverjum banka yfir mörg sker. En það, sem líka skiftir ákaflega miklu máli, er það, að sjálft fyrirkomulag bankans sje ekki alt of þungt í vöfunum.

Út af ummælum hæstv. fjmrh. vil jeg geta þess, að þegar jeg var að tala um það, að bankinn gæti tekið lán út á eigin eignir án ríkissjóðsábyrgðar, þá var jeg að gera grein fyrir því, að takmarkanir, sem gerðar væru, væru þannig lagaðar, að í raun og veru mætti segja, að ríkissjóður hefði að öllu leyti fulla ábyrgð á bankanum og að bankinn gæti skapað ríkissjóði nýjar og nýjar skuldbindingar með ráðstöfunum sínum. Ef töp verða í þessum tilfellum og gengið er að bankanum, þá stækkar ábyrgð ríkissjóðs, því að þá missir bankinn þær eignir, sem hann annars hefði getað gripið til.

Hinsvegar hefir verið tekið fram, að ef um víxlarafjelag innlent væri að ræða, sem rjeði yfir nægu fje, þá gæti Landsbankinn tekið lán hjá því án lagaheimildar.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að jeg hefði talað um hinn stærri og hinn minni ríkissjóð. Það er rjett; jeg hafði þau ummæli. Jeg talaði um þann minni ríkissjóð, sem Alþingi og stjórn eiga að vaka yfir. Og eins og kunnugt er, eru mjög strangar reglur fyrir fjárveitingum úr þeim sjóði, og sýnist þó ekki veita af. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það liti út fyrir, að jeg hefði ekki gert mjer grein fyrir því, að þessir tveir sjóðir eru ólíks eðlis. Væri sá eðlismunur á þeim, að fje, sem veitt væri úr hinum fyrra, væri ekki afturkræft, en aftur á móti væri það fje afturkræft, sem veitt væri úr hinum síðara. Þetta er alveg rjett. En eigi að síður sýnir reynslan það, að lán, sem veitt eru í bönkum, geta tapast, og þarf ekki að fara inn á það, en sýnilegt er, að ríkissjóður getur komið til með að bera ábyrgð á slíkum töpum, ef illa fer. 2—3 menn, sem stjórna

bankanum, geta auðvitað með sínum ráðstöfunum skapað svo og svo mikla áhættu fyrir ríkissjóð.

Jeg hefi ekki allra minstu trú á því, eins og hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. virtust halda fram, að ef þessi 15 manna nefnd væri sett yfir bankann, þá væri þar með sett full trygging fyrir því, að vel væri farið með fje bankans, eða að þá væri að minsta kosti minni ástæða til þess að vera hræddur við það, að bankinn yrði settur í sjerstakar áhættur. Jeg get ekki skilið, að svo sje. Reynslan mun verða sú, að hvernig sem þessu bankaráði er fyrir komið, þá verður það framkvæmdarstjórn bankans, sem aðalráðstafanirnar gerir, og aðalábyrgðin hlýtur því að hvíla á henni; og er það auðvitað eðlilegt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki heppilegt að blása að þeim kolum, að gera menn hrædda við bankann. Jeg veit, að hann hefir ekki getað beint þessum orðum til mín. Jeg veit, að jeg hefi hagað svo orðum mínum, að enginn hefir getað skilið þau svo, að jeg vildi með þeim auka tortrygni eða hræðslu við bankann. En ef svo skyldi vera, að einhverjir skyldu ætla, að till. mínar í þessu máli stöfuðu af því, að jeg er bankastjóri í öðrum banka, þá vil jeg benda þeim mönnum á það, sem ekki hafa tekið eftir því, að allar tillögur mínar í þessu máli ganga í þá átt að styðja Landsbankann, og eftir því, sem jeg fæ betra yfirlit yfir bankamál í þessu landi, því betur verður mier það ljóst, að það er stórhagur einnig fyrir Íslandsbanka, að Landsbankinn standi sem föstustum fótum, því að ef vel er að gætt, þá kemur það í ljós, að hagsmunir bankanna eru svo samtvinnaðir, að hvortveggja þeirra hefir stórhag af því, að hinn sje sem best stæður.

Það veitir sannarlega ekki af því, að báðir bankarnir starfi af fullum kröftum. Jeg verð að segja það í fullri alvöru, að jeg tæki mjer það hreint og beint nærri, ef skilið er við þetta mál svo, að Landsbankinn fái ekki þann styrk, sem jeg veit, að hann þarf að fá. Því að tilgangurinn með stofnun seðlabanka og tilætlunin með því að gera Landsbankann að seðlabanka var sú, að hann ætti að geta haft tök á fjármálalífi þjóðarinnar. En hvernig á hann nú að geta haft tök á því? Hverja aðstöðu hefir Landsbankinn til þess? Hann fær hana áreiðanlega ekki, þótt ríkissjóður taki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Jeg hefi enga tilhneigingu til þess að fara nú að endurtaka hitt og þetta, sem jeg hefi áður sagt um þessi mál. Jeg hefi því aðeins drepið á helstu höfuðatriði þessa máls. Þó skal jeg víkja fáeinum orðum að fyrirkomulagi þessarar 15 manna nefndar, sem setja á yfir Landsbankann.

Jeg er satt að segja alveg steinhissa á því, að menn skuli hafa trú á því, að þessi nefnd muni verða heppileg fyrir bankann. Jeg skil ekki, hvernig menn geta vonað, að bankinn verði síður pólitískur, þótt þessi nefnd verði sett yfir hann. Því að hún verður pólitísk. Hún á að verða kosin af Alþingi til 6 ára, og því hlýtur hún að verða kosin pólitískt. Jeg að minsta kosti get ekki vænst þess, að nefnd, kosin hjer á Alþingi, úr hinum pólitíska eldi, sem hjer brennur, verði ópólitísk. Jeg held þvert á móti, að hún verði til þess að koma bankanum enn meir undir pólitísk

áhrif enn nokkru sinni fyr. Og jeg fæ ekki annað sjeð en að hún brjóti einnig bág við þá stefnu að gera alt sem einfaldast og óbrotnast um embættaskipun landsins. Og þess er áreiðanlega ekki vanþörf, að tilraun sje gerð til þess, því að ella munum vjer sjá það, að það mikla embættabákn, sem komið er upp í þessu litla landi, mun vaxa okkur yfir höfuð. En það er langt frá því, að sú stefna, sem hjer verður vart, gangi í þá átt að gera alt sem óbrotnast í þessum efnum, heldur er það þvert á móti. Hún gengur í þá átt, að búa til svo óskiljanlega mikinn embættislýð kringum ekki stærri stofnun en Landsbankann.

Jeg veit, að það þýðir ekki að tala um þetta, en jeg vil minna á það, sem jeg hefi sagt í nál. mínu og lagt mikla áherslu á í fyrri ræðu minni, að jeg tel það mjög óviturlegt að láta þessi lög ganga í gildi nú þegar, eða með öðrum orðum að fara nú eftir aðeins eitt ár að breyta því, sem breytt var í fyrra. Því að það er föst grundvallarregla bæði hjer og annarsstaðar, að þótt stjórnarskifti verði, er ekki breytt um opinbera starfsmenn, ef þeir hafa staðið vel í stöðu sinni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þeir, sem væru í minni hluta, yrðu að sætta sig við þær breytingar, sem meiri hlutinn vildi gera láta, í þessu tilfelli sem öðrum. Jeg tek nú ljett á þessu. Jeg var í minni hluta er fyrri stjórn sat og er í minni hluta enn. Jeg hefi skýrt frá því, að jeg tel, að það sje mjög hætt við því, að með þessu verði gerður órói kringum bankann. Því að, ef núv. stjórn hefnir sín svo grimmilega á pólitískum andstæðingum sínum, að hún rekur burtu úr stöðunum þá, sem í þeim eru nú, við hverju má þá búast, þegar andstæðingarnir koma aftur til valda? Þá munu þeir sennilega gjalda líku líkt og reka aftur sína andstæðinga. Það er þetta, sem jeg kvíði. Þess vegna er jeg hræddur um, að slík byrjun geti orðið upphaf nýrrar pólitískrar styrjaldar, þar sem andstæðingarnir reki hver annan burt á víxl. En hvað það mundi holt eða heppilegt okkar litla þjóðfjelagi, það ættu allir hinir gætnari menn að skilja.

Jeg býst við, að jeg muni ekki lengja mikið umræðurnar um þetta mál úr þessu, því að jeg hefi ekki trú á, að það hafi nein áhrif á úrslit þessa máls, þótt eitt og annað sje hrakið af því, sem hjer hefir verið haldið fram af stuðningsmönnum frv. Það má því vel vera, að jeg hafi ekki svarað öllum aths. hæstv. fjmrh., sem þó væri ef til vill ástæða til að svara. En annars get jeg vísað til nál. míns, enda má vera, að betra tækifæri gefist við 3. umr. til að athuga eitthvað af því nánar. En ef jeg hefði nokkra minstu von um það, að hægt væri að koma fram nokkrum breytingum, þótt ekki væri nema á helstu meginvillum þessa frv., þá skyldi jeg halda hverja ræðuna á fætur annari. En jeg veit, að það þýðir ekkert, því að það er þegar búið að ákveða alt fyrirfram um gang málsins.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Jeg hafði í fyrstu ræðu minni kvartað yfir því, að hæstv. fjmrh. skyldi ekki hafa tíma til þess að vera viðstaddur umræðurnar um þetta mál, svo að hann gæti skýrt þetta afarmikilvæga mál fyrir okkur hinum

óbreyttu þm. En nú varð jeg fyrir því láni, að hann kom inn í deildina rjett í því að jeg var að ljúka máli mínu, og þótt hann hefði ekki heyrt nema síðustu orð mín og engin meginatriði ræðu minnar, þá vjek hann að mjer allmörgum orðum, og ekki öllum vingjarnlegum. Hann kvaðst hafa rætt mikið um þetta mál, og gæti hver þm. lesið það í handritum þingtíðindanna, er frammi lægju í lestrarsal. Hæstv. ráðh. veit þó, að svo mikið hefir verið að gera á þessu þingi, að þm. hafa haft annað að gera en að lesa alt, sem sagt hefir verið í umræðum í annari deild, og því fremur ætti hann að vita það, þar sem hann veit, að við sitjum hjer oft 12—18 tíma á þingfundum, og þar sem hann veit ennfremur vel, að við höfum fleira að gera en það, því að við verðum auk þess að vinna að nefndarstörfum.

Hæstv. ráðh. kvaðst hafa skilið mig svo, að jeg áliti, að afgreiðsla mála á þessu þingi væri til skammar, og þá um leið sjálfum mjer til skammar. — Þetta er rjett; jeg álít, að svo sje. En jeg reyndi að bera í bætifláka fyrir hv. þm. með því, að málin, sem fyrir þessu þingi hafa legið, hafa verið svo mörg og stór, að ekki hefir verið *hægt* að vinna að þeim svo sem þurft hefði og sjálfsagt væri. Ábyrgðina á því bera svo, eftir mínum dómi, þeir, sem flest frv. flytja, en það eru, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði í sinni ræðu og sannaði, stjórnarflokkarnir, því að þeir hafa flutt nokkuð á annað hundrað frv., en andstæðingar þeirra aðeins 12, og auk þess 9 frv. í sameiningu við hina.

Jeg hafði haldið því fram í viðurvist hæstv. ráðh., að þessar tíðu breytingar á löggjöfinni væru óviðeigandi. Hæstv. ráðh. taldi þær bera vott um öra framþróun, en jeg hygg það rangt vera; hitt mun sanni nær, að þær beri vott um það, sem jeg einmitt var að segja, að það sje ekki svo vandað til starfa þingsins sem skyldi, og því er það löngum svo, að það þarf ár eftir ár að vera að lappa upp á það, sem fyrri þing hafa gert, og hygg jeg, að það verði aldrei talin nein þingprýði. Vil jeg svo aðeins, í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði í minn garð, beina frá mjer þeim ásökunum, að jeg væri í fremstu röð þeirra manna, sem tefja þingið með óþörfum umræðum. Það er að vísu satt, að jeg hefi talað í allmörgum málum, en þó lítið í öðrum en þeim, sem jeg hefi sjálfur borið fram eða verið frsm. að, eða þeim, sem jeg þá hefi búist við að verða frsm. að, en sem ekki hafa komið frá nefnd, enda tel jeg skyldu mína að gera svo. Annars er það víst löngum svo, að stjórnarflokkurinn, hver sem hann er, er yfirleitt hneigður til að líta svo á, að andstæðingarnir sjeu altaf með óþarfa málalengingar, þegar þeir eru að gagnrýna aðgerðir stjórnarinnar. En jeg hjelt, að svo þingvanur maður sem hæstv. ráðh. myndi ekki telja það nema rjett, að þeir vildu ekki láta málin ganga fram án þess að segja álit sitt um þau, enda er það skylda flokkanna. Þeir verða að bera fram rök sín í málunum, og svo sker stjórnarflokkurinn úr um það, hver rök hann tekur til greina hjá andstæðingunum.

Svo vil jeg víkja nokkrum orðum

að hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar, en þau verða ekki mörg, vegna þess að hann svaraði í rauninni heldur fáu af því, sem jeg hafði talað um í minni framsöguræðu. Jeg hafði bent á, að það væri skaðlegt, að ríkissjóður tæki ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, svo sem nú er ætlast til samkvæmt því frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg hafði talið það skaðlegt vegna þess, að það myndi draga úr starfsemi annara sparisjóða í landinu, en jafnframt er seðlabanka enginn hagur að því, að í hann streymi sparifje landsmanna. Jeg hafði leitt rök að þessu undir fyrri umræðum um málið, og hirði nú ekki að fara að endurtaka þau, en vil aðeins andmæla því, sem hv. frsm. sagði um þetta. Hann taldi nefnilega, að vegna þess að sparisjóðirnir hefðu alveg víst og ákveðið hlutverk að vinna, hver í sínu hjeraði, þá væri þar með trygt, að eigendur sparifjár myndu ekki taka fje sitt úr þeim til þess að leggja það í Landsbankann, þótt sparisjóðirnir yrðu sjálfir og einir að bera ábyrgð á því fje, sem þeir hefðu, en ríkið annars bæri ábyrgð á því sparifje, sem ávaxtað væri í Landsbankanum. Jeg er samþykkur hv. frsm. meiri hl. um það, að menn muni nokkuð líta svo á sem hann segir, en hitt er aftur víst, að ef það kemur oft fyrir, að menn tapi fje sínu í sparisjóðunum, eins og átti sjer stað um sparisjóðinn á Eyrarbakka fyrir nokkru, og sem getur komið fyrir oftar og annarsstaðar, þá er það víst, að menn fara eingöngu að ávaxta fje sitt í Landsbankanum, þar sem þeir hafa ábyrgð ríkissjóðs á því.

Mjer skildist, að hv. frsm. meiri hl. væri enn að tala um það, að ríkissjóðsábyrgð á Landsbankanum væri alveg eðlileg og nauðsynleg til þess að málið stæði á siðferðislegum grundvelli, og að fyrir honum vekti það, að best væri, að menn stæðu við sínar skuldbindingar. Við erum alveg sammála um það, að sjálfsagt sje, að hver og einn standi við sínar skuldbindingar, en einmitt sá, sem viðurkennir þetta, á líka að geta fundið, að það er best að fara varlega um skuldbindingar. Og hvað snertir siðferðisgrundvöllinn, þá er honum ekki raskað, hvor leiðin sem farin er, því ef ríkissjóður leggur Landsbankanum stofnfje og tilkynnir svo alþjóð manna, að þessi ábyrgð sje aðeins við það fje bundin, þá eru engin svik höfð í tafli. Það veit jeg, að hv. þm. viðurkennir.

Jeg hafði sagt, að það væri mjög illa ráðið að ætla nú að vinda bráðan bug að því að breyta stjórn bankans með þeim hætti, sem frv. tilgreinir, nefnilega með því að víkja hinu nýskipaða bankaráði frá þegar í stað og velja annað í staðinn, og jeg hafði sagt, að í mínum augum væri þetta aðeins svívirðileg tilraun til þess að ná völdum í bankanum. Við þessi ummæli ætla jeg að standa, því að þetta er mín skoðun og jeg er alveg sannfærður um það, að þeir, sem ekki samsinna mjer um þetta, þeir munu þó flestir hafa grun um, að tilgangurinn sje sá, að ná völdum í bankaráðinu. Og ef menn vilja hafa þetta ámæli af sjer, þá er leiðin sú, að láta ekki þessa breytingu koma til framkvæmda fyr en kjörtímabil bankaráðsmannanna er á enda. Ef það er breytingin sjálf, sem máli skiftir, þá er það ekki svo mikilsvert, hvort hún kemur til greina nokkrum árum fyr eða síðar, en ef

um völdin er að ræða, þá er það annað mál, og af því að meiri hl. þingsins stendur svo fast að því, að þetta komist til framkvæmda strax, höfum við mótstöðumenn frv. fulla ástæðu til að halda því fram, að auðsjeð sje, hvað vaki fyrir stuðningsmönnum þess.

Hv. frsm. sagði, að jeg hefði haft í hótunum um það, að ef þessu yrði breytt þannig nú, þá myndi því strax verða breytt aftur, þegar annar þingmeirihluti kæmist til valda. Jeg hafði engar hótanir í frammi, sagði aðeins, að mjer þætti ekki ólíklegt, að uppskeran yrði eftir því, sem sáð hefði verið, en hjer er því sáð, að eðlilegt mætti virðast, að þingmeirihlutinn krefðist þess á hverjum tíma, að bankaráðið væri rjett spegilmynd af honum. Jeg óttast að þetta verði svo, en þetta voru engar hótanir frá minni hendi, heldur aðeins gagnrýning á því, sem hjer væri verið að stofna til, og látinn í ljós ótti við það, hvaða afleiðingar þetta tilræði hefði. Það er ekki nema eðlilegt, þegar hnefinn er reiddur að einhverjum, að hann vilji, þegar andstæðingurinn snýr vel við höggi, reiða sinn hnefa aftur að honum, og hverjum væntanlegum þingmeirihluta er það vorkunn, þótt hann gæti ekki stillingar, þegar hann tekur við völdum, en fylgi því fordæmi á einn eða annan hátt, sem þegar á að gefa, að bankaráðið skuli vera spegilmynd af þingmeirihlutanum.

Jeg tók það fram í minni ræðu, að þótt það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frv., næði fram að ganga, þá óttaðist jeg ekki þar fyrir, að neinir bófar myndu veljast í bankaráðið, heldur taldi jeg það fordæmi mjög hættulegt, að slík stofnun sem seðlabanki ríkisins skyldi vera háður slíku umróti, því að honum er ekkert hættulegra en það, ef á að gera hann að leiksoppi í höndum stjórnmálaflokkanna. Slík stofnun á að geta verið fullviss um velvild og styrk stjórnarinnar á hverjum tíma, hver sem meiri hl. er og hvernig sem hann er.

Hv. frsm. meiri hl. spurði mig, hvort andstaða mín og annara andmælenda frv. væri sprottin af því, að við óttuðumst að missa völdin í bankanum. Nei, það er af óttanum við afleiðingarnar af þessu fordæmi; það er sú raunverulega ástæða, og hún er líka alveg tæmandi.

Jeg er einn þeirra manna, sem bent hafa á það, að þegar taka á þær ákvarðanir, sem frv. fer fram á að teknar sjeu, þá sje nauðsynlegt fyrir löggjafann að vita niðurstöðu þess mats, sem fram hefir farið á bankanum, og það vakir fyrir mjer, þegar jeg óska eftir að fá að vita um þessa niðurstöðu, að ef niðurstaða matsins sýnir, að hagur bankans er verri en þingið 1927 gerði ráð fyrir, þá verður að leggja bankanum fje í viðbót við það stofnfje, sem honum er ætlað með lögunum frá 1927. Það sjá allir, að ef bankinn skyldi vera ver stæður en ætlað var, og heimildin um viðbótarstofnfje yrði svo ekki notuð, þá er bankinn orðinn alt annar en honum var ætlað að vera, þegar honum var falið erfitt hlutverk á þinginu 1927. Þá litu þingmenn svo á, og voru margir framsóknarmenn í þeim hópi, að ef bankinn ætti að geta int af hendi það hlutverk, sem honum var ætlað með lögunum frá 1927, þá þyrfti stofn-

sjóður hans að vera svo og svo mikill; en nú er okkur ætlað að draga úr tryggingunni um upphæð stofnsjóðsins, en um leið er verið að hvísla ýmsum orðrómi um það, að bankinn sje ver stæður en ráð var fyrir gert. Það er ekki hægt að ætlast til, að þingið samþykki slíkar breytingar, því að stofnun eins og seðlabanki verður að vera svo úr garði gerð frá upphafi, að hún geti int af hendi skyldur sínar. Svo skal jeg fúslega játa það, sem hv. frsm. sagði, að nauðsynlegt sje, að slíkri stofnun verði vel stjórnað, en hv. frsm. veit það líka, að það er ekki nóg, að henni sje vel stjórnað, heldur verður stjórn hennar líka að fá þau nauðsynlegu frumskilyrði, sem ekki verður framhjá gengið, en þær línur voru skýrt dregnar með lögunum frá 1927. En þegar á að breyta þeim línum, þá verðum við að fá að vita, á hverju þær óskir eru bygðar, en okkur hefir alveg verið synjað um svar í þeim efnum.

Um matið sagði hv. frsm. meiri hl., að væri þýðingarlaust að vera að deila, því að ríkið ætti hvort sem væri að bera ábyrgðina. En jeg er nú þannig skapi farinn, að jeg vil gjarnan vita fyrir mitt leyti, á hverju jeg á að bera ábyrgð, og svo varfærinn er hv. frsm. meiri hl. sjálfur, að jeg hygg, að hann myndi spyrja, ef hann ætti sjálfur að bera slíka ábyrgð. Og það er þeim mun meiri ástæða til að spyrja um ábyrgðina, ef ætlast er til, að ríkið beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

Jeg hirði nú ekki að vera að tína upp hin minni atriði úr ræðu hv. frsm. meiri hl., enda mun nú ráðið um afdrif málsins. Þótt stjórnarliðið hafi ekki getað lagt til rök í málinu, þá getur það þó lagt því til atkvæði. (**Fjmrh. MK:** Það getur hvorttveggja). Ja, jeg hefi nú, sannast að segja, oft heyrt hæstv. ráðh. færa betri rök fyrir máli sínu heldur en nú hefir átt sjer stað, en ef til vill hefir hæstv. ráðh. oftekið sig á rökfærslunni í Ed.

Jón Auðunn Jónsson: Það er út af ræðu hv. frsm. meiri hl., að jeg finn ástæðu til að standa upp. Jeg verð að segja það, að mjer fundust rök hans óvenjuleg, eftir því sem vant er frá þeim hv. þm., og get jeg í rauninni vel skilið það, vegna þess hve erfiðan málstað hv. þm. hafði að verja.

Hv. þm. virtist ekki með nokkru móti geta gert neinn greinarmun á eignarfje bankans og ábyrgð ríkissjóðs; virtist gera ráð fyrir, að bankanum væri það alveg jafngott að fá þriggja milj. króna ábyrgð fyrir láni eins og ef ríkið legði honum þrjár milj. króna til eignar. En á þessu er mikill munur fyrir bankann, vegna þess að gagnvart útlendum viðskiftum er honum nauðsynlegt að geta sýnt það, að hann eigi sjálfur hæfilegt fje samanborið við veltu hans. Það er öðru máli að gegna um ábyrgð ríkissjóðs, sem er að vísu ótakmörkuð að því er innlend viðskifti snertir, en e takmörkuð við samþykki Alþingis í hvert sinn að því er snertir viðskifti við önnur lönd. Nei, þetta frv. er ekki bygt á þörfum bankans og fyllir hans þarfir mun síður en lögin eins og þau nú eru, enda segja líka bankastjórarnir um þetta atriði, að það sje sá höfuðmunur á þessari fyrirhuguðu ábyrgð og því, ef bankinn fengi þetta fje, sem honum var áður lofað, að

framlag fjárins sje nauðsynlegt bankanum, en ábyrgðin er óþörf, jafnvel skaðleg. Bankastjórarnir segja í því brjefi, sem þeir hafa skrifað fjhn. Ed., að þeir sjái ekki, að með nokkru móti megi hið „nýja stofnfje“ bankans vera minna en 2½ milj. kr., auk þeirra tveggja milj. króna, sem skylt er að leggja bankanum samkv. eldri lögum, og telja þeir það þó of lítið. Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn hafi lesið þetta brjef, og það er sjerstaklega eitt atriði í brjefinu, sem öllum þeim er nauðsynlegt að sjá, sem ekki hafa fullan skilning á þessu máli, og það er skýring bankastjóranna á því, að vegna þess að bankinn hefir ekki eignarfje, þá hefir hann gefið út of mikið af ógulltrygðum seðlum, og e bankinn hefði haft í höndum 1. janúar þær þrjár milj. króna, sem honum var heitið á síðasta þingi, þá er það sennilegt, að bankinn hefði haft miklu meira en nægilega tryggingu fyrir sínum seðlum, eftir því sem ákveðið er í Landsbankalögunum. Annars hlýtur hver maður að skilja það, hve mikill munur er á ábyrgð og eignarfje. Vi getum sagt okkur það sjálfir úr okkar eigin lífi, hvort okkur væri það ekki nokkuð meiri styrkur, ef við fengjum 30 þús. krónur til eignar, þannig að við ættum aðeins að skila vöxtum af því, ef vel gengi, en engum annars, og ekkert af fjenu væri afturkræft, eða ef við fengjum 30 þús. kr. ábyrgð. Jeg hygg, að gagnvart útlendingum myndum við mest finna til þess, hvort við ættum þessar krónur eða hefðum aðeins ábyrgð fyrir þeim.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessar þrjár milj. gætu fljótlega tapast hjá bankanum, eins og bankinn líka gæti grætt þessa upphæð á skömmum tíma. Það er auðsætt af þessum ummælum, að hv. þm. skilur ekki mismuninn á seðlabanka og almennum viðskiftabanka. Seðlabanki, sem stjórnað er eftir venjulegum seðlabankareglum, getur aldrei tapað eða grætt stórfje. Seðlabankinn á mestmegnis eða nær eingöngu að endurkaupa **fulltrygða** víxla af öðrum lánsstofnunum, kaupa og selja erlendan gjaldmiðil, svo og ríkisskuldabrjef og önnur verðbrjef. Ennfremur á seðlabankinn að sjá um, að ávalt sje til erlendur gjaldeyrir, og hafa áhrif á útlán og vexti annara banka eða lánsstofnana.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að mest væri komið undir góðri stjórn á bankanum. Já, auðvitað er mikið komið undir góðri stjórn, en starfstilhögun seðlabanka er svo fast skorðuð, ef rjett er um búið, að þótt náttúrlega sje hægt að tapa einhverju fje, þá er bankanum ekki hægt að græða mikið, nema með því að fara út yfir þau takmörk, sem annarsstaðar eru talin seðlabanka leyfileg. Það er meira undir því komið, að bankinn hafi yfir eigin fje að ráða heldur en hvernig stjórnarhættir eru. Traust erlendra fjármálamanna er undir því komið. Jeg þarf ekki að endurtaka fyrri ummæli um þetta. En jeg hefi sýnt fram á þá hættu, sem af því leiðir að brigða loforð síðasta þings.

Jóhann Jósefsson:* Það voru fá atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem komu nálægt því, sem kalla mætti röksemdaleiðslu. En þótt þau væru fá, mega þau ekki ómótmælt standa.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Jeg kippi mjer ekki upp við það, þótt hv. frsm. segði, að jeg og flokksbræður mínir vildum tefja málið með málrófi. Jeg veit, að röksemdafærsla okkar hefir komið honum og fylgismönnum frv. illa.

Hann vildi halda því fram, að það væri misskilningur, að nokkur hætta væri á ferðum, þótt dregið væri úr stofnfje bankans. Hann taldi, að mest væri undir því komið, hvernig stjórn bankans væri. Úr því að hann ljet sjer svo tíðrætt um stjórn bankans, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp umsögn bankastjórnar Landsbankans í brjefi til fjhn. Ed., dags. 28. febr. þ. á.; þar segir svo um Landsbankanefndina m. a.:

„Oss virðist þó eigi ólíklegt, að slíkt fyrirkomulag muni verða allþunglamalegt og eigi sjeð, að með því sje öruggar búið um stjórn bankans en nú er."

Þegar aðgætt er, frá hverjum þetta brjef kemur, og það, að alt brjefið er mjög varlega orðað, þá er ljóst, að núverandi bankastjórn lítur svo á, að síður en svo sje öruggar búið um stjórn bankans, þótt frv. verði að lögum, og því er ekki hægt að halda því fram, að frv. bæti stjórn bankans að neinu leyti. Alt, sem fram kemur frá sjerfróðum mönnum, mælir á móti frv.

Hv. frsm. talaði mikið um, að vel færi á því, að menn stæðu við skuldbindingar sínar og væri nauðsynlegt og affarasælast að hafa það hugfast í þessum málum sem öðrum. Þetta getum við fallist á, — en er þá ekki nauðsynlegt og affarasælt, að þingið standi við skuldbindingar sínar gagnvart seðlabankanum? Þessi röksemdafærsla hv. frsm, meiri hl. er öll málstað okkar í vil, þegar hún er krufin til mergjar. Við teljum einmitt hættulegt að hrófla við skuldbindingum síðasta þings.

Út af ummælum hans um það, að stofnfje bankans væri ekki rýrt með frv. og að hann taldi það misskilning hjá mjer, að svo væri, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp umsögn bankastjórnarinnar um það atriði úr sama brjefi og áður. Þar segir svo:

„Nú þegar sett hafa verið lög um seðlaútgáfuna, má eigi víkja frá þeirri kröfu bankans, sem fer með seðlaútgáfuna, að hann fullnægi ákvæðum laganna. Þá er brostið það aðhald að stjórn bankans, sem er tilgangur laganna, og þá eru horfin þau skýru merki, sem eiga að sýna þingi og þjóð, hversu heilsufarið er í fjármálunum. Fái bankinn ekki nýtt stofnfje, þá er að vísu til önnur leið til þess að fullnægja ákvæðum laganna. Hún er sú, að draga þegar svo mikið úr notkun lánstrausts erlendis, að ákvæðum laganna verði fullnægt. Þessa leið álítum vjer ekki færa, eins og ástatt er; og reynslan hefir sýnt, að ávalt má búast við miklum áramun í viðskiftunum við útlönd og þar af leiðandi verður seðlabankinn að vera viðbúinn að fullnægja óvenjulegri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri; álítum vjer því ókleift að minka lánsnotkunina skyndilega svo mikið, að með þeim hætti verði ákvæðunum um seðlaútgáfuna fullnægt til frambúðar."

Bankastjórnin bendir á, hver afleiðingin geti orðið af því að minka stofnfjeð, og bendir á þá leið að minka notkun erlends lánstrausts. Allir geta sjeð, hvað það hefir að þýða fyrir at-

vinnuvegina. Hjer tala þeir menn, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í þessum málum, og hafa án efa lagt rækilega niður fyrir sjer, hvaða leið yrði að fara, ef bankinn er sviftur stofnfjenu. Því var haldið fram af andstæðingum Landsbankalaganna, að seðlabankinn yrði að dragast saman, svo að ógagni yrði fyrir atvinnurekstur landsmanna, jafnvel þó stofnfjeð væri 5 miljónir kr., og þá er ljóst, hvaða hætta er á ferðum, ef dregið er úr þessari upphæð.

Hv. frsm. meiri hl. taldi ágætt, að þing væri haldið á hverju ári til að hægt væri að breyta lögum sem oftast. Jeg hefi áður látið í ljós álit mitt um breytingar á seðlabankanum og sýnt fram á, að þær eru til tjóns. Ef rökrjett ályktun er dregin af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, sannar það alt mál mitt og annara andstæðinga frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BSt, ÁÁ, ÞorlJ.

nei: GunnS, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Þrír þm. (BSv, EJ, HK) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 715 (tvær nýjar greinar, verða 3.—4. gr.) samþ. með 16:1 atkv.

— 698,1 sjálffallin.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SE.

MJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BSv, EJ, HK) fjarstaddir.

5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 16:4 atkv.

Brtt. 698,2 samþ. með 16:3 atkv.

6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—13. gr. (verða 9.—15. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 698,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 698,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

15. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

16.—18. gr. (verða 18.—20. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 698,5 (ný 19. gr., verður 21. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 698,6 (ný 20. gr., verður 22. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

21.—22. gr. (verða 23.— 24. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 698,7 samþ. með 15:8 atkv.

23. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

24.—31. gr. (verða 26.—33. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:9 atkv.

Á 69. fundi í Nd., 12 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 733).

Á fundinum var útbýtt brtt. 752, og ennfremur bar 2. þm. G.-K. (ÓTh) fram skrifl. brtt. (verður þskj. 753).

Forseti (BSv): Jeg vil spyrja hæstv. stjórn, hvort hún heimili afbrigði til þess, að skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. G.-K. megi koma til umræðu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Stjórnin heimilar ekki afbrigðin.

Forseti (BSv): Brtt. á þskj. 752 er of seint fram komin. Jeg vil spyrja hæstv. stjórn hvort hún heimili afbrigði til þess, að sú brtt. megi koma til umræðu og atkvæða.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eftir atvikum sje jeg ekki ástæðu til að leyfa þessi afbrigði.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Það gladdi mig að eiga því láni að fagna að sjá hæstv. forsrh. hjer í deildinni. Allajafna er honum ekki hjer að mæta, og ef á hann er deilt eða upplýsinga óskað um eitthvert mál, er það föst venja, að hann hlaupist á brott og flýi. En gleði mín breyttist skjótt, er jeg varð þess var, að hæstv. ráðherra ætlaði að nota nærveru sína til að meina með harðdrægni brtt. minni að koma undir atkvæði. Þing þetta verður frægt fyrir það, að afkastaminna að öðru en endemum mun ekkert þing hafa orðið. Hefir það verið háttur hæstv. stjórnar að beita frekar ofríki en rökum.

Þótt brtt. mín hafi ekki fengið samþykki hæstv. ráðherra til að koma hjer til atkvæða, mun jeg engu að síður tala um hana, því hún er í nánu sambandi við mál það, sem liggur fyrir.

Það, sem aðallega vakti fyrir mjer, þegar jeg bar fram brtt., var það, að hv. frsm. meiri hl. lýsti því margoft yfir við 2. umr. málsins, að breyting sú á yfirstjórn bankans, sem farið væri fram á, væri einungis til þess gerð að tryggja það sem best, að bankinn yrði ekki háður stjórnmálabreytingum. Þegar hæstv. fjmrh. kom inn á þetta atriði, gaf hann samskonar yfirlýsingu. Jeg varaði við að leggja trúnað á þessar yfirlýsingar og hjelt því fram, að þetta væri falskt yfirskin, aðaltilgangurinn væri svívirðileg tilraun (Forseti hringir.) — Jeg viðhafði þessi orð um daginn og var þá ekki hringt á mig, og sat þá sami hæstv. forseti, en nú er þetta einungis söguleg frásögn — væri svívirðileg tilraun til að sölsa undir sig yfirráð bankans. Það er skaðleg braut, sem hjer er lagt út á, að gera bankann að spegilmynd hins pólitíska valds í landinu á hverjum tíma. Hv. frsm. meiri hl. mótmælti þessu. Nú ætlaði jeg að gefa meiri hl. tækifæri til að sýna, hvort þau mótmæli væru á rökum bygð. En þá bregður svo við, að stjórnin notar bolmagn sitt til að synja um afbrigði, þessi stjórn, sem jafnvel hefir beitt afbrigðum til að fá sjálf fjárlögin afgreidd í Ed. Það er ekki samræmi í þessu, frekar en öðrum aðgerðum stjórnarinnar. Það er alt á eina bókina lært.

Ef það vakir fyrir þessum mönnum, sem þeir láta í veðri vaka, að tryggja það, að bankinn verði ekki leiksoppur í höndum hinna pólitísku flokka, þá er það bert, að ekki skiftir máli í langri sögu bankans, hvort stjórnarfyrirkomulagi hans er breytt einu, tveimur eða þremur árum fyr eða síðar.

Það er hart, þegar maður sætir harðvítugum hallmælum fyrir dóm, að fá þá ekki aðstöðu til þess að sanna mál sitt. Nú skýtur stjórnarliðið sjer sjálfsagt undir það, að slík brtt. hafi aldrei komið til atkvæða. Okkur skiftir það engu máli, segja þeir, hvort breytingin nær fram að ganga fyr eða síðar. Við viljum náttúrlega, að það komi sem fyrst, sem við álítum gott. En áhugann hjá stjórnarandstæðingum getið þið sjeð á því, að þeir báru ekki fram brtt. um þetta atriði! Þetta er sagan, sem stjórnarliðið segir af þessum skiftum.

Jeg lýsti því yfir við 2. umr., að jeg treysti mjer ekki til að bera fram brtt. við frv. þá, vegna þess hve afardauflega var tekið undir það hjá meiri hl. fjhn. og leiðandi mönnum stjórnarflokksins. En að jeg bar þessa brtt. fram nú, var af því, að jeg vildi freista til þess ítrasta að fá stjórnarliðið til að ganga inn á breytingu þessa. Því ætla mætti, að stjórnin vildi reyna að forðast þann grun, sem á henni hlýtur að liggja um að hjer sje hlutdrægni á ferðinni, að hún vildi reyna að forðast þær fullyrðingar okkar, sem byggjast á sannfæringu, að stjórnin ætli að nota vald sitt til að ná tökum á bankanum. En þessi tilraun mín var kæfð á alveg óvanalegan hátt, þegar hæstv. ráðh. beitti valdi sínu til að bægja henni frá að koma undir atkvæði.

Hin brtt. er að vísu ekki um svo mikilsvert atriði sem mín var. Þó er þetta athæfi hæstv. ráðh. þar þess eðlis, að það er einungis tilraun til að níðast á pólitískum andstæðing. Í frv. er farið þvert ofan í tillögur bankastjórnarinnar. Maður þessi fær í fyrra lagalega vernd í stöðunni, og svo á að svifta hann henni nú, að því er heita á á löglegan hátt. Og þegar reynt er að kippa þessu í lag, þá meinar hæstv. ráðh. afbrigða, því hann óttast, að hjer muni finnast það margis rjettlátir í þessari hv. deild, að þessi smánarblettur hefði verið numinn burt, ef till. hefði komið undir atkv.

Þeir, sem óbilgirni beita svo freklega, þurfa ekki að halda, að þeir hangi lengi við völd. Til þess þarf önnur ráð en að reiða hnefann til hægri og til vinstri. Ef nú á að fara að reiða svipu á þjóðina, þá mun svo fara, að þeir, sem kosið hafa sjer plóginn frekar en sverðið, muni grípa til sverðsins. (**HjV**: Er það bylting?). Ekki bolsevikabylting; hæstv. stjórnarforseti brosti yfir salinn til vina sinna jafnaðarmannanna. (**Forsrh. TrÞ**: Jeg brosti til hv. 2. þm. G.-K.). Nei, nei, til jafnaðarmannanna. En ef um byltingu verður að ræða hjer á landi, þá mun hún hvorki koma frá mjer nje heldur frá hæstv. forsrh., sem erum venjulega spakir menn, heldur frá hæstv. dómsmrh. og kunningjum hans, jafnaðarmönnum. Mjer er slík bylting ekki í hug, en jeg hjelt, að hv. 2. þm. Reykv. væri ekki heimskari maður en svo, að hann gæti skilið þá líking, sem jeg fór með. — Hitt skal jeg játa, að hæstv. forsrh. er að færast nær öfgunum, eftir að hann komst í samband við jafnaðarmennina. Áður var hann svo sanngjarn maður, að hann var ekki líklegur til að beita valdi sínu svo sem hann nú hefir gert.

Svo mikið hefir verið rætt hjer á

þessu þingi um bankamálið, að segja mætti, að ekki væri þörf á að orðlengja um það frekar. Þó er sjaldan góð vísa of oft kveðin. Það mun heldur ekki vanþörf á því að fara fáeinum orðum um málið á ný; það sje jeg á því, að hæstv. ráðherra telur brtt. mína svo óþarfa, að hann ætlar að meina henni að koma til atkvæða. Jeg sje á því, að hann hefir lítið lært og að það er þörf á að tala meir um málið, áður en til úrslitaatkvæðis kemur. Jeg mun því á ný segja fá orð um einstök atriði málsins, þó vera megi, að sumt af því, sem jeg drep á, hafi áður komið fram í umræðum.

Það er kannske tæplega rjett að gera sjer vonir um, úr því sem komið er, að hægt sje að snúa svo hug þeirra manna, sem frv. fylgja, að þeir falli frá því og felli það. Það er þó búið að sýna fram á það, að hjer er ekki aðeins um alóþarft frv. að ræða, heldur beinlínis skaðlegt. Jeg held, að það sje alment viðurkend staðreynd, að varla nokkurt mál hafi komið jafnvel undirbúið fyrir þing sem bankamálið. Hitt viðurkenna og allir, að bankanum sje það skaðlegt, að oft sje breytt löggjöf um hann, sjerstaklega ef breytingarnar eru veigamiklar og snerta hagsmuni þeirra, er við bankann skifta. Þegar því á að fara að breyta þessari löggjöf nú, þá verður að gera þá kröfu til þeirra breytinga, að þær sjeu mjög nauðsynlegar, og þá vitaskuld til bóta. Mín skoðun er sú, að því fari fjarri, að þessar breytingar sjeu nauðsynlegar eða til bóta. Menn hafa deilt mikið um það, hverjar afleiðingar verði af ábyrgð þeirri, sem ríkissjóður tekur á skuldbindingum bankans. Jeg verð að segja það, að eftir þær umræður, sem jeg hefi hlustað á, hefi jeg ekki heyrt stuðningsmenn frv. færa fram nokkur frambærileg rök fyrir þessari breytingu. Þeir hafa ekki sannað, að hún sje nauðsynleg. Þeir hafa ekki fært líkur fyrir því, að hún sje heppileg. Þeir hafa ekki getað afsannað það, sem við höfum haldið fram, að ábyrgð ríkisins á innstæðum í bankanum gæti orðið öðrum lánsstofnunum skaðleg. Þeir hafa reynt að halda því fram, að sparisjóðirnir hefðu það hlutverk að vinna, hver í sinni sveit, að þeir, sem ávaxta í þeim fje sitt, litu meir á þá hlið en öryggi fjár síns. Þó hafa þeir ekki treyst sjer til að neita því, ef reynslan sýndi, að fjárvarsla sparisjóða væri ekki örugg, að þá gæti svo farið, að sparifjáreigendur taki það þaðan og leggi það í Landsbankann. Ef það, sem kom fyrir á Eyrarbakka, kæmi fyrir á nokkrum stöðum, þá er það ekki á færi Landsbankans að bægja frá sjer því fje, sem að bærist. Ef ótti grípur sparifjáreigendur, þá eru þeir ekki að spyrja að því, hvar þeir fái 5% vexti og hvar þeir fái 3%. En þeir spyrja um hinn öruggasta geymslustað fyrir fje sitt. Ef Landsbankinn hefði ekki aðra ábyrgð en þá, sem ákveðin er með lögunum frá 1927, þá verður niðurstaðan af bollaleggingum sparifjáreigenda sú: Að vísu er fjeð ekki örugt í sparisjóðnum, en það er það ekki heldur í Landsbankanum; því er best að láta það vera kyrt. En afleiðingin af þessari breytingu verður sú, að til Landsbankans beinist smátt og smátt alt sparifje þjóðarinnar. Því er þessi breyting ekki einungis ónauðsynleg, heldur beinlínis skaðleg.

Þó eru aðrar breytingar ennþá skaðlegri, og þá fyrst og fremst breyting sú, sem jeg ætlaði að reyna að laga, en tókst ekki fyrir ofríki hæstv. ráðh. Stjórnarliðið ætlar sjer nú að draga bankann inn í hinar pólitísku deilur. Óvandari er eftirleikurinn. Það er eðlilegt, að sá minni hluti, sem nú er beittur ofríki, finni tilhneigingu til að kippa lögunum í það horf, sem þau voru í áður, þegar hann kemst aftur í meiri hluta. Sá flokkur verður að sýna meiri stjórnmálalegan þroska heldur en núverandi meiri hluti, ef hann á ekki að gera það. En jeg treysti því þó, að sá flokkur virði að vettugi þetta fordæmi, í þeirri von, að ef þessir menn illu heilli skyldu komast til valda aftur, þá skildu þeir betur, hvað rjett væri og reyndu ekki til að beita ofríki aftur.

Líka er það mjög veigamikil og skaðleg breyting á bankalögunum, ákvæðin um stofnfjeð. Það er veigamikil breyting, að samkvæmt lögunum var stjórninni *skylt* að láta bankanum í tje stofnfje, en samkvæmt frv. er henni það einungis *heimilt*. Þá heimild hygg jeg, að stjórnin ætli sjer ekki að nota. Stjórninni eru allar leiðir opnar í því efni; hún getur sagst vilja hið besta, en aðstæður hafi ekki leyft að nota heimildina. Jeg spái því, og jeg bið menn að leggja það á minnið, að svo muni fara leikar, að stjórnin leggi bankanum þetta fje ekki.

Það mun vera rjett tilgáta, að þetta frv. sje fram borið til þess, að stjórnin geti dregið fje frá Landsbankanum og til væntanlegs landbúnaðarbanka, sem hæstv. forsrh. hefir boðað. En hvað sem líður ágæti þess banka, þá fullyrði jeg hitt, að ef skerða á Landsbankann til að sá banki geti sjeð dagsins ljós, þá er ver farið en heima setið. Jeg vil leiða athygli manna að því, að allir, sem skyn báru á þetta mál, t. d. hv. þm. V.-Ísf., sem var í milliþinganefndinni í bankamálinu, álitu það nauðsynlegt, að bankinn fengi þetta fje, ef hann ætti að vera fær um að inna af höndum það hlutverk, sem lögin fengu honum. Þó bankinn hafi því verið viturlega úr garði gerður með lögunum frá 1927, þá liggur það í hlutarins eðli, að ef fjeð er tekið af honum, þá verður hann ekki fær um að inna það starf af hendi, sem honum er ætlað að vinna. — Bankalöggjöfin frá 1927 er orðin helber vitleysa, ef þessar breytingar ná fram að ganga, einkum ef það er rjett, sem jeg get til, að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að nota heimildina um „viðbótarstofnfjeð", er hún nefnir svo. — — — (**HjV**: Er verið að tala eða þegja í deildinni?). Mjer þætti hv. 2. þm. Reykv. gera vel í því að tala minna, meðan aðrir eru að halda ræður; nógu mikil raun er að hlusta á hann meðan hann hefir sjálfur orðið. — Annars get jeg sagt honum það, ef hann fylgist ekki betur með, að hjer var einn af þingmönnum að tala, en hefir nú lokið máli sínu og mun setjast niður.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svofelt erindi:

„Samkvæmt 37. gr. þingskapanna krefjumst vjer undirritaðir þess, að greidd sjeu þegar atkvæði um það,

hvort umræðum um 2. mál á dagskránni skuli slitið þegar í stað og gengið til atkvæða. — Alþingi 12. apríl 1928. — Ingólfur Bjarnarson, Bernharð Stefánsson, Hannes Jónsson, Lárus Helgason, Hjeðinn Valdimarsson, Sveinn Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson".

Það er skylda samkv. þingsköpum að bera þetta upp. En tveir hv. þdm. hafa þegar kvatt sjer hljóðs, og samkvæmt gamalli þingvenju tel jeg rjett, að þeir fái að taka til máls, þótt tillagan verði samþykt.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Er þetta fram borið af því að hæstv. stjórn getur ekki varið málstað sinn? **(Forsrh. TrÞ:** Það er fram borið af því að hv. 2. þm. G.-K. og flokksbræður hans hafa beitt málþófi!). Annars vildi jeg spyrja hæstv. forseta, hvort leyfilegt er að ræða um þessa tillögu.

Forseti (BSv): Í 37. gr. þingskapa segir svo:

„Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið — —".

Samkvæmt þessu verða ekki leyfðar umræður um tillöguna, en eftir öðrum greinum þingskapa er jafnan heimilt að gera stuttar athugasemdir um gæslu þingskapa og um atkvæðagreiðslu. Verða aðeins slíkar athugasemdir leyfðar áður en gengið er til atkvæða.

Frsm. annars minni hl. (Sigurður Eggerz): Má jeg vekja athygli hæstv. forseta á því, að fyr hafa komið fram slíkar tillögur sem þessi, og hefir jafnan verið leyft að gera um þær athugasemdir. Annars vildi jeg aðeins mótmæla því, að slíkri kúgun verði beitt sem hjer er farið fram á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins benda á, að stjórnarandstæðingar hafa í þessu máli beitt stórkostlegum málalengingum, að því er sjeð verður til þess eins að tefja það. Málið hefir nú verið rætt í 4 ár, og var full ástæða til þess við 2. og jafnvel 1. umr. þess í hv. Nd. að koma í veg fyrir óþarfar málalengingar.

Forseti (BSv): Jeg ítreka það, að hv. deildarmenn hafa ekki heimild til annara umræðna á þessu stigi málsins en stuttra athugasemda um gæslu þingskapa.

Frsm. annars minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg vil minna hæstv. forsrh. á, að hjer er ekki um neitt smámál að ræða. Hjer er verið að tala um, hvort taka eigi ríkisábyrgð á Landsbankanum, og fleiri stórvægilegar breytingar. Jeg veit ekki, hvaða innanlandsmál fyrir hinu háa Alþingi liggur stærra en þetta. Jeg mótmæli þessari misbeitingu á ákvæðum þingskapanna af því, að jeg álít hjer lagt inn á ósæmilega braut. Jeg er sannfærður um það, að ef hinn almáttugi meiri hluti ætlar að fara að beita valdi sínu á þennan hátt, hlýtur það að vekja óhug um land alt. Hv. meiri hluti og hæstv. stjórn skulu hugsa til

þess, að það kemur dagur eftir þennan dag. Jeg segi fyrir mig, sem stend á grundvelli hinnar frjálslyndu stefnu, að jeg fyllist óhug yfir þeirri kúgun, sem hjer fer fram í dag. Fyrst er synjað afbrigða um brtt. af hæstv. forsrh. og þar með farið inn á alveg nýja braut. (**HjV:** Það var einnig gert í fyrra!). Hafi það átt sjer stað í fyrra, leyfi jeg mjer einnig að víta þá, er þá hafa staðið fyrir því. Hv. meiri hluti má vita, að hann græðir ekki á slíkri harðstjórn. Svo mikill kraftur og festa er enn í þjóðinni, að hún hlýtur að standa á móti þessu.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Mjer þykir undarlegt að heyra niðurskurðartillöguna borna fram með þeim rökum, að hjer hafi orðið óhæfilegar málalengingar. Það er vitanlegt, að í málinu eru þrír frsm., og aðeins einn þeirra hafði talað í hálfa klukkustund, þegar hæstv. forsrh. rís upp og ber hv. deild á brýn óþarfar málalengingar. E. t. v. er hæstv. ráðh. sá spámaður, að hann sjái fyrir, að langar umræður muni takast, og vilji setja undir lekann þegar í stað. En hitt eru hein ósannindi, að nokkuð í áttina við málalengingar hafi farið fram í hv. deild í dag.

Hæstv. ráðh. segir, að málið liggi ljóst fyrir frá fyrri þingum. Jæja! — Ekki samt ljósara en svo, að hann sjálfur og flestir flokksmenn hans hafa kúvent í því síðan í fyrra. Það bendir á, að ekki veiti af að ræða það ögn betur. — En það var undarlegt, að í slíku stórmáli kom það í fyrsta sinn fyrir hæstv. forsrh. að synja um afbrigði frá þingsköpum fyrir brtt., og ætlar síðan að fá umræður skornar niður, þegar þær eru að hefjast. Þetta getur varla þýtt annað en að hæstv. stjórn þori ekki að ræða málið.

Hæstv. forsrh. spurði mig í morgun, hvernig mjer liði. „Illa", sagði jeg. Hæstv. ráðh. svaraði þá í gamni: „Þeim líður altaf illa, sem hafa vonda samvisku." Mjer sýnist hæstv. ráðh. líða illa núna meðan bankamálið er rætt, og jeg efast ekki um, að það sje af vondri samvisku. Og mig furðar ekki, þótt samviskan sje slæm, úr því hún sefur ekki.

Forseti (BSv): Enn á ný verð jeg að áminna hv. þdm. um, að þeir mega aðeins gera *stuttar athugasemdir um gæslu þingskapa.*

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal halda mjer innan ramma þingskapanna. Mjer virðist ómögulegt að segja með nokkrum sanni, að umræðurnar hafi dregist úr hófi fram að þessu sinni. Sýnu nær hefði verið að bera fram slíka tillögu sem þá, er hjer liggur fyrir, við 2. umr. málsins. — Jeg get ekki greitt till. mitt atkvæði og efast um, að forseti eigi að taka hana til greina eftir þingsköpum.

Magnús Guðmundsson: Mjer sýnist svipað og hv. 2. þm. Rang., að ómögulegt sje að segja, að umræður hafi dregist úr hófi fram, og því er vafamál, hvort hjer er hægt að nota 37. gr. þingskapanna. Annars vildi jeg mega spyrja hæstv. forsrh., hvort hann gæti ekki sætt sig við að taka málið af dagskrá til morguns. Hann má reiða sig á, að ekki verða langar umræður, ef brtt. fá að komast að. Ef hæstv. forsrh. hefði leyft afbrigðin

í dag, er jeg sannfærður um, að umræðum væri þegar lokið. En með ofríki dugir alls ekki að taka af minni hlutanum þann eina rjett, sem hann hefir, þann, að gera tillögur og tala um málin. Enda er það svo, að tveir hv. þm. hafa kvatt sjer hljóðs, og hefir hæstv. forseti úrskurðað, að þeir fái að halda ræður sínar. Er ekki gott að vita, hve lengi þeir tala, ef umræður verða að öðru leyti skornar niður. Það er spá mín, að málinu verði flýtt en ekki seinkað með því að taka það út af dagskrá.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg hefi ástæðu til að líta svo á af allri framkomu Íhaldsflokksins í þessu máli, að hjá honum sje um beina tilraun að ræða til að hindra framgang málsins með töfum og málalengingum. Hegðun hv. 2. þm. G.-K. er í góðu samræmi við það álit. Nálega altaf þegar málið hefir komið fyrir, hefir hann heimtað það tekið af dagskrá, og nú á síðustu stundu kastar hann fram skriflegri brtt., sem hann hafði þó vissulega mörg tækifæri til að koma með áður. Framkoma þessa hv. þm. bendir á, að hann vilji ekki aðeins tefja framgang þessa eina máls, heldur og ýmissa annara, því að nú er vitað, að skamt er til þinglausna. Þegar þar að auki var hjer á ferð brtt., sem vafalaust hefir átt að vísa frá atkvgr., þá hikaði jeg ekki við að synja afbrigðanna. Málið er þrautrætt, bæði á þessu þingi og fyrri þingum. Sje jeg enga ástæðu til að mæla með, að það sje nú tekið af dagskrá, með því og að jeg hefi enga ástæðu til að trúa yfirlýsingum hv. 1. þm. Skagf. um það, hvað Íhaldsflokkurinn muni gera. Þvert á móti hefi jeg fulla ástæðu til að halda, að flokkurinn muni beita öllum vopnum til að hindra framgang málsins.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. verður auðvitað sjálfur að gera það upp við samvisku sína, hvort hann treystir yfirlýsingum mínum eða ekki. Jeg skal ekki ræða neitt um það. En hann verður að vita, að hann á ekki einn að dæma um það, hve lengi á að ræða málin. Annars getur hæstv. ráðh. áreiðanlega ekki sagt, að jeg hafi beitt neinu málþófi eða tafið þingstörfin með löngum ræðum. En mjer virðist eðlilegt, að framsögumenn þurfi stundum að tala nokkuð mikið. — Jeg skil vel þá tilhneigingu hæstv. ráðh., að vilja hafa sem stystar umræður, en hann má þó ekki gera tilraun til að taka af mönnum rjettinn til að segja skoðun sína. Jeg get sagt honum það, að hann gerir hvorki þessu máli nje öðrum nokkurn greiða með því að sýna þá ósanngirni, sem hann hefir sýnt í dag. Það getur komið honum sjálfum í koll. En út af orðum hans get jeg lýst yfir því, að í Íhaldsflokknum er engin samþykt í þá átt að tefja framgang þessa eða nokkurs annars máls.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Jeg er neyddur til að bera af mjer sakir. Hæstv. forsrh. sagði, að jeg hefði „nálega altaf" beðið um, að þetta mál væri tekið út af dagskrá, þegar það hefir átt að koma fyrir. Jeg held, að þetta sje „nálega alt" ósannindi. Jeg hefi *aldrei* farið þess á leit, að þetta mál væri tekið út. Og þegar hæstv. ráðh. hallmælir mjer fyrir að

bera fram skriflega brtt. á síðustu stundu, þá er það aðeins til þess að auka óþarft málæði. Hæstv. ráðh. veit ósköp vel, hvernig á því stendur, að tillagan kom ekki fyr fram. Jeg hafði leitað hófanna fyrir 2. umr. um slíka brtt., bæði hjá hæstv. forsrh. og fleirum, en fengið mjög daufar undirtektir. En við 2. umr. komu fram ummæli, sem knúðu mig til að reyna til hins ítrasta að koma þessari breytingu fram.

En hæstv. forsrh. skal vita, að hann flýtir ekkert fyrir þingstörfum með því að beita ofbeldi. Og það situr síst á hæstv. ráðh. að vilja varna mönnum máls, honum, sem verið hefir þektasti málskúmur Alþingis. (Forseti hringir). Það er óþarfi fyrir hæstv. forseta að hringja, því að jeg meina ekkert ljótt með þessu orði, og jeg veit ekki betur en að það sje venja okkar hæstv. ráðh. árum saman að nota þetta orð hvor um annan. Hæstv. ráðh. talaði bæði oft og mikið meðan hann var stjórnarandstæðingur, og situr manna verst á honum að finna að slíku hjá öðrum. Jeg geri ráð fyrir, að það valdi, að öllum stjórnum finst andstæðingarnir tala óþarflega mikið. En þetta álit er algerlega rangt á okkur íhaldsmönnum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg beindi orðum mínum um málalengingu ekki fyrst og fremst til hv. 1. þm. Skagf., heldur til hv. 2. þm. G.-K. Jeg skýt því til þingheims, hvort það hafi nokkurntíma komið fyrir áður í hv. deild, að frsm. hafi lesið upp sem sína eigin ræðu skrifað plagg eftir annan þingmann, 5—10 orð á mínútu, og ekki skammast sín meira en svo, að hann gerði þetta brosandi. (**MG:** En hefir það ekki komið fyrir í Ed.?). En þetta gerði hv. 2. þm. G.-K. við 2. umræðu þessa máls. — Meðan Framsóknarflokkurinn var í stjórnarandstöðu, var að jafnaði einn þm., sem gerði grein fyrir afstöðu okkar. Nú rísa upp 5 og 6 menn og tala 4 til 8 klukkutíma hver þeirra. Jeg skal óhræddur koma fram fyrir dómstól þjóðarinnar og bera saman málþóf núverandi stjórnarandstæðinga og okkar í fyrra. — Þetta mál er svo þrautrætt sem orðið getur. Meiri umræður um það eru því til þess eins að tefja tímann.

Forseti (BSv): Nú þykir mjer athugasemdirnar fara að ganga úr hófi fram og verð jeg enn á ný að ítreka áminningu mína til hv. þdm. um að halda sjer við efnið.

Einar Jónsson:* Hæstv. forseti hefir ákveðið, að eingöngu megi ræða þingsköp á þessu stigi málsins. Vil jeg aðeins segja það, að jeg álít honum best trúandi allra manna til rjettra úrskurða. Hefði jeg kosið, að hv. deild hefði mátt fagna því láni í þetta sinn, eins og svo oft í vetur, að enginn ráðherra hefði verið viðstaddur, þegar leitað var afbrigða um brtt. Því að vissulega hefir það oft komið fyrir, þegar leitað hefir verið afbrigða um brtt., að enginn úr hæstv. stjórn hefir verið viðstaddur, og því spurði jeg einu sinni í gamni, hvaða stjórn það væri, sem heimilaði afbrigðin. En þegar svona hefir staðið á, að enginn hefir sjeð bóla neitt á þeim hæstv. herr-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

um úr stjórninni, hefir hæstv. forseti haft þann sið að segja, að afbrigðin yrðu að álítast leyfð. Og vegna sóma þingsins, og ekki síst hæstv. forsrh., hefði jeg viljað óska, að hann hefði borið giftu til að vera fjarstaddur í dag, er afbrigðanna var leitað. Því að hæstv. ráðh. henti það slys að fremja verk, sem jeg hefi aldrei fyr vitað nokkurn ráðh. fremja, þau 12 ár, sem jeg hefi átt sæti hjer á Alþingi. (**Forsrh. TrÞ:** Var seinast gert á þingi í fyrra!). Jeg hygg, að engum geti dulist, að hjer liggur fiskur undir steini. Það á að svifta sjerstakan starfsmann í bankanum starfi sínu, af því að hann er hæstv. stjórn ekki hollur í landsmálum. Jeg hjelt, að svo væri frá Landsbankalögunum gengið í fyrra, að ekki þyrfti að fara að hrófla við þeim í ár. En úr því að á annað borð er farið að hreyfa við þeim, sýnist mjer alveg dæmalaust að sýna það ofbeldi, að leyfa brtt. ekki einu sinni að koma til atkvæða, leyfa deildinni jafnvel ekki að segja, hvort hún heimilar afbrigðin fyrir sitt leyti. — En ef jeg er rjettur í rásinni um það, að hjer eigi að fara að svifta heiðarlegan starfsmann stöðu sinni, þá tel jeg það ekki betri nýjung en hitt, sem mjer var sagt, er jeg kom að heiman eftir páskana, að búið væri að hækka um helming risnufje hæstv. forsrh. Í slíkan hjegóma vill hæstv. stjórn og hennar flokkur sóa tekjum landsins.

Jeg vona, að nú sem fyr verði hæstv. forseti sá, sem ræður fram úr um alla fundarstjórn og fundarsköp, því að honum treysti jeg helst til að koma þessu máli úr því öngþveiti, er hæstv. stjórn hefir sett það í. Sýndist mjer fyrir mitt leyti rjettast, að málið væri nú tekið af dagskrá.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil aðeins geta þess, að jeg álít, að hæstv. forseti gangi á móti þingsköpum með að leyfa þær umræður, er hjer fara fram. Í 37. gr. þingskapa segir, að „ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker deildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið —." Er augljóst, að sú atkvæðagreiðsla á einnig að fara fram umræðulaust þegar í stað. En í stað þess að hlýðnast þingsköpum og láta ganga til atkvæða þegar í stað hefir hæstv. forseti látið halda uppi umræðum víst í hálftíma. Jeg vil enn á ný benda hv. deild á, hvað það þýðir fyrir framtíðina, ef haldið er uppteknum hætti; það er með öðrum orðum aldrei hægt að koma í veg fyrir málalengingar með till. um að slíta umræðum, því jafnskjótt og till. eru fram komnar, geta allir tekið til máls og talað eins lengi og þá lystir um það, hvort umræðum skuli slíta eða ekki.

Forseti (BSv): Jeg fer eftir þeim fyrirmælum í 35. gr. þingskapa, sem mæla svo fyrir: „Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sjer sakir." Í þessum ákvæðum virðist mjer liggja nokkuð víðtækar heimildir til málfrelsis, og hljóti þau að takast til

greina, þótt ekki fari fram umræða máls að öðru leyti. Því hefi jeg leyft stuttar athugasemdir.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli hæstv. forsrh. að því, og skjóta því um leið til hv. deildarmanna, að mínar ræður í þinginu hafa verið á engan hátt óþarfar; enda hefi jeg í engum málum talað öðrum en þeim, sem jeg var flutningsmaður að eða framsögumaður, eða átti að vísa til nefndar, sem jeg var í, og þá búist við að verða framsögumaður að. Jeg játa, að mínar ræður eru margar, en jeg er annar af þeim tveimur stjórnarandstæðingum í hv. Nd., sem sitja í tveimur nefndum. Þær nefndir, sjútvn. og fjhn., hafa mörg mál til meðferðar, svo að mjer er full þörf á að taka ekki sjaldan til máls. Það mun því ekki með rjetti sagt, að jeg viðhafi málalengingar meira en aðrir. Við íhaldsmenn tölum það, sem nauðsynlegt er, og munum gera það, hvort sem betur líkar eða ver. En þegar hæstv. forsrh. var að segja, að jeg hefði við 2. umr. lesið upp og lesið brosandi, þá datt mjer í hug, að hann sjálfur, hæstv. forsrh., væri venjulega annaðhvort brosandi eða þá broslegur. Þegar hann fer að ygla sig, þá fer það þeim ágæta manni svo illa, að hann verður svo ákaflega broslegur.

Jeg held, að hæstv. ráðh. geti sagt þeim, sem ókunnugir eru hjer á þingi, að jeg sje með málalengingar, en hinum ekki.

Forseti (BSv): Þá verður borið undir atkv., hvort umræðum skuli hætta. Samkvæmt þingvenju vil jeg þó undanskilja, að þeir megi taka til máls, sem hafa kvatt sjer hljóðs, og auðvitað hæstv. stjórn, ef hún þarf að svara.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg óska leyfis að bera upp fyrirspurn fyrir hæstv. forseta áður en jeg greiði atkvæði, þess efnis, hvort hann myndi ekki síðar, ef hv. þm. gera sig bera að málrófi, geta fallist á að skera niður umræður án þess að þeir, sem þá hafa kvatt sjer hljóðs, er till. kemur fram, fái að taka til máls. Slíkt er heimilt eftir þingsköpum.

Forseti (BSv): Það er á hverjum tíma heimilt að koma með slíka kröfu.

Ásgeir Ásgeirsson: Þar sem svar hæstv. forseta hljóðar á þann veg, þá mun jeg að þessu sinni segja nei; en síðar þegar málróf verður bert, mun jeg greiða atkv. með till. í svipaða átt.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Mjer er dálítið erfitt að greiða atkv. um þetta, ekki vegna þess, að jeg telji ekki alveg samkv. þingsköpum að greiða atkv. um það að slíta umræðum, heldur af því, að jeg er framsögumaður nefndarinnar. En mjer sýnist bert orðið, að það hafi verið haldið uppi óþarfa málrófi um þetta mál í þeim tilgangi að tefja það, — og vísa jeg til þess, að við 2. umr. voru tveir framsögumenn að sama nál., og auk þeirra töluðu 3—4 menn aðrir og höfðu upp hver eftir öðrum það, sem hinn hafði sagt; og hv. 2. þm. G.-K. byrjaði enn á ný að hafa upp það, sem hann og aðrir eru marg-

búnir að segja áður. Af þessum ástæðum segi jeg já.

Frsm. annars minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg vildi aðeins mótmæla því, að tveir framsögumenn hafi verið að sama nál.; jeg geri ráð fyrir, að hann hafi átt við mig og hv. 2. þm. G.-K. Það lítur út fyrir, að hv. frsm. meiri hl. hafi ekki lesið mitt nál., því að jeg hefi meira að segja tekið afstöðu öðruvísi en hv. 2. þm. G.-K. í ýmsu. Og mitt nál. er þannig, að meiri hl. hefði haft gott af að lesa það einu sinni, tvisvar eða jafnvel þrisvar.

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Jeg tek undir það, að það eru algerð öfugmæli hjá hv. frsm. meiri hl., að við sjeum tveir um eitt nál. Það voru tvö nál., og þau ólík. En jeg skil nú, að hann vill ekki tala um málið, af því að hann hefir ekki hirt um að lesa nál.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg ætla enn á ný að leyfa mjer að beina því til hæstv. forseta, að hann gæti betur þingskapa en hingað til, því að jeg sje ekki neina ástæðu til að leyfa mönnum að tala um, hvernig aðrir gera grein fyrir atkvæðum sínum.

Forseti (BSv): Mjer þykir vænt um að fá leiðbeiningu um það frá gáfuðum þingmönnum, hvernig haga skuli fundarstjórn, en þegar einhver hv. þm. gerir þannig grein fyrir atkvæði sínu, að bera jafnframt sakir á aðra deildarmenn, þá hafa þeir rjett til að bera af sjer sakir.

ATKVGR.

Felt að slíta umr. með 14: 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÁÁ, EJ, GunnS, BSv.

Hákon Kristófersson:* Jeg býst við, að jeg byrji ekki á óþarfa málrófi, þó að jeg tali hjer fáein orð. — Og þið þurfið ekki að flýta ykkur út, jeg bíð á meðan. **(Forseti** (hringir): Jeg sje ekki fram á annað en slíta verði fundi, þar sem jafnvel gerast átök og ryskingar í dyrum deildarsalsins. — Jeg vil skora á menn að gefa gott hljóð!). Jeg var kominn að því, að jeg vildi benda til þess, að það hefir orðið ofan á, að hæstv. forsrh. hefir ekki tekist að koma fram seinna ofríki sínu; og jeg vona, að það gefi manni ástæðu til að ætla, að hann verði eitthvað stöðvaður frekar á sinni ofríkisbraut en verið hefir. — Annars ætla jeg að fara örfáum orðum um þá svívirðilegu framkomu hæstv. forsrh. gagnvart till. minni. **(Forseti** (hringir): Jeg vil biðja hv. þm. að haga orðum sínum þinglega). Jeg skal gera það, eftir því sem mjer er mögulegt; en atvikin í lífi manna gera það stundum að verkum, að óhjákvæmilegt er að nota stóryrði, þegar strákskapur er sýndur. Jeg er búinn að vera margt árið á þingi, og aldrei hefir það komið fyrir, að nokkur stjórn hafi leyft sjer að synja atkvgr. um, að brtt. mætti

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

komast að. Það hefir komið fyrir, að deild hefir felt að veita afbrigði, en aldrei að stjórn neitaði leyfis. Og jeg skal viðurkenna, að mjer kom alveg á óvart, að hæstv. forsrh. skyldi hafa slíkt í frammi. Hefði farið vel á því, úr því að hann annars sýndi þetta, að hann hefði komið með ástæður fyrir synjun sinni, aðrar en þær, að sjer virtist tillaga mín þannig, að henni bæri að vísa frá. Var ekki nógur tími að bíða eftir úrskurði hæstv. forseta og hv. deildar? Jeg verð að álíta, að þessi framkoma gefi tilefni til að beina því til hæstv. forsrh., að hann á síst að bregða mönnum um ódrengskap, hvorki fyrir málalengingar eða eitthvað annað. Og jeg skal þá geta þess, að hvað þetta mál snertir er engin ástæða til að segja slíkt um mig; jeg hefi ekki lengt umræðurnar með einu einasta orði. En það er nú oft og einatt svo, að þegar mál eru á einhvern hátt skítug — ef það er ekki óþinglegt orð —, þá er stuðningsmönnum þeirra mála ákaflega óhugnæmt, að það sje á þau minst; það er dálítið þvingandi, eins og þegar menn vinna óheppileg verk, þá vilja þeir hylja þau í skugganum. Er það ekki undrunarefni, þegar annað eins mál er á dagskrá eins og tilhögun þeirrar stofnunar, sem allri þjóðinni ætti að þykja einna vænst um, þá skuli hæstv. stjórn fárast um það, að þingmönnum virðist ástæða að fara um það nokkuð mörgum orðum? Og þegar rjettlætinu er ekki treyst, þá nota þeir menn ofríki, sem illu heilli hafa valdið í sinni hendi, — vald, sem þeir vitanlega eru ekki menn til að fara með. Því að fyrst og fremst útheimtist fullkomið rjettlæti til þess að menn sjeu hæfir til þess að fara með æðstu trúnaðarstöður þjóðfjelagsins, án tillits til þess, hvort það eru andstæðingar eða andstæðingar ekki, sem við er að eiga. Jeg er þannig sinnaður, að jeg virði fullkomlega þann mann, sem sýnir mjer opinbera harða andstöðu, en þegar hann notar einhverja aðstöðu til þess að reka rýting í bakið á mjer — — (Forseti hringir.) Jeg var ekki að nefna neinn sjerstakan mann, hæstv. forseti; en þeir taki sneið, sem eiga. (Hlátur). — Það vill nú svo vel til, að það er ekki ófyrirsynju að ætla, að líkar tilfinningar hreyfi sjer hjá hæstv. forsrh. eins og strák nokkrum, sem var hjá mjer fyrir tveimur árum og gerði dálítið skammarstrik og segir við mig á eftir: Sjerðu ekki, að jeg skammast mín? (**HStef:** Er þetta um málið?). Nei, en það er hæstv. forseti, sem hefir stjórn í deildinni, en ekki hv. 1. þm. N.-M., nema að því leyti sem hann getur lagt lóð í skálarnar með sínum illvígu flokkstillögum.

Jeg verð enn að víkja að því, að mjer kom svo á óvart þessi aðferð hæstv. ráðh., að jeg bara sat undrandi. Brtt. mín er þess eðlis, að hún stofnar málinu ekki á nokkurn hátt í voða; hún er bara til þess að leiðrjetta dálítið misrjetti, sem jeg hjelt, að væri ekki sett inn í frv. af ásettu ráði, en hlýt nú að sjá, að svo muni þó vera. Ekki var hún til að auka útgjöld ríkissjóðs.

Jeg býst ekki við, að það liggi langt fyrir utan málið, þó að jeg minnist á það, að hæstv. forsrh. er búinn að stæra sig af framkomu sinni gagnvart ýmsum þeim málum, sem fyrir lágu

á undanförnum árum, meðan Íhaldsflokkurinn hafði meiri hluta. Um það má segja, að „ef jeg lofa mig ekki sjálfur, þá gerir það enginn". **(Dómsmrh. JJ:** Íhaldsflokkurinn hafði aldrei meiri hluta). Það má kannske til sanns vegar færa; en eitt er víst, að sá flokkur var ekki kúgaður til jafnmargra verka þvert ofan í sannfæringu sína eins og nú tíðkast hjá hæstv. ráðh. **(Forseti:** Jeg vil biðja þingmanninn að haga orðum sínum hóflegar). Jeg vil gjarnan fara eftir tillögu hæstv. forseta, því að jeg ber fult traust til hans fundarstjórnar, en jeg held það muni orka tvímælis, hvort jeg hafi hagað orðum mínum nokkuð óþinglega.

Það kom fram till. frá hv. 1. þm. Skagf. um að taka málið af dagskrá. Undirtektir hæstv. ráðh. voru álíka vinsamlegar og gagnvart þeirri brtt., er jeg flutti, til þess að framkoma hans væri sjálfri sjer samkvæm.

Um brtt. hv. 2. þm. G.-K. þarf jeg ekki að tala, því að hann hefir minst á hana sjálfur. Það var eitt, sem jeg gat ekki fallist á hjá hv. þm.; hann átti aldrei að búast við, að maður gæti treyst því, að eftir núverandi fyrirkomulagi væru meðlimir bjóðfjelagsins fullkomlega verndaðir. Nei, reynslan mun sýna, að það mun verða á þá leitað hvenær sem valdhöfum hentugt þykir, ef þeir hafa að þeirra áliti gert eitthvað fyrir sjer. Jeg held, að um þetta megi segja, að skamma stund verður hönd höggi fegin.

Jeg er ekki í vafa um það, að hvaða yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. kann að gefa, þá iðrast hann eftir þessa framkomu sína. Þess vil jeg geta um till. mína í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. sagði, að að sínu áliti hefði hvort sem er átt að vísa henni frá, að jeg get vitnað í úrskurð í þingtíðindum eftir merkan forseta, Ólaf Briem, sem styður það eindregið, að mín till. hefði mátt komast að. En það er rjett að geta þess, að þegar till. um ekki ósvipað efni var til umræðu í Nd., þá vil jeg fullyrða, að margir hv. þm. höfðu ekki athugað hana, af því að hún stóð ekki á þingskjali því, sem brtt. um þetta mál aðallega voru á. Það hefði þess vegna ekki verið ófyrirsynju, þótt hv. deild hefði fengið tækifæri til þess að leiðrjetta þann órjett, sem hæstv. stjórn og flokkur hennar kom þá í framkvæmd.

Það hefir annars gerst margt á þessum degi. Svo hefir ofríkið gengið úr hófi, að hæstv. forseti hefir verið víttur fyrir að lofa mönnum að gera athugasemdir viðvíkjandi þingsköpum.

Þótt till. mín geti ekki verið til umr., er efni hennar eigi að síður til umræðu. Þegar maður lítur á frv., dylst ekki, að hjer er einmitt verið að vega að einum sjerstökum manni, Staða þeirra manna, sem hafa trúnaðarstörf við bankann, er trygð með þessu frv., nema eins þeirra. Er nú ekki ástæða til, að maður renni grun í, af hverju slíkt megi verða. Aðalástæðan hlýtur að vera sú, að maðurinn væri eitthvað útásetningarverður frá stjórnmálalegu sjónarmiði, að dómi flytjenda málsins. Enda þarf jeg ekki að dylja það, að mjer er það nýverið kunnugt um hæstv. forsrh., að hann álítur heimilt að nota hvaða meðul sem er til þess að þrýsta niður mótstöðumönnum sínum, þó að ilt sje til þess að vita.

Það hefir nú verið farið svo mikið inn á frv. að ýmsu leyti og færð rök fyrir þeim mörgu göllum, sem á því eru, að það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar við. Og það var ekki meining mín að hefja neinar umræður til þess að tefja fyrir málinu; en hitt fanst mjer sjálfsagt, að segja nokkur orð, sem eru eiginlega þess eðlis, að bera af mjer sakir — eða rjettara sagt: bera sakir á hæstv. forsrh. (Hlátur í deildinni). Hann hefir sýnt mjer þann ódrengskap, sem jeg hefði aldrei trúað. (Forseti hringir). Jeg stend í þeirri meiningu, að jeg noti fullkomlega þinglegt orð; það er mikið bil á milli þess að kalla mann ódreng eða segja, að hann sýni ódrengskap; það getur marga hent í einu og einu tilfelli.

Jeg verð að taka undir það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það hefði verið ólíkt heppilegra, að hæstv. ráðh. hefði nú sjeð að sjer — eins og títt er um góða menn, sem verður eitthvað á —, og leyft að taka málið út af dagskrá; þá hefði ekki verið eins augljós hlutdrægnin eins og hún er nú, því að þá hefðu menn sjeð, að úrskurður hans hefði verið sprottinn af augnabliks athugaleysi. En því miður hefir það nú ekki verið.

Hæstv. forsrh. hefir bent á það áður, að ef þetta frv. yrði samþ., mundi það verða til mikillar blessunar fyrir land og lýð. Gott ef svo verður.

En ef tilgangur grundvallaratriða frv. verður til þess að draga sparisjóðsfje utan af landi hingað til Reykjavíkur, þá verð jeg að telja gagnið af þessari breytingu vafasamt. Jeg þykist ekki þurfa að fara í neinar grafgötur um það, að þessi aðalbreyting bankalaganna verður til þess að eyðileggja alla sparisjóðsstarfsemi úti um land, enda skín það í gegnum hjá hæstv. forsrh., að undirniðri er hann sömu skoðunar. Jeg fer ekki hjer með neina staðlausa stafi, og því þýðingarlaust fyrir hæstv. forsrh. að brosa að þessu. (**Forsrh. TrÞ:** Jeg býst við að fleiri brosi áður en lýkur). Það er engin sönnun fyrir því, að allir sjeu ánægðir, þó að þeir brosi. (**Dómsmrh. JJ:** Vjer brosum!). Það getur verið, að það sje eitthvað farið að fyrnast yfir sumar syndir — já, þið vitið, hvað jeg hugsa —, en hæstv. dómsmrh. brosti ekki í gærkvöldi, það er nokkuð sem víst er, þegar verið var að rifja upp afskifti hans á varðskipalögunum, þó hann þykist kannske vegna þess kisuþvottar, er flokksmenn hans veittu honum þá, geta sagt í dag: Vjer brosum.

Jeg held jeg láti þá útrætt um þetta atriði. En af því að svo heppilega vildi til, að hæstv. forsrh. tókst ekki að skera niður umr. þessar, þá hefði jeg þó getað vænst, að hann væri það vitiborinn maður, að hann færi ekki á eftir að berja í brestina fyrir þessari fáheyrðu framkomu, er hann sýndi úr ráðherrastóli. Og vegna þess að mjer er vel við manninn, vil jeg enda mál mitt með þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann verði framvegis fastari í rás, þegar hann er að starfa fyrir heill þjóðfjelagsins, og forðist til hins ítrasta að láta óhlutvanda menn velta sjer eins og snjókúlu.

Magnús Jónsson: Það er nú í raun og veru farið að fyrnast nokkuð yfir þau eindæma ósköp, sem hjer hafa gerst. En einhverntíma hefir það verið

sagt, að einsdæmin væru verst. Það hefir nú gerst það, sem fæstir mundu hafa trúað á hæstv. forsrh., að hann hefir beitt því ofríki hjer í hv. deild, að leyfa ekki þessum litlu brtt. að komast að, og fara nú að tíðkast hin breiðu spjótin.

Um þetta tiltæki má segja, að það minni á söguna um Gladstone og kúna, sem rjeðist á hann og lagði hann undir og hafði nærri gengið af honum dauðum, en Matthías orti um. Vitsmunirnir eru ekki altaf meiri, þar sem valdið er meira. Mjer finst, að þessi viðburður, sem hjer hefir orðið, sýni það svart á hvítu, að „glögt er það enn, hvað þeir vilja" í þessu máli. Jeg hafði grun um það, þegar er frv. kom fyrir þingið, að það væri ekki annað en umbúðir utan um alveg sjerstakan tilgang, nefnilega þann, að ná yfirstjórn bankans í hendur ákveðins flokks. En til þess að hylja þetta hafa þeir tekið ýms aukaatriði og vafið þennan fallega kjarna inn í þau sem umbúðir. Þetta verður enn ljósara af því, að þeir hafa ekki fengist um það, þó að frv. væri breytt í stórum atriðum, eins og átti sjer stað í hv. Ed. að því er snertir ákvæðin um stofnfje bankans, en undireins og hreyft er við þessu eina atriði, þá er beitt ofríki. Það er þá auðsjeð, að þetta er aðalatriðið, að ná þessum tilgangi, og sjá nú allir, hve mikil umbótaviðleitni hefir valdið um flutning þessa máls.

Nú sjá menn, hvernig stendur á því, að hæstv. fjmrh. var á þönum út um hvippinn og hvappinn að leita að röksemdum fyrir því, að þetta frumvarp er fram borið, eins og það, að hjer sje verið að færa málið í það horf, sem milliþinganefndin hafði lagt til. Um leið hafa þeir haft ánægju af því að gefa „selbita" einum starfsmanni bankans, sem þeir vissu, að var þeim andstæður í stjórnmálum. Í sambandi við það var borin fram hjer brtt. Hvers vegna mátti hún ekki koma til atkv.? Mjer hefir nú reyndar dottið í hug, að það er hægt að láta þessa brtt. koma til atkv. Það þarf ekki annað en að málið verði ekki afgr. á þessum fundi. Og það væri ósköp vel hægt að tala um þetta mál til kl. 6 í fyrramálið, og þyrfti þá engin afbrigði. En jeg mun nú ekki hverfa að því ráði og skal verða mjög stuttorður.

Þegar jeg bað um orðið, hjelt jeg, að brtt. mundu komast að, og ætlaði aðeins að tala um þær báðar. Ef svo hefði verið, væri nú búið að afgreiða málið.

Jeg vil leggja áherslu á það hjer, að það eru ekki þesskonar atvik, svo sem það, hvort þm. senda brtt. sínar einni stundu fyr eða síðar til prentunar, sem eiga að ráða úrslitum um afgreiðslu þingsins á stórmálum þjóðarinnar. Nú stóð líka svo á, að málið þurfti að fara aftur til hv. Ed., svo að það var þess vegna engin hætta á að samþykkja brtt.

Jeg hefði tæplega trúað því um hæstv. forsrh., að hann ætti það til að misbeita svo því synjunarvaldi, sem honum er veitt með formi þingskapanna. Jeg held það fari að eiga hjer við, sem Ívar á Vors sagði: „Ekki er sjá þó sæmilegur í öndveginu, tötrabassinn." Mjer finst hæstv. forsrh. varla hafa verið sæmilegur í öndveginu að þessu sinni. Það er sama að segja um þetta vald og forsetavaldið, að alt er undir því komið, að því sje beitt með fullkomnu rjettlæti; annað

er óþolandi. En þó kastaði fyrst tólfunum, þegar átti að skera umr. niður, þegar málið er til 3. umr., og því borið við, að óhæfilegar málalengingar hafi átt sjer stað, og umr. hafði þá aðeins staðið um hálfa stund.

Annars verð jeg að segja, að meðferð þingmeirihl. á þessu mikla máli hafi verið því algerlega ósamboðin. Það var byrjað með að taka það til 1. umr. hjer í hv. deild um miðnætti, og var það afsakað með því, að umr. mættu bíða til 2. umr. Til 2. umr. er málið svo tekið á laugardaginn fyrir páska, þegar nokkrir þm. eru fjarverandi með forsetaleyfi, og nú á að klykkja út með því að skera niður umr., þegar málið er við 3. umr. Slíkum aðförum vil jeg algerlega mótmæla hjer á þingi.

Ef einhverjum finst langar ræður hafa verið haldnar hjer í þessu máli, þá vil jeg leyfa mjer að benda þeim hv. þm. á ræðu þá, sem hæstv. dómsmrh. hjelt í bankamáli fyrir nokkrum árum, jeg ætla það væri 1923, og biðja menn að bera hana saman við þessar ræður nú.

En þó fanst mjer skörin færast upp í bekkinn, þegar sjálfur postuli frjálslyndisins, hv. 2. þm. Reykv., ekki aðeins skrifar undir áskorun um að skera niður umr., heldur lætur sjer sæma að víta hæstv. forseta fyrir að leyfa mönnum að tala um þingsköp.

Jeg skal svo ekki teygja málið meira, en óska hæstv. stj. til hamingju með þessar breytingar á lögunum um aðalpeningastofnun landsins: að taka ábyrgð á öllum þessum tugum miljóna, en svifta bankann því afli, sem hann hefir til þess að inna hlutverk sitt af hendi, og að hringla með yfirstjórn bankans í augsýn alls heimsins.

Að lokum vildi jeg óska málinu þess, að betur rættist úr þessu bankans vegna en til er stofnað.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Barð. komst þannig að orði, að hann mundi „bera af sjer sakir, eða með öðrum orðum bera sakir á hæstv. forsrh." Jeg hygg, að mörgum hv. þdm. hafi þótt þessi orð einkennileg, en hv. þm. hagaði sjer eftir þeim og bar sínar eigin sakir á hæstv. forsrh. (**HK:** Slúður!). En jeg vil spyrja: Hvers vegna ljet hv. þm. Barð. sig vanta, er greidd voru atkv. um málið við 2. umr.? Jeg er hræddur um, að honum sárni nú meir vegna þess, að hann kennir sjálfum sjer um afglöpin. Nú ber hann fram brtt., sem feld var hjer við 2. umr., og fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje þvert á móti því, sem þingsköp kveða skýrt á um. Jeg tek aðeins hjer til máls til þess að það heyrist, að hv. þm. Barð. veltir ekki af sjer neinum sökum með slíkum ókvæðisorðum um hæstv. forsrh. Reiði hans er einangruð við aðra brtt., sem leitað var afbrigða um, en snertir ekki hina, sem miklu er stórvægilegri. Hann er ekki sá áhugamaður, að reiði hans sje þung. Og það hefir heldur engin áhrif á okkur hjer á þingi, þó hann miklist yfir því, að hann hafi hótað einhverjum sveinstaula vestur á Barðaströnd með flengingu. Hann getur ekki búist við, að þingmannsheiður hans vaxi mjög af slíku.

Í sambandi við hina brtt., frá hv. 2. þm. G.-K., vil jeg þó taka fram, að hefði hún komið til atkv., mundi jeg

hafa fylgt henni. Umrót á yfirstjórn bankans við meirihlutaskifti á Alþingi eru hættuleg; öryggi og festu er best borgið með því að nýir meirihlutar nenni að bíða síns tíma, þegar um þjóðbanka er að ræða. Jeg er samþ. frv. að öðru leyti en ákvæði 23. gr., þó jeg að vísu hefði heldur kosið, að núverandi lánum Landsbankans, sem eru á ríkisábyrgð, hefði verið breytt í stofnfje, heldur en að breyta stofnfjárákvæði gildandi laga. Því er jeg mótfallinn. En þar sem brtt. þessi kemur ekki til atkv., vildi jeg þá láta getið í umr. afstöðu minnar til hennar. (**MJ:** Þarna er kannske ástæðan fyrir synjun hæstv. forsrh.?).

Frsm. annars minni hl. (Ólafur Thors): Jeg ætla ekki að tala svo lengi, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) geti ekki haldið langa ræðu áður kemur að venjulegri fundarfrestun. Jeg stend aðeins upp til þess að þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir yfirlýsingu hans um brtt. þá, er jeg bar hjer fram, en synjað var um afbrigði, að komast mætti að. Mjer er mikill fengur, að hann hefir staðið hjer upp í hv. deild og lýst yfir því, að hann væri þessari brtt. minni samþykkur, enda hefi jeg talið þennan hv. þm. langfærastan í sínum flokki að tala um bankamál. En þegar þessa er gætt, verður enn berari órjettur sá og það ofríki, sem hæstv. forsrh. hefir beitt í máli þessu. Því að jeg tel mjög líklegt, að hefði brtt. mín komist að, þá hefði hv. þm. V.-Ísf. ekki aðeins gefið þá yfirlýsingu, sem hann gaf, heldur hefði hann og fært rök fyrir henni. Og þó að jeg telji ekki hans rök betri en mín, geri jeg mjer þó von um, að hann hefði kannske haft meiri áhrif á flokksbræður sína en jeg.

Jeg vil skjóta því til hv. frsm. meiri hl., hvort hann álítur, að það sje ekki heppilegast fyrir öryggi Landsbankans, að skipun bankaráðsins sje skoðuð sem samningur. Og þar sem flokksbróðir hans og jafnmerkur maður og hv. þm. V.-Ísf. tekur algerlega undir minn málstað, þá veit jeg með fullri vissu, að hv. 1. þm. N.-M. er svo athugull maður, að hann vill ekki fremja neitt það, sem bankanum er til spillis.

Að öðru leyti vil jeg segja það, að mjer þótti óverðskuldað það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði um fjarveru hv. þm. Barð., er atkvgr. fór hjer fram um málið við 2. umr. Það má að vísu víta þm. fyrir það að vera fjarverandi, en hv. þm. (ÁÁ) veit vel, að bæði hann sjálfur og aðrir hv. þdm. eru oft fjarverandi, og mun hv. þm. Barð. síst gera meira að því en aðrir.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. Barð. ætlar að taka aftur til máls. En jeg get upplýst um það, að hann lagði svo fyrir áður en hann gekk af fundi, að hann yrði kvaddur hingað áður en til atkvæða væri gengið, en það mistókst, af ástæðum, sem jeg hirði ekki frekar að nefna. En hitt kom okkur báðum á óvart, að hæstv. stj. mundi neita um afbrigði. Slíkt hefir aldrei komið fyrir áður. Jeg hefi látið í ljós mína óánægju yfir því, hvernig fór um mína brtt. Mjer finst heldur ekki, að brtt. hv. þm. Barð. sje eins lítils virði og hv. þm. V.-Ísf. vill vera láta. Jeg skal fullyrða, að ef háttv. þm. V.-Ísf. hefði verið synjað um afbrigði fyrir tillögu, er hann hefði borið fram, þá hefði háttv. þm. risið upp með miklum þjósti

til andmæla, því að „sá er eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur“, og hygg jeg, að hv. þm. hefði ekki setið hjá, ef svo hefði farið um hans till.

Jeg skal ekki hafa þessi orð miklu lengri að sinni, þótt jeg hefði haft fulla löngun til þess að víkja dálítið að hæstv. forsrh. fyrir það ofríki, sem hann hefir beitt í þessu máli. En úr því að deildin sýndi þá sanngirni að leggja á móti till. hans um að skera niður umræður, sennilega af því að hv. þdm. og flokksbræðrum ráðh. hefir ofboðið það ofríki, sem hann var búinn að sýna, þá vil jeg sýna það á móti, að jeg virði það mikils framkomu þeirra, að jeg vilji stuðla að því, að umræður um málið verði ekki svo miklar úr þessu, að við það dragist úr hófi afgreiðsla málsins.

Jeg vil aðeins að síðustu minna á það, að nú er fallinn sá dómur frá þeim manni, hv. þm. V.-Ísf., sem af flokksbræðrum hæstv. ráðh. er talinn einna dómbærastur um þessi mál, að með framgangi þessarar brtt. sje best trygður hagur og öryggi Landsbankans. Vil jeg beina þeirri ósk til hæstv. ráðh., að hann taki tillit til raka, er þau koma fram frá þeim flokksbróður hans, er dómbærastur er talinn, þótt hann vilji ekki hlusta á þau, er jeg og aðrir andstæðingar hans bera þau fram.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg held, að nú sje farið að lygna aftur eftir þann hvassa gust, sem hjer lagði um deildina fyrir stundu. Það hefir verið talað um, að jeg hafi beitt ofríki í þessu máli, og margt hefir verið um það sagt og sumt skemtilegt, en jeg held, að ekki hafi enn verið sagt eitt einasta orð viðvíkjandi málinu sjálfu, heldur hefir aðeins verið rætt um formleg atriði út af synjun minni. (**HK:** Er það óviðkomandi málinu að ræða um það, sem af henni hefir hlotist?). Annað dálítið skemtilegt hefir komið fyrir á sama tíma, sem menn í þessari hv. deild hafa hneykslast svo mjög á synjun minni. Jeg hygg, að það hafi einmitt verið á sömu mínútunum, sem jeg synjaði um afbrigði við skriflega brtt. hjer í deildinni, að íhaldsmenn í hv. Ed. synjuðu um afbrigði til þess að taka þar til umræðu frv., sem búið er að liggja fyrir mörgum undanförnum þingum og orðið er þrautrætt. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir það, að þetta frv. lá nú fyrir Ed. óbreytt eins og það hafði farið þaðan.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. forsrh. ber hjer saman synjun ráðh. samkvæmt þingsköpum og synjun deildar. En sá er munur á þessu tvennu, að synjun deildar kemur mjög oft fyrir, en jeg þekki ekki dæmi til þess, að *ráðh.* synji um afbrigði, fyr en nú (**IngB:** Kom það ekki fyrir í fyrra?), enda sviftir ráðh. með því þingmenn rjetti, sem þeir eiga samkv. þingsköpum til þess að greiða atkvæði um brtt., sem fram eru bornar.

Annars hafði jeg hugsað mjer að halda nokkuð lengri ræðu við þessa umr. málsins, en þar sem nokkrir flokksbræður hæstv. forsrh. hafa nú sýnt sanngirni, eftir að ráðh. hefir sýnt óbilgirni, þá held jeg rjett að verðlauna sanngirni þeirra með því

að segja hjer aðeins nokkur orð að þessu sinni.

Mjer duttu í hug, er hæstv. ráðh. hafði lýst yfir synjun sinni, ummæli, sem einum merkum bónda og vini hæstv. ráðh. urðu af munni, er hann heyrði, hvernig hæstv. ráðh. hafði verið kúgaður af meðráðh. sínum á síðastliðnu hausti. Þessum manni varð þetta eitt að orði: „Aumingja Tryggvi!" En það, sem þá kom fyrir, hefir endurtekið sig oft síðan. Það var síðast í gær, að hæstv. dómsmrh. skýrði frá því, að hæstv. fors.- og atvmrh. hefði brotið lög að minsta kosti 3—4 sinnum síðan hann kom til valda. **(Dómsmrh. JJ:** En fyrirrennarar hans ca. 30—40 sinnum). En við þessa yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. vex hæstv. forsrh. svo ásmegin, að hann grípur fyrsta tækifæri, sem gefst, til þess að beita ofbeldi og óbilgirni, og jeg held vissulega, að því hafi verið hvíslað að honum af honum verri manni — eða ráðherra. Og þetta ofbeldi virðist af þeim rótum runnið, að hæstv. stj. og meiri hl. stjórnarflokksins hafi þótst sjá það fyrir, að brtt. hv. 2. þm. G.-K. mundi ná fram að ganga, ef hún kæmi til atkvæða.

Jeg held að þessi góðkunningi hæstv. forsrh. ætti að fara að hætta að aumka hann úr þessu. Jeg held, að þær bænir, sem fyrir honum kunna að vera beðnar, og þær óskir, sem menn kunna að hafa átt honum til handa, muni hjer eftir ekki á honum hrína.

Hákon Kristófersson:* Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. V.-Ísf., sem fann ástæðu til þess að beina nokkrum orðum til mín, þótt jeg hefði ekki talað neitt til hans. Jeg verð því að segja, að þessi virðulegi þm. hefir hjer annaðhvort sýnt af sjer slettirekuskap, eða hann hefir ekki treyst hæstv. forsrh. til þess að svara fyrir sig. Hv. þm. sagði, að jeg hefði viljað láta líta svo út, sem jeg ætlaði að bera af mjer sakir, en á hæstv. forsrh. Jeg sje nú ekki annað en að þetta geti vel staðist. En annars er það merkilegt, þegar menn hafa sæmilega dómgreind til að bera, eins og jeg álít þennan hv. þm. hafa, að þá skuli þeir nota hana til útúrsnúninga aðeins. Hæstv. forsrh. hafði einmitt borið á mig sakir, í sambandi við aðra menn. Hann fann hvöt hjá sjer til þess að ásaka mig fyrir það, að jeg hafði ekki verið viðstaddur atkvgr. við 2. umr. þessa máls. Reyndar hjelt jeg nú, að það heyrði heldur til hæstv. forseta þessarar hv. deildar en hv. þm. að víta mig fyrir það. En það var einhver lævísi bak við þessi orð hv. þm. Það var alveg eins og hann vildi drótta því að mjer, að jeg hefði ekki verið viðstaddur atkvgr. af einhverjum undirferlisástæðum. Jeg virði þetta ekki svara, — að minsta kosti ekki svo mikils, að jeg fari að skýra frá því, hvers vegna jeg var fjarstaddur. En það get jeg sagt, að mjer sárnaði stórlega að geta ekki verið viðstaddur atkvgr. um þetta stórmál, þótt jeg hinsvegar vissi, að það eitt mundi engin áhrif geta haft á málið. Mjer þótti leiðinlegt, að hann skyldi þá ekki eins snúa orðum sínum til hæstv. forseta og fleiri hv. dm. fyrir það, að þeir voru ekki viðstaddir. Því að það má ætlast til þess af honum, að hann vilji, að allir sjeu jafnir fyrir lögunum.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

Þá vildi hv. þm. nota sjer það dæmi, sem jeg tók um drenginn, og ætlaði að gera sig mikinn mann yfir mjer með því. Auðvitað er hv. þm. það, en hann má þó ekki halda sig of mikinn. Og ef jeg hefði viðhaft ókvæðisorð í ræðum mínum, þá er það á valdi forseta eins að víta það, en kemur ekki hv. þm. V.-Ísf. hið allra minsta við. Aðfinslur hv. þm. í minn garð hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Hv. þm. dróttar því að mjer, að jeg hefði átt að verða því feginn, að brtt. hefði ekki þurft að ganga gegnum nema einn hreinsunareld. Ef hann á við það, að hæstv. forseti hefði átt að vísa brtt. minni frá sem ólöglegri, þá get jeg sagt honum það, að jeg met ekki jafnmikils dóm hans um það atriði sem undangenginn dóm hins merka forseta Ólafs sáluga Briems.

Þar sem hann vjek að brtt. hv. 2. þm. G.-K., þá fór hann rangt með, eins og í öðrum tilfellum, en jeg vil að óreyndu vona, að hann hafi gert það óviljandi. Jeg sagði, að þar væri ekki ágreiningur um efni, og því væri ekki ástæða til þess fyrir mig að minnast á hana, þar sem líka hv. flm. hefði gert það sjálfur. Þess vegna skaut hv. þm. algerlega yfir markið með aðfinslur sínar til mín í því efni sem öðrum. Að öðru leyti ann jeg hv. þm. heiðursins af ummælum sínum í minn garð. En jeg fæ ekki sjeð, að það geti verið nein vörn fyrir órjettmætri framkomu stjórnarflokksins í þessari hv. deild, þótt íhaldsmenn í Ed. hafi gert eitthvað svipað þar í þann svipinn. Þótt einhver fremji órjett, þá heimilar það ekki öðrum að gera slíkt hið sama. En annars held jeg, að meiri hlutinn í hv. Ed. hafi verið nýbúinn að synja afbrigða um smávægilega brtt. við frv., svo að þaðan er byrjunin komin. Og það hefir verið sagt hingað til, að sá valdi miklu, sem upphafinu veldur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en jeg fann ástæðu til að andmæla þessum óþinglegu og ótilhlýðilegu orðum hv. þm. V.-Ísf. í minn garð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HjV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 733).

Á 71. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr. (A. 733, 764, 765).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta hefir nú gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar með lítilsháttar breytingum frá því, sem það var, er það fór hjeðan, án þess þó að haggað væri við þeim aðalbreytingum, sem gerðar voru á frv. í þessari hv. deild.

Þó vil jeg geta um eina breytingu, sem hv. Nd. hefir gert við breytingar þær, sem hjer voru samþ., en það er um kjörtíma bankaformannsins. Í hinu upphaflega frv. stóð, að formaður bankaráðsins skuli skipaður til 5 ára, en því var breytt hjer og fært niður í 3 ár. Nú hefir hv. Nd. fallist á að færa kjörtíma formannsins í sama horf og upphaflega var í frv., og getur meiri hl. fjhn. fyrir sitt leyti fallist á, að það ákvæði standi. Auk þess hefir hv. Nd. þótt rjett, að bankaráðsmennirnir skiftist á um daglegt eftirlit í bankanum ásamt formanni.

Aðrar breytingar hv. Nd. eru leiðrjettingar, eins og t. d. um skipun endurskoðenda bankareikninganna. Í frv. stóð, að bankaráðið skipaði endurskoðendur, en það liggur í augum uppi, að það er landsbankanefndin, sem á að gera það, þótt þessari hv. deild hafi skotist yfir að leiðrjetta það. En nú er þetta leiðrjett, og er því ekkert frekar um það að segja.

Þá hefir og verið leiðrjett undarleg villa, sem staðið hefir í 53. gr. bankalaganna. Þar er gert ráð fyrir hlutabrjefum bankans og arði af þeim, sem vitanlega er vitleysa. Bankinn er eign ríkisins, og því getur ekki verið um nein hlutabrjef að ræða nje arð af þeim. Mun þetta hafa staðið síðan 1925, er gert var ráð fyrir hlutabanka. En þetta atriði er nú leiðrjtt eða felt niður.

Fleira hefi jeg ekki um sjálft frv. að segja eða breytingar þær, sem hv. Nd. gerði á því. En svo hafa komið hjer fram tvær brtt., og get jeg fyrir hönd meiri hl. fjhn. lýst því yfir, að hann er á móti þeim báðum.

Brtt. á þskj. 764, frá hv. þm. Seyðf., um að fjehirðir haldi stöðu sinni áfram, eins og aðalfjehirðir og bókari, var að vísu samþ. áður hjer í háttv. deild, en þetta feldi hv. Nd. niður. Meiri hl. fjhn. lítur svo á, að verði þessi brtt. samþ. nú, geri hún ekki annað en að tefja málið, og geti jafnvel orðið þess valdandi, að frv. komist ekki í gegnum þingið.

Sama er og um brtt. hv. 3. landsk. að segja, um að hinir nýkosnu bankaráðsmenn taki sæti í bankaráðinu jafnóðum og sæti losna. Meiri hl. fjhn. lítur svo á, að þessi brtt. eigi heldur ekki að ná fram að ganga, enda væri þýðingarlaust að vera að samþ. nú breytingar á lögunum, ef ekki ættu þær að koma til framkvæmda fyr en eftir 3 ár.

Það er till. meiri hl. fjhn., að frv. verði samþykt óbreytt.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og hv. 5. landsk. gat um, var hjer í deildinni samþ. brtt. um það, að fjehirðir Landsbankans hjeldi stöðu sinni á meðan hans nyti við, þrátt fyrir breytingar þær, sem gerðar hafa verið á Landsbankalögunum. Og þetta var samþ. með það fyrir augum, að gera fjehirði jafnhátt undir höfði og aðalfjehirði og aðalbókara. Og þessari hv. deild fanst þá ekki nema eðlilegt, að sama væri látið gilda um þessa þrjá núverandi föstu starfsmenn bankans.

En hv. Nd. var á annari skoðun. Hún feldi fjehirðinn niður, en ljet hina tvo standa, og því hefi jeg leyft mjer að bera fram þessa brtt., til þess að koma í veg fyrir, að þessi starfsmaður bankans verði beittur misrjetti. Vona jeg því, að hv. deild haldi fast við sína fyrri skoðun og fallist á þessa

brtt. mína. Að öðrum kosti fæ jeg ekki betur sjeð en að settur sje blettur á fjehirði og gefið í skyn, að hann hafi eitthvað til saka unnið, eða þá að hann hafi ekki rækt starf sitt sem skyldi. En mjer vitanlega er engu slíku til að dreifa.

Hv. 5. landsk. ljet í veðri vaka, að yrði þessi litla en sjálfsagða brtt. samþ., gæti svo farið, að málið yrði ekki útrætt. En jeg get lofað honum því, að samþ. þessarar brtt. þarf ekki að verða til þess að tefja málið. Jeg hefi fulla vissu fyrir því, að það verður ekki neitað um afbrigði í hv. Nd., og þá getur málið komið þar til einnar umr. á þriðjudag, og munu engar umr. verða um það af hálfu stjórnarandstæðinga. Mjer finst ekki nema sjálfsagt, að þessi starfsmaður bankans sje jafnhár hinum tveimur, sem frv. undanskilur. Með því að taka hann út úr er settur á hann ómaklegur blettur, sem mjer finst ekki vansalaust fyrir þingið.

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við 23. gr. frv. Efni hennar er það, að sú breyting, sem 23. gr. gerir ráð fyrir, komi til framkvæmda jafnóðum og sæti losna í bankaráðinu. Að efni til er hún samhljóða brtt., sem borin var fram við 3. umr. málsins í hv. Nd., en kom þar of seint fram, svo að hún komst hvorki til umr. nje atkvæða. Þá var hún borin fram sem viðaukatill. við 8. gr. frv., en mjer finst fara betur á að láta hana eiga við 23. gr.

Ástæðan til þess, að jeg hefi tekið þessa brtt. upp, er sú, að jeg vil gefa hv. þdm. tækifæri á að greiða atkv. um það atriði eitt, hvort þeir vilja, að farið sje út fyrir eðlilega sett takmörk með því að setja nýja menn í sæti á meðan aðrir löglega kosnir menn og skipaðir eru í þeim sömu sætum.

Þrátt fyrir allan ágreining í þessu máli, finst mjer full ástæða að líta svo á, að meiri hl. Alþingis telji það skyldu sína að halda löggjöfinni innan þeirra takmarka, að ekki fari í bága við gerða samninga. Hingað til hefir það verið talið svo, að löggjafarvaldið geti ekki breytt slíkum samningum. En geri það það, fæ jeg ekki betur sjeð en við því liggi sömu viðurlög eins og um önnur samningsrof, að fullar bætur komi fyrir. Og hvað sem annars líður þeim mikla skoðanamun, hvort ríkið beri ábyrgð á bankanum eða ekki, finst mjer þó, að færi vel á því, að þingið sýndi, hvort það vildi fara út fyrir þessi takmörk eða ekki.

Jeg ber nú þessa brtt. fram til þess að atkvæði geti gengið um þetta út af fyrir sig. Jeg fyrir mitt leyti get ekki hugsað mjer, að það geti staðið þingmeirihlutanum á neinn hátt á svo miklu að hafa nú þegar í sinni hendi meiri hlutann í yfirstjórn Landsbankans, að þeirra hugsun muni geta rjettlætt það, að sú grundvallarmeginregla, sem jeg nú hefi rætt um hjer, verði brotin, þar sem jeg get búist við, að þeirra mótmæli byggist á því, að athugavert sje að breyta frv. að svo áliðnum þingtímanum. En jeg hefi einnig leyfi til þess að geta hjer um það, að stjórnarandstæðingar í Nd. muni leyfa afbrigði frá þingsköpum, til þess að málið megi koma þar til atkvæðagreiðslu hvenær sem er, eftir að það er afgreitt hjer í deildinni, og þeir munu ekki gera neitt til að tefja

málið á annan hátt, þannig að samþykt þessarar brtt. getur á engan hátt orðið til þess, að málið verði óútrætt, eða að nokkur hætta verði á slíku.

Jeg skal svo ekki segja meira um þetta mál. Jeg hefi ekki komið fram með neina brtt. að því er snertir hitt höfuðatriði frv., hina ótakmörkuðu ábyrgð ríkissjóðs á bankanum, því að jeg hefi skilið það svo, að um það atriði sje raunverulegur skoðanamunur, þannig að baráttunni um það verði að halda áfram, ekki hjer á þingi, heldur úti á meðal kjósendanna.

Ingvar Pálmason: Jeg vil að síðustu fara örfáum orðum um þetta mál. Um brtt. hefi jeg lítið að segja, sem ekki er áður fram tekið. Að vísu hafa tveir hv. stjórnarandstæðingar gefið yfirlýsingu um, að þær skuli ekki valda töfum. Jeg hefi enga ástæðu til að vjefengja, að báðir þessir hv. þm. vilji gera það, sem þeir geta, til þess. En þetta er síðasta umræða í þessari deild, svo að þeim gefst ekki færi á að sýna sinn góða vilja í verki. Nú er þingtíminn á enda og hver smátöf getur hindrað framgang frv. Og jeg verð að segja það, að eftir framkomu stjórnarandstæðinga í Nd. undanfarna daga, yrði jeg að fá þeirra eigin orð, ef jeg ætti að treysta þeim til að greiða fyrir fljótri afgreiðslu málsins. Annars er jeg persónulega mótfallinn þessum brtt. og mun þegar af þeirri ástæðu greiða atkvæði gegn þeim.

Jeg sje ekki ástæðu til að halda langa ræðu nú. En þar sem hv. 3. landsk. hjelt því fram, að brotin væru lög á núv. bankaráðsmönnum með samþykt frv., verð jeg að segja, að jeg er á gagnstæðri skoðun. Jeg sje ekki, að hjer sje um embætti að ræða í venjulegum skilningi. Hjer er aðeins að ræða um trúnaðarstöður, sem löggjafarvaldið hefir falið þessum mönnum, og jeg ætla það hafi vald til að skifta um trúnaðarmenn. Og jeg segi það eins og er, að jeg hefi ekkert á móti því, að reynt sje, hve haldgóð er staðhæfing hv. 3. landsk. o. fl. um rjettinn til skaðabóta. Tel jeg ekki óviðeigandi, að um hana verði nú feldur úrskurður, svo að menn þurfi ekki lengur að vera í vafa, þegar samskonar tilfelli koma fyrir.

Aðalorsökin til þess, að jeg stóð upp, var annars sú, að mig minnir, að ekki hafi verið tekið fram í umr., að við fjárhagsnefndarmenn lítum svo á, að 23. gr. frv. taki skýrt fram, að bankanefndina eigi að kjósa á þessu þingi, og svo kveðji sá, sem flest atkvæði fær, nefndina á fund. Ákvæði 12. gr. um fundarboð á ekki við í þetta sinn. Hugsum við okkur, að strax þegar búið er að afgr. lögin sje kosið í nefndina, og þegar staðfesting konungs er fengin, komi hún saman í fyrsta sinn. Það ætti að geta orðið áður en þingmenn fara heim af þingi.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, með því að frsm. meiri hl. hefir talað um breytingar Nd. á frv. og afstöðu okkar meirihlutamanna til þeirra.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil gjarnan segja fáein orð að lyktum um þetta frv., áður en það verður afgreitt frá deildinni.

Tvær brtt. eru nú fram komnar, önnur frá hv. þm. Seyðf. og hin frá hv. 3. landsk., og er hvorug þeirra til bóta. Hv. þm. Seyðf. fer fram á að

taka skýrt fram, að fjehirðar skuli vera tveir við bankann.

Hjer er á ferðum gamall ágreiningur milli íhaldsmanna annarsvegar og mín og minna samherja hinsvegar. Íhaldsmennirnir virðast álíta, að embættin sjeu til vegna mannanna, sem gegna þeim, en við lítum svo á, að þau sjeu vegna þjóðfjelagsins, og ekki annars. Sje nægilegt fyrir bankann að hafa einn fjehirði, sje jeg ekki ástæðu til, að þeir sjeu tveir, jafnvel þó að einhvern einstakan mann langi til að bera titilinn. Jeg lít svo á, að þessi till. sje aðeins einn liður í viðleitninni til að miða útgjöldin við þarfir einstakra manna, en ekki almennings.

Jeg vil að svo komnu ekkert fullyrða um, hve mikil gjaldkerastörf kunni að verða í Landsbankanum í framtíðinni. En jeg fæ ekki annað sjeð en að alveg nóg sje að hafa einn aðalgjaldkera. Fari svo, að nauðsyn beri til að hafa útborganir á fleiri stöðum en einum, getur bankastjórnin bætt við aðstoðarmanni. En hitt nær engri átt, að lögbjóða starfsmenn, sem ekki er víst að þörf sje á.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að á þessari till. sje sami gallinn og sumir hv. þm. í Nd. þóttust finna á fjárlögunum: Of mikið tillit tekið til einstakra manna. Um þennan ljóð á afgreiðslu fjárlaganna er ekki hægt að ásaka einstaka menn eða flokka. En vonandi verður hægt að koma í veg fyrir það næst, að þau litist svo mjög sem hingað til af framlögum til einstakra manna.

Andstæðinga mína, sem endilega vilja tryggja manni stöðu við Landsbankann, vil jeg minna m. a. á eitt atriði: Vel gæti komið til mála, að sparnaður yrði að því síðar að fela Landsbankanum gjaldkerastörf fyrir ríkissjóð. Jeg nefni þetta aðeins sem möguleika. En miklu mundi hægra að ná samkomulagi um þetta við bankann, ef þar væri ekki ákveðin nema ein gjaldkerastaða.

Þá kem jeg að till. hv. 3. landsk. um það, að breytingin um kosningu bankaráðsmannanna komi ekki til framkvæmda fyr en útrunninn er starfstími núv. bankaráðsmanna samkvæmt lögunum í fyrra. Í tilefni af þessari till. skal jeg sem bankaráðsmaður leyfa mjer að geta nokkurs, sem gerðist á bankaráðsfundi í gær. Þar kom fram tillaga um að draga um, hverjir ættu að ganga úr bankaráðinu samkv. núgildandi lögum. Jeg mótmælti þessum útdrætti af fjórum ástæðum: Í fyrsta lagi af því, að einn bankaráðsmaðurinn, Jón Árnason framkvæmdarstjóri, væri erlendis. Í öðru lagi af því, að eðlilegra væri, að útdrátturinn biði til hausts. Í þriðja lagi benti jeg á, að fyrir þinginu lægi frv., sem gæti haft í för með sjer kosningu nýs bankaráðs, en þá væri útdrátturinn markleysa, og í fjórða lagi taldi jeg þetta óhæfilegt af því, að bersýnilegt væri, að till. gæti ekki stafað af neinu öðru en því, að einhverjir bankaráðsmenn ætluðu sjer að höfða skaðabótamál gegn ríkinu, ef þeir mistu spón úr aski sínum við bankann. Svo fór, að útdrátturinn var samþ. með þrem atkv. mót atkv. mínu. Því næst fór útdrátturinn fram, og vorum við hv. þm. Seyðf. dregnir út, en eftir urðu Jón Árnason framkvæmdarstjóri og hv. 1. þm. Reykv.

Nú þegar rætt er um lífsskilyrði

núverandi bankaráðs, fanst mjer vel við eigandi að geta þessa afreks samherja hv. 3. landsk. í bankaráðinu. Með samþykt frv. erum við, sem kosnir vorum í fyrra, úr sögunni sem bankaráðsmenn eftir fyrirmælum Alþingis. En mjer finst alveg óverjandi, að nokkrum skuli koma til hugar að höfða mál út af því. Jeg hefi sýnt, með því að gefa laun mín í bankaráðinu til almannaþarfa, að jeg álít, að það eigi ekki að vera einstökum mönnum til hagnaðar. En reyni bankaráðið að höfða mál, er það bæði því sjálfu og bankanum til hnekkis. Auk þess er vitanlega enginn möguleiki til að vinna slíkt mál.

Till. hv. 3. landsk. um, að nokkur hluti frv. — ákvæðin um bankaráðið — skuli ekki koma til framkvæmda strax, er raunar næsta undarleg. Við vitum ekki, hverjir kunna að verða kosnir samkv. hinum nýju lögum. E. t. v. verða það sömu mennirnir, og e. t. v. ekki. En jeg geri a. m. k. ráð fyrir, að okkur ólöstuðum, sem nú eigum setu í bankaráðinu, að þangað veljist eins góðir menn og við. Persónulegar ástæður hljóta að koma hv. 3. landsk. til að flytja þessa brtt. Hann vill laga löggjöfina eftir þörfum sjerstakra manna. Nú eru líkur til, að stærri flokkarnir geti komið að sömu tölu manna og í fyrra, og er því innan handar að kjósa sömu mennina og nú eiga setu í bankaráðinu, ef þeir aðeins kæra sig um að hafa þá áfram. En sje svo ekki, eiga þeir heldur ekki að vera þar.

Till. hv. 3. landsk. á að fella, vegna andans í henni, þó að ekki væri annað. Það er sá andi, sem veldur því, að hætta verður verklegum framkvæmdum, hvenær sem harðnar í ári, vegna hinna gífurlegu útgjalda til einstakra manna. Þá fyrst er fjárhag ríkisins borgið, þegar svo er litið á, að það standi ekki í þakklætisskuld við aðra menn en þá, sem raunverulega vinna því gagn. Og þegar þjóðfjelagið vill losna við störf manna, eiga þeir að hverfa frá þeim bótalaust, enda er svo ráð fyrir gert í gildandi lögum.

Nú finst hv. 3. landsk. óhæfa að breyta bankalögunum, af því að hann óttast, að það muni verða óþægilegt fyrir einhverja af flokksmönnum hans. Nú heimtar hann varúð. En hann var ekki ákaflega varkár sjálfur í fyrra. Þá virti hann að vettugi tillögur milliþinganefndarinnar í bankamálum og beitti öllu sínu bolmagni til að brjóta niður það skipulag, sem Sveinn Björnsson sendiherra og hv. 1. þm. Reykv. höfðu hjálpað til að undirbúa í milliþinganefndinni með okkur framsóknarmönnum. Fyrir þetta ofurkapp hv. 3. landsk. við að koma málinu fram, þá komst inn í frv. margt, sem honum þótti ekki gott og hann áleit, að þar ætti ekki að vera. Þó að kosningar stæðu fyrir dyrum og eðlilegt væri, að málið yrði ekki ákvarðað fyr en eftir þær, þá beitti hann minni hl. ofbeldi til þess að fá málið fram og fá sína menn í meiri hl. í bankaráðinu. Svo fjekk hann tækifæri til að bæta fyrir ofríki sitt, þegar hann skipaði formann í bankaráðinu. Stærri flokkarnir tveir höfðu jafntefli í bankaráðinu, og var því eðlilegt, að sá þingflokkurinn, sem sigraði, fengi formanninn. En þá útnefnir hann formanninn úr sínum flokki fáum dögum eftir að hann er kominn í minni hluta á þingi. Þetta sýnir merkilegt

ofríki. Minnihlutastjórn notar seinustu leifar valds síns til að skapa sjer óeðlilegt vald í bankaráðinu.

Nú hefði mátt búast við, að sá, sem skipaður yrði bankaráðsformaður, yrði maður, sem stæði utan við flokkana og sem líkur væru til, að yrði endurkosinn af andstöðuflokkinum. En það var síður en svo, að slíkur maður væri valinn. Stjórnin kaus til starfans reyndan og vel viti borinn mann, en mann, sem vitanlegt var, að gæti ekki notið trausts hjá þeim meiri hl., sem orðinn var í þinginu. Til þess hafði sá maður misbeitt valdi sínu of freklega í pólitískum tilgangi. Hann hafði um langan tíma haldið uppi máli gegn ritstjóra „Tímans", núverandi hæstv. forsrh., með gjafsókn; málsókn, sem kostað hefir ríkið um 500 kr. Þetta var út af auglýsingablaði, sem sent var út með „Tímanum", en hafði einnig verið sent út með íhaldsblaði, er tengdasonur hans var ritstjóri að. En honum stefndi hann ekki. Svo mikil var frekja og ofsi þessa manns, að hann sveifst ekki að nota vald það, sem hann hafði sem yfirmaður póstmála hjer á landi, í þjónustu flokks síns og til að beita ofsa, hlutdrægni og rangindum við andstæðing sinn. Öðru sinni notaði þessi sami maður vald sitt til þess að ofsækja póstafgreiðslumann nokkurn, sem var í Framsóknarflokknum. Lagði hann niður brjefhirðingu á einu helsta höfuðbóli landsins, aðeins vegna óska tengdasonar síns, er var andstæðingur póstafgreiðslumannsins. Hv. 3. landsk. getur því ekki gengið þess dulinn, að hann er búinn að brjóta af sjer allan rjett, þegar hann, ofan á það ofurkapp, sem hann beitti til að knýja lögin í gegn, og eftir að hann er raunverulega búinn að tapa rjetti til að framkvæma mikilsvarðandi stjórnarathafnir, tekur sjer slíkt vald, skipar mann, sem svo freklega er búinn að brjóta af sjer alt hlutleysi gagnvart núverandi stjórnarflokki.

Aðstaða hv. 3. landsk. er því ekki góð. Hann hefir ekki verið hollur málinu, og það, sem nú er verið að gera, er ekki annað en að verið er að taka upp þráðinn frá fyrri árum, áður en hv. 3. landsk. næði að spilla málinu. Aðstaða flokkanna á þingi í fyrra var sú, að hvor þeirra stærri fjekk tvo fulltrúa. Sá verðandi meiri hl. átti að fá oddamanninn. Háttv. 3. landsk. vjek frá því og notaði til þess leifar valds síns. Nú viljum við framkvæma það í meiri hl., sem við vorum með í minni hl. Slíkt er ekki hægt að áfella í „parlamentarisku" ríki.

Jón Þorláksson: Mjer þykir það leiðinlegt, að hv. 2. þm. S.-M. virðist hafa misskilið það, sem jeg sagði viðvíkjandi afstöðu stjórnarandstæðinga til fyrirgreiðslu frv., ef brtt. mín yrði samþykt. Hann skildi mig svo, sem jeg væri einungis að lofa fyrir sjálfan mig. Svo var ekki. Jeg hefi umboð til þess frá stjórnarandstæðingum öllum í Nd. að lofa því, að þeir skuli leyfa málinu að koma á dagskrá með afbrigðum, hvenær sem er, og ekki tefja það með umræðum, ef brtt. mín og hv. þm. Seyðf. verði samþ. Vona jeg, að hv. þm. rengi ekki, að jeg skýri rjett frá, enda hefi jeg hjer skriflega yfirlýsingu frá öllum stjórnarandstæðingum Nd. (**JBald:** Hvernig

hljóðar hún?). Jeg finn ekki ástæðu til að lesa hana upp; jeg hefi þegar greint frá efni hennar. (**JBald:** Bókstafurinn blívur!). Jeg get mætavel lesið hana upp, úr því hv. 5 landsk. óskar þess. Hún hljóðar svo:

„Undirritaðir alþingismenn lýsa því hjer með yfir, að samþykki hv. efri deild breytingartillögu þá á þingskjali 764, er hv. þingmaður Seyðfirðinga flytur við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands, og breytingartillögu þá, er hv. 3. landsk. flytur á þskj. 765, en breyti ekki frv. að öðru leyti frá því, sem það er eftir 3. umr. í neðri deild, munum við heimila, að málið komi til umr. og atkvæða í neðri deild þegar í stað er þess verður óskað, og munum við ekki taka þátt í umræðum um það.

Alþingi, 13. apríl 1928.

Ólafur Thors. Magnús Guðmundsson. Jón A. Jónsson. Jón Sigurðsson. Jóhann Þ. Jósefsson. Pjetur Ottesen. Jón Ólafsson. Magnús Jónsson. H. J. Kristófersson. Einar Jónsson. Sig. Eggerz."

(**Dómsmrh. JJ:** Það er gott; þeir eru farnir að iðrast!). Jeg vona, að jeg hafi hjer lagt fram þá sönnun, sem hv. 2. þm. S.-M. er nægileg.

Hv. þm. sagði, að hjer væri ekki um embætti að ræða. Þetta er rjett, enda hefi jeg aldrei haldið því fram. Þetta er sýslan, og það sjerkennilega við hana er það, að Alþingi skipar í hana menn til ákveðins tíma. Því er þetta ekki hliðstætt venjulegum embættaskipunum, þar sem menn eru skipaðir til óákveðins tíma, eða til lífstíðar, og fer eftir mismunandi reglum, ef embættin eru lögð niður, eða hlutaðeigandi fer frá. En skipun þessara manna er gerningur, sem svo er gerður, að honum verður ekki sagt upp af öðrum aðilja aðeins. Samkvæmt almennum rjettarreglum er það samningur, sem gildir um ákveðinn tíma.

Hæstv. dómsmrh. talaði langt mál viðvíkjandi því, sem gerst hafði í bankaráðinu um útdrátt á bankaráðsmönnum. En það er málinu alveg óviðkomandi, og fer jeg ekki út í það. Að öðru leyti var það, sem hann sagði, bygt á sama misskilningi og það, sem hv. 2. þm. S.-M. hjelt fram. Jeg hefi ekki haldið því fram, að um stöðurnar giltu sömu reglur og um embætti. Það er útilokað. Embætti eru veitt um ótiltekið árabil, og er oft litið svo á, sem veiting gildi æfilangt, ef engar sjerstakar orsakir koma fyrir. Hjer er öðru máli að gegna. Stöðurnar eru veittar til ákveðins tíma, tveggja og fjögurra ára. Við höldum því fram, að ekki megi ganga á þessa samninga, þingið geti ekki komið, ári eftir að það hefir veitt stöðurnar til 4 ára, og sagt, að það hafi nú sjeð sig um hönd; tíminn eigi að vera styttri. Þá hefir þingið sjálft gert sig ómerkt orða sinna. Finst mjer undarlegt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki viðurkenna þetta, því á þessu þingi hefir hann einmitt komið fram með till. um breytingar á tilhöguninni við veitingu embætta. Lögin um varðskipin, sem hv. deild var að samþykkja áðan, kveða svo á, að skipverja skuli ekki skipa til lífstíðar, heldur skuli þeir ráðnir með ráðningarsamningi til 6 ára í senn. Hliðstætt því, sem hjer liggur fyrir, væri það, að hæstv. dómsmrh. kæmi á næsta þingi fram með brtt. við lögin, um að stytta ráðningartíma þeirra

manna, sem á yfirstandandi ári verða ráðnir til 6 ára samkvæmt ákvæðum laganna. Jeg veit ekki, hvort hæstv. dómsmrh. skilur, að þetta er ekki hægt að gera. Þegar menn eru ráðnir til ákveðins tíma, þá er ekki hægt að segja þeim upp fyrri en sá tími er úti, og það þótt sjálft löggjafarvaldið eigi í hlut. Löggjafarvaldið verður líka að hlíta þeim takmörkunum, að það má ekki ganga á gerða samninga.

Hæstv. ráðherra gat þess, að það yrði bæði bankanum og bankaráði til minkunar, ef menn þeir, er hann ætlast til að þoki úr bankaráðinu, láti sjer það ekki lynda án dómsúrskurðar. Þetta er á misskilningi bygt. Sú málsókn yrði fyrirsjáanlega hvorki bankanum nje bankaráði til álitshnekkis, heldur þingi og stjórn. Jeg vil forða þingi og stjórn frá þeim álitshnekki, því þótt Íhaldsflokkurinn geti þvegið hendur sínar, þá er það þó þing og stjórn okkar þjóðar, sem bakar sjer þetta. — Samanburður við embætti skrifstofustjóranna á hjer alls ekki við. Þeir eru ekki ráðnir til ákveðins tíma.

Þá tók hæstv. dómsmrh. að ámæla mjer og flokki stjórnarinnar í fyrra fyrir aðgerðir okkar í þessu máli. Kvað hann okkur hafa beitt ofríki. En það var þvert á móti, enda gat fyrv. stjórn ekki beitt ofríki, þótt hún hefði viljað, því stjórnin var í minni hl. í Nd., og gat sú deild felt hverja þá till., sem frá stjórninni kom, ef hún vildi. Því varð lögunum ekki komið í gegn nema með samkomulagi. Og það samkomulag tókst milli þorra framsóknarmanna og Íhaldsflokksins mestalls. Lögin voru samþ. með 19 atkv. í Nd. og 12 atkv. hjer. Það er því fjarstæða, að minni hl. hafi verið beittur ofríki í fyrra.

Í ræðu hæstv. ráðherra skaut því upp úr honum, hvaða innri ástæður eru til þess, að hann getur ekki þolað núverandi bankaráðsformann. Þótt jeg hafi vitað, að hæstv. ráðherra meti mikils persónulegar mótgerðir eða velgerðir við sig, þá hefði mig aldrei órað fyrir því, að það væri hjer málsástæða, að Sigurður póstmeistari Briem hefði framfylgt póstlögunum gegn fyrv. ritstjóra „Tímans". Jeg skil það, að hæstv. ráðherra ætlar, er færi gefst, að minnast andstæðinga sinna, sem fengið hafa það vanþakkláta hlutverk að halda uppi lögum og rjetti gegn flokksbræðrum hans.

Um það, að átt hefði að fresta skipun bankaráðsformanns, skal jeg upplýsa, að það var ljóst af meðferð málsins í fyrra, að það var skoðað hlutverk þáverandi stjórnar að skipa hann. Það varð einmitt til þess, að skipunartíminn var færður úr 5 árum og niður í 3. Þetta var gert með shlj. atkv. stjórnarandstæðinga í Nd. Framsókn hafði sjálf stungið upp á að skipa formann til 5 ára, en breytti svo skoðun. Vitanlega var þetta viðurkenning á því, að þáverandi stjórn átti að skipa formann. Hvort skipunarbrjefið var gefið út fáum dögum fyrir eða eftir kosningarnar, skiftir ekki máli. Það var gefið út á venjulegan hátt, gildandi frá 1. júlí. Um hæfileika þess manns, sem skipaður var, hefir ekki verið deilt. Og það er erfitt að finna mann, sem hefir alt í senn til að bera, sjerþekkingu, lífsreynslu og almenna viðurkenningu

fyrir samviskusemi og vitsmuni. Að brotin hafi verið hlutleysisregla með skipun hans, það get jeg ekki kannast við. Jeg minnist ekki, að hann hafi tekið þátt í stjórnmálum, annan en þann að greiða atkvæði, sem honum ber sem kjósanda. Jeg tel mjög tvísýnt, að fundinn yrði nýr bankaráðsformaður, sem betur hefði gætt hlutleysis á þessu sviði en hann.

Jeg vona nú, að þetta geti alt fallið í ljúfa löð. Jeg hefi ástæðu til að gera mjer vonir um, að meiri hl. í deildinni vilji gera þessa sjálfsögðu breytingu og hæstv. stjórn hafi ekkert á móti að ganga svo frá 23. gr. sem jeg legg til.

Jeg hefi nú talað tvisvar, og mun því umr. um þetta mál vera lokið af minni hálfu að þessu sinni.

Ingvar Pálmason: Jeg tel hlýða að kvitta fyrir það, sem hv. 3. landsk. las upp hjer í deildinni. Jeg viðurkenni, að hann hafði fult umboð til að lýsa yfir því, sem hann lýsti yfir, og jeg verð að segja það, að jeg hafði ánægju af þessari yfirlýsingu. Hún virðist sýna það um leið, hvernig á því stendur, að andstöðuflokkur stjórnarinnar hefir haldið uppi málþófi að óþörfu. Þegar flokkurinn gefur yfirlýsingu um, að nú skuli hann þagna, þá er það af sömu ástæðum runnið og þegar þeir sýna í verki, að þeir hafi fengið skipun um, að nú skuli þeir allir tala sem hver hafi leyfi til.

Það er ekki ástæða til að fara út í efni brtt. hv. 3. landsk. Jeg tel öðru máli gegna um embættaskipanir en kosning um vissan ákveðinn tíma til tiltekins trúnaðarstarfa. Hv. þm. telur ekki mikinn mun þar á. En jeg lít öðruvísi á það mál. Jeg skoða bankaráðsstörfin sem trúnaðarstöður, en ekki embætti; og jeg lít svo á, að sá, er veitir þessar trúnaðarstöður, á hans valdi sje, hve lengi farið er með umboðið. Störf bankaráðsins eru nánast umboðsstörf.

En jeg skal ekki fara lengra út í þetta. Hv. 3. landsk. hefir lýst því yfir, að hann taki ekki til máls aftur, og sje jeg því síður ástæðu til að skeggræða frekara. Þótt nú hvað mig snertir sje annari ástæðu til að dreifa til þess að vera á móti brtt., þar sem hún, ef samþ. verður, hlýtur að tefja málið, þá er hin sú, að jeg er mótfallinn breytingunni í sjálfri sjer.

ATKVGR.

Brtt. 765 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ.

nei: JJ, MK, PH, EÁ, EF, IP, JBald, GÓ.

Brtt. 764 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

nei: EÁ, EF, IP, JBald, JJ, MK, PH, GÓ.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 780).

65. Dómsmálastarfi, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl. í Reykjavík.

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík (þmfrv., A. 99).

Á 18. fundi í Ed., 9. febr., var frv tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun hæstv dómsmrh. og er samið af lögfræðingi að tilhlutun stjórnarinnar.

Það mun vera svo, að í þjóðlífi okkar Íslendinga kemur víða fram talsverður misvöxtur á ýmsum sviðum. Um þennan misvöxt eru skiftar skoðanir manna, og telja sumir hann miður hollan, en þó verður að álíta, að tæplega verði við honum gert. Þannig er t. d. um Reykjavík. Hún hefir vaxið örar en þjóðin hefir getað áttað sig á, og eins og jeg gat um áðan, hefir sá vöxtur verið litinn misjöfnum augum af þjóðinni. Af þessum misvexti, bæði hjer í Reykjavík og öðrum hjeruðum, sem þannig er ástatt um, er það mjög erfitt að sníða löggjöfina þannig, að hún hæfi altaf þörfum viðkomandi hjeraðs. Það er ekki langt síðan sú reynsla var fengin, er sýndi, að brýn þörf var á því að skifta bæjarfógetaembættinu í Reykjavík í tvö embætti, og gerðu menn sjer þá hinar bestu vonir um, að það fyrirkomulag mundi fullnægja um alllangt skeið. Nú er samt svo komið, að það skipulag er líka orðið of þröngt, og úr göllum þeim, sem eru á núverandi fyrirkomulagi, er frv. þessu ætlað að bæta.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að svo komnu að fara út í einstök atriði þessa frv.; um aðalatriðið getur varla orðið mikill ágreiningur.

Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. dómsmrh. geri frekari grein fyrir því, hvers vegna frv. þetta er til orðið, en áður en jeg sest niður, vil jeg leyfa mjer að óska þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og allshn. Að vísu gæti frv. þetta átt heima í fjhn., en eftir eðli sínu virðist mjer þó, að það eigi fremur að fara til allshn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf ekki miklu að bæta við orð hv. flm. og aths. þær, er frv. fylgja. — Það hefir lengi verið um það talað, að ekki væri vanþörf á því, í fyrsta lagi að skifta lögreglustjóraembættinu og í öðru lagi að breyta launakjörum bæjarfógeta og lögreglustjóra þannig, að þau verði í meira samræmi við kjör annara starfsmanna landsins.

Þegar sú breyting var gerð, að skifta bæjarfógetaembættinu, var um leið tekinn upp sá siður að reka skrifstofuhald þessara tveggja embætta á landsins kostnað. Áður — eða þegar Jón heitinn Magnússon sat í þessu embætti — var aukatekjum embættisins varið til þess að greiða kostnað skrifstofuhaldsins. Jeg geri ráð fyrir, að skrifstofuhaldið hafi þá ekki orðið landssjóði dýrt. Embætti þetta hefir ætíð verið talið allgott, og væri því ekki nema sanngjarnt, að aukatekjurnar gengju upp í nauðsynlegan kostnað við embættið. Mjer finst því ástæða til að halda, að það hafi verið

fyrir mistök ein, er skiftingin varð 1917, að kostnaður við skrifstofuhaldið var lagður á landssjóð. Það hefir síðan verið á almanna vitorði, að þessi 2 embætti eru miklu launahærri en önnur embætti landsins. Þetta er ekki sagt til þess að áfella þá, sem orðið hafa fyrir því happi að sitja í þessum embættum, þótt þeir hafi ekki beiðst undan því að þiggja þær tekjur, sem löggjöfin hefir veitt þeim. En það verður að ætlast til þess af þinginu, þegar það synjar mörgum embættismönnum sínum um rjettmætar launabætur, að það gæti þess að láta ekki missmíðar á löggjöfinni verða til þess að skapa óþarflega feit embætti. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir embættismenn, er sitja í hinum rýrari embættum, kunni miður sínum fátæklegu kjörum, er þeir sjá, að landið eyðir meira en með þarf undir öðrum kringumstæðum. Þetta frv. er því fyrst og fremst sparnaðarfrv.

Þó að hitt atriðið, um verkaskiftingu þessara embætta, sje þörf ráðstöfun, er það ekki svo nauðsynlegt, að það eitt hefði knúð stj. til þess að koma fram með þetta frv. Þótt lögreglustjórn og tollstjórn sjeu ólík störf og bæði umfangsmikil, þá er ekki brýn ástæða til að aðgreina, ef ekki væri hjer um aðra ástæðu að ræða, þ. e. nauðsynina á að stilla laununum í hóf. Það væri því hugsanlegt að kljúfa ekki tollstjóraembættið frá að svo stöddu, en breyta aðeins launakjörunum. Hinsvegar er lögreglustjóraembættið svo umfangsmikið og þarf svo stóran hóp af starfsmönnum, að það getur verið umtalsmál, hvort nokkur sparnaður yrði að því að halda embættunum saman.

Jeg vil taka það fram um þann af þessum tveim embættismönnum, sem ekki á sæti hjer í deildinni og getur ekki lagt hjer neitt til mála, að hann er í góðu áliti, a. m. k. sem skrifstofumaður og yfirmaður tollheimtunnar. Hjer er ekki um „krítik" á embættisfærslu hans að ræða. Frv. þetta er aðeins fram komið vegna þess, að nauðsynlegt er að breyta embættunum.

Jón Þorláksson: Það hefir sjálfsagt komið sumum á óvart, að eitt hið fyrsta nýmæli, sem stj. flytur á þessu þingi, skuli vera fjölgun á hærri embættismönnum. Við þessa umr. málsins ætla jeg ekkert að fara út í það, hvort þessi uppástunga sje rjettmæt eða ekki. Aðeins vil jeg minna á það, út af ummælum hæstv. ráðh. um mistök á löggjöfinni viðvíkjandi aukatekjum þessara embætta, að búið er að leiðrjetta þar stærstu mistökin. Stærstu mistökin voru þau, þegar stj. 1922—'23 samþ., að frá 1. júlí 1922 skyldu afgreiðslugjöld, sem lögð eru á erlend fiskiskip með lögum, renna til viðkomandi lögreglustjóra. Afgreiðslugjöld þessi námu stórfje hjer í Reykjavík. Stjórnin frá 1924 fjekk þetta leiðrjett með talsverðum barningi. Var þá ákveðið, að gjöld þessi skyldu renna í ríkissjóð, þó með þeirri ívilnun, að ráðuneytinu var heimilað að ákveða innheimtulaun þessara gjalda, og mátti sú þóknun nema alt að 25% af gjöldunum. Það kom undir mig að ákveða þetta, og taldi jeg sjálfsagt, að lögreglustjórinn í Reykjavík fengi engin innheimtulaun. Þar með voru leiðrjettar stærstu misfellur þessa máls.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil

aðeins minna hv. 3. landsk. á, að þegar hann kom á þessari gagnlegu breytingu, var jeg einn af stuðningsmönnum hans í því. En þrátt fyrir þessa viðleitni hans var annað þetta starf svo vel launað, að Reykjavíkurbær sá sjer fært að leggja 9500 kr. útsvar á þetta embætti, og var ekki kært yfir því útsvari.

Jón Baldvinsson: Þótt jeg geri ráð fyrir, að mál þetta fari í nefnd, þar sem jeg á sæti, þá vil jeg benda á, að frv. þarf að laga að því er snertir launakjör þessara embætta. Það er auðvitað gott að spara fje ríkissjóðs, en það er líka greinilegt, að hjer er of lágt farið með byrjunarlaunin. Það er mikill munur, hvort launin eru 5—6 þús. kr. eða 60—70 þús. kr. fyrir annað embættið og 30—40 þús. kr. fyrir hitt. Sparnaðurinn getur orðið mikill við skiftinguna, þótt farið sje hærra en þetta í launagreiðslu. Stj. hefir farið hjer of lágt, og álít jeg, að þetta beri að laga og ganga þannig frá, að launagreiðsla sje að minsta kosti sómasamleg, ef frv. þetta verður að lögum. Finst mjer ástæða til þess að benda á þetta, því varla mun hægt að fá verulega góða menn í þessi mikilsverðu embætti með þessum launakjörum, sem hjer eru ákveðin.

Jóhannes Jóhannesson: Út af ummælum síðasta ræðumanns vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að laun bæjarfógeta hafa aldrei farið fram úr 25 þús. kr. á ári síðan jeg tók við embættinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. í e. hlj.

Á 43. fundi í Ed., 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 337 og 413).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Svo hefir farið hjer sem oftar, að allshn. hefir klofnað um þetta mál. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Eru 3 brtt. á þskj. 337 frá meiri hl. allshn. Tvær fyrstu brtt. hafa verið bornar undir lögfræðing, og taldi hann þær til bóta, 1. brtt. er eiginlega aðeins orðabreyting, til að gera ákvæði 2. gr. skýrari. — 2. brtt., við 7. gr., er borin fram í því skyni, að ákveðið sje, að embættismenn þessir hafi ekki neinar aukatekjur, nema ákveðnar sjeu með reglugerð, einkum með tilliti til innheimtulauna af uppboðsandvirði.

3. brtt., við 8. gr., er um launakjör þessara embættismanna. Meiri hl. nefndarinnar telur, að þessum mönnum verði að launa sómasamlega, þótt hún telji ekki ástæðu til, að laun þeirra byggist á aukatekjum, sem út af fyrir sig eru hærri en laun allra annara starfsmanna ríkisins. Lítur meiri hl. svo á, að tilgangur þessa frv. sje sá, að færa launin niður í samræmi við önnur embættislaun í landinu, og teljum við þeim tilgangi náð á þennan hátt. Meiri hl. vill láta launa þessi embætti sem virðulegustu embætti landsins, og leggur því til, að launin verði færð upp, svo sem til er tekið í 3. brtt. — c-liður 3. brtt. er settur í því skyni, að skýrt sje tekið fram um það, að fje það, sem þessir embættismenn hafa undir höndum vegna embættis síns, verði ávaxtað til hagnaðar fyrir eigendur þess. Ef miklar upphæðir eru í vörslum embættismanna

þessara um mörg ár, er tapið, sem af drætti þeim leiðir, ærið nóg fyrir eigendur fjárins, þótt ekki standi það vaxtalaust þennan tíma, jafnvel þótt embættismenn ávaxti það ekki til hagsbóta sjer. Má ekki skilja þetta svo, að hjer í Reykjavík hafi átt sjer stað óviðurkvæmilegt athæfi í þessum efnum, en þvílíkt hefir komið fyrir úti um land. Hjer er því aðeins varnagli sleginn.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um nál. minni hl. Tel jeg það heimilt að taka hið prentaða álit hans nokkuð til meðferðar, enda þótt framsögumaður hans hafi ekki enn tekið til máls. — Í fám orðum sagt má segja um tölur þær, sem þar eru tilfærðar, að eitt reki sig á annars horn. Í nál. minni hl. eru laun þessara manna, er nú gegna bæjarfógeta- og lögreglustjóraembætti í Reykjavík, talin 13-800 kr. Jeg býst við, að þetta sje á vissan hátt rjett, og ríkissjóður greiði ekki meira beinlínis. En það er játað, að árslaun þessara embættismanna eru að minsta kosti 22 þús. kr. hjá öðrum þeirra og ekki minna hjá hinum. Mjer dettur nú í hug að spyrja, hver greiði þennan mismun. Er það kannske eitthvert góðgerðafjelag? Nei, það er ríkissjóður, sem gerir það, og tekjur hans rýrna um þessa upphæð. Hjer er farið svo mjög á svig við sannleikann, sem frekast er unt í opinberu skjali. Hitt er náttúrlega satt og rjett, að þessar tekjur hafa aldrei komist í hendur ríkisfjehirðis.

Í nál. minni hl. er gert ráð fyrir, að það verði 33700 kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, ef þessi breyting kemst á. Jeg sje ekki, að þetta geti verið rjett. Ef litið er á frv. og gengið út frá því, að þeir, sem nú gegna embættunum, geri það ekki áfram, þá koma nýir menn, sem fá byrjunarlaun samkv. frv. Þau eiga eftir till. meiri hl. að vera 8 þús. kr., en með núverandi dýrtíðaruppbót verða það 9500 kr. 3 sinnum 9 þús. eru 27 þús., og 3 sinnum 500, — ja, það ætti nú ekki að vera vandasamara að reikna það en 5×19. Jeg býst við, að allir sjái, að ekki kemur út upphæðin 33700. M. ö. o., laun mannanna verða 28500 kr. Svo gengur háttv. minni hl. út frá biðlaunum þeirra manna, er nú gegna embættunum, 19 þús. kr. á ári handa báðum. Þá verða útgjöldin samtals 47500 kr. Með því að draga frá embættislaun þeirra, er nú gegna embættunum, fær hv. minni hl. svo þessar 33700 kr., er hann telur vera útgjaldaauka af frv. En hann nefnir ekki aukatekjurnar, lætur eins og þær komi frá einhverjum alt öðrum aðilja. Sú villa sýnist ganga eins og bláþráður gegnum alt álit hv. minni hl. En það verður að líta á, að þegar aukatekjurnar hætta að ganga til þessara embættismanna, þá ganga þær til ríkissjóðs og eru græddur eyrir fyrir hann. M. ö. o., þessi dæmi, sem hv. 3. landsk. hefir sett upp í áliti sínu, eru ekki nema hálfur sannleikur.

Þá telur hv. minni hl. sjálfsagt, að þeir, sem nú gegna embættunum, setjist á biðlaun og líti ekki við þessum nýju embættum. Jeg tel þvert á móti líklegt, að þeir sæki um tvö þeirra, og fái þau að sjálfsögðu. Jeg veit ekki, hvaða ástæðu hv. minni hl. getur haft til að álykta svona. Líklega er hún helst sú, að mismunurinn á launununum sje svo mikill, að þeir sæki alls ekki um embættin. Það getur ekki annað ver-

ið. En þetta er miklu meira last um þessa embættismenn en jeg hygg, að þeir eigi skilið. Jeg er þess fullviss, að þeir sitja ekki í embættum peninganna einna vegna. Jeg er jafnframt viss um, að þeir geta lifað sómasamlegu lífi af launum þeim, sem brtt. meiri hl. ætla þeim. Ef þeir sæktu um embættin og fengju þau, yrði vafalaust litið svo á, að þeir ættu þegar í stað að fá hæstu laun. Þar sem báðir þessir embættismenn eru á þeim aldri, að þeir hljóta að hafa bæði þrek og löngun til að starfa, þá er óhugsandi önnur ástæða fyrir því, að þeir færu á biðlaun, heldur en sú, að þeir þættust verða fyrir of mikilli launalækkun. En eins og jeg sagði, vil jeg alls ekki ætla þessum mönnum slíkan hugsunarhátt, og jeg held, að það sje ekki rjett af hv. 3. landsk. að gera það.

Þá er eftir að athuga það, sem í nál. segir, að ekki sje líklegt, að sparnaður fáist með frv., heldur jafnvel hið gagnstæða. Þar er ekki sagt neitt um raunveruleg laun, þ. e. a. s. embættistekjur, þessara manna nú, og get jeg ekki sagt, hver þau eru með neinni vissu. — En annar embættismannanna, sem sæti á í þessari hv. deild, hefir lýst yfir því í deildinni, að embættistekjur sínar hafi ekkert ár farið fram úr 25 þús. kr. Með því er jafnframt sagt, að þær hafi þó einu sinni eða oftar komist upp í þá upphæð. En við skulum hugsa okkur, að það hafi verið honum sjerstakt tekjuár og að nokkru muni hjá honum frá ári til árs. Nú vita menn, að tekjur bæjarfógeta eru svo vaxnar, að árlegur mismunur getur ekki oltið á mörgum þúsundum króna. Ef hámarkið er 25 þús. kr., er áreiðanlega varlega áætlað að setja lágmarkið 20 þús. kr. Þá sýnist mjer, að hjer mætti nota meðaltalsregluna, sem háttv. 3. landsk. notar svo oft, — þótt hann hafi einhverra orsaka vegna ekki þótst þurfa á henni að halda hjer. En hjer virðist mjer hún einmitt eiga sjerlega vel við, og það er þá best, að annar en hv. 3. landsk. taki hana einu sinni upp. Samkvæmt meðaltalsreglunni sýnist mjög varlegt að gera ráð fyrir, að tekjur bæjarfógeta sjeu 22 þús. kr. Er þá fundið það, sem að var leitað um hann, þótt ekki sje með fullkominni nákvæmni.

Um hinn embættismanninn, lögreglustjóra, stendur ver á, því að ekki er til nein yfirlýsing frá honum um þau launakjör, er hann býr við. Þar verður því varla um eins góðar heimildir að ræða. En jeg veit, að ekki þarf að fara langt út fyrir þinghúsið til að finna menn, sem lengi hafa verið búsettir hjer í bæ og þekkja vel til þessa embættismanns og álíta, að sum árin hafi embættistekjur hans komist upp í 80 þús. kr. En við skulum gera ráð fyrir, að almenningsálitinu hafi skakkað þarna og skakkað mikið, um ¼ hluta, svo að tekjurnar hefðu mestar verið 60 þús. kr. Gerum jafnframt ráð fyrir, að aukatekjurnar sjeu mjög mismunandi frá ári til árs og að þetta sje óvenjugott ár, eins og hjá hinum embættismanninum. Jeg vil fara varlega og áætla aukatekjurnar margfalt meira mismunandi hjá þessum embættismanni, svo að skakkað geti helmingi um launahæðina samtals. Hámarkið er þá 60 þús. kr. og lág-

markið 30 þús. Þá skyldi maður ætla, að óhætt væri að nota meðaltalsregluna, en samt vil jeg gera ráð fyrir, að það sje nokkuð varasamt, því að hætt er við, að þau árin sjeu færri, sem launin ná hámarki. Jeg færi mig því neðar, niður í 40 þús. kr. árstekjur að meðaltali. — Þetta er nokkuð erfitt viðfangs, þar sem engar fastar tölur eru á að byggja, en jeg vil hugga hv. þdm. með því, að sennilega verða ekki margir mánuðir liðnir, þegar hægt verður að fá þær tölur. Þá mun reynslan skera úr um það, hve nærri sannleikanum þessi áætlun mín er.

Ef þá er reiknað með því, að laun þessara embættismanna sjeu að meðaltali 62 þús. kr. á ári samtals, og síðan er gert ráð fyrir öllum þeim kostnaði, sem hugsanlegur er fyrir ríkissjóð vegna hinna nýju embætta, þá verður gróðinn samt býsna mikill, að minsta kosti um 15 þús. kr. Og það þyrfti ekki annað en að taka dæmið um bæjarfógeta einan. Það er á allra vitorði, að laun lögreglustjóra eru miklu meiri. En þótt þau væru hin sömu, væri samt sparnaður að frv. Það er því áreiðanlega ekki rjett í nál. hv. minni hl., að breytingin í heild sinni muni verða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Þá er loks bent til þess í niðurlagi nál., að af breytingunni gæti leitt kostnaðarauka fyrir ríkissjóð í auknu mannahaldi, t. d. við tollgæsluna, því að þá yrði ekki hægt að nota lögregluna Reykjavíkur í því skyni. En þetta er alveg óskylt mál því, sem hjer um ræðir. Það getur komið fyrir hvenær sem er, að Reykjavíkurbær heimti kaup fyrir það, sem lögreglan er notuð í þágu landsins, og það jafnt hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. Jeg veit, að Reykjavík þykist verða hart úti, að þurfa ein að kosta lögregluna, og mjer þykir trúlegt, að ekki líði mörg ár þangað til hún sættir sig ekki við það lengur.

Þá hefi jeg, að því er mjer virðist, fært að því nokkur rök, að aðalmótbára hv. minni hl., kostnaðaraukinn, sje ekkert annað en fjarstæða. Geti hv. minni hl. gefið einhverja leiðrjettingu á þeim tölum, sem jeg hefi komið með, þá er það gott. Hann stendur þar að sumu leyti betur að vígi. En jeg hygg, að hann muni eiga erfitt með að hrekja það, sem jeg hefi sagt. (**JÞ**: O, sussu-nei).

Þá get jeg látið staðar numið að sinni. Býst jeg við að þurfa að svara hv. minni hl., þegar hann hefir talað fyrir sínu máli, og gefst þá kostur á að sjá til fulls, á hverju hann byggir staðhæfingar sínar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Í nál. mínu á þskj. 413 hefi jeg aðeins tekið launatölurnar, en ekki sett þar neitt um það, hverjar aukatekjurnar eru nú; aðeins hefi jeg sagt, að nánari grein verði gerð fyrir málinu í framsögu, og staðhæfði jeg, að breytingin í heild yrði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Hv. frsm. meiri hl. var fyrst nokkuð að vjefengja tölur mínar um samlögð biðlaun og embættislaun þeirra embættismanna, er hjer er um að ræða samkv. frv. og brtt. meiri hl. Honum þótti ólíklegt, að biðlaun hvors um sig, bæjarfógeta og lögreglustjóra, yrðu 9500 kr., þar sem laun þeirra beggja úr ríkissjóði eru nú ekki meira en 13800 kr. En þessu er samt þann

veg farið. Þeir eru báðir svo gamlir embættismenn, að þeir taka þau biðlaun, sem voru í lögum áður en launalögin 1904 voru sett. Ákvæðin um þau eru frá miðri 19. öld og eru á þá leið, að biðlaunin miðast við bæði föst laun og aukatekjur; eru ⅔ hlutar af meðaltali síðustu 5 ára, en þó ekki yfir 4000 ríkisdalir. Báðir þessir embættismenn hafa að undanförnu haft svo háar tekjur, að þeir mundu fá hæstu biðlaun, þ. e. 8000 kr., en það yrði með dýrtíðaruppbót 9500 kr., sem sagt hæstu embættislaun. Eftir till. hv. meiri hl. eiga hinir nýju embættismenn að fá 9500 kr. á ári hver, þegar dýrtíðaruppbótin er lögð við. Í því sambandi skiftir ekki máli, hvort þeir fá byrjunarlaunin eða lokalaunin, því að með dýrtíðaruppbótinni verður hvorttveggja sama upphæð, samkv. ákvæðunum um hana. Eftir þessu sýnist mjer óvjefengjanlegt það, sem jeg sagði í nál., að launin verða samtals 5 × 9500 = 47500 krónur, ef núverandi embættismenn setjast á biðlaun, en jeg kem síðar að því atriði, hvort líkur sjeu til þess. Núverandi embættislaun þessara manna eru 13800 kr., og stafar það af því, að aðeins annar þeirra hefir dýrtíðaruppbót. Hinn gekk ekki undir ákvæði launalaganna 1919; kaus heldur að fá laun sín eftir eldri fyrirmælum.

Þá er að athuga líkurnar fyrir því, hvort núv. embættismenn velji heldur að sækja um tvö hinna nýju embætta eða setjast á biðlaun. Jeg byggi mína skoðun um þetta atriði einfaldlega á því, að í 5 ár eiga þeir að njóta sömu launakjara, hvort sem þeir gegna embættunum eða ekki. Undir þeim kringumstæðum hygg jeg, að flestir mundu kjósa að eiga heldur starfskraft sinn sjálfir. Hinsvegar hefi jeg alls ekki spurt viðkomandi menn um persónulega skoðun þeirra eða ætlun, ef til kæmi, og get því ekki um það dæmt.

Jeg skil ekki, fyrir hverja sök farin er sú leið, sem gert er í frv., til að ná því marki, sem það virðist hafa. Mjer virðist það mjög illa til fundið og óheppilega að leggja núverandi embætti niður. Um bæjarfógetaembættið sje jeg ekki, að munurinn sje annar en sá, að taka sakamál og lögreglumál undan dómsvaldi hans. Jeg hugsa, að embættismaðurinn gæti ekki haft mikið á móti því, enda er það fyllilega heimilt að ljetta þannig störfum af embættismönnum án þess að leggja niður embætti þeirra. Sama er um lögreglustjóra að segja. Ef menn vilja nýtt tollstjóraembætti, þá er fyllilega heimilt að taka tollmálin undan lögreglustjóra án þess að leggja hans eigið embætti niður. — Jeg hugsa, að þeim, sem frv. sömdu, hafi ekki hugkvæmst, að fara mætti þessa leið, nje þeim hafi verið ljóst, hvílíkt fjárhagsatriði hjer er um að ræða.

Þá er að gera grein fyrir því, á hverju jeg byggi ummæli mín í sambandi við aukatekjurnar. Í aths. frv. stendur, að aukatekjurnar hafi sum árin verið um 80 þús. kr., án þess að nánari grein sje fyrir því gerð. Mjer var kunnugt um, að hlutaðeigandi ráðuneyti hafði beðið um skýrslu um aukatekjur þessara manna. Er hún nú nýlega komin, og hefi jeg fengið leyfi til að líta á hana. Svo margar sögusagnir og getgátur ganga manna á

milli um aukatekjurnar, að jeg tel rjett, að fólk fái nú að vita hið sanna, og skal jeg hjer skýra frá, hverjar þær voru á síðasta ári.

Tel jeg þá fyrst aukatekjur bæjarfógeta, þær sem fara eftir eldri fyrirmælum en launalögunum frá 1919 og hann var þá látinn halda. Það eru ritlaun kr. 3756,50, fyrir afrit úr bókum embættisins. — Svo eru 2% af stimpilmerkjum þeim, sem ganga í gegnum hendur embættisins. Nam sá póstur síðastl. ár kr. 1079.50. — Þar næst koma innheimtulaun af uppboðum. Það hygg jeg, að mjer og háttv. meiri hl. komi saman um, að ekki sje fært að afnema þau með öllu, ef embættismaðurinn á að annast innheimtuna og bera ábyrgð á henni. Því að svo er ákveðið, að hann verður að svara til andvirðis alls þess, sem ekki heimtist. Innheimtulaun af fasteignauppboðum námu kr. 1977,75, og af lausafjáruppboðum kr. 8314,38. Aukatekjur bæjarfógetans námu þannig 1927 samtals kr. 15128,30. Fyrir vanhöldum á uppboðsinnheimtum mun þá vera frádregið sem svarar ⅓ af innheimtulaununum fyrir lausafjáruppboð. Það getur nú verið álitamál, hve mikið af innheimtulaununum verði skilið eftir með hinu nýja embætti. Þó þykir mjer sennilegt, að það verði öll innheimtulaun af lausafjáruppboðum og að einhverju leyti innheimtulaunin af fasteignauppboðum.

Þá kem jeg að lögreglustjóraembættinu. Það hefir samkv. eldri lögum haft aukatekjur árið 1927, sem nema kr. 6281,50. En mesta tekjulindin er það, sem löggjafarvaldið lagði embætti þessu til með lögum frá 1921, það er 2% af stimpilgjaldsmerkjum, sem ganga gegnum lögreglustjóraskrifstofuna. Þetta nam síðastliðið ár kr. 13098,75. Þá koma innheimtulaun fyrir slysatryggingargjöld kr. 2460,-97, innheimtulaun á skemtanaskatti námu kr. 878,92, og loks innheimtulaun fyrir ellistyrktarsjóðsgjöld kr. 250,00. Þetta gerir alt samtals kr. 22970,14. Nú eru innheimtar hjer hjá lögreglustjóranum í Reykjavík ríkissjóðstekjur, sem nema fullum 6 milj. kr. árlega, og eigi að halda áfram að láta þennan embættismann hafa þessar miklu innheimtur á hendi upp á eigin ábyrgð, þá virðist alveg óumflýjanlegt að láta hann hafa eitthvað fyrir ábyrgð á svona miklum fjárreiðum. En hve mikið það yrði, getur verið álitamál. Annars eru sumar aukatekjur þessa embættis ákveðnar með ákvæðum í sjerstökum lögum, eins og t. d. innheimtulaunin á skemtanaskattinum; þau eru beint ákveðin í skemtanaskattslögunum, og það er ekki fjarri mjer að halda, að embættið haldi þeim áfram og fleiri innheimtulaunum, sem líkt er ástatt um, enda þótt frv. þetta, sem hjer er til umr., verði að lögum. Og mjer virðist ekki nema sanngjarnt, að svo verði.

Ef tekin eru frá innheimtulaun fyrir uppboð, verður niðurstaðan sú, að aukatekjur þessara embætta verða um 27—28 þús. kr. á ári. Verður tapið fyrir ríkissjóð, ef breyting þessi á að ganga í gegn, samt um 7000 kr., en það er eingöngu af því, að breytingin er gerð á þennan hátt, að leggja embættin niður og stofna ný í þeirra stað.

Það má eflaust með rjettu benda á einhver undangengin ár, sem aukatekjur þessar hafi verið meiri en 27000 kr., t. d.

þegar innheimtumenn höfðu öll gjöld af erlendum fiskiskipum. En nú hefir það verið lagfært fyrir nokkru, svo að um það er ekki lengur að ræða. Ef menn vilja nú halda því fast fram, að rjett sje að færa eitthvað niður aukatekjur þær, sem nú fylgja lögreglustjóraembættinu, þá álít jeg, að það eigi að gerast á annan hátt en að leggja embættið niður til málamynda og endurreisa í breyttri mynd. Jeg teldi miklu rjettara að breyta framkvæmd stimpilgjaldslaganna á þann hátt, að fella niður þessi 2% af stimpilgjaldinu til lögreglustjóra. Þegar lög þessi voru sett 1921, töldu menn þessi 2% ekki nema sanngjarna þóknun til lögreglustjóranna fyrir að bera ábyrgð á stimpilmerkjunum. En nú horfir mál þetta öðruvísi við, þegar farið er að nota merki þessi við stórar greiðslur, eins og gert hefir verið síðan verðtollslögin gengu í gildi. Og verði nú að því horfið að hækka verðtollinn frá því, sem hann er nú, er ennþá brýnni ástæða til þess að athuga þetta, og jeg fyrir mitt leyti sje ekkert því til fyrirstöðu, að framkvæmdinni á þessu verði breytt, að minsta kosti að því er snertir lögreglustjóraembættið hjer í Reykjavík. Jeg veit að vísu, að til eru þeir lögfræðingar, sem halda hinu gagnstæða fram um þetta efni, en rjettarmeðvitund mín segir mjer, að embættismenn verði að sætta sig við það, þó að löggjafarvaldið geri breytingar á þeim ákvæðum, sem snerta embætti þeirra og sett hafa verið eftir að hlutaðeigandi embættismaður tók við. Ef því þessi breyting yrði gerð, að þessi 2% af stimpilgjaldinu yrðu látin renna í ríkissjóð, þá yrði ekki eftir af aukatekjum lögreglustjóraembættisins nema sanngjörn innheimtulaun, miðað við þá miklu áhættu, sem því fylgir að innkalla þetta mikla fje.

Það, sem nú alls ekki er hægt að taka af lögreglustjóraembættinu, eru aukatekjur þær, sem því fylgja samkvæmt eldri lögum, sem námu síðastliðið ár kr. 6281,50. Mjer virðist því, að tekjur lögreglustjórans gætu orðið hóflegar með því að láta þetta halda sjer, sem var þegar embættið var stofnað og núverandi lögreglustjóri tók við því.

Ef litið er á málið frá sjónarmiði þessara embættismanna, þá er betra fyrir þá að fara á biðlaun heldur en taka við nýju embættunum með þeim launum, sem þeim fylgja.

Þá kem jeg að því atriðinu, að skifta lögreglustjóraembættinu og setja sjerstakan tollstjóra. Jeg fyrir mitt leyti verð að telja slíka skiftingu alveg ótæka; fyrst og fremst af því, að hún verður dýrari fyrir ríkissjóðinn en það fyrirkomulag, sem nú er. Og í öðru lagi ber okkur í fámenninu að leggja áherslu á að sameina sem mest öll skyld störf, til þess að starfsmannafjöldinn vaxi okkur ekki yfir höfuð. Eins og þessum málum er nú háttað, ræður lögreglustjóri yfir lögregluþjónum, tollvörðum og því fólki, sem hann að öðru leyti nauðsynlega þarf til skrifstofuhalds. Og því verður ekki neitað, að hann notar lögregluþjónana til aðstoðar við tollgæsluna. Slíkt er líka gert úti um land, og virðist ekkert við það að athuga, þó að lögregluþjónarnir sjeu notaðir til þess að afstýra og koma upp lögbrotum á því sviði eins og öðrum. En verði horfið að skiftingu embættisins, þá dragast

lögregluþjónarnir alveg út úr þessu starfi, og óumflýjanlegt verður að bæta nýjum mönnum við tollgæsluna. Það getur vel verið rjett, sem háttv. frsm. meiri hl. sagði, að bæjarstjórnin hjer væri ekki ánægð með að þurfa að borga þeim lögregluþjónum kaup, sem notaðir væru í þarfir landsins við tollgæslu. Þetta má vel vera rjett, — en hvað munu þá hinir kaupstaðirnir segja, ef Reykjavík verður losuð við tollgæsluna að þessu leyti? Því að víðast hvar í bæjunum eru lögregluþjónarnir einu aðstoðarmennirnir, sem lögreglustjórarnir hafa á að skipa í þessum efnum. Jeg ímynda mjer því, að afleiðingin verði sú, ef farið verður að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er hjer í Reykjavík á þessum málum, að hinir bæirnir reyni líka að losa sig við þessa kvöð. Sömuleiðis tel jeg ekki ósennilegt, að lögreglustjórum kaupstaðanna utan Reykjavíkur fari að finnast það ósanngjarnt að láta sig hafa tollmálin á hendi, eftir að búið er að losa starfsbróður þeirra í höfuðstaðnum við þau. Jeg lít því svo á, að þetta geti orðið byrjunarspor í þá átt að losa lögreglustjóra landsins yfirleitt við tollgæsluna, en slíkt teldi jeg spor í öfuga átt.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg vil eindregið vara við að leggja inn á þá braut, sem hjer virðist stefnt að, af því að jeg sje fram á, að það hefir mikinn aukinn kostnað í för með sjer, bæði hjer í Reykjavík og annarsstaðar á landinu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer kemur það ekki á óvart, þó að sá maður, sem mest hefir beitt sjer fyrir því að halda við óhæfilega háum launum á varðskipunum, sje einnig á móti þeim sparnaði, sem frv. þetta ræðir um. Jeg get verið fáorður um skýrslu þá, sem hann vitnaði í um aukatekjur þessara embættismanna, því að þó að hann segi, að hún sje komin til dómsmálaskrifstofunnar, þá hefi jeg ekki sjeð hana. Annars hefi jeg beiðst slíkra skýrslna frá sýslumönnum úti um land, til þess að geta ákveðið skrifstofukostnað þeirra, og má vel vera, að eitthvað af þeim sje komið án þess að jeg hafi veitt því eftirtekt. En jeg minnist þess, að bæjarfógeti einn utan af landi, sem staddur var hjer í bænum í vetur og átti tal við mig, vildi alls ekki ganga inn á, að aukatekjur embættisins ættu að ganga upp í skrifstofuhaldið; hann taldi þær part af launum sínum, og þetta mun alment vera skoðun lögreglustjóra, og jeg hefi grun um, að hún eigi rót sína að rekja til fyrirkomulagsins á lögreglustjóraembættinu hjer.

Hvað snertir embættislaun þeirra manna, sem hjer er um að ræða, þá býst jeg við, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að þau sjeu nokkuð mismunandi. Háttv. 3. landsk. vildi halda því fram, að laun bæjarfógetans hjer hefðu síðastl. ár ekki farið fram úr 15 þús. kr., en sjálfur upplýsti bæjarfógetinn, að þau hefðu verið 25 þús. kr. Og hvað snertir hitt embættið, þá er fullyrt af kunnugum, að tekjur þess hafi þetta sama ár verið um 80 þús. kr. Það munu einmitt vera þessi tvö embætti, sem einn ritstjóri íhaldsblaðanna talar um í tímaritsgrein síðastl. sumar, að gefi yfir 120 þús. kr. á ári, enda er það í samræmi við það, sem menn alment álíta.

Eins og jeg tók fram við 1. umr.

þessa máls, hafa þessi háu laun þessara embættismanna það í för með sjer, að mjög ilt er að samræma laun hliðstæðra embættismanna úti á landi; þannig vitna t. d. sýslumenn, sem eru að biðja um aukið skrifstofufje, altaf í laun þessara embættismanna. Jeg þykist nú vita, að skýrsla sú, sem hv. 3. landsk. var að vitna í, sje rjett fyrir það ár, sem hún nær yfir, ef hún á annað borð er komin frá hlutaðeigandi embættismönnum, en jeg verð að halda því fram, að laun þeirra hafi sum önnur ár verið miklu meiri, og nægir því til sönnunar að benda á, að nýlega var lagt á annan þessara manna 9500 kr. útsvar, og það án þess að hann kærði það. Þessi eini skattur nemur því hámarki embættismannalauna. Jeg býst því við, að hv. 3. landsk. gangi erfiðlega að sannfæra menn um, að aukatekjur þessa manns sjeu ekki miklar, þegar hann möglunarlaust greiðir í skatt til bæjarins hærri upphæð en nemur hæstu embættismannalaunum.

Jeg veit ekki, hvort það er rjett hjá hv. 3. landsk., að þessir menn muni ekki vilja taka við embættunum aftur, ef fyrirkomulagi þeirra verður breytt. Mjer þykir það næsta ótrúlegt. — En jafnvel þótt það komi til greina, að þessir 2 menn vildu heldur fara á biðlaun um stundarsakir, þá væri það samt gróði fyrir landið, miðað við þau laun, sem allir vita, að þeir hafa nú.

Hv. 3. landsk. mintist á uppboðslaun í Reykjavík og kvað ómögulegt að spara þau. Það er rjett að geta þess í þessu sambandi, að það eru hærri uppboðslaun í Reykjavík en annarsstaðar á landinu, og þau hafa því verið verulegur gróðavegur fyrir bæjarfógetann hjer. Jeg skal ekki fullyrða, að það gæti ekki verið gróðavegur fyrir landið að taka þau á sínar hendur. Við uppboðin hafa verið notaðir menn, sem landið launar hvort sem er, og mætti vafalaust spara á því meira en gert er.

Bæði í frv. sjálfu og athugasemdum við það segir svo, að „alt það fje, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess."

Það hefir skift nokkuð í tvö horn um embættismenn í landinu, hvernig þeir hafa framkvæmt þetta atriði. Mjer er kunnugt um það af endurskoðun hjá sýslumönnum og lögreglustjórum, að sumir þeirra halda opinberum eignum vandlega aðskildum frá slíku fje, sem þeir hafa í vörslu um stundarsakir, og láta vexti af því renna til hlutaðeigenda. Aðrir líta svo á, að þeir eigi sjálfir að fá aukatekjur á þann hátt að taka til sín vextina af slíku fje.

Jeg skal ekki segja, hvernig þessu hefir verið háttað hjer í Rvík. Mjer er ekki fullkunnugt um það, en það er víst, að starfsmaður, sem álítur sjer þetta leyfilegt, getur haft af því miklar aukatekjur.

Það er upplýst, að einn sýslumaður hafði í vörslu um 30 þús kr. bankainnstæðu, sem tilheyrði þrotabúi látins manns. Þegar til skifta kom, tók hann þessa innstæðu og ljet hana standa á sínu nafni í eitt ár, svo að hann fjekk um 1300 kr. í aukatekjur af þessu eina þrotabúi. Þessu er ekki hægt að breyta nú þegar um öll embætti á landinu, en með þessu frv. er gerð tilraun til að koma þessu í lag við þau 2 embætti, sem frv. ræðir um,

þannig, að alt opinbert fje verði ávaxtað á reikningi landsins, en ekki embættismanna, en alt annað fje, sem embættismenn geyma, verði ávaxtað á reikningi rjettra hlutaðeigenda og til hagsmuna fyrir þá.

Því er slegið föstu af almennri vitund manna í Reykjavík og þeim rökum, sem fram hafa komið um skattgreiðslu og fleira í Reykjavík, að það sje hættulegt fyrir þjóðfjelagið að taka tvo af embættismönnum landsins út úr, svo sem gert hefir verið um þessa tvo embættismenn. Slík fordæmi eru hættuleg fyrir starf annara embættismanna, sem kostað hafa jafnmiklu til náms og telja sig engu síðri til þess að gegna þeim stöðum.

Þá talaði hv. 3. landsk. um það, og lagði mikla áherslu á, að skifting lögreglustjóraembættisins mundi hafa í för með sjer mikinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Það hefir verið svo, að lögreglustjórinn hjer í Reykjavík hefir fengið að taka sjer aðstoðarmenn eftir þörfum, og eru þeir allir launaðir úr landssjóði. Er enginn efi á því, að lögreglustjóraembættið með tollgæslunni er svo umfangsmikið, að ekki er hægt að komast yfir það nema með mjög góðum aðstoðarmanni. Og þegar tekið er tillit til þess ótakmarkaða fjölda af starfsmönnum, sem þessi embættismaður hefir fengið leyfi til að ráða og ríkissjóður hefir algerlega launað, þá held jeg, að það vegi á móti kostnaðinum við starfrækslu hins nýja embættis.

Hitt atriðið, að mjög mikill sparnaður sje að því að hafa lögregluþjóna til aðstoðar við tollgæsluna, held jeg að sje nokkuð ýkt. Það er kunnugt, að lögreglustjóri hefir fasta menn við skipa- og tollgæslu, en lögregluþjónana við bæjargæsluna, og það er æ meir og ákveðnar að koma fram sú krafa frá bænum, að landið annist tollgæsluna, en bærinn bæjargæsluna.

Þá er hv. 3. landsk. hræddur um, að með þessari skiftingu yrði stofnað til hættulegs fordæmis, sem gæti orðið til þess, að kröfur um samskonar skiftingu komi fram frá öðrum kaupstöðum landsins. Jeg er nú ekki eins hræddur við þetta fordæmi eins og hv. 3. landsk. Jeg held, að það yrði að minsta kosti ekki hættulegra en það, að þessir 2 embættismenn hafa um mörg ár haft langhæst laun og fengið greiddan langhæstan skrifstofukostnað af öllum embættismönnum landsins, og yfirleitt hefir ekki verið skorið við neglur sjer neitt, er þessi embætti snertir, svo að til þeirra hefir farið langmest fje af öllum embættum á landinu. Og jeg verð að segja það, að mjer finst, að undanfarandi stjórnir hafi beinlínis ausið fje í hófleysu til þessara tveggja embætta, samanborið við það, sem veitt hefir verið til annara embætta.

Jeg get ekki álitið heppilegt það skipulag, sem undanfarið hefir verið á þessum 2 embættum, þegar bæjarfógetinn, sem mjer skilst þó, að hafi minna annríki en hinn, hefir svo mikið annríki að sjálfs hans sögn, að hann hefir orðið að fá annan mann til þess að dæma fyrir sig 2 einhverja vandasömustu dóma, sem fyrir hann hafa komið. Jeg get ekki talið það til bóta fyrir rjettaröryggið í landinu, að þetta embætti sje svo umfangsmikið, að þeir, sem í því eru, geti ekki annað því sjálfir, en verði að fá hina og

þessa menn utan úr bæ til þess að annast vandasömustu störfin.

Jeg veit að vísu, að þetta viðgengst erlendis, en jeg get ekki talið það til fyrirmyndar, og jeg verð að álíta það ákaflega viðurhlutamikið, að það komist í venju hjer. Jeg vildi þvert á móti óska, að bæjarfógetinn hjer í Reykjavík hefði svo mikinn frið og næði, að hann gæti sjálfur gegnt sínum vandasömu störfum, en þyrfti ekki að fá óviðkomandi menn til þess að dæma fyrir sig stærstu dómana á hans eigin ábyrgð.

Jeg get fullvissað hv. deild um það, að bak við þessa kröfu um að færa niður laun þessara tveggja oflaunuðu embættismanna, svo að þau verði framvegis í samræmi við laun annara embættismanna landsins, stendur meiri hluti þeirra manna, sem best þekkja til þessara mála, og eru þó margir þeirra í flokki hv. 3. landsk..

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg vil nota tækifærið til þess að svara hv. frsm. minni hl., þótt hæstv. dómsmrh. hafi tekið af mjer það ómak að nokkru leyti, því að hann tók fram margt af því, sem jeg vildi segja út af ræðu hv. frsm. minni hl.

Hv. frsm. minni hl. taldi töluverðar líkur til þess, að ætla mætti, að núverandi embættismenn mundu heldur kjósa að fara á biðlaun en sækja um hin nýju embætti, og mundi ástæðan vera sú, að þeim þættu hin væntanlegu laun of lág. Það er rjett, að sú ástæða getur komið til greina, en það stendur enn óhrakið það álit mitt á þessum mönnum, að þeir sjeu ekki aðeins í þessum embættum vegna launanna, heldur vegna þess, að þeir vildu vinna fyrir þjóðfjelagið. Og jeg tel ýmislegt mæla með því, að mín skoðun á þessum mönnum muni reynast rjettari en skoðun hv. 3. landsk.

Jeg veit að vísu, að til eru þeir menn, sem þykir sæmilegt að taka laun fyrir ekki neitt, en hinir eru fleiri, sem vilja vinna fyrir launum sínum, og ekki aðeins vegna launanna sjálfra, heldur einnig vegna þeirrar starfsþrár, sem flestum öðrum mönnum er gefin að segja má í vöggugjöf.

Þær ásakanir heyrast oft í garð verkafólks, að það vilji fá mikið kaup fyrir lítið verk; en þær ásakanir fara að ganga nokkuð langt, ef á að gera starfsmönnum landsins þær hinar sömu getsakir, að þeir vilji nota sjer aðstöðu sína til þess að fá laun fyrir ekki neitt.

Hv. frsm. minni hl. telur engar líkur til þess, að núverandi embættismenn mundu sækja um hin nýju embætti. Þetta er auðvitað alveg ósannað, og því vil jeg ekki byggja á áætlunum hv. frsm. um útkomuna af þessari breytingu. En þótt það yrði ofan á, að þessir menn færu á biðlaun, þá nær sú ráðstöfun aðeins til 5 ára.

Að því er snertir skýrslu þá, er hv. frsm. minni hl. var með um aukatekjur þessara embættismanna síðastliðið ár, þá get jeg að vísu ekki mótmælt því, að hún sje rjett. En það merkilega skeður, að þær upphæðir, er jeg nefndi í fyrri ræðu minni, virðast vera í fylsta samræmi við hana, að minsta kosti að því er snertir annað þessara embætta, en okkur ber meira á milli um hitt embættið (lögreglustjóra).

Hv. frsm. minni hl. sagði, að hann hirti ekki um að tilgreina aukatekjur lögreglustjórans árið 1926. Með öðrum orðum, hann vill ekki taka hjer fleiri ár en eitt og taka meðaltal af aukatekjunum, og verð jeg að segja, að mjer finst, að hann hafi með því brotið sína gullvægu meðaltalsreglu. En þar sem það er viðurkent, að árið 1926 var óvenjulega tekjurýrt fyrir ríkissjóð, — má þá ekki eins ætla, að það hafi líka verið tiltölulega tekjurýrt fyrir lögreglustjórann í Reykjavík?

Það kom fram í ræðu háttv. frsm. minni hl., að árið 1926 hefði verið óvenjulega tekjurýrt fyrir ríkissjóð, og slíkt ár mundi ekki væntanlegt 1928—29. Ef eitthvað er til í þessum spádómi hv. þm., bá býst jeg við því, að þau öfl, sem því hafa valdið, komi einnig niður á aukatekjum lögreglustjórans í Reykjavík, og sannar það, að það er rjettara, sem jeg held fram, að það beri að taka fleiri ár saman og taka meðaltal. Jeg skal ekki segja neitt um það, hver niðurstaðan hefði þá orðið, en jeg get búist við því, að aukatekjurnar hefðu þá orðið mun hærri.

Eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, ætla jeg ekki að karpa um þetta, en jeg vona, að það þurfi ekki að líða margir mánuðir þangað til þing og þjóð geti dæmt um það eftir vissum tölum. En hvað sem aukatekjum lögreglustjóra líður þessi ár, þá er það víst, að hann hefir haft mun hærri laun en nokkur annar embættismaður á landinu.

Þá kom hv. frsm. að innheimtulaunum af uppboðsskuldum o. fl., og áleit það ekki sanngjarnt að svifta þessa embættismenn þeim aukatekjum, sem þeir hefðu af þeim, vegna þeirrar áhættu, sem hann kvað vera þeim samfara. Jeg skildi hann svo, að hann hjeldi, að nefndin væri sammála um það að rýra alls ekki þessa tekjuliði. En það er alls ekki álit meiri hl. nefndarinnar. Hinu gerir meiri hl. ráð fyrir, að þeir fái eitthvað fyrir innheimtu uppboðsskulda, vegna þeirrar áhættu, sem henni er samfara.

Hv. frsm. minni hl. sjer ekki ástæðu til þess að svifta þá aukatekjum fyrir innheimtu stimpilgjalds og skemtanaskatts, en jeg álít, að þar sem þeim eru af ríkinu veittir fullir starfskraftar til þess að annast þá innheimtu, þá beri þessum embættismönnum ekki aukatekjur fyrir það. Hitt kann að vera rjett, að sum þeirra starfa, sem þessir embættismenn hafa haft með höndum, sjeu svo vaxin, að þeim fylgi svo mikil ábyrgð og áhætta, sem geti fallið á embættismennina, að þeir þurfi að fá laun fyrir það. En það sje jeg ekki, að eigi sjer stað hvað snertir innheimtu skemtanaskatts og stimpilgjalds. En eins og jeg hefi tekið fram, tel jeg, að innheimtu uppboðsskulda fylgi einmitt slík áhætta, að sanngjarnt sje, að þeim sje eitthvað launað fyrir að annast hana, þó jeg telji óþarft, að það sje svo mikið sem nú á sjer stað. En innheimtu á tollum og sköttum fylgir engin áhætta, og því er ekki ástæða til að ætla þeim aukatekjur fyrir það.

Þá sló hv. frsm. minni hl. því fram í alm. aths. sínum um frv., hvort meiri hl. mundi yfirleitt vera því fylgjandi, að samrýma skyldi embættaskipunina í landinu með tilliti til samfærslu.

Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því og mun sýna, að jeg tel það rjettmætt og sjálfsagt, en gæta verður þess, að sú sameining verði ekki til tjóns fyrir þjóðfjelagið.

Jeg er ekki svo kunnugur hjer í Reykjavík, að jeg viti það, en jeg veit, að það er álit margra manna, að lögreglustjóraembættið hjer í Reykjavík sje orðið svo umfangsmikið, að það mundi verða miklu heppilegra að aðskilja lögreglustjórn og tollgæslu. Nágrannaþjóðir vorar eru fyrir löngu búnar að framkvæma þessa skiftingu, og jeg álít, að það þurfi að gera hjer, að minsta kosti hjer í Reykjavík.

Hv. frsm. minni hl. er hræddur um, að ef það yrði gert hjer, þá mundu kröfur um sömu skiftingu koma fram frá öðrum bæjum landsins. Jeg er ekki eins hræddur um þetta. Jeg vil benda hv. þm. á það, að það eru mörg ár síðan bæjarfógetaembættinu í Reykjavík var skift í tvent, en ennþá hafa engar kröfur komið fram utan af landi um slíka skiftingu. Og jeg býst við, að þótt slíkar kröfur kunni að koma fram, þá muni þær ekki verða teknar til greina fyr en þörf krefur, þá og fyr ekki. En það hefnir sín altaf, ef haldið er til lengdar fyrirkomulagi, sem er orðið úrelt og þjóðfjelaginu er til tjóns.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að andmæla fleiru í ræðu hv. frsm. minni hl. Það, sem við deilum aðallega um, er það, hvort af þessari breytingu leiði sparnað, eða eins og hv. frsm. heldur fram, aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Jeg finn ekki, að hans rök sjeu haldgóð, því að til þess að fá halla sjer í vil, verður hann að gera ráð fyrir, að núverandi embættismenn fari á biðlaun. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá getur sú ráðstöfun ekki staðið lengur en 5 ár. Um raunverulegar tekjur lögreglustjórans þýðir ekki að þrátta að svo stöddu; við höldum báðir okkar skoðun á því. Um raunverulegar tekjur bæjarfógetans ber ekki á milli. Jeg held, að hv. 3. landsk. þm. hafi ekki tekist að sanna, að annað leiddi af þessu en sparnað fyrir ríkið — því að jeg lít svo á, að hann hafi sannað það. Hvort sparnaðurinn kemur strax í ljós eða eftir 5 ár, er álitamál, og byggist á því misjafna trausti, sem við berum til þessara manna.

Halldór Steinsson: Jeg vil gera örstutta grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Mjer hefir altaf fundist, að þessi laun væru of há í samanburði við laun annara starfsmanna ríkisins, og hefi verið því hlyntur og er enn, að tilraunir væru gerðar til að samræma þessi laun við laun annara embættismanna. En eins og háttv. 3. landsk. þm. hefir bent á, nær þetta frumvarp ekki tilgangi sínum; svo framarlega sem þessir embættismenn verða á biðlaunum, verður sparnaðurinn lítill eða enginn. Það hefir verið bent á aðra leið, að afnema stærstu tekjuliðina, svo sem stimpilgjaldið, og það má gera á einfaldari hátt. Jeg mun greiða atkv. með frv. til 3. umr., en geri það í því trausti, að sú leið verði farin.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vil gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg get tekið undir með hv. þm. Snæf., að það væri gott, ef hægt væri að lagfæra ósamræmið, sem er á milli tekna þessara

embættismanna ríkisins og annara. Fyrir því mun jeg greiða atkv. með frv. til 3. umr. og í þeirri von, að sú leið verði farin, sem mjer þykir rjett og kemur að fullum notum.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. byrjaði ræðu sína með því að segja, að jeg væri á móti sparnaði. Þetta er rangt. Jeg er ekki fyrst og fremst á móti þessu frv. af því, að jeg telji tilhögunina lakari, heldur af því, að jeg tel hana dýrari, sjerstaklega ef hún er framkvæmd eins og frv. gerir ráð fyrir, með því að leggja niður tvö embætti og bjóða viðkomandi mönnum upp á biðlaun.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa heyrt, að lögreglustjórinn hefði 80 þús. kr. í laun og að skrifstofukostnaður beggja embættanna væri 120 þús. kr. Auk þess hefði verið lagt 9500 kr. útsvar á lögreglustjórann og hann ekki kvartað undan. Það er nú náttúrlega ekki mikið að marka, hvað menn ímynda sjer, og auk þess mun lögreglustjórinn ekki einungis greiða útsvar af aukatekjum sínum, heldur líka af eignum. Og jeg vil benda á það, að aukatekjur lögreglustjórans hafa oft verið hærri en nú. Á miðju sumri 1922 fann eitthvert klókt höfuð meðal embættismanna á Norðurlandi það út, að skilja mætti lög, sem gengu í gildi það ár og snertu rjettindi útlendra fiskiskipa, á þá leið, að gjöldin af þeim, sem þangað til höfðu runnið í ríkissjóð, ættu að verða eign þeirra, sem innheimtu þau. Þessa skoðun, sem jeg að mínu leyti tel að sje röng, staðfesti svo þáverandi ráðh., Klemens Jónsson, svo að þeir embættismenn, sem þetta vissu, fóru að hirða gjöldin sjálfir. Þessi úrskurður var aldrei birtur, og allmargir embættismenn, sem ekki datt þessi lögkænska í hug, skiluðu gjöldunum áfram til ríkisins. Eftir stjórnarskiftin 1924 lenti svo í töluverðu stappi milli mín og embættismannanna út af þessu. Málið kom fyrir þing og þar áttu embættismennirnir marga stuðningsmenn, en málinu lauk með þeirri miðlun, að ráðuneytinu var heimilað að veita alt að 25% fyrir innheimtuna. Þetta gjald er allmikið hjer í Reykjavík af svo mörgum skipum, sem hingað koma, og nemur um 50 aura af hverri smálest. Og mjer þykir ekki ólíklegt, að lögreglustjórinn hafi haft 80 þús. kr. með þessu gjaldi, því að jeg veit, að þetta gjald gaf hærri tekjur en allar aukatekjur 1927, eða nálægt því. Nú er búið að leiðrjetta stærstu misfellurnar á þessu, og því er ekki rjett, að um vanrækslu hafi verið að ræða hjá mjer í þessu efni. En jeg get vel gengið inn á, að lengra sje farið. Það sýnist rjett að líta á, hvort innheimtulaunin á stimpilgjaldinu eigi að haldast eða ekki, og ef þau falla niður, eru ekki svo miklar aukatekjur eftir, að ástæða sje til þess að leggja embættin niður til þess að gera frekari breytingar. Og það virðist ekkert því til fyrirstöðu, að sett sjeu sjerákvæði í lög um tekjur embættismannanna í Reykjavík, þar sem í lögum eru sjerákvæði um embættisfærslu þeirra. Þá sagði hv. frsm., að hann byggist ekki við, að þessir menn færu að lifa í hvíld og iðjuleysi. Jeg býst ekki heldur við því, en þeim er í raun og veru gefin lausn með því að leggja embættin niður og fá rjett til biðlauna. Og ef þessir menn sækja um hin nýju embætti og fá þau, — hvaða

ástæða er þá til að leggja embættin niður, þegar ná má aukatekjunum á annan hátt? Jeg hefi annars skilið þetta frv. svo, að skifta ætti um menn, en ef svo er ekki, vil jeg skora á hv. frsm. að sjá svo um fyrir 3. umr., að mennirnir verði ekki settir á biðlaun með sjálfum lögunum. Mjer finst það ekki ná nokkurri átt að leggja embættin niður, nje að þessir menn muni heldur kjósa að vinna embættisstörf en að sitja á biðlaunum. Það er á engan hátt ámælisvert, þó að þeir taki við því, sem löggjafarvaldið rjettir þannig að þeim.

Þá mintist hæstv. dómsmrh. á landritaraembættið, sem lagt var niður 1917. Hann sagði, að maðurinn, sem gegndi því, hefði viljað fá embætti áfram. Hann sat nú samt á biðlaunum í 5 ár og síðan á eftirlaunum. Hann hefir ekki sótt um neitt embætti, hefir líklega ekki viljað hætta á, að sjer yrði neitað, en aldrei fengið loforð um að fá embætti fyrirfram. Jeg gæti trúað, að eins færi með þessa embættismenn, að þeir sætu á biðlaunum sinn tíma, og svo á eftirlaunum, sjerstaklega sá þeirra, sem er svo aldraður, að búast má við, að hann fari á eftirlaun eftir 5 ár hvort sem er.

Jeg hefi ekkert á móti því að samþykkja ákvæði, sem gengi í þá átt, að þeir, er hafa fje þess opinbera undir höndum, ávaxti það á reikning eigandans, en jeg veit ekki til, að nokkuð það sje í lögum, sem hindri stj. í að heimta þetta af embættismönnunum. Mjer skildist á hæstv. dómsmrh., að hann væri í vafa um þetta hvað snerti dánarbú og þrotabú. Jeg skal ekkert um það segja, en alt það fje, sem í ríkissjóð rennur, má krefjast að sje ávaxtað ríkinu til hagnaðar, án þess að nýja lagasetningu þurfi.

Hæstv. dómsmrh. vildi gera lítið úr starfsmannafjölguninni, er leiddi af skiftingunni. Hann sagði, að lögreglustjóri hefði fengið menn eftir þörfum til að aðstoða við tollgæslu. Þetta mun vera rjett. Hann hefir fengið þrjá menn eða fleiri eftir stjórnarskiftin, sem hann ekki bað um, en auðvitað þótti gott að fá, þegar stj. sendi honum þá. Jeg er tilbúinn til samvinnu um að setja ákvæði, sem hafa í för með sjer lækkun á aukatekjum þessara embættismanna í áframhaldi af því, sem fyrverandi stj. gerði og átti í stríði með að fá framgengt.

Hv. frsm. meiri hl. hefi jeg því að svara, að hann hafði ekki rjett eftir tölur, sem hann fór með, í einu atriði, og það er full von, því að jeg fór með margar tölur í minni ræðu. Jeg geri ráð fyrir, að ekki yrði ágreiningur milli minni hl. og meiri hl. um það, að greidd yrðu innheimtulaun fyrir uppboð, eins og venja er til, og einnig að skildar yrðu eftir aukatekjur vegna þeirrar áhættu, sem lögreglustjóri hefir af innheimtu. Jeg reiknaði svo út tekjur bæjarfógeta og tollstjóra í samræmi við þetta, og þær reyndust 7000 kr. lægri en launagreiðsla ríkissjóðs eftir þessu frv., þegar biðlaunin eru meðtalin. En ríkissjóður er skaðlaus meðan mennirnir eru ekki á biðlaunum. Svo kemur aukinn kostnaður við skrifstofuhald, sem jeg treysti mjer ekki til að meta, en jeg veit, að sú ráðstöfun hefir ill eftirköst utan Reykjavíkur. Það er altaf hægt að segja, að með skiftingu embætta fáist betri tilhögun á starfrækslunni, og slíkt er altaf borið fram til varnar eyðslufyrirkomulagi.

En jeg álít, að núverandi tilhögun á þessum embættum sje allgóð, og því er sjálfsagt að spara kostnaðaraukann.

Hv. frsm. var að finna að því, að jeg hafði reiknað út aukatekjurnar á árinu 1927. Ef fleiri ár hefði átt að taka, hefði orðið að taka tillit til breyttrar löggjafar, t. d. hvað verðtollinn snertir, en til þess hafði jeg ekki gögn í höndum, og því miðaði jeg við það ástand, sem nú er.

Hv. frsm. hjelt því fram, að engin hætta væri á, að kröfur mundu koma frá öðrum um að losna við tollgæsluna, af því að engar kröfur hefðu komið, þótt tvískift hefði verið í Reykjavík. Þetta er rjett, enda ekki sanngjarnt, þó að hjer væri tvískift. En þegar búið er að þrískifta hjer og fjórskifta, má ganga að því vísu, að t. d. bæjarfógetinn á Akureyri komi með þá kröfu, að skift verði hjá sjer. Jeg segi ekki, að það sje komið að þessu, en það verður áreiðanlega afleiðingin.

Hv. frsm. sagði, að mjer hefði tekist að sanna, að halli yrði einungis af þeim í 5 ár. Ja, mjer finst það þungvæg ástæða á móti frv., sem er borið fram sem sparnaðarráðstöfun, að halli er á því, þó að ekki sje nema í 5 ár. Auk þess er jeg sannfærður um það, að mikinn kostnaðarauka leiðir af auknu starfsmannahaldi vegna þessarar tilhögunar. Og jeg álít, að það megi koma fram sparnaði með því að láta embættin haldast, en draga í ríkissjóðinn stærstu aukatekjurnar, svo sem stimpilmerkjagjaldið, en það má gera með einfaldri lagabreytingu, og jeg hygg, að það mundi nema um 10 þús. kr. á ári. Og jeg get tekið undir með hv. þm. Snæf., að rjett sje að gera strax ráðstafanir í þá átt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 367,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 367,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 367,3.a—b samþ. með 8:1 atkv.

— 367,3.c samþ. með 8 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 45. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 445).

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 465) leyfð og samþ. í e. hlj.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins gera þá grein fyrir brtt. minni, að fari svo, að báðar hv. deildir sjái sjer fært að fallast á það skipulag, sem frv. fer fram á, er sennilega heppilegra, að það gangi ekki í gildi fyr en um næstkomandi áramót.

ATKVGR.

Brtt. 465 samþ. með 7 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 13. mars, var

frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 466).

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að beina þeirri ósk til hæstv. stj., að hún láti þeirri nefnd, er fær þetta mál til meðferðar og sennilega verður allshn., í tje sundurliðaða skýrslu um það, hvernig hún hefir fengið út þá upphæð — ef jeg man rjett, 80 þús. kr. —, sem tekið er fram í stjfrv., að sá sparnaður muni nema, er leiðir af því fyrirkomulagi, er frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 63., 67. og 68. fundi í Nd., 2., 10. og 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 466, n. 649 og 675, 676).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Jeg býst ekki við, að þörf sje á langri framsögu. Það er öllum mönnum kunnugt, að knýjandi þörf er að koma fram þeim breytingum, er frv. ræðir um. Í greinargerðinni er frv. talið sparnaðarráðstöfun, og verð jeg að fallast á, að svo sje. Þó að biðlaunin sjeu mikil næstu 5 ár, ef báðir núverandi embættismenn nota sjer rjettinn til þeirra, þá verður sparnaðurinn alveg vafalaus og mjög mikill að þeim tíma liðnum. Auk þess verður að telja ósennilegt, að nema annar þessara manna setjist á biðlaun. Fyrir mjer er þó sparnaðurinn ekki aðalatriðið, heldur hitt, að aðskilja tollstjórnina og lögreglustjórnina. Það kemur vart fyrir, að sami maður hafi hæfileika til að gegna báðum stöðunum svo, að vel fari. Reynslan sýnir t. d., að sá maður, sem nú gegnir embættinu, er ágætur tollstjóri, en alt miður fallinn til lögreglustjórnar. — Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í neinar tölur um sundurliðun á sparnaði þeim, er af skiftingunni má verða, og mun fresta frekari ræðuhöldum þar til hv. frsm. minni hl. hefir gert grein fyrir sinni skoðun.

Hákon Kristófersson:* Jeg á eina litla brtt. við þetta frv. Er efni hennar að slá því föstu, að lögin komi ekki til framkvæmdar fyr en hið síðara af núverandi bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættum losnar. Jafnframt geri jeg ráð fyrir, að þegar fyrra embættið losnar, verði það veitt með þeim skildaga, að viðkomandi maður verði að sætta sig við skiftinguna á sínum tíma. — Jeg tel það mjög óheppilegt að taka menn úr stöðum sínum, sem þeir hafa fengið á löglegan hátt, ef þeir hafa ekkert það gert fyrir sjer, að þeir verðskuldi, að þeim sje vikið frá.

Háttv. frsm. meiri hl. talaði um tví-

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* **Ræðuhandr. óyfirlesið.**

mælalausan sparnað af því að samþykkja þetta frv., en dró þó heldur úr því í síðari hluta ræðu sinnar. Jeg get mjög vel fallist á, að engin sönnunargögn liggja fyrir um þetta, en jeg er þess fullviss, að sparnaðurinn verður aldrei eins mikill og meðhaldsmenn frv. gera ráð fyrir. Því hefir verið haldið fram, að óeðlilegar tekjur hafi fylgt þessum embættum, og vil jeg á engan hátt neita því. En jeg held, að langeinfaldasta leiðin til að draga úr þeim tekjum sje sú, að ákveða, að meginstofn þeirra renni beint í ríkissjóð. En þar sem nú er orðið áliðið þings, tel jeg vonlaust um að koma slíkri breytingu á frv. fram að sinni, og ber því ekki fram brtt.

Jeg þykist ekki hafa ástæðu til að tala frekar um málið á þessu stigi, en vænti þess, að hv. frsm. minni hl. skýri málið á breiðari grundvelli.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki getað orðið samferða hv. meiri hl. nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls og verð að gera nokkra grein fyrir, hvernig á því stendur. Jeg get alls ekki sjeð, að frv. leiði af sjer nokkurn sparnað, þar sem það fer fram á að búa til þrjú embætti úr tveimur. Í aths. hæstv. stjórnar er talað um 80 þús. kr. árlegan sparnað. Jeg varð hissa á þessu og skildi ekki, hvernig þessi upphæð væri fram komin. Því beiddi jeg hæstv. dómsmrh., sem er hinn raunverulegi flm. frv., við 1. umr. málsins að gefa allshn. skýrslu um það, í hverju þessi sparnaður væri fólginn. Hann kom á fund nefndarinnar og svaraði því einu, að hann væri ekki skyldugur að segja neitt um það. Því taldi jeg mjer skylt að athuga nokkuð sjálfur, hvern sparnað mætti af þessu leiða. Niðurstaða mín varð sú, að sparnaðurinn varð enginn, en þvert á móti nokkur aukin útgjöld. Sjest fljótlega, að það er ekki með neinum ólíkindum, að svo fari, þar sem fjölgað er embættum og auk þess þarf að halda uppi þrem skrifstofum í stað tveggja. Þeir, sem halda fram sparnaðinum af skiftingunni, byggja hann aðallega á því, hve miklar aukatekjur bæjarfógeti og lögreglustjóri hafa haft. Hefir verið sagt, að þær hafi jafnvel árum saman náð 50—60 þús. kr. á ári. Jeg veit ekki um verulegar aukatekjur hjá lögreglustjóra af öðru en stimpilgjaldinu, og í landsreikningi má sjá, hve miklu það hefir numið á ári. Árið 1926 var það þannig 181 þús. kr. og verðtollurinn, sem einnig er innheimtur með stimpilgjaldi, 832 þús. kr. Þar eru samtals 1013 þús. kr. Innheimtulaun lögreglustjóra eru 2%, eða um 20 þús. kr. árið 1926. Auk þess hefir lögreglustjóri nokkur innheimtulaun af iðgjaldi sjómanna til slysatryggingarinnar, en það gjald var til meðferðar einmitt á þessu þingi, og var ákveðið að láta innheimtulaunin haldast óbreytt. Það þótti heppilegra fyrir sjóðinn, með því að þá hefði lögreglustjóri meiri hvöt til að ganga vel eftir gjaldinu, sem er í smáum hlutum og því erfitt að innheimta. En þótt þetta gjald fjelli til ríkissjóðs, hefði það ekki verulega þýðingu, þar sem það er aðeins um 2000 kr. Innheimtulaun af ellistyrktarsjóðsgjaldi og skemtanaskatti eru 1000 kr. samtals. Fleiri liði hefi jeg ekki getað fundið, og það er ljóst, að þetta nemur samtals ekki meiru en kostnaðurinn hlýtur að vera

af skiftingunni. Þó að aukatekjur bæjarfógetaembættisins sjeu teknar með, er auðsjeð, að ekki verður hægt að komast af með sömu upphæð. Jeg hlýt að líta svo á, að til þess sje ætlast, að þessir embættismenn fari báðir á biðlaun, því að annars væri meiningarlaust að leggja embættin niður, þar sem auðveldlega mátti ná hinu sama með skiftingu á embættunum, þannig að innheimtur lögreglustjóra væru settar undir nýjan embættismann. Þá mátti og ná sparnaðinum með því að taka innheimtulaunin af stimpilgjaldinu af lögreglustjóra. Til þess þurfti ekki nema einfalda lagabreytingu. — Annars sje jeg enga knýjandi ástæðu til að skifta nú embættum þessum að nýju. Það er ekki lengra síðan en 1917, að þáverandi bæjarfógetaembætti var skift og stofnað lögreglustjóraembættið. Störfin hafa ekki aukist svo síðan, að nú þurfi þrjá embættismenn þar, sem áður var einn.

Ef báðir þessir menn fara á biðlaun, sem lögum samkvæmt eru 9500 kr. til hvors á ári í 5 ár, eða samtals á ári 19000 kr., hygg jeg, að láta muni nærri, að árleg gjöld ríkissjóðs aukist um 7500 kr., án þess að talinn sje kostnaður af hinni nýju skrifstofu, sem setja yrði upp. En á móti henni gæti það komið, að bæjarfógeti sparaði einn af núverandi fulltrúum sínum. En mjer virðist ómögulegt að heimta, að tollstjóri innheimti allar þær upphæðir, sem honum er ætlað, og beri ábyrgð á þeim, ef hann fær ekki einhverja borgun fyrir ábyrgðina. Hæstv. dómsmrh. hefir einnig fallist á, að eitthvert mistalningarfje þurfi að ætla honum, enda innheimtir hann um 6 milj. kr. á ári í ótal stöðum. Verða aukin útgjöld þá nálægt 10 þús. kr. á ári, meðan núverandi embættismenn njóta biðlaunanna. Raunar má segja, að ekki sje alveg víst, að mennirnir fari á biðlaun, en þó hygg jeg það nokkurnveginn víst, a. m. k. um annan þeirra. Og eins og jeg sagði, sýnist það vera tilætlun hæstv. stjórnar, að þeir fari frá, fyrst embætti þeirra eru afnumin. Þeir verða þá að sækja um embættin á ný, og það efast jeg um, að þeir geri. Því að samkv. þeim reglum, sem giltu, er þeir tóku við embætti, fá þeir báðir biðlaun, sem eru jöfn hæstu embættislaunum. Ef þeir hjeldu embættunum, yrðu þeir því að láta vinnukraft sinn fyrir ekki neitt næstu fimm ár. Og jeg efast um, að þeir kæri sig um það, ekki síst þar sem út lítur fyrir eftir frv., að hæstv. stjórn vilji losna við þá úr embættunum.

Það er ekki stórt atriði í þessu sambandi, en þó vil jeg geta þess, að jeg kann mjög illa við „lögmanns“-nafnið á einum þessara embættismanna. Það er sögulega rangt að nefna hann svo. Embætti lögmannanna var bundið við miklu stærra svæði, og því á ekki við að láta dómarann í Reykjavík heita því nafni. Það væri miklu nær að kalla manninn dómara, þótt það heiti sje varla nægilega víðtækt, eða að halda bæjarfógetanafninu eins og hingað til.

Aðalatriðið fyrir mjer er það, að jeg sje ekki ástæðu til að mynda hjer þrjú embætti úr tveimur. Það hlýtur að verða dýrara. Jeg veit, að tollstjóri kemst ekki af án þess að hafa eitthvert fje til að mæta þeim misfellum,

sem óhjákvæmilega verða á innheimtunni. Það er ómögulegt að innheimta 6 miljónir króna á ári án þess að brenna sig eitthvað á því. Jeg skil ekki, að nokkur maður þori að taka á sig þá ábyrgð án þess að hafa einhverja árlega upphæð til þess að mæta skakkaföllum. Enginn innheimtumaður er svo óskeikull, að honum geti aldrei skjátlast, þegar hann þarf oft að innheimta, telja og afhenda upphæðir, sem nema hundruðum þúsunda. Jeg tala ekki um það, ef tollstjóri lenti á ótrúum þjónum, en á mistökum þeirra ber hann lagalega ábyrgð. — Þeir, sem við slíkar innheimtur hafa fengist, vita allir, að ætíð misferst nokkurt fje, enda hefir hæstv. dómsmrh. nú fallist á, að ætla verði tollstjóranum eitthvað í þessu skyni. En hann vill víst fyrst sjá, hvort ekki fæst einhver góður maður í embættið, og mun vilja veita honum einhverja uppbót síðar, ef til kemur. En það er ekki víst, að hæfir menn fáist til að sækja um embættið, ef svona er frá gengið.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið taldar, get jeg ekki lagt til, að frv. sje samþykt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. hefir í raun rjettri sagt flest af því, sem segja þarf frá sjónarmiði þeirra, er vilja, að frv. gangi fram. Mál þetta er, eins og hann sagði, tvíhliða. Annarsvegar er það sparnaðarmál, en það er jafnframt endurbótarmál. Skal jeg fyrst ræða þá hlið málsins, sem jeg tel til endurbóta. Það er kunnugt, að bæjarfógetinn í Reykjavík dæmir flesta dóma allra íslenskra dómara og hefir því mjög mikið að gera. En auk þeirra dóma, sem eðlilega hljóta að fylgja embætti bæjarfógetans, dæmir hann marga, sem miklu eðlilegra væri í sjálfu sjer, að lögreglustjóri dæmdi. Enda er það álit margra, sem vit hafa á, að tvískifting ýmissa mála milli þessara tveggja embættismanna verði mjög oft til óþæginda. Vegna formsatriða verða embættin miður rækt en verða mætti. Ágæt dæmi eru til úr áfengismálunum. Þegar þurft hefir að gera húsrannsókn hjá einhverjum, hefir lögregluþjónninn fyrst orðið að sannfæra húsbónda sinn um þörfina á henni, og hann síðan bæjarfógeta. Hann lætur svo framkvæma rannsóknina. Þetta er óeðlilegur krókavegur, og nú stendur til að gera verkaskiftingu þessara manna eðlilegri. — Hv. frsm. meiri hl. útskýrði, hve örðugt er að fá menn, sem hæfir eru bæði til lögreglu- og tollstjórnar. Núverandi lögreglustjóri er t. d. mjög duglegur tollstjóri. En hæfileikar hans til lögreglustjórnar eru af ýmsum dregnir í efa. Í svona stórum bæ getur þetta haft mikla þýðingu. Eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, hafa sum árin gengið gegnum lögreglustjóraskrifstofuna um sex miljónir króna; og þá er ekki nema eðlilegt, að reynt sje að gera það sem tryggilegast úr garði, að í þessu mikilsvarðandi embætti verði altaf maður, sem sje vel hæfur tollstjóri. Í þessu embætti ríður ávalt mjög á því, að innheimta sje í góðu lagi.

Jeg held, að það geti þess vegna ekki verið blöðum um það að fletta, að þessi skipulagsbreyting á að geta trygt starfræksluna betur en nú er gert. Er jeg með þessum orðum alls

ekki að lasta þá menn, sem í embættinu hafa verið; bendi aðeins á gallana á formi, sem þeir eru ekki valdir að.

Hv. 1. þm. Skagf. þykir ólíklegt, að þessi tvö embætti geti kostað 120 þús. Jeg tel það reyndar ekki fulla sönnun, þó að aðalritstjóri málgagns Íhaldsflokksins hafi þráfaldlega haldið því fram, eða gert ráð fyrir því. Sá maður setti þetta fram í sambandi við hugmynd um bókaútgáfu, sem nú komst inn í þingið, og taldi, að einhverju af slíku fje væri betur varið til hennar. En þó að þessi maður hafi ekki haft nána þekkingu á því, hvað þessi embætti kostuðu, þá hefir hann verið málpípa fyrir skoðanir fjölda manns í bænum. Og eitt er víst: þeir, sem hafa allra besta þekkingu í þessu efni, hafa allra ákveðnasta skoðun um það, hvað þessi embætti hafi verið fjesæl á undanförnum árum.

Jeg ætla aðeins að nefna eitt dæmi, að annar þessi maður, sem hefir hærri launin, hefir einu sinni orðið að borga 9500 kr. í útsvar. Það er hámark venjulegra embættislauna í Reykjavík, og fjöldinn allur af starfsmönnum í bænum hefir ekki meira en sem svarar ⅓ af þessu eina útsvari í laun. Þessi embættismaður kærði ekki útsvarið, og það tel jeg sönnun þess, að hann hafi ekki álitið sjer gert rangt til. Bendir þetta einnig á, að skattanefndinni hefir verið vel kunnugt um tekjur hans.

Annar af þessum mönnum, hv. þm. Seyðf., gat þess í hv. Ed. við umræður, að tekjur sínar hefðu stundum verið 25 þús. kr.; og eftir þeim útreikningi, sem gerður var af einum samherja hv. 1. þm. Skagf., kom í ljós, að tekjur þessa embættis geta í meðalárum yfirleitt ekki verið minni en þetta. Þær geta náttúrlega verið meiri, þó að jeg óski ekki að fara nú út í það, því að þessu embætti fylgja svo margháttaðar aukatekjur, sem ekki er þægilegt að gera grein fyrir í stuttu máli. Jeg skal aðeins nefna það, að það er siður sumra bæjarfógeta og sýslumanna, að þeir álíta sjer rjettmætt að hafa einhvern arð af geymslufje dánarbúa og þrotabúa, sem þeir hafa undir hendi. Um það er deilt, hvort þetta sje rjett eða ekki; en jeg vil benda hv. þm. á það, að það er beint tekið fram í frv., að hver, sem hefir á hendi það starf í Reykjavík, á ekkert fyrir það að hafa. Jeg vil nefna eitt dæmi hjá einum dugandi sýslumanni á landinu. Hjá honum kom til skifta bú efnaðs manns, sem átti 30 þús. kr. í sparisjóðsbók. Sýslumaður tæmdi bókina og lagði inn á sinn reikning. Fjeð var á hans reikningi í heilt ár og gaf í hreina vexti 1300 kr. til skiftaráðanda. Einn af erfingjunum mótmælti, en sýslumaðurinn kvaðst hafa rjett til þessa. Menn sögðu því í „spaugi" að sýslumaður væri stærsti erfingi að búinu.

Jeg veit, að hv. 1. þm. Skagf. er það ljóst, að þegar óteljandi aukatekjur fylgja svona umsvifamiklu starfi, þá er ómögulegt fyrir nokkurn mann að segja nákvæmlega, hve miklu þær nema. Þess vegna er ekkert ráð við því annað en segja hreint og beint: Við borgum fullkomin embættislaun, en svo fær landið allar aukatekjur, hverju nafni sem nefnast. — Þetta, sem á hjer að gera, er ekki miðað við þá menn, sem nú eru, fremur en menn

yfirleitt, sem koma kunnar síðar í þessi störf.

Annar möguleiki, sem mundi með núverandi fyrirkomulagi geta gefið eftirmönnum þeirra verulegar aukatekjur, eru vextir af innheimtufje. Náttúrlega er ætlast til, að þetta sje geymt á „konto" landsins, en því hefir ekki verið skarpt framfylgt; og það er kunnugt, eins og um dánarbúin, að innheimtumenn álíta sjer leyfilegt að hafa slíka geymslu.

Í stuttu máli: Það liggur fyrir bein yfirlýsing frá öðrum þessara starfsmanna, að hans tekjur hafi orðið 25 þús. kr., og vitanlegt er, að hinn hefir meira. Þegar almannarómurinn hefir verið að skifta milli þessara manna, hafa öðrum verið ætlaðar 40 þús., en hinum 80 þús. Og það er það, sem áður nefndur blaðamaður sveigði að. Það má vitanlega deila um þetta; frá öðrum þeirra liggur fyrir lægri tala eins og nú stendur; en þetta fer vitanlega nokkuð eftir árferði, og sum árin hefir það verið hærra en nú. En um það verður ekki deilt, að þessi embætti eru í ósamræmi við önnur bæjarfógeta- og sýslumannaembætti á landinu.

Jeg held því fram, að embættin sjeu það tekjuhá, að það hafi beinlínis spillandi áhrif á aðstöðu embættismanna í landinu; því að þegar sumir embættismenn eru teknir út úr og settir miklu hærri en aðrir, þá kviknar óánægja af samanburðinum.

Sú röksemd hv. 1. þm. Skagf., að nýja fyrirkomulagið yrði dýrara, byggist á þeirri fullyrðingu hans, að ekki nema annar þessara manna muni óska að vera í embættinu áfram. Um þetta get jeg ekki sagt; en í hv. Ed. benti jeg á það, að þegar landritaraembættið var lagt niður, þá sárleiddist landritara að sitja á biðlaunum á eftir. Og jeg get vel trúað því a. m. k. um annan þessara manna, að hann vildi töluvert heldur halda áfram líku starfi og hann hefir haft en að vera iðjulaus, þó að hann hefði nóga peninga. En þetta er nokkuð, sem komið er undir mönnunum sjálfum og því ekki ástæða til að deila um nú. En jeg þykist vita, að allir skilji, að til þess hægt yrði að framkvæma þann sparnað, sem hjer er um að ræða, varð að leggja embættin niður. Það er rjett hjá hv. 1. þm. Skagf., að þeir eiga rjett á biðlaunum og síðar eftirlaunum; og þess vegna er það samkomulagsatriði fyrir þeim, hvorn kostinn þeir taka.

Jeg get ekki gengið inn á það, sem háttv. 1. þm. Skagf. hjelt fram, að kostnaður mundi aukast nokkuð verulega af því að þessar skrifstofur eru orðnar svo stórar hvor fyrir sig, að þessir menn báðir hafa aðstoðarmenn, sem verður að borga töluvert hátt af landsfje. Jeg vil t. d. benda á, að þar sem lögreglustjóri hefir að minsta kosti einn löglærðan fulltrúa, þá er óhugsandi, að tollstjóri hafi nokkra þörf fyrir slíkan fulltrúa. Lögfræðingur í hans stað verður lögreglustjóri, og þá er það aðeins sá litli launamunur, sem kemur til greina.

Viðvíkjandi till. hv. þm. Barð. um að fresta framkvæmd laganna þangað til þeir menn hættu, sem nú eru í starfinu, þá ber þetta að vísu vott um það milda og ljúfa hugarfar, sem jeg og allir vinir þessa hv. þm. vita, að hann hefir; því að þessi ráðstöfun miðar að því að setja hagsmuni þess-

ara manna því hærra heldur en þá almennu hagsmuni, að umbótin, þó að hún annars sje nauðsynleg, megi ekki koma til framkvæmda fyr en hlutaðeigandi menn af frjálsum vilja eða við dauðsfall hverfa frá starfi. Þessi milda lund er ákaflega almenn, og hún byggist á því, að mönnum finst starfið og launin vera til vegna starfsmannanna. Þau lög, sem fjalla um þá menn, er fara úr embætti vegna lagabreytinga, miða að því að koma fram rjetti þjóðfjelagsins, ef það sjer sjer hag í breytingunni, þó að það hinsvegar viðurkenni, að hjálpa beri starfsmönnunum nokkuð yfir erfiðleikana, þegar þeir tapa embætti.

Ef till. hv. þm. Barð. gengur fram, þá er óþarfi að samþykkja frv., því að þá er ómögulegt að breyta embættunum í tíð þeirra manna. sem í þeim eru nú, hvorki með tilliti til launa eða að öðru leyti. Jeg verð að bæta því við, sem jeg hygg, að hvorki hv. þm. Barð. nje hv. 1. þm. Skagf. muni neita, að bak við þetta frv. er svo að segja óskift samúð allra þeirra manna, sem kunnugir eru málavöxtum.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Jeg ætla þá fyrst að minnast lítilsháttar á hinar smávægilegu brtt., sem meiri hl. allshn. flytur við frv. þetta á þskj. 649. Fyrsta brtt. er leiðrjetting, að í 3. gr. frv. komi orðið „atvinnubóka“ í stað „atvinnubóta.“ Önnur brtt. er við 4. gr., að í staðinn fyrir orðið „aðalinnheimtu“ komi „innheimtu“. Þessa breytingu verð jeg að telja til bóta, því að hún kveður skýrar á um, að tollstjóri eigi að hafa forstjórn á allri innheimtu á tollum og sköttum tli ríkissjóðs, sem undir embætti hans heyra. — Þá er 3. brtt.; hún er við 6. gr. frv. og kveður svo á, að 6. gr. skuli orðast svo: „Verslunarstaðirnir Skildinganes við Skerjafjörð og Viðey heyra að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.“ Þarna er Viðey bætt við það, sem er í frv., því að meiri hl. lítur svo á, að það eigi betur við, að hún heyri undir lögreglustjórann hjer heldur en undir lögreglustjórann í Hafnarfirði, eins og verið hefir. Leggjum við meirihl.menn svo til, að frv. verði samþykt með þessum breytingum. Það ræður því af líkum, að við getum ekki gengið inn á brtt. hv. þm. Barð., því að við leggjum áherslu á, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem við teljum það bæta mikið úr því ástandi, sem nú er. Og jeg skal taka það fram fyrir mína hönd persónulega, að jeg tel sjerstaka ástæðu til að skilja tollgæsluna frá lögreglustjórninni, af því að hæfileikar til þessara tveggja starfa, sem svo mjög eru óskyldir, felast ekki í einum og sama manni. En það, sem sjerstaklega vakir fyrir mjer, er að bæta lögregluna, og vænti jeg því, að þeir, sem eru fylgjandi ríkislögregluhugmyndinni, geti fylgt þessari breytingu, því að það verður að teljast ólíkt heppilegra að vinna að umbótum á lögreglumálunum á þennan hátt en með því að setja á stofn heilan her. Jeg hafði jafnvel hugsað mjer að koma með brtt. um að hafa líka sjerstakan uppboðshaldara; það er alstaðar í nágrannalöndunum sjerstakt embætti, og væri full þörf á, að svo væri einnig hjer í Reykjavík. Um nauðsyn slíks

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

embættis vil jeg bera fyrir mig álit stjettarbræðra minna, lögfræðinganna, hjer í bænum. Þeir kvarta mjög undan því, að þeir geti oft ekki fengið uppboð framkvæmd eins fljótt og skyldi vegna anna hjá bæjarfógetanum.

Háttv. 1. þm. Skagf. talaði mjög rólega um málið og lagði mest upp úr því, að hjer kæmu 3 embætti í staðinn fyrir tvö. Þetta er rjett. En þess ber að gæta, að kostnaður við embættin verður ekkert meiri fyrir það. Annars ætla jeg ekki að fara að blanda mjer frekar inn í deilur um kostnaðarhlið þessa máls. Um það læt jeg þennan hv. þm. og hæstv. dómsmrh. deila.

Þá gat hv. 1. þm. Skagf. þess, að tollstjórinn þyrfti að hafa eitthvað fyrir áhættu, sem fylgdi hinni miklu skattheimtu. Þetta má vel vera, að sje sanngjarnt, og jeg fyrir mitt leyti væri því ekki mótfallinn, þó að honum væri ætluð einhver upphæð í þessu skyni, enda þótt sú aðferð, sem núverandi tollstjóri hefir tekið upp, að láta ekki af hendi skjöl nema borgun fylgdi, hafi dregið töluvert úr áhættu af innheimtunni.

Hvort báðir þessir menn, sem hjer eiga hlut að máli, láti af embætti og fari á biðlaun, skal jeg ekkert fullyrða um, en mjer þykir næsta ólíklegt, að svo muni verða, að minsta kosti að því er snertir tollstjórann, því að hann er ennþá tillölulega ungur maður.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki fara mikið inn á þær rökræður, sem farið hafa hjer fram um þetta mál, en vil þó lítilsháttar fara inn á frv. sjálft, af því að jeg mun greiða atkvæði á móti því, enda þótt jeg sje hlyntur þeirri grundvallarhugsun, sem hæstv. ráðherra sagði, að lægi til grundvallar fyrir því, sem sje að koma í veg fyrir, að óhæfilega miklar aukatekjur rynnu til einstakra embætta. Þessi hugsun álít jeg, að sje alveg rjett og þörf á, að þetta sje vel athugað, þegar launamálin eru tekin til meðferðar. Jeg hefi heyrt, að þessum tveim embættum fylgi háar aukatekjur. Það er alveg rjett. En mjer finst það alveg óhæfileg undirbygging undir stjfrv., hvað blaðrað er á götunni. Um þetta þyrfti að fara fram rækileg rannsókn, sem eitthvað mætti byggja á. Hitt tel jeg, að ætti að vera undir virðingu hæstv. stj., að fara eftir söguburði einum um slíkt.

Jeg er á þeirri skoðun, að það þurfi að endurskoða launalögin mjög bráðlega, og jeg harma það, að ekki skuli hafa náðst samkomulag um milliþinganefnd í það mál nú á þessu þingi. Þegar að því kemur, hygg jeg, að ekki verði hjá því komist að gera allverulegar hækkanir. En einmitt upp í þessar hækkanir á að fá fje með því að girða fyrir, að til einstakra embætta fljóti óhóflegar aukatekjur. Jeg veit, að það er svo um sum læknisembættin, að þeim fylgja svo miklar aukatekjur, að þær eru helmingi eða jafnvel þrefalt meiri en hæstu embættislaun.

Það sýnist nokkuð einhliða, að á sama tíma og verið er að gæta þess, að enginn hafi of mikið í föst laun, þá er þess ekki gætt, að sumir hafa aukatekjur, sem beint leiða af embættinu, sem nema ef til vill helmingi meiru en launin sjálf. Svo er til dæmis um laun prófessoranna við háskól-

ann, að þar er ekki um neitt samræmi að ræða. Prófessorunum í læknisfræði eru með nafninu einu skapaðar miklar aukatekjur, svo að heildarlaun þeirra verða miklu meiri en annara háskólakennara. Vil jeg þar til nefna prófessorinn í skurðlækningum, sem er langbest settur. — Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta, en af því að hæstv. dómsmrh. mælti þannig fyrir málinu, þá vildi jeg ekki láta andstöðu mína gegn þessu frv. skiljast svo, að jeg væri á móti þessu í sjálfu sjer.

Það er eins og á stundum skjóti einhverju ljósi upp í huga hæstv. dómsmrh., en honum verður því miður of oft á að demba svo og svo mörgum mælikerum yfir þetta ljós. — Það er til dæmis undirbúningsleysi þessa máls. Að það skuli vera hægt að deila um það nú, hvort hjer sje um að ræða 80 þús. króna hagnað eða 10 þús. kr. tap fyrir ríkissjóðinn. Maður skyldi halda, að sú ljósglæta væri nú komin yfir þetta mál, að ekki væri hægt að deila um slíkt.

Jeg get alls ekki fallist á þá hugsun að leggja þessi embætti niður og víkja þessum embættismönnum burtu. Slíkar breytingar sem þessi eiga að eiga sjer svo langan aldur, að þær komi til framkvæmda jafnóðum og embættin losna, nema þá að um hrein umskifti sje að ræða, sem krefji snöggra breytinga.

Jeg skal heldur ekki segja um það, hversu vel muni sjeð fyrir því með frv., sem á að vera aðalatriðið, að embættismennirnir hafi fastákveðin laun, en engar óákveðnar aukatekjur. Að því leyti mætti endurbæta frv. nokkuð með því að samþ. brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 676. Jeg mun greiða þeim mitt atkv., en þó ekki frv. þó að þær verði samþ. Jeg tel mjer ekki fært að fylgja máli, sem svo mikil óvissa fylgir sem þessu, þó að eitthvað nýtilegt mætti finna í því.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Hæstv. dómsmrh. sagði, að fyrir sjer vekti tvent. Annað að endurbæta framkvæmdina á rekstri þessara embætta, og svo að spara.

Til þess að benda á nauðsyn þess að bæta rekstur embættanna nefndi hann, að bæjarfógetinn væri mjög störfum hlaðinn við dóma og að til dæmis úrskurðir um húsrannsókn gætu dregist vegna þess að lögreglustjóri þyrfti fyrst að biðja um þá hjá bæjarfógeta. Það er rjett, að bæjarfógetinn dæmir mjög marga dóma, en ekki alla sjálfur, heldur lætur hann fulltrúa sína dæma suma þeirra. Um húsrannsóknarúrskurði er það að segja, að þeir munu altaf kveðnir upp samstundis eftir símtali frá lögreglustjóra. Það tekur ekki meira en 5 mínútur. Jeg hefi verið settur bæjarfógeti hjer og veit, hvernig þetta er. Jeg skal hinsvegar viðurkenna, að embættin væru betur rækt af þremur mönnum jafngóðum en af tveimur. En ef við færum eftir þeirri reglu um embættin í landinu yfirleitt, þá gætum við komist nokkuð langt í að fjölga mönnum. Jeg álít, að rekstur þessara embætta sje í svo góðu lagi, að ekki sje neitt út á hann að setja, enda mun ekki hafa verið yfir honum kvartað.

Þetta um endurbætur á rekstri embættanna er í mínum augum ekki mikils virði, að minsta kosti ekki svo mikils virði, að jeg vilji þess vegna

leggja út í þann aukakostnað, sem jeg tel, að frv. leiði af sjer.

Jeg kem þá að síðara atriðinu, að þetta fyrirkomulag mundi verða ódýrara fyrir ríkið. Hæstv. ráðh. reyndi ekki nú frekar en áður að sýna fram á, hvernig hann fengi út þennan mikla sparnað, enda veit jeg, að það er engin leið fyrir hann að rökstyðja það. En merkilegt má það teljast, að slá því fram í aths. við frv., að 80 þús. kr. sparnaður sje að því á ári, og neita svo að sýna, hvernig sú upphæð er fengin fram. Hann færði þó tvent sem ástæðu fyrir því, að það hlyti að verða einhver sparnaður að þessu. Annað var það, að einhver íhaldsritstjóri hefði sagt, að miklar aukatekjur væru samfara þessum embættum, eða öðru um 40 þús. og hinu um 80 þús. krónur, eða samtals um 120 þús. kr. Jeg verð nú að segja það, með allri virðingu fyrir þessum íhaldsritstjóra, að jeg skil ekki í, að hann geti vitað betur um þetta en jeg, nje haft betri aðstöðu til að rannsaka það.

Þá nefndi hæstv. ráðh. almannaróminn og hjelt, að eitthvað mætti á honum byggja. Það mun vera, að almannarómurinn hafi rjett fyrir sjer í því, að embættin sjeu tekjuhá, en að hann viti nákvæmlega, hve miklar tekjurnar eru, því hefi jeg enga trú á. Slíkt er fljótt að ávaxtast í munni almennings. Sem staðfestingu á þessum orðrómi nefndi hæstv. ráðh., að lögreglustjóri hefði einu sinni haft 9500 kr. útsvar og ekki kært. En það út af fyrir sig er engin sönnun þess, að hann hafi 80 þús. kr. laun. Útsvörin eru lögð á eftir efnum og ástæðum, og það er vitanlegt, að lögreglustjóri er sterkefnaður maður og var orðinn það áður en hann tók við þessu embætti. Hann var áður í feitu embætti og hann varð fyrir því happi að kaupa stórt hús fyrir lítið verð og hafði miklar tekjur af því á stríðsárunum. Lögreglustjórinn er þannig mjög vel efnaður og kannske stórríkur maður, og var því eðlilegt, að hann bæri hátt útsvar, en sönnun fyrir svona miklum tekjum af embættinu held jeg að þetta geti ekki talist, heldur miklum eignum. Það er fleira tekið til athugunar við niðurjöfnun útsvara en tekjurnar einar. Það er alveg víst, að niðurjöfnunarnefnd hefir ekki álitið, að hann hafi haft 80 þús. króna tekjur þetta ár. Jeg sje það af samanburði á mínum tekjum og mínu útsvari, að það getur ekki verið. Það er svo um þá, sem eiga miklar eignir, að þeir hafa líka miklar tekjur af þeim. Útsvarsupphæðin er þannig engin sönnun um það, að tekjur af embættinu hafi verið 80 þús. Það getur eins verið, að þær hafi ekki verið nema 20—25 þús. kr.

Það er rjett hjá hæstv. ráðh., að skattanefndin veit um tekjur þessa manns eins og annara. En það er leyndarmál, sem ekki verður frá skýrt.

Hæstv. ráðh. sagði, að bæjarfógetinn hefði viðurkent í Ed., að tekjur hans hefðu komist upp í 25 þús. krónur. Jeg rengdi það alls ekki, þegar hæstv. ráðh. sagði það, en jeg benti honum á, að frá þeirri upphæð yrði að draga föstu launin, til þess að sjá, hve mikið væri hægt að græða á því að breyta lögunum, og í mínum útreikningi gekk jeg út frá, að við breytinguna kæmu 15 þús. frá þessu embætti, en þær mundu jetast upp við skiftinguna, og meira en það.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um arð af geymslufje búa og ríkissjóðs. Það er þá, ef það er nokkuð, af fje ríkissjóðs, því að vextir af geymslufje búa eiga að ganga til þeirra, sem fjeð eiga. Hitt getur komið til álita, en jeg vil um lögreglustjórann hjer upplýsa það, að hann borgar í ríkissjóð vikulega. Hann hefir skipun um að borga í vikulok alt, sem inn kemur yfir vikuna, og jeg geng út frá, að hann hafi sjerstaka „kontó“ í bankanum fyrir fje ríkissjóðs og að ríkissjóður eigi þá vexti. Jeg skil því ekki, að um miklar tekjur geti verið að ræða af þessu.

Jeg hygg, að lögreglustjórinn hafi mjög góða reglu á þessu. Jeg þekki hann vel, því að jeg hefi verið starfsmaður hjá honum í 6 ár og jeg hefi ekki þekt samviskusamari mann.

Jeg get ekki sagt um sýslumenn, hvort þeir hafa fje á vöxtum á eigin reikning, en það mun fátítt yfirleitt, að skiftaráðendur hafi mikið fje til geymslu. Hitt er rjett, að þegar búum hefir verið skift, er ekki hægt að greiða vexti, því að erfingjarnir geta tekið út fjeð hvenær sem er, enda mundi það rugla hlutum milli erfingjanna og erfðafjárskatti til ríkissjóðs. Jeg hefi álitið, að þegar um verulegar upphæðir er að ræða, þá sje altaf haldin sjerstök bók fyrir hvert bú. Jeg hefi verið viðriðinn þó nokkur skifti hjer í bænum, og altaf, þegar um nokkrar verulegar peningaupphæðir hefir verið að ræða, hafa búinu verið færðir vextir til tekna og komið til skifta. Hvort þetta er svo annarsstaðar, veit jeg ekki, og jeg þekki auðvitað ekki öll tilfelli hjer, en hitt get jeg fullyrt, að ekki þyrfti annað en umburðarbrjef frá dómsmálaráðuneytinu til þess að tryggja það, að þessari reglu sje alstaðar fylgt. Jeg get bætt því við, að þegar jeg var sýslumaður, hafði jeg aldrei einn eyri upp úr slíkum vöxtum. Það var reyndar ekki banki á þeim stað, sem jeg var. Jeg hefði ef til vill fallið fyrir freistingunni, ef svo hefði verið, en jeg álít, að þetta fje eigi ekki að standa á reikningi embættismannanna, heldur þess, sem það á, og til þess að tryggja það, þarf ekki neitt lagaboð, heldur aðeins umburðarbrjef.

Jeg skal viðurkenna, að lögreglustjórinn hafi háar tekjur. En þess verður að gæta, að hann er eini embættismaðurinn á landinu, sem á kröfu til slíkra launa, vegna þess að hann hefir aldrei gengið undir launalögin frá 1919. Hann gekk aldrei undir þau lög, vegna þess að hann sá, að það var honum skaði. Næsti lögreglustjóri mundi þannig ekki hafa nándar nærri eins há laun.

Að þannig vöxnu máli, þegar fyrst og fremst ekki er hægt að kvarta undan slæmum rekstri embættanna og ekki heldur hægt að sýna fram á með neinum rökum, að sparnaður verði af skiftingunni, þá get jeg ekki talið rjett að samþ. þetta frv. Það má að vísu gera ráð fyrir, að skiftingin komi fyr eða síðar, en henni liggur ekkert á. Nú er svo mikið talað um embættafjöldann í landinu og hinn mikla kostnað, sem þeim sje samfara, að mjer finst, að ekki ætti að gera leik að því að fjölga þeim að nauðsynjalausu. Hæstv. dómsmrh. hefir talað um, hve nauðsynlegt væri að fækka embættum, og jeg er honum alveg

samdóma um það. Hjer er farið inn á alt aðra braut og ekki af neinni knýjandi nauðsyn.

Hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, að ekki yrði neinn aukakostnaður af skiftingunni. Það munar nú miklu, hvort á henni mundi verða 80 þús. króna gróði eða hvort ekki yrði um verulegan aukakostnað að ræða, og er nú hæstv. ráðh. kominn alllangt frá því, sem hann hjelt fram í fyrstu. Jeg skal viðurkenna, að ef um sparnað hefði verið að ræða nokkuð í áttina við það, sem jeg nefndi áðan, þá hefði verið sjálfsagt að samþ. þetta.

Hæstv. ráðherra áleit, að eitthvað mætti spara af mönnum. Eitthvað af fulltrúum.

Bæjarfógetinn hefir 3 fulltrúa. Þar af er einn fyrir Reykjavíkurbæ og kemur því málinu ekki við; án hans er ekki hægt að vera. Annar fer með sakamál og opinber lögreglumál. Hann sparast, en á móti kemur lögreglustjórinn sjálfur. Það, sem sparast, er því aðeins einn fulltrúi, en á móti þeim sparnaði kemur annað mannahald, því að þegar skrifstofunum fjölgar, leiðir það af sjer, að fjölga þarf starfsmönnunum. — Nú gegna lögregluþjónar bæjarins ýmsum þeim störfum, sem tollstjóri þarf að láta framkvæma, en við skiftinguna yrði að fá nýja menn til þess.

Að síðustu talaði hæstv. ráðh. um hina óskiftu samúð með þessu frv. Jeg býst við, að hann eigi þar við meiri hl. bæjarbúa, en annars veit jeg ekki, hvernig hann hefir fengið að vita um óskir manna í því efni, því að á meðan bæjarbúar hafa enga ástæðu til að kvarta yfir þeim mönnum, sem nú gegna embættunum, hygg jeg, að þeir láti sig litlu skifta, hvort embættunum gegna 2 eða 3 menn.

Hv. frsm. meiri hl. ræddi um þann sparnað, er af skiftingunni myndi leiða. Jeg hefi nú svarað því og sýnt fram á, að einungis einn fulltrúi sparast á þennan hátt, en í stað hans koma aðrir starfsmenn.

Hv. frsm. meiri hl. upplýsti einnig, að þessir tveir menn hefðu 50 þús. kr. í tekjur árlega báðir til samans. Það kann að vera, en þar er eftir að draga frá föst laun. Ennfremur er ekki úr vegi að gæta þess, að í stað þeirra tveggja manna, sem nú eru launaðir, koma þrenn laun, og meira að segja verða launin fimmföld, þar sem ráð er fyrir því gert, að þeir menn, er nú eru í embættunum, fari á biðlaun næstu 5 árin. Laun þessara 5 manna næstu 5 árin verða að óbreyttri löggjöf 5 $\times$ 9500 = kr. 47500.00. Þá eru 2500 kr. eftir til þess að standast kostnað af 3. skrifstofunni, og sjá allir, að það er ekki nema 5. eða 6. hluti þess, sem þarf. Annars er hv. frsm. meiri hl. hjer í skemtilegri mótsögn við hæstv. ráðh., sem segir tekjur þessara manna tveggja 120000 kr. á ári. Það eru 70000 kr., sem milli þeirra ber. Með öðrum orðum, hv. frsm. meiri hl. er mjer að mestu leyti sammála.

Háttv. frsm. þótti ólíklegt, að lögreglustjórinn, sem nú er, myndi segja af sjer, þar sem hann væri ennþá ungur maður. Jeg hygg, að hann muni vera 56—57 ára gamall, svo að það er álitamál, hvort hann getur talist ungur lengur, en hitt er rjett, að það er ólíklegt, að hann sækti um lausn frá embætti. En eins og frv. er orðað, verður hann að fara, af því að

embættið er lagt niður, og sækja síðan aftur, ef hann hefir hug á að gegna embættinu áfram. Jeg veit ekki, hvort þessi maður vill heldur fá full laun án þess að starfa eða sömu laun og starfa áfram, en mjer þykir ekki ólíklegt, að maður, sem á svo mikla starfskrafta ónotaða, vilji ef til vill nota þá til einhvers annars, einkum þar sem hjer er maður, sem hefir löngun til þess að starfa að fræðilegum efnum, og ætti því ekkert að vera honum kærkomnara en að fá frí til þeirra iðkana.

Eitt er það enn, sem mjer finst athyglisvert í frv., og það er, að stjórnin hefir heimild til að setja eins marga tollverði og henni þóknast. Veit jeg ekki, hvort það er meiningin að lögfesta alla þessa nýju tollgæslumenn á þann hátt, sem sagt er, að hæstv. ráðh. hafi sett til bráðabirgða.

Jeg vil í þessu sambandi nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðh., hve margir þessir nýju tollgæslumenn eru, því að mönnum ber ekki saman um töluna. Segja sumir, að þeir sjeu jafnvel orðnir 12, aðrir segja 6, en um 4 er vitað, og væri gott, ef hæstv. ráðh. vildi gefa upplýsingar um það, hvað þeir eru margir í raun og veru.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg þarf ekki að svara hv. frsm. minni hl. mjög ítarlega, því að það, sem hann tók fram, voru mest endurtekningar frá því, sem hann hefir áður sagt. En eitt verð jeg að leiðrjetta hjá hv. frsm., því að annaðhvort hefir hann misskilið eina mótröksemd mína, eða hann hefir fært hana viljandi til lakari vegar. Hann hjelt því fram, að jeg hefði hörfað frá þeirri skoðun minni, að af frv. þessu leiddi sparnað fyrir ríkið. Háttv. frsm. hefir þarna blandað orðum mínum saman við það, sem hann hefir sjálfur reynt að sýna fram á, að þegar skrifstofurnar yrðu 3, leiddi af því aukið mannahald. Jeg hefi nú sýnt fram á, að sumt af starfsfólkinu sparast, en þó er það ekki aðalatriðið, heldur aukatekjur þær, sem þessum embættum fylgja nú. — Þessu hefi jeg ávalt haldið fram, og hefir hv. frsm. enga ástæðu til þess að túlka það sínum málstað í hag.

Mjer getur ekki blandast hugur um það af ræðum hv. 1. þm. Reykv., hv. þm. Barð. og hv. frsm. minni hl., að þeim finst menn þeir, er nú gegna embættunum, muni ver settir, ef þeir fara á biðlaun eða lægri laun. Jeg vil enn einu sinni taka það fram, að frv. þetta er ekki fram borið viðkomandi mönnum til ógagns, heldur til þess að leiðrjetta þann ágalla, sem verið hefir á embættaskipuninni. Það, sem okkur ber á milli, er það, hvort þjóðfjelagshagsmunir eða einstaklingshagsmunir eigi að ráða. Það er aðalatriðið hjá andstæðingum mínum í þessu máli, að þeir láta umhyggju fyrir þeim einstaklingum, er hjer eiga hlut að máli, hafa of mikil áhrif á afstöðu sína. Jeg vona, að hv. 1. þm. Skagf. viðurkenni, að þegar bæjarfógetaembættinu var skift, þá hafi fyrir slysni orðið til þessar feikna tekjur embættanna, og sjálfsagt sje að bæta fyrir það slys. Og einmitt þetta slys landsins varð til hagsbóta fyrir þessa menn um 10 ára skeið, enda viðurkendi háttv. 1. þm. Reykv., að núverandi lögreglustjóri hefði safnað sjer talsverðum eignum.

En hv. þm. segir, að lögreglustjóri hafi safnað sjer þessum eignum meðan hann starfaði í stjórnarráðinu. Jeg leyfi mjer að draga þetta í efa, þegar tekið er tillit til þess útsvars, er þessi maður greiddi þá. Meðan þessi maður var starfandi í stjórnarráðinu, greiddi hann 250 kr. í útsvar, og verður það að teljast mjög lágt. Nú er niðurjöfnunarnefnd kunnugt um tekjur og eignir svo áberandi manna, og þegar útsvarið hækkar á fám árum úr 250 kr. upp í 9000 kr., þá hlýtur það að vera sökum þess, að á þessum árum hafa borist að þessum manni mjög vaxandi tekjur.

Jeg hefði að sjálfsögðu ekki farið að rekja þetta, ef ekki hefði verið reynt að gera það ósennilegt, að þessi embættismaður hefði svo háar tekjur.

Því hefir verið haldið fram, að það væri ógætilegt af mjer, sem hefi samið þetta frv., að fá ekki að vita með vissu, hve háar tekjur væru af þessum embættum, en þess þurfti ekki með, þegar öllum borgurum bæjarins er það kunnugt. Í svona litlum bæ vita menn hver um annan og almannarómínum skjátlast ekki í þessum efnum. Auk þess hafa margir embættismenn minst á þetta og áfelt þingið fyrir það, að um leið og það klípur af hinum litlu tekjum annara embættismanna, þá hefir einn maður jafnháar tekjur og heil stjett þarf til viðurværis annarsstaðar. Er ekki þörf á nánari „statistik“ í þessu efni en hinni rótgrónu skoðun manna, hve mikið happ hafi fylgt þessum embættum, svo og því, að skattanefnd, sem veit um tekjur manna, leggur 9 þús. kr. útsvar á annan þessara manna án þess að það hafi verið kært. Jeg hefi ekkert samviskubit gagnvart þessum mönnum, sem svo vel hefir verið við gert og raun ber vitni um, þegar þeir eiga kost á biðlaunum, jafnháum embættislaunum þeirra, og eins ef þeir vildu gegna embættunum framvegis, þá væri mjög vel við þá gert eigi að síður.

Jeg býst við því, að mörgum embættismanninum, sem hefir 3000—4000 kr. árslaun og veit oft ekki, hvernig fullnægt verður brýnustu þörfum, fyndist það undarlegt, ef þingið synjaði þeim fyrst um launabót og sæi sjer síðan ekki fært að lækka laun þeirra tveggja embættismanna, sem hjer er um að ræða, frá því, sem verið hefir.

Hákon Kristófersson:* Hæstv. ráðherra vildi láta líta svo út, sem jeg vildi sjá hagsmunum einstakra manna sem best borgið, en vildi bera hag þjóðfjelagsins fyrir borð, og að störfin ættu aðeins að vera til fyrir menninа.

Það er merkilegt, að hæstv. dómsmrh. skuli hafa missjeð sig á svo auðveldum hlut, þar sem jeg talaði svo fyrir till. minni, að jeg væri grundvallaratriðum frv. alveg samþ., en vildi benda á aðra leið til sömu niðurstöðu. Jeg hefi nú bent á aðra aðferð, sem leiðir af sjer sömu niðurstöðu og efst er á baugi hjá hæstv. dómsmrh. Hv. 1. þm. Skagf. hefir sýnt fram á, hvernig ná mætti á sanngjarnan og hagfeldan hátt jöfnuði í launum. Jeg skil því ekki vel, hvers vegna hæstv. ráðh. vill endilega leggja niður embættin. Fyrir mjer vakir það, að þeir menn, sem teljast í fremstu röð em-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

bættismanna þessarar þjóðar, þyrftu ekki að hrekjast úr stöðum sínum. Hinsvegar finst mjer ekki rjett, að þeir beri miklu meira frá borði en aðrir embættismenn, og get jeg því til sönnunar skírskotað til afstöðu minnar, er launamálið var til umræðu á þingi. Þá hjelt jeg því fram, að þeir ættu aðeins að hafa sæmileg laun, en ekki aukatekjur.

Það er því ómaklega mælt, að brtt. mín beri það með sjer, að frv. sje gott, ef ekki sjeu skertir hagsmunir þessara sjerstöku embættismanna.

Jeg hefi tekið fram, að ef hægt væri að sanna sparnað við breytinguna, sem ekki hefir enn verið gert, þá má láta hana koma til framkvæmda, þegar embættin losna. En sífelt hringl með embættin leiðir til þess, að engir sæmilegir menn fást til að sækja um þau.

Jeg vænti, að svo sanngjarn maður sem hæstv. dómsmrh. er sjái, að ekki má áætla tekjur þessara manna eingöngu eftir útsvörum þeirra. Háttv. 1. þm. Skagf. hefir sýnt mjög rækilega fram á það. Útsvör og eignasöfnun geta grundvallast á mörgu. Núverandi lögreglustjóri hefir t. d. sennilega haft stórkostlegar tekjur, meðan hann var í stjórnarráðinu, og býr að því. Bæjarsögum er varlega treystandi, enda nefna þær misjafnar upphæðir, sumar 50 þús. kr., aðrar 80 þús. Eitt sinn gekk sú saga hjer um bæinn, að hæstv. ráðh. hefði haft 9500 kr. árslaun sem skólastjóri, auk hita og ljóss, og þar fyrir utan ýmsar aukatekjur fyrir ritstörf sín. Þetta er sjálfsagt ósatt. Jeg er viss um, að hann hefði ekki viljað þiggja svo mikið fje.

Hæstv. ráðh. er áhugamál að takmarka launagreiðslur, og jeg er honum sammála um það, og sjerstaklega, að ójöfn laun sjeu óheppileg. Hann sagði, að sumir hjeraðslæknar mundu hafa 30 þús. kr. árlega. Jeg held, að þetta geti varla verið, nema þá í stærstu bæjum.

Hæstv. ráðh. má ekki taka mjer það illa upp, þó að mjer finnist óviðkunnanlegt hjá honum að nefna upphæðir án þess að greina frá sjerstökum tekjum. Þær verða að vera undirstaða heildarútreiknings. Hann vill byggja á umtali og segir, að allir viti þetta. En mjer var það t. d. ókunnugt.

Þá sagði hæstv. ráðh., að jeg vildi breyta embættunum þegar viðkomandi embættismenn væru farnir frá. Jeg þykist vita, að hann misminni þetta, því að við flm. brtt. höfum tekið fram, hvað fyrir okkur vekti. Hann má heldur ekki skilja mig svo, að jeg haldi, að þessir menn geti ekki lifað án embættanna. Þeir hafa sjálfsagt dug og vilja til að sjá fyrir sjer á annan hátt. En mjer sárnar, að færustu embættismenn þjóðarinnar sjeu settir á há biðlaun fyrir ekkert starf.

Svo skal jeg enn taka það fram, að jeg get fallist á grundvallarhugsun frv. Jeg er á móti því, að einstakir starfsmenn ríkisins hafi óeðlilega háar tekjur.

Hæstv. ráðh. var að leita sjer stuðnings í ummælum íhaldsritstjóra eins. Jeg skil þetta sem gaman, því að hingað til hefir þessi hæstv. ráðh. ekki tekið mikið tillit til orða íhaldsmanna. En vera má, að hjer rætist máltækið, að „góður er hver genginn“, og hann sjái nú, að þessi ritstjóri átti gott skilið.

Lýk jeg svo máli mínu, en vænti

þess, hvað sem hæstv. dómsmrh. segir, að allir sanngjarnir menn álíti brtt. rjettmæta.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Það er raunar ræða um keisarans skegg að tala fram og aftur um tekjur, sem enginn veit, hve miklar eru. Þó þykist meiri hl. nefndarinnar geta gengið út frá því, að laun beggja þessara manna sjeu ekki minni en 50 þús. kr. Jeg held raunar, að þau sjeu talsvert meiri. Það er því bersýnilegt, að sparnaður hlýtur að verða að þeim 5 árum liðnum, sem núv. embættismenn eiga rjett til biðlauna. Þá er og þess að gæta, að ekki er ósennilegt, að a. m. k. annar þessara manna taki embætti aftur. En þó að gert sje ráð fyrir að launa 5 menn, fara ekki til þess nema 47 þús. kr. Einhver skrifstofukostnaður kynni að geta bætst við, svo að ekki yrði sparnaður í bili. En hann verður áreiðanlega í framtíðinni.

En eins og jeg tók fram í framsöguræðu minni, er sparnaðurinn ekki aðalatriðið fyrir mjer. Jeg vil fyrst og fremst skilja tollstjórnina frá lögreglustjóraembættinu. Og eitt atriði í ræðu hv. frsm. minni hl. kom mjer til þess að standa upp nú. Hann sagði, að bæjarbúar þyrftu ekki að kvarta undan núverandi fyrirkomulagi. Jeg ætla ekki að ámæla þeim manni, sem nú gegnir lögreglustjórastarfinu. En þó mun það margra manna mál, að hin tvö störf fari sjerstaklega illa saman hjá honum, því að þó hann sje öðru vel vaxinn, er hann ekki hæfur til hins. Og jeg leyfi mjer að fullyrða, að hjer í bænum hafa komið fyrir mjög leiðinleg mál, af því að þessi maður hefir ekki lögreglustjórahæfileika. Jeg vil undirstrika það, að starfinu verður að skifta, til þess að fá öfluga lögreglustjórn. Yfir henni er nú kvartað, og það með rjettu.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki vera margorður, enda eru nú flestir farnir úr deildinni, en jeg þarf að svara hæstv. dómsmrh. nokkrum orðum. Hann sagði, að jeg hefði misskilið sig. Mjer þykir leiðinlegt, ef svo hefir verið, en jeg get ekki fundið, að jeg hafi gert það. Jeg finn, að hæstv. ráðh. er ekki eins viss um sparnaðinn og áður. Sjálfur hefi jeg altaf haldið því fram, að embættin mundu verða betur rækt, ef þau væru 3 en 2, en þó svo framarlega, að færir menn fáist í þau.

Hæstv. ráðh. sagði, að frv. væri ekki borið fram til þess að gera þessum mönnum ilt. En hann sagði, að jeg og hv. þm. Barð. værum á móti því af umhyggju fyrir þeim. Hv. þm. Barð. er ekki á móti frv. En jeg held einmitt, að hæstv. ráðh. sje alt of góður við þessa menn, að leggja niður embættin. Hann hefði heldur átt að draga frá þeim störf. Væri sú leið farin, ættu þeir enga heimting biðlauna. Þetta álít jeg óheppilegt, og sjálfsagt er það ekki af umhyggju hæstv. ráðh. fyrir þessum mönnum, heldur hinu — eða a. m. k. lítur svo út —, að hann vill losna við þá úr embættunum, hvað sem það kostar.

Jeg skal ekki fara mikið út í einkahag lögreglustjóra. En jeg hygg, að hæstv. ráðh. hafi átt við útsvar hans á síðasta ári. En það sannar lítið í

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

þessu máli, því að einmitt á því ári mun honum hafa tæmst arfur eigi lítill, og því eðlilegt, að hann hefði hátt útsvar. Annars nær engri átt að bera saman útsvör nú og fyrir stríð.

Hæstv. ráðh. hefði getað náð marki sínu með tveim aðferðum öðrum en þeirri, sem hann valdi: með því að breyta lögum um stimpilgjald og með því að stofna nýtt embætti. Að hann nú velur hvoruga þessa leið, getur ekki skilist öðruvísi en að hann vilji sýna þessum embættismönnum, að þeir megi fara, þó að það kosti biðlaun í 5 ár, eða undir 100 þús. kr.

Um launakjör þessara manna ætla jeg ekki að tala frekar. Það þýðir ekkert fyrir okkur að þræta hjer um það, en reynslan mun skera úr, hver sparnaðurinn verður.

Hv. frsm. meiri hl. þarf jeg engu að svara. Hann vill umfram alt skifta lögreglustjóraembættinu og hirðir ekki, þó að það auki kostnað. (**GunnS:** Jeg álít, að af því verði sparnaður). Eftir að 5 ár eru liðin, sagði hv. þm., en á 5 árum getur margt skeð. Þessi lög geta verið upphafin innan þess tíma. Og ekki þætti mjer ólíklegt, að eftir 5 ár yrði orðinn meiri kostnaður við hinar 3 skrifstofur en menn gera sjer grein fyrir nú.

Mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vilja svara fyrirspurn minni um fjölda tollþjónanna. En ekki get jeg verið að ganga lengur eftir svari, þegar jeg sje, hve óljúft honum er það.

ATKVGR.

Brtt. 676,1 feld með 15:5 atkv.

1. gr. samþ. með 15:8 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 649,1 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 649,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 649,3 (ný 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 676,2 feld með 15:6 atkv.

11. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:6 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 761).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 761).

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 787).

66. Einkasala á áfengi.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 194).

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða lögum um sama efni frá 27. júní 1921. Að vísu eru nokkrar breytingar í þessu frv., sem miða að því að gera tryggari ákvæðin um sölu áfengis, en aðalbreytingarnar eru fólgnar í því, að hægt er eftir þessu frv. að reka verslun með þessa vöru með nokkru minni kostnaði en verið hefir.

Þetta eru að vísu aðalbreytingarnar, en auk þess er ein allmikilvæg breyting frá því, sem nú er í lögum. Það er ákvæði um álagningu á þær vörur, sem þessi verslun selur. Í núgildandi lögum er heimilað að leggja á vínanda 25—75% af verði varanna, þegar þær eru hingað komnar, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimila álagningu, er nemi frá 50—100%.

Þessi breyting virðist í alla staði rjettmæt, vegna þess að hjer er um varning að ræða, sem ekki er hægt að telja nauðsynjavöru, og þótt af þessu kynni að leiða eitthvað minni sölu, þá teljum við flm. það ekki neinn skaða.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál við 1. umr. þess, og þótt jeg hafi að vísu farið hjer út í einstök atriði, þá verð jeg að telja það heimilt, með því að þar með hefi jeg aðeins lýst því, hverjar aðalbreytingar sjeu gerðar á núgildandi lögum, ef frv. þetta verður samþykt.

Vil jeg svo mælast til þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 565).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. með nokkrum breytingum.

Skal jeg ekki fjölyrða um þær breytingar, sem frv. gerir á núgildandi löggjöf. Eru þær aðallega í því fólgnar, að til er ætlast, að forstjóri víneinkasölunnar hafi mun lægri laun en hann nú hefir, og ennfremur að lögin krefjist ekki, að forstjórinn sjálfur hafi lyfsalapróf, heldur sje nægilegt, að aðstoðarmaður hans hafi það, og stýri hann þá lyfjadeildinni.

Um brtt. allshn. er ekki margt að segja. 1. brtt., sem er í 3 stafliðum, má nánast skoða sem leiðrjettingu, því að sjálfsagt er, að vitnað sje til þeirra laga, sem nú gilda um meðferð áfengis. 2. brtt. er líka leiðrjetting. En í 3. brtt. er nokkur efnisbreyting, sem liggur í því, að er frv. var samið, hafði sjest yfir breytingu á áfengislögunum frá síðasta þingi. Jeg vil geta þess, að eins og 4. gr. er orðuð samkvæmt 3. brtt. á þskj. 565, fellur nið-

ur síðasti málsliður 4. gr. eins og hún er í frv., og getur orkað tvímælis, hvort svo skuli vera, en úr því má þá bæta með brtt. við 3. umr.

Um 4. brtt., við 5. gr., varð dálítill ágreiningur í nefndinni, en þeir nefndarmenn, sem vildu halda niðurlagi 5. gr., vildu þó ekki kljúfa nefndina þess vegna. Varð því samkomulag um, að niðurlag 5. gr. fjelli niður.

Þá er 5. brtt., við 7. gr., um að í staðinn fyrir „50—100%“ komi: 25—75%. Um þetta varð einnig nokkur ágreiningur. Var að vísu upplýst í nefndinni, að vínsalan væri ekki bundin við hámarksálagningu, en hinsvegar töldu sumir nefndarmenn varhugavert að breyta þessu eins og farið er fram á í frv., því að slíkt mætti skoða sem heftingu á sölu vínanna. Varð því að samkomulagi, með því að stjórnin væri ekki bundin við þessa tölu, að láta þetta ákvæði standa eins og það er í gildandi lögum.

6. brtt. skýrir sig sjálf. Má telja, að þessi stofnun hafi þegar fengið nægilegt veltufje, og sje því nóg að ákveða um, að nokkur hluti árshagnaðar renni í varasjóð.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, þar sem svo sæmilegt samkomulag varð um frv. í allshn., að það nái fram að ganga.

Halldór Steinsson: Eins og tilkynt hefir verið úr forsetastóli, á jeg hjer brtt., sem ekki hefir verið útbýtt ennþá. Vil jeg því beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 194, n. 565, 591, 593).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 593. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Jeg á brtt. á þskj. 591 og aðra ásamt hv. 6. landsk. á þskj. 593.

Fyrsta brtt. mín er við 3. brtt. nefndarinnar á þskj. 565, við 4. gr. Þar stendur: „Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfjaskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús“. Í lyfjaskrá eru aðeins tekin upp þau lyf, er lyfjabúðum er skylt að hafa. En læknar nota og fjölda annara lyfja, og eru sum þeirra engu síður nauðsynleg. Það mun því frekar vera misgáningur hjá nefndinni, sem um málið hefir fjallað, að nota þetta orð, heldur en hitt, að útiloka lækna frá notkun þessara lyfja. En í lyfsöluskránni eru talin flest þau lyf, er nota þarf, og er því rjett að nota það orð hjer.

Næsta brtt. er um að fella síðasta málslið 4. gr. samkvæmt brtt. nefndarinnar niður. Hann hljóðar svo: „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus“. Mjer finst hjer kenna misrjettis milli sjúkrahúsa og hjeraðslækna. Læknum er heimilt að panta lyf og spíritus gegnum lyfjaverslunina, og þá er eðlilegt, að sjúkrahús njóti sömu kjara. Það er engin ástæða til að vantreysta sjúkrahúslæknum fremur en hjeraðslæknum til að fara með áfengið lögum

samkvæmt. Að vísu munu sjúkrahús ekki nota áfengi mikið, en þó talsvert; þau brúka það til rannsókna, húðþvottar og ýmislegs annars. Læknar eiga kost á að fá lyf úr lyfjaversluninni, og það er engin ástæða til að láta þau sæta verri kjörum en þá.

Þá er síðasta brtt., sem jeg flyt með hv. 6. landsk., við 7. gr. Á eftir orðinu „læknum" í fyrri málsgrein komi: og sjúkrahúsum. Með öðrum orðum, að sjúkrahús njóti sömu kjara og **læknar.**

Vona jeg, að hv. deild taki vel í brtt. þessar og telji þær sanngjarnar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við fyrri hluta þessarar umr. gerði jeg grein fyrir brtt. nefndarinnar. En út af brtt. hv. þm. Snæf. vil jeg segja örfá orð.

Um a-lið brtt. á þskj. 591 vil jeg taka það fram, að jeg sje ekki ástæðu til annars en samþykkja hann. Jeg skal játa það, að jeg er ekki svo fróður í þessu, að jeg geti sagt um, hvort nafn það, sem við höfum valið, sje notað rjett. Eftir skýringu hans höfum við meint það sama. En úr því að „lyfjaskrá" hefir aðra þýðingu, þá er sjálfsagt að taka brtt. hans til greina.

Viðvíkjandi b-liðnum, þá sje jeg ekki, að ástæða sje til að fella niður þetta ákvæði 4. gr. samkvæmt brtt. nefndarinnar, um að sjúkrahúsum megi ekki selja vín nje ómengaðan spíritus. Jeg sje ekki ástæðu til að veita þeim, sem hafa á hendi forstöðu sjúkrahúsanna, spítalahöldurum svo nefndum, heimild til að fá vín. Jeg sje heldur ekki, að þetta sje mikill galli, því sjúkrahúslæknirinn á kost á að fá vín það, sem á þarf að halda, með sömu kjörum og aðrir læknar. Jeg er því á móti b-liðnum.

Hvað snertir brtt. á þskj. 593, þá kannast jeg við, að það sje rjettmætt, að sjúkrahús njóti sömu kjara og læknar og fái lyf frá lyfjaversluninni án álagningar. Jeg er því með því, að hún verði samþykt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. Jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn hafi áttað sig á þeim og tekið afstöðu til **þeirra.**

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 565,1.a samþ. með 13 shlj. atkv.

— 565,1.b samþ. í e. hlj.

— 565,1.c samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 565,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 591,a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 591,b feld með 8:5 atkv.

— 565,3 (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

— 565,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 565,5 samþ. með 8:3 atkv.

— 593 samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 565,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 609).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 609).

Á 62. fundi í Nd., 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16:1 atkv.

Á 67. og 68. fundi í Nd., 10. og 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 609, n. 702).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Það er sama um þetta frv. að segja og frv. það, sem verið var að ræða (áfengislögin), að það er flutt að ósk bindindismanna. Nefndin sá ekki ástæðu til að setja sig á móti því, nje heldur koma með sjerstakar brtt., jafnvel þótt hún álíti þess þörf. Jeg skal ekki fara sjerstaklega út í þetta, en vil þó minnast á 4. gr. Þar stendur: „Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og *má* fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins". Nefndin lítur svo á, að það liggi í hlutarins eðli, að þetta starf *skuli* falið honum En þar sem hún býst við, að svo verði í framkvæmdinni, þá flytur hún ekki brtt. um það.

Skal jeg svo ekki tefja tímann með því að fara fleiri orðum um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 609, 762).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 762 samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, GunnS, HG, HjV, IngB, JörB, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

nei: EJ, HStef, HJ, HK, JAJ, JS, MG, PO.

BSv greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JJós, JÓl, LH, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 775).

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið aftur frá háttv. Nd., og hefir hún gert á því ekki veigamiklar breytingar. Jeg tel þessar breytingar þannig vaxnar, að þær hafi ekki veruleg áhrif á gildi þessarar lagasetningar, og verð því að leggja til, að þessi hv. deild samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

67. Seðlainndráttur Íslandsbanka.

Á 62. fundi í Ed., 31. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928 (þmfrv., A. 651).

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt af fjhn. eftir tilmælum hæstv. forsrh. og stjórnar Íslandsbanka. Lítur nefndin svo á, að það sje ekki rjett að verða ekki við tilmælum bankans um að framlengja enn um eitt ár undanþágu frá inndráttarskyldu seðla. Það má að vísu spyrja þess, hve lengi þetta eigi svo til að ganga. Nefndin getur engu þar um svarað, en býst þó fastlega við því, að þetta sje í síðasta skiftið, sem veita þarf þessa undanþágu, og telur því rjett að veita hana að þessu sinni. Hygg jeg svo ekki þörf á því að gera frekari grein fyrir þessu frv. og tel ástæðulaust að vísa því í nefnd, þar sem það er flutt af fjhn.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins geta þess, þótt jeg gerði ekki ágreining um frv. í fjhn., að mjer finst mjög leitt, að frv. þetta er samþ. ár eftir ár og með sömu forsendum. Vil jeg víkja þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort ekki megi vænta þess, að fullnaðarskipulag komist brátt á innlausn seðlanna, þannig, að Íslandsbanki dragi inn seðlana eins og ráð er fyrir gert í lögum.

Jeg býst við því, að frv. þetta verði samþ., eins og áður hefir verið, en vil alvarlega mælast til þess, að hæstv. stjórn undirbúi þetta mál betur fyrir næsta þing.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg skildi ummæli hv. 5. landsk. á þann veg, að hann óskaði eftir að fá upplýsingar um það, hvort stjórnin hefði hugsað fyrir því, hve lengi núverandi ástand ætti að haldast. Þessu er mjög vandsvarað, því að hagur Íslandsbanka er þannig, að hann má varla við því að draga inn svo nokkru nemi af sínum seðlum. Og þótt margir teljí ríkinu vandgerðara við Landsbankann, sem er að vísu rjett, þá álít jeg, að

hagur Íslandsbanka sje svo samtvinnaður hag ríkisins og almennings, að gæta verði allrar varúðar um það, að gera ekkert það, er hnekt geti viðgangi stofnunarinnar.

Ef jeg man rjett, er gert ráð fyrir því, að seðlainndrættinum verði lokið 1933. Mun þá nægur tími til þess, að þessu ákvæði verði fullnægt, og því tel jeg ekkert athugavert við það, þótt þessi framlenging, sem nú er farið fram á, eigi sjer stað. Í næsta sinn, sem slík málaleitun kæmi fram, yrði annaðhvort að breyta kröfunni til bankans eða halda henni fast fram samkvæmt núgildandi lögum.

Jeg vil geta þess, að ríkissjóður hefir einhverjar lítilsháttar tekjur af seðlunum, og þótt það sje ekki beinlínis af þeim seðlum, sem Landsbankinn hefir í umferð, mun það koma fram í arði, en annars er það fremur óverulegt hvort heldur sem er. Vil jeg geta þess jafnframt, að Landsbankinn hefir skilið bankalögin frá síðasta þingi þannig, að hann sje algerlega leystur frá þeirri skyldu sinni að greiða nokkurt seðlagjald. Jeg hygg því, að öllu athuguðu, að sjálfsagt sje að verða við því að veita undanþáguna nú í bili, þar sem ekki er ólíklegt, að hagur Íslandsbanka kunni að batna svo á yfirstandandi ári, að ekki þurfi að gera ráð fyrir samskonar málaleitun á næsta ári. Því tel jeg þetta alveg áhættulaust og álít það eina af þeim ráðstöfunum, sem telja verður sjálfsagðar til þess að bankanum sje gert fært að gegna skyldum sínum um greiðslur á afborgunum og vöxtum á þeim lánum, er bankinn hefir tekið erlendis. Eftir mínu áliti gæti neitun um þessa undanþágu ekki leitt til annars en að bankinn yrði neyddur til að ganga harðar að sínum viðskiftamönnum. Það gæti frekar komið til mála síðari hluta ársins, ef framhald verður á því, að afkoma sjávarútvegsins verði eins góð og nú er útlit fyrir, því að þá eru meiri líkur til þess, að menn verði færari að inna af hendi greiðslur sínar til bankans. Það er ekki sökum þess, að fjárhagur bankans sje svo sjerstaklega bágborinn, heldur vegna þess, að bankinn á svo mikið útistandandi fje, að beita verður mjög mikilli varúð við innheimtuna, og því álít jeg, að öllu þessu athuguðu, að það sje rjett að veita undanþáguna að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þó að jeg sje engan veginn ánægður með aðalatriði þessa frv., hefi jeg ekki tekið til máls fyr en nú, af því að jeg

hefi ekki viljað leggja stein í götu þess að þessu sinni. En jeg vil taka það fram, að það ástand, sem verið hefir undanfarið, þar sem Íslandsbanka hefir hvað eftir annað verið leyft að fresta inndrætti seðla sinna, getur ekki haldist. Ef sú skipun kemst á, að hjer verði tveir bankar með hjer um bil jafnmikilli seðlaútgáfu, verður óviðunandi óreiða í þessum efnum og þverbrotin sú regla, sem gildir alstaðar í heiminum, að stærsti bankinn hafi seðlaútgáfuna á valdi sínu með þeirri ábyrgð, sem henni fylgja. Jeg vildi taka þetta fram og beina því sem minni skoðun til hluthafa bankans, ef einhver þeirra skyldi vera hjer, að þörf landsins krefst þess, að farið verði að framfylgja lögunum um inndráttarskyldu seðla. Til lengdar verður ekki hægt að taka tillit til þess, hvort bankinn geti staðið í skilum, og jeg vildi óska, að hluthafar Íslandsbanka kæmu ekki framvegis til stj. á síðustu stundu til þess að biðja hana að flytja slíkt frv., af því að óhjákvæmilegt væri að neita slíkri beiðni. Íslandsbanki verður að finna önnur ráð, þegar hann sjer, að þjóðfjelagið getur ekki sætt sig við þennan undandrátt.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. hagaði orðum sínum svo, að skilja mátti sem hluthafar Íslandsbanka hefðu farið fram á þessa frestun. Þetta er tæplega rjett. Á næstsíðasta og síðasta þingi var það stjórnin, sem gekk í þetta af kunnugleik sínum á ástandi bankanna, og í þetta sinn komu tilmælin, eins og upplýst hefir verið, frá bankaráðsmönnunum, hæstv. forsætisráðherra, þrem þingkjörnum ráðsmönnum og einum fyrir hönd hluthafanna.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Háttv. 3. landsk. þm. þurfti ekki að vera að leiðrjetta mig. Ummæli mín voru aðeins varnaðarorð, ekki síst til þeirra, sem eiga að gæta hinna dönsku hagsmuna bankans, af því að sú leið, sem nú er farin, er ófær til lengdar. Það má segja, að frestun inndráttarskyldunnar hafi undanfarið verið borin fram af stjórnunum og nú af hæstv. forsrh., en jeg lít á það sem bráðabirgðaskipun. Meiri hl. bankaráðsins er í náinni samvinnu við hluthafana, sem hafa vald til að hafa einn bankastjóra með 40 þús. kr. launum, sem er í ósamræmi við allar aðrar opinberar launagreiðslur, sem kunnugt er um, og sannkallað fjármálafurðuverk. Þó að bankinn sje vesall, hefir ekki tekist að hnekkja þessu. Jeg vil nú skýra frá því, að þegar hinir tveir framsóknarmenn í bankaráðinu, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., vildu koma fram lögun á þessum óhæfilegu launakjörum, stóðu þeir á móti, sem fara með vald hluthafanna í bankanum. Þó fjekst nokkur lækkun fram. Jeg vil benda fulltrúa hinna erlendu hluthafa í bankaráðinu á það, að þingið hefir hingað til orðið fullkomlega vart við hluthafavaldið, og ætti að vera búið að fá nóg af því. Þótt þetta frv. verði nú samþ., til þess að firra bankann vandræðum, er ekki ósennilegt, að það sje í síðasta sinn, sem þessi leikur er leikinn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 651).

Á 70. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Jeg kann ekki við, að þetta mál fari svo til 2. umr., að ekki sje á það minst. Það hefir nú ár eftir ár verið leitað þessarar sömu undanþágu fyrir Íslandsbanka frá að innleysa seðla sína úr umferð eins og áður hefir verið ákveðið með lögum. Þótt þessi undanþága hafi verið samþykt þing eftir þing, hefir jafnan fátt verið gefið upp um ástæður fyrir undanþágunni. Jeg vil nú spyrja, hvort þingið hafi ekkert meint með þeim reglum, sem það setti um seðlainndráttinn, hvort þær hafi verið settar út í bláinn og sjeu í raun og veru vitleysa tóm og ágengni við bankann.

Samkvæmt 64. gr. landsbankalaganna er Landsbankanum gert að skyldu að endurkaupa viðskiftavíxla, sem nemi 5/8 þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst bankinn hafa úti 8 miljónir króna. Og þegar bankinn hefir dregið inn alla seðla sína, fær hann 10 ára frest til að leysa inn þessar 5 milj., sem er sama sem að Landsbankinn eigi þá að leggja Íslandsbanka til 5 milj. kr. stofnfje. Jeg vil nú spyrja, hvort þetta sje ekki að ganga lengra í umhyggju fyrir Íslandsbanka heldur en Landsbankanum, sem á þó að bera aðalþungann í fjármálum þjóðarinnar inn á við og út á við og hafa ábyrgð á peningagildi voru.

Þess má geta, að Íslandsbanki hefir nú nýlega sýnt viðskiftamönnum mikið harðræði með því að segja upp gömlum og krosstrygðum lánum, þótt hann hafi að vísu boðið víxla í staðinn. Aftur á móti hefir hann lánað svo óvarlega fje til stærri lánþega, að hann hefir tapað stórum upphæðum á því. Það virðist því svo, að afstaða bankans gagnvart stærri og smærri viðskiftamönnum hans sje ekki eins gagnvart hvorumtveggja. Út af þessu er ástæða til að spyrjast fyrir um, hvað Íslandsbanki ætlist fyrir með þessari framkomu gagnvart sumum sínum viðskiftamönnum.

Eins og á stendur, er bankinn annarsvegar leitar nýrra hlunninda eða styrks frá ríkinu, en breytir svo hinsvegar við viðskiftavini sína, sem jeg hefi sagt, án þess ástæður sjeu til þess færðar, þá sýnist ekki vanþörf á að hafa meira eftirlit og aðgæslu um rekstur bankans og hag en verið hefir, ef veita á honum hlunnindi athugasemdalaust æ ofan í æ.

Maður fær ekkert að vita um ástæður fyrir þessari beiðni. Íslandsbanki nýtur þó ýmiss styrks af ríkinu og mikið af starfsfje hans er á ábyrgð ríkissjóðs, þ. e. stór hluti af enska láninu. Væri ástæða til að upplýsa þingið um tryggingar fyrir þessu láni.

Jeg vildi ekki, að málið gengi fram án þess að minst væri á þessar ástæður, og ef til vill fleiri. Vildi jeg mælast til þess, að þinginu yrðu veittar upplýsingar um þessi atriði, sem jeg hefi vakið máls á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þór-

hallsson): Eins og sjá má af greinargerðinni, sem þessu frv. fylgir, er það flutt samkvæmt tilmælum mínum fyrir hönd bankaráðs Íslandsbanka. Hinsvegar er það rjett, að engin sjerstök grein hefir verið gerð fyrir nauðsyn þessa af minni hálfu, en aðeins vitnað í fyrri ástæður.

Hv. 1. þm. N.-M. vildi fá upplýsingar um starfsemi bankans, og er það í rauninni ekki nema eðlilegt. En stj. hefir enn ekki unnist tóm til, þennan stutta tíma, sem hún hefir verið við völd, að athuga þetta svo vel sem skyldi, og er því ekki við því búin að svara spurningum hv. þm. að svo stöddu. Hinsvegar hefi jeg ætlað að athuga eða láta athuga gaumgæfilega málefni bankans, og einkum aðstöðuna milli hans og ríkisins, og vildi jeg, að til þess gæfist fullkominn friður. Jeg vil endurtaka það hjer, að jeg álít, að það sje farsælt og rjett eins og á stendur, að frv. þetta nái fram að ganga. En að svo stöddu finst mjer varla hægt að ætlast til þess af stj., að hún geti gefið upplýsingar um þetta, sem hv. 1. þm. N.-M. spurði um.

Sigurður Eggerz: Mjer þótti leiðinlegt að heyra hin miður hlýju orð í garð bankans, sem hv 1. þm. N.-M. sagði hjer áðan. Það, sem hann hafði helst fram að færa, var, að bankinn hafi sýnt harðræði í því að segja upp reikningslánum. Jeg veit, að útibússtjórinn á þeim stað, sem hv. þm. á við, mun hafa sagt upp nokkrum reikningslánum. **(HStef:** Öllum föstum reikningslánum). Hinsvegar var ekki meiningin að innheimta þessi lán, þótt þeim væri sagt upp, heldur að breyta þeim í víxillán, af því að bankinn telur það hagkvæmara fyrir sig. Hv. þm. sagði, að þetta hefði komið mest fram á þeim smærri viðskiftamönnum bankans, en það er síður en svo. Sama aðferð hefir verið höfð gagnvart öllum hinum stærstu viðskiftamönnum og þeir hafa ekki haft neitt við það að athuga, eftir að þeim hafði verið skýrt frá, að meiningin væri alls ekki sú, að ganga harðar að um innheimtu en ella mundi.

Háttv. þm. ljest ekki vita neitt um hag bankans. Það hefir þó nýlega farið fram rannsókn á bankanum, framkvæmd af eftirlitsmanni banka og sparisjóða. Niðurstaðan er ekkert leyndarmál, því að hún er komin í reikning bankans og er á þá leið, að helmingur hlutafjárins sje eftir. Það hefir verið spurt hjer um niðurstöðuna á mati því, sem fram hefir farið á Landsbankanum, en hæstv. stj. gaf engin svör við því. En hinsvegar er engin leynd yfir þessari rannsókn á hag Íslandsbanka. Að því er snertir að öðru leyti ábyrgð þá, sem ríkið stendur í fyrir Íslandsbanka, þá er það auðvitað rjett, að ríkissjóður stendur í ábyrgðum fyrir hann. En bankinn hefir sett tryggingar á móti, og mun engin hætta á, að tap verði á þeim, enda hefir það aldrei komið fyrir. Annars finst mjer þessi fáu orð hv. þm. bera vott um, að gamla sagan sje nú aftur að stinga upp höfðinu; þetta, að menn geri sjer ekki fyllilega ljóst, hvaða þýðingu þessi banki hefir í þjóðfjelaginu. Þessi undanþága, sem hjer er verið að tala um að veita bankanum, er auðvitað fram komin vegna nauðsynja atvinnulífs þjóðarinnar.

Það er eins og menn gleymi svo oft aðstöðu bankanna í þjóðfjelaginu og þeirri nauðsyn, að þeir geti starfað í sem mestri kyrð og ró. Þessi undanþága frá inndráttarskyldunni hefir undanfarin ár verið veitt bæði vegna nauðsynja atvinnuveganna og eins til þess að leggja ekki of miklar byrðar á Landsbankann. — Jeg vildi óska, að menn mintust þess, þegar þeir tala um þetta mál, að það er ekki aðeins mál Íslandsbanka, heldur snertir það hag alls landsins. Jeg verð að líta svo á, að það sje afarþýðingarmikið, að sem best sje búið um báða hina starfandi banka í landinu. Íslandsbanki hefir líka viðskifti við landbúnaðinn. Hann hefir til dæmis lánað kaupfjelögunum allmikið veltufje, auk lána beint til bænda.

Jeg vona, að hv. þdm. líti með sanngirni á þetta mál og líti á nauðsynjar atvinnuveganna í landinu, þegar þeir greiða atkvæði um það.

Gunnar Sigurðsson: Þegar lögin um inndráttarskyldu Íslandsbanka voru samþ. á þinginu 1921, var jeg einn þeirra manna, sem harðast börðust þá móti því, að hann væri skyldaður til að draga inn 1 miljón árlega. Mig minnir, að þau lög væru samþykt með mjög litlum, jafnvel eins atkvæðis meiri hluta. Það kom líka í ljós þegar árið eftir, að þetta var óframkvæmanlegt.

Það er hinsvegar rjett hjá hv. 1. þm. N.-M., að bankinn hefir gert of mikið að því að veita mjög stór lán einstökum mönnum og fyrirtækjum, og aðrir hafa ekki getað fengið neitt út á trygg veð.

Jeg skal taka það fram, að jeg tel rjett og nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. Jeg býst ekki við að ræða mikið um bankamál alment, en jeg tel, að ef Íslandsbanki á að geta haldið áfram að starfa óhindraður, þá sje óhjákvæmilegt að veita honum þessa ívilnun. Jeg mun altaf stuðla að því, hvaða peningastofnanir, sem um er að ræða, að úr verði greitt sem best með veltufje í landinu. Það er hið mesta mein okkar, hvað veltufjeð er lítið. Það er svo, að það er oft alveg ómögulegt að fá lán út á alveg örugg veð.

Jeg játa það, að jeg var um eitt skeið ekki viss um, að það væri rjett að láta bankann halda áfram að starfa, en ef hann á að geta það til nokkurs gagns fyrir þjóðina, þá tel jeg ófært að leggja á hann þessa kvöð.

Haraldur Guðmundsson: Jeg hefði getað vænst þess, að þessu frv. hefði fylgt einhver skýrsla frá hæstv. stj. um hag bankans og afstöðu hans til ríkissjóðsins. Þetta er nú í þriðja skifti, sem bankinn fer fram á að fá þessa undanþágu frá inndráttarskyldu sinni. Jeg geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til fjhn. og að bæði ríkisstjórn og stjórn bankans gefi nefndinni sjálfsagðar upplýsingar um málið. Með það fyrir augum hefi jeg ekki neitt sjerstakt á móti því, að frv. gangi til 2. umr.

Halldór Stefánsson: Hæstv. stj. þykist nú ekki við því búin að gefa upplýsingar í þessu máli, en lofar að gera það síðar og óskar eftir að fá að athuga málið í fullum friði. Jeg get lof-

að því fyrir mitt leyti að stofna ekki til neins styrjar um þetta mál. Mjer þykir hinsvegar óviðfeldið, að stj. skuli leita álits þingsins um þetta án þess að vera við því búin að gefa upplýsingar um það.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Dal. sagði, vil jeg taka það fram, að jeg kannast ekki við, að frá mjer hafi komið nein miður hlýleg orð í garð bankans. Ef hann leggur þann skilning í orð mín, þá hlýtur það að stafa af því, að honum hafi ekki þótt þægilegt að svara þeim spurningum viðvíkjandi rekstri bankans, sem jeg kom fram með. Fyrir þá vitneskju, sem jeg hefi um þetta á Austurlandi, get jeg leiðrjett það, sem háttv. þingm. Dal. (SE) sagði um uppsögn lánanna, sem jeg hafði minst á. Hann sagði, að uppsögninni hefði verið látin fylgja skýring og loforð um, að menn fengju að framlengja víxillánin áfram. Þetta er alls ekki rjett. Uppsögnunum fylgdu engar skýringar. Mönnum var aðeins boðið að gangast undir víxilskylduna. Menn vita, hve ótvíræður og hlífðarlaus rjettur lánveitanda er gagnvart víxilskuldara, og eftir þessa reynslu sína á viðskiftum við þennan banka höfðu viðskiftamenn hans ekki ástæðu til að vænta neinnar hlífðar, þar sem henni ekki var heitið. Jeg held, að óhætt sje að segja, að kosti Íslandsbanka hafi ekki verið þröngvað hingað til.

Háttv. þm. sagði, að menn virtust ekki skilja, að bankastarfsemi væri vegna þjóðarinnar. Það er auðvitað rjett, en það skiftir þó miklu, hvernig skift er við þjóðina. Það, sem jeg átaldi, var aðeins það, að það hefir verið beitt allsendis óþörfu harðræði við borgara þjóðarinnar í þessum efnum.

Út af því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, vil jeg benda á, að þó að nefnd sje ein miljón, þá eru það ekki raunverulega nema 375 þús., sem bankinn þarf að leysa inn. Landsbankanum er gert að skyldu að endurkaupa víxla Íslandsbanka fyrir hinum hlutanum, og á því á hann að fá 10 ára frest. Hvað veltufjeð snertir, þá verður það alveg það sama; það, sem máli skiftir, er aðeins það, í hvers höndum veltufjeð er.

Jeg get svo látið niður falla frekari umr. af minni hálfu, einkum ef málinu verður vísað til þeirrar nefndar, sem jeg á sæti í, og bíð jeg þá þess að fá þær upplýsingar, sem jeg og hv. þm. Ísaf. höfum óskað eftir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þóttist gera fulla grein fyrir því áðan, að ekki fylgdu þessu frv. neinar upplýsingar frá mjer. Í þessu sambandi vil jeg taka það fram, að jeg tel alveg óþarft að vísa þessu máli til nefndar. Það, sem um er að ræða, er aðeins að framlengja það ástand, sem nú er, og þó að málið færi til nefndar, þá er svo liðið á þingtímann, að ekki gæti verið um neina athugun að ræða.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til að andmæla þessu frv., þótt mjer þyki ósýnn gróði að því. Jeg vil gera ráð fyrir því, að við 2. umr. liggi málið ljósara fyrir en nú. Hinsvegar get jeg alls ekki fallist á það, að þetta sje mjög einfalt eða viðurhlutalítið mál. Hjer verður óðar fyrir sú spurning, hvernig og hvenær eigi **að draga**

inn alla þá seðla, sem átti að taka úr umferð 1926 og 1927, og fylsta þörf er að fá henni svarað áður en leyfð er frestun á inndrætti seðlanna fyrir 1928. Jeg vænti þá líka, að þessi svör komi fram við 2. umr. Jeg held, að jeg muni það rjett, að sjerleyfistími Íslandsbanka sje úti 1933. Og út af því vil jeg spyrja: Hverjar horfur eru á því, að öllum seðlainndrætti verði lokið í tæka tíð? Mundi auðveldara að leysa inn alla fúlguna síðustu árin, — eða er hugmyndin sú, að framlengja leyfistímann og hafa seðlabankana tvo?

Nefnd sú, sem undirbjó bankalögin 1921, gerði einmitt ráð fyrir því, að síðustu árin yrði inndrátturinn lítill, og með hliðsjón af því, að erfiðleikarnir yrðu ekki alt of miklir síðustu árin, var ákveðið, að inndrátturinn skyldi vera árlega ein milj. kr. fram til ársins 1928. Úr því var ætlað, að ½ milj. yrði tekin úr umferð árlega. Eigi nú hinsvegar að jafna öllu, eða þessum 5 milj., sem eftir eru, niður á þessi fáu ár frá árslokum 1928, þá verður inndrátturinn allmiklu erfiðari síðustu árin en ætlað var af bankalaganefndinni 1921. Vil jeg sjerstaklega mælast til þess, að fjhn., sem þessu máli væntanlega verður vísað til, leiti frekari upplýsinga um horfur og fyrirætlanir með innköllun seðlanna fram til loka leyfistímans, áður en málið kemur til umr. næst.

Sigurður Eggerz: Jeg skal nú ekki lengja umr. um málið úr þessu, en gagnvart því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, þá verð jeg að segja það, að jeg er náttúrlega ekki viss um það, hvort útibússtjórinn á Seyðisfirði hefir gefið þessar skýringar, en hitt veit jeg, að hjer við höfuðbankann fengu allir viðskiftamenn þær, og var langt frá því, að bankinn vildi gera nokkurn greinarmun á stórum og smáum viðskiftamönnum. Líka var sókst meira eftir því að breyta lánum hinna stærri viðskiftamanna, vegna þess að það skifti meira máli fyrir bankann, og þegar við höfðum sýnt þeim fram á, að það væri ekki óhagur að breytingunni fyrir þá, varð engin óánægja hjá þeim. Við sögðum líka við þá, að þeir, sem vildu, gætu fengið skriflega yfirlýsingu frá bankanum um, að það væri alls ekki tilgangurinn að segja lánunum upp að fullu og öllu. Enn vil jeg taka fram, að lánum, sem voru brúkuð eins og reikningslán, eða lifandi lánum, var ekki breytt í víxla, nema þá að nokkru leyti, eftir því sem þau höfðu verið brúkuð.

Þá talaði hv. þm. um það, að bankinn hefði beitt harðneskju við lántakendur. Mjer er nær að halda það, að ýmsir að þeim mönnum, sem hafa skift við Íslandsbanka, — en auðvitað kunna að vera einstöku undantekningar, — muni bera honum öðruvísi söguna. En þegar bankanum er ætlað að draga inn af seðlum sínum, þá ma enginn ætla, að það verði gert án þess að einhverjir hljóti að finna til þess, en einmitt vegna þess að bankinn vill taka tillit til viðskiftamanna sinna, er reynt að beita sem minstri harðleikni á þessu sviði, enda myndi það, ef gert væri, leiða til ákaflega þungrar niðurstöðu fyrir viðskiftalíf þjóðarinnar.

Hv. þm. Ísaf. vildi láta vísa málinu

til nefndar og að gert væri yfirlit yfir afstöðu bankans til ríkissjóðs o. m. fl. Dálítið skýtur nú þessu öðruvísi við eða þegar átti að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans í framtíðinni; þá þótti það óviðeigandi að heimta skýrslu um þá rannsókn, sem framkvæmd var á bankanum, þótti jafnvel goðgá að nefna það. Þá var hægt að taka ábyrgð á bankanum án þess að fá að vita um þá niðurstöðu. En þegar þetta mál kemur, sem aðeins er um það, að bankinn dragi ekki inn eina milj. króna á yfirstandandi ári, þá þarf að heimta allar mögulegar rannsóknir, og þó hefir bankinn verið rannsakaður nýlega af manni, sem hæstv. stjórn ber fult traust til. Það hefir þó ekki verið farið leynt með þá rannsókn, því að hún hefir verið birt bæði utanlands og innan og einnig birt í ársreikningi bankans. Eftirlitsmaðurinn áleit, að tapaður væri helmingur hlutafjárins, og til þess að þessi eina miljón þurfi ekki að vera dregin inn, þarf að fara að framkvæma heljarmikla rannsókn. Jeg vona, að þetta stafi ekki af óvild til bankans, og jeg vil segja það við háttv. stuðningsmenn stjórnarinnar, að ef þeir ætla, að það sje rjett að fara að reyna að skapa aftur óróa um Íslandsbanka, þá eru þeir hv. þm. með því að ráðast á sjálfa sig, því að það kemur langharðast niður á þeim, sem bera ábyrgðina á því, sem gerist í landinu, ef farið væri að skapa óróa í kringum hvorn bankann sem væri; og jeg efast um, ef það væri gert, að þeir góðu menn þá viti, hvaða þýðingu það mundi hafa fyrir alt þjóðlíf vort og hvaða erfiðleika það mundi skapa fyrir stjórnina, ef farið væri að láta gamla óvild kvikna aftur. En jeg vil segja það, að þeir ráðherrar, sem hingað til hafa haft með bankann að gera, hafa skilið þetta; þeir hafa ekki viljað leggja neinn stein í götu hans, heldur þvert á móti. Og um þá ráðherra, sem nú hafa haft afskifti af bankanum, má segja með sanni, að hingað til hafa þeir reynst honum vel.

Ef á að fara að vísa þessu máli til nefndar og þinginu skyldi verða sagt upp á morgun eða á mánudag, og ef svo á að fara að rannsaka hag bankans í þeirri nefnd, þá sjá allir, hvert stefnir og hvað liggur á bak við þessa tillögu; það er auðsjáanlega ekki annað en það að reyna að koma þessu máli fyrir kattarnef. Annars liggur það í hlutarins eðli, og vil jeg sjerstaklega víkja því til hv. 1. þm. S.-M., að auðvitað mun bankinn eins fljótt og hann getur draga þessa seðla inn; það er hans áhugamál að reyna að standa sem frjálsastur, af því að það hefir oft sýnt sig, að þegar bankinn hefir leitað til þingsins og skapast hefir órói í kringum hann, þá hefir hann oft tapað meira á því, þótt bænir hans hafi verið heyrðar, vegna þess óróa, sem skapast hefir í kringum hann.

Jeg vil þá enda orð mín að þessu sinni með því að benda þeim mönnum á, sem bera ábyrgðina hjer á landi, að þeir munu finna það, að svo framarlega, sem þeir fara margar villigötur í bankamálum þjóðarinnar, þá munu þeim verða ýms önnur viðfangsefni örðug, vegna þess að það er einhver hin mesta hamingja fyrir hverja þjóð, ef bankar hennar blómgast. Við vitum það, að bankahrun erlendis hafa valdið geysimiklum skaða, en hjer

hafa, sem betur fer, engin orðið, því að stjórnirnar hafa skilið það, hve mikla þýðingu slíkt hefir fyrir landið. En eftir að mikið sparisjóðsfje hefir verið tekið út úr bankanum og eftir að hann hefir komist yfir þetta og ró hefir skapast kringum hann, þá er það mjög hart, ef farið verður að vekja óróa um hann aftur; en jeg vona, að það verði ekki gert, því að hjer er að ræða um stofnun, sem er stór liður í atvinnu- og viðskiftalífi þjóðarinnar.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að spyrja hæstv. forsrh., sem jafnframt er formaður bankaráðs Íslandsbanka, hvort þetta frv. sje ekki borið fram í fullu samráði við stjórn Landsbankans. Svo hefir þetta verið á undanförnum þingum og jeg geri ráð fyrir, að svo sje enn. Þannig hefir þetta verið undanfarið vegna þess, að Landsbankinn álítur sjer vera hagkvæmara að endurkaupa víxla af Íslandsbanka heldur en að þurfa að taka við viðskiftum hans, og jeg hefi litið svo á undanfarið, og geri ráð fyrir, að svo muni vera enn, að Landsbankinn álíti það vera hagkvæmara fyrir sig að láta Íslandsbanka bera ábyrgðina af viðskiftunum, þannig að hann, Landsbankinn, hafi óbeina tryggingu í öllum eignum Íslandsbanka fyrir þeim seðlum, sem hann lánar honum.

Viðvíkjandi tryggingunum fyrir enska láninu skilst mjer, að hæstv. forsrh. hafi svarað því, að hann gæti ekkert um þær sagt. En það var upplýst á síðasta þingi, hvernig þeim var varið, og veit jeg ekki til, að nein breyting hafi orðið á því, annað en það, að nokkrir víxlar hafa verið greiddir og aðrir hafa svo komið í staðinn.

Hv. 1. þm. N.-M. var að tala um það, að bankinn beitti nokkru harðræði við landsmenn; en jeg vil út af því benda hv. þm. á það, að þetta frv. miðar einmitt að því að gera bankanum það kleift að beita landsmenn ekki harðræði, því ef bankinn á að draga inn eina miljón króna úr viðskiftum sínum við þá, og hann getur ekki fengið endurkeypta víxla hjá Landsbankanum, þá verða viðskiftin að dragast saman hjá Íslandsbanka, en Landsbankinn að lána, en það er það, sem hann ekki telur sjer heppilegt, að taka þannig beinlínis við viðskiftum hins bankans.

Hvort þetta mál fer til nefndar eða ekki, læt jeg mig ekki miklu skifta, en mjer sýnist það vera orðinn lítill tími til að fara með mál í nefndir, þegar fundir eru svo að segja á hverjum degi langt fram á nótt. Jeg veit ekki, hvenær nefndir eiga þá að starfa og afgreiða mál, nema því aðeins, að þá verði slept úr fundartíma handa þeim.

Hvað það snertir, sem verið var að tala um, að athuga afstöðu bankans til ríkisins og útvega upplýsingar um það, þá veit jeg ekki, hvað á að athuga þar; mjer finst að þar liggi alt ljóst fyrir. Bankinn hefir leyfi um ákveðið árabil, en um það, hvernig fer með inndráttinn síðar, skal jeg engu spá, en jeg vil benda á það, að svo framarlega sem frv. það, sem hjer er fyrir þinginu um Landsbankann, verður samþykt, þar sem aðeins er um heimild að ræða til þess að láta hann fá fje, og ef sú heimild verður ekki notuð, þá stendur bankinn miklu

ver að vígi á eftir að taka við þeim viðskiftum, sem hann á að taka við, ef Íslandsbanki á að draga inn seðlana; það ætti þó hver maður að sjá. Það verður ekki hægt að gera hvorttveggja, láta Landsbankann ekki fá það fje, sem honum hefir verið lofað, en heimta svo af hinum bankanum, að hann dragi inn seðlana, því að hvernig fer þá fyrir atvinnuvegum landsins?

Hv. þm. Dal. mintist á þann óróa, sem verið hefir um bankann, en það hefir ekki verið síðan menn úr stjórn Framsóknarflokksins komust í stjórn bankans, og álít jeg, að bankinn hafi haft ákaflega gott af þeirri ró. En jeg held nú reyndar, að það sje ekki hægt að segja það, að það hafi bólað á neinum óróa hjer um bankann í dag, en hitt er alveg rjett, sem hv. þm. Dal. sagði, að þingið hefði oft með því að tala um bankann skapað þann óróa um hann, sem gert hefði miklu meiri skaða heldur en þær ívilnanir, sem hann hefir fengið, hafa gert honum gagn. En annars er það undarlegt að vera að blanda saman h/f Íslandsbanka við það, sem hjer er verið að gera í dag, því að það er sannarlega ekki verið að gera þetta fyrir Íslandsbanka sem hlutafjelag, heldur af því, að það er álitið best fyrir landsmenn sjálfa. Það er ekki verið að hjálpa hlutafjelaginu til að lifa, heldur landsmönnum, en það er þessi mjög einkennilegi misskilningur, sem svo oft hefir bólað á hjer á þingi, að alt, sem gert er fyrir bankann, sje gert til þess að halda hlutafjelaginu sjálfu uppi, en það er alt gert vegna landsmanna sjálfra.

Jeg vona, að hæstv. forsrh. svari fyrirspurn minni um það, hvort frv. þetta sje ekki borið fram í fullu samræmi við vilja stjórnar Landsbankans.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þær athugasemdir, sem hv. 1. þm. Skagf. kom með í upphafi ræðu sinnar um afstöðu Íslandsbanka og Landsbankans, hefi jeg ekkert við að athuga. Jeg álít, að það sje rjett, er hv. þm. sagði, og út frá því, að hjer er ekki um annað að ræða en að framlengja það ástand, sem verið hefir í 3—4 ár, þá tel jeg óþarft að fara að ræða það sjerstaklega; en að því er snertir álit hv. þm. á Landsbankanum, þá er það að segja, að mjer er kunnugt um það, og tel jeg, að þær athugasemdir, sem hv. þm. ljet falla, hafi verið í samræmi við það.

Hv. þm. fanst, að ekki þyrfti margt að athuga í sambandi við aðstöðu ríkisins til Íslandsbanka um það, sem fram undan væri. Jeg er ekki samþykkur hv. 1. þm. Skagf. um þetta, þegar svo er komið, að það fje, sem Íslandsbanki starfar með, er að mestu frá Íslendingum sjálfum. Það er þegar búið að skipa seðlaútgáfunni, sem nokkuð er í höndum Íslandsbanka, og þegar það er framundan, að sjerleyfistími Íslandsbanka er útrunninn, þá álít jeg einmitt sjerstaka ástæðu til að taka þetta mál í heild sinni til athugunar, og það er líka svo stór liður í bankamálum þjóðarinnar, að það er bein skylda landsstjórnarinnar að gera það. Það mál liggur að vísu ekki hjer fyrir, en jeg er að þessu leyti mjög ósamþykkur hv. 1. þm. Skagf.

Haraldur Guðmundsson: Tveir þing-

menn, hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal., tóku svo til orða, að bankinn hefði oft tapað meiru á því að snúa sjer til þingsins heldur en sem numið hefði þeim ívilnunum, sem þingið hefði veitt honum. Jeg verð að segja það, að mig undrar þá stórlega, að bankinn skuli þá vera að leita til þingsins ennþá einu sinni, þegar ekkert liggur fyrir, er sanni, að honum sje brýn þörf á því. En annars held jeg, að þær ástæður, sem þessir tveir hv. þm. hafa flutt fram fyrir fullyrðingum sínum um, að þessar málaleitanir hafi skapað svo mikinn óróa um bankann, að það hafi orðið til að hnekkja vexti hans og viðgangi, sjeu ekki á rökum reistar. En hvað sem um það er, þá verð jeg að segja, að mjer finst alveg ótilhlýðilegt að leita til þingsins um ívilnanir og fríðindi án þess að tvent liggi fyrir, í fyrsta lagi nauðsyn bankans til að fá þessi fríðindi, og í öðru lagi fullnægjandi upplýsingar um hag bankans, að minsta kosti að svo miklu leyti, sem snertir afstöðu hans til ríkissjóðs. Jeg hefi ekki heyrt með einu orði á það minst, hvort þetta sje nauðsynlegt fyrir bankann. Jeg veit, að síðastliðið ár hefir verið talið hagstætt fyrir bankana og landsmenn. Fyrir hinu, að það vanti upplýsingar um hag bankans og afstöðu til ríkissjóðs, hefir hæstv. forsrh. borið fram þá afsökun, að ekki hafi unnist tími til að afla upplýsinga. En þetta vopn slær hv. þm. Dal. alveg úr hendi ráðh., með því að segja, að ekki sje annað en að fá tölurnar hjá bankaeftirlitsmanninum, og jeg álít, að það hefði ekki þurft að taka mikinn tíma fyrir hæstv. stjórn að fá að vita um þetta, og það hefði heldur ekki þurft að taka mikinn tíma fyrir hæstv. stjórn að athuga tryggingarnar fyrir enska láninu.

Og svo er eitt enn. Það er, hvort ætla má, eins og hv. 1. þm. S.-M. drap á, að bankinn geti uppfylt þau skilyrði, sem honum eru sett um það, hvenær lokið skuli vera inndrætti seðlanna. Upplýsingar um þetta þrent álít jeg, að hefðu átt að fylgja frv., þegar það var lagt fram, og vil jeg enn vona, að þessar upplýsingar verði látnar fylgja því, þegar það kemur hjer til 2. umr.

Jeg skal ekki vera svo kröfuharður að heimta af stjórninni nú, að hún gefi fullar upplýsingar um það, hvað hún hygst fyrir um framtíðarfyrirkomulag bankans, en jeg vil mega vænta þess, að stjórnin hafi það mál í huga. Jeg get sagt það alveg hispurslaust, að það er ólag á okkar bankamálum, þar sem ríkið á og rekur annan bankann og auk þess heldur uppi öðrum banka, Íslandsbanka, og sjer honum fyrir starfsfje, án þess að þinginu sje það ljóst, hvernig ástand þess banka er.

Hv. þm. Dal. sagði, að það væri nýbúið að rannsaka hag bankans og að það hefði sýnt sig, að hann ætti enn eftir helming hlutafjárins. Þetta er víst rjett; skýrsla hefir verið gefin um það, en benda má þinginu á það, að hlutabrjef bankans voru um líkt leyti í kauphöllinni dönsku skráð milli 16—20 krónur danskar, en hafa víst eitthvað hækkað síðan. (SE: Þau eru nú skráð milli 28—30 kr.). Það má vel vera; mikið vantar þó á hálft nafnverð, en jeg get trúað því, að danskir fjármálamenn sjeu fult eins vel kunnugir hag Íslandsbanka eins og

innlendir menn, jafnvel kunnugri en flestir hv. þm.

Þá sagði hv. þm., að viðskiftamenn bankans yfirleitt hefðu verið ánægðir með að breyta reikningslánum sínum í víxillán. Jeg legg, satt að segja, ekki mikinn trúnað á þetta, því að jeg veit, að menn vilja heldur hafa reikningslán heldur en víxla, sem falla á ákveðnum tíma og bankinn þá hefir rjett til að krefjast greiðslu á, en slíkt er ekki hægt að gera með reikningslán. Jeg verð þess vegna að draga í efa, að þetta sje rjett hjá hv. þm., þó að jeg skilji það, að viðskiftamenn bankans hafi heldur viljað fá víxla heldur en að gengið væri eftir allri skuldarupphæð þeirra í einu.

Þá hafa þeir hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. látið þau orð falla, að hv. þm. ættu að vera þess minnugir, að bankinn væri til fyrir þjóðina, en jeg vil þá segja, að bankinn ætti fyrst og fremst að vera þess minnugur sjálfur, að hann er til fyrir þjóðina og að það fer eftir því, hve vel hann minnist þess, hve vel þm. og þjóðin bregst við málaleitunum hans. Jeg vil segja það, þótt mjer þyki það ilt, að að minsta kosti í því hjeraði, þar sem jeg þekki best til, en það er á Ísafirði, hefir útibú þessa banka ekki verið nein heillaþúfa fyrir bæjarmenn, og þykist jeg þar taka mjög vægilega til orða.

Þá þótti hv. þm. Dal. það skjóta skökku við, að óskað skyldi vera eftir upplýsingum um hag Íslandsbanka, þar sem ekki liggur fyrir skýrsla um hag Landsbankans. Jeg álít það miður farið, að ekki hefir verið lögð fyrir þingið skýrsla um hag Landsbankans, og veit jeg ekki til hlítar, hvað því veldur. En hæstv. fjmrh. hefir skýrt svo frá, að hann hafi enga skýrslu fengið frá matsnefndinni, heldur aðeins eina tölu, niðurstöðuna, en hana hefir hann ekki viljað birta, fyr en hann fengi þá skýrslu, er talan byggist á. En hvað sem þessu líður, þá er afstaða ríkisins til Íslandsbanka öll önnur heldur en Landsbankans. Ríkið á Landsbankann og getur því ekki skotist undan skyldum sínum við hann. Honum verður það að sjá farborða, hvernig sem hag hans kann að vera komið. En Íslandsbanki er einkabanki, og þó að ríkið hjálpi honum, þá ber því engin skylda til þess, hvorki siðferðisleg nje lagaleg. Af þessum ástæðum er það sjálfsagt, að skýrsla liggi fyrir um hag bankans áður en nú, svona rjett í þinglokin, er hlaupið að því að veita honum þessa ívilnun í þriðja sinn. Loks má geta þess, að bankinn hefir síðustu árin haft útlánsvexti ½% hærri en Landsbankinn. Mun þó fje það, er hann hefir notað, vera fengið með svipuðum kjörum og Landsbankinn fær sitt fje, svo ilt er að afsaka þetta. Að minsta kosti þarf að ganga úr skugga um það, hvort ástæður eru fyrir hendi, sem rjettlæta þessa háu vexti.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. Hann sagði, að því er mjer skildist, að óþarfi væri að vísa þessu máli til nefndar, en þar vona jeg, að jeg hafi misskilið hann, því jeg verð að segja, að það þætti mjer í mesta máta óþinglegt. Og hvað sem segja má um þörf bankans á því að fá þessa ívilnun, þá er hjer um mjög verulegt atriði að ræða, sem sjálfsagt er, að nefnd fái til athugunar. Jeg legg því til, að máli þessu verði vísað

til fjhn. og að hún afli sjer frekari upplýsinga. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það þurfi á neinn hátt að hindra framgang þessa máls; afbrigði frá þingsköpum eru svo tíð, að telja má víst, að þau fáist og í þessu tilfelli. En mjer finst það alveg ósæmilegt, ef þessu máli verður flaustrað af án þess að það fari til nefndar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. þm. Ísaf. hefir ekki misskilið mig. Jeg er á móti því, að þetta mál fari í nefnd, því að bæði er það, að í því er ekkert nýtt, og svo hefir hv. fjhn. engan tíma til að sinna þessu máli og mundi því ekkert hafast upp úr því, þó því væri vísað til hennar. En um annað misskildi hv. þm. mig, er hann taldi, að jeg hefði sagt, að stjórnin hefði ekki rannsakað trygginguna fyrir Íslandsbankaláninu. Á þetta mintist jeg ekkert sjerstaklega, heldur vjek jeg aðeins að því, hvernig aðstaðan mundi framvegis verða gagnvart þessari stofnun. Og það var til þess að fá tíma til að athuga þetta, að farið var fram á þessa framlengingu. En það er því aðeins hægt, að gott næði fáist til þess. Út frá þessu sjeð er nauðsynlegt, að þetta nái fram að ganga, og stafar það alls ekkert af umhyggju fyrir bankanum sjálfum, heldur er það vegna atvinnuveganna og landsins í heild sinni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil hjer með nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. forsrh., hvernig standi á því, að bankalögunum er ekki framfylgt eins og ætlast er til, því eftir þeim á að leggja fyrir fjhn. Alþingis skýrslu um hag bankans, en sú skýrsla hefir aldrei komið fram, og ekki neitt í þá átt, og hafa þó verið gerðar miklar breytingar á bankalögunum, svo að æskilegt hefði verið fyrir nefndina að hafa við hendina slíkt yfirlit yfir starfsemi bankans. Það er alveg í samræmi við þetta, þegar Alþingi er beðið að láta Íslandsbanka halda rjetti sínum áfram til seðlaútgáfu, án þess að nokkur rök sjeu fyrir því færð, að bankinn þurfi þessa með. Jeg hefi að minsta kosti ekki heyrt nein rök borin fram fyrir því, að bankinn þurfi þessa með eða að það sje æskilegt. Það einasta, sem borið hefir verið fram þessu til stuðnings, er það, að þessi framlenging sje gerð til þess að fá tækifæri til þess að athuga framtíðarskipulag bankans. Eins og nægilegt tækifæri hafi ekki verið til þess undanfarið. Skemtilegt var að heyra, er hv. þm. Dal. var að tala um það eins og einhverja goðgá, ef minst væri á Íslandsbanka hjer í þinginu. Maður hlýtur að undrast þetta, eftir að hafa heyrt hann tala í Landsbankamálinu og hlustað á hann tala um það, að „bankar þjóðarinnar" ættu að geta blómgast. Hefir hann þá talað um Íslandsbanka í sama dúr og Landsbankans og ekki virst muna eftir húsbændum sínum, dönsku fjesýslumönnunum. Annars verð jeg að segja það, að mjer finst ekki nein ástæða til þess að halda áfram því ástandi, sem nú er, þegar gætt er að mun þeim, sem er á Íslandsbanka og Landsbankanum. Aðalbankann, Landsbankann, á ríkið og ber ábyrgð á honum. Er eðlilegt, að hann hafi alla seðlaútgáfuna, enda

er það viðurkent með lögum þeim, sem nú er altaf verið að veita undanþágu frá. En með Íslandsbanka er málið svo vaxið, að hann er að miklu leyti eign erlendra manna, en ríkið íslenska hefir þó lagt honum til mest alt rekstrarfje hans, að undanskildu danska póstláninu, sem þó er komið fyrir milligöngu ríkisins, en allan arðinn fá danskir hluthafar. Þetta er alveg óþolandi ástand, og keyrir úr hófi, að haldið sje sem lengst í seðlaútgáfurjett slíks erlends banka. Fæ jeg ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess að framlengja þennan víxil Íslandsbanka með þjóðinni sem ábyrgðarmanni, án þess að greiddar verði samningsbundnar afborganir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. Reykv. spurði um það, hvers vegna lögunum um Landsbankann hefði ekki verið framfylgt að því leyti, að skýrsla um hag hans væri lögð fyrir fjhn. Hv. þm. veit nú, að þessari spurningu ber ekki að beina til mín, heldur til hæstv. fjmrh., en hann er nú upptekinn við umr. í Ed. Jeg vil ekki taka fram fyrir hendur hans með því að svara þessu, enda get jeg það ekki svo fullnægjandi geti heitið. En jeg býst við, að þetta stafi af því, að lögin eru svo nýlega orðin til og enn ekki að öllu leyti komin til framkvæmda. Auk þess var ný löggjöf um þetta efni á leiðinni, og býst jeg við, að það hafi og nokkru valdið um þetta. Annars skal jeg koma þessari fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem þá ugglaust mun svara henni.

Hv. þm. sagði síðar í ræðu sinni, að hann liti svo á, sem búið væri að ákveða framtíðarskipulag bankamálanna hjer. Það álít jeg ekki og geri ráð fyrir að leggja fyrir næsta þing mikilvægt frv. í þessum efnum. En þetta alt þarf mikillar rannsóknar við, og því mælist jeg til þess, að engar þær ráðstafanir sjeu gerðar, er hindri það, að sú rannsókn geti farið fram í ró og næði.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. sagðist ekki hafa talað um þetta mál við Landsbankastjórnina, og þykir mjer það ver farið, því það hefði ekki verið lítill stuðningur að því fyrir þingið, ef samkomulag væri milli bankanna um þetta mál. Álít jeg því hyggilegt, ef hægt væri að fá að vita um afstöðu Landsbankastjórnarinnar fyrir næstu umr., en annars geri jeg ráð fyrir, að hún sje þessu meðmælt.

Um aðstöðuna til Íslandsbanka er jeg ósamþykkur hæstv. forsrh., enda tölum við þar um sitthvort atriði. Hann talar um það, hvað við taki 1. jan. 1934, er seðlaútgáfurjettur bankans er útrunninn. En jeg álít, að nær sje að athuga, hvað við tekur nú á næstu árum. Hæstv. forsrh. á heldur alls ekki víst að sitja við völd þá, en líklegt er, að hann sitji næstu ár, og væri honum því nær að hugsa um þau árin. Með lögunum frá 1905 og 1921 er afstaða bankans til hins opinbera ákveðin, þar til leyfið er á enda. En svo, þegar þar að kemur, þarf að athuga, hvort bankinn skuli halda leyfinu áfram og í hvaða formi, ef undið væri að því.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að það mundi heldur ofmælt, að bankinn hefði beðið tjón af því að leita til þingsins, því ekki hefðu verið svo litlar þær ívilnanir, sem hann hefði fengið. Um það

má náttúrlega deila. En jeg vil taka það skýrt fram, að jeg var aldrei meðmæltur ívilnunum til Íslandsbanka vegna umhyggju fyrir hluthöfunum, heldur af því, að jeg áleit þær nauðsynlegar fyrir viðskiftalíf landsins í heild sinni. En annars sjest það fljótt, ef litið er á aðstöðu hluthafanna, að þeir hafa ekki spunnið silki úr þessari bankastarfsemi. Hv. þm. Dal. upplýsti það áðan, að þeir hefðu tapað helmingnum af hlutafjenu og að vextir þeir, er þeir hefðu fengið, væru lítið meira en venjulegir sparisjóðsvextir. Þeim hefði því verið miklu betra að hafa fje sitt í sparisjóði en í þessari stofnun. Annars má vel vera, að hægt sje að kenna hluthöfunum sjálfum um það, að þeir hafa ekki grætt; en hvað sem því líður, ætla jeg ekki að fara að gagnrýna stjórn bankans. En hvað reikningslánin snertir er mjer kunnugt um það, og er þar á sama máli og hv. þm. Dal., að það hefir ætíð verið í fullu samkomulagi við þá, er lánin tóku, ef þeim hefir verið breytt í víxillán. En það er svo með mörg reikningslán, sem ekki eru notuð svo árum skiftir, að þau hafa þá tapað sínum upprunalega tilgangi, og er því alveg rjettmætt að gera þau að föstum lánum og láta þau greiðast smátt og smátt.

Sigurður Eggerz: Það þýðir ekki að vera að taka upp það sama aftur og aftur í þessu máli. En samt er það nú svo vaxið, að freistandi væri að tala um ýms atriði þess. Jeg skal þó ekki gera það að sinni, en láta mjer nægja að grípa á aðalatriðunum.

Að því er snertir það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, nægir að vísa til þess, sem jeg sagði áður. Bankinn hefir nýlega verið rannsakaður af bankaeftirlitsmanninum, og voru þá vitanlega um leið rannsökuð viðskifti hans við Landsbankann. Og það get jeg sagt hv. þm. Ísaf., að þó hann hringdi nú á stundinni til Landsbankans og spyrðist fyrir um viðskifti Íslandsbanka við hann, þá er jeg sannfærður um, að hann fengi þau svör, að þau væru öll í besta lagi og tryggingar góðar. Hann þyrfti ekki annað en tala við bankaeftirlitsmanninn til þess að fá vissu um þetta. Jeg verð því að halda fast við það, sem jeg hefi áður sagt í þessu máli, að ekki er ástæða til þess að heimta rannsókn á ný, því hún er þegar fyrir hendi.

Hvað reikningslánunum viðvíkur er það að segja, að bankinn hefir á engan hátt gert viðskiftamönnum sínum óþægindi, þó þessu hafi verið breytt í víxillán, og vísa jeg til þess, er jeg hefi áður sagt um það. Það eru aðallega þau reikningslán, sem ekki eru notuð samkv. eðli sínu, sem breytt hefir verið. Það eru hin dauðu reikningslán, eða sá hluti þeirra, er ekki er notaður, sem breytt hefir verið í víxla.

Út af því, sem sagt hefir verið um arð hluthafa, skal jeg geta þess, að árið 1922 var hann 5%, 1923 5%, 1924 5%, 1925 4% og 1926 var hann enginn. Af þessu sjest, að hjer er ekki um háa vexti að ræða, og mættu því allir verða fegnir, ef hægt væri að fá starfsfje með ekki hærri vöxtum. Sannlega eru það ekki hluthafar Íslandsbanka, sem þurfa að gleðjast yfir gróðanum, sem þeir hafa fengið. Óánægjan í þessu máli hefir verið blás-

in upp gegn erlendu hluthöfunum, en ekki má gleyma því, að töluvert af fjenu er í íslenskum höndum.

Það fer svo fjarri því, að Danir hafi nokkur áhrif á stjórn bankans, því hún er öll í íslenskum höndum. Og hvað það atriði snertir, er hv. sessunautur minn (HjV) drap á, að jeg væri skipaður af erlendum hluthöfum, þá er það ekki rjett. Jeg er stjórnskipaður, og stundum man hv. sessunautur minn eftir því. Að vísu geri jeg ráð fyrir, að hann hafi sagt þetta í glettni, en málið er svo alvarlegt, að það liggur í eðli sínu allmikið fyrir ofan glettnina.

Þegar jeg lít á þær aths., sem hjer hafa komið fram um þetta mál, þá er það, sem mjer leiðist mest, hve ýmsar þeirra bera vott um mikið skilningsleysi á málinu, of mikið skilningsleysi til þess að vera bornar fram á löggjafarþingi þjóðarinnar. Jeg er sannfærður um, að nauðsyn ber til, að skilningur vakni sem mest á bankamálum þjóðarinnar, þessum málum, sem enn eru svo ung hjer á landi. Við höfum ekki eins mikla reynslu í þessum efnum og aðrar þjóðir. Af reynslunni ættu þær að hafa meiri skilning. Því meiri þörf er okkur á að vera jafnan vakandi og á verði um þessi mál, að ekki verði stigin víxlspor.

Viðskifti Íslandsbanka eru svo stór og mikil og hafa svo djúpa þýðingu fyrir alt líf þjóðarinnar, að það má ekki horfa framhjá því. Og þeir menn, er sýna bankanum tilræði í orði eða verki, særa þjóðina sjálfa dýpra sári en þeir vita af. Hver stjórn hlýtur að finna, er hún fær ábyrgðina á sínar herðar, að banka- og peningamálin eru þýðingarmestu mál þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv.

Till. um að vísa því til fjhn. feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, GunnS, HJ, HG, HjV, SÁÓ, SvÓ.

nei: BÁ, HStef, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

EJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JS) fjarstaddur.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:4 atkv.

Haraldur Guðmundsson: Jeg verð að láta undrun mína í ljós yfir því, að hæstv. stj. skuli ekki hafa treyst sjer til að láta í tje þær upplýsingar, sem jeg og hv. 1. þm. N.-M. höfum óskað eftir í þessu máli.

Það getur naumast orðið ámælislaust að flaustra þessu máli áfram með afbrigðum, nefndarlaust og án þess að nokkrar upplýsingar sjeu gefnar um hag bankans. Þetta er bæði ósæmilegt og jafnframt algerður óþarfi. Stjórnin ætti ekki að vera í neinum vandræðum með að gefa fullnægjandi upplýsingar um hag bankans, þar sem hjer er í deildinni einn af framkvæmdarstjórum bankans, og auk þess hefir eftirlitsmaður banka og sparisjóða nýlega kynt sjer hag hans. Jeg vil ekki ætla hæstv. stjórn það, að hún telji heppilegt að dylja þingið hins sanna í málinu, en mig furðar ákaflega á

þessu háttalagi hennar og sje mig neyddan til að greiða atkv. gegn frv. eins og það nú liggur fyrir. Hinsvegar er ekki útilokað, ef málið hefði fengið þinglega meðferð og verið nægilega upplýst, að mitt atkv. hefði fallið á annan veg.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, BSv.

nei: HG, HjV, SÁÓ, HStef.

BSt, EJ, HJ, SvÓ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 73. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Halldór Stefánsson: Eftir þeirri einróma atkvgr., sem fram fór um þetta mál við 2. umr., býst jeg ekki við, að það hafi mikla þýðingu að lengja mikið umr. Það eru ekki sömu ástæður til þess að endurnýja þessa undanþágu og verið hefir. Fyr hafa verið nokkrar virkilegar ástæður fyrir henni, fyrst og fremst sú, að ekki væri endanlega búið að ráðstafa seðlaútgáfurjettinum. Auk þess var tilfært ástand viðskiftalífsins — það var orðað svo án þess frekara væri út í það farið —, og enn átti undanþágan að stuðla að því, að bankinn gæti sýnt meiri hlífð við viðskiftavini sína. Nú er ástandið breytt. Seðlaútgáfurjettinum hefir verið ráðstafað. En ef spurt er um ástæður, þá er kvartað yfir því; það er sagt, að það geti skaðað bankann og hafi skaðað hann, ef um það er talað, og það er borið fram, að þetta, að spyrja hóflega um bankann og aðstöðu bankans gagnvart ríkissjóði, sje að vekja óróa um bankann.

Í raun og veru eru það miklu minni ástæður nú en áður að gera þessa undanþágu. Bankinn hefir fyrirfram og að ástæðulausu sýnt viðskiftamönnum sínum harðræði, þótt undanþágunni væri meðal annars ætlað að gera það að verkum, að bankinn gæti sýnt þeim meiri hlífð. Það lítur því út fyrir, að það sje að lækka í verði fyrir bankann að fá þessu framgengt við þingið.

Ástand viðskiftalífsins er betra nú en á undanförnum árum, og hagur bankans líka, og ætti honum því að vera vorkunnarlaust að draga inn áskilinn hluta seðlanna á þessu ári. Þótt nefnd sje miljón, þá er það í raun og veru ekki meira en 375 þús., því að Landsbankanum er skylt að endurkaupa hinn hlutann.

Þótt Íslandsbanki fái að hafa seðla sína í umferð, þá er það ekkert aukið starfsfje í landinu. Landsbankinn myndi gefa út þeim mun meiri seðla, sem Íslandsbanki drægi meira inn. Hitt gæti hugsast, ef synjað væri um undanþáguna, að hluthafar bankans yrðu þá að leggja fram meira hlutafje, sem því svarar, er bankinn hefir tapað, og að þannig fengist aukið starfsfje. Það hefir verið upplýst við umr., að hluthöfunum hefir verið greiddur arður af hlutafjenu öllu, eins því, er telst tapað, svo að ekki er nema rjettmætt að krefjast þess, að þeir haldi því við.

Eins og vikið hefir verið að áður,

er það til þess að gera ógreiðari síðustu og endanlega lausn þessa máls, því lengur sem það dregst, að bankinn fari að innleysa það, sem hann á eftir af seðlum sínum í umferð. Það mætti ef til vill geta þess til, að hjer lægi sá fiskur undir steini, að bankinn vildi hafa landsmenn sem mest bundna í viðskiftum við sig og geta haft víxilkröfur sínar hátt reiddar yfir höfði landsmanna, þegar að því kemur, að út rennur sjerleyfistími hans, svo að hann ætti þá betri aðstöðuna gagnvart þjóð og þingi.

En sem sagt sje jeg ekki ástæðu til langra umræðna. Það mun hafa verið ákveðið með atkvgr. við 2. umr., hvernig færi um þetta mál. En jeg get ekki frekar nú en áður greitt atkvæði með því. Jeg hefi frá upphafi verið á móti því.

Sigurður Eggerz: Jeg stend upp eingöngu til þess að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál. Ekkert nýtt hefir komið fram, svo að jeg get látið það nægja og sje ekki ástæðu til þess að orðlengja það meira, en vil aðeins mæla með því enn á ný, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 790).

68. Hvalveiðar.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um hvalveiðar (þmfrv., A. 80).

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. hefir tvisvar áður komið fyrir þessa hv. deild og jafnan átt hjer miklu fylgi að fagna. Hinsvegar hefir hv. Ed. orðið þröskuldur á vegi þess, en þó ekki meiri en svo hið síðara skiftið, að það fjell þar með jöfnum atkv., að fjarstöddum tveim fylgismönnum málsins.

Jeg vænti því, að frv. verði nú, ekki síður en áður, vel tekið og skal ekki hafa þennan formála lengri, en vil aðeins leggja til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 41., 48. og 49. fundi í Nd., 7., 15. og 16. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 80, n. 231 og 279).

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort halda á fundi áfram, þegar vantar 10—12 þm. Það getur vel farið svo, að niðurstaðan velti á því. Jeg vil því kurteislega mælast til þess, að fundi verði slitið.

Forseti (BSv): Að vísu er hjer fátt manna, en lögmætur fundur samt. Og með því að afgreiðsla mála gengur

seint, en þörf á að flýta henni, þá munum við halda áfram.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Hv. flm. þessa frv. á þskj. 80, um hvalveiðar, gerði ráð fyrir því við 1. umr., að það mundi mæta vinsældum og ganga greiðlega í gegnum þingið. Hugði jeg hann mundi sannspár verða, en svo hefir þó farið, að sjútvn. hefir klofnað um málið, og liggja nú fyrir álit tveggja nefndarhluta, sem ber talsvert á milli. Meiri hl. álítur rjett að leyfa hvalveiðar eins og gert er ráð fyrir í frv., með þeim áskilnaði, sem þar greinir, og telur það eigi aðeins forsvaranlega, heldur og nauðsynlega ráðstöfun.

Minni hl. vill láta fella frv. og færir til þess tvær ástæður. Í fyrsta lagi, að hvalveiðar hjer við land muni verða útlendingum einum að liði og reknar af leppum, útlendingum einum til hagsmuna, en ekki innlendum mönnum. Í öðru lagi telur minni hl. það geta komið til mála og enda vera líklegt, að hvalir verði friðaðir með alþjóðasamþykt og gegn því hlýði ekki að vinna. Á þetta hefir meiri hl. ekki getað fallist.

Eins og kunnugt er, eru hvalveiðar með flotstöðvum mjög stundaðar í suðurhöfum á síðari árum, aðallega af Bretum og Norðmönnum, jafnvel að nokkru af Þjóðverjum. Norðmenn standa samt víðast fyrir veiðunum og vinna að þeim, þótt aðrir leggi til fjármagnið, enda eru Norðmenn allra manna vanastir veiðunum og best til þeirra fallnir.

Við meirihlutamenn lítum svo á, að vel geti farið á því, að vjer Íslendingar stunduðum þessar veiðar í fjelagi við Norðmenn, eins og Bretar gera, enda er hjer fátt manna, sem verulega æfingu hefir við þær veiðar. Og við erum þess fullvissir, að til þess að reka hvalveiðar frá landi þarf ekki stærri höfuðstól en innlendum mönnum er fært að leggja fram og fúslega yrði lagður fram.

Jeg býst við, að nýtískustöð með 2 skotbátum kosti rösklega eina miljón króna, en það mun vera sem næst helmingur á við hlutafje stærsta togarafjelagsins hjer í Reykjavík. Augljóst er því, að hjer er ekki um þau stórfyrirtæki að ræða, að innlendum mönnum sjeu þau um megn og að þau þurfi endilega að lenda í höndum útlendinga. Nú er það kunnugt, að í ráði er að senda flotstöðvar frá Noregi til veiðisvæðanna hjer við land, en þau eru einkum vestanlands og austan. Mun þá öllum skiljast, að hagurinn af hvalvinslubanni hjer á landi lendir hjá útlendingum, en að engu leyti hjá innlendum mönnum.

Til skamms tíma hefir sú trú ríkt hjerlendis, að flotstöðvaveiði væri hjer óviðráðanleg vegna ókyrðar sjávar og storma. En þetta er helber misskilningur. Hvalveiðar þær, sem nú eru stundaðar í suðurhöfum, eru nær eingöngu reknar frá flotstöðvum, og er öll aðstaðan þar erfiðari en hjer norður frá. En flotstöðvar hafa þann verulega ókost, að nýting hvals getur aldrei orðið þar jafngóð sem á landi. Því valda þrengslin á skipunum. Af því leiðir, að hagnaðurinn af veiðunum verður mun minni en ella, því að sökum illrar aðstöðu verður að fleygja miklu af því, sem á landi má hagnýta og breyta í verðmæta vöru.

Það segir sig sjálft, að Íslending-

ar mundu ekki hafa neitt gott af því, þó að flotstöðvaveiðar væru reknar hjer utan landhelgi, og því síður mundi það verða oss til álitsauka. Til þess því, að vjer getum haft gott af þessum veiðum, er eina leiðin, að settar verði upp eða leyfðar hvalveiðastöðvar í landi af innlendum mönnum eða lögmætum hlutafjelögum.

Jeg hefi ekki gert mjer far um að athuga, hvað miklar tekjur hvalveiðarnar gáfu ríkissjóði meðan Norðmenn veiddu hjer, en jeg man, að af einni hvalveiðastöð, sem jeg þekti vel, voru greiddar í útflutningsgjald af lýsi og kjötmjöli 35 þús. kr. á einu ári. Af því má nokkuð marka þann þjóðfjelagslega hagnað, sem þessar veiðar geta veitt, ef hyggilega er með farið.

Sú ástæða, sem minni hl. ber fram móti frv., að friðun hvala muni bráðlega komast á, er harla ósennileg og lítil von til þess, að hún rætist. Það er langt síðan farið var að tala um hana, og mun það hafa verið franskur rit höfundur, er fyrst kom fram með þetta. Friðun hefir verið talin nauðsynleg sökum þess, að hætta væri á því, að hvalnum yrði útrýmt með gegndarlausri veiði. En þrátt fyrir þessar kenningar eykst þó hvalveiðin stöðugt og hefir aldrei verið meiri en síðastl. ár. Og nú eru Þjóðverjar að búa sig undir stórfeldar hvalveiðar í suðurhöfum, en hafa átt lítinn þátt í þeim áður. Og því til sönnunar, að ekki sje útlit fyrir, að hvalirnir sjeu að hverfa, skal jeg geta þess, að í norsku tímariti er þess nýlega getið, að eftirtekjurnar af hvalveiðum í Rosshafinu hafi á 3 mán. í fyrra numið 73 þús. lýsisfata, en í ár á jafnlöngum tíma fengust þar 124 þús. lýsisföt. Það getur verið, að fleiri veiðiskip hafi verið þarna í ár en í fyrra. Þó sýnir þetta, að mikið er um hvali ennþá á þessum slóðum. Eins og hjer mun það aðallega vera ein tegund hvala, sem veiðist í suðurhafinu, sem sje skeljungur. Nokkuð mun þó veiðast af stærri hvölum, svo sem steypireyði og geirreyði, en langalgengastur er þó skeljungurinn.

Það var talið, meðan hvalveiðar voru hjer stundaðar, að 50 lýsisföt fengjust af einum skeljung. Og ef gert er ráð fyrir, að veiðin í Rosshafinu nú síðast hafi eingöngu verið skeljungur, þá ættu að hafa veiðst þar á 3 mánuðum á þessum vetri ca. 2480 hvalir. Sú tala lækkar auðvitað að sama skapi sem veiddir hafa verið fleiri hvalir af stærstu tegundunum, en skýrslan sýnir, að mergð hvala sveimar enn á þessum suðurvegum.

Nú eru hvalir hinar mestu flökkukindur og fara heimskautanna á milli. Eru því miklar líkur til þess, að þeim fjölgi hjer eftir ört í norðurhöfum, er þeir eru svo mjög ásóttir í suðurhöfum, enda er þeim sýnilega farið að fjölga hjer mikið.

Því takmarki að friða kynstofn hvalanna fyrir veiðimönnum verður ekki náð, þótt hjer sje bönnuð hvalvinsla í landi. Rjettur vor nær ekki nema ¾ úr mílu út fyrir landsteinana, og mega allir sjá, hve þýðingarlítil friðun hvala er á þessu litla sviði landhelginnar, þegar veiðar eru reknar umhverfis í hafinu. Það er því bersýnilegt, að með hvalvinslubanni hjer í landi er það eitt fengið, að auðga útlenda hvalveiðamenn, en svifta landsbúa sjálfa öllum hagnaði af þess-

um verðmætu veiðidýrum. Bannið frá 1913 var aldrei á öðru bygt en hjákátlegri hjátrú sjómanna á því, að hvalurinn ræki síldina og fiskinn að landi af hafinu. En það er óvenju barnalegt að ímynda sjer, að hvalurinn, sem fer að minsta kosti 70 sinnum hraðar en fiskurinn eða síld, sje að dunda við að smala fiskikrílum saman og reka til lands. En þessi hjátrú er að sumu leyti eðlileg og byggist á því, að hvalurinn eltir sama æti og síldin og lifir af því.

Vjer meirihlutamenn leggjum til, eins og áður er tekið fram, að frv. verði samþ. með þeirri einni breytingu á 3. gr., að skýrari verði ákvæði hennar. Vjer teljum, að þessi viðauki geri 3. gr. ótvíræðari og að betur sjáist, hvað átt er við með hagnýtingu hvalsins. Annars mætti segja, að veiðin væri hagnýtt að fullu, þótt meira eða minna færi forgörðum af verðminsta úrgangsefni. Gæti líka verið hætta á því, ef úrganginum væri hent í sjóinn, eins og sumstaðar var áður gert, að spjöll yrðu að því á netum og öðrum veiðarfærum fiskimanna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en tek það fram, að jeg legg ekkert sjerstakt kapp á þetta mál. Hinsvegar vil jeg fullyrða, eins og jeg hefi áður tekið fram, að með áframhaldandi hvalafriðun eða hvalvinslubanni fæst enginn annar árangur en að ræna landsmenn rjettmætum hagnaði af hvalveiðum og gefa hann öðrum þjóðum.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Við minni hl. höfum skilað áliti okkar í sjerstöku nál., en með því, að þar er ekki alt sagt, sem jeg vildi taka fram, ætla jeg að bæta nokkrum orðum við. Við lítum talsvert öðrum augum á þetta mál en hv. meiri hl.; en það er svo sem ekki ný saga, þó skoðanir hv. þm. sjeu sundurleitar um þetta mál, því það hefir nú komið fyrir á 3 þingum, en þó ekki ennþá sjeð dagsins ljós sem lög úr þessu hv. húsi. Hver forlög þess verða nú, skal jeg ekki segja. Og þó fáment sje nú hjer í þessari hv. deild, þá ætla jeg mjer nú samt að tala ítarlega um þetta mál.

Jeg hefi nú haft mína skoðun á því, áður en jeg kom á þing, og er hún óbreytt ennþá. En af umræðum fyrri þinga má sjá, að menn hafa haft ýmsar skoðanir á þessu. Og jeg verð að segja það, að þar sem undanförnum þingum hefir þótt ástæða til þess að setja lög, er bönnuðu þessa veiði, þá finst mjer ekki óeðlilegt, þó hv. þm. fyndist nokkuð fljótt að afnema þau að einhverju leyti, með því líka, að þessi lög voru endurnýjuð 1925.

Við minnihlutamenn lítum fyrst og fremst á það, hvort hjer sje um atvinnugrein að ræða, er mögulegt sje fyrir landsmenn að hagnýta sjer, og við erum meiri hl. ósammála um það, að slík fyrirtæki kosti jafnlítið og þeir gera ráð fyrir. Jeg hefi fengið umsögn áreiðanlegs manns, sem stundað hefir hvalveiðar, að stöðvar, sem voru reistar hjer um síðustu aldamót, hafi kostað 1½ milj. kr. Þessar stöðvar höfðu 3—6 veiðibáta, og eftir því, sem hv. 1. þm. S.-M. segir, munu þær hafa komist upp í 9 veiðiskip. Og ef það er rjett, að þessar stöðvar hafi kostað 1½ milj. kr. þá, þá er jeg viss um,

að þær mundu ekki kosta minna en 3 milj. kr. nú, og býst jeg við, að það sje síst of hátt áætlað. Eru nú miklar líkur til þess, að innlendir menn hafi það fjármagn í höndum, að þeir geti komið af stað slíkum fyrirtækjum? Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að þeim, er við sjávarútveg fást, er það um megn að koma hjer upp síldarverksmiðjum, sökum fjeleysis, svo arðvænlegt sem það þó er álitið að vera. Mjer finst því harla ósennilegt, að hægt sje að fá hjer nóg fjármagn hjá einstökum mönnum til þess að koma upp hvalveiðastöðvum. Reynslan hefir líka sýnt, að nauðsynlegt er að hafa mörg skip, svo reksturinn geti borið sig, því með því eru meiri líkur til, að verksmiðjan hafi nægilegt að starfa.

Jeg veit nú ekki, hvað forgöngumenn þessa máls vilja, að stöðvar þessar verði stórar, en því hefir lauslega verið skotið fram, að nægilegt væri, að þær hefðu aðeins 2 veiðiskip. En jeg býst nú við, að ef þetta sjerleyfi yrði veitt, þá yrðu veiðibátarnir fleiri. 500 kr. sjerleyfisgjald af skipi er hlægilega lágt, því ef veiðin gengur vel, getur hún verið mjög arðsöm. Og ef þetta leyfi lenti nú t. d. í höndum útlendinga, þá er þetta beinlínis gjöf, en ekki gjald. Jeg veit ekki til, að krafa um sjerleyfi hafi komið nema úr einni átt ennþá, sem sje frá Vestfjörðum. Og hvað meira kann að liggja á bak við þetta, er ekki upplýst. Þá veit jeg ekki til, að hjer sjeu til þeir menn, að þeir geti lagt fram fje til þessa án þess að fara til erlendra manna um fjárframlögin. Á svo Alþingi að fara að leyfa útlendingum að koma hingað aðeins undir því yfirskini, að innlendir menn eigi alt saman eða að mestu leyti, til þess að græða hjer fje? Og þar sem hjer er ekki að ræða um neina atvinnu fyrir verkalýðinn alment, sem heitið geti, þá hygg jeg, að rjett væri að athuga, hvort ástæða sje til að stuðla að slíkri leppmensku, sem af þessu hlýtur að leiða, ofan á þá, sem nú á sjer stað með síldveiðarnar, sem Alþingi er nú að leitast við að útrýma. Jeg held því fram, að ekki sjeu líkur fyrir því, að þetta veiti mikla atvinnu, því mjer er kunnugt um það, að á Önundarfirði, þegar hvalveiðar voru reknar þar, störfuðu þar um 30 ísl. menn, og voru þar þó 5 bátar. Þar að auki voru norskir menn, sem áttu að hafa sjerþekkingu á hinum ýmsu störfum, og voru þeir allmargir. Hjer mundi það verða svo, að hinir sjerfróðu yrðu erlendir og eitthvað af verkamönnum líka, þangað til innlendir menn hefðu fengið þá reynslu og kunnáttu, sem álitið er, að þurfi til slíkra starfa.

Við skulum athuga, á hvaða tíma þessi atvinnurekstur fer fram. Hann fer fram á tímabilinu frá miðjum maí til miðs september. Þá þykir veðrátta hagstæðust, einmitt á þeim tíma, sem við þurfum á öllum okkar vinnukrafti að halda við landbúnað og sjávarútveg. Á þeim tíma er því minst þörfin á þessari atvinnubót, ef atvinnubót skyldi kalla. Í frv. segir ekki annað en að hjer sje aðeins um að ræða innlenda menn, en jeg þykist nú hafa leitt rök að því, að um innlent fjármagn er ekki að tala. Ef við ættum að leyfa hvaladráp og tryggja það, að ekki komi hver á fætur öðrum og biðji um sjerleyfi, ætti ríkið eitt að hafa slíkt sjerleyfi handa sjálfu sjer

og starfrækja slíkan stórrekstur. Mjer segir svo hugur um, að verði veitt eitt sjerleyfi, muni fleiri koma á eftir. En mjer finst það vera mikið vafamál, hvort hvalveiðar eru arðvænlegur atvinnurekstur. Reynslan hjer um það leyti, sem hvalveiðar hættu, var sú, að ekki þótti borga sig að halda þeim áfram vegna hvalafæðar. Það eru engar sannanir fengnar fyrir því, að hvalnum hafi fjölgað svo í norðurhöfum síðan. Vísindamenn eru ófróðir um, hvernig hann hagar sjer, en hitt eru þeir vissir um, að ekki er lengi verið að eyða honum, því að viðkoman er mjög lítil. Norðmenn, sem flestum þjóðum fremur hafa lagt stund á hvalveiðar, hafa horfið úr norðurhöfum og leitað í suðurhöf. Sú rányrkja, sem þeir hafa rekið í suðurhöfum, hefir gefið mikið af sjer, og talið er, að sá atvinnurekstur sje rekinn fyrir breskt fjármagn. En meðal vísindamanna, sem ekki stendur á sama um, hvort þessum dýrum sje útrýmt eða ekki, er risin upp sterk stefna í þá átt að friða hvalinn. En þar sem er arðs von, komast vísindin ekki að. Breskir vísindamenn hafa gert ítarlegar tilraunir til þess að grafast fyrir göngu hvalsins. Þeir hafa merkt hann og beðið veiðimenn að athuga merkin. En það hefir lítinn árangur borið, og er sagt, að norskir veiðimenn svíkist jafnvel um það. Af tilviljun barst mjer blað í dag, þar sem Norðmaður nokkur bendir á, að nauðsyn beri til þess að friða unghval og þann, sem minsta arðsvon gefi, eins og bláhvalinn, sem talið er, að sje mjög magur, þegar hann hefir haldið sig í heitum sjó. Alt ber að sama brunni: Það má ekki tortíma hvalnum. Við bendum á í okkar nál., að það sje illa til málanna lagt hjá okkur Íslendingum, ef við förum að taka upp hvaladráp, þegar aðrar þjóðir stefna að friðun. Enda er engin sönnun fengin fyrir því, að til sje gnægð hvala í norðurhöfum. Fiskimenn hafa ekki látið þá skoðun í ljós. Það er kunnugt, að Norðmenn stunda hvalveiðar frá Færeyjum, en við vitum ekki, hversu mikið það er, sem veiðist. Það er óhægt um vik að leita hingað, því að það er mjög dýrt að draga hvalina svo langa leið eins og norðan úr Grænlandshafi, ef þeir leituðu þangað. Þess vegna vantar þá stöð á Vestfjörðum.

Það er alveg rjett, að Norðmenn stunda hvalveiðar mest með flotstöðvum, sem ekki liggja úti á reginhafi, heldur inni á fjörðum og flóum. Þetta gengur misjafnlega vel. Í þessu blaði, sem jeg nefndi áðan, sje jeg, að tvær hafa farist með fullan feng við ís í suðurhöfum. Jeg hugsa, að slíkar flotstöðvar mundu einhverntíma komast í kynni við ísinn norður í höfum, enda munu Norðmenn ekki hugsa til slíkra stöðva þar. Þess vegna er um að gera að fá sjerleyfi hjá Íslendingum til þess að hafa stöð á landi.

Jeg þykist hafa svarað því, sem jeg þurfti að svara í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann var mjög hógvær, en var að benda á, hvað hefði orsakað það, að hvalafriðunarlögin frá 1913 gengu í gildi, og sagði hann, að það hefði verið hjátrúin ein. Jeg hefi athugað umræðurnar frá þeim tíma, en get ekki sjeð, að hv. frsm. hafi þar allskostar rjett fyrir sjer. Jeg verð að minna hv. frsm. á, að í fyrra færði hann sjálfur

fram röksemd, sem var engin hjátrú. Og hann skrifaði með fyrirvara undir nál. meiri hl. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp kafla úr ræðu hans frá í fyrra. Jeg get ekki betur sjeð en að hv. þm. hafi skift um skoðun frá í fyrra, og má það merkilegt heita, að jafnskýr og reyndur maður skuli á einu ári hafa snúist í svo mikilsverðu máli.

„Jeg gæti að vísu látið mjer lynda það, sem hv. frsm. (SigurjJ) nefndi um sjerstöðu mína í þessu máli. Jeg hefi ekki einu sinni skrifað undir nál. með fyrirvara, heldur aðeins áskilið mjer óbundið atkvæði. En það er ekki vegna þess, að jeg leggi nokkurn trúnað á þá hjátrú, sem hefir bólað á í ýmsum veiðistöðvum landsins, að hvalveiðar verði til þess að spilla fyrir fiskiveiðum og trufli síldargöngur, heldur stafar mín sjerstaða af því, að jeg veit, að þessar veiðar verða því aðeins teknar upp, að útlendir menn komi til sögunnar og leggi fram veiðitæki og kunnáttu. Engir innlendir menn kunna að þessum veiðum, og veiðitæki eru hjer engin til, en þau eru dýrari en svo, að fært sje að leggja fje í þau fyrir skammvinna veiði. Afleiðingarnar af þessari undanþágu frá hvalafriðun mundu því verða þær, að útlendir menn fengju hjer bólfestu og stunduðu veiðarnar. Fyrirtækin yrðu með öðrum orðum rekin með leppum, en á þeim hefi jeg litlar mætur.“

Þetta var skoðun hv. þm. í fyrra. Nú vill hann sjálfur hrekja hana. Lepparnir hafa unnið sjer fylgi. Þó er hjer um sama frv. að ræða, bygt á kröfum hinna sömu manna. Við höfum fengið enn fyllri upplýsingar um leppmenskuna í landinu í sambandi við síldveiðarnar, og því að fara aftan að siðunum að fylla þann mæli. Það vill svo til, að við getum leitað í öðrum flokki, Íhaldsflokknum. Hjá hv. 3. landsk. kom sú skoðun fram, að þetta fyrirtæki yrði ekki rekið nema með erlendu fjármagni. Jeg vil ekki þreyta þá fáu hv. þm., sem hjer eru með því að lesa upp orð hans. En jeg legg mjög mikið upp úr orðum þessara reyndu manna. Fari svo, að hv. dm. þóknist að láta þetta frv. ganga með „pomp og prakt“ út úr deildinni, þá verð jeg að segja, að ekki er lengi að skipast veður í lofti.

Ásgeir Ásgeirsson: Háttv. 4. þm. Reykv. þarf ekki að kalla það veðrabrigði, þó að þetta frv. verði samþykt. Hingað til hefir það farið úr Nd. með miklum mun atkvæða. Jeg hygg, að hv. deild skifti ekki svo um svip, þó að hv. 4. þm. Reykv. komi hingað, að ástæða sje til að ætla, að á annan veg fari nú. Hv. þm. þarf ekki að tala um skoðanaskifti hv. 1. þm. S.-M. Hann hefir ekki haft skoðanaskifti, enda er það vitanlegt, að enginn er jafnþektur að ákveðinni hvalveiðapólitík og hann. Hv. 4. þm. Reykv. ferst ekki að vera að tala um skoðanaskifti hjá öðrum frá ári til árs, þegar hann hefir sjálfur skoðanaskifti í sömu ræðunni. Ef hv. þm. ætlar að styðjast við rök, dugir ekki að heimta þau sitt úr hverri áttinni og láta þau stangast eins og mannýga hrúta. Það var engin heil brú í ræðu hv. þm., því að hún hrakti sig sjálf.

Fyrst er mikil áhersla lögð á það, hve veiðistöðvarnar sjeu dýrar; þær kosti ekki minna en 3 miljónir. Gert var ráð fyrir, að veiðibátarnir sjeu

tvisvar eða þrisvar sinnum fleirí en hjer er til ætlast, og ekkert tillit tekið til þess, að hægt er að nokkru leyti að sameina þennan atvinnurekstur öðrum rekstri. Síldveiðaverksmiðjur má nota með litlum tilkostnaði. Það eina, sem dýrt er að reka, er lýsisbræðslan. Sjerfræðingar mundu segja til um hana, og mjer er sagt, að kostnaðurinn þyrfti ekki að verða ókleifur.

Það, að hv. þm. nefnir svo háar tölur, er ekki bygt á reynslu nje þekkingu, heldur aðeins til að geta brugðið þessum leppmenskuskildi fyrir sig. Jeg veit ekki, hvað annars liggur á bak við ummæli hv. þm. Kannske hann vilji ríkisrekstur. Fyrst talar hv. þm. um stórgróða útlendinga af þessu fyrirtæki, en rjett á eftir segir hann, að það muni tæplega borga sig? Hví vill hv. þm. þá ríkisrekstur? Jeg hygg, að hvalveiðar sjeu síðasta fyrirtækið, sem koma ætti ríkisrekstri á.

Í frv. stendur skýrum stöfum, að íslenskir ríkisborgarar einir fái þennan rjett. Fjelagið mundi lúta íslenskum lögum. Jeg kann illa við það, að lög, sem Alþingi setur, sjeu skýrð á alt annan veg en í þeim stendur. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. vantreystir svo núverandi stjórn, að ætla, að hún haldi ekki ákvæði þessa frv., ef að lögum verður. Jeg geri það ekki. Íslensk lög leyfa nokkurt erlent fjármagn í hlutafjelögum, eins og kunnugt er, og þó að um ríkisrekstur væri að ræða, yrði ekki hjá því komist að nota með einhverjum hætti erlent fjármagn, og að mestu leyti erlenda sjerþekkingu.

Þjóðirnar leggja ekki út á nýjar brautir í iðnaði og ýmsum verklegum framkvæmdum án þess að styðjast við reynslu og þekkingu útlendinga. Hinir vitrustu þjóðhöfðingjar hafa kallað til sín erlenda menn í þjónustu sína. Jeg get til dæmis nefnt Kristján 4. Danakonung, en annars finnast dæmi þessa um alla Evrópu. Um íslenska stjórnendur vil jeg segja það, að þeir eru því vitrastir, að þeir heimti hingað erlenda þekkingu, þegar um nýung og nauðsyn er að ræða. Það er svo um þessa atvinnugrein eins og margar aðrar, að við þurfum á erlendri sjerþekkingu að halda. Í því efni á hv. þm. ekki að slá á þjóðernisstrengina, sem annars eru lítt notaðir af honum og flokksmönnum hans. Hvað veldur því, að nú er slegið á þá strengi hjá jafnaðarmönnum? Hv. þm. talar eins og sá flokkur sje þjóðernisrembingsflokkur og hv. 3. landsk. (JÞ) sje þar helsti maðurinn. Hann talar eins og engin þörf sje á nýjum atvinnurekstri frá vori til hausts. Jeg verð að segja, að það þýtur stundum öðruvísi í skjánum á þessum bæ. Þessar viðbárur eru leppmenska, leppmenska í hugsun og röksemdaleiðslu.

Hv. þm. sagði, að nú væru allir vísindamenn að leggjast á friðunarsveifina í þessu efni. (**SÁÓ:** Breskir). Það er rangt. Bretar hafa enga friðunarstefnu. Yfirleitt hefir engin þjóð þessa friðunarstefnu nema við. Við erum að ala upp hvalinn handa útlendingum. Jeg get, með röksemdaleiðslu hv. 4. þm. Reykv., líka slegið á þjóðernisstrengina og sagt: Hv. 4. þm. Reykv. vill, að útlendingarnir hafi sem mest af hval að drepa. Hvorki Bretar nje Norðmenn aðhyllast neina friðun í þessu efni. Við eigum sjálfir einn ágætan vísindamann, Bjarna Sæmundsson, og hann er eindregið fylgj-

andi frv. — 1913 var tekin upp friðun meðal annars til þess að gera hv. 1. þm. S.-M. pólitíska og fjárhagslega bölvun. Sú friðun var ekki gerð á grundvelli neinna vísinda. Það hefir Bjarni Sæmundsson sagt mjer, að þetta frv. komi á engan hátt í bága við rjett vísindi og sönn á þessu sviði.

Jeg veit vel, að Bretar og Norðmenn hafa verið að merkja hvali. Eitt skip Norðmanna gaf þær upplýsingar, að mest væri um hval norðvestur af Íslandi. Þar væri hann meiri en við Færeyjar. Þar eru þó margar hvalveiðistöðvar með fjölda báta.

Það er ekkert annað en orðagjálfur að vera að tala um rányrkju í þessu sambandi. Auk þess er það heimskulegt, því að „rán" og „yrkja" getur ekki verið samfara hvort öðru. Yrkja er ekki rán, og rán er ekki yrkja. Hv. þm. hefir eflaust átt við takmarkalausa veiði, sem eyðileggur stofninn. Ef svo er, vil jeg benda hv. þm. á, að frv. miðar einmitt að því að varðveita stofninn. Til þess er sjerleyfisleiðin farin, að veiðin verði hæfilega takmörkuð.

Það hefir mjög bagað á Vestfjörðum á síðari árum, að ekki hefir fengist nóg starf fyrir fólkið. Frá því sjónarmiði einu er næg ástæða að samþ. frv. Í öðru lagi fengist inn í landið góður matur; hvalkjöt og rengi hefir jafnan þótt búbót, ekki síst þar, sem það hefir verið selt með góðu verði. Mætti gjarnan setja í frv. einhver skilyrði um verðlag á því.

Hv. þm. var að tala um þá smán að selja önnur eins rjettindi á 500 kr. fyrir veiðiskip; en þessar 500 kr. eru ekki nema lítill hluti af því, sem landið fengi af þessum atvinnurekstri. Landið og hjeruðin fengju sömu tekjur af þessum atvinnurekstri eins og öllum öðrum; þau fengju skatta og tolla af innfluttu og útfluttu, tekjuskatt, útsvar og hvað eina, — þessar 500 kr. á bát eru þar umfram.

Mjer þótti það miður, að þessi hv. þm. skyldi tala á þennan veg um frv., þar sem ekki er farið fram á neitt annað en það, að íslenskum ríkisborgurum sje veittur sá rjettur, sem nú um tíma hefir verið haldið fyrir þeim. Hjer er um íslenska ríkisborgara að ræða, en ekki neina leppa. Að svo miklu leyti sem útlendinga væri þörf, fengju þeir að verða með, eftir þeim reglum, sem íslensk lög heimila. Jeg vil svo vona, að hv. þm. geri sig ekki sekan um meiri leppmensku en orðið er viðvíkjandi þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Mjer þykir of snemt að ganga til atkvæða um þetta mál, þegar bekkir eru svo fáskipaðir sem nú, en reyndar gæti jeg látið mjer lynda svör þau, sem hv. flm. hefir beint gegn andmælendum.

Jeg vil þá til viðbótar því, sem hann sagði út af aths. hjá hv. frsm. minni hl. (SÁÓ) um skoðanaskifti mín frá í fyrra, aðeins upplýsa það, að jeg skrifaði undir nefndarálitið í fyrra um hvalveiðar með fyrirvara, vegna þess, að þá var þetta hvalveiðaleyfi bundið við einn einstakan mann, sem jeg hafði ekki traust á. Í öðru lagi bygðist fyrirvari minn á því, að jeg bjóst ekki við, að í höndum þáverandi stjórnar færi æskilega um slíkt leyfi, þó að jeg tæki það kannske ekki beinlínis fram, þegar jeg gerði grein fyrir fyrirvaranum. Annars get jeg látið

þetta atriði liggja milli hluta og skírskotað um það til svars flm. (ÁÁ).

Hv. frsm. minni hl. vildi álíta, að ef til hvalvinslu kæmi, mundu innlendir menn aðeins vinna lítilmótlegustu störfin og aðeins verða undirtyllur, en yfirleitt mundu útlendingar að þessu starfa. Út af því vil jeg geta þess, að meðan hvalveiðar voru á Austfjörðum, var langsamlega mestur hluti af verkafólkinu innlendir menn og gegndu þar margháttuðum störfum; meira að segja man jeg eftir íslenskum skotmönnum, og var sá starfi mjög eftirsóttur. Yfirleitt voru Íslendingar við hverskonar vinnu, nema verkstjórn og forsagnir. Fáir þeirra voru við smíðar og vjelgæslu, enda reyndi þar mest á æfingu og kunnugleika. Það er þess vegna óneitanlegt, að atvinnu mundu hvalveiðar veita í stórum stíl, eins þótt verkvanir útlendingar og sjerfróðir tækju þátt í starfinu, — atvinnu, sem jeg hygg, að yrði öllu ábyggilegri en síldaratvinnan hefir verið undanfarið.

Út af því, sem háttv. þm. mintist á um hættuna á því, að síldveiði og önnur fiskveiði spiltist við hvalveiðar, ætla jeg aðeins að nefna það, að síldveiði hefir aldrei verið nándar nærri eins mikil hjer við land eins og síðan hvölum fækkaði. Þetta er ein sú ástæða, sem fremur öllum öðrum ætti að hrekja þá gömlu hjátrú, að hvalir reki síldina að landi.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að til þess að nokkuð gæti orðið úr slíkri veiði, yrðu stöðvar að vera stórar og hafa mörg veiðiskip. Nei, það er öðru nær. Það hefir ætíð verið áhugamál þeirra, sem stunda hvalveiðar, að vera sem fjarstir hver öðrum og hafa sem stærst veiðisvæði, enda eru hvalir oftast mjög styggir þar sem umferð er. Jeg veit ekki til þess, að hjer á landi hafi verið nema aðeins ein hvalveiðastöð með marga báta. Þeir komust um tíma upp í 7, aðeins nokkra mánuði; annars voru bátarnir venjulega þrír og fjórir, sumstaðar ekki nema tveir, eins og meiri hl. hefir gert ráð fyrir, að yrði við tilraunastöð hjer.

Um fyrirsjáanlega eyðing hvala, sem minni hl. óttast, skal jeg geta þess til viðbótar því, sem áður var fram tekið, að það er að vísu rjett, að þær tegundir hvala, sem staðbundnar eru, má álíta undirorpnar þessari eyðileggingu, og líklega er ein tegund þessara staðbundnu hvala útdauð, nefnilega *íslenski sljettbakurinn*, sem svo hefir verið nefndur. En hinar allar tegundirnar fara heimskauta milli um öll höf, og þess vegna verður þeim ekki eytt; því löngu áður en síðasti einstaklingurinn hverfur, er hvalurinn orðinn svo torgætur og veiðin svo erfið og kostnaðarsöm, að hún legst niður af sjálfu sjer. Ennþá er svo mikill fjöldi þessara dýra í suðurhöfum, eins og sjest af því, sem jeg nefndi um veiðifeng í vetur, að það er ekkert farið að nálgast, að kynstofninn hverfi.

Hv. frsm. vildi vjefengja, að færeyskir hvalveiðamenn hefðu sótt hingað, og taldi það til, að of langt væri að draga hvalina hjeðan og til Færeyja. Jeg ætla þá að minna á það, að það eru frá suðurströnd landsins tæpar 60 mílur til Færeyja, og á meðan hvalveiðar voru stundaðar hjeðan frá Vestfjörðum, var a. m. k. um tveggja ára skeið aðallega veitt fyrir austan land og hvalirnir dregnir norður fyrir land og til Vestfjarða, sem er um 70 mílna leið. Svo að það kemur ekki til nokk-

urra mála, að þeir, sem hvalveiðar stunda frá Færeyjum, gefist upp, þó að þeir þurfi að sækja hvalina í námunda við Ísland. Annars hefir þetta ekki svo mikla þýðingu, því að það verður miklu frekar að ræða um hvalveiði frá Noregi og Bretlandi. Auðvitað mundi þeim þykja þægilegra að sækja hingað norður í höf heldur en að syðra heimskauti. Það er ekki nema tímaspurning — og um stuttan tíma að ræða — þangað til stöðvarnar verða fluttar að sunnan og hingað norður í höf. Það er ekki svo að skilja, að þeir liggi að jafnaði við land í suðurhöfum; þeir eru oft og tíðum fjarri landi, en fyltja sig eftir göngum, en það er ofur eðlilegt, að þeir leiti sjer lands þegar hægt er.

Jeg hirði þá ekki um að taka fleira fram. Öðru hefir hv. flm. frv. svarað, og það rækilega.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg ætla að svara fáeinum orðum hv. frsm. meiri hl., þó að jeg þurfi raunar litlu að svara. En viðvíkjandi því, sem jeg benti á ræðu hans í fyrra, þá finst mjer vafalaust, að hann hafi álitið, að sjerleyfið væri bundið við einn mann. Hann talar um það, að nú sje önnur stjórn o. s. frv. og telur það hafa breytt afstöðu sinni. Jeg er ekki vel kunnugur því, hvort þetta leyfi er bundið nema við einn mann, en grunur minn er sá, að það sje bundið við sama mann eða menn eins og í fyrra, og enda þótt stjórnin sje alt önnur, þá kemur það alt í sama stað niður; um leyfið er beðið til þess að það verði veitt.

Hv. þm. mintist á þann ótta hjá mönnum, sem hefði ráðið um lagasetningu áður um þetta efni. Það er rjett, að menn óttuðust, að síldin gengi ekki á miðin, ef hvalur ræki ekki á eftir. Slík trú er nú horfin. Það er kunnugt, að hvalirnir lifa fremur á átunni en síldinni, sem átuna eltir. Hv. þm. hefir bent á, að átan muni stundum ganga inn á firði og síldin sömuleiðis, og hvalirnir svo elta þessar torfur. Þessari skoðun hefir hv. þm. haldið fram áður. Jeg man ekki að vitna í dálka þingtíðindanna, sem þetta stendur í, enda legg jeg ekki svo mikið upp úr þessum fróðleik yfirleitt, því að það er vitað, að síldveiði hefir reynst jafnmikil fyrir og eftir að hvalir voru friðaðir.

Þá mintist hv. þm. örlítið á Færeyinga. Jeg get ekki gengið frá þeirri skoðun minni, að það sje mjög örðugt fyrir litla gufubáta að sækja þaðan norður í Grænlandshaf. Jeg veit, að það eru 60 mílur hjeðan frá ákveðnu nesi og til Færeyja, en ef þeir þurfa langt norður fyrir Langanes, getur mílnatalan farið að hækka. Má vera, að þeir geri þetta nú, en það er ekki upplýst mál hjer í umræðunum, hversu mikið þessar Færeyingastöðvar veiða við Ísland eða hvar í kringum landið þeir veiði hvalina, ef þeir þá veiða þá nokkra. Það er mjög hljótt um þær í blöðunum. Mig grunar, að þeir drepi ekki svo ýkja mikið af hvölum við Ísland.

Hv. þm. benti á það — sem jeg býst við, að sje rjett —, að ein tegund af þessum hvölum muni vera nálega gengin til þurðar, og mun það vera hinn svo nefndi hnúfubakur, en hjer við land eru aðallega þrjár tegundir veiddar, langreyður, hnúfubakur og steypireyður. Hnúfubakurinn, sem

veiddur er mikið í suðurhöfum, er álitið að sje töluvert mikið genginn til þurðar.

Þá kem jeg að hv. þm. V.-Ísf. Hann var merkilega heitur, — heitari en jeg á venju til að heyra til hans, svo að mjer finst jafnvel, að jeg hafi snert hans hjartarætur óþægilega með því, sem jeg sagði. En jeg vil ekki segja um hann eins og máltækið hljóðar: „Sök bítur sekan"; því að jeg álít ekki, að hann meini annað en gott með því að bera frv. fram og telji það í raun og veru stefna til framfara.

Mjer skildist hv. þm. bera mjer á brýn skoðanaskifti. Jeg kannast ekki við slíkt, enda hefi jeg altaf verið á móti því, að gefin væru út sjerleyfislög um hvalveiðar. Og það er ekki lengra síðan en á þinginu 1925, að það var nokkurn veginn sammála álit löggjafanna, að framlengja bæri hvalafriðunarlögin. Síðan hefir þessari stefnu skotið upp með hv. þm. (ÁÁ).

Hv. þm. talaði um, að jeg sýndi þjóðernisrembing. Kalla má hann það hverju nafni, sem hann vill. En það skal jeg fúslega kannast við fyrir hv. þm., að þegar er að ræða um slíkt nýmæli, sem löggjafarnir hafa skirst við að taka upp, þá vil jeg, að rjetturinn sje trygður á innlendar hendur. Því að jeg er viss um það, að þó ekki sje farið fram á nema eitt sjerleyfi, þá munu fleiri á eftir fara, ef hvalvinsla þessi reynist arðvænleg. Og þar verður erfitt að standa á móti, ef um gróðavænleg fyrirtæki verður að ræða, og ekki síst ef útlendir menn sækja fast á. Annars hefi jeg yfirleitt þá trú, að þetta verði ekki svo arðvænleg veiði eins og hv. flm. mun álíta, vegna þess að margt bendir til, að færra sje um hvali kringum Ísland heldur en hann hyggur.

Hv. þm. mintist á ríkisrekstur. Jeg sagði þessi orð um það atriði: Ef virkilegur meiri hl. í Alþingi heimilar hvalveiðar hjeðan af Íslandi, þá er það ríkið eitt, sem ætti að hafa þetta sjerleyfi handa sjálfu sjer. Jeg stend við þá skoðun, ef menn á annað borð vilja ekki láta hvalina vera í friði, þá á ríkið eitt að hafa þann rekstur með höndum; með því er sennilega best trygt, að hvölunum verði ekki algerlega útrýmt. Hv. þm. sagði, að ríkisrekstur á þessum atvinnuvegi væri fjarri öllum möguleikum. Fyrir tíu árum mundi enginn hafa látið sjer detta í hug, að ríkið tæki að einhverju leyti síldveiðina í sína hönd. En það skipast svo margt á skömmum tíma. Stöðugt bryddir meira á þeirri stefnu, að ríkið eigi að hafa meiri afskifti af síldveiðunum en það hefir gert hingað til. Þess vegna áleit jeg ekki goðgá að segja, að ríkið mætti taka þátt í hvalveiðum, ef reynslan sýndi, að þær væru arðvænlegar.

Jeg benti á það í minni fyrri ræðu, að helst yrði þessi atvinna arðvænlega rekin með því að hafa mörg veiðiskip, til þess að stöðvarnar hefðu altaf nóg af hval til vinslu. Býst jeg við, að tvö skip yrðu alt of lítið, enda man jeg ekki til, að nokkur stöð hafi haft svo fá skip. (**SvÓ**: Ójú). Sú, sem var í nágrenni við mig, — ein af þeim allra minstu — hafði þrjá báta. Vesturlandsstöðvarnar á Dýrafirði, Önundarfirði og við Ísafjarðardjúp höfðu 3—6 báta.

Það er að vísu rjett viðvíkjandi

þessu sjerleyfi, að það á að vera bundið íslenskum hlutafjelagslögum, — að meiri hluti fjármagnsins sje íslenskur. En það hefir nú komið upp hjer á Alþingi, að það er til nokkurskonar leyfi, sem menn halda, að sje á íslenskum höndum, en hefir verið vjefengt af hæstv. stjórn, að fjármagnið væri íslenskt. Og annað eins gæti skeð, að þó að þetta leyfi væri kallað á íslenskum höndum, að það væri það ekki. Jeg hefi að nokkru bent á, að það þurfi nokkuð mikið fjármagn til þess að reka þennan atvinnuveg með því sniði, að nokkrar líkur væru til arðs. Jeg get að vísu ekki rökstutt það nú þegar, hvað ein stöð mundi kosta með öllum útbúnaði. Það fer eftir bátafjölda og hve miklu henni er ætlað að vinna úr. Hv. þm. benti á, að stöðin gæti verið nokkurskonar síldveiðastöð. Jeg veit ekki, hvernig hann ætlar að samræma síldarvinslu og hvalvinslu. Nú vill svo til, að á þeim tíma, sem hvalir eru veiddir, í júlí og ágúst, þá stendur síldveiðin hæst. Ennfremur hygg jeg, að síldarbræðsla og hvalvinsla sje of ólíkt, að ekki fari vel á að reka hvorttveggja í sömu stöðinni í einu.

Á þessum stað, sem jeg hygg, að hv. þm. eigi við, er síldarbræðslustöð, og býst jeg við, að svo verði meðan mönnum þykir yfirleitt borga sig að veiða hana á þessum slóðum. Jeg býst ekki við, að það yrði ýkjamikill munur á þeim fjölda manna, sem mundi vinna við hvalvinslustöð eða síldarbræðslustöð, ef um annaðhvort væri að ræða. Jeg skal virða þá hugsun hv. flm. að vilja skapa fólki atvinnu, en jeg hygg, að jeg hafi sýnt fram á, að vinna muni lítið sem ekkert aukast við þetta.

Jeg skal ekki fara langt út í að deila við hv. þm.; jeg veit hann er miklu lesnari maður um líf hvala, friðun þeirra o. s. frv. en sumir aðrir. En jeg hefi kynt mjer þetta mál allmikið og jeg veit, að t. d. breskir vísindamenn hafa mikinn áhuga á hvalafriðun. Þeim er það máske eitthvað meira áhugamál vegna þess, að talið er, að í norskum hvalveiðastöðvum í suðurhöfum standi breskt fjármagn, og því í þeirra augum mikil hætta á, að alger útrýming hvalsins geti átt sjer stað, ef ekki er stefnt að friðun. Jeg hefi ekki nein vísindarit fyrir mjer hjer, en rit, sem vitna í vísindarit, að einmitt þessari stefnu um að friða hvalina sje að aukast fylgi í Englandi meðal þeirra manna, sem kynna sjer þessi mál sjerstaklega. En rjett er það, að tilraunir til merkingar hafa ekki getað gefið neina *vissu* um, hvort hvalategundir væru að ganga til þurðar. En jeg vil vitna í okkar fiskifræðing. Hann sagði mjer frá tilraunum breskra vísindamanna um þetta í viðbót við það, sem jeg áður hafði lesið. Hann ljet uppi þá skoðun við mig, að það væri ómögulegt að dæma um það, hvort hvölum hjer kringum land færi fækkandi eða fjölgandi. Hvort hann er með þessu frv. eða ekki, skal jeg ekkert um dæma. En jeg veit, að hann er vantrúaður á margt, sem leikmenn halda fram, t. d. það, að nytjafiskar geti gengið til þurðar með mikilli botnvörpuveiði; þar er hann á gagnstæðri skoðun við fjölda fiskimanna, sem byggja á reynslu sinni í þessum efnum.

Hv. þm. sagði, að ekki væri stefnt að því að eyða hvölunum. Það getur hann ekkert fullyrt um. Ef farið væri að gera mikið að því að drepa hvali

í norðurhöfum, þá býst jeg við, að ekki sje svo mikil mergð af þessum dýrum, að ekki sje mögulegt að eyða þeim.

Að síðustu vil jeg geta þess um þetta sjerleyfi, sem jeg býst við, að útlendingar standi í raun og veru á bak við, að þeir virðast leggja talsvert upp úr þessu, að fá það. Jeg verð þá að endurtaka það, að það er rýr borgun fyrir leyfi eins og þetta, 500 kr. á bát. Já, mikið var, að þeir skuli ekki líka eiga að vera undanþegnir skattalöggjöf þeirri, sem við búum við, og hve mikið þeir greiða á þann hátt, fer vitanlega eftir því, hve mikið veiðist. Annars álít jeg, að þeir eigi að greiða meira af hverju hvalveiðaskipi en farið er fram á í frv.

Jeg ætla að vera kurteis við háttv. flm. og ekki láta reiðina hlaupa með mig í gönur, eins og henti hann, sem honum þó er óvanalegt. Hann kallaði þetta þjóðernisgorgeir hjá mjer, því að þetta væri mikið atriði fyrir verkamenn vestra. En jeg fæ ekki betur sjeð en hjer sje um það eitt að ræða, að veita nokkrum útlendum mönnum möguleika til þess að græða töluvert fje, ef veiði kynni að verða sæmileg, sem jeg satt að segja hefi ekki trú á, því að jeg veit ekki betur en sú sje reynsla Norðmanna, að þeir græði allverulega á þessari atvinnugrein í suðurhöfum. Jeg get því alls ekki fylgt þeirri stefnu að leyfa útlendingum að græða hjer fleiri miljónir króna án þess að íslenska ríkið hafi hinn minsta hagnað af því, annað en það, sem hver skattborgari verður að greiða í tolla. Jeg vil miklu fremur tryggja það, að ríkið fleyti þann rjóma, sem hægt er, af slíkum rekstri, ef upp yrði tekinn. Annars hefi jeg skilið háttv. flm. svo í mörgum öðrum málum, að hann sje ekki allfjarri þeirri stefnu sjálfur, sem hann kallar þjóðernisgorgeir hjá mjer, að vilja tryggja þjóðarbúinu sjálfu þau auðæfi, sem náttúra landsins hefir fólgin í skauti sínu.

Þá sagði hv. flm. að síðustu, að það myndi verða nauðsynlegt að taka nokkra útlendinga til að byrja með, til þess að kenna Íslendingum vinnuna. Þessu er jeg alveg á móti, því að jeg býst ekki við, að þetta myndu verða svo vandasöm störf, að Íslendingar gætu ekki tilsagnarlítið int þau af hendi. Það kynni þá helst að vera, að nauðsynlegt væri að fá hvalaskyttu. En annars er alt annað að fá erlenda menn til þess að kenna hjer störf heldur en að fá þá til þess að vinna verk, sem Íslendingar geta sjálfir unnið.

Þá virtist mjer hv. þm. vera hróðugur yfir því, að mál þetta myndi fara gegnum þessa hv. deild eins og á undanförnum þingum. Þetta má vel vera, en þó eru margir nýir þingmenn í deildinni, svo að vel getur aðstaðan hafa breytst. En fari svo, að það komist hjer í gegn, þá vona jeg samt, að Ed. verði sú sama „bremsa“ á það sem hún hefir verið áður, svo að það komist alls ekki gegnum þingið.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg skal fúslega játa, að mjer sárnaði áðan við hv. 4. þm. Reykv., en það var meðal annars af þeirri ástæðu, að þetta er í þriðja sinn, sem jeg ber þetta sjálfsagða frv.

fram og mæti þessari ósanngjörnu andúð, frv., sem engum gerir tjón og er í alla staði meinlaust. Það má þó vera, að fáeinir hvalir missi lífið, ef það verður samþykt, en fyrir þær sakir sje jeg ekki, að ástæða sje til að amast við því, og allra síst hjá þjóð, sem lifir á kvikfjárrækt og fiskiveiðum. Nei, við getum ekki bygt búskap okkar á því, að ekki megi taka neina skepnu af lífi.

Það hefir því ekki verið nefnt nokkurt dæmi, sem sýni það, að frv. þetta skaði nokkurn mann. Aftur á móti hefir verið sýnt fram á með skýrum rökum, að það geti orðið til hagsbóta fyrir landslýðinn. Það er því harla undarlegt, að sumir hv. þm. skuli geta verið á móti þessu. Hv. frsm. minni hl. talaði um „bremsu", sem sett myndi verða á þetta mál í Ed. Þessi „bremsa" er sameinaðir nokkrir íhaldsmenn og jafnaðarmenn í þeirri deild, og ef þeir halda, að þeir bjargi landinu með því að vera á móti þessu litla og sanngjarna máli, þá eru þeir um það. Jeg öfunda þá ekkert af því bjargráði. Og hafi þeir jafnaðarmennirnir gaman af að ganga með Jóni Þorlákssyni, sem nú er páfi íhaldsins, þá eru þeir á nýjum leiðum. Eftir öðrum götum hugði jeg, að þeir myndu leiða þjóðina.

Þá gerði hv. frsm. minni hl. ráð fyrir, að mörg sjerleyfi myndu koma á eftir þessu. En til þess að fyrirbyggja þann ótta, vil jeg gera honum það tilboð að ganga inn á brtt., þar sem ákveðið væri, að aðeins skuli veitt eitt sjerleyfi í þessu efni, og það bundið við 3—4 veiðiskip. Það er tilætlun okkar flm., að svo verði, þó ekki standi það beint í frv. Þá sagði hann, að annað eins gæti skeð eins og það, að ríkið færi að gera út á hvalveiðar, og nefndi þeirri tilgátu sinni til stuðnings síldarmálin, sem ríkið væri farið að blanda sjer í nú. Út af þessum ummælum hv. þm. vil jeg taka það fram, að á því verður að gera skýran greinarmun, hvort ríkið blandar sjer í þessi mál á þann hátt að annast sölu afurðanna og iðnað, eða það fer sjálft að ausa upp úr auðsuppsprettum sjávarins. Jeg fyrir mitt leyti er hræddur um, að það verði langt í land, þangað til ríkið sjálft fer að reka búskap eða gera út veiðiskip. Á þessu tvennu, að sækja auðinn í skaut náttúrunnar og hinu, að reyna að skapa rjettláta skiftingu á arðinum, er mikill munur. Þá tæpti háttv. frsm. minni hl. á sjerleyfi Shellfjelagsins og sagði, að annað eins gæti skeð eins og það, að fjelag fengi með yfirvarpi töluverð rjettindi. En þar sem hann vitnaði í ávítur núv. stj. í garð fyrv. stj. út af gerðum hennar í því máli, virðist mjer hann ætti að treysta núv. stj. til þess að veita það sjerleyfi, sem hjer ræðir um, þeim einum, sem sannað geta fult lögmæti síns fjelagsskapar. Að nefna Shellfjelagið í þessu sambandi er því til ágóða fyrir þetta mál.

Þá vildi hann halda því fram, að hjer myndi ekki verða um svo vandasama vinnu að ræða, að þörf yrði að fá erlenda verkamenn til þess að inna hana af hendi, en bætti því svo við, að hann byggist samt við, að þeir yrðu fengnir þrátt fyrir það, þó að þeirra væri ekki þörf. Slíkar getsakir sem þetta eru til þess eins að ergja háttv. þingdeild. Þær hafa ekki við hin minstu rök að styðjast og eru með öllu óþarfar. Hv. þm. hlýtur að vita, að til

er löggjöf um rjett erlendra manna til þess að stunda atvinnu hjer á landi, þar sem það er ákveðið, að ekki megi nema með sjerstöku leyfi flytja inn erlenda menn í atvinnuskyni. Þetta hlýtur hv. þm. að vita, og það því fremur, þar sem sumir þeir, sem slíka undanþágu hafa fengið, standa honum ekki allfjarri. Annars vil jeg bjóða háttv. frsm. minni hl. samvinnu í því að flytja brtt. um það, að innflutningur útlendinga til þeirra hluta, sem hjer ræðir um, skuli bundinn við það, sem nauðsynlegt er sjerþekkingar vegna. En þó tel jeg slíkt ákvæði óþarft vegna nægilega skýrrar löggjafar um þau efni. (**SÁÓ:** Jeg vil ekki láta drepa hvalina). Einmitt það, — en hvers vegna vill þá hv. þm. láta drepa þorsk, sauðfje, fugla o. fl. dýr? (**SÁÓ:** Af því að viðkoman er svo mikil). Já, en hjá kúnum er þó viðkoman litlu meiri en hjá hvölunum, og hygg jeg samt, að hv. þm. eti beljukjöt með ánægju, þegar svo ber undir. Að friða hvalina og önnur dýr til þess eins að láta þau lifa, það standast ekki okkar líkamlegu þarfir. Við skulum vera óhræddir við frv. þetta, það hefir ekki annað að flytja en bót frá því, sem nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 80, n. 231 og 279).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, BSv.

nei: SE, SÁÓ, HJ, HK, JS, JörB.

Þrír þm. (HG, HjV, IngB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 279 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 537, 554).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 554. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Jeg greiddi atkv. með þessu frv. til 3. umr., en lofaði þá ekki að fylgja því lengra. Jeg er dálítið kunnugur árangrinum af þeim hvalveiðum, sem hjer voru stundaðar fyrir löngu síðan, og jeg hygg, að mjer sje óhætt að segja það, að landið hafi haft helsti lítil not af þeim. Víst er um það, að sumstaðar þar, sem hvalveiðastöðvar voru, sjest nú ekki urmull eftir af neinu tægi. Vitanlega er því ekki að leyna, að þetta er ef til vill ekki að öllu að kenna hvalveiðamönnunum sjálfum, heldur að miklu leyti því, hvernig landsmenn hagnýttu sjer þessar veiðar, eða rjettara sagt, arðinn af þessum veiðum. Og er þar frá að segja, að landsmönnum fórst heldur lítilmannlega, er þeir ljetu útlendinga taka hjer miljóna gróða, en höfðu sjálfir hvorki vit nje manndóm til þess að

nota þessa veiði, nje jafnvel að skattleggja hana sæmilega. Yfirleitt held jeg, að hvalveiðar hafi verið stundaðar hjer til lítils góðs. Eitt var það þó, sem þjóðin lærði af þeim, og það var leppmenskan.

Eftir þennan formála geta menn skilið, að þeir, sem hafa best tök á því að kynna sjer árangurinn af hvalveiðunum, muni ekki vera mjög ginkeyptir fyrir því, að þær verði teknar upp aftur, því ekki er víst, að betur tækist nú. Að minsta kosti er frá því að segja, að til skamms tíma hefir ekki verið hægt að búast við, að landsmenn notuðu sjer nú betur arðinn af þessum veiðum en áður.

Jeg tók svo eftir við 2. umr. þessa máls, að það mundi hafa mikinn byr hjer í hv. deild og að eigi mundi tjóa að spyrna á móti broddunum. Sjerstaklega tók jeg eftir því, að hæstv. atvmrh. var því fylgjandi. Nú hefir þessi hæstv. ráðh. staðið mjög á móti sjerleyfum undanfarið, og það jafnvel harðara en aðrir, sem þó eru eindregið á móti þeim. Og að jeg geng ekki algerlega á móti frv., er í trausti þess, að hæstv. atvmrh. fari varlega í þessar sakir. Jeg treysti því fyrst og fremst, að hann veiti ekki neinu fjelagi rjett til þess að reka þessar veiðar, ef nokkur líkindi eru til þess, að þar sje um leppmensku að ræða, og að hann sjái um, að fjeð sje íslenskt, er til hvalveiða fer. Ennfremur vil jeg leggja áherslu á, að ekki sje tekin upp sú ránveiði, er áður tíðkaðist. En það hygg jeg hægast að hindra á þann hátt, að veiðistöðvar verði ekki margar, í mesta lagi 2, og að skipin verði fá. Það verður að gjalda varhuga við, að hlunnindi þessi verði strax upprifin, og það verður ekki gert með öðru móti en að hafa skipin fá og veiðistöðvarnar sömuleiðis.

Þá er sagt í frv., að leyfið skuli veitt til 10 ára í senn. Þetta þykir mjer of langt og legg áherslu á, að ekki verði veitt leyfi nema til 5 ára í senn. Jeg lít svo á, að þessi atvinnugrein mundi sjerstaklega vel fallin til þess, að hún yrði þjóðnýtt, og mætti þá út frá því segja, að best væri að láta ekkert sjerleyfi í tje. En vegna þess, að við þurfum að eignast menn, er þekkingu hafa á þessum hlutum, ef til þjóðnýtingar kemur, vil jeg ekki vera á móti því, að sjerleyfi verði veitt.

Hvað snertir þessar brtt. mínar, þá er það um þær að segja, að sú fyrri er sett til þess að gera skýrara, að ekki er ætlast til, að gjaldið sje yfirleitt aðeins 500 kr., því þetta er ekki vel skýrt eins og það er orðað í gr., en 500 kr. er smámunir, og því er þessum orðum bætt við. Um síðari brtt. er það að segja, að hún er hjegómi og gerir ekki annað en færa til rjettara máls.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg sje, að hv. 2. þm. Árn. ætlar að fylgja þessu frv., og leyfi jeg mjer hjer með að þakka honum fyrir það. Og jeg get tekið undir það með honum, að jeg vænti þess, að hæstv. atvmrh. veiti ekki öðrum fjelögum sjerleyfi en þeim, er fullnægja að öllu leyti þeim skilyrðum, er sett eru í þessu frv. og annari löggjöf. Jeg get ekki fallist á, að 10 ár sje of langur tími, því útbúnaður allur er dýr, og óhjákvæmilegt að ætla leyfishafa þennan tíma, ef rekstur inn á að geta borið sig. Þjóðnýtingarhugmynd hv. þm. get jeg ekki fall-

ist á, en álít þó, að þeir, sem vilja koma henni á, ættu að fylgja þessu frv., því á þennan hátt er hægt að eignast menn, er hefðu nægilega sjerþekkingu í þessum efnum, ef til þjóðnýtingar kæmi. Að því er snertir brtt. hv. þm., þá mun jafnerfitt að mæla á móti þeim og að tala fyrir þeim, því þær bæta engu við og fella ekkert niður. (**MT**: Hm, jæja).

ATKVGR.

Brtt. 554,1 samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JÓl, JörB, LH, MT, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ.

nei: HK, JS, MG, SE, SÁÓ, BSv.

HG, HjV, JJós, JAJ, PO greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (EJ, GunnS, MJ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 554,2 samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MT, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, JörB.

nei: MG, SE, SÁÓ, HK, HjV, JS, BSv.

HG, JJós, PO greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (EJ, GunnS, MJ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, LH, MG, MT, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, JJós, JAJ, BSv.

nei: JS, JörB, SE, SÁÓ, HJ, HG, HK, HjV, IngB.

Fjórir þm. (GunnS, MJ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 560).

Á 56. fundi í Ed., 24. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 734 og 742).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):* Þetta frv. er ekki nýtt hjer í Ed. Það hefir að minsta kosti tvisvar sinnum legið fyrir þinginu, en ekki fundið náð fyrir augum þess. Jeg get hugsað, að nú, eftir að breyting er orðin á skipun hv. deildar, sje einnig orðin breyting á fylgi hennar við þetta frv. Jeg vil þó taka það fram um mig og hv. þm. Snæf., að við lítum á þetta mál eins og áður. Við leggjum því til, að frv. verði felt. Ástæður fyrir skoðun okkar á þessu frv. eru færðar fram allítarlega á fyrri þingum. Jeg vil þó geta þess, að við lítum svo á, að þetta mál sje dálítið sjerstakt. Jeg get lýst yfir því, að mjer er það hreint og beint „princip"-mál. Það er rjett að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

benda á nokkrar aðrar ástæður á móti frumvarpinu.

Jeg skal fyrst geta þess, að rekstur hvalveiða er mjög fjárfrekur. Jeg fæ því ekki sjeð, að hann verði tekinn hjer upp aftur, nema leitað sje til útlanda um fjármagn. Í sjálfu sjer er ekkert við það að athuga, þó að erlent fje sje notað í þessu skyni, ef það er gert af landsmönnum sjálfum. En mig uggir, að það verði tæplega notað á annan hátt en þann, að það verði að meiru leyti til góðs hinum útlendu fjáreigendum en landsmönnum sjálfum. Í annan máta vil jeg benda á, að svo stendur á um hvalveiðar, að sagan er búin að sanna, að hinn þrotlausi eltingarleikur hefir borið þann árangur, að tilfinnanleg fækkun hefir átt sjer stað, og endirinn orðið sá, að veiðarnar hafa ekki borgað sig. Nú kann einhver að halda því fram, að hvalveiðar verði hvort sem er reknar hjer við land. En jeg er ekki viss um, að það verði í svo stórum stíl, að friðunarlögin, sem nú hafa gilt í 14 ár, geti ekki náð tilgangi sínum, að fjölga hvölunum.

Þegar auðsjeð er, að hjer getur ekki verið um framtíðaratvinnurekstur að ræða, tel jeg mjög óhyggilegt að byrja á þessu nú, þó að menn geri sjer vonir um einhvern stundarhagnað. Þessi atvinnurekstur hlyti altaf að draga að sjer talsverðan hluta hins vinnandi lýðs í landinu, en þegar hann legst niður, leiðir þar af mikla örðugleika fyrir fólkið, sem missir atvinnuna og þarf að leita sjer að nýrri atvinnu.

Jeg skal lýsa yfir því, að þó að jeg sje andvígur því, að frv. nái fram að ganga, mun jeg samt greiða atkvæði með brtt. á þskj. 734, því að ef þetta frv. verður að lögum, tel jeg sjálfsagt, að þær komi til greina.

Frsm. minni hl. (Erlingur Friðjónsson):* Jeg hefi flutt dálitlar brtt. við frv. þetta, og þá um leið skorist úr leik að vera á móti því, ef þær verða samþyktar.

Jeg get að mestu leyti gengið inn á það, að rjettast væri, að við hjeldum hvalafriðunarlögum okkar óbreyttum, ef von væri til, að það yrði til þess að fjölga aftur hvölum í norðurhöfum, en þar sem slíkt er vafasamt, þó að lögunum væri haldið óbreyttum, þá finst mjer ekki nema eðlilegt, að Íslendingar vilji reyna að einhverju leyti að njóta þess hagnaðar, sem af veiðum þessara dýra kann að verða.

Hvað snertir veiði þessara sjávardýra, þá býst jeg við, að hún sje svo takmörkuð, að ekki borgi sig að reka hana lengi, og eins og kunnugt er, er víðátta sú, sem þau halda sig á, svo mikil, að ekki mun þurfa að óttast, að með þeim veiðiaðferðum, sem nú þekkjast, verði ekki altaf nægilega mikið eftir af þeim til þess að þeim geti fjölgað þegar veiðarnar leggjast niður aftur. Jeg held því, að ganga megi út frá því, að hvalnum verði ekki útrýmt, þó að slíkt einkaleyfi, sem hjer er um að ræða, verði veitt.

Fyrsti liður brtt. minnar á þskj. 734 er fólginn í því, að sjerleyfishafi verði að greiða í ríkissjóð 3000 kr. árgjald fyrir hverja hvalveiðastöð, og auk þess 1000 kr. fyrir hvert veiðiskip. Þetta er að vísu ekki mikil upphæð, en kemur þó til með að gefa ríkissjóði 50—60 þús. kr.

---

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

í tekjur yfir sjerleyfistímabilið, ef veiðiskipin verða 2 eða 3. Eins og frv. liggur fyrir nú, er ekki gert ráð fyrir hærra árgjaldi en 500 kr. af hverju hvalveiðaskipi. Er þetta því allmikil breyting frá því, sem þar er gert ráð fyrir, þar sem árgjaldið samkvæmt því myndi ekki nema meiru en 500—1500 kr. Í sambandi við þetta skal jeg svo geta þess, að jeg fyrir mitt leyti gæti gengið inn á ennþá meiri hækkun á árgjaldinu, því að jeg lít svo á, að fyrir slík leyfi sem þetta eigi að láta greiða ríflega.

Þá þótti mjer vanta ákvæði um, að sjerleyfishafa bæri að greiða alla lögboðna tolla og skatta til hins opinbera, því að vel gat komið til mála, að hann liti svo á, að hann með ákvæðum 3. gr. um árgjaldið væri undanþeginn öðrum gjöldum til hins opinbera. Til þess að fyrirbyggja misskilning um þetta efni, hefi jeg kveðið skýrar á um það í 2. málsgr. brtt. minnar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín öllu fleiri, og jeg skal taka það fram, að jeg mun ekki taka upp vörn fyrir frv., þó að á það verði deilt, því að í mörgum atriðum stend jeg ekki langt frá hv. meiri hl. sjútvn., þó jeg hinsvegar geti gengið inn á að lofa frv. í gegn, ef brtt. mínar verða samþyktar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, MK, PH, BK, EÁ, EF, GÓ.

nei: HSteins, IHB, IP, JBald, JÞ, JKr.

2. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Brtt. 734 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, JKr, MK, PH, BK, EÁ, EF, GÓ.

nei: IHB, IP, JBald, JÞ, HSteins.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 767, 768).

Jón Þorláksson: Eftir atkvgr. um þetta frv. við 2. umr. þess þótti mjer vissara að gera ráð fyrir því, að það kynni að hafa nægilegt fylgi til að komast í gegnum þessa hv. deild. Þótt jeg sje mótfallinn frv., þá þótti mjer þó rjett, af þeim ástæðum, er fyr greinir, að bera fram brtt. um það atriði, er jeg tel alvarlegast og athugaverðast. Jeg vil, að því sje bætt við 2. gr. frv., að sjerleyfið sje bundið því skilyrði, að eingöngu sjeu notuð íslensk skip til veiðanna. Það gæti talist vafasamt, þar sem hvalirnir eru spendýr, hvort ákvæði fiskiveiðalaganna ná til hvalveiða. Þegar sú löggjöf var sett, voru hvalirnir alfriðaðir, og voru því ekki sett sjerstök ákvæði um það, hvort þau næðu til þeirra. Að svo miklu leyti, sem tilætlunin um framkvæmd þessarar heimildar er að nota útlend skip til veiðanna, er nauðsynlegt að taka af allan vafa um það, að þessi veiði sje sömu skilyrðum bundin og önnur veiði. Að leyfa útlendum skipum veiðarnar er svo hættulegt fyrir alla aðstöðu okkar um að halda uppi

löggjöf okkar um fiskiveiðar, að jeg tel fótunum kipt undan henni. Ef það er leyft, eða látið ótalið, að útlend skip hafi aðgang að íslenskri höfn til að stunda þaðan hvalveiðar, þá verður erfitt að standa móti öðrum þjóðum, er gera kynnu kröfur til hins sama fyrir fiskiveiðiskip sín. — Þessa hættu vildi jeg fyrirbyggja og kom því fram með þessa brtt.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki áður tekið til máls um þetta frv. En mjer finst nægilegt að vísa til aðstöðu minnar á síðasta þingi, en þá var jeg algerlega á móti því, að þetta leyfi væri veitt. Jeg tel brtt. hv. 3. landsk. sjálfsagða, en er ekki sammála hv. till.manni um ástæður þær, er hann bar fram fyrir henni. Jeg er sem sje ekki eins hræddur við erlend skip eins og hv. þm. Mjer þykja lögin um fiskiveiðar alt of ströng í því efni. Jeg tel t. d. rjett að breyta fiskiveiðalöggjöfinni í það horf, að heimilað væri hrepps- og bæjarfjelögum að taka á leigu erlend skip til fiskiveiða, eins og sumstaðar hefir verið haft á orði, en ekki er nú hægt vegna hinna ströngu ákvæða laganna.

Páll Hermannsson: Jeg hefi verið mótfallinn þessu frv. Þótt jeg gerði það svona með hangandi hendi að greiða því atkvæði til 3. umr., þá var það gert með það fyrir augum, að þær brtt. kæmu við það til 3. umr., sem bættu úr göllum þeim, er jeg tel vera á frv. — Nú hefir ein slík breyting komið fram, sem jeg mun greiða atkv., en er þó ekki viss um, að jeg greiði frv. atkv., þrátt fyrir það, þótt hún verði samþ. Jeg bjóst við, að hæstv. atvmrh. yrði viðstaddur, en fyrst svo er ekki, sje jeg ekki, að jeg geti rætt við hann það atriði, er jeg tel varhugaverðast við frv., en það er, hvort hjer yrði ekki einungis um leppmensku að ræða, þannig að þetta fyrirtæki muni verða rekið fyrir útlent fje undir nöfnum íslenskra manna, og hagnaðurinn — ef einhver yrði — rynni því í vasa útlendinga. Þetta vildi jeg ræða við hæstv. atvmrh., ef hann hefði verið við. En fyrst svo er ekki, mun jeg ekki þreyta hv. deild á lengri umr. um þetta.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg býst við, að það geti ekki gert fult gagn, þótt jeg segi hjer örfá orð, þar sem hv. 2. þm. N.-M. óskar að fá að vita vilja stjórnarinnar. En jeg skal taka það fram, að það, sem jeg segi hjer, er frá mínu eigin brjósti, en ekki talað fyrir hönd stjórnarinnar.

Jeg álít þetta ekki stórþýðingarmikið mál. Það hefir fyrir nokkrum árum risið upp sú „trúaralda“, ef svo mætti að orði komast, að ef hvalveiðar sjeu stundaðar hjer við land, þá verði það til þess að eyðileggja veiðiskap, svo sem þorsk- og síldveiðar.

Jeg hefi nú aldrei verið sannfærður um, að þessi skoðun væri á rökum bygð, en hinsvegar gæti það verið mjög leiðinlegt, ef hætta væri á því, að þessi dýrategund yrði algerlega upprætt. En jeg álít ekki hættu á því. Jeg álít hættuna álíka mikla og hún var, þegar hægt var að stunda þennan veiðiskap og hagnýta afurðirnar á landi. Jeg hygg, að aðstaðan til veiða sje mjög lík og þá var, að öðru leyti en því, að nú verða þeir menn, sem þessa veiði stunda hjer við land, að

flytja afurðirnar til Færeyja eða annara nærliggjandi staða, og við það álít jeg ekkert unnið, en þó nokkru tapað.

Jeg álít það því alveg hættulaust, að þetta frv. nái fram að ganga, því að hjer er aðeins um takmarkað leyfi að ræða. Og jeg get ekki gert ráð fyrir, að sú stjórnardeild, sem þetta mál mundi heyra undir, muni fara svo gálauslega með vald sitt, að hún fari að veita ótakmörkuð leyfi, heldur aðeins einum manni eða fjelagi til þess að byrja, og sjái síðan til, hvaða afleiðingar það hefir. Að því er snertir þá brtt., sem fram hefir komið, þá álít jeg þó hættuna enn minni, ef hún verður samþ., því að mjer þykir ekki líklegt, að slíkur fjelagsskapur, sem þyrfti til þess að öðlast þetta sjerleyfi, geti komist á stofn.

Samt sem áður býst jeg við, að jeg greiði brtt. atkv., því að mjer virðist þetta mál ekki jafnstórþýðingarmikið mál og sumir hv. þm. vilja gera úr því. Jeg álít það að vísu alveg meinlaust mál, en fremur gagnslítið.

Jeg álít það alveg óvíst, að nokkurt sjerleyfi verði veitt, þótt þetta frv. verði samþ., og þótt það verði veitt, þá er það og óvíst, að þjóðinni geti stafað nokkur hætta af því. Þetta er nú mín persónulega skoðun, hvort sem nokkur vill fara eftir henni eða ekki.

Páll Hermannsson: Jeg sje, að hæstv. fors.- og atvmrh. muni ekki koma í deildina, en jeg ætla samt að segja hjer örfá orð og láta í ljós, hvað það var, sem jeg ætlaði að spyrja hann um.

Jeg vildi segja það, að ef þetta frv. verður að lögum, þá álít jeg, að slíkt sjerleyfi beri einungis að veita innlendum manni eða fjelagi, sem hefir í höndum íslenskt fje og getur notað sjerleyfið sem íslenskir menn, en þarf ekki að vera fyrir framan hjá útlendingum. — Jeg ætlaði að spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann ætlaðist ekki til, að þetta yrði þannig, og hefðu svör hans getað haft áhrif á atkvæði mitt í þessu máli. Jeg læt þessa getið til þess að menn þurfi síður að furða sig á því, þótt jeg greiði ekki atkv. um málið.

ATKVGR.

Brtt. 768 samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MK, BK, EÁ, EF, JóhJóh, GÓ.

nei: JÞ, JKr, HSteins, IHB, IP, J-Bald.

PH greiddi ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Jón Þorláksson: Jeg tel það vafamál, hvort þetta er nægur meiri hl. atkv. til þess að frv. sje samþ. Vil jeg leyfa mjer að benda hæstv. forseta á 2. mgr. 44. gr. þingskapanna til athugunar um það atriði.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg álít það hreinan óþarfa að tefja tímann með umr. um þetta atriði þingskapa, því að það munu vera til önnur ákvæði í þingsköpum, sem skýra þetta betur. Og ef því er haldið til streitu, að atkvgr. sje vafasöm, þá tel jeg sjálfsagt að telja atkv. þess, sem ekki greiddi atkv., með meiri hl.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla aðeins að segja það, að það hefðu orðið mörg mál, sem ekki hefðu orðið afgreidd frá þessu þingi eða fyrri þingum, ef þessi regla hefði gilt.

Jeg vildi að vísu gjarnan, að hún yrði látin gilda í þetta sinn, en hinsvegar er því ekki að leyna, að mörg mál hafa hingað til verið afgreidd þannig, að þau hafa aðeins fengið meiri hl. *greiddra* atkvæða, án þess að meiri hl. deildarmanna greiddi þeim atkv.

Jeg vil benda á, að það kom fyrir nú á dögunum í Nd., að varðskipalögin voru samþ. þar með minni hl. þeirra manna, sem sátu í deildinni. Það munu hafa setið hjá 3 menn, og þar voru ekki nema 14 atkv. með frv. (**J.Þ:** Vantaði engan í deildina?). Jeg veit það ekki, en hitt er víst, að það hefir hingað til verið talin venja, að frv. sje samþ., ef það fær meiri hl greiddra atkv., þótt einhverjir neiti að greiða atkv.

Forseti (GÓ): Jeg held, að jeg haldi mjer við fyrri skoðun mína og telji þann mann, sem ekki greiddi atkv., með meiri hl., og skoði frv. samþ. með 7:6 atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 784).

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:3 atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. Ed. hefir gert tvær breytingar á frv., og er önnur sú, að hver hvalveiðastöð greiði árlegá 3000 kr. og auk þess 1000 kr. af skotbát í ríkissjóð, og hin sú, að eingöngu megi nota íslenska skotbáta. Jeg vil sem flm. aðeins mælast til þess, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

Önnur mál.

I. Breytingar á nefndaskipun.

A. Fjölgun manna í fjárhagsnefnd Ed.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GÓ): Mjer hefir borist ósk frá hv. 1. þm. G.-K. um það, að fjölgað verði mönnum í fjhn. Vil jeg verða við þeirri ósk, en til þess þarf afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins mælast til þess, að fram kæmi einhver skýrsla frá hv. þm. um það, hvers vegna hann óskar þessa.

Björn Kristjánsson: Það er af þeim ástæðum, að jeg er nú orðinn aldraður maður og get því ekki beitt mjer til fulls við störfin í nefndinni, sem þegar eru orðin mikil og verða því meiri sem lengra líður. Þar sem nú þetta hefir verið venja, skil jeg ekki, hvers vegna ætti að hafa á móti þessu nú.

Ingvar Pálmason: Jeg vil aðeins láta þess getið, að fyrir fjhn. liggur nú aðeins eitt mál, og við hinir nefndarmennirnir höfum ekki óskað eftir, að mönnum væri fjölgað.

Björn Kristjánsson: Jeg verð að segja, að mig furðar á þessum ummælum hv. 2. þm. S.-M., því að þegar jeg talaði um þetta við mína meðnefndarmenn, fann jeg ekki annað á þeim en að þeim þætti þessi ósk mín eðlileg og sjálfsagt að verða við henni.

Halldór Steinsson: Jeg held, að þetta sje í fyrsta skifti, sem það hefir mætt andúð að fjölga mönnum í nefnd, og jeg get ekki sjeð, hvaða ástæða getur verið til þess, þar sem flokkarnir hafa jafnan rjett við þá aukningu og hlutfallið milli þeirra í nefndinni verður hið sama og áður.

Ingvar Pálmason: Jeg vil ekki láta taka mín orð sem bein andmæli gegn fjölguninni, en jeg tel, að með henni verði vinnubrögðin í nefndinni ekki bætt, og því sje ekki frá því sjónarmiði ástæða til að fjölga mönnum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg held, að í Nd. hafi í fyrra verið neitað um þetta, að minsta kosti um tíma. Það er nú upplýst, að aðeins eitt mál liggur fyrir nefndinni, og það er mál, sem hv. þm. hefir sjálfur flutt, og jeg efast ekki um, að honum sje það svo hjartfólgið, að hann telji ekki eftir sjer að vinna að því. Þar er sem sje um það áhugamál hans að ræða, sem gengur út á það að koma á samábyrgð um alt Ísland. Úr því hann hefir unnið að því frv., veit jeg, að hann hefir fulla starfskrafta til að afgreiða það frá nefndinni.

Páll Hermannsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að mæla með því, að fjölgað verði í nefndinni, úr því að þessi ósk er fram komin. Það virðist ekki rjett að neita nú um þetta, úr því að það hefir verið venja áður að fjölga í nefndum, þegar þess hefir verið óskað.

Jón Baldvinsson: Jeg held, að ekkert hafi verið um það talað af hálfu meiri hl. í nefndinni, að fjölga mönnum, en hinsvegar höfum við talið rjett, að hv. þm. (BK) bæri þessa ósk fram við forseta. Úr því nú að talið er, að það muni ekki bæta vinnubrögðin yfirleitt, að fleiri menn starfi í nefndinni, vil jeg skjóta því fram, hvort ekki mætti bæta við mönnum í einstökum málum. **(BK:** Jeg hefi ekki óskað eftir fjölgun á þann hátt).

Halldór Steinsson: Jeg skil satt að segja ekki í þeirri andúð, sem komið hefir fram gegn þessari meinlausu ósk, sem jeg sje ekki annað en að sje sjálfsagt eftir eðli málsins og þingvenju að verða við.

Forseti (GÓ): Jeg lít svo á, að rjett sje að verða við þessari framkomnu ósk hv. þm., úr því að þetta hefir verið venja, en samkv. tilmælum hæstv. dómsmrh. fresta jeg kosningu mannanna, enda býst jeg ekki við, að flokkarnir sjeu tilbúnir til að tilnefna þá.

Á 26. fundi í Ed., 18. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GÓ): Jeg vil geta þess út af beiðni hv. 1. þm. G.-K. í fyrradag, að flokkarnir hafa komið sjer saman um að fjölga mönnum í fjhn. og bæta við þeim hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. 3. landsk. (JÞ).

B. Mannaskifti í nefndum.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., skýrði forseti frá, að samkomulag hefði orðið milli mentmn. og allshn. deildarinnar um þau mannaskifti, að Bernharð Stefánsson, er kosinn hafði verið í mentmn., tæki sæti í allshn. í stað Sveins Ólafssonar, er aftur settist í mentmn.

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., skýrði forseti frá, að samgmn. hefði samþ. þau mannaskifti í nefndinni, að Magnús Guðmundsson viki þaðan, en Jón Auðunn Jónsson tæki sæti í hans stað.

II. Starfstími fjárhagsnefndar Nd.

Á 57. fundi í Nd., 26. mars, þá er forseti hafði frestað fundi og ákveðið aftur síðdegisfund, mælti form. fjhn.,

Halldór Stefánsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á því, að fjhn. er ekki ætlaður nema 1 klukkutími til fundahalda, annanhvern dag. Þó er það vitanlegt, að hún er önnur sú nefnd, sem hefir flest mál til meðferðar allra fastanefnda deildarinnar. Nú undanfarið um hríð hafa verið haldir umræðufundir í deildinni á fundartíma nefndarinnar. Hefir það hamlað mjög störfum hennar, og þar sem hún á mörg mál óafgreidd, þá er óvíst, hvort þessi vinnubrögð verða til að flýta störfum þingsins, ef ætlast er til, að þau mál, sem fyrir fjhn. liggja, fái fullnaðarafgreiðslu. Sem form. nefndarinnar get jeg ekki látið þetta hlutlaust lengur. Verð jeg að bera fram þá ósk til hæstv. forseta, að hann hagi svo umræðum eftirleiðis, að eigi fari þær í bága við starfstíma nefndarinnar. Hlýt jeg að öðrum kosti að afsala henni allri ábyrgð á því, þó að dragist afgreiðsla þeirra mála, sem hún nú hefir til meðferðar.

Þó að jeg ætli mjer ekki að hlutast til um starfshætti þingsins að öðru leyti, þá vil jeg þó leyfa mjer að benda á í þessu sambandi, að e. t. v. mætti setja deildarfundi kl. 11 árd. — það er ekki starfstími nefnda frá 11—12 — og ætla þeim því minni tíma síðari hluta dags.

Forseti (BSv): Þar sem nú er mjög merkilegt mál til umræðu, sje jeg eigi, að unt sje að gera breytingu þá, sem hv. 1. þm. N.-M. fer fram á, í þetta sinn. Annars tel jeg fremur varhugavert að setja deildarfundi kl. 11 árd. Vaka hv. þdm. löngum við umræður fram á nætur, og er þá naumast gerlegt að svifta þá þeim tíma, sem þeir helst gætu notað til hvíldar. Vildi jeg leyfa mjer að skjóta því fram, að fremur gæti komið til mála, að hv. fjhn. hefði sjálf fundi á þeim tíma. En væntanlega verður hægt að ná samkomulagi um þetta efni utan þingfunda.

III. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 7. fundi í Sþ., 11. apríl, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B. — Á A-lista voru ÞorlJ, GÓ og BSt, en á B-lista HSteins og PO. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rjett væru kjörnir í nefndina:

Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Pjetur Ottesen,
Bernharð Stefánsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin til meðferðar

kosning utanríkismálanefndar (7 alþingismanna) til næsta þings, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt lögum, sem nýlega eru afgreidd frá þinginu og nú hafa verið staðfest, um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Forseta bárust þrír listar, merktir A, B og C. — Á A-lista voru BSv, ÁÁ, BÁ, á B-lista JÞ, SE, ÓTh, og á

C-lista HjV. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir:

Benedikt Sveinsson,
Jón Þorláksson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Eggerz,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Hjeðinn Valdimarsson.

3. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning 3 yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1927, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.*

Fram komu 3 listar, A, B og C. — Á A-lista voru Pjetur Þórðarson, Hjörsey, og Gunnar Sigurðsson alþm., á B-lista Árni Jónsson ritstjóri og á C-lista Pjetur G. Guðmundsson bókhaldari. — A-listi fjekk 19 atkv., B-listi 16 atkv., en C-listi 5 atkv. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru:

Pjetur Þórðarson,
Árni Jónsson,
Gunnar Sigurðsson.

4. Mentamálaráð Íslands.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning mentamálaráðs Íslands (5 manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt lögum, sem nýlega eru afgreidd frá þinginu og nú hafa verið staðfest, um mentamálaráð Íslands.*

Tveir listar komu fram, merktir A og B. — Á A-lista voru Sigurður Nordal prófessor, Ragnar Ásgeirsson garðyrkjumaður og Stefán Jóhann Stefánsson lögmaður, en á B-lista Ingibjörg H. Bjarnason alþm. og Árni Pálsson bókavörður. — Forseti lýsti yfir, að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Nordal,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Ragnar Ásgeirsson,
Árni Pálsson,
Stefán Jóhann Stefánsson.

5. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning Þingvallanefndar (3 alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt nýafgreiddum lögum frá þinginu, um friðun Þingvalla.*

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru Jónas Jónsson ráðherra og Jón Baldvinsson alþm., en á B-lista Magnús Guðmundsson alþm. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Jónas Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Jón Baldvinsson.

6. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning 15 manna í landsbankanefnd til næstu 6 ára og jafnmargra varamanna, samkvæmt nýafgreiddum lögum frá þinginu um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands, að viðhafðri hlutfallskosningu.*

Fram komu þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru alþingismennirnir Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Guðmundur Ólafsson, Lárus Helgason, Ingólfur Bjarnarson, Einar Árnason, Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson, Bjarni Ásgeirsson og Gunnar Sigurðsson, Bjarni Bjarnason kennari, Hafnarfirði, Björn Birnir bóndi, Grafarholti, Hannes

Jónsson dýralæknir, Helgi Bergs forstjóri, Jónas Björnsson bóndi, Gufunesi, Kolbeinn Högnason bóndi, Kollafirði. — Á B-lista voru alþingismennirnir Jón Þorláksson, Magnús Guðmundsson, Ólafur Thors, Ingibjörg H. Bjarnason, Halldór Steinsson, Björn Kristjánsson, Pjetur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson, Jónas Kristjánsson, Jóhann Jósefsson, Hákon Kristófersson, Jón Sigurðsson. — Á C-lista voru Hjeðinn Valdimarsson alþm., Haraldur Guðmundsson alþm., Stefán Jóhann Stefánsson lögmaður, Sigurjón Á. Ólafsson alþm. — A-listinn fjekk 19 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 5 atkv., en 1 seðill var auður. — Kosningu hlutu:

Aðalmenn:
Sveinn Ólafsson,
Jón Þorláksson,
Þorleifur Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Ólafur Thors,
Hjeðinn Valdimarsson,
Lárus Helgason,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Ingólfur Bjarnarson,
Halldór Steinsson,
Einar Árnason,
Björn Kristjánsson,
Halldór Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson.

Varamenn:
Hannes Jónsson alþm.,
Pjetur Ottesen,
Bjarni Ásgeirsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Gunnar Sigurðsson,
Jónas Kristjánsson,
Bjarni Bjarnason,
Stefán Jóhann Stefánsson,
Jóhann Jósefsson,
Björn Birnir,
Hákon Kristófersson,
Hannes Jónsson dýralæknir,
Jón Sigurðsson,
Helgi Bergs,
Sigurjón Á. Ólafsson.

7. Milliþinganefnd í tolla- og skattalöggjöf.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning 3 manna milliþinganefndar í tolla- og skattalöggjöf landsins, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun, er afgreidd var frá Alþingi 14. þ. m.*

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru HStef og HG, en á B-lista JÞ. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvæðagreiðslu alþingismennirnir:

Halldór Stefánsson,
Jón Þorláksson,
Haraldur Guðmundsson.

8. Síldarútflutningsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning 3 manna fyrir tímabilið frá 15. apríl 1928 til jafnlengdar 1931, og jafnmargra varamanna, í útflutningsnefnd samkvæmt nýafgreiddum lögum frá þinginu um einkasölu á útfluttri síld, hvorttveggja að viðhafðri hlutfallskosningu.*

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B. — Á A-lista voru Böðvar Bjarkan, Akureyri, og Erlingur Friðjónsson, en á B-lista Björn Líndal. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Böðvar Bjarkan,

Björn Líndal,
Erlingur Friðjónsson.

Við kosningu varamanna komu sömuleiðis fram tveir listar. Voru á A-lista Jakob Karlsson, Akureyri, og Guðmundur Skarphjeðinsson kennari, Siglufirði, en á B-lista Guðmundur Pjetursson útgerðarmaður, Akureyri. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Jakob Karlsson,
Guðmundur Pjetursson,
Guðmundur Skarphjeðinsson.

IV. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 20. jan. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna um þingtímann á kostnað Alþingis skyldu vera sömu takmörkunum bundin og á síðasta þingi. (Sjá Alþt. 1926, B. 2424).

V. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 20. jan. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Pjetur Lárusson, Finnur Sigmundsson, Theódóra Thoroddsen.

Skjalavarsla og afgreiðsla:
Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæsla:
Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskrifarar:
Teknir strax: Pjetur Benediktsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Helgi Tryggvason, Þorgrímur Sigurðsson.
Teknir síðar, jafnóðum og þörf verður á: Jóhann Hjörleifsson, Andrjes Eyjólfsson, Einar Sæmundsen, Einvarður Hallvarðsson, Aðalheiður Sæmundsdóttir, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Vilhelm Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Magnús Ásgeirsson, Lárus Haraldsson Blöndal.

Símavarsla:
Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Dyra- og pallavarsla:
Halldór Þórðarson, Árni S. Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Páll Ó. Lárusson.

Þingsveinsstörf:
Theodór Friðgeirsson, Ingólfur Möller, Georg Lúther Sveinsson, Baldur Kolbeinsson, Bjarni Eyjólfsson.

Á deildafundum 3. mars skýrðu forsetar frá, að vegna óvenjulega langra þingfunda og þar af leiðandi annríkis innanþingsskrifara hefðu verið ráðnir til viðbótar tveir þingskrifarar, þeir Ragnar Jónsson og Hákon Guðmundsson, er báðir hefðu staðist þingskrifarapróf.

VI. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á lokafundi deildarinnar, 17. apríl, mælti

forseti (GÓ): Þá er nú störfum deildarinnar lokið að þessu sinni, og vil jeg, áður en jeg slít þessum 73. fundi hennar, þakka öllum hv. deildarmönnum fyrir góða samvinnu og greiða afgreiðslu hinna mörgu mála, sem deildin hefir haft til meðferðar, sem hvorttveggja hefir stuðlað að því að gera mjer forsetastörfin miklu ljettari en jeg hafði búist við.

Óska jeg svo öllum hv. deildarmönnum gleðilegs sumars, og þingmönnum utan af landi góðrar heimferðar og heimkomu og að við megum allir heilir hittast á næsta þingi.

Jón Baldvinsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. forseta fyrir þessi hlýju orð til deildarmanna. En jeg vil jafnframt þakka honum ágæta fundarstjórn í deildinni, sem honum hefir farist úr hendi með þeirri prúðmensku og lipurð, sem honum er eðlileg. Vil jeg svo óska honum góðrar heimferðar og farsællar heimkomu. Og að síðustu vil jeg taka undir þá ósk hans, að við megum allir hittast heilir á næsta þingi.

[Deildarmenn tóku undir þessi orð með því að standa upp].

Forseti (GÓ): Jeg þakka þessi hlýju orð í minn garð og segi þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi slitið.

B. Í neðri deild.

Á 75. og síðasta fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Vjer heyjum nú síðasta fund neðri deildar að þessu sinni. Jeg mun ekki rekja gerðir deildarinnar eða þingsins, því að hæstv. forseti Sþ. mun að vanda gera það við þinglausnir og gefa skýrslu um störf þess. Jeg vil aðeins láta þess getið, að þetta þing hefir unnið mjög mikið, og að líkindum aldrei verið starfað af meira kappi og atorku í Nd. Jeg ætla eigi að minnast hjer einstakra afreka þingsins, en get þó eigi látið hjá líða að geta um tvö atriði, sem segja má, að sjeu í framhaldi af sjálfstæðisframsókn þjóðarinnar. Annað er svör þau, er ríkisstjórn og forustumenn allra flokka guldu við fyrirspurn hv. þm. Dal. um afstöðu vora til uppsagnar sambandslaganna. Gefa svör þau fylstu ástæðu til að vænta, að Íslendingar beri giftu til að standa fast saman um rjettindi sín og sjálfstæði, er á reynir.

Annað, sem bendir til þess, að Íslendingar sjeu farnir að gefa utanríkismálum sínum meiri gaum en áður, er samþykt till. hv. 2. þm. Reykv. um kosningu utanríkismálanefndar, er skipuð sje sjö mönnum og vera skal utanríkisráðherra Íslands til ráðuneytis. Má vænta þess, að aðstoð þessarar nefndar verði einkum mikilsverð í sambandi við Grænlandsnefndina, sem nú hefir starfað í nokkur ár, þótt hún hafi eigi enn skilað áliti sínu um þetta mikilvæga mál. Með stuðningi utanríkismálanefndarinnar væntir Grænlandsnefnd þess, að hún geti betur náð þeim niðurstöðum, sem hafi

heillavænlegar afleiðingar fyrir oss, fyrst og fremst fullkomnu og afdráttarlausu jafnrjetti við Dani í Grænlandi, að geymdum hinum fornu rjettindum vorum þar.

Jeg vil þá að endingu þakka öllum hv. þdm. fyrir góða samvinnu og fyrir það, hve ljetta þeir hafa gert mjer fundarstjórn, enda þótt ósleitilega hafi verið unnið og stundum allhörð átök á milli flokka, eins og venja er til eftir nýafstaðnar kosningar. Vil jeg árna öllum hv. þdm. góðrar heimferðar og þjóð og þingi heilla og hamingju af þeim verkum, er hjer hafa unnin verið.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykir hlýða nú, þegar háður er síðasti fundur þessarar deildar, að þakka hæstv. forseta góða fundarstjórn og samvinnu, enda þótt hann hafi stundum verið nokkuð vinnuharður við okkur og látið okkur vaka fram eftir nóttum á stundum. Jeg flyt honum þessar þakkir í nafni flokks míns og óska að mega sjá hann heilan á húfi á næsta þingi.

Jón Ólafsson: Mjer finst það viðeigandi eftir þessa löngu vertíð, sem nú er á enda, að þakka þeim manni, sem hefir haft formensku á hendi hjer í deildinni. Það er oftast svo, að afkoma og aflabrögð eru undir formanninum komin, og í jafnmikilli soraveðurátt og verið hefir hjer stundum held jeg, að ekki verði annað sagt en að formaðurinn okkar hafi stýrt vel framhjá öllum skerjum. Hann hefir rifað í tíma, en stundum siglt mikinn, svo að sumum hefir jafnvel þótt nóg um. Hjer hefir allajafnan verið hið fylsta málfrelsi, sem þingsköp leyfa, og í skjóli þess frjálslyndis, sem einkennir hæstv. forseta, hefir alt gengið betur en ella. Hvernig sem litið verður á störf þingsins, þá er eitt víst, að miklu hefir verið afkastað. Það er ekki okkar að dæma um þau störf. En dómur okkar um fundarstjórn hæstv. forseta er sá, að þar hafi frjálslyndi og röggsemi haldist í hendur. Jeg bið hv. þdm. að þakka hæstv. forseta fundarstjórn hans með því að standa upp.

[Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum].

Forseti (BSv): Jeg þakka hv. þdm. þá virðingu, er þeir hafa sýnt mjer. Jeg endurtek óskir mínar til þeirra um góða heimkomu og segi fundi slitið.

VII. Þinglausnir.

Á 13. fundi í Sþ., 18. apríl, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:

í neðri deild	75
í efri deild	73
í sameinuðu þingi	9
Fundir alls	157

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1.	Stjórnarfrumvörp:		
	a. lögð fyrir neðri deild	20	
	b. lögð fyrir efri deild	16	
			36
2.	Þingmannafrumvörp:		
	a. borin fram í neðri deild	50	

b. borin fram í efri deild 37
87
123

Þar af
a. Afgreidd sem lög
stjórnarfrumvörp 30
þingmannafrumvörp .. 38
68
b. Feld
stjórnarfrumvarp 1
þingmannafrumvörp .. 5
6
d. Vísað frá með rökst. dagskrá
þingmannafrumvarpi . 1
1
e. Vísað til stjórnarinnar
þingmannafrumvörpum 3
3
f. Ekki útrædd
stjórnarfrumvörp 5
þingmannafrumvörp .. 40
45
123

II. Þingsályktunartillögur:
a. bornar fram í neðri deild 24
b. bornar fram í efri deild .. 5
d. bornar fram í sameinuðu þingi 6
35

Þar af
a. þál. afgr. til stjórnarinnar
1. ályktanir Alþingis . 6
2. ályktanir neðri deildar 17
23
b. Tekin aftur 1
d. Vísað frá með rökst. dagskrá 1
e. Ekki útræddar 10
35

III. Fyrirspurnir:
Bornar fram í neðri deild 4
Þar af svarað 2
Ekki svarað 2
4

Mál til meðferðar í þinginu samt. 162

Síðan mælti

forseti (MT): Þegar litið er yfir feril þessa þings, sem er hið fyrsta á kjörtímabili, mun einmælt, að það hefir verið mikilvirkt og margvirkt framar vonum, enda þess hrós, að þingmenn hafa unnið starf sitt af mestu alúð og kappi, og þó hvergi verið hlífst við.

Af lögum, sem sett hafa verið, má sjerstaklega geta laga um menningarsjóð, laga um sundhöll og áfengislaga, sem hið besta hefir verið til vandað, Ennfremur mikilsverðra umbóta á jarðræktarlögunum, laga um tilbúinn áburð, laga um búfjártryggingar og hinna stórmerkilegu laga um byggingar- og landnámssjóð. Við þetta bætist, að í fjárlögum eru ætlaðar venju fremur miklar fjárhæðir til samgöngubóta og margháttaðra atvinnubóta.

Af þessu er það svo auðsjeð, að þingið hefir reynt eftir föngum að fullnægja þeim framsóknarhug, sem æ hefir orðið ríkari, eftir að þjóðin gat af einhug snúið sjer að hjerlandsmálum sínum. En vissulega mátti þetta ekki verða án þess að frekaðar væru þegnskyldur manna að nokkru.

Loks get jeg ekki bundist á þessari stundu að minna á, að þingið hefir sett og samið lög þess efnis, að Þingvellir skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

Að svo mæltu árna jeg þessum mínum kæru þingmönnum alls farnaðar og góðrar heimkomu.

Gleðilegt sumar. Guð blessi oss starfið.

Þá stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson,** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að segja Alþingi slitið, þá er það hefði lokið störfum sínum.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu 40. löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson,** þm. Seyðf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

Tók þingheimur undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.